

MORMÓNSBÓK

KENNING
OG
SÁTTMÁLAR

HIN
DÝRMÆTA
PERLA

MORMÓNSBÓK

Annað vitni um
Jesú Krist

KENNING OG SÁTTMÁLAR

KIRKJU JESÚ KRISTS
HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU

HIN DÝRMÆTA PERLA

Útgefið af
Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu
Salt Lake City, Utah, USA

Vinsamlega skilið endurgjöfum og tillögum til
scriptures@ChurchofJesusChrist.org eða sendið í pósti til
Scriptures Coordination, 50 East North Temple Street, 24th Floor,
Salt Lake City, UT 84150-3220 USA.

© 2016 by Intellectual Reserve, Inc.

All rights reserved.

Printed in the United States of America 6/2016

English approval: 3/15

Translation approval: 3/15

Translation of the Book of Mormon,
Doctrine and Covenants, and Pearl of Great Price

Icelandic

EFNISYFIRLIT

Mormónsbók

Formáli	vii
Vitnisburður þriggja vitna	ix
Vitnisburður átta vitna	ix
Vitnisburður spámannsins Josephs Smith	xi
Nokkrar skýringar	xv
1 Nefí	1
2 Nefí	59
Jakob	133
Enos	154
Jarom	156
Omní	158
Orð Mormóns	161
Mósía	164
Alma	233
Helaman	419
3 Nefí	462
4 Nefí	526
Mormón	530
Eter	551
Moróní	585

Kenning og Sáttmálar

Formáli	v
Tímaröð	ix
Kaflar	1
Opinberar yfirlýsingar	324

Hin dýrmæta perla

Formáli	v
Móse	1
Abraham	30
Joseph Smith — Matteus	47
Joseph Smith — Saga	51
Trúaratriði	67

Viðauki

Leiðarvísir að ritningunum	1
Tímatal	205
Samræmi guðspjallanna	209
Þýðing Josephs Smith	215
Biblúkort	259
Biblúljósmyndir	281
Kirkjusögukort	315
Ljósmyndir úr sögu kirkjunnar	325

SKAMMSTAFANIR

Gamla testamentið

1 Mós	1. Mósebók
2 Mós	2. Mósebók
3 Mós	3. Mósebók
4 Mós	4. Mósebók
5 Mós	5. Mósebók
Jós	Jósúabók
Dóm	Dómarabók
Rut	Rutabók
1 Sam	1. Samúelsbók
2 Sam	2. Samúelsbók
1 Kon	1. Konungabók
2 Kon	2. Konungabók
1 Kro	1. Kronikubók
2 Kro	2. Kronikubók
Esra	Esrabók
Nehem	Nehemiabók
Ester	Esterarbók
Job	Jobsbók
Sálm	Sálmarnir
Okv	Orðskviðirnir
Préd	Prédikarinn
Ljóð	Ljóðaljóðin
Jes	Jesaja
Jer	Jeremía
Harm	Harmaljóðin
Esek	Esekíel
Dan	Daníel
Hós	Hósea
Jóel	Jóel
Amos	Amos
Óbad	Óbadía
Jónas	Jónas
Míka	Míka
Nahúm	Nahúm

Hab	Habakkuk
Sef	Sefanía
Hagg	Haggiá
Sak	Sakaría
Mal	Malakí

Nýja testamentið

Matt	Matteusarguðspjall
Mark	Markúsarguðspjall
Lúk	Lúkasarguðspjall
Jóh	Jóhannesarguðspjall
Post	Postulasagan
Róm	Rómverjabréfið
1 Kor	1. Korintubríf
2 Kor	2. Korintubríf
Gal	Galatabréfið
Ef	Efesusbréfið
Fil	Filippíbréfið
Kól	Kólossubrésið
1 Þess	1. Þessaloníkubríf
2 Þess	2. Þessaloníkubríf
1 Tím	1. Tímóteusarbréf
2 Tím	2. Tímóteusarbréf
Títus	Títusarbrésið
Fílem	Fílemonbrésið
Hebr	Hebreaubrésið
Jakbr	Jakobsbrésið
1 Pét	1. Pétursbréf
2 Pét	2. Pétursbréf
1 Jóh	1. Jóhannesarbréf
2 Jóh	2. Jóhannesarbréf
3 Jóh	3. Jóhannesarbréf
Júd	Júdasarbréf
Op	Opinberunarbókin

Mormónsbók

1 Ne	1 Nefí
2 Ne	2 Nefí
Jakob	Jakob
Enos	Enos
Jar	Jarom
Om	Omní
OMorm	Orð Mormóns
Mósía	Mósía
Al	Alma
He	Helaman
3 Ne	3 Nefí
4 Ne	4 Nefí
Morm	Mormón
Et	Eter
Moró	Moróní

Kenning og sáttmálar

K&S	Kenning og sáttmálar
OY	Opinber yfirlýsing

Hin djármæta perla

HDP Móse	Bók Móse
Abr	Bók Abrahams
JS — M	Joseph Smith — Matteus
JS — S	Joseph Smith — Saga
TA	Trúaratriði

Aðrar skammstafanir og útskýringar

ÞJS	Þýðing Josephs Smith
LR	Leiðarvísir að ritningunum
HEB	Önnur þýðing úr hebresku.
GR	Önnur þýðing úr Grísku
Þ.E.	Útskýring á orðtökum og erfiðum orðasamböndum.
ÉDA	Gefur til kynna að önnur orð fylgja sem skýra merkingu úreltra orða.

MORMÓNSBÓK

Annað vitni um
Jesú Krist

Fyrst gefin út á ensku í
Palmyra, New York, USA, árið 1830

MORMÓNSBÓK

FRÁSÖGN SKRIFUÐ Á
TÖFLUR MEÐ

HENDI MORMÓNS

FENGIN AF TÖFLUM NEFÍS

Mormónsbók er þess vegna útdráttur úr heimildum Nefíþjóðarinnar og einnig Lamaníta — Skrifuð fyrir Lamaníta, sem eru leifar af Ísraelsætt, og einnig fyrir Gyðinga og Þjóðirnar — Skrifuð eftir boði og einnig með spádóms- og opinberunaranda — Skrifuð og innsigluð og falin Drottni, svo að heimildunum yrði ekki tortímt — Til að koma fram fyrir gjöf og kraft Guðs og verða þýdd — Innsigluð með hendi Morónís og falin Drottni til að koma fram á sínum tíma með Þjóðunum. Þýðing hennar varð fyrir gjöf Guðs.

Mormónsbók er einnig útdráttur úr Bók Eters, sem er heimild um þjóð Jareds, sem tvístrað var á þeim tíma, er Drottinn spillti máli fólksins, þegar það var að byggja turn til að ná til himins — En þetta á að sýna leifum Ísraelsættar, hve mikið Drottinn hefur gjört fyrir feður þeirra, og til þess að þeir fái þekkt sáttmála Drottins og viti, að þeim er ekki að eilífu vísað frá — Þetta er einnig til að sannfæra Gyðingana og Þjóðirnar, um að JESÚS er KRISTUR, hinn EILÍFI GUÐ, er opinberar sig öllum þjóðum — En séu gallar hér á, þá eru þeir mistök manna. Dæmið því ekki það, sem Guðs er, svo að þér verðið flekklaus fundin við dómstól Krists.

ÞÝDD AF FRUMMÁLI Á TÖFLUNUM YFIR Á ENSKA TUNGU
AF JOSEPH SMITH, YNGRI

EFNI

Formáli	vii
Vitnisburður þriggja vitna	ix
Vitnisburður átta vitna	ix
Vitnisburður spámansins Josephs Smith	xi
Nokkrar skýringar	xv
1 Neffí	1
2 Neffí	59
Jakob	133
Enos	154
Jarom	156
Omní	158
Orð Mormóns	161
Mósía	164
Alma	233
Helaman	419
3 Neffí	462
4 Neffí	526
Mormón	530
Eter	551
Moróní	585

FORMÁLI

Mormónsbók er heilög ritning, sem líkja má við Biblíuna. Hún er frásögn af samskiptum Guðs við forna íbúa Ameríku og geymir fyllingu hins ævarandi fagnaðarerindis.

Bókina rituðu margir fornir spámenn með anda spádóms og opinberunar. Útdrátt úr orðum þeirra, sem rituð voru á gulltöflur, gerði spámaðurinn og sagnaritarinn Mormón. Bókin greinir frá tveimur miklum menningarþjóðum. Önnur kom frá Jerúsalem árið 600 f.Kr. en skiptist síðar í tvo þjóðflokka, sem nefndust Nefítar og Lamanítar. Hin kom miklu fyrr, þegar Drottinn ruglaði tungumáli fólksins á tímum Babelturnsins. Sú þjóð nefndist Jaredítar. Eftir þúsundir ára höfðu allir tortímst nema Lamanítar, og þeir eru meðal forfeðra amerísku Indíánanna.

Mesti viðburðurinn, sem skráður er í Mormónsbók, er þjónusta sjálfs Drottins Jesú Krists meðal Nefítanna fljótlega eftir upprisu hans. Sú frásögn setur fram kenningar fagnaðarerindisins, skýrir sáluhjálparáætlunina, og segir mönnum hvað þeir þurfi að gera til að öðlast frið í þessu lífi og eilíft hjálpræði í hinu komanda.

Eftir að Mormón lauk skráningu rita sinna, afhenti hann þau syni sínum Moróní, sem bætti við nokkrum orðum frá eigin brjosti og faldi töflurnar síðan í Kúmórahæðinni. Þann 21. september 1823 birtist þessi sami Moróní, þá dýrðleg og upprisin vera, spámanninum Joseph Smith og veitti honum leiðbeiningar varðandi hinar fornu heimildir og áformaða þýðingu þeirra á enska tungu.

Að því kom, að Joseph Smith voru afhentar töflurnar og þýddi hann þær með gjöf og krafti Guðs. Þetta heimildarrit er nú gefið út á mörgum tungumálum sem nýtt og annað vitni um að Jesús Kristus sé sonur hins lifanda Guðs, og að allir sem vilja koma til hans og hlýða lögmálum og fyrirmælum fagnaðarerindis hans geti orðið hólpnir.

Um þetta heimildarrit sagði Joseph Smith: „Ég sagði bræðrunum, að Mormónsbók væri réttari en allar aðrar bækur á jörðinni og burðarsteinn trúar okkar, og að maðurinn kæmist nær Guði með því að fara eftir kenningum hennar, fremur en nokkurrar annarrar bókar.“

Auk Josephs Smith lét Drottinn ellefu aðra sjá gulltöflurnar og verða sérstök vitni að sannleika og guðdómleik Mormónsbókar. Skráðir vitnisburðir þeirra fylgja hér sem „Vitnisburður þriggja vitna“ og „Vitnisburður átta vitna.“

Við bjóðum öllum mönnum alls staðar að lesa Mormónsbók, að íhuga í hjarta sínu þann boðskap, sem hún geymir, og spyrja síðan Guð, hinn eilífa föður, í nafni Krists, hvort bókin sé sönn. Þeir, sem fylgja þessari

leið og biðja í trú, munu fá vitnisburð um sannleiksgildi hennar og guðdómleik fyrir kraft hins heilaga anda. (Sjá Moróní 10:3–5.)

Þeir, sem öðlast þennan guðlega vitnisburð frá hinum heilaga anda, munu einnig fá að vita með sama krafti, að Jesús Kristur er frelsari heimsins, að Joseph Smith er opinberari hans og spámaður á þessum síðustu dögum, og að Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er ríki Drottins, stofnað enn á ný á jörðu til undirbúnings síðari komu Messíasar.

VITNISBURÐUR ÞRIGGJA VITNA

Veri það heyrinkunnugt öllum þjóðum, kynkvíslum, tungum og lýðum, sem þetta verk sjá: Að við höfum fyrir náð Guðs föður og Drottins vors Jesú Krists séð töflur þær, sem heimildir þessar geyma, en þær segja frá Nefiþjóðinni, svo og Lamanítum, bræðrum hennar, og auk þess þjóð Jareds, sem kom úr turninum, sem um hefur verið rætt. Við vitum einnig, að þær hafa verið þýddar með gjöf og krafti Guðs, því að rödd hans hefur sagt okkur það. Við vitum því með vissu, að verk þetta er sannleikur. Og við berum því einnig vitni, að við höfum séð leturgröftinn, sem er á töflunum, og þær hafa verið okkur sýndar með krafti Guðs, en ekki manna. Og við lýsum því yfir í fullri alvöru, að engill Guðs sté niður af himni, og hann hafði töflurnar meðferðis og lagði þær fyrir auglit okkar, svo við litum og sáum þær og leturgröftinn á þeim. Og við vitum, að það er fyrir náð Guðs föður og Drottins vors Jesú Krists, að við sáum þessa hluti, og berum því vitni, að þeir eru sannir. Í augum okkar er það undursamlegt. Engu að síður bauð rödd Drottins okkur að bera vitni um þetta, og til þess að vera hlýðnir fyrirmælum Guðs berum við þessu vitni. Og við vitum, að ef við erum trúir í Kristi, munum við hreinsa klæði okkar af blóði allra manna og reynast flekklausir fyrir dómstóli Krists, og munum dvelja eilíflega með honum á himnum. Og heiðurinn sé föðursins og sonarins og hins heilaga anda, sem eru einn Guð. Amen.

OLIVER COWDERY
DAVID WHITMER
MARTIN HARRIS

VITNISBURÐUR ÁTTA VITNA

Veri það heyrinkunnugt öllum þjóðum, kynkvíslum, tungum og lýðum, sem þetta verk sjá: Að Joseph Smith yngri, þýðandi þessa verks, hefur sýnt okkur töflurnar, sem um hefur verið rætt, og virðast þær vera úr gulli. Við handlækum eins mörg blaðanna og nefndur Smith hefur þýtt. Við sáum einnig leturgröftinn á þeim, sem allur virðist forn vinna og vandað handbragð. Og við berum því vitni í fullri alvöru, að nefndur Smith hefur sýnt okkur þetta, því að við höfum séð það og handfjallað og vitum með vissu, að nefndur Smith hefur gulltöflur

þær, sem við höfum rætt um. Og við gefum heiminum nöfn okkar, til að bera heiminum vitni um það, sem við höfum séð. Og við ljúgum ekki, Guð sé vitni að því.

CHRISTIAN WHITMER

HIRAM PAGE

JACOB WHITMER

JOSEPH SMITH, ELDRI

PETER WHITMER, YNGRI

HYRUM SMITH

JOHN WHITMER

SAMUEL H. SMITH

VITNISBURÐUR SPÁMANNINS JOSEPHS SMITH

Orð spámannsins Josephs Smith sjálfs um tilkomu Mormónsbókar eru þessi:

„Um kvöldið hinn . . . tuttugasta og fyrsta september [1823] . . . lagðist ég á bæn og bað heitt til Guðs almáttugs . . .

Meðan ég ákallaði Guð, merkti ég að ljós birtist í herbergi mínu, og jókst það stöðugt, uns birtan var orðin þar meiri en um hábjartan dag. Skyndilega birtist vera við rúmstokk minn, maður sem sveif í lausu lofti, því að fætur hans námu ekki við gólf.

Hann var klæddur víðum kufli, óviðjafnanlega hvítum. Hann var hvítari en nokkuð jarðneskt, sem ég hef nokkru sinni séð, enda trúi ég ekki, að nokkur jarðneskur hlutur geti orðið jafn frábærlega hvítur og ljómandi. Hendur hans voru berar svo og handleggirnir örlítið upp fyrir úlnliði, og auk þess var hann berfættur og fótleggir hans berir örlítið upp fyrir ökkla. Hann var einnig ber um höfuð og háls. Ég gat séð að hann klæddist kyrtli þessum einum, því að hann var opinn, svo að ég sá í bringu hans.

Kyrtill hans var ekki aðeins framúrskarandi hvítur, heldur var og öll persóna hans svo dýrðleg, að orð fá því ekki lýst, og yfirbragð hans var sannarlega sem leiftur. Herbergið var óumræðilega bjart, en þó ekki allt eins bjart og hið næsta manningum. Í fyrstu varð ég óttasleginn, þegar ég sá hann, en óttinn hvarf mér von bráðar.

Hann ávarpaði mig með nafni og sagði mér, að hann væri sendiboði, sem sendur væri á minn fund úr návist Guðs og hétu hann Moróni; Guð ætlaði mér verk að vinna og nafn mitt yrði talið tákn góðs og ills með öllum þjóðum, kynkvíslum og tungum; eða að bæði yrði talað vel og illa um það með öllum lýðum.

Hann sagði, að bók væri geymd, letruð á gulltöflur, þar sem lýst væri fyrri íbúum þessarar álfu og sagt frá uppruna þeirra. Hann sagði og, að hún hefði að geyma fyllingu hins ævarandi fagnaðarerindis, eins og frelsarinn hefði fengið það íbúum álfunnar til forna —

Einnig, að þar væru tveir steinar, geymdir með töflunum, greyptir í silfurboaga — og steinar þessir, festir við brjóstplötu, mynduðu það, sem kallast Úrím og Túmmím — en umráð og notkun steinanna hefði til forna eða fyrr á tímum gert menn að ‚sjáendum‘ og hefði Guð útbúið þá, til þess að þýða bókina. . . .“

„Hann sagði og, að þegar ég hefði fengið töflurnar, sem hann hefði talað um — því að enn væri ekki að því komið, að ég fengi þær — mætti ég engum sýna þær, ekki heldur brjóstplötuna með Úrím og

Túmmím, nema þeim, sem mér yrði boðið að sýna þær, ella yrði mér tortímt. Meðan hann ræddi við mig um töflurnar, opnaðist mér sýn, svo að ég sá staðinn, þar sem töflurnar voru geymdar, og það svo skýrt og greinilega, að ég þekkti hann aftur, þegar ég kom þangað.

Eftir þessar samræður sá ég, að ljósið í herberginu tók að safnast umhverfis þann, sem við mig hafði talað, og hélt svo áfram þar til myrkt var aftur í herberginu, nema rétt umhverfis hann. En þá sá ég skyndilega göng opnast beint upp til himins, að því er virtist, og hann sté upp, þangað til hann hvarf með öllu og herbergið varð aftur eins og það hafði verið, áður en þetta himneska ljós birtist.

Ég lá og hugleiddi, hve einstakt þetta atvik hafði verið, og furðaði mig mjög á því, sem þessi sérstæði sendiboði hafði sagt mér, en þá uppgötvaði ég allt í einu, mitt í hugleiðingum mínum, að aftur tók að birta í herberginu, og á augabragði, að því er virtist, birtist sami himneski sendiboðinn aftur við rúmstokk minn.

Hann tók til máls og sagði aftur nákvæmlega það sama og hann hafði sagt við fyrri heimsóknina, án minnstu breytingar. En að því búnu sagði hann mér frá miklum dómum, sem yfir jörðina kæmu, með mikilli eyðingu af völdum hungursneyðar, hernaðar og drepsóttar. Hann sagði, að þessir þungbæru dómar kæmu yfir jörðina á okkar tímum. Þegar hann hafði skýrt mér frá þessu, sté hann aftur upp á sama hátt og áður.

Þegar hér var komið, hafði þetta haft slík áhrif á huga minn, að mér kom ekki blundur á brá, og ég lá agndofa vegna þess, sem ég hafði bæði séð og heyrt. En enn meiri varð undrun mín, þegar ég sá sama sendiboðann enn við rúm mitt og heyrði hann endurtaka, eða hafa yfir á ný, það sama og áður. Og hann bætti við, mér til varnaðar, að Satan mundi reyna að freista mín (vegna fátæktar fjölskyldu minnar) til að ná töflunum í auðgunarskyni. Slíkt bannaði hann mér og sagði, að eina markmið mitt með að ná þeim skyldi vera það að vegsama Guð, og ég mætti ekkert annað takmark hafa en byggja upp ríki hans, ella næði ég þeim ekki.

Eftir þessa þriðju heimsókn sté hann enn til himins eins og áður, en ég tók á ný að íhuga þessa einkennilegu reynslu mína. En næstum þegar eftir að hinn himneski sendiboði var horfinn mér til himins í þriðja sinn, gól haninn, og ég varð þess áskynja, að dagur var í nánd, þannig að samræður okkar hlutu að hafa staðið alla nóttina.

Ég reis úr rekkju skömmu síðar og hóf að venju hið nauðsynlega strit dagsins, en þegar ég reyndi að haga vinnu minni eins og endranær, var ég svo farinn að kröftum, að ég var gjörsamlega óvinnufær. Faðir minn, sem vann við hlið mér, varð þess var, að eitthvað amaði að mér, og sagði hann mér að fara heim. Ég lagði af stað og ætlaði heim, en

þegar ég reyndi að fara yfir girðinguna, sem var umhverfis akurinn, þar sem við vorum, hvarf mér allur máttur, ég hné örmagna til jarðar og lá síðan um tíma rænulaus með öllu.

Það fyrsta, sem ég man, var rödd, sem ávarpaði mig með nafni. Ég leit upp og sá sama sendiboðann og áður standa yfir höfði mér, umlukinn ljósi sem fyrr. Hann endurtók síðan enn á ný allt, sem hann hafði sagt mér nóttina áður, og bauð mér að fara á fund föður míns og segja honum frá sýninni og boðum þeim, sem ég hafði fengið.

Ég hlýddi. Ég fór aftur til föður míns á akrinum og sagði honum alla söguna. Hann svaraði mér, að þetta væri frá Guði og sagði mér að fara og gera eins og sendiboðinn hefði boðið. Ég fór af akrinum og hélt til þess staðar, þar sem sendiboðinn hafði sagt mér, að töflurnar væru geymdar. Og vegna þess, hve sýnin hafði verið greinileg, þekkti ég staðinn strax, þegar ég kom þangað.

Skammt frá þorpinu Manchester í Ontaríó-sýslu, New York-ríki, er allhá hæð, öllum öðrum hæðum hærri á þeim slóðum. Í vesturhlíð hæðarinnar, skammt þar frá sem hún er hæst og undir allstórum steini, var töflurnar að finna í steinkistu. Steinn þessi var þykkur, og bungaði hann í miðju að ofan, en var þynnri til jaðrana, svo að miðhluti hans sást upp úr jörðu, en brúnirnar voru moldu huldar allt í kring.

Þegar ég hafði mokað moldinni frá, fékk ég mér vogarstöng, sem ég rak undir brún steinsins og tókst mér að lyfta honum með nokkru átaki. Ég leit í kistuna, og þar sá ég í raun töflurnar og Úrím og Túmmím og brjóstplötuna, eins og sendiboðinn hafði sagt. Kista sú, sem þetta var í, var gerð á þann hátt, að steinar voru lagðir saman í einhvers konar steinlím. Á botni kistunnar voru tveir steinar lagðir í kross, og á steinum þessum lágu töflurnar og aðrir hlutir, sem með þeim voru.

Ég gerði tilraun til að taka þær upp, en sendiboðinn bannaði mér það og sagði mér aftur, að tíminn til að birta þær væri enn ekki kominn og kæmi ekki fyrr en eftir fjögur ár frá þessum tíma að telja. En hann sagði mér, að ég ætti að koma á þennan stað nákvæmlega að ári liðnu frá þessum tíma, og mundi hann þá hitta mig þar, og þetta ætti ég að gera árlega, þar til sú stund rynni upp, að ég fengi töflurnar.

Ég fór því á staðinn árlega, eins og mér hafði verið boðið, og í hvert sinn var sami sendiboðinn þar fyrir, og í sérhverju samtali okkar fékk ég hjá honum fyrirmæli og upplýsingar um fyrirætlan Drottins, hvernig og á hvaða hátt stýra ætti ríki hans hina síðustu daga. . . .“

„Um síðir var tíminn kominn til að taka töflurnar, Úrím og Túmmím, og brjóstplötuna. Hinn tuttugasta og annan dag septembermánaðar árið átján hundruð tuttugu og sjö, þegar ég hafði að vanda farið að enn einu ári liðnu á þann stað, þar sem þær voru geymdar, afhenti

sami himneski sendiboðinn mér þær með þessu ákvæði: Ég átti að bera ábyrgð á þeim, og ef ég léti þær frá mér fara vegna hirðuleysis eða einhverrar vanrækslu minnar, útilokaðist ég. En ef ég á hinn bóginn beitti öllu þreki mínu til að varðveita þær, þar til hann, sendiboðinn, gerði tilkall til þeirra, yrðu þær varðveittar.

Ég komst brátt að ástæðu þess, að ég hafði fengið svo ströng fyrir- mæli um að gæta þeirra og hverju það sætti, að sendiboðinn hafði sagt, að þegar ég hefði gert það, sem af mér væri krafist, kæmi hann til að sækja þær. Því að ekki varð það fyrr kunnugt, að ég hefði þær, en reynt var af fremsta megni að ná þeim frá mér. Í þeim tilgangi var neytt allra klækja, sem hægt var að finna upp. Ofsóknirnar urðu enn grimmilegri og hatrammari en áður, og hópar manna biðu sífellt færís á að ná þeim frá mér, ef hægt væri. En vegna visku Guðs voru þær óhultar í höndum mínum, uns ég hafði gert það við þær, sem ætlast var til af mér. Þegar sendiboðinn kom til að sækja þær, eins og um hafði verið talað, afhenti ég honum þær, og hann hefur þær í sinni umsjá til þessa dags, sem er annar dagur maímánaðar árið átján hundruð þrjátíu og átta.“

Nánari frásögn má finna í Hinni dýrmætu perlu, Joseph Smith — Saga.

Hin forna heimild, sem þannig kom fram upp úr jörðunni, sem rödd fólks úr duftinu, og þýdd var á nútímamál fyrir gjöf og kraft Guðs, eins og vottað er á guðlegan hátt, var fyrst birt heiminum á ensku árið 1830 sem THE BOOK OF MORMON.

NOKKRAR SKÝRINGAR Á MORMÓNSBÓK

Mormónsbók er heilagt heimildarrit um þjóðir Ameríku að fornu og var letruð á málmplötur. Þetta rit er meðal annars samantekt úr eftirfarandi heimildum:

1. *Töflur Nefis*, sem voru tvönn konar; smærri töflurnar og stærri töflurnar. Hinar fyrrnefndu voru að mestu helgaðar trúarlegum efnum ásamt þjónustu og kenningum spámanna, en hinar síðarnefndu fjölluðu aðallega um sögu viðkomandi þjóðar (1 Nefi 9:2–4). Frá tímum Mósía eru þó einnig á stærri töflunum atriði, sem hafa mikið trúarlegt gildi.
2. *Töflur Mormóns*, sem geyma útdrátt Mormóns úr stærri töflum Nefis ásamt mörgum skýringum. Þessar töflur geymdu einnig framhald af sögu Mormóns ásamt viðauka sonar hans, Morónís.
3. *Töflur Eters*, sem kynna sögu Jaredítanna. Þessa heimild stytta Moróní, bætti við eigin athugasemdum, og tengdi hana aðalsöggunni undir heitinu „Bók Eters.“
4. *Látúnstöflurnar*, sem Lehi og fólk hans flutti með sér frá Jerúsalem árið 600 f.Kr. Þær geyma „hinar fimm bækur Móse . . . og heimildir um Gyðingana allt frá upphafi fram til stjórnarára Sedekía, konungs í Júda; en . . . auk þessa . . . spádóma hinna heilögu spámannanna“ (1 Nefi 5:11–13). Margar tilvitnanir af þessum töflum, þar sem vitnað er í Jesaja og aðra spámenn Biblíunnar, en einnig í aðra sem þar eru ekki nefndir, birtast í Mormónsbók.

Mormónsbók skiptist í fimmtán meginhluta eða þætti, sem allir, að einum undanteknum, nefnast bækur, og bera þær oftast nafn meginhöfunda sinna. Fyrsti hlutinn (fyrstu sex bókunum lýkur með Omní) er þýðing á smærri töflum Nefis. Milli bóka Omnís og Mósía er innskot, sem nefnist Orð Mormóns. Þetta innskot tengir heimildaskrá Nefis á smærri töflunum við útdrátt Mormóns úr stærri töflunum

Lengsti hlutinn, frá Mósía til og með 7. kapítula Mormóns, er þýðing á útdrætti Mormóns úr stærri töflum Nefis. Lokahlutann, frá 8. kapítula Mormóns og til enda bókarinnar, letraði Moróní, sonur Mormóns. Hann lauk fyrst frásögninni af lífi föður síns, en gerði síðan útdrátt úr Jaredítaheimildunum (sem er Bók Eters) og bætti þar næst við þeim hluta, sem okkur er kunnur undir heitinu Bók Morónís.

Árið 421 e.Kr., eða þar um bil, innsiglaði Moróní, síðasti spámaður og sagnaritari Nefíta, hinar helgu heimildir og fól þær Drottni, til að leiða þær fram á síðari dögum, eins og rödd Guðs fyrir munn hinna fornu spámannanna hafði sagt fyrir um. Árið 1823 vitjaði þessi sami Moróní, þá

upprisin vera, spámannsins Josephs Smith og afhenti honum því næst hinar áletruðu töflur.

Um þessa útgáfu: Upprunalega titilsíðan sem er næst á undan efnis-síðunni, kemur af plötunum og er hluti af hinum helga texta. Formálarnir, sem eru með óbreyttu letri, eins og í 1. Nefí og strax á undan 9. kapítula Mósía, eru einnig hluti af þessum helga texta. Skáletraðir formálar, eins og sjá má í fyrirsögn kaflanna, eru ekki hluti af uppruna-
legum texta heldur hjálpartexti til þæginda við lestur.

Nokkrar smávægilegar textavillur hafas læðst inn í eldri útgáfur Mormónsbókar á ensku og haldist þar. Í þessari útgáfu eru þær leið-
réttar og virðist textinn nú í samræmi við handrit og fyrri útgáfur sem Joseph Smith ritskoðaði.

FYRSTA BÓK NEFÍS

STJÓRN HANS OG HELG ÞJÓNUSTA

Frásögn um Lehi, eiginkonu hans Saríu og fjóra syni hans, sem hétu (byrjað á þeim elsta) Laman, Lemúel, Sam og Nefí. Drottinn aðvarar Lehi og ræður honum að hverfa frá landi Jerúsalem, þar eð íbúarnir sækist eftir lífi hans fyrir spádóma hans, er snerta misgjörðir þeirra. Hann ferðast þrjár dagleiðir út í óbyggðirnar með fjölskyldu sinni. Nefí hverfur aftur til lands Jerúsalem ásamt bræðrum sínum til að sækja heimildaskrár Gyðinga. Frásögnin af þjáningum þeirra. Þeir kvænast dætrum Ísmaels. Þeir leggja af stað með fjölskyldur sínar út í óbyggðirnar. Sagt er frá þjáningum þeirra og þrengingum í óbyggðunum og leið þeirra rakin. Þeir koma að vötnunum miklu. Bræður Nefís rísa gegn honum. Hann ávítar þá og smíðar skip. Þeir nefna staðinn Nægtarbrunn. Þeir fara yfir vötnin miklu til fyrirheitna landsins og áfram. Þetta er samkvæmt frásögn Nefís, eða með öðrum orðum, ég, Nefí, færði þessa skrá í letur.

1. KAPÍTULI

Nefí byrjar að skrá heimildir þjóðar sinnar — Lehi sér eldstólpa í sýn og les úr spádómsbók — Hann lofar Guð, segir fyrir um komu Messíasar og spáir tortímingu Jerúsalem — Gyðingar ofsækja hann. Um 600 f.Kr.

ÉG, ^aNefí, er af ^bgóðum ^cforeldrum kominn og hlaut þess vegna nokkra ^atilsögn í öllum fræðum föður míns. Enda þótt ég hafi mátt þola miklar ^cþrengingar á lífsleið minni, hef ég engu að síður orðið mikillar náðar Drottins aðnjótandi alla mína ævi. Og

vegna þess að mikil þekking á gæsku og fleyndardómum Guðs hefur fallið mér í skaut, færi ég í ^aletur það sem á daga mína hefur drifið.

2 Já, ég skrái þessa frásögn á ^atungu föður míns, sem felur í sér lærdóm Gyðinga og tungu Egypta.

3 Og ég veit, að frásögnin, sem ég færi í letur, er ^asönn. Og ég skrái hana með eigin hendi og samkvæmt minni bestu vitund.

4 Því að svo bar við í upphafi ^afyrsta valdaárs ^bSedekía, konungs í Júda, (en faðir minn, Lehi, hafði dvalið alla ævi sína í ^cJerúsalem),

[1 NEFÍ]

1 1a LR Nefí, sonur Lehis.

b Okv 22:1.

c K&S 68:25, 28.

LR Foreldrar.

d Enos 1:1; Mósía 1:2–3.

LR Kenna, kennari.

e LR Andstreymi.

f LR Leyndardómar

Guðs.

g LR Ritningar.

2a Mósía 1:2–4;

Morm 9:32–33.

3a 1 Ne 14:30;

Mósía 1:6;

Et 5:1–3; K&S 17:6.

4a 598 f.Kr.; sjá Tímatál í

Viðauka.

b 2 Kro 36:10;

Jer 52:3–5; Om 1:15.

c 1 Kro 9:3.

að margir ^aspámenn komu á því sama ári og spáðu því, að tortíma yrði hinni miklu ^eJerúsalemborg, ef íbúarnir iðruðust ekki.

5 Þá bar svo við, að faðir minn, ^aLehí, hóf að biðja til Guðs fyrir þjóð sinni, já, af einlægum ^bhjarta.

6 Og svo bar við meðan hann bað til Drottins, að ^aeldstólpi birtist á kletti fyrir framan hann, og margt bar fyrir augu hans og eyru. Og vegna þess, sem hann sá og heyrði, nötraði hann og skalf ákaflega.

7 Og svo bar við, að hann hvarf aftur til heimilis síns í Jerúsalem, fleygði sér upp í rúm, ^aaltekinn af andanum og því, sem borið hafði fyrir augu hans.

8 Og þannig altekinn af andanum varð hann hrifinn burt í ^asýn, svo að hann sá jafnvel ^bhimnana opnast, og honum þótti sem hann sæi Guð sitja í háseti sínu, umkringdan óteljandi skörum engla, sem sungu Guði sínum lof.

9 Og svo bar við, að hann sá Einn stíga niður af miðjum himni, og að það ^ageislaði af honum bjartar en sólu um hádegisbil.

10 Og hann sá jafnframt ^atólf aðra, sem fylgdu honum, og birta

þeirra var skærari en stjarnanna á himinhvolfinu.

11 Og þeir komu niður til jarðar og héldu áfram eftir yfirborði hennar, og hinn fyrsti staðnæmdist frammi fyrir föður mínum, fékk honum ^abók og bauð honum að lesa hana.

12 Og svo bar við, að hann fylltist ^aanda Drottins, á meðan hann las.

13 Hann las og mælti: Vei þér, vei þér Jerúsalem, því að ég hef séð ^aviðurstyggð þína! Já, og margt las faðir minn varðandi ^bJerúsalem — að henni yrði tortímt, ásamt íbúum hennar. Margir mundu falla fyrir sverði og margir ^cfærðir í ánauð til Babýloníu.

14 Og svo bar við, að loknum lestrinum, eftir að faðir minn hafði séð margt, bæði mikið og undursamlegt, lofaði hann Drottin á ýmsan hátt og sagði: Mikil eru verk þín og undursamleg, ó Drottinn, Guð almáttugur! Háseti þitt er á himnum hátt og vald þitt, gæska þín og miskunn ríkir yfir öllum jarðarþúum. Og vegna miskunnsemi þinnar munt þú ekki leyfa að þeir farist, sem til þín ^akoma!

4d 2 Kon 17:13–15;

2 Kro 36:15–16;

Jer 7:25–26.

LR Spámaður.

e Jer 26:18;

2 Ne 1:4; He 8:20.

5a LR Lehí, faðir Nefis.

b Jakbr 5:16.

6a 2 Mós 13:21;

He 5:24, 43;

K&S 29:12;

JS — S 1:16.

7a Dan 10:8;

1 Ne 17:47;

HDP Móse 1:9–10;

JS — S 1:20.

8a 1 Ne 5:4. LR Sýn.

b Esek 1:1;

Post 7:55–56;

1 Ne 11:14;

He 5:45–49;

K&S 137:1.

9a JS — S 1:16–17.

10a LR Postuli.

11a Esek 2:9.

12a K&S 6:15.

13a 2 Kon 24:18–20;

2 Kro 36:14.

b 2 Kon 23:27; 24:2;

Jer 13:13–14;

2 Ne 1:4.

c 2 Kon 20:17–18;

2 Ne 25:10;

Om 1:15.

14a Al 5:33–36;

3 Ne 9:14.

15 Og þannig fórust föður mínum orð Guði sínum til lofs. Því að sál hans fylltist fögnuði og hjarta hans varð gagntekið af því, sem hann hafði séð, já, því, sem Drottinn hafði sýnt honum.

16 Ég, Nefí, gjöri ekki full skil á því sem faðir minn hefur ritað, þar eð hann hefur skráð margt, sem birtist honum í sýnum og draumum. Auk þess hefur hann skráð margt, sem hann ^aspáði fyrir um og sagði börnum sínum frá, en því mun ég ekki gjöra full skil.

17 En ég mun gjöra grein fyrir því, sem fyrir mig hefur borið um dagana. Sjá. Ég mun ^adraga saman ^bheimildir föður míns í stutt mál og skrá þær á töflur, sem ég hef búið til með mínum eigin höndum. Og þegar ég hef lokið við að stytta heimildir föður míns, mun ég greina frá minni eigin ævi.

18 Ég vil því, að þér vitið, að eftir að Drottinn hafði sýnt föður mínum, Lehí, svo margt undursamlegt, já, varðandi ^atortímingu Jerúsalem, sjá, þá fór hann út á meðal fólksins og tók að ^bspá og segja frá því, sem hann hafði bæði séð og heyrt.

19 Og svo bar við, að Gyðingar ^ahæddu hann vegna þess vitnisburðar, sem hann gaf um þá. Því hann bar ranglæti þeirra og viðurstygð svo sannarlega vitni. Og hann bar því einnig vitni, að

það sem hann hafði séð og heyrt, sem og það, er hann hafði lesið í bókinni, sýndi greinilega fram á komu ^bMessíasar og einnig endurlausn heimsins.

20 Þegar Gyðingar heyrðu þetta, reiddust þeir honum, já, rétt eins og þeir reiddust spámönnunum til forna, sem þeir ^avísuðu burt, grýttu og deyddu. Þeir sátu einnig um líf hans og reyndu að svipta hann því. En sjá. Ég, Nefí, mun sýna yður fram á, að hin milda ^bmiskunn Drottins vakir yfir öllum þeim, sem hann hefur útvalið, trúar þeirra vegna, til að gjöra þá máttuga, jafnvel með krafti til frelsunar.

2. KAPÍTULI

Lehí fer með fjölskyldu sína út í óbyggðirnar, sem liggja að Raudahafinu — Þeir skilja eigur sínar eftir — Lehí færir Drottni fórn og kennir sonum sínum að halda boðorðin — Laman og Lemúel mögla gegn föður sínum — Nefí er hlýðinn og biðst fyrir í trú; Drottinn talar til hans, og hann er valinn stjórnandi bræðra sinna. Um 600 f.Kr.

SJÁ, svo bar við, að Drottinn talaði til föður míns, já, í draumi, og mælti við hann: Blessaður ert þú, Lehí, vegna breytni þinnar. Þú hefur verið trúur og flutt fólki þessu boðskap minn eins og ég

16a 1 Ne 7:1.

17a 1 Ne 9:2–5.

b 1 Ne 6:1–3; 19:1–6;

2 Ne 5:29–33;

K&S 10:38–46.

18a 2 Ne 25:9–10;

K&S 5:20.

b LR Spádómur, spá.

19a 2 Kro 36:15–16;

Jer 25:4;

1 Ne 2:13; 7:14.

b LR Messías.

20a He 13:24–26.

b Al 34:38;

K&S 46:15.

LR Miskunnssamur,

miskunnsemi.

fól þér. En, sjá. Það „situr um líf þitt.

2 Og svo bar við, að Drottinn „bauð föður mínum jafnvel í ^bdraumi að ^ckalla saman fjölskyldu sína og halda út í óbyggðirnar.

3 Og svo bar við, að hann „hlýðnaðist orði Drottins og gjörði sem Drottinn mælti fyrir.

4 Og svo bar við, að hann hélt út í óbyggðirnar. Og hann yfirgaf hús sitt og erfðaland, og gull sitt og silfur, sem og aðrar dýrmætar eigur og hafði ekkert með sér nema fjölskyldu sína og vistir og tjöld, og „hélt út í óbyggðirnar.

5 Og hann bar þar niður, sem landið liggur að ströndum „Rauðahafsins, og lagði leið sína yfir óbyggðirnar eftir útjaðrinum, sem liggur nær Rauðahafinu. Og hann ferðaðist um óbyggðirnar í fylgd með fjölskyldu sinni, en í henni var móðir mín, Saría, og eldri bræður mínir, ^bLaman, Lemúel og Sam.

6 Og svo bar við, að þegar hann hafði ferðast þrjá daga um óbyggðirnar, reisti hann tjald sitt á bökkum vatnsfylltrar ár í „dal einum.

7 Og svo bar við, að hann reisti „altari úr ^bgrjóti, færði Drottni fórn og flutti Drottni Guði vorum „þakkir.

8 Og svo bar við, að hann gaf ánni nafn og nefndi hana Laman. Áin rann út í Rauðahafið, og dalurinn var nálægt mynni hennar við útjaðarinn.

9 Og þegar faðir minn sá, að vatnið í ánni rann út í uppsprettu Rauðahafsins, talaði hann til Lamans og sagði: Ó, að þú mættir vera eins og þessi á og streyma án afláts að uppsprettu alls réttlætis!

10 Og enn fremur sagði hann við Lemúel: Ó, að þú mættir vera eins og þessi dalur, fastur fyrir og stöðugur og óhagganlegur við að halda boðorð Drottins!

11 Þetta mælti hann vegna þrjúsku Lamans og Lemúels, því að þeir „mögluðu gegn ^bföður sínum varðandi ýmislegt; yfir að hann fengi ^cvitranir, hefði leitt þá út úr landi Jerúsalem og látið þá yfirgefa erfðaland sitt, gull sitt og silfur, sem og aðrar dýrmætar eigur, til þess eins að farast í óbyggðunum. Og þeir sögðu hann hafa farið þannig að ráði sínu vegna heimskulegra ímyndana sinna.

12 Þannig mögluðu Laman og Lemúel, sem elstir voru, gegn föður sínum. Og þeir gjörðu svo, vegna þess að þeir „þekktu eigi vegu þess Guðs, sem skóp þá.

13 Þeir trúðu því ekki heldur, að hægt væri að „tortíma hinni miklu

2 1a 1 Ne 7:14.

2a 1 Ne 5:8; 17:44.

b LR Draumur.

c 1 Mós 12:1;

2 Ne 10:20;

Et 1:42; Abr 2:3.

3a LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

4a 1 Ne 10:4; 19:8.

5a 1 Ne 16:14;

K&S 17:1.

b LR Laman.

6a 1 Ne 9:1.

7a 1 Mós 12:7–8;

2 Mós 24:4;

Abr 2:17.

b 2 Mós 20:25;

5 Mós 27:5–6.

c LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

11a 1 Ne 17:17.

LR Mögla.

b Okv 20:20.

c 1 Ne 5:2–4.

12a HDP Móse 4:6.

13a Jer 13:14;

1 Ne 1:13.

borg, Jerúsalem, samkvæmt orðum spámanna. Og þeim var líkt farið og Gyðingunum í Jerúsalem, sem sátu um líf föður míns.

14 Og svo bar við, að faðir minn talaði til þeirra í Lemúelsdal, af ^akrafti, því að hann var gagntekinn af andanum. Og hann talaði þar til þeir ^bnötruðu frá hvirfli til ilja frammi fyrir honum. Og hann ávítaði þá, svo að þeir þorðu ekki að andmæla honum, og gjörðu þar af leiðandi eins og hann bauð þeim.

15 Og faðir minn hélt til í tjaldi.

16 Og svo bar við, að ég, Nefí, sem var mjög ungur að árum, en mikill vexti og fullur af þrá eftir að kynnast ^aleynardómum Guðs, ákallaði Drottin. Og sjá. Hann ^bvitjaði mín og ^cmildaði hjarta mitt svo, að ég lagði ^dtrúnað á öll orð ^eföður míns. Þess vegna reis ég ekki gegn honum eins og bræður mínir.

17 Og ég talaði við Sam og sagði honum frá því, sem Drottinn hafði opinberað mér með sínum heilaga anda. Og svo bar við, að hann lagði trúnað á orð mín.

18 En sjá. Laman og Lemúel vildu ekki fara að orðum mínum, og í ^ahryggð minni yfir því, hve harðir þeir voru í hjarta, ákallaði ég Drottin þeirra vegna.

19 Og svo bar við, að Drottinn talaði til mín og mælti: Blessaður ert þú Nefí vegna ^atrúar þinnar, því að þú hefur leitað mín af kostgæfni og af lítillæti hjartans.

20 Og sem þið haldið boðorð mín, svo mun ykkur ^avegna vel, og þið munuð leidd til ^bfyrirheitins lands. Já, meira að segja til lands, sem ég hef búið ykkur, já, til lands, sem er land valkosta, öllum öðrum löndum betra.

21 Og sem bræður þínir rísa gegn þér, svo munu þeir ^aútilokaðir úr návist Drottins.

22 Og sem þú heldur boðorð mín, svo mun þér falið að vera ^astjórnandi og leiðbeinandi bræðra þinna.

23 Því að sjá. Þann dag, sem þeir rísa gegn mér, mun ég leiða yfir þá ^abölvun, já, þunga bölvun, og þeir munu ekkert vald hafa yfir niðjum þínum, nema niðjar þínir rísi einnig gegn mér.

24 Og fari svo, að þeir rísi gegn mér, munu þeir verða sú ^asvipa á niðja þína, sem ^bvekur þá af svefni gleymiskunnar.

3. KAPÍTULI

Synir Lehís snúa aftur til Jerúsalem

14a LR Kraftur.

b 1 Ne 17:45.

16a LR Leynardómar Guðs.

b Sálm 8:5;

Al 17:10; K&S 5:16.

LR Opinberun.

c 1 Kon 18:37; Al 5:7.

d 1 Ne 11:5.

e LR Faðir, jarðneskur;

Spámaður.

18a Al 31:24;

3 Ne 7:16.

19a 1 Ne 7:12; 15:11.

20a Jós 1:7; 1 Ne 4:14;

Mósía 1:7.

b 5 Mós 33:13–16;

1 Ne 5:5; 7:13;

HDP Móse 7:17–18.

LR Fyrirheitið land.

21a 2 Ne 5:20–24;

Al 9:13–15; 38:1.

22a 1 Mós 37:8–11;

1 Ne 3:29.

23a 5 Mós 11:28;

1 Ne 12:22–23;

K&S 41:1.

24a Jós 23:13;

Dóm 2:22–23.

b 2 Ne 5:25.

til að ná í látúnstöflurnar — Laban neitar að láta töflurnar af hendi — Nefí hvetur bræður sína og uppörvar — Laban stelur eigum þeirra og gerir tilraun til að ráða þá af dögum — Laman og Lemúel láta högg sín dynja á Nefí og Sam og engill ávítar þá. Um 600–592 f.Kr.

Og svo bar við, að ég, Nefí, sneri aftur til tjalds föður míns, frá því að tala við Drottinn.

2 Og svo bar við, að hann talaði til mín og sagði: Sjá, mig dreymdi „draum, og í honum gaf Drottinn mér þau fyrirmæli, að þú og bræður þínir skylduð hverfa aftur til Jerúsalem.

3 Því að sjá, Laban hefur heimildaskrá Gyðinga undir höndum svo og „ættartölu forfeðra minna, sem letraðar eru á töflur úr látúni.

4 Þess vegna hefur Drottinn mælt svo fyrir, að þú og bræður þínir skuluð sækja Laban heim og leita heimildaskrárnar uppi og koma með þær hingað niður í óbyggðirnar.

5 Og sjá nú. Bræður þínir mögla og segja þetta erfitt verk, sem ég bað þá að leysa af hendi. En sjá. Það er ekki mín bón, heldur fyrirmæli Drottins.

6 Far þess vegna, son minn, og þú munt njóta náðar Drottins, vegna þess að þú hefur „ekki möglað.

7 Og svo bar við, að ég, Nefí,

sagði við föður minn: Ég „mun fara og gjöra það, sem Drottinn hefur boðið, því að ég veit, að Drottinn gefur mannanna börnum engin^b fyrirmæli án þess að „greiða þeim veg til að leysa af hendi það, sem hann hefur boðið þeim.

8 Og svo bar við, að þegar faðir minn heyrði þessi orð, varð hann yfir sig glaður, því hann vissi, að Drottinn hafði blessað mig.

9 Og ég, Nefí, ásamt bræðrum mínum, lagði af stað í ferð út í óbyggðirnar með tjöld okkar, og við höldum í átt upp til lands Jerúsalem.

10 Og svo bar við, að þegar við komum upp til lands Jerúsalem, bárum við bræðurnir saman ráð okkar.

11 Og við „vörpuðum hlutkesti — hver okkar skyldi sækja Laban heim. Og svo bar við, að upp kom hlutur Lamans. Og Laman fór heim til Labans og ræddi við hann, meðan hann átti viðdvöl í húsi hans.

12 Og hann tjáði Laban, að hann hefði hug á að fá heimildaskrár þær, sem letraðar væru á látúnstöflurnar og hefðu að geyma „ættartölu föður míns.

13 Og sjá. Svo bar við, að Laban reiddist og hratt honum frá sér og vildi ekki, að hann fengi heimildaskrárnar. Hann sagði þess vegna við hann: Sjá, þú ert ræningi, og ég mun drepa þig.

3 2a LR Draumur.

3a 1 Ne 5:14.

6a LR Stuðningur við kirkjuleiðtoga.

7a 1 Sam 17:32;

1 Kon 17:11–15.

LR Átrúnaður;

Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

b LR Boðorð Guðs.

c 1 Mós 18:14; Fil 4:13;

1 Ne 17:3, 50;

K&S 5:34.

11a Nehem 10:34;

Post 1:26.

12a 1 Ne 3:3; 5:14.

14 En Laman flúði frá honum og sagði okkur frá því, sem Laban hafði gjört. Og við fylltumst mikilli hryggð, og bræður mínir voru komnir á fremsta hlunn með að hverfa aftur til föður míns í óbyggðunum.

15 En sjá. Þá mælti ég við þá: Sem Drottinn lifir og sem við lifum, munum við ekki fara niður til föður okkar í óbyggðunum fyrr en við höfum lokið því, sem Drottinn bauð okkur að gjöra.

16 Verum því staðfastir að fara að boðum Drottins og förum niður til ^aerfðalands föður okkar, því að sjá, þar skildi hann eftir gull og silfur og hvers kyns auðæfi. Og allt það gjörði hann, vegna ^bfyrirmæla Drottins.

17 Því að hann vissi, að Jerúsalem hlyti að verða ^aeytt vegna ranglætis íbúanna.

18 Því að sjá. Þeir hafa ^ahafnað orðum spámannanna. Dveldi faðir minn því í landinu, eftir að honum var ^bboðið að flýja land, sjá, þá mundi hann einnig farast. Hann yrði því að flýja land.

19 Og sjá. Viska Guðs er að baki því, að við fáum þessar ^aheimildaskrár, svo að við fáum varðveitt tungu feðra okkar fyrir börn okkar —

20 Og einnig að við fáum ^avarðveitt þeim til handa þau orð, sem heilagir spámenn hafa allir mælt af munnni fram og þeim voru gefin fyrir anda og kraft Guðs,

frá upphafi veraldar og allt til líðandi stundar.

21 Og svo bar við, að með þessum orðum mínum tókst mér að telja bræður mína á að vera trúir boðum Guðs.

22 Og svo bar við, að við lögðum leið okkar niður til erfðalands okkar og söfnuðum saman ^agulli, silfri og öðru dýrmætu, sem við áttum.

23 Og þegar þessu hafði öllu verið safnað saman, héldum við enn á ný upp til heimkynna Labans.

24 Og svo bar við, að við fórum inn til Labans og létum í ljós óskum, að hann afhenti okkur heimildaskrár þær, sem letraðar voru á ^alátúnstöflurnar, en í stað þeirra mundum við láta honum eftir gull okkar og silfur og allt annað dýrmætt í okkar eigu.

25 En svo bar við, að þegar Laban sá eigur okkar, að þær voru mjög miklar, ^agirntist hann þær svo, að hann rak okkur á dyr og sendi þjóna sína til að drepa okkur, svo að hann gæti komist yfir eigur okkar.

26 Og svo bar við, að við flúðum undan þjónum Labans, en neyddumst til að skilja eigur okkar eftir, og féllu þær í hendur Labans.

27 Og svo bar við, að við flúðum út í óbyggðirnar, en þjónum Labans tókst ekki að ná okkur, og við földum okkur í hellisskúta.

16a 1 Ne 2:4.

b 1 Ne 2:2; 4:34.

17a 2 Kro 36:16–20;

Jer 39:1–9; 1 Ne 1:13.

18a LR Upppreisn.

b 1 Ne 16:8.

19a Om 1:17; Mósía 1:2–6.

20a LR Ritningar — Ritningar

sem varðveita ber.

22a 1 Ne 2:4.

24a 1 Ne 3:3.

25a LR Ágirnd.

28 Og svo bar við, að Laman reiddist mér og einnig föður okkar. Lemúel reiddist einnig, því að hann hlustaði á það, sem Laman sagði. Laman og Lemúel létu sér því mörg “óvægin orð um munn fara við okkur, yngri bræður sína, og létu högginn dynja á okkur, jafnvel með barefli.

29 Og svo bar við, að meðan þeir lömdu okkur með barefli, sjá, þá kom “engill Drottins og stóð fyrir framan þá og mælti: Hví berjið þér yngri bróður yðar með barefli? Vitið þér ei, að Drottinn hefur útvalið hann sem ^bstjórnanda yðar og það vegna misgjörða yðar? Sjá, hverfið því aftur upp til Jerúsalem, og Drottinn mun selja Laban í hendur yðar.

30 Og að svo mæltu hvarf “engillinn á brott.

31 Og þegar engillinn var horfinn, tóku Laman og Lemúel enn að “mögla og segja: Hvernig má það vera, að Drottinn framselji okkur Laban? Sjá, hann er voldugur maður og ræður yfir fimmtíu, já, getur jafnvel drepið fimmtíu og hví þá ekki okkur?

4. KAPÍTULI

Nefí ræður Laban af dögum að boði Drottins og tryggir sér síðan látunstöflurnar með herbragði — Sóram kýs að fylgja fjölskyldu Lehís í obyggðunum. Um 600–592 f.Kr.

Og svo bar við, að ég tók bræður mína tali og sagði: Förum aftur upp til Jerúsalem og verum “trúir boðum Drottins, því að sjá. Hann er máttugri en jörðin í heild, og hví skyldi hann þá ekki vera ^bmáttugri en Laban og hans hálf hundrað, já, jafnvel máttugri en tugir þúsunda af hans mönnum?

2 Förum þess vegna þangað upp. Verum “sterkir sem ^bMóse, því að hann talaði vissulega til vatna “Rauðahafsins, og þau skiptust í báðar áttir, og feður okkar komust á þurru yfir það og úr ánaud, og herir Faraós fylgdu þeim eftir, en drukknuðu í vötnum Rauðahafsins.

3 Sjá því. Þið vitið, að þetta er satt. Og þið vitið einnig, að “engill hefur talað til ykkar. Hvernig getið þið efast? Við skulum fara þangað upp. Drottinn megnar að varðveita okkur eins og feður okkar og tortíma Laban eins og Egyptunum.

4 Þegar ég hafði mælt þessi orð, voru þeir enn reiðir og héldu uppi andmælum. Engu að síður slóguust þeir í för með mér, þar til við komum að múrum Jerúsalem.

5 Og kvöld var komið, og ég fékk þá til að fela sig utan múrana. Þegar þeir voru komnir í felur, laumaðist ég, Nefí, inn í borgina og í átt að heimkynnum Labans.

6 Og andinn “leiddi mig, og ég

28a 1 Ne 17:17–18.

29a 1 Ne 4:3; 7:10.

LR Englar.

b 1 Ne 2:22.

30a 1 Ne 16:38.

31a LR Mögla.

4 1a LR Átrúnaður;

Hugrekki, hugrakkur.

b 1 Ne 7:11–12.

2a 5 Mós 11:8.

b LR Móse.

c 2 Mós 14:21;

1 Ne 17:26;

Mósía 7:19.

3a 1 Ne 3:29–31; 7:10.

6a LR Heilagur andi;

Innblastur, guðleg

andagift.

^bvissi ekki fyrirfram, hvað gjöra skyldi.

7 Engu að síður hélt ég áfram, og þegar ég nálgæðist hús Labans, sá ég mann, sem fallið hafði til jarðar fyrir framan mig, því að hann var ofurölvi.

8 Og þegar ég kom að honum, sá ég, að það var Laban.

9 Og ég sá “sverð hans og dró það úr slíðrum. Og meðalkafllinn var úr skíru gulli og smíðin á því var framúrskarandi vönduð. Og ég sá, að sverðsblaðið var úr mjög dýrmætu stáli.

10 Og svo bar við, að andinn “hvatti mig til að ráða Laban af dögum. En í hjarta mínu sagði ég: Aldrei nokkru sinni hef ég úthellt mannsblóði. Og mig hryllti við, og ég óskaði þess að þurfa ekki að drepa hann.

11 Og andinn sagði enn við mig: Sjá, “Drottinn hefur selt hann þér í hendur. Já, og ég vissi einnig, að hann hafði sóst eftir lífi mínu. Já, og hann vildi ekki hlýða boði Drottins, og hann hafði einnig ^btekið eigur okkar.

12 Og svo bar við, að andinn sagði enn við mig: Dreptu hann, því að Drottinn hefur selt hann þér í hendur —

13 Sjá, Drottinn “deyðir hina ^branglátu til að koma réttlátum áformum sínum til leiðar. “Beta er, að einn maður farist en að

heilli þjóð hnigni og hún farist í vantrú.

14 Og þegar ég, Nefí, hafði hlýtt á þessi orð, minntist ég orða Drottins, sem hann beindi til mín í óbyggðunum, er hann sagði: “Sem niðjar þínir halda ^bboðorð mín, svo mun þeim “vegna vel í ^dfyrirheitna landinu.

15 Já, og mér kom einnig í hug, að þeir gætu ekki haldið boðorð Drottins, eins og þau birtust í lögmáli Móse, án þess að hafa lögmálið.

16 Og ég vissi einnig, að “lög-málið var letrað á látúnstöflurnar.

17 Og enn fremur vissi ég, að Drottinn hafði selt Laban í hendur mér í þessum tilgangi — að ég kæmist yfir heimildaskrárnar í samræmi við fyrirmæli hans.

18 Ég hlýddi þess vegna rödd andans, tók í höfuðhár Labans og hjó höfuðið af með hans eigin “sverði.

19 Og þegar ég hafði höggvið af honum höfuðið með hans eigin sverði, tók ég klæði Labans og klæddist þeim, já, hverri flík, og ég girti hertygi hans um lendar mér.

20 Og að þessu loknu hélt ég áfram að fjárhirslu Labans. Og á leiðinni að fjárhirslunni, sjá, þá sá ég ^aþjón Labans, sem hafði lyklana að fjárhirslunni undir höndum. Og ég skipaði honum

6b Hebr 11:8.

9a 2 Ne 5:14; K&S 17:1.

10a Al 14:11.

11a 1 Sam 17:41–49.

b 1 Ne 3:26.

13a 1 Ne 17:33–38;

K&S 98:31–32.

b LR Ranglátur, ranglæti.

c Al 30:47.

14a Om 1:6; Mósía 2:22;

Et 2:7–12.

b LR Boðorð Guðs.

c 1 Ne 2:20.

d 1 Ne 17:13–14;

Jakob 2:12.

16a LR Mósélögmál.

18a 1 Sam 17:51.

20a 2 Ne 1:30.

með rödd Labans að fara með mér inn í fjárhirsluna.

21 Og hann áleit mig vera húsbónda sinn, Laban, því að hann sá klæðin og einnig sverðið, sem girt var um lendar mér.

22 Og hann talaði við mig um öldunga Gyðinganna, þar eð hann vissi, að húsbóndi hans, Laban, hafði verið úti meðal þeirra um kvöldið.

23 Og ég talaði við hann eins og Laban mundi hafa gjört.

24 Og ég sagði honum einnig, að ég ætti að fara með áletranirnar á "látúnstöflunum til eldri bræðra minna, en þeir væru utan múranna.

25 Og ég bað hann einnig að fylgja mér.

26 Og þar eð hann áleit, að ég ætti við safnaðarbræðurna og væri raunverulega sá Laban, sem ég hafði drepið, slóst hann í för með mér.

27 Og hann talaði margsinnis um öldunga Gyðinganna við mig á leiðinni til bræðra minna, sem voru utan múranna.

28 Og svo bar við, að Laman varð yfir sig hræddur, þegar hann sá mig, og það urðu Lemúel og Sam einnig. Og þeir flúðu frá mér, því að þeir héldu, að ég væri Laban og að hann hefði drepið mig og sæktist einnig eftir lífi þeirra.

29 Og svo bar við, að ég kallaði á eftir þeim, og þeir heyrðu til mín og hættu flóttanum.

30 Og svo bar við, að þegar

þjónn Labans sá bræður mína, tók hann að nötra og var að því kominn að flýja frá mér og snúa aftur til Jerúsalemborgar.

31 Og ég, Nefí, sem er stór maður vexti og gæddur miklum "líkamsburðum fyrir tilverksnað Drottins, þreif í þjón Labans og hélt honum föstum, svo að hann gæti ekki flúið.

32 Og svo bar við, að ég sagði við hann, að svo sannarlega sem Drottinn lifir og sem ég lifi, myndum við þyrma lífi hans, ef hann hlýddi orðum mínum.

33 Og ég sór þess meira að segja "eið, að hann þyrfti ekki að óttast og að hann skyldi vera frjáls maður eins og við, ef hann vildi slást í för með okkur niður í óbyggðirnar.

34 Og ég sagði einnig við hann: Vissulega hefur Drottinn "boðið okkur að gjöra þetta, og eigum við ekki að fylgja fyrirmælum Drottins af kostgæfni? Ef þú þess vegna vilt fara niður í óbyggðirnar til föður míns, mátt þú dvelja með okkur.

35 Og svo bar við, að orðin, sem ég mælti, hleyptu kjarki í "Sóram, en Sóram hét þjónninn, og hann lofaði að fara niður í óbyggðirnar til föður okkar. Og hann sór þess einnig eið, að hann skyldi dvelja með okkur upp frá því.

36 Nú vorum við þess mjög fúsir, að hann dveldist með okkur, svo að Gyðingarnir fréttu ekki af flóttu okkar út í óbyggðirnar og veittu

24a 1 Ne 3:12, 19–24;
5:10–22.
31a Mósía 9:17;

Al 56:56.
33a LR Eiður.
34a 1 Ne 2:2; 3:16.

35a 1 Ne 16:7;
2 Ne 5:5–6.
LR Sóram, Sóramítar.

okkur ekki eftirför til að tortíma okkur.

37 Og svo bar við, að er Sóram hafði svarið okkur “eið, óttuðumst við hann ei lengur.

38 Og svo bar við, að við tókum látúnstöflurnar og þjón Labans með okkur, lögðum út í óbyggðirnar og héldum til tjalds föður okkar.

5. KAPÍTULI

Saría kvartar undan Lehi — Bæði gleðjast yfir endurkomu sona sinna — Þau færa fórnir — Látúnstöflurnar geyma rit Móse og spámannanna — Töflurnar sýna að Lehi er afkomandi Jósefs — Spádómur Lehis um niðja hans og varðveislur taflnanna. Um 600–592 f.Kr.

Og svo bar við, að þegar við komum aftur til föður okkar niðri í óbyggðunum, sjá, þá fylltist hann gleði og móðir mín, “Saría, varð einnig afar glöð, því að hún hafði tregað okkur fölskvalaust.

2 Hún taldi, að við hefðum orðið óbyggðunum að bráð. Og hún átalði einnig föður minn fyrir vitranir hans og sýnir og mælti: Sjá. Þú hefur leitt okkur burt frá erfðalandi okkar, synir okkar eru ekki lengur í tölu lifenda, og við munum farast í óbyggðunum.

3 Þannig fórust móður minni orð, er hún ávítaði föður minn.

4 Og svo bar við, að faðir minn tók til máls og sagði við hana: Ég veit, að ég fæ “vitranir. Og hefði ég ekki séð í ^bsýn það, sem Guði tilheyrir, hefði ég ekki kynnst gæsku Guðs, heldur dvalið áfram í Jerúsalem og farist með bræðrum mínum.

5 En sjá. “Land fyrirheitisins er mitt, og yfir því gleðst ég. Já, og ég ^bveit, að Drottinn mun bjarga sonum mínum úr höndum Labans og færa okkur þá aftur niður í óbyggðirnar.

6 Og með þessum orðum hughreysti Lehi, faðir minn, móður mína, Sاری, varðandi afdrif okkar, meðan við fórum yfir óbyggðirnar til lands Jerúsalem til að ná heimildaskrá Gyðinga.

7 Og þegar við komum aftur til tjalds föður míns, var mællir gleði þeirra fullur, og móðir mín lét huggast.

8 Hún tók til máls og sagði: Nú veit ég með vissu, að Drottinn gaf eiginmanni mínum “fyrirmæli um að flýja út í óbyggðirnar. Já, og ég veit einnig með vissu, að Drottinn hefur verndað syni mína, bjargað þeim úr höndum Labans og gefið þeim kraft til þess að ^bljúka því, sem Drottinn hafði boðið þeim. Og þannig fórust henni orð.

9 Og svo bar við, að þau urðu ákaflega glöð og færðu Drottinn bæði “fórnir og brennifórnir, og þau fluttu Guði Ísraels ^bþakkir.

37a Jós 9:1–21; Préd 5:4.

LR Eiður.

5 1a LR Saría.

4a 1 Ne 2:11.

b 1 Ne 1:8–13. LR Sýn.

5a 1 Ne 2:20; 18:8, 22–23.

LR Fyrirheitið land.

b LR Átrúnaður.

8a 1 Ne 2:2.

b 1 Ne 3:7.

9a Mósía 2:3;

3 Ne 9:19–20.

LR Mósélögmál.

b LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

10 Og að lokinni þakkargjörð þeirra til Guðs Ísraels, tók faðir minn, Lehí, fram heimildaskrárnar, sem letraðar voru á “töflur úr látúni og hóf að kanna þær frá byrjun.

11 Og hann sá, að á þeim var að finna hinar fimm “bækur Móse, sem segja frá sköpun heimsins og einnig frá Adam og Evu, sem voru frumforeldrar okkar —

12 Og á þeim var og að finna “heimildir um Gyðinga frá upphafi og alveg fram til upphafs valdatíma Sedekía, konungs í Júda —

13 Og þar var auk þess að finna spádóma hinna heilögu spámanna frá upphafi og alveg fram til upphafs valdatíma “Sedekía. Og enn fremur marga spádóma, sem ^bJeremía hafði mælt af munni fram.

14 Og svo bar við, að auk þessa fann faðir minn, Lehí, einnig ættartölu feðra sinna á “látúnstöflunum. Og þannig vissi hann, að hann var afkomandi ^bJósefs, já, einmitt þess Jósefs, sem var sonur “Jakobs og “seldur var til Egyptalands og Drottinn hélt “verndarhendi sinni yfir, svo að hann gæti forðað föður sínum, Jakob, og öllu hans heimilisfólki frá því að farast úr hungri.

15 Og hinn sami Guð, sem

varðveitti þá, “leiddi þá einnig úr ánaud og út úr Egyptalandi.

16 Og þannig uppgötvaði faðir minn, Lehí, ættartölu feðra sinna. Og Laban var einnig afkomandi “Jósefs, og þess vegna hafði hann og feður hans varðveitt heimildaskrárnar.

17 En þegar faðir minn sá allt þetta, gagntók andinn hann, og hann tók að spá fyrir niðjum sínum —

18 Að þessar töflur úr látúni skyldu berast til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða, sem til hans mætti rekja.

19 Þessar töflur úr látúni, sagði hann, munu þess vegna “aldrei farast, né munu þær frammar dofna með tímanum. Og hann spáði mörgu varðandi niðja sína.

20 Og svo bar við, að bæði ég og faðir minn höfðum til þessa fylgt þeim boðum Drottins, sem hann hafði gefið okkur.

21 Og við höfðum fengið í hendur heimildaskrárnar, sem Drottinn bauð okkur að fá, kannað þær og fundið þær eftirsóknarverðar. Já, jafnvel okkur mikils “virði, þar eð þær gjörðu okkur kleift að ^bvarðveita boðorð Drottins fyrir niðja okkar.

22 Það bar því vott um visku Drottins, að við skyldum hafa þær

10a 1 Ne 4:24, 38; 13:23.
LR Látúnstöflur.

11a 1 Ne 19:23.
LR Mósebækurnar.

12a 1 Kro 9:1.
LR Ritningar.

13a 2 Kon 24:18;
Jer 37:1.
b Esra 1:1;

Jer 36:17–32;
1 Ne 7:14; He 8:20.

14a 1 Ne 3:3, 12.
LR Látúnstöflur.

b 2 Ne 3:4; Al 10:3.
LR Jósef, sonur Jakobs.

c LR Jakob, sonur Ísaks.

d 1 Mós 37:29–36.

e 1 Mós 45:4–5.

15a 2 Mós 13:17–18;
Amos 3:1–2;
1 Ne 17:23–31;
K&S 103:16–18; 136:22.

16a 1 Ne 6:2.
19a Al 37:4–5.

21a LR Ritningar — Gildi ritninganna.
b 2 Ne 25:26.

með okkur í ferðum um óbyggð-
irnar í átt til fyrirheitna landsins.

6. KAPÍTULI

*Nefí ritar um það sem Guðs er —
Tilgangur Nefís er að fá menn til að
koma til Guðs Abrahams og frelsast.
Um 600–592 f.Kr.*

Ég, Nefí, hef ekki í hyggju að rekja
ættir feðra minna í ^aþessum hluta
heimildaskrár minnar. Né heldur
mun ég síðar rekja þær á ^btöfl-
unum, sem ég er að letra á, því
að þær eru þegar raktar í þeim
heimildum, sem ^cfaðir minn hefur
haldið til haga. Þess vegna færi ég
þær ekki í letur í þessari ritsmið.

2 Ég læt mér nægja að segja, að
við erum afkomendur ^aJósefs.

3 Og það er mér ekkert kapps-
mál að gjöra málefnum föður
míns full skil. Það kæmist ekki
fyrir á ^aþessum töflum, því að
það er löngun mín að nota þær
fyrir það, sem ég skrifa um mál-
efni Guðs.

4 Tilgangur minn er sá, og sá
einn, að geta ^atalið fólk á að ^bkoma
til Guðs Abrahams, og Guðs Ísaks,
og Guðs Jakobs og frelsast.

5 Þess vegna skrifa ég ekki um
það, sem heiminum er ^ageðfellt,
heldur um það, sem er Guði þókn-
anlegt og þeim, sem ekki eru af
þessum heimi.

6 Þess vegna mun ég bjóða
niðjum mínum að fylla ekki
þessar töflur því, sem ekkert gildi
hefur fyrir mannanna börn.

7. KAPÍTULI

*Synir Lehís snúa aftur til Jerúsalem
og bjóða Ísmael og heimilisfólki hans
að slást í för með sér — Laman og
fleiri gera uppreisn — Nefí hvetur
bræður sína til að trúa á Drottin —
Þeir hneppa hann í bönd og áforma
tortímingu hans — Kraftur trúar-
innar bjargar honum — Bræður hans
biðja hann fyrirgefningar — Lehí og
fylgdarlið hans færa fórnir og brenni-
fórnir. Um 600–592 f.Kr.*

Og nú vil ég, að þið vitið, að svo
bar við, að loknum ^aspádómum
föður míns, Lehís, fyrir niðjum
sínum, að Drottinn talaði til hans
enn á ný og kvað það ekki rétt,
að hann, Lehí, færi aðeins með
fjölskyldu sína út í óbyggðirnar,
heldur skyldu synir hans taka
sér ^bdætur að ^ceiginkonum, svo
að þeir gætu alið upp niðja fyrir
Drottin í fyrirheitna landinu.

2 Og svo bar við, að Drottinn
^abauð honum að ég, Nefí, og
bræður mínir skyldum hverfa til
lands Jerúsalem enn á ný og hafa
Ísmael og fjölskyldu hans með
okkur út í óbyggðirnar.

3 Og svo bar við, að ég, Nefí,

6 1a 2 Ne 4:14–15.

b 1 Ne 9:2.

c 1 Ne 1:16–17; 19:1–6.

2a 1 Ne 5:14–16.

3a Jakób 7:27;

Jar 1:2, 14;

Om 1:30.

4a Jóh 20:30–31.

Sjá titilsíðu

Mormónsbókar.

b 2 Ne 9:41, 45, 51.

5a 1 Þess 2:4;

OMorm 1:4.

7 1a 1 Ne 5:17–19.

b 1 Ne 16:7.

c LR Giftast.

2a 1 Ne 16:7–8.

hélt “aftur af stað ásamt bræðrum mínum út í óbyggðirnar, upp til Jerúsalem.

4 Og svo bar við, að við héldum til heimkynna Ísmaels, unnum hylli hans og fluttum honum því orð Drottins.

5 Og svo bar við, að Drottinn mildaði hjarta Ísmaels og einnig heimilisfólks hans, svo að þau slógust öll í för með okkur, og við héldum niður í óbyggðirnar til tjalds föður okkar.

6 Og svo bar við, sjá, að á leið okkar í óbyggðunum risu Laman og Lemúel, tvær dætra Ísmaels og tveir “synir Ísmaels og fjölskyldur þeirra gegn okkur, já, gegn mér, Nefí, og Sam og föður sínum, Ísmael, konu hans og hinum dætrum hans þremur.

7 Og svo bar við, að tilgangur uppreisnarinnar var sá að hverfa aftur til lands Jerúsalem.

8 Þar sem ég var “hryggur vegna þess hve harðbrjóstá þau voru, mælti ég, Nefí, nú til þeirra, já, bæði til Lamans og Lemúels, og sagði: Sjá, þið eruð eldri bræður mínir, en hvernig má það vera, að þið eruð svo harðbrjóstá og blindir í anda, að ég, yngri bróðir ykkar, verð að tala um fyrir ykkur, já, og veita ykkur fordæmi?

9 Hvernig má það vera, að þið hafið ekki farið að orðum Drottins?

10 Hvernig má það vera, að þið

“minnist þess ei, að hafa séð engil Drottins?

11 Já, og hvernig hafið þið mátt gleyma því mikla, sem Drottinn hefur fyrir okkur gjört með því að “bjarga okkur úr höndum Labans og færa okkur umráð yfir heimildaskránum?

12 Já, og hvernig má það vera, að þið hafið gleymt því, að það er á Drottins valdi að gjöra allt “það fyrir mannanna börn, sem hann vill, svo framarlega sem þau btrúa á hann? Verum honum þess vegna trúir.

13 Og ef við erum honum trúir, mun “fyrirheitna landið falla okkur í skaut. Og vita skuluð þið síðar meir, að orð Drottins um b“tortímingu Jerúsalem rætast, því að allt það, sem Drottinn hefur mælt um tortímingu Jerúsalem, hlýtur að koma fram.

14 Því að sjá. Andi Drottins hættir brátt að takast á við þá. Því að sjá. Spámönnunum hafa þeir “hafnað og varpað bJeremía í fangelsi. Og þeir hafa sóst eftir lífi föður míns og þar með flæmt hann úr landi.

15 Sjá, ég segi ykkur nú, að hverfið þið aftur til Jerúsalem, munuð þið einnig farast með þeim. Og ef þið veljið það, farið þá upp til landsins, og minnst þeirra orða, sem ég tala til ykkar, að ef þið farið, þá munuð þið einnig

3a 1 Ne 3:2–3.

6a 2 Ne 4:10.

8a Al 31:2;

HDP Móse 7:41.

10a 5 Mós 4:9;

1 Ne 3:29; 4:3.

11a 1 Ne 4.

12a 1 Ne 17:50;

Al 26:12.

b 1 Ne 3:7; 15:11.

13a 1 Ne 2:20.

LR Fyrirheitð land.

b 2 Kon 25:1–21;

2 Ne 6:8; 25:10;

Om 1:15;

He 8:20–21.

14a Esek 5:6;

1 Ne 1:18–20; 2:13.

LR Uppreisn.

b Jer 37:15–21.

c 1 Ne 2:1.

farast, því að andi Drottins hvetur mig til að mæla svo.

16 Og svo bar við, að þegar ég, Nefí, hafði mælt þessi orð við bræður mína, þá reiddust þeir mér. Og svo bar við, að þeir lögðu á mig hendur, því að sjá, þeir voru ákaflega reiðir. Og þeir lögðu mig í ^abönd, því að ætlun þeirra var að fyrirkoma mér og skilja mig eftir í óbyggðunum og láta mig verða villidýrum að bráð.

17 En svo bar við, að ég tók að biðja til Drottins og mælti: Ó Drottinn, bjarga mér úr höndum bræðra minna vegna trúar minnar á þig, já, gef mér jafnvel kraft til að ^aslíta af mér böndin, sem ég er fjötraður.

18 Og sjá. Svo bar við, að þegar ég hafði mælt þessi orð, losnuðu böndin af höndum mér og fótum, og ég stóð andspænis bræðrum mínum og talaði aftur til þeirra.

19 Og svo bar við, að þeir reiddust mér enn og reyndu að leggja á mig hendur. En sjá. Ein ^adætra Ísmaels, já, einnig móðir hennar og einn sona Ísmaels, tóku minn málstað við bræður mína nægilega til að milda hjörtu þeirra. Og þeir hættu að reyna að taka mig á lífi.

20 Og svo bar við, að þeir hryggðust vegna ranglætis síns og það svo mjög, að þeir krupu fyrir mér og báðu mig að fyrirgefa sér allt, sem þeir hefðu gjört mér á móti.

21 Og svo bar við, að ég ^afyrirgaf

þeim fölskvalaust allt, sem þeir höfðu gjört, og hvatti þá til að biðja Drottin Guð sinn fyrirgefningar. Og svo fór, að þeir gjörðu svo. Og er þeir höfðu beðið til Drottins, lögðum við enn af stað og héldum til tjalds föður okkar.

22 Og svo bar við, að við komum niður til tjalds föður okkar. Og þegar ég, ásamt bræðrum mínum og öllu heimafólki Ísmaels, komum niður að tjaldi föður míns, fluttu þau Drottni Guði sínum ^aþakkir og færðu honum bæði ^bfórnir og brennifórnir.

8. KAPÍTULI

Lehi sér lífsins tré í sýn — Hann neytir af ávexti þess og þráir að fjölskylda hans neyti hans einnig — Hann sér járnstöng, krappan og þröngan veg, og niðdimmt mistur sem umlykur mennina — Saría, Nefí og Sam neyta af ávextinum, en Laman og Lemúel vilja það ekki. Um 600–592 f.Kr.

EN svo bar við, að við vorum búin að safna fræjum af öllum tegundum og gerðum, bæði hvers kyns korni og hvers kyns ávaxtafræjum.

2 En svo bar við, á meðan faðir minn hélt til úti í óbyggðunum, að hann mælti til okkar og sagði: Sjá, mig ^adreymdi draum eða með öðrum orðum ég sá ^bsýn.

3 Og sjá. Vegna þess sem fyrir augu mín bar, hef ég ástæðu til

16a 1 Ne 18:11–15.

17a Al 14:26–28.

19a 1 Ne 16:7.

21a LR Fyrirgefa.

22a LR Pakklátur, þakkir, þakkargjörð.

b 1 Ne 5:9.

8 2a LR Draumur;

Opinberun.

b 1 Ne 10:17.

LR Sýn.

að gleðjast í Drottni yfir “Nefí og einnig yfir Sam, því að ég hef ástæðu til að ætla, að þeir og margir niðja þeirra muni frelsast.

4 En sjá. Ykkar vegna, “Laman og Lemúel, skelfist ég ákaft, því að sjá, mér fannst ég sjá dimma og drungalega eyðimörk í draumi mínum.

5 Og svo bar við, að ég sá mann klæddan hvítum “kyrtli, sem nálgadist og staðnæmdist frammi fyrir mér.

6 Og svo bar við, að hann taldi til mín og bað mig að fylgja sér eftir.

7 Og svo bar við, að þegar ég fylgdi honum eftir, sá ég sjálfan mig úti í dimmri og drungalegri eyðimörkinni.

8 Og eftir margra klukkustunda ferð í myrkri tók ég að biðja Drottin að “miskunna mér vegna sinnar margþættu og mildu miskunnsemi.

9 Og svo bar við að lokinni bænargjörð minni til Drottins, að ég sá stóra og víðáttumikla “sléttu.

10 Og svo bar við, að ég sá “tré, sem bar girnilegan ^bávöxt til þess fallinn að færa mönnum hamingju.

11 Og svo bar við, að ég sté fram og neytti af “ávexti þess. Og ég fann að hann var mjög gómsætur, sætari en allt annað, sem ég hafði

nokkru sinni áður bragðað. Já, og ég sá, að ávöxtur þessi var hvítur, ^bhvítari en allt annað, sem ég hafði nokkru sinni áður séð.

12 Og þegar ég neytti af ávexti þess, varð sál mín gagntekin ákaflega miklum “fögnuði. Ég tók því að ^bþrá, að fjölskylda mín mætti einnig neyta hans, því að ég vissi, að hann var ‘eftirsóknarverðari en allir aðrir ávextir.

13 Og þegar ég leit í kringum mig í von um að koma auga á fjölskyldu mína, sá ég vatnsmikið “fljót, sem streymdi fram nálægt trénu, er bar þann ávöxt, sem ég var að leggja mér til munns.

14 Og ég leit upp til að sjá, hvaðan það væri komið. Og ég sá, að upptök þess voru skamman spöl frá, og þar við upptökin sá ég móður ykkar, Saríu, ásamt Sam og Nefí. Og þau stóðu rétt eins og þau vissu ekki, hvert halda skyldi.

15 Og svo bar við, að ég veifaði til þeirra og hrópaði einnig hárrí röddu, að þau skyldu koma til mín og neyta af ávextinum, sem eftirsóknarverðari væri öllum öðrum ávöxtum.

16 Og svo bar við, að þau komu til mín og neyttu einnig af ávextinum.

17 Og svo bar við, að mig langaði til, að Laman og Lemúel kæmu einnig og neyttu af ávextinum.

3a 1 Ne 8:14–18.

4a 1 Ne 8:35–36.

5a JS — S 1:30–32.

8a LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

9a Matt 13:38.

10a 1 Mós 2:9;

Op 2:7; 22:2;

1 Ne 11:4, 8–25.

LR Lífsins tré.

b Al 32:41–43.

11a Al 5:34.

b 1 Ne 11:8.

12a LR Gleði.

b Al 36:24.

c 1 Ne 15:36.

13a 1 Ne 12:16–18;

15:26–29.

Þess vegna leit ég í áttina að upp-
tökum fljótsins í von um að sjá þá.

18 Og svo bar við, að ég
kom auga á þá, en þeir vildu
“ekki koma til mín og neyta af
ávextinum.

19 Og ég sá “stöng úr járni, sem
lá meðfram fljótsbakkanum og að
trénu, sem ég stóð hjá.

20 Og auk þess sá ég “krappan
og þröngan veg, sem lá meðfram
járnstönginni, allt að trénu, sem
ég stóð hjá. Og hann lá einnig
framhá upptökum fljótsins og
út á stóra og víðáttumikla ^bsléttu,
sem var eins og heimur.

21 Og ég sá óteljandi skara af
mannverum, sem margar hverjar
reyndu að þrængja sér áfram til að
komast á “vegin, sem lá að trénu,
er ég stóð við.

22 Og svo bar við, að þær kom-
ust áfram og inn á vegin, sem lá
að trénu.

23 Og svo bar við, að þoka skall
á, já, niðdimm “þoka, svo dimm,
að þeir, sem á veginum voru, villt-
ust út af honum og glötuðust.

24 Og svo bar við, að ég sá aðra
þrængja sér fram og þeir komu og
náðu taki á endanum á járnstöng-
inni, og þeir sóttu fram í gegnum
dimma þokuna, ríghaldandi sér í
járnstöngina, já, þar til þeir kom-
ust áfram og gátu neytt af “ávext-
inum, sem tréð bar.

25 Og þegar þeir höfðu neytt af
ávextinum, sem tréð bar, skim-
uðu þeir í kringum sig, rétt eins
og þeir “blygðuðust sín.

26 Og ég leit einnig í kringum
mig og sá hinum megin fljótsins
stóra og “rúmmikla byggingu,
sem var eins og í lausu lofti, hátt
yfir jörðu.

27 Og hún var full af fólki,
bæði öldnu og ungu, körlum og
konum, og þetta fólk, sem var frá-
bærlega vel klætt, stóð og “hæddi
og benti á þá, sem komist höfðu
aðávextinum og voru að neyta
hans.

28 Og eftir að hafa “bragðað á
ávextinum ^bblygðuðust þeir sín
fyrir þeim, sem hæddu þá. Og
þeim “skrikaði fótur, þeir lentu á
forboðnum vegum og glötuðust.

29 Og nú hef ég, Nefí, ekki “öll
orð föður míns eftir.

30 En í stuttu máli, sjá. Aftur sá
hann mannfjölda, sem þrængdi
sér fram. Fólkið kom, náði taki
á enda járnstangarinnar, og það
sótti fram og hélt stöðugt fast í
“járnstöngina, þar til það komst.
Og það féll fram og neytti af
ávexti trésins.

31 Og enn sá hann fleiri “mann-
fjölda, sem þreifðu sig áfram í
átt að hinni stóru og rúmmiklu
byggingu.

32 Og svo bar við, að margir

18a 2 Ne 5:20–25.

19a Sálms 2:9;

Op 12:5;

ÞJS Op 19:15 (Viðauki);

1 Ne 8:30; 11:25;

15:23–24.

20a Matt 7:14;

2 Ne 31:17–20.

^b Matt 13:38.

21a LR Vegur.

23a 1 Ne 12:17; 15:24.

24a 1 Ne 8:10–12.

25a Róm 1:16; 2 Tím 1:8;

Al 46:21; Morm 8:38.

26a 1 Ne 11:35–36; 12:18.

27a LR Drambsemi.

28a 2 Pét 2:19–22.

^b Mark 4:14–20; 8:38;

Lúk 8:11–15;

Jóh 12:42–43.

^c LR Fráhvarf.

29a 1 Ne 1:16–17.

30a 1 Ne 15:23–24.

31a Matt 7:13.

drukkuðu í djúpum “uppsprettunnar og margir hurfu honum sjónum, þegar þeir lögðu út á óþekkta stigu.

33 Og mikil var sú mannmergð, sem hélt innreið sína inn í hina furðulegu byggingu. Og þegar mennirnir voru komnir inn í hana, bentu þeir á mig með “fyrirlitningu sem og á þá, sem einnig neyttu af ávextinum. En við gáfum þeim engan gaum.

34 Og það eru orð föður míns, að allir, sem “gáfu þeim gaum, glötuðust.

35 Og “Laman og Lemúel neyttu ekki af ávextinum, sagði faðir minn.

36 Og svo bar við, að er faðir minn hafði farið öllum þessum orðum um draum sinn eða sýn, en þau orð voru mörg, sagði hann okkur, að hann óttaðist mjög um Laman og Lemúel vegna þess, sem hann hafði séð í sýninni. Já, hann óttaðist, að þeim yrði vísað úr návist Drottins.

37 Og af heitri umhyggju ástriks “foreldris hvatti hann þá til að fara að orðum sínum, svo að Drottinn sýndi þeim ef til vill miskunn og vísaði þeim ekki frá. Já, faðir minn prédikaði yfir þeim.

38 Og að prédikuninni lokinni spáði hann einnig mörgu fyrir þeim og bað þá að halda boðorð Drottins. Og hann hætti að tala til þeirra.

9. KAPÍTULI

Nefi ritar tvönnar konar heimildarit — Hvorttveggja ritin nefnast töflur Nefis — Stærri töflurnar geyma veraldlega sögu þeirra; smærri töflurnar fjalla að mestu um helga hluti. Um 600–592 f.Kr.

Og allt þetta sá, heyrði og mælti faðir minn, meðan hann dvaldist í tjaldi í “Lemúelsdal, og svo er og um fjölmargt annað, sem ekki er unnt að skrá á þessar töflur.

2 Og eins og ég hef áður vikið að, þá segi ég ekki tæmandi frá sögu þjóðar minnar á þessum töflum, en “töflunum, sem geyma fulla frásögn af sögu þjóðar minnar, hef ég gefið nafnið Nefí. Þess vegna heita þær töflur Nefis eftir mér. Og þessar töflur kallast einnig töflur Nefis.

3 Engu að síður hef ég tekið á móti fyrir mælum Drottins um að gjöra þessar töflur í þeim sérstaka “tilgangi, að á þær verði letruð frásögn af ^bhelgri þjónustu þjóðar minnar.

4 Á hinar töflurnar skyldi letruð frásögn af valdaskeiðum konunganna og styrjöldum og deilum meðal þjóðar minnar. Fyrri töflurnar eru því að mestu um helga þjónustu, en “hinar töflurnar að mestu um valdaskeið konunganna, styrjaldir og deilur meðal þjóðar minnar.

32a 1 Ne 15:26–29.

33a LR Ofsækja, ofsókn.

34a 2 Mós 23:2.

35a 1 Ne 8:17–18;

2 Ne 5:19–24.

37a LR Fjölskylda;

Foreldrar.

9 1a 1 Ne 2:4–6, 8, 14–15;
16:6.

2a 1 Ne 19:2, 4;

Jakob 3:13–14;

OMorm 1:2–11;

K&S 10:38–40.

LR Töflur.

3a K&S 3:19.

b 1 Ne 6:3.

4a Jakob 1:2–4;

OMorm 1:10.

5 Drottinn hefur þess vegna boðið mér að gjöra þessar töflur í hans "viturlega tilgangi, en þann tilgang þekki ég ekki.

6 En Drottinn "veit allt frá upphafi, og þess vegna greiðir hann veginn öllum verkum sínum meðal manna barna, því að sjá. Hans er allt ^bvald til uppfyllingar öllum orðum sínum. Og þannig er það. Amen.

10. KAPÍTULI

Lehi segir fyrir um að Babilónítumenn muni hneppa Gyðinga í ánaud — Hann segir fyrir um komu Messíasar meðal Gyðinga, frelsara, lausnara — Lehi segir einnig fyrir um komu þess sem eigi að skíra Guðslambið — Lehi segir frá dauða og upprisnu Messíasar — Hann líkir tvístrun og samansöfnun Ísraels við olífutré — Nefi talar um son Guðs, gjöf heilags anda, og þörfina á réttlæti. Um 600–592 f.Kr.

EN á "þessum töflum held ég, Nefi, nú áfram að gjöra grein fyrir gjörðum mínum, stjórn og helgri þjónustu, en til að halda frásögn minni áfram verð ég að fara nokkrum orðum um föður minn og bræður.

2 Því að sjá. Svo bar við, að þegar faðir minn hafði lokið við að hafa yfir orðin úr "draumi sínum og

þar að auki hvatt bræður mína til þolgæðis, hóf hann að tala við þá um Gyðingana —

3 Að þegar þeim hefði verið tortímt, jafnvel hinni miklu borg "Jerúsalem, og margir þeirra verið ^bhnepptir í ánaud til "Babýloníu, þá mundu þeir ^dsnúa aftur, þegar Drottni þóknaðist. Já, þeir yrðu jafnvel fluttir til baka úr ánaud, og eftir að þeir hefðu verið fluttir úr ánaud, þá fengu þeir erfðaland sitt til eignar að nýju.

4 Já, að jafnvel "sex hundruð árum eftir að faðir minn yfirgaf Jerúsalem, mundi Drottinn Guð uppvekja ^bspámann meðal Gyðinga — jafnvel "Messías, eða með öðrum orðum frelsara heimsins.

5 Og hann talaði einnig um spámenningu, hve margir hefðu borið "vitni um þennan Messías, sem hann hefði talað um, eða þennan lausnara heimsins.

6 Og þess vegna væri allt mannkyn glatað og "fallið og mundi ætíð verða það, nema það setti traust sitt á þennan lausnara.

7 Og hann talaði einnig um "spámann, sem koma mundi á undan Messíasi, til að greiða Drottnei veg —

8 Já, hann færi jafnvel og hrópaði úti í eyðimörkinni: "Greiðið Drottnei veg og gjörið beinar

5a 1 Ne 19:3; OMorm 1:7; Al 37:2, 12, 14.

6a 2 Ne 9:20; K&S 38:2; HDP Móse 1:6, 35. LR Alvitur.

b Matt 28:18.

10 1a 1 Ne 9:1–5; 19:1–6; Jakob 1:1–4.

2a 1 Ne 8.

3a Ester 2:6; 2 Ne 6:8; He 8:20–21.

b 587 f.Kr.; sjá Tímatál í Viðauka. 2 Ne 25:10.

c Esek 24:2; 1 Ne 1:13; Om 1:15.

d Jer 29:10; 2 Ne 6:8–9.

4a 1 Ne 19:8; 2 Ne 25:19;

3 Ne 1:1.

b 1 Ne 22:20–21.

c LR Messías.

5a Jakob 7:11; Mósía 13:33; He 8:19–24; 3 Ne 20:23–24.

6a LR Fall Adams og Evu.

7a 1 Ne 11:27; 2 Ne 31:4.

8a Jes 40:3; Matt 3:1–3.

brautir hans, því að á meðal yðar stendur sá, sem þér þekkið ekki. Og hann er mér máttugri, og ég er ei verður þess að leysa skópvegng hans. Og faðir minn lét mörg orð falla um þetta.

9 Og faðir minn sagði, að hann mundi skíra í ^aBetabara, handan Jórdanar, og hann sagði einnig, að hann mundi ^bskíra með vatni. Hann mundi jafnvel skíra Messías með vatni.

10 Og þegar hann hefði lokið við að skíra Messías með vatni, mundi hann vita og bera því vitni, að hann hefði skírt ^aGuðslambið, sem bera mundi burtu syndir heimsins.

11 Og svo bar við, að þegar faðir minn hafði mælt þessi orð, ræddi hann við bræður mína um fagnaðarboðskapinn, sem prédikaður yrði meðal Gyðinga, og einnig um ^ahnignun Gyðinga sakir ^bvantrúar. Og eftir að þeir hefðu ^cdeytt þann Messías, sem koma átti, og eftir að hann hefði verið deyddur, mundi hann ^arísa upp frá dauðum og með ^eheilögum anda mundi hann opinbera sig Þjóðunum.

12 Já, faðir minn talaði mikið um Þjóðirnar og einnig um Ísraelsætt, sem líkja mætti við ^aolífutré, sem greinarnar mundu brotnar af og

þeim ^btvístrað um allt yfirborð jarðar.

13 Hann sagði, að þess vegna hlyti svo að fara, að við yrðum leiddir saman inn í ^afyrirheitna landið, til þess að orð Drottins, um að við dreifðumst um allt yfirborð jarðar, uppfylltust.

14 Og eftir að Ísraelsætt hefði verið tvístrað, yrði henni ^asafnað saman á ný. Eða, eftir að ^bÞjóðirnar hefðu tekið á móti fyllingu fagnaðarboðskaparins, mundu hinar náttúrlegu greinar ^colífutrésins, eða leifarnar af Ísraelsætt, að lokum vera græddar á, með öðrum orðum, þeir fengju vitneskju um hinn sanna Messías, Drottin sinn og lausnara.

15 Og þannig fórust föður mínum orð, þegar hann spáði og talaði við bræður mína, og hann sagði einnig margt annað, sem ég skrái ekki í þessa bók, því að ég hef skráð eins mikið af því í hina ^abókina og þjónar tilgangi mínum.

16 Og allt, sem ég hef talað um, gjörðist, meðan faðir minn dvaldi í tjaldi í Lemúelsdal.

17 Og svo bar við, að þegar ég, Nefí, hafði hlýtt á öll ^aorð föður míns um það, sem hann sá í ^bsýn, og einnig það, sem hann mælti í krafti heilags anda, en kraft hans hlaut hann fyrir trú á son

9a Jóh 1:28.

b LR Jóhannes skírari.

10a LR Guðslambið.

11a Jakob 4:14–18.

b Morm 5:14.

c LR Jesús Kristur; Krossfesting.

d LR Upprisa.

e LR Heilagur andi.

12a 1 Mós 49:22–26;

1 Ne 15:12; 2 Ne 3:4–5;

Jakob 5; 6:1–7.

LR Olífutré;

Víngarður Drottins.

b 1 Ne 22:3–8.

LR Ísrael — Tvístrun

Ísraels.

13a 1 Ne 2:20.

LR Fyrirheitid land.

14a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

b 1 Ne 13:42;

K&S 14:10.

c Jakob 5:8, 52, 54, 60, 68.

15a 1 Ne 1:16–17.

17a Enos 1:3; Al 36:17.

b 1 Ne 8:2.

Guðs — og sonur Guðs var sá ‘Messías, er koma átti — fylltist ég, Nefí, einnig löngun til að geta séð, heyrt og vitað um þessi mál fyrir kraft ^aheilags anda, sem er gjöf Guðs til allra þeirra, er leita hans af ^ekostgæfni, jafnt til ^fforna sem á þeim tíma, er hann mun opinbera sig mannanna börnum.

18 Því að hann er hinn ^asami í gær, í dag og að eilífu, og frá upphafi veraldar hefur vegurinn verið ruddur fyrir alla menn, ef þeir iðrast og koma til hans.

19 Því að sá, sem leitar af kostgæfni, mun finna, og ^aleyndardómar Guðs munu afhjúpast þeim fyrir kraft ^bheilags anda, engu síður á líðandi stundu en á löngu liðnum og ókomnum tímum. Þess vegna er ^efarvegur Drottins ein eilíf hringrás.

20 Þess vegna skaltu minnst þess, ó, þú maður, að þú verður ^adæmdur vegna allra þinna gjörða.

21 Hafir þú því sóst eftir að breyta ranglátlega á ^areynsludögum þínum, þá dæmist þú ^bóhrein fyrir dómstóli Guðs. Og þar eð ekkert óhreint fær dvalið með Guði, verður þér vísað frá að eilífu.

22 Og heilagur andi veitir mér

vald til að mæla þetta, en ekki luma á því.

11. KAPÍTULI

Nefí sér anda Drottins og honum er sýnt lífsins tré í sýn — Hann sér móður Guðssonarins og fræðist um lítillæti Guðs — Hann sér skírni, helga þjónustu og krossfestingu Guðslambsins — Hann sér einnig köllun og helga þjónustu hinna tólf postula lambsins. Um 600–592 f.Kr.

Því að svo bar við, að eftir að löngun hafði vaknað hjá mér til að kynnast því, sem faðir minn hafði séð, og í trú á, að Drottinn gæti kynnt mér það, ^ahreif andi Drottins mig, á meðan ég sat og ^bhugleiddi þetta í hjarta mér, já, upp á ákaflega hátt ^efjall, sem ég hafði aldrei áður augum litið og aldrei áður stigið fæti á.

2 Og andinn spurði mig: Sjá. Hvers æskir þú?

3 Og ég sagði: Mig langar að sjá það, sem faðir minn ^asá.

4 Og andinn spurði mig: Trúir þú því, að faðir þinn hafi séð ^atréð, sem hann talaði um?

5 Og ég svaraði: Já, þú veist, að ég legg ^atrúnað á öll orð föður míns.

6 Og þegar ég hafði mælt þessi

17c LR Messías.

d LR Heilagur andi.

e Moró 10:4–5, 7, 19.

f K&S 20:26.

18a Hebr 13:8; Morm 9:9; K&S 20:12.

LR Guð, guðdómur.

19a LR Leyndardómar Guðs.

b LR Heilagur andi.

c Al 7:20;

K&S 3:2; 35:1.

20a Préd 12:14;

2 Ne 9:46.

LR Lokadómur.

21a Al 34:32–35.

b 1 Kor 6:9–10;

3 Ne 27:19;

K&S 76:50–62;

HDP Móse 6:57.

11 1a 2 Kor 12:1–4;

Op 21:10;

2 Ne 4:25;

HDP Móse 1:1.

b K&S 76:19.

LR Íhuga, ígrunda.

c 5 Mós 10:1; Et 3:1.

3a 1 Ne 8:2–34.

4a 1 Ne 8:10–12; 15:21–22.

5a 1 Ne 2:16.

orð, hrópaði andinn hárrí röddu: Hósanna, lof sé Drottni æðstum Guði, því að hann er Guð yfir allri „jörðunni, já, reyndar ofar öllu. Og blessaður ert þú, Nefí, því að þú ^btrúir á son hins æðsta Guðs, og þess vegna munt þú sjá það, sem þig langar að sjá.

7 Og sjá. Þetta mun gefið þér sem „tákn. Þegar þú hefur séð tréð, sem bar ávöxtinn, er faðir þinn bragðaði á, þá munt þú einnig sjá mann stíga niður af himni. Þú munt verða sjónarvottur að því, og þegar þú hefur séð það, muntu bera ^bvitni um, að hann er sonur Guðs.

8 Og svo bar við, að andinn sagði við mig: Sjá! Og ég leit upp og sá tré, og það var eins og „tréð, sem faðir minn sá. Og það var fegurra en allt, sem fagurt er, og svo ^bhvítt, að það var hvítara en nýfallin mjöll.

9 Og svo bar við, að þegar ég hafði séð tréð, sagði ég við andann: Mér er ljóst, að þú hefur sýnt mér tréð, sem er öllu öðru „dýrmætara.

10 Og hann spurði mig: Hvers æskir þú?

11 Og ég svaraði honum: Að vita, hvað það „táknar — því að ég ræddi við hann eins og maður ræðir við mann, því að ég sá, að hann var í ^bmannsmynd. Engu að síður vissi ég, að það var andi

Drottins, og hann ræddi við mig eins og maður ræðir við mann.

12 Og svo bar við, að hann sagði við mig: Sjá! Og ég leit til hans, en sá hann ekki, því að hann var horfinn augsyn minni.

13 Og svo bar við, að ég leit upp og sá hina miklu borg Jerúsalem og einnig aðrar borgir. Og ég sá borgina Nasaret, og í borginni „Nasaret sá ég ^bmey, sem var frábærlega fögur og björt yfirlitum.

14 Og svo bar við, að ég sá „himnana opnast, og engill sté niður og staðnæmdist frammi fyrir mér. Og hann sagði við mig: Nefí, hvað sérð þú?

15 Og ég svaraði: Mey, sem er fegurri og bjartari en allar aðrar meyjjar.

16 Og hann spurði mig: Þekkir þú lítillæti Guðs?

17 Og ég svaraði: Ég veit, að hann elskar börn sín. Samt þekki ég ekki merkingu allra hluta.

18 Og hann sagði við mig: Sjá, „mærin, sem þú sérð, er ^bmóðir Guðssonarins að hætti holdsins.

19 Og svo bar við, að ég sá, að hún var numin burt í andanum, og þegar hún hafði verið numin burt í „andanum nokkra hríð, ávarpaði engillinn mig og sagði: Sjá!

20 Og ég leit og sá meyna aftur með „barn í örmum sér.

21 Og engillinn sagði við mig:

6a 2 Mós 9:29;
2 Ne 29:7; 3 Ne 11:14;
HDP Móse 6:44.
b LR Trú, trúa.
7a LR Tákn.
b LR Vitnisburður.
8a 1 Ne 8:10.

b 1 Ne 8:11.
9a 1 Ne 11:22–25.
11a 1 Mós 40:8.
b Et 3:15–16.
13a Matt 2:23.
b Lúk 1:26–27; Al 7:10.
LR María, móðir Jesú.

14a Esek 1:1;
1 Ne 1:8.
18a Jes 7:14;
Lúk 1:34–35.
b Mósía 3:8.
19a Matt 1:20.
20a Lúk 2:16.

Sjá “Guðslambið, já, ^bson hins eilífa föður! Veist þú, hvaða merking felst í ^atrénu, sem faðir þinn sá?

22 Og ég svaraði honum og sagði: Já það er “elska Guðs, sem breiðir úr sér í hjörtum mannanna barna, hún er því eftirsóknarverðust af öllu.

23 Og hann talaði til mín og mælti: Já, það sem færir sálinni mesta “gleði.

24 Og að þessum orðum mæltum sagði hann við mig: Sjá! Og ég leit upp og sá son Guðs “ganga fram meðal mannanna barna. Og ég sá marga falla að fótum hans og tilbiðja hann.

25 Og svo bar við, að mér varð ljóst, að “stöngin úr jární, sem faðir minn hafði séð, var orð Guðs, sem vísaði veginn að uppsprettu hins ^blifandi vatns eða að ^clífsins tré, en það vatn táknar elsku Guðs. Og ég sá einnig, að lífsins tré táknaði elsku Guðs.

26 Og engillinn sagði aftur við mig: Líttu á og sjáðu “lítillæti Guðs!

27 Og ég leit og “sá lausnara heimsins, sem faðir minn hafði talað um. Og ég sá einnig ^bspámanninn, sem ætlað var að greiða götu hans. Og Guðslambið gekk fram og lét hann ^cskíra sig, en

að skírninni lokinni sá ég himnana opnast, og heilagur andi sté niður af himni og kom yfir hann í ^adúfulíki.

28 Og ég sá hann ganga fram og veita fólkinu þjónustu sína í “veldi sínu og mikilli dýrð. Og mannfjöldinn safnaðist saman til að hlusta á hann, og ég sá, að þeir vísuðu honum burtu frá sér.

29 Og ég sá einnig “tölf menn aðra, sem fylgdu honum eftir. Og svo bar við, að þeir voru numdir burtu í andanum frá augliti mínu, svo að ég sá þá ekki.

30 Og svo bar við, að engillinn ávarpaði mig á ný og mælti: Sjá! Og ég leit upp og sá himnana opnast enn á ný. Og ég sá “engla stíga niður til mannanna barna. Og þeir veittu þeim þjónustu sína.

31 Og enn ávarpaði hann mig og sagði: Sjá! Og ég leit upp og sá Guðslambið ganga fram meðal mannanna barna. Og ég sá fjölmarga, sem veikir voru, haldnir alls konar sjúkdómum, ^adjöflum og ^bóhreinum öndum. Og engillinn talaði og sýndi mér allt þetta. Og þeir urðu ^cheilir fyrir kraft Guðslambisins. Og djöflunum og óhreinum öndunum var stökkt burt.

32 Og svo bar við, að engillinn talaði enn til mín og sagði: Sjá!

21a LR Guðslambið.
b LR Jesús Kristur.
c LR Guð, guðdómur — Guð faðirinn.
d 1 Ne 8:10; Al 5:62.
LR Lífsins tré.
22a LR Elska, ást.
23a LR Gleði.
24a Lúk 4:14–21.

25a 1 Ne 8:19.
b LR Lifandi vatn.
c 1 Mós 2:9;
Al 32:40–41;
HDP Móse 4:28, 31.
26a 1 Ne 11:16–33.
27a 2 Ne 25:13.
b Matt 11:10;
1 Ne 10:7–10; 2 Ne 31:4.

c LR Skírn, skíra.
d LR Merki dúfunnar.
28a K&S 138:25–26.
29a LR Postuli.
30a LR Englar.
31a Mark 5:15–20;
Mósía 3:5–7. LR Djöfull.
b LR Andi — Illir andar.
c LR Lækna, lækningar.

Og ég leit upp og sá Guðslambið og að fólkið tók hann höndum. Já, heimurinn “dæmdi son hins ævarandi Guðs. Ég sá það og ber því vitni.

33 Og ég, Nefí, sá, að honum var lyft upp á ^akrossinum og hann var ^bdeyddur fyrir syndir heimsins.

34 Og eftir að hann hafði verið deyddur, sá ég mannmergð jarðar safnast saman til að berjast gegn postulum lambsins, en svo nefndi engill Drottins hina tólf.

35 Og ég sá mannmergð jarðar samankomna í stórri, rúmmikilli “byggingu, sem var eins og bygging sú, er faðir minn sá. Og engill Drottins ávarpaði mig enn og sagði: Líttu á heiminn og heimsins visku. Já, sjá! Ísraelsætt hefur safnast saman til að berjast gegn hinum tólf postulum lambsins.

36 Og svo bar við, að ég bæði sá og ber því vitni, að hin stóra og rúmmikla bygging var “hroki heimsins. Og hún féll, og fallið var geipimikið. Og engill Drottins talaði aftur til mín og sagði: Þannig munu allar þjóðir, kynkvíslir, tungur og lýðir tortímast, sem berjast gegn hinum tólf postulum lambsins.

12. KAPÍTULI

Nefí sér fyrirheitna landið í sýn;

réttlæti, misgjörðir og fall íbúa þess; komu Guðslambsins meðal þeirra; að lærisveinarnir tólf og postularnir tólf muni dæma Ísrael; og viðurstyggð og óhreinindi þeirra sem hnignar í vantrú. Um 600–592 f.Kr.

EN svo bar við, að engillinn sagði við mig: Sjá, líttu á niðja þína sem og á niðja bræðra þinna. Og ég leit upp og sá “fyrirheitna landið, og ég sá mikla fólksmergð, já, fjöldi þeirra var sem sandkornanna á sjávarströndu.

2 Og svo bar við, að ég sá fjölda manns safnast saman til orrustu, hver á móti öðrum. Og ég sá “hernað og ófriðartíðindi, og að miklu blóði var úthellt með sverði meðal þjóðar minnar.

3 Og svo bar við, að ég sá margar kynslóðir hverfa vegna styrjalda og sundurþykkju í landinu. Og ég sá margar borgir, svo margar að ég kom ekki tölu á þær.

4 Og svo bar við, að ég sá “niðdimmt ^bmistur yfir fyrirheitna landinu. Ég sá eldingar og heyrði þrumur, jarðskjálfta og alls konar háreysti. Og ég sá jörðina og klettana klofna, ég sá fjöll hrynja og molna sundur, ég sá sprungur myndast á sléttum jarðarinnar og ég sá margar borgir ‘sökva og margar brenna í eldi. Og ég sá margar hrynja til grunna vegna jarðskjálfta.

32a Mark 15:17–20.

33a Jóh 19:16–19;

Mósía 3:9–10;

3 Ne 27:14. LR Kross.

b LR Friðþægja,

friðþæging.

35a 1 Ne 8:26; 12:18.

36a LR Drambsemi.

12 1a LR Fyrirheitið land.

2a Enos 1:24;

Morm 8:7–8.

LR Stríð.

4a 1 Ne 19:10.

b He 14:20–28.

c 3 Ne 8:14.

5 En svo bar við, að eftir að hafa séð allt þetta sá ég “myrkurhjúpinn hverfa af yfirborði jarðar. Og sjá. Ég sá mergð af fólki, sem ekki hafði fallið vegna hins mikla og skelfilega dóms Drottins.

6 Og ég sá himnana ljúkast upp og “Guðslambið stíga niður af himni. Og hann steig niður og sýndi sig þeim.

7 Og ég sá einnig og ber því vitni, að heilagur andi kom yfir “tólf aðra. Þeir voru vígðir af Guði og útvaldir.

8 Og engillinn talaði til mín og sagði: Sjá lærisveina lambsins, tólf að tölu, sem útvaldir eru til að veita niðjum þínum þjónustu.

9 Og hann sagði við mig: Manst þú eftir hinum “tólf postulum lambsins? Sjá. Það eru þeir, sem ^bdæma munu hinar tólf ættkvíslir Ísraels. Þess vegna munu þeir dæma þjónana tólf af þinni ætt, því að þið eruð af ætt Ísraels.

10 Og þessir “tólf þjónar, sem þú sérð, munu fella dóm yfir niðjum þínum. Og sjá. Þeir eru réttlátir um allan aldur, því að vegna trúar þeirra á Guðslambið eru ^bklæði þeirra hvítþvegin í blóði hans.

11 Og engillinn sagði við mig: Sjá! Og ég leit upp og sá “þrjá

ættliði lifa og líða hjá í réttsýni. Og klæði þeirra voru jafn hvít og klæði Guðslambsins. Og engillinn sagði við mig: Þau hafa verið hvítþvegin í blóði lambsins vegna trúar þeirra á hann.

12 Og ég, Nefí, sá einnig marga af “fjórða ættlið, sem lifðu og dóu í réttlæti.

13 Og svo bar við, að ég sá mannskarana á jörðunni safnast saman.

14 Og engillinn sagði við mig: Líttu á niðja þína og á niðja bræðra þinna.

15 En svo bar við, að ég leit upp og sá þá, sem af mér voru komnir, safnast saman í hópa á “móti niðjum bræðra minna. Og þeir voru saman komnir til að leggja til orrustu.

16 Og engillinn talaði til mín og mælti: Sjá uppsprettu hins “sauruga vatns, sem faðir þinn sá, já, sjálft ^bfljótið, sem hann talaði um. Og dýpt þess er dýpt ‘heljar.

17 Og niðdimm “þokan tákna freistingar djöfulsins, sem ^bblinda augu og herða hjörtu mannanna barna og leiða þau út á “breiða vegu, svo að þau farist og séu glötuð.

18 Og hin mikla, “rúmgóða bygging, sem faðir þinn sá, tákna hégómlega ^bímyndun

5a 3 Ne 8:20; 10:9.

6a 2 Ne 26:1, 9;

3 Ne 11:3–17.

7a 3 Ne 12:1; 19:12–13.

9a Lúk 6:13.

b Matt 19:28; K&S 29:12.

LR Lokadómur.

10a 3 Ne 27:27;

Morm 3:18–19.

b Op 7:14; Al 5:21–27;

13:11–13; 3 Ne 27:19–20.

11a 2 Ne 26:9–10;

3 Ne 27:30–32.

12a Al 45:10–12;

He 13:5, 9–10;

3 Ne 27:32;

4 Ne 1:14–27.

15a Morm 6.

16a LR Óhreinindi.

b 1 Ne 8:13; 15:26–29.

c LR Helja.

17a 1 Ne 8:23; 15:24;

K&S 10:20–32.

b LR Fráhvarf.

c Matt 7:13–14.

18a 1 Ne 8:26; 11:35–36.

b Jer 7:24.

og ‘dramb mannanna barna. Og mikið og skelfilegt ^ahyldýpi skilur þau að, já, jafnvel orð ^aréttvísi hins eilífa Guðs og Messíasar, en hann er það Guðslamb, sem heilagur andi ber vitni um, frá upphafi veraldar til líðandi stundar og frá líðandi stundu og að eilífu.

19 Og meðan engillinn mælti þessi orð, bæði sá ég og greindi, að niðjar bræðra minna áttu í deilum við niðja mína í samræmi við orð engilsins. Og vegna dramblætis niðja minna og ^afreistinga djöfulsins sá ég niðja bræðra minna bera niðja mína ^bofurliði.

20 Og svo bar við, að ég leit upp og sá, að fólk af ættstofni bræðra minna hafði yfirbugað niðja mína og lifði fjölmennat áfram á jörðunni.

21 Og ég sá þá safnast saman í fjölmenna hópa. Og ég sá hernað og ófriðartíðindi meðal þeirra, og í ^ahernaði og ófriðartíðindum sá ég marga ætliði líða undir lok.

22 Og engillinn sagði við mig: Sjá. Þessu fólki mun ^ahnigna í vantrú.

23 Og svo bar við, að þegar því hafði hnignað í vantrú, sá ég það verða að ^adökku, viðbjóðslegu og ^bóhreinu fólki, sem fylltist ^aleti og annarri viðurstygð.

13. KAPÍTULI

Nefi sér í sýn kirkju djöfulsins rísa meðal Þjóðanna, fund og landnám Ameríku, missi margra skýrra og dýrmættra hluta úr Biblíunni, þar af leiðandi fráhoarf Þjóðanna, endurreisn fagnaðarerindisins, komu síðari daga helgirits og uppbyggingu Síonar. Um 600–592 f.Kr.

Og svo bar við, að engillinn talaði til mín og mælti: Sjá! Og ég leit og sá margar þjóðir og mörg ríki.

2 Og engillinn spurði mig: Hvað sér þú? Og ég svaraði: Ég sé margar þjóðir og mörg ríki.

3 Og hann sagði við mig: Þetta eru þjóðir og ríki Þjóðanna.

4 Og svo bar við, að ég sá myndun ^amikillar kirkju meðal þjóða ^bÞjóðanna.

5 Og engillinn sagði við mig: Líttu á myndun þeirrar kirkju, sem er öllum öðrum kirkjum viðurstyggilegri og ^aræður hina Guðs heilögu af dögum, já, pyntar þá, fjötrar þá, okar þá með ^bjárnoki og hneppir þá í ánaud.

6 Og svo bar við, að ég sá þessa ^avoldugu og viðurstyggilegu kirkju. Og ég sá, að ^bdjöfullinn lagði grundvöll hennar.

7 Og ég sá auk þess ^agull og silfur, silki og skarlat, fínlega ofið lín og alls konar

18c LR Drambsemi.

d Lúk 16:26;

1 Ne 15:28–30.

e LR Réttvísi.

19a LR Freista, freisting.

b Jar 1:10;

OMorm 1:1–2.

21a Morm 8:8;

Moró 1:2. LR Stríð.

22a 1 Ne 15:13;

2 Ne 26:15.

23a 2 Ne 26:33.

b 2 Ne 5:20–25.

c LR Iðjulaus, iðjuleys.

13 4a 1 Ne 13:26, 34; 14:3,

9–17.

b LR Þjóðirnar.

5a Op 17:3–6; 1 Ne 14:13.

b Jer 28:10–14.

6a K&S 88:94.

LR Djöfull — Kirkja

djöfulsins.

b 1 Ne 22:22–23.

7a Morm 8:36–38.

dýrmæt klæði. Og ég sá margar vændiskonur.

8 Og engillinn talaði til mín og mælti: Sjá, það er gull og silfur, silki og skarlat, fínt lín, dýrmæt klæði og vændiskonur, sem þessi mikla og viðurstygglega kirkja "sækist eftir.

9 Og til að verða sér úti um veraldlegt hrós "tortíma þeir einnig hinum Guðs heilögu og hneppa þá í ánaud.

10 Og svo bar við, að ég leit og sá mörg vötn, og þau aðskildu Þjóðirnar frá niðjum bræðra minna.

11 Og svo bar við, að engillinn sagði við mig: Sjá, heilög reiði Guðs er yfir niðjum bræðra þinna.

12 Og ég leit og sá mann meðal Þjóðanna, sem hin mörgu vötn aðskildu frá niðjum bræðra minna. Og ég sá "anda Guðs stíga niður og hafa áhrif á manninn. Og hann hélt yfir vötnin mörgu, já, til niðja bræðra minna, sem voru í fyrirheitna landinu.

13 Og svo bar við, að ég sá anda Guðs hafa þau áhrif á aðra meðal Þjóðanna, að þeir brutust úr ánaud og héldu yfir vötnin mörgu.

14 Og svo bar við, að ég sá "ara-grúa af fólki Þjóðanna í ^bfyrirheitna landinu. Og ég sá, að heilög reiði Guðs var yfir niðjum bræðra

minna. Og Þjóðirnar "tvístruðu þeim og lustu þá.

15 Og ég sá, að andi Guðs var með Þjóðunum. Þeim vegnaði vel og þær eignuðust "landið að erfðum. Og ég sá, að þær voru hvítar, ákaflega ljósar yfirlitum og ^bfagrar, eins og fólk mitt var, áður en það var "ráðið af dögum.

16 Og svo bar við, að ég, Nefí, sá þá af Þjóðunum, sem sloppið höfðu úr ánaud, auðmýkja sig fyrir Drottni, og kraftur Drottins var með "þeim.

17 Og ég sá móðurþjóðir þeirra safnast saman, bæði á vatni og á landi, til að heyja orrustu við þá.

18 Og ég sá, að kraftur Guðs var með þeim og einnig, að heilög reiði Guðs var yfir öllum, sem saman voru komnir til að berjast gegn þeim.

19 Og ég, Nefí, sá, að þeir af Þjóðunum, sem sloppið höfðu úr ánaud, "björguðust fyrir kraft Guðs úr höndum allra annarra þjóða.

20 Og svo bar við, að ég, Nefí, sá þeim vegna vel í landinu. Og ég sá "bók, sem barst út á meðal þeirra.

21 Og engillinn spurði mig: Veist þú, hvað þessi bók merkir?

22 Og ég svaraði honum: Nei, ég veit það ekki.

23 Og hann sagði: Sjá, hún er runnin af vörum Gyðings. Og ég, Nefí, sá hana, og hann sagði

8a Op 18:10–24;
Morm 8:35–38.

9a Op 13:4–7.

12a LR Innblástur, guðleg andagift.

14a 2 Ne 1:11;

Morm 5:19–20.

b LR Fyrirheitið land.

c 1 Ne 22:7–8.

LR Ísrael — Tvístrun Ísraels.

15a 2 Ne 10:19.

b 2 Ne 5:21.

c Morm 6:17–22.

16a K&S 101:80.

19a 2 Ne 10:10–14;

3 Ne 21:4; Et 2:12.

20a 1 Ne 14:23.

við mig: “Bókin, sem þú sérð, er ^bheimildaskrá ‘Gyðinga og hefur að geyma sáttmála Drottins, sem hann gjörði við Ísraelsætt. Og hún hefur einnig að geyma marga af spádómum hinna heilögu spámannanna. Þessi heimildaskrá er af sömu gerð og áletranir þær, sem letraðar eru á ^alátúnstöflurnar að því undanskildu, að þær eru ekki eins margar. Eigi að síður geyma þær sáttmála Drottins, sem hann gjörði við Ísraelsætt, og þess vegna eru þær Þjóðunum mikils virði.

24 Og engill Drottins sagði við mig: Þú hefur séð, að bókin er runnin af vörum Gyðings. Og þegar hún rann fram af vörum Gyðings, hafði hún að geyma fyllingu fagnaðarboðskapar Drottins, sem postularnir tólf bera vitni um, en vitnisburður þeirra er í samræmi við sannleikann, sem býr í Guðslambinu.

25 Þess vegna berast þessir hlutir óspilltir frá “Gyðingum til ^bÞjóðanna í samræmi við sannleikann, sem býr í Guði.

26 Og er þetta hefur borist um hendur hinna tólf postula lambsins frá Gyðingum ^atil Þjóðanna, sérð þú myndun þeirrar ^bvoldugu og viðurstyggilegu ^ckirkju, sem er öllum öðrum kirkjum viðurstyggilegri. Því að sjá. Mörg ^dauðskiljanleg og mjög dýrmæt atriði hafa þeir ^efelld úr fagnaðarboðskap

lambsins. Og margir af sáttmálum Guðs hafa einnig verið felldir brott.

27 Og allt þetta hafa þeir gjört til þess að rangsnúa réttum vegum Drottins og blinda augu mannanna barna og herða hjörtu þeirra.

28 Þú sérð þess vegna, að eftir að bókin hefur farið um hendur hinnar voldugu og viðurstyggilegu kirkju, hafa mörg skýr og afar dýrmæt atriði verið felld úr bókinni, sem er bók Guðslambsins.

29 Og þegar þessi skýru og dýrmætu atriði höfðu verið felld brott, barst hún áfram til allra þjóða Þjóðanna. Og þegar hún hafði borist til þeirra allra, já, jafnvel borist yfir hin mörgu vötn, sem þú hefur séð, með þeim af Þjóðunum, sem úr ánaud sluppu, þá sérð þú, að mjög margir hrasa, vegna þess að mörg skýr og dýrmæt atriði eru felld brott úr bókinni — atriði, sem mannanna börn áttu létt með að skilja og eru í samræmi við þann skýra einfaldleika, sem býr í Guðslambinu. Já, mjög margir hrasa einmitt vegna þess, sem felld hefur verið úr fagnaðarboðskap lambsins, og það svo freklega, að Satan hefur mikið vald yfir þeim.

30 Engu að síður sérð þú, að Þjóðirnar, sem úr ánaud hafa sloppið, og kraftur Guðs

23a 1 Ne 13:38;
2 Ne 29:4–12.
b LR Ritningar.
c 2 Ne 3:12.
d 1 Ne 5:10–13.

25a 2 Ne 29:4–6; K&S 3:16.
LR Gyðingar.
b LR Þjóðirnar.
26a Matt 21:43.
b 1 Ne 13:4–6; 14:3, 9–17.

c LR Fráhvarf — Fráhvarf frumkirkju Krists.
d 1 Ne 14:20–26; TA 1:8.
e Morm 8:33;
HDP Móse 1:41.

hefur lyft upp yfir allar aðrar þjóðir, á því landi, sem er öllum löndum fremra, landi, sem Drottinn Guð samdi við föður þinn um að yrði ^aerfðaland niðja hans; því sérð þú, að Drottinn Guð mun ekki leyfa, að Þjóðirnar gjör-eyði þeirri ^bblöndu af niðjum þínum, sem fyrirfinnst meðal bræðra þinna.

31 Hann mun heldur ekki leyfa, að Þjóðirnar ^atortími niðjum bræðra þinna.

32 Drottinn Guð mun heldur ekki leyfa, að Þjóðirnar verði að eilífu haldnar þessari hræðilegu blindu, sem þú sérð þær í, vegna hinna skýru og dýrmætu atriða fagnaðarboðskapar lambsins, sem kirkjan ^aviðurstyggilega hefur haldið leyndum, en myndun hennar hefur þú séð.

33 Og Guðslambið segir: Ég mun þess vegna vera Þjóðunum miskunnsamur og vitja eftirlifenda Ísraelsættar með þungum dómi.

34 Og svo bar við, að engill Drottins talaði til mín og mælti: Sjá — segir Guðslambið — þegar ég hef vitjað ^aleifanna af Ísraelsætt, en þær leifar, sem ég tala um, eru niðjar föður þíns — eftir að ég hef því vitjað þeirra með dómi og lostið þá með hendi Þjóðanna og eftir að Þjóðirnar hafa ^bhrasað

illilega — vegna þeirra mjög skýru og dýrmætu atriða ^afagnaðarboðskapar lambsins, sem hin viðurstyggilega kirkja og móðir vændiskvennanna hefur haldið til baka — þá mun ég, segir Drottinn, þann dag sýna Þjóðunum þá miskunn að ^dfæra þeim með eigin krafti mikið af fagnaðarerindi mínu, sem verða mun auðskiljanlegt og dýrmætt, segir lambið.

35 Því að sjá, segir lambið: Ég mun opinbera mig niðjum þínum, svo að þeir færi margt í letur, sem ég mun kenna þeim, bæði auðskiljanlegt og dýrmætt. Og þegar niðjum þínum hefur verið tortímt og þeim hnignað í vantrú og niðjum bræðra þinna einnig, þá mun ^aþessu fundinn felustaður, til að birtast Þjóðunum, fyrir gjöf og kraft lambsins.

36 Og í þeim ritum mun ^afagnaðarboðskapur minn færður í letur, segir lambið, ^bþjarg mitt og sáluhjálp.

37 Og ^ablessaðir eru þeir, sem á þeim degi reyna að leiða fram mína ^bSíon, því að ^cgjöf og kraftur heilags anda verður með þeim. Og ^dstandi þeir stöðugir allt til enda, mun þeim lyft upp á efsta degi og þeir frelsast í ávarandi ^eríki lambsins. Og hve mikil mun ekki fegurð þeirra á fjöllunum,

30a LR Fyrirheitið land.
b Al 45:10–14.

31a 2 Ne 4:7; 10:18–19;
Jakob 3:5–9;
He 15:12; 3 Ne 16:8–9;
Morm 5:20–21.

32a LR Djöfull — Kirkja
djöfulsins.

34a LR Jósef, sonur Jakobs.

b 1 Ne 14:1–3;
2 Ne 26:20.

c LR Fagnaðarerindi.
d K&S 10:62.

LR Endurreisn
fagnaðarerindisins.

35a 2 Ne 27:6; 29:1–2.
LR Mormónsbók.

36a 3 Ne 27:13–21.

b He 5:12;
3 Ne 11:38–39.

LR Þjarg.
37a K&S 21:9.

b LR Síon.
c LR Gjöf heilags anda.
d 3 Ne 27:16.

LR Standast.
e LR Himnesk dýrð.

þeirra sem ^ffriðinn boða og mikil gleðitíðindi.

38 Og svo bar við, að ég sá leifarnar af niðjum bræðra minna og einnig ^abók Guðslambsins, sem komin var af vörum Gyðings, og sá hana berast frá Þjóðunum ^btil leifanna af niðjum bræðra minna.

39 Og þegar hún hafði borist þeim, sá ég aðrar ^abækur, sem fram komu fyrir kraft lambsins og bárust til þeirra frá Þjóðunum til að ^bsannfæra jafnt Þjóðirnar sem leifarnar af niðjum bræðra minna sem og Gyðingana, sem dreifðir voru á öllu yfirborði jarðar, um það, að heimildir spámannanna og hinna tólf postula lambsins eru ^csannar.

40 Og engillinn talaði til mín og mælti: Þessar ^asíðustu heimildir, sem þú hefur séð meðal Þjóðanna, munu ^bstaðfesta sannleiksgildi hinna ^cfyrri, sem eru frá hinum tólf postulum lambsins, og þær munu leiða í ljós þau skýru og dýrmætu atriði, sem felld hafa verið úr þeim. Og þær munu gjöra öllum kynkvíslum, tungum og lýðum kunnugt, að Guðslambið er sonur hins eilífa föður og ^afrelsari heimsins og allir menn verði að koma til hans, að öðrum kosti geti þeir ekki frelsast.

41 Og þeir verða að koma til hans samkvæmt þeim orðum, sem staðfest hafa verið af vörum lambsins. Og orð lambsins munu kunngjörð í heimildum niðja þinna, sem og í heimildum hinna tólf postula lambsins. Báðar munu þær þessa vegna verða sem ^aein heild, því að ^beinn Guð og einn ^chirðir er yfir allri jörðunni.

42 Og sá tími mun koma, að hann opinberar sig öllum þjóðum, bæði ^aGyðingum og Þjóðunum. Og þegar hann hefur opinberað sig Gyðingum og einnig Þjóðunum, þá mun hann opinbera sig Þjóðunum og einnig Gyðingum, og hinir ^bsíðustu verða fyrstir og hinir ^cfyrstu síðastir.

14. KAPÍTULI

Engill segir Nefí frá blessunum og bölvun sem komi yfir Þjóðirnar — Til eru aðeins tvær kirkjur: Kirkja Guðslambsins og kirkja djöfulsins — Hinir heilögu Guðs með öllum þjóðum eru ofsóttir af hinni miklu og viðurstyggilegu kirkju — Jóhannes postuli mun skrifa um endalok veraldar. Um 600–592 f.Kr.

Og svo ber við, að hlýði ^aÞjóðirnar Guðslambinu á þeim degi,

37f Jes 52:7;
Mósía 15:14–18;
3 Ne 20:40.

38a 1 Ne 13:23;
2 Ne 29:4–6.

b Morm 5:15.

39a LR Ritningar —
Spáð um að ritningar
komi fram.
b Esek 37:15–20;

2 Ne 3:11–12.

c 1 Ne 14:30.
40a 2 Ne 26:16–17; 29:12.

LR Mormónsbók.

b Morm 7:8–9.

c LR Biblía.

d Sjá titilsíðu
Mormónsbókar.
HDP Móse 1:6.

41a Esek 37:17.

b 5 Mós 6:4; Jóh 17:21–23;
2 Ne 31:21.

c LR Góði hirðirinn.

42a K&S 90:8–9; 107:33;
112:4.

b Jakob 5:63.

c Lúk 13:30;
1 Ne 15:13–20.

14 1a 3 Ne 16:6–13.
LR Þjóðirnar.

þá mun hann opinbera sig fyrir þeim, í orði og einnig í ^bveldi, já, í sannleika, til að fjarlægja ‘ásteyt-ingarsteina þeirra —

2 Og herði þær ekki hjörtu sín gegn Guðslambinu, munu þær taldar til niðja föður þíns. Já, þær munu ^ataldar til Ísraelsættar. Og þær munu ^bblessaðar verða í fyrirheitna landinu að eilífu. Aldrei framar munu þær hnepptar í ánaud, og aldrei framar mun Ísraelsætt smánuð.

3 Og þetta mikla ^ahyldýpi, sem hin mikla og viðurstyg-gilega kirkja, er djöfullinn og börn hans grundvölluðu til að leiða sálir manna af rétttri braut og til heljar, hefur grafið þeim, já, hið mikla hyldýpi, sem grafið hefur verið til tortímingar mönnum, mun fyllast af þeim, sem grófu það, þeim sjálfum til algjör- rarr tortímingar, segir Guðslambið. Sál manna mun þó ekki tortímast, nema henni verði varpað niður í hið óendanlega ^bvíti.

4 Og sjá. Þetta er í samræmi við ánaud djöfulsins og einnig í samræmi við réttvísi Guðs gagnvart þeim, sem iðka vilja ranglæti og viðurstyggð frammi fyrir honum.

5 Og svo bar við, að engillinn talaði til mín, Nefís, og sagði: Þú hefur séð, að ef Þjóðirnar iðrast,

mun þeim vegna vel. Og þú veist líka um sáttmálana, sem Drottinn gjörði við Ísraelsætt. Og þú hefur einnig heyrt, að hver sá, sem ^aiðrast ekki, hlýtur að farast.

6 ^aVei sé því Þjóðunum, ef þær herða hjörtu sín gegn Guðslambinu.

7 Því að sá tími kemur, segir Guðslambið, að ég mun vinna mikið og ^aundursamlegt verk meðal mannanna barna — verk, sem verða mun ævarandi og skipar þeim annaðhvort til annarrar handar eða hinnar — Menn munu annaðhvort sannfærast um frið og ^beilíft líf eða gefast á vald hörkunnar í eigin hjarta og blindunni í eigin huga, svo að þeir verði leiddir í ánaud og verði einnig tortímingu að bráð, jafnt stundlega sem andlega, í samræmi við ^aánaud djöfulsins, sem ég hef talað um.

8 Og svo bar við, að þegar engillinn hafði mælt þessi orð, sagði hann við mig: Minnst þú ^asáttmála föðuris, er hann gjörði við Ísraelsætt? Ég svaraði honum játandi.

9 Og svo bar við, að hann sagði við mig: Sjá hina miklu og viðurstyggilegu kirkju, sem er móðir viðurstyggðarinnar. ^aDjöfullinn lagði grundvöll hennar.

1b 1 Þess 1:5; 1 Ne 14:14;
Jakob 6:2–3.

c Jes 57:14;
1 Ne 13:29, 34;
2 Ne 26:20.

2a Gal 3:7, 29;
2 Ne 10:18–19;
3 Ne 16:13; 21:6, 22;
Abr 2:9–11.

b 2 Ne 6:12; 10:8–14;
3 Ne 16:6–7; 20:27.

3a 1 Ne 22:14;
K&S 109:25.
b LR Fordæming; Helja.

5a LR Iðrast, iðrun.
6a 2 Ne 28:32.
7a Jes 29:14; 1 Ne 22:8;
2 Ne 27:26; 29:1–2;

K&S 4:1.
LR Endurreisn
fagnaðarerindisins.

b LR Eilíft líf.
c 2 Ne 2:26–29;
Al 12:9–11.

8a LR Sáttmáli Abrahams.
9a 1 Ne 15:35; K&S 1:35.
LR Djöfull.

10 Og hann sagði við mig: Sjá, kirkjurnar eru í raun og sannleika aðeins “tvær. Önnur er kirkja Guðslambins, en ^bhin er kirkja djöfulsins. Þess vegna telst sá, sem ekki tilheyrir kirkju Guðslambins, til hinnar miklu kirkju, sem er móðir viðurstygðarinnar. Og hún er ^chórkona allrar jarðarinnar.

11 Og svo bar við, að ég leit og sá þessa hórkonu allrar jarðarinnar, og hún sat á mörgum “vötnum. Og ^bhún drottnaði yfir allri jörðunni, meðal allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða.

12 Og svo bar við, að ég sá kirkju Guðslambins, og meðlimir hennar voru “fáir vegna ranglætis og viðurstygðar hórkonunnar, sem á mörgu vötnunum sat. Engu að síður sá ég, að kirkja lambins, sem var hinir heilögu Guðs, var einnig um ^ballt yfirborð jarðar. En ítök hennar á jörðunni voru lítil vegna ranglætis skækjunnar miklu, sem ég sá.

13 Og svo bar við, að ég sá hina miklu móður viðurstygðarinnar safna saman í hópa á yfirborði allrar jarðarinnar mönnum frá öllum þjóðum Þjóðanna til að “berjast gegn Guðslambinu.

14 Og svo bar við, að ég, Nefí, sá vald Guðslambins. Það féll yfir

hina heilögu í kirkju lambins og yfir sáttmálsþjóð Drottins, sem dreifð var um allt yfirborð jarðar. Og þeir voru vopnaðir réttlæti og “krafti Guðs í mikilli dýrð.

15 Og svo bar við, að ég sá heilaga reiði Guðs “hellast yfir þessa miklu og viðurstygðilegu kirkju, þannig að hernaður og ófriðartíðindi hrjáðu allar ^bþjóðir og kynkvísir jarðar.

16 Og þegar “hernaður og ófriðartíðindi upphófst meðal allra þjóða, sem tilheyrðu móður viðurstygðarinnar, talaði engillinn til mín og sagði: Sjá. Heilög reiði Guðs er yfir móður vændiskvennanna. Og sjá. Allt þetta sér þú —

17 Og þegar sá “dagur rennur upp, að heilög ^breiði Guðs hellist yfir móður vændiskvennanna, sem er hin mikla og viðurstygðilega kirkja allrar jarðarinnar, en djöfullinn lagði grundvöll hennar, á þeim degi skal “verk föðurins hefjast, er greiðir veginn fyrir uppfyllingu “sáttmálanna, sem hann hefur gjört við lýð sinn, sem er af ætt Ísraels.

18 Og svo bar við, að engillinn ávarpaði mig og sagði: Sjá!

19 Og ég leit upp og sá mann, sem klæddur var hvítum kyrtli.

10a 1 Ne 22:23.

b 1 Ne 13:4–6, 26.

c Op 17:5, 15;

2 Ne 10:16.

11a Jer 51:13; Op 17:15.

b K&S 35:11.

12a Matt 7:14;

3 Ne 14:14;

K&S 138:26.

b K&S 90:11.

13a Op 17:1–6; 18:24;

1 Ne 13:5;

K&S 123:7–8.

14a Jakob 6:2;

K&S 38:32–38.

15a K&S 1:13–14.

b Mark 13:8; K&S 87:6.

16a 1 Ne 22:13–14;

Morm 8:30.

17a LR Síðustu dagar,

síðari dagar.

b 1 Ne 22:15–16.

c 3 Ne 21:7, 20–29.

LR Endurreisn fagnaðarerrindisins.

d Morm 8:21, 41.

LR Sáttmáli Abrahams.

20 Og engillinn sagði við mig: Sjá. Þetta er “einn hinna tólf postula lambsins.

21 Sjá. Hann mun sjá og færa í letur það, sem enn á eftir að gjörast, já, og einnig margt, sem nú þegar hefur gjörst.

22 Og hann mun einnig skrifa um endalok veraldar.

23 Þess vegna er það, sem hann mun skrifa, satt og rétt; og sjá, það er letrað í “bókina, sem þú sást koma af vörum Gyðings. Og þegar það barst af vörum Gyðings, eða bókin kom af vörum Gyðings, þá var það, sem letrað var, augljóst, hreint og afar ^bdýrmætt og auðskilið öllum mönnum.

24 Og sjá. Það, sem þessi “postuli lambsins mun skrifa, er margt af því, sem þú hefur séð. Og sjá. Það, sem enn er eftir, munt þú sjá.

25 En það, sem þú munt sjá héðan í frá, skalt þú ekki færa í letur, því að Drottinn Guð hefur vígt postula Guðslambsins til að hann “skrái það.

26 Og á sama hátt hefur hann sýnt öðrum, sem lifað hafa, allt í heild, og þeir hafa fært það í letur. Og þau rit eru “innsigluð, en þeim ætlað að koma í ljós meðal Ísraelsættar í hreinleika sínum og samkvæmt sannleikanum, sem býr í lambinu, og á þeim tíma, sem Drottinn þóknast.

27 Og ég, Nefí, heyrði og ber því vitni, að samkvæmt orði

engilsins var nafn postula lambsins “Jóhannes.

28 Og sjá, mér Nefí, er bannað að færa í letur það, sem enn er óskráð af því, sem ég sá og heyrði. Þess vegna nægir það mér, sem þegar er skráð. Og ég hef ekki fært í letur nema lítinn hluta þess, sem ég sá.

29 En ég ber því vitni, að ég sá allt það, sem “faðir minn sá, og það var engill Drottins, sem afhjúpaði það fyrir mér.

30 Og nú lýk ég máli mínu varðandi það, sem ég sá, meðan ég var uppnúminn í andanum. Og þótt allt, sem ég sá, hafi ekki verið fært í letur, er það, sem ég hef skráð, “sannleikur. Og þannig er það. Amen.

15. KAPÍTULI

Niðjar Lehis munu hljóta fagnaðarerindið frá Þjóðunum á síðari dögum — Samansöfnun Ísraels er líkt við olífutré þar sem náttúrlegu greinarnar verða græddar á aftur — Nefí skýrir frá því hvað sýnin yfir lífsins tré tákna og ræðir um réttlæti Guðs er hann aðskilur hina ranglátu frá hinum réttlátu. Um 600–592 f.Kr.

Og svo bar við, að eftir að ég, Nefí, hafði séð allt þetta, uppnúminn í andanum, hvarf ég aftur til tjalds föður míns.

2 Og svo bar við, að þá sá ég bræður mína, sem voru að deila

20a Op 1:1–3;

1 Ne 14:27.

23a 1 Ne 13:20–24;

Morm 8:33.

b 1 Ne 13:28–32.

24a Et 4:16.

25a Jóh 20:30–31;

Op 1:19.

26a 2 Ne 27:6–23;

Et 3:21–27; 4:4–7;

K&S 35:18;

JS — S 1:65.

27a Op 1:1–3.

29a 1 Ne 8.

30a 2 Ne 33:10–14.

hvor við annan um það, sem faðir minn hafði sagt þeim.

3 Því að hann sagði þeim í sannleika margt og mikið, en “torskilið öðrum en þeim, sem beinir fyrirspurnum sínum til Drottins. En vegna hörkunnar, sem í hjörtum þeirra var, sneru þeir sér ekki til Drottins, eins og þeim bar.

4 Og ég, Nefí, fylltist hryggð vegna forherðingarinnar í hjörtum þeirra sem og vegna alls þess, er ég hafði séð og vissi, að var óumflýjanlegt vegna hins mikla ranglætis mannanna barna.

5 Og svo bar við, að þrengingar mínar yfirbuguðu mig, og mér þóttu að þrengingar mínar öllu öðru þungbærari vegna ^btortímingarinnar, sem beið fólks míns, en fall þess hafði ég séð.

6 Og svo bar við, að þegar mér veittist ^astyrkur, fór ég að tala við bræður mína og lét í ljós ósk um að vita, hver væri orsök að deilum þeirra.

7 Og þeir sögðu: Sjá, við fáum ekki skilið orðin, sem faðir okkar viðhafði um hinar náttúrlegu greinar olífutrésins og um Þjóðirnar.

8 Og ég sagði við þá: Hafði þið ^aspurt Drottin?

9 Og þeir svöruðu: Það höfum við ekki gjört, því að Drottinn

kunngjörir okkur ekkert þess háttar.

10 Sjá, sagði ég við þá. Hvers vegna haldið þið ekki boðorð Drottins? Hvernig má það vera, að þið farist vegna ^ahörkunnar í hjörtum ykkar?

11 Rekur ykkur ekki minni til þess, sem Drottinn hefur sagt? — Ef þið herðið ekki hjörtu yðar og ^abiðjið til mín í trú og í vissu um bænheyrslu og haldið auk þess boðorð mín af kostgæfni, mun þetta vissulega kunngjört yður.

12 Sjá, ég segi ykkur, að andi Drottins, sem í föður okkar var, líkti Ísraelsætt við olífutré. Og sjá. Erum við ekki brot af Ísraelsætt, og erum við ekki ^agrein af Ísraelsætt?

13 En það, sem faðir okkar átti við með orðum sínum um að græða náttúrlegar greinar á aftur í fyllingu Þjóðanna, var það, að á síðari dögum, eftir að niðjum okkar hafði hnignað í ^avantrú, já, árum saman og mörgum kynslóðum eftir að ^bMessías birtist mannanna börnum í líkamanum, þá mun fylling ^cfagnaðarerindis Messíasar berast Þjóðunum, og frá ^aÞjóðunum til leifanna af niðjum okkar —

14 Og á þeim degi mun þeim, sem eftir eru af ^aniðjum okkar, ljóst, að þeir eru af Ísraelsætt og

15 3a 1 Kor 2:10–12;
Al 12:9–11.

5a LR Andstreymi.
b Enos 1:13;
Morm 6:1.

6a HDP Móse 1:10;
JS — S 1:20, 48.

8a Mósía 26:13;
Al 40:3. LR Bæn.

10a LR Fráhvarf.

11a Jakbr 1:5–6;
Enos 1:15;
Moró 7:26;
K&S 18:18.
LR Spyryja.

12a 1 Mós 49:22–26;
1 Ne 10:12–14; 19:24.
LR Lehí, faðir Nefís.

13a 1 Ne 12:22–23;
2 Ne 26:15.

b LR Messías.

c LR Fagnaðarerindi.

d 1 Ne 13:42; 22:5–10;
K&S 14:10.

LR Þjóðirnar.

14a 2 Ne 10:2;
3 Ne 5:21–26; 21:4–7.

jafnframt ^bsáttmálsþjóð Drottins. Og þá munu þeir þekkja og fá ^cvitneskju um forfeður sína og einnig um fagnaðarboðskap lausnara síns, sem hann sjálfur miðlaði feðrum þeirra. Þeir munu þess vegna kynnast lausnara sínum og einmitt þeim kenningaratriðum hans, sem þekkja þarf til að komast til hans og láta frelsast.

15 Og munu þeir ekki fagna á þeim degi og syngja lof hinum ævarandi Guði sínum, ^aþjargi sínu og hjálpræði? Já, munu þeir ekki á þeim degi öðlast jafnt styrk sem næringu úr hinum sanna ^bvínviði? Já, og munu þeir ekki komast í hina sönnu hjörð Guðs?

16 Sjá, ég segi ykkur. Jú, þeirra mun á ný minnst meðal Ísraelsættar. Þeir munu, sem náttúrleg grein olífutrésins, aftur ^agræddir á hið eina sanna olífutré.

17 Og þetta er það, sem faðir okkar á við. Hann á við, að þetta muni ekki verða fyrr en eftir að Þjóðirnar hafi tvístrað þeim. Og hann á við, að það verði á vegum Þjóðanna, til þess að Drottinn megi sýna Þjóðunum vald sitt, einmitt vegna þess að Gyðingar, eða Ísraelsætt, ^ahafnar honum.

18 Þess vegna hefur faðir okkar ekki einungis talað um niðja

okkar, heldur einnig um allar ættir Ísraels og vakið athygli á sáttmál-anum, sem fullnægt skyldi á síðari dögum, en sáttmála þann gjörði Drottinn við föður okkar Abraham og mælti: Af þínu ^aafkvæmi skulu allar kynkvíslir á jörðunni blessun hljóta.

19 Og svo bar við, að ég, Nefí, ræddi mikið við þá um þessi mál. Já, ég ræddi við þá um ^aendurreisn Gyðinga á síðari dögum.

20 Og ég hafði yfir orð ^aJesaja fyrir þeim um endurreisn Gyðinga eða Ísraelsættar. Ég tjáði þeim, að þegar endurreisnin hefði farið fram, mundu þeir ei framar smánaðir eða þeim tvístrað oft. Og svo bar við, að þau mörgu orð, sem ég lét falla, urðu til þess að friða bræður mína, og þeir ^bauðmýktu sig fyrir Drottni.

21 Og svo bar við, að þeir spurðu mig enn og sögðu: Hvað merkir það, sem faðir okkar sá í draumi? Og hvað merkir ^atréð, sem hann sá?

22 Og ég svaraði: Það var ^alífsins tré, sýnt á táknrænan hátt.

23 Og þeir spurðu mig: Og hvað merkir ^ajárnstöngin, sem faðir okkar sá liggja að trénu?

24 Og ég sagði þeim, að hún táknaði ^aorð Guðs. Og hver sá,

14b LR Sáttmáli Abrahams.

c 2 Ne 3:12; 30:5;
Morm 7:1, 9–10;
K&S 3:16–20.
Sjá einnig titilsíðu
Mormónsbókar.

15a LR Þjarg.

b 1 Mós 49:11; Jóh 15:1.

16a Jakob 5:60–68.
17a LR Krossfesting.
18a 1 Mós 12:1–3;
Abr 2:6–11.
19a 1 Ne 19:15. LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

20a 1 Ne 19:23.

b 1 Ne 16:5, 24, 39.
21a 1 Ne 8:10–12.
22a 1 Ne 11:4, 25;
HDP Móse 3:9.
23a 1 Ne 8:19–24.
24a LR Orð Guðs.

sem fylgir orði Guðs og ^bvarðveitir það, mun aldrei farast, né heldur geta ^cfreistingar eða ^deldtungur ^eandstæðingsins blindað þá og leitt þá þannig til tortímingar.

25 Þess vegna hvatti ég, Nefí, þá til að gefa ^agaum að orðum Drottins. Já, ég hvatti þá af öllum krafti sálar minnar og með öllum mér tiltækum ráðum til að gefa gaum að orði Guðs og láta sér ekki úr minni falla að halda boðorð hans alltaf og í öllu.

26 Og þeir spurðu mig: Hvað merkir vatnsfyllta ^afljótið, sem faðir okkar sá?

27 Og ég sagði þeim, að ^avatnið, sem faðir minn sá, væri ^bsori, en svo var hugur hans gagntekinn af öðru, að hann sá ekki sorann í vatninu.

28 Og ég sagði þeim, að skelfilegt ^ahyldýpi aðskildi hina ranglátu, jafnt frá lífsins tré sem og hinum heilögu Guðs.

29 Og ég sagði þeim, að það væri táknrænt fyrir hið ógnvekjandi ^avíti, sem engillinn tjáði mér, að fyrirbúið væri hinum ranglátu.

30 Og ég sagði þeim, að faðir okkar hefði einnig séð, að ^aréttvísi Guðs greindi hina ranglátu frá hinum réttlátu. Og birtan, sem frá henni stafaði, væri eins og birtan

af leiftrandi loga, sem teygði sig upp til Guðs að eilífu án nokkurs endis.

31 Og þeir spurðu mig: Er átt við kvöl líkamans á dögum ^areynslunnar, eða er átt við lokaástand sálarinnar eftir ^bdauða hins stundlega líkama, eða er verið að ræða um hið stundlega?

32 Og svo bar við, að ég sagði þeim, að átt væri bæði við hið stundlega og hið andlega, þar eð sá dagur hlyti að koma, að þeir yrðu dæmdir af ^averkum sínum, já, einmitt þeim verkum, sem unnin hefðu verið í hinum stundlega líkama á reynsludögum þeirra.

33 Og ég sagði, að ^adeyi þeir þess vegna í ranglæti sínu, hljóti þeim einnig að verða ^bvísað frá því, sem andlegt er og réttstýnt. Þess vegna verða þeir leiddir fram fyrir Guð og munu ^cdæmdir af ^dverkum sínum. Og hafi verk þeirra ein-kennst af sora, hljóti þeir að vera ^esaurugir. Og séu þeir saurugir, hljóti þeir að vera óhæfir til ^fdvalar í Guðs ríki, ella yrði Guðs ríki einnig saurugt.

34 En sjá. Ég segi ykkur, að Guðs ríki er ekki ^asaurugt og ekkert óhreint fær komist inn í Guðs ríki. Þess vegna hlýtur að vera til

24b 1 Ne 8:30; 2 Ne 31:20.

c 1 Ne 8:23.

LR Freista, freisting.

d Ef 6:16;

K&S 3:8; 27:17.

e LR Djöfull.

25a K&S 11:2; 32:4;

84:43–44.

26a 1 Ne 8:13.

27a 1 Ne 12:16.

b LR Óhreinindi.

28a Lúk 16:26;

1 Ne 12:18; 2 Ne 1:13.

29a LR Helja.

30a LR Réttvísi.

31a Al 12:24; 42:10;

He 13:38.

b Al 40:6, 11–14.

32a LR Verk.

33a Mósfa 15:26;

Moró 10:26.

b Al 12:12–16; 40:26.

c LR Lokadómur.

d 3 Ne 27:23–27.

e 2 Ne 9:16; K&S 88:35.

f Sálm 15; 24:3–4;

Al 11:37;

K&S 76:50–70;

HDP Móse 6:57.

34a LR Óhreinindi.

staður sorans, til þess gerður að taka við soranum.

35 Og staður er fyrirbúinn, já, einmitt hið ógnvekjandi ^avíti, sem ég hef minnst á og ^bdjöfullinn hefur undirbúið. Þess vegna er lokaástand mannsálarinnar annaðhvort það að dveljast í Guðs ríki eða vera vísað burtu vegna þeirrar ^créttvísi, sem ég hef talað um.

36 Þess vegna mun hinum ranglátu útskúfað frá hinum réttlátu og einnig frá ^alífsins tré, en það tré ber þann ávöxt, sem dýrmætari er og ^beftirsóknarverðari öllum öðrum ávöxtum, já, og er ^cstærst allra ^dgjafa Guðs. Og þannig fór-ust mér orð við bræður mína. Amen.

16. KAPÍTULI

Hinum ranglátu er sannleikurinn harður — Synir Lehis ganga að eiga dætur Ísmaels — Líahóna vísar þeim veg í óbyggðunum — Boð frá Drottni birtast á Líahóna öðru hverju — Ísmael deyr; fjöl-skylda hans kvartar yfir þrengingunum. Um 600–592 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar ég, Nefí, hafði lokið að tala til bræðra minna, sjá, þá sögðu þeir við mig: Orð þín eru hörð, harðari en við fáum borið.

2 Og svo bar við, að ég sagðist vita að ég hefði farið hörðum orðum um hina ranglátu, en þau væru sannleikanum samkvæm. Og hina réttlátu hef ég réttlætt og borið vitni um, að þeim verði lyft upp á efsta degi. Hinum ^aseku er ^bsannleikurinn hins vegar sár, vegna þess að hann ^csker þá í hjartastað.

3 Og ef þið, bræður mínir, væruð nú réttlátir og fúsir að virða sannleikann og gefa honum gaum, þannig að þið gætuð ^agengið grandvarir frammi fyrir Guði, þá munduð þið ekki kvarta sannleikans vegna og segja: Orð þín í okkar garð eru hörð.

4 Og svo bar við, að ég, Nefí, brýndi af fullri kostgæfni fyrir bræðrum mínum að halda boð-orð Drottins.

5 Og svo bar við, að þeir ^aauðmýktu sig fyrir Drottni, og það gladdi mig mjög og gaf mér góða von um, að þeir mundu ganga veg réttlætisins.

6 Allt þetta gjörðist, á meðan faðir minn dvaldi í tjaldi í dal þeim, sem hann nefndi Lemúel.

7 Og svo bar við, að ég, Nefí, gekk að ^aeiga eina af ^bdætrum Ísmaels, og bræður mínir gengu einnig að eiga dætur Ísmaels. Og ^cSóram kvæntist elstu dóttur Ísmaels.

35a 2 Ne 9:19;
Mósía 26:27.

LR Helja.

b 1 Ne 14:9; K&S 1:35.

c LR Réttvísi.

36a 1 Mós 2:9;

2 Ne 2:15.

b 1 Ne 8:10–12; Al 32:42.

c K&S 6:13.

d K&S 14:7.

LR Eilíft líf.

16 2a Jóh 3:20; 2 Ne 33:5;

Enos 1:23;

He 14:10.

LR Sekt.

b Okv 15:10;

2 Ne 1:26; 9:40;

He 13:24–26.

c Post 5:33;

Mósía 13:7.

3a K&S 5:21.

LR Ganga, ganga með Guði.

5a 1 Ne 16:24, 39; 18:4.

7a LR Giftast.

b 1 Ne 7:1.

c 1 Ne 4:35; 2 Ne 5:5–6.

8 Og þannig hafði faðir minn fullnægt öllum þeim fyrirætlum, sem Drottinn hafði gefið honum. Og Drottinn hafði auk þess veitt mér, Nefí, ríkulega blessun.

9 Og svo bar við, að rödd Drottins talaði til föður míns að næturlagi og mælti svo fyrir, að strax næsta dag skyldi hann halda af stað út í óbyggðirnar.

10 Og svo bar við, að er faðir minn reis úr rekkju að morgni og gekk út í tjalddyrnar, sá hann sér til mikillar undrunar hnöttótta “kúlu, hina mestu völundarsmið, liggja á jörðunni, og var hún gjörð úr fínasta látúni. Og inni í kúlunni voru tveir vísar, og vísaði annar þeirra í þá átt, sem okkur bar að fylgja út í óbyggðirnar.

11 Og svo bar við, að við söfnuðum öllu saman, sem við hugðumst taka með okkur út í óbyggðirnar, ásamt leifum þeirra vista, sem Drottinn hafði séð okkur fyrir. Og við tókum alls konar fræ til þess að fara með út í óbyggðirnar.

12 Og svo bar við, að við tókum upp tjöld okkar og lögðum af stað út í óbyggðirnar yfir fljótið Laman.

13 Og svo bar við, að við stefndum því sem næst í suð-suðaustur um fjögurra daga bil, en þá reistum við tjöld okkar á ný. Og staðnum gáfum við nafnið Saser.

14 Og svo bar við, að við tókum boga okkar og örvar og héldum út í óbyggðirnar til að veiða í

matinn fyrir fjölskyldur okkar. Og þegar við höfðum lokið við að veiða í matinn, snerum við aftur til fjölskyldna okkar í óbyggðunum, til staðarins Saser. Og enn lögðum við af stað í óbyggðunum og fylgðum sömu stefnu og áður og héldum okkur að gróðursælustu svæðum óbyggðanna, en þau voru á útjörðrunum í grennd við “Rauðahafið.

15 Og svo bar við, að við vorum marga daga á ferð og veiddum í matinn á leiðinni með bogum okkar og örvum, steinum okkar og slöngum.

16 Og við héldum “stefnunni, sem kúlan vísaði, og leiddi það okkur til frjósamari hluta óbyggðanna.

17 Og að mörgum dagleiðum loknum reistum við tjöld okkar um hríð til að hvíla okkur enn á ný og afla fæðu fyrir fjölskyldur okkar.

18 En svo bar við, að er ég, Nefí, fór til veiða, sjá, þá braut ég boga minn, sem var úr góðu “stáli. Og þegar ég hafði brotið bogann, sjá, þá reiddust bræður mínir mér vegna bogmissis míns, þar eð við gátum ekki orðið okkur úti um neina fæðu.

19 Og svo bar við, að við snerum matarlausir heim til fjölskyldna okkar, sem voru örþreyttar af ferðalögum og illa haldnar af fæðuskorti.

20 Og svo bar við, að Laman, Lemúel og synir Ísmaels fóru

10a Al 37:38–46.
LR Liahóna.

14a K&S 17:1.
16a 1 Ne 16:10, 16, 26;

18:12; Al 37:38–46.
18a 2 Sam 22:35.

að kvarta meira en lítið vegna þjáninga sinna og þrenginga í óbyggðunum. Og faðir minn tók einnig að ásaka Drottin Guð sinn. Já, svo bugaðir voru þeir allir af hryggð, að þeir tóku að ásaka Drottin.

21 Nú bar svo við, að bræður mínir þrengdu mjög að mér, Nefí, vegna bogmissis míns, og vegna þess að bogar þeirra höfðu misst spennu sína, tók að herða mjög að okkur, já, svo mjög, að við gátum ekki aflað matar.

22 Og svo bar við, að ég, Nefí, sagði margt við bræður mína, því að enn höfðu þeir forherst, jafnvel svo mjög, að þeir voru farnir að "ásaka Drottin Guð sinn.

23 Og svo bar við, að ég, Nefí, gjörði boga úr trjáviði og ör úr beinvaxinni trjágrein, og þannig varð ég vopnaður boga og ör, slöngu og steinum. Og ég spurði "föður minn: Hvert á ég að halda til að afla fæðu?

24 Og svo bar við, að hann "spurði Drottin, því að allir höfðu þeir auðmýkt sig vegna orða minna, því að ég sagði margt við þá af sálarkrafti mínum.

25 Og svo bar við, að rödd Drottins barst föður mínum. Og vissulega var "vandað um við hann fyrir mögl hans gegn Drottni og það svo mjög, að djúp hryggð greip hann.

26 Og svo bar við, að rödd

Drottins sagði við hann: Líta skalt þú á kúluna og sjá það, sem á hana er ritað.

27 Og svo bar við, að þegar faðir minn sá, hvað ritað hafði verið á kúluna, greip hann mikill ótti og skelfing og sama máli gegndi um bræður mína, syni Ísmaels og eiginkonur okkar.

28 Og svo bar við, að mér, Nefí, varð ljóst, að vísarnir inni í kúlunni höguðu sér í samræmi við þá "trú, kostgæfni og athygli, sem við auðsýndum þeim.

29 Þar var einnig letruð önnur áletrun, sem auðlesin var og veitti okkur "skilning á vegum Drottins. Og áletranirnar voru breytingum háðar frá einum tíma til annars, allt eftir þeirri trú og kostgæfni, sem við auðsýndum þeim. Og þannig sjáum við, að með ^blitlu getur Drottinn komið miklu til leiðar.

30 Og svo bar við, að ég, Nefí, kleif upp á fjallstind samkvæmt leiðbeiningunum, sem veittar voru í kúlunni.

31 Og svo bar við, að mér tókst að drepa villt dýr til matar fyrir fjölskyldur okkar.

32 Og svo bar við, að ég sneri aftur til tjalda okkar með villibráð mína. Og mikil var gleði þeirra, þegar ljóst varð, að ég hafði aflað fæðu! Og svo bar við, að þau lutu Drottni í auðmýkt og færðu honum þakkir sínar.

22a 2 Mós 16:8;
4 Mós 11:1.
23a 2 Mós 20:12;
Mósía 13:20.

24a LR Bæn.
25a Et 2:14. LR Aga.
28a Al 37:40.
LR Átrúnaður.

29a LR Skilningur.
b 2 Kon 5:13; Jakbr 3:4;
Al 37:6–7, 41;
K&S 123:16.

33 Og svo bar við, að við lögðum aftur af stað og fylgdum nærri sömu stefnu og í upphafi. Og eftir margar dagleiðir reistum við tjöld okkar á ný til að tefja þar um hríð.

34 Og svo bar við, að “Ísmael lést og var jarðsettur á stað, sem nefndist Nahóm.

35 Og svo bar við, að dætur Ísmaels syrgðu ákaft vegna föð-urmissisins sem og vegna “þrenginganna í óbyggðunum. Og þær tóku að ásaka föður minn fyrir að hafa valdið því, að þær yfirgáfu land Jerúsalem og sögðu: Faðir okkar er látinn. Já, við höfum ráfað víða um óbyggðirnar og þolað miklar þrengingar, hungur, þorsta og þreytu. Og eftir allar þessar þjáningar hljótum við að farast úr hungri í óbyggðunum.

36 Og þannig ásökuðu þær föður minn og sjálfan mig. Og þær þráðu að snúa aftur til Jerúsalem.

37 Og Laman sagði bæði við Lemúel og syni Ísmaels: Sjá, við skulum “drepa föður okkar og einnig bróður okkar, Nefí, sem hefur gjört sig að “stjórnanda og kennara okkar, sem erum eldri bræður hans.

38 Hann segir, að Drottinn hafi talað við sig og “englar veitt sér þjónustu sína. En sjá. Við vitum vel, að hann er að ljúga að okkur. Og hann segir okkur allt þetta og beitir mikilli kænsku til að slá ryki í augu okkar, og ef til vill

telur hann sig geta tælt okkur inn í einhverjar óþekktar óbyggðir. Og að því loknu hefur hann hugsað sér að gjöra sjálfan sig að konungi okkar og stjórnanda, svo að hann geti farið með okkur eins og honum sýnist og hugur hans stendur til. Og þannig egndi Laman, bróðir minn, þá til reiði.

39 Og svo bar við, að Drottinn var okkur hliðhollur. Já, rödd Drottins barst jafnvel til þeirra, og hann sparaði ekki við þá orðin og “ávítaði þá kröftuglega. Og eftir að Drottinn hafði vandað um við þá, hurfu þeir frá reiði sinni og iðruðust synda sinna svo mjög, að hann blessaði okkur enn með fæðu, svo að við fær-umst ekki.

17. KAPÍTULI

Nefí er boðið að smíða skip — Bræður hans snúast gegn honum — Hann veitir þeim áminningu og segir þeim frá samskiptum Guðs við Ísrael — Nefí fyllist krafti Guðs — Bræðrum hans er meinað að snerta hann, ella muni þeir visna eins og þornað strá. Um 592–591 f.Kr.

EN svo bar við, að við lögðum af stað í óbyggðunum enn á ný. Og eftir það héldum við nær beina stefnu í austur. Og við gengum gegnum miklar þrengingar í óbyggðunum, og eiginkonur okkar ólu börn í óbyggðunum.

34a 1 Ne 7:2–6.

35a LR Andstreymi.

37a 1 Ne 17:44.

LR Morð.

b 1 Mós 37:9–11;

1 Ne 2:22; 18:10.

38a 1 Ne 3:30–31;

43.

39a LR Aga.

2 En blessun Drottins hvíldi yfir okkur í svo ríkum mæli, að enda þótt við yrðum að nærast á "hráu kjöti í óbyggðunum, höfðu eigin konur okkar fyllilega nóg fyrir börn sín að sjúga, og þeim óx svo þrek, að þær urðu sem næst jafn okkar karlmanna og fóru að þola ferðalögin möglunarlaust.

3 Og þannig sjáum við, að boð Drottins hljóta að uppfyllast. Og haldi mannanna börn "boðorð Drottins, veitir hann þeim næringu, styrk og forsjá til að gera það sem hann hefur boðið, og þess vegna veitti hann okkur ^bforsjá, á meðan við dvöldumst í óbyggðunum.

4 Og þar dvöldumst við mörg ár. Já, átta ár í óbyggðunum.

5 Og við komum til landsins, sem við gáfum nafnið Nægtarbrunnur, vegna allra ávaxtanna þar og villihunangsins. Og Drottinn hafði búið allt þetta í haginn fyrir okkur svo að við skyldum ekki farast. Og við sáum sjóinn, sem við nefndum Irreantum, sem þýðir vötnin mörgu.

6 En svo bar við, að við reistum tjöld okkar við sjávarströndina, og þrátt fyrir allar "þrengingarnar og erfiðleikana, sem við höfðum mátt þola, sem meiri voru en svo, að hægt sé að gefa hugmynd um í rituðu máli, fylltumst við ákøfum fögnuði, þegar við komum á sjávarströndina. Og við gáfum staðnum nafnið Nægtarbrunnur

vegna ríkulegra ávaxta, sem þar var að finna.

7 En svo bar við, að þegar ég, Nefí, hafði verið í Nægtarbrunni marga daga, barst rödd Drottins mér og sagði: Rís á fætur og gakk upp í fjallið. Og það varð, að ég reis á fætur og hélt upp í fjallið og tók að ákalla Drottin.

8 En svo bar við, að Drottinn talaði til mín og sagði: Smíða skalt þú skip á þann hátt sem ég sýni þér, svo að ég geti flutt fólk þitt yfir þessi vötn.

9 Og ég sagði: Drottinn, hvert á ég að halda til að finna málmgrýti til bræðslu, svo að ég geti búið til verkfæri til að smíða skipið á þann hátt, sem þú hefur sýnt mér?

10 En svo bar við, að Drottinn sagði mér hvert halda skyldi í leit að málmgrýti til að vinna verkfæri úr.

11 Og svo bar við, að ég, Nefí, gjörði úr dýrahúðum smiðjubelg, sem hægt var að blása með. Og þegar ég hafði lokið við smiðjubelgin, svo að ég hefði eitthvað milli handa til að blása í eldinn með, sló ég saman tveimur steinum til að kveikja eld.

12 Því að fram til þessa hafði Drottinn ekki leyft okkur að nota eld að neinu ráði á ferð okkar um óbyggðirnar, því að hann sagði: Ég mun gjöra fæðu yðar svo gómsæta, að "eldun sé óþörf —

13 Einnig mun ég vera ljós yðar

17 2a 1 Ne 17:12.
3a Mósía 2:41;
Al 26:12.

LR Hlýðni, hlýðinn,
hlýða.
b 1 Ne 3:7.

6a 2 Ne 4:20.
8a 1 Ne 18:2.
12a 1 Ne 17:2.

í óbyggðunum, og ég mun „greiða götu yðar, ef þér haldið boðorð mín. Þér munuð þess vegna verða leidd til ^bfyrirheitna landsins, ef þér haldið boðorð mín. Og það skuluð þér ^cvita, að það er ég, sem leiði yður.

14 Já, Drottinn sagði einnig: Eftir komu yðar til fyrirheitna landsins munuð þér ^avita, að ég, Drottinn, er ^bGuð og að það var ég, Drottinn, sem bjargaði yður frá tortímingu; já, að ég leiddi yður burtu frá landi Jerúsalem.

15 Því reyndi ég, Nefí, að halda boðorð Drottins og hvatti bræður mína til hollustu og kostgæfni.

16 Og svo bar við, að mér tókst að gjöra verkfæri úr málminum, sem ég bræddi úr málmgrytinu.

17 En þegar bræður mínir sáu, að ég var um það bil að hefja „skipasmíði, fóru þeir að mögla og segja: Bróðir okkar er heimskingi, því að hann heldur sig geta smíðað skip. Já, hann telur einnig, að hann geti komist yfir þessi miklu vötn.

18 Og þannig kvörtuðu bræður mínir undan mér og vildu komast hjá því að vinna, því að þeir trúðu hvorki því, að ég gæti smíðað skip, né hinu, að Drottinn hefði gefið mér fyrimælin.

19 Og nú bar svo við, að ég, Nefí, hryggðist mjög vegna hörkunnar í hjörtum þeirra. En þegar þeir sáu hryggð mína, glöddust þeir í hjarta sínu, og það „hlakkaði í

þeim, er þeir sögðu: Við vissum, að þú gætir ekki smíðað skip, enda ljóst, að dómgreind þinni væri ábótavant, og þess vegna getur þú ekki unnið svo mikið verk.

20 Og þú ert alveg eins og faðir okkar, sem lætur glepjust af heimskulegum „ímyndunum hjarta síns. Já, hann leiddi okkur frá landi Jerúsalem, og við höfum nú reikað um óbyggðirnar í öll þessi ár. Og eiginkonur okkar hafa mátt strita, jafnvel komnar að falli. Og þær hafa alið börn sín í óbyggðunum og allt mátt þola nema dauðann. Og betur hefði farið, að þær hefðu orðið dauðanum að bráð, áður en þær fóru frá Jerúsalem, en verða að þola allar þessar þrengingar.

21 Sjá. Í öll þessi ár höfum við mátt þjást í óbyggðunum, en á sama tíma hefðum við getað notið eigna okkar og erfðalands. Já, við hefðum getað notið hamingjunnar.

22 Og við vitum, að fólkið sem var í landi Jerúsalem var „réttlátt fólk, því að það hélt í heiðri reglur og ákvæði Drottins og öll boð hans samkvæmt lögmáli Móse. Og þess vegna vitum við, að það er réttlátt fólk. En faðir okkar hefur fellt dóm yfir því og leitt okkur í burtu, því að við fórum að orðum hans. Já, og bróðir okkar er alveg eins og hann. Og með þessum orðum mögluðu bræður mínir og kvörtuðu.

13a Al 37:38–39.

b 1 Ne 2:20;

Jakob 2:12.

c 2 Mós 6:7.

14a 2 Ne 1:4.

LR Vítisburður.

b K&S 5:2.

17a 1 Ne 18:1–6.

19a LR Ofsækja,

ofsókn.

20a 1 Ne 2:11.

22a 1 Ne 1:13.

23 En þá var það, að ég, Nefí, talaði til þeirra og sagði: Trúið þið, að feður okkar, sem voru börn Ísraels, hefðu verið leiddir úr höndum Egypta, ef þeir hefðu ekki farið að orðum Drottins?

24 Já, gjörði þið ráð fyrir, að þeir hefðu verið leiddir úr ánaud, hefði Drottinn ekki einmitt boðið Móse að "leiða þá úr ánaud?

25 Og nú vitið þið, að börn Ísraels voru "ánaudug og vitið, að þau voru hlaðin þungbærum^bbyrðum. Þess vegna vitið þið, að það var til bóta fyrir þau að vera leidd úr ánaud.

26 Og nú vitið þið, að það var Drottinn, sem bauð "Móse að leysa þetta mikla verk af hendi. Og þið vitið, að fyrir hans^borð skiptust vötn Rauðahafsins í báðar áttir, svo að þau gengu yfir á þurru.

27 Og þið vitið, að Egyptunum, hersveitum Faraós, var drekkt í Rauðahafinu.

28 Og þið vitið einnig, að þau voru nærð á "manna í eyðimörkinni.

29 Já, og þið vitið þar að auki, að fyrir kraft Guðs, sem í Móse bjó, "laust hann klettinn með orðum sínum, svo að vatn spratt fram og

börn Ísraels fengu slökkt þorsta sinn.

30 Og þó að Drottinn Guð þeirra og lausnari leiddi þau, gengi á undan þeim og vísaði þeim veginn á daginn og lýsti hann upp á næturnar og gjörði allt fyrir þau, sem mannum er að "gagni, hertu þau engu að síður hjörtu sín og blinduðu hug sinn og^bsmáðu Móse og hinn eina sanna og lifanda Guð.

31 En svo bar við, að samkvæmt orði sínu "tortímdi hann þeim, samkvæmt orði sínu^bleiddi hann þau, samkvæmt orði sínu gjörði hann allt fyrir þau. Og alls ekkert gjörðist nema að orði hans.

32 Og þegar þau voru komin yfir ána Jórdan, gjörði hann þau nógu voldug til að gjöra landsins börn "útræk og tvístra þeim, þeim til tortímingar.

33 Og teljið þið nú, að börn þessa lands, sem fyrir voru í fyrirheitna landinu og feður okkar gjörðu útræk, hafi verið réttlát? Sjá, ég svara ykkur: Nei.

34 Og teljið þið, að feður okkar hefðu verið teknir fram yfir þau, ef þau hefðu verið réttlát? Ég svara ykkur: Nei.

35 Sjá. Drottinn metur allt "hold

24a 2 Mós 3:2–10;

1 Ne 19:10;

2 Ne 3:9; 25:20.

25a 1 Mós 15:13–14.

b 2 Mós 1:11; 2:11.

26a Post 7:22–39.

b 2 Mós 14:21–31;

1 Ne 4:2;

Mósía 7:19;

He 8:11;

K&S 8:3;

HDP Móse 1:25.

28a 2 Mós 16:4, 14–15, 35;

4 Mós 11:7–8;

5 Mós 8:3;

Mósía 7:19.

29a 2 Mós 17:6;

4 Mós 20:11;

5 Mós 8:15;

1 Ne 20:21.

30a K&S 18:18; 88:64–65.

b 2 Mós 32:8;

4 Mós 14:2–3;

Esek 20:13–16;

K&S 84:23–25.

31a 4 Mós 26:65.

b 1 Ne 5:15;

K&S 103:16–18.

32a 4 Mós 33:52–53;

Jós 24:8.

35a Post 10:15, 34;

Róm 2:11;

2 Ne 26:23–33.

á einn og sama veg. Hinn ^bréttláti nýtur ^cnáðar Guðs. En sjá. Þetta fólk hafði hafnað sérhverju orði Guðs og misgjörðir þess höfðu náð hámarki, og fylling hinnar heilögu reiði Guðs kom yfir það. Og Drottinn lagði bölvun á landið fyrir þetta fólk, en blessaði það feðrum okkar. Já, sú bölvun, sem hann lagði á landið, varð fólkinu til tortímingar, en sú blessun, sem hann veitti feðrum okkar, gaf þeim vald yfir því.

36 Sjá. Drottinn ^askóp ^björðina til þess, að hún skyldi ^cbyggð. Og hann skóp börn sín til þess, að þau hefðu eignarrétt yfir henni.

37 Og hann ^avekur upp réttláta þjóð, en tortímir þjóðum hinna ranglátu.

38 Og hina réttlátu leiddi hann burtu inn í dýrmæt ^alönd, en hinum ranglátu ^btortímdi hann og lagði bölvun á landið þeirra vegna.

39 Og hann ríkir á himnum hátt, því að þar er háseti hans, en þessi jörð er ^afótskór hans.

40 Og hann elskar þá, sem vilja hafa hann að Guði sínum. Sjá. Hann elskaði feður okkar og gjörði við þá ^asáttmála, já, við Abraham, ^bÍsak og ^cJakob. Og hann mundi sáttmálana, sem hann

hafði gjört, og þess vegna leiddi hann þá út úr landi ^aEgypta.

41 Og hann rétti þá við í eyðimörkinni með refsisprota sínum, því að þeir höfðu ^ahert hjörtu sín á sama hátt og þið hafið gjört. Og hann rétti þá við vegna misgjörða þeirra. Hann sendi eldspúandi, fljúgandi ^bhöggorma þeirra á meðal. Og þegar þeir höfðu orðið fyrir biti, sá hann svo um, að þeir mættu aftur ^aheilir verða. Og það eina, sem þeim var ætlað að gjöra, var að líta, en vegna þess, hversu ^aeinfalt það var og auðvelt, fór-ust margir.

42 En öðru hverju hertu þeir hjörtu sín og ^alöstuðu ^bMóse jafnt sem Guð. Engu að síður er ykkur kunnugt um, að óviðjafnanlegur kraftur hans leiddi þá inn í fyrirheitna landið.

43 En nú eftir allt þetta er sú stund upp runnin, að þeir eru orðnir ranglátir, já, mælirinn er nærri fullur. Ég veit ekki nema tortímingin blasi við þeim nú þegar í dag. Hins vegar veit ég, að sá dagur hlýtur óhjákvæmlega að renna upp, að þeir verði tortímingunni að bráð að fáeinum undanskildum, sem færðir verða burt í ánauð.

35 ^b Sálm 55:23;

1 Ne 22:17.

^c 1 Sam 2:30;

Sálm 97:10; 145:20;

Al 13:4; K&S 82:10.

36 ^a LR Skapa, sköpun.^b LR Jörð.^c Jes 45:18;

Abr 3:24–25.

37 ^a Okv 14:34;

1 Ne 4:13;

Et 2:10;

K&S 117:6.

38 ^a LR Fyrirheitið land.^b 3 Mós 20:22.39 ^a Jes 66:1;

K&S 38:17; Abr 2:7.

40 ^a LR Sáttmáli Abrahams.^b 1 Mós 21:12;

K&S 27:10.

^c 1 Mós 28:1–5.^d 5 Mós 4:37.41 ^a 2 Kon 17:7–23.^b 4 Mós 21:4–9;

5 Mós 8:15;

Al 33:18–22.

^c Jóh 3:13–15;

2 Ne 25:20.

^d Al 37:44–47;

He 8:15.

42 ^a 4 Mós 14:1–12.

LR Uppreisn.

^b K&S 84:23–24.

44 Þess vegna ^a“bauð Drottinn föður mínum að halda út í óbyggðirnar. Og Gyðingarnir sóttust auk þess eftir lífi hans. En ^bþið hafið einnig sóst eftir lífi hans, og þess vegna eruð þið morðingar í hjörtum ykkar nákvæmlega eins og þeir.

45 Þið eruð ^a“fljótir til misgjörða, en seinir til að minnast Drottins, Guðs ykkar. Þið hafið séð ^bengil, já, hann hefur talað til ykkar, og þið hafið heyrt rödd hans öðru hverju. Og hann hefur talað til ykkar lágri, hljóðlátri röddu, en þið voruð orðnir svo ^c“tilfinningalausir, að þið gátuð ekki skynjað orð hans. Þess vegna varð hann að tala til ykkar með þrumuraustu, sem skók jörðina rétt eins og hún væri að klofna.

46 Og þið vitið einnig, að í ^a“krafti síns almáttuga orðs getur hann látið jörðina hverfa. Og þið vitið, að orð hans getur fyllt hverja lægð og jafnað hverja hæð og sérhvern hól. Og hvernig getið þið þá verið svo forhertir í hjarta?

47 Sjá. Sál mín er sundurtætt af angist ykkar vegna, og hjarta mitt fullt af sársauka. Ég óttast, að ykkur verði að eilífu vísað frá. Sjá, andi Guðs hefur ^a“gagntekið mig svo mjög, að líkami minn er algjörlega ^b“máttvana.

48 Og svo bar við, að þegar ég hafði mælt þessi orð, reiddust

þeir mér og vildu helst kasta mér í djúp sjávar. En þegar þeir komu til að leggja hendur á mig, talaði ég til þeirra og mælti: Í nafni almáttugs Guðs skipa ég ykkur að ^a“snerta mig ekki, því að ^b“kraftur Guðs logar í mér af því líku afli, að hann nær brennir upp hold mitt, og hver sá, sem leggur á mig hendur, mun ^c“visna eins og þornað strá og að engu verða fyrir krafti Guðs, því að Guð mun ljósta hann.

49 Og svo bar við, að ég, Nefí, sagði þeim að hætta að mögla gegn föður sínum og halda ekki lengur að sér höndum, þar eð Guð hefði fyrirskipað mér að smíða skip.

50 Og ég sagði við þá: Hvaðeina, sem Guð skipar mér að gjöra, get ég gjört. “Ef hann skipaði mér að segja við þetta vatn: Þú skalt verða að þurrlendi, yrði vatnið að þurrlendi, ef ég segði svo.

51 Og ef Drottinn hefur því líkt vald og hefur gjört slíkt kraftaverk meðal manna barna, hví skyldi hann þá ekki geta ^a“kennt mér að smíða skip?

52 Og svo bar við, að ég, Nefí, sagði bæði margt og mikið við bræður mína, svo mikið, að þeir urðu sneyptir og gátu ekki andmælt mér. Og þeir þorðu heldur ekki að leggja á mig hendur, ekki einu sinni að drepa á mig fingri dögum saman. Og slíkur var kyngikraftur ^a“Guðs anda, að

44a 1 Ne 2:1–2.

b 1 Ne 16:37.

45a Mósía 13:29.

b 1 Ne 4:3.

c Ef 4:19.

46a He 12:6–18.

47a Míka 3:8.

b 1 Ne 19:20.

48a Mósía 13:3.

b 2 Ne 1:26–27.

LR Kraftur.

c 1 Kon 13:4–7.

50a Fil 4:13;

1 Ne 3:7.

51a 1 Mós 6:14–16;

1 Ne 18:1.

52a LR Heilagur andi.

þeir höfðu ekki kjark til þessa af hræðslu við að visna frammi fyrir mér. Og þannig urðu þeir fyrir áhrifum hans.

53 En svo bar við, að Drottinn sagði við mig: Réttu aftur bræðrum þínum hönd þína, og þeir munu ekki visna frammi fyrir þér. En ég mun skjóta þeim skelk í bringu, svo að þeir megi vita, að ég er Drottinn, Guð þeirra.

54 Og svo bar við, að ég rétti bræðrum mínum höndina, og þeir visnuðu ekki frammi fyrir mér. En Drottinn skelfdi þá rækilega í samræmi við það, sem hann hafði mælt.

55 Og þá sögðu þeir: Nú vitum við með vissu, að Drottinn er með þér, því að við vitum, að það er kraftur Drottins, sem skelfdi okkur. Og þeir féllu til jarðar frammi fyrir mér og ætluðu að "tilbiðja mig, en það vildi ég ekki leyfa, heldur sagði: Ég er einungis bróðir ykkar, já, meira að segja yngri bróðir, þess vegna skuluð þið tilbiðja Drottin, Guð ykkar, og heðra föður ykkar og móður, svo að þið verðið ^blanglífir í því landi, sem Drottinn Guð gefur ykkur.

18. KAPÍTULI

Skipasmíðinni lýkur — Minnst er á fæðingu Jakobs og Jósefs — Hópurinn leggur af stað til fyrirheitna landsins — Synir Ísmaels og eiginkonur þeirra taka þátt í svalli og uppreisn — Nefí er fjötraður og ofsarok hrekur

skipið aftur á bak — Nefí er leystur og fyrir bænir hans lægir storminn — Fólkið kemur til fyrirheitna landsins. Um 591–590 f.Kr.

EN svo bar við, að þeir tóku að vegsama Drottin og gengu í lið með mér, og við unnum timbur á óvenjulegan hátt. Og Drottinn sýndi mér öðru hverju, á hvern hátt ég skyldi vinna timbrið í skipið.

2 En ég, Nefí, vann ekki timbrið eins og menn kenna, og ég smíðaði ekki heldur skipið að háttum manna. Ég smíðaði það á þann hátt, sem Drottinn hafði sýnt mér, og þess vegna var það ekki gjört að háttum manna.

3 Og ég, Nefí, gekk oft á fjallið og "bað oft til Drottins, og því ^bsýndi Drottinn mér stórkostlega hluti.

4 En svo bar við, að þegar ég hafði lokið skipssmíðinni eftir orði Drottins, sáu bræður mínir, að skipið var traust og að sérstaklega var vel frá því gengið. Þess vegna auðsýndu þeir Drottni "auðmýkt sína enn á ný.

5 En svo bar við, að rödd Drottins barst föður mínum og mælti svo fyrir, að við skyldum rísa á fætur og halda um borð í skipið.

6 Og svo bar við, að daginn eftir að við höfðum lokið öllum undirbúningi, safnað miklu af ávöxtum og "kjöti í óbyggðunum og feiknunum öllum af hunangi og vistum, samkvæmt fyrirmælum Drottins, þá héldum við um borð í skipið með farm okkar, fræ og allt

55a Post 14:11–15.
b 2 Mós 20:12;
Mósía 13:20.

18 3a LR Bæn.
b LR Opinberun.
4a 1 Ne 16:5.

6a 1 Ne 17:2.

annað, sem við höfðum tekið með okkur, hver og einn eftir sínum aldri. Þannig héldum við allir um borð í skipið ásamt eiginkonum okkar og börnum.

7 Og faðir minn hafði getið tvo sonu í óbyggðunum. Sá eldri var nefndur ^aJakob, en hinn yngri ^bJósef.

8 Og svo bar við, að þegar við vorum öll komin um borð í skipið og höfðum tekið með okkur vistir og annað, sem okkur hafði verið boðið að hafa með, lögðum við frá og héldum til ^asjávar og bár-umst fyrir vindi í átt að ^bfyrir-heitna landinu.

9 Og þegar okkur hafði borið fyrir vindi dögum saman, sjá, þá tóku bræður mínir og synir Ísmaels og eiginkonur þeirra að gjöra sér glaðan dag. Þau hófu dans, söng og ruddalegt tal, já, svo ruddalegt, að þeim gleymdist jafnvel, hvaða kraftur hefði flutt þau þangað, sem þau voru komin. Já, ruddaskapur þeirra magnaðist úr hófi fram.

10 Og ég, Nefí, óttaðist, að Drottinn mundi reiðast okkur og ljósta okkur vegna misgjörða okkar og léti djúp hafsins gleypa okkur. Þess vegna hóf ég að tala við þá af fullri alvöru, en sjá, þeir voru ^areiðir mér og sögðu: Við viljum ekki, að yngri bróðir okkar ^bstjórni okkur.

11 Og svo bar við, að Laman og Lemúel tóku mig, settu mig í bönd og léku mig grátt. Engu að síður lét Drottinn það ^aviðgangast, svo að hann mætti sýna kraft sinn og orð hans um hina ranglátu uppfylltust.

12 Og svo bar við, að þegar þeir höfðu fjötrað mig svo fast, að ég gat hvorki hreyft legg né lið, hætti ^aáttavitinn, sem Drottinn hafði gjört, að starfa.

13 Þess vegna vissu þeir ekki, í hvaða átt skipinu skyldi stefnt. Og það brast á mikill stormur, já, ógn-vekjandi ofsarok, og okkur ^arak aftur á bak í þrjá daga. Og þeir voru alteknir ótta við að drukkna í sjónum. Samt leystu þeir mig ekki.

14 Og á fjórða degi, sem okkur rak aftur á bak, varð óveðrið að hreinu aftakaveðri.

15 Og svo bar við, að nærri lá, að sjávardjúpið gleypti okkur. Og þegar okkur hafði rekið aftur á bak í fjóra daga, tóku bræður mínir að ^agjöra sér grein fyrir því, að dómur Guðs væri yfir þeim og þeir hlytu að farast, ef þeir iðruðust ekki misgjörða sinna. Þess vegna komu þeir til mín og leystu böndin af úlnliðum mínum, og sjá, þeir voru stokkbólgnir. Og ökklar mínir voru einnig bólgnir og mjög sárir.

16 Engu að síður leit ég til Guðs míns, og ég söng honum ^alof allan liðlangan daginn. Og ég áfældist

7a 2 Ne 2:1.

b 2 Ne 3:1.

8a 2 Ne 10:20.

b 1 Ne 2:20.

LR Fyrirheitið land.

10a 1 Ne 17:17–55.

b 1 Mós 37:9–11;

1 Ne 16:37–38;

2 Ne 1:25–27.

11a Al 14:11.

12a 1 Ne 16:10, 16, 26;

2 Ne 5:12;

Al 37:38–47;

K&S 17:1.

13a Mósía 1:17.

15a He 12:3.

16a Al 36:28.

ekki Drottin fyrir þrengingar mínar.

17 En faðir minn, Lehí, hafði látið mörg orð falla, bæði við þá og syni “Ísmaels. En sjá, þeir höfðu í hótunum við hvern þann, sem talaði mínu máli. Og þar eð árin voru farin að færast yfir foreldra mína og börn þeirra höfðu valdið þeim djúpri sorg, urðu þau svo miður sín, að þau lögðust sjúk.

18 Vegna harms síns og sorgar og vegna misgjörða bræðra minna lá við, að þau yrðu á þeirri stundu leidd til móts við Guð sinn, og segðu skilið við lífið. Já, við lá, að þau legðu sitt gráa hár í duftið. Já, nærri lá, að sorgin tæki þeim vota gröf.

19 Og Jakob og Jósef, sem enn voru kornungir og þörfnuðust stöðugar umönnunar, urðu hryggir vegna þrenginga móður sinnar; en hvorki þeir, “eiginkona mín né börn mín, megnuðu með tárnum sínum og fyrirbænum að milda hjörtu bræðra minna, svo að þeir leystu mig.

20 Og ekkert gat mýkt hjörtu þeirra nema vald Guðs, sem ógnaði þeim með tortímingu. Þegar þeir því sáu, að djúp sjávar var um það bil að gleypa þá, iðruðust þeir nægjanlega þess, sem þeir höfðu gjört, til að leysa mig úr böndunum.

21 En svo bar við, að eftir að þeir höfðu losað mig, sjá, þá tók ég áttavitann og hann tók að virka að ósk minni. Og ég bað til Drottins,

og að bæn minni lokinni lægði vinda og storma og djúp kyrrð komst á.

22 Og svo bar við, að ég, Nefí, stefndi skipinu rétta leið, svo að við sigldum aftur í átt til hins fyrirheitna lands.

23 Og svo bar við, að þegar við höfðum siglt margar dagleiðir, komum við til “fyrirheitna landsins, og við gengum á land og reistum tjöld. Og við kölluðum það fyrirheitna landið.

24 Og svo bar við, að við tókum að yrkja jörðina og sá fræjum. Já, við sáðum öllum fræjum okkar í moldina, fræjunum, sem við höfðum haft með okkur frá landi Jerúsalem. Og svo bar við, að upp af fræjunum spratt afar vel, og við urðum blessuð með gnægð.

25 En svo bar við, að á ferðum okkar um óbyggðir hins fyrirheitna lands fundum við alls konar dýr í skógunum, bæði kýr og naut, asna og hross, geitur og villigeitur og alls konar villt nytjadyr. Og við fundum alls konar málmgrýti, sem innihélt bæði gull, silfur og kopar.

19. KAPÍTULI

Nefí gjörir töflur úr málmum og skráir sögu þjóðar sinnar — Guð Ísraels mun koma sex hundruð árum eftir að Lehí fór frá Jerúsalem — Nefí segir frá þjáningum hans og krossfestingu — Gyðingar verða fyrirlitnir og þeim tvístrað fram á síðari daga,

en þá munu þeir snúa aftur til Drottins. Um 589–570 f.Kr.

Og svo bar við, að Drottinn gaf mér fyrirmæli um að gjöra töflur úr góðmálmi, sem ég gæti letrað sögu þjóðar minnar á. Og á þær ^atöflur, sem ég gjörði, letraði ég heimildaskrá ^bföður míns, einnig frásögnina um ferðir okkar í óbyggðunum og spádóma föður míns. Ég letraði einnig marga minna eigin spádóma á þær.

2 Og þegar ég var að gjöra þær, vissi ég ekki, að Drottinn mundi bjóða mér að gjöra ^aþessar töflur. Þess vegna er heimildaskrá föður míns, ættartala forfedra hans og flest af því, sem á daga okkar dreif í óbyggðunum, letrað á þessar fyrstu töflur, sem ég hef talað um. Í sannleika sagt er þess vegna nánar frá því greint á fyrri töflunum, sem átti sér stað, áður en ég gjörði ^bþessar töflur.

3 Og þegar ég hafði lokið við að gjöra þessar töflur í samræmi við fyrirmælin, voru mér, Nefí, veitt fyrirmæli um, að hin helga þjónusta og spádómarnir, hinn auðskildari og dýrmætari hluti þeirra, skyldu færð í letur á ^aþessar töflur. Og hið skráða skyldi varðveitt til að uppfærða þjóð mína, sem erfa mundi landið, og einnig í öðrum

^bviturlegum tilgangi, sem Drottinn er kunnugt um.

4 Þess vegna gjörði ég, Nefí, heimildaskrá á hinar töflurnar, en þar segir frá, eða er skýrt nánar frá styrjöldum, ósamlyndi og tortímingu þjóðar minnar. Og þetta hef ég gjört og gefið þjóð minni fyrirmæli um að halda því áfram á sama hátt eftir minn dag og afhenda töflurnar mann fram af manni og frá einum spámanni til annars, þar til Drottinn gefur fyrirmæli um annað.

5 En síðar verður frá því sagt, hvernig ég ^agjörði þessar töflur. Og sjá. Ég held áfram í framhaldi af því, sem ég hef þegar sagt, en það gjöri ég til þess, að hin helgari atríði megi ^bvarðveitast í vitund þjóðar minnar.

6 Og ég letra ekki annað á töflurnar en það, sem ég tel ^aheilagt. Og verði mér á mistök, þá komu einnig fyrir mistök áður fyrr. Ekki svo að skilja, að ég hyggist afsaka mistök mín með mistökum annarra, heldur vil ég afsaka mig með þeim ^bveikleika, sem í mér er og bundinn er holdinu.

7 Því að það, sem sumir telja mikils virði bæði sálu og líkama, telja aðrir ^aeinskis virði og troða það fótum. Já, menn ^bfótumtroða jafnvel Guð Ísraels. Ég segi, að

19 1a LR Töflur.
b 1 Ne 1:16–17; 6:1–3.
2a 2 Ne 5:30.
b 1 Ne 9:1–5.
3a Jakob 1:1–4; 3:13–14;
4:1–4.
b 1 Ne 9:4–5;

OMorm 1:7;
K&S 3:19–20; 10:1–51.
5a 2 Ne 5:28–33.
b LR Ritningar —
Ritningar sem
varðveita ber.
6a Sjá titilsíðu

Mormónsbókar.
LR Helgur.
b Morm 8:13–17;
Et 12:23–28.
7a 2 Ne 33:2;
Jakob 4:14.
b LR Uppreisn.

þeir fótumtroði hann, en ég ætti að komast öðruvísi að orði — þeir meta hann einskis og hlýða ekki rödd hans og ráðum.

8 Sjá. Samkvæmt orðum engilsins mun hann ^akoma ^bsex hundruð árum eftir að faðir minn yfirgaf Jerúsalem.

9 Og vegna spillingar sinnar mun heimurinn meta hann einskis. Þess vegna húðstrýkja þeir hann, og hann umber það, þeir berja hann, og hann umber það. Já, á hann verður ^ahrækt, og hann umber það vegna þess ástríka kærleika og umburðarlyndis, sem hann ber í brjósti til mannanna barna.

10 Og ^aGuð feðra okkar, sem ^bleiddir voru úr ánaud út úr Egyptalandi og sem hann varðveitti einnig í eyðimörkinni, já, ^cGuð Abrahams og Ísaks og Guð Jakobs, er ^dseldi sjálfan sig sem maður, samkvæmt orðum engilsins, í hendur ranglátum mönnum til að verða ^elyft upp, samkvæmt orðum ^fSenokks, og ^gkrossfestur, samkvæmt orðum Neums, og lagður í ^hgröf, samkvæmt orðum ⁱSenosar, en hann mælti þessi orð

um ^jmyrkvadagana þrjá, er verða skyldu íbúum eylanda sjávar, og þá sér í lagi þeim, sem eru af ^kÍsraelsætt, tákn um dauða hans.

11 En þannig fórust spámanninum orð: Drottinn Guð mun vissulega ^avitja allrar Ísraelsættar á þeim degi. Sumra mun hann vitja með rödd sinni, réttlætis þeirra vegna, þeim til mikillar gleði og hjálpraðis, en annarra með ^bþrumum og eldingum krafts síns, með fárviðri, eldi og eimyrju og ^cmyrkum reykjarmekki, með ^djarðsprungum og ^efjöllum, sem færast úr stað.

12 Og ^aallt hlýtur þetta vissulega að koma fram, segir ^bSenos spámaður. Og ^cþjörg jarðar hljóta að klofna, og meðan jörðin stynur, mun andi Guðs koma mörgum af konungum eylanda sjávar til að hrópa: Guð náttúrunnar þjáist.

13 Og um þá, sem í Jerúsalem eru, segir spámaðurinn, að allar þjóðir muni ^arefsa þeim fyrir að ^bkrossfesta Guð Ísraels, snúa hjörtum sínum frá honum og afneita táknum og undrum, valdi og dýrð Guðs Ísraels.

8a LR Jesús Kristur — Spádómar um fæðingu og dauða Jesú Krists.

b 1 Ne 10:4; 2 Ne 25:19.

9a Jes 50:5–6; Matt 27:30.

10a 2 Ne 26:12; Mósía 7:27; 27:30–31; Al 11:38–39; 3 Ne 11:14–15.

b 2 Mós 3:2–10; 6:6; 1 Ne 5:15; K&S 136:22.

c 1 Mós 32:9; Mósía 7:19; K&S 136:21.

LR Jehóva.

d LR Friðþægja,

friðþæging.

e 3 Ne 27:14.

f Al 33:15; 34:7;

He 8:19–20;

3 Ne 10:15–16.

LR Ritningar —

Glaðaðar ritningar; Senokk.

g 2 Ne 6:9; Mósía 3:9.

LR Krossfesting.

h Matt 27:60;

Lúk 23:53;

2 Ne 25:13.

i Jakob 6:1; He 15:11.

LR Senos.

j 1 Ne 12:4–5;

He 14:20, 27;

3 Ne 8:3, 19–23; 10:9.

k 3 Ne 16:1–4.

11a 3 Ne 9;

K&S 5:16.

b He 14:20–27;

3 Ne 8:5–23.

c Lúk 23:44–45;

3 Ne 8:19–20.

d 2 Ne 26:5.

e 3 Ne 8:10.

12a He 14:20–28.

b Jakob 5:1.

c Matt 27:51.

13a Lúk 23:27–30.

b 2 Ne 10:3.

14 Og vegna þess að þeir snúa hjörtum sínum frá honum, segir spámaðurinn, og hafa “misboðið hinum heilaga Ísraels, munu þeir ráfa um í holdinu og farast, verða ^bhæddir, ^csmánaðir og fyrirleitnir af öllum þjóðum.

15 En þegar sá dagur rennur upp, að þeir eru ekki ^alengur afhuga hinum heilaga Ísraels í hjarta sínu, segir spámaðurinn, þá mun hann minnst ^bsáttmálans, sem hann gjörði við feður þeirra.

16 Já, þá mun hann minnst ^aeylanda sjávar. Og ég mun ^bsafna saman öllum, sem eru af ætt Ísraels, úr öllum fjórum heimshornum, segir Drottinn, samkvæmt orðum spámansins Senosar.

17 Já, og öll jörðin verður ^avitni að sáluhjálpi Drottins, segir spámaðurinn. Sérhver þjóð, kynkvísl, tunga og lýður mun blessun hljóta.

18 Og ég, Nefí, hef fært þetta í letur fyrir þjóð mína, ef mér skyldi takast að fá hana til að minnst Drottins, lausnara síns.

19 Þess vegna beini ég orðum mínum til allrar Ísraelsættar í von um, að hún geti orðið ^aþessa aðnjótandi.

20 Því að sjá. Ég er svo órólegur

í anda vegna þeirra, sem í Jerúsalem búa, að ég fæ vart á fótum staðið. Því að hefði Drottinn ekki verið svo miskunnsamur að sýna mér, hvað fyrir þeim lægi, já, eins og spámönnum fyrri tíma, hefði ég einnig farist.

21 Og hann sýndi vissulega ^aspámönnum fyrri tíma allt, sem þá ^bvarðaði. Hann sýndi og mörgum það, sem að okkur lýtur, og þess vegna hljótum við að þekkja til þeirra, þar eð frásögn þeirra er letruð á látunstöflurnar.

22 Nú bar svo við, að ég, Nefí, fræddi bræður mína um þetta. Og svo bar einnig við, að ég las fyrir þá margt af því, sem letrað var á ^alátunstöflurnar, svo að þeir mættu þekkja gjörðir Drottins í öðrum löndum og meðal fólks frá fyrri tímum.

23 Og ég las margt fyrir þá, sem ritað var í ^abækur Móse. En til að fá þá enn frekar til að trúá á Drottin lausnara sinn, las ég fyrir þá það, sem spámaðurinn ^bJesaja hafði ritað, því að ég ^ctileinkaði okkur allar ritningargreinarnar, svo að þær yrðu okkur til ^agagns og fróðleiks.

24 Þess vegna beindi ég orðum mínum til þeirra og sagði: Hlýðið á orð spámansins, þið sem eruð

14a Jes 53:3–6;
Mósía 14:3–6.

b LR Gyðingar.

c 5 Mós 28:37;

1 Kon 9:7;

3 Ne 16:9.

15a 1 Ne 22:11–12.

b LR Sáttmáli Abrahams.

16a 1 Ne 22:4;

2 Ne 10:21.

b Jes 49:20–22.

LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

17a Jes 40:4–5.

19a Enos 1:16;

Morm 5:12; 7:9–10.

21a 2 Kon 17:13;

Amos 3:7.

LR Spámaður.

b 3 Ne 10:16–17.

22a 1 Ne 22:1.

23a 2 Mós 17:14;

1 Ne 5:11;

HDP Móse 1:40–41.

b 1 Ne 15:20;

2 Ne 25:4–6;

3 Ne 23:1.

c LR Ritningar — Gildi

ritninganna.

d 2 Ne 4:15.

leifar Ísraelsættar, afskorin ^agrein. Hlýðið á orð spámannsins, sem rituð voru til allrar Ísraelsættar, og tileinkið ykkur þau, svo að þið megið varðveita vonina eins og bræður ykkar, sem þið hafið klofnað frá. Því að þannig hefur spámaðurinn ritað.

20. KAPÍTULI

Drottinn opinberar Ísrael áform sín — Ísrael hefur verið útvalinn í brennsluofni hörmungarinnar og á að yfirgefa Babilón — Samanber Jesaja 48. Um 589–570 f.Kr.

HLÝÐIÐ á og heyrðið þetta, þér Jakobsniðjar, þér, sem nefndir eruð nafni Ísraels og runnir eruð úr Júda lindum eða úr lindum ^askírnarinnar, þér, sem sverjið við nafn Drottins og tignið Guð Ísraels, en sverjið þó hvorki í sannleika né réttlæti.

2 Engu að síður kenna þeir sig við hina ^ahelgu borg, en leita ekki ^btrausts hjá Guði Ísraels, sem er Drottinn hersveitanna, já, nafn hans er Drottinn hersveitanna.

3 Sjá. Ég hef kunnngjört hið ^aliðna frá upphafi, það er útgengið af mínum munni, og ég birti það, já, ég birti það skyndilega.

4 Og ég gjörði það vegna þess, að ég vissi, að ^aþú ert þrjóskur og háls þinn seigur sem járnseymi og enni þitt hart sem kopar —

5 Og ég hef kunnngjört þér allt frá upphafi. Áður en það kom fram, sýndi ég þér það, og ég sýndi þér það, til þess að þú skyldir ekki segja — “Goð mitt hefur komið því til leiðar, og skurðgoð mitt og hið steypa líkneski mitt hefur ráðstafað því.

6 Þú hefur heyrt og séð allt þetta, en vilt þú ekki kunnngjöra það? Og ég hef frá þessari stundu sýnt þér nýja hluti, jafnvel hulda hluti, en þú barst ekki kennsl á þá.

7 Núna eru þeir skapaðir, en voru ei til frá upphafi. Þeir voru kunnngjörðir þér, jafnvel áður en þú hafðir nokkuð um þá heyrt, til að þú skyldir ekki geta sagt: Sjá, ég þekkti þá.

8 Já, og þú heyrðir það eigi — já, þú þekktir það eigi — já, eyra þínu var eigi upp lokið frá þessum tíma, því að ég vissi, að þú mundir svikull verða og verða nefndur ^alög málsbrjótur frá móðurkviði.

9 Engu að síður mun ég skjóta reiði minni á frest sakir ^anafns míns, og vegna lofs míns mun ég halda mig frá þér, svo að ég uppræti þig eigi.

10 Því að sjá. Ég slípaði þig, og ég útvaldi þig í brennsluofni ^aþrengingarinnar.

11 Mín vegna, já, sjálfs mín vegna mun ég gjöra þetta, því að ég mun

24a 1 Mós 49:22–26;

1 Ne 15:12;

2 Ne 3:4–5.

20 1a LR Skírn, skíra.

2a Jes 52:1.

LR Jerúsalem.

b Þ.E. treysta á.

3a Jes 46:9–10.

4a Þ.E. Ísrael.

5a LR Falsgudáyrkun.

8a Sálm 58:4.

9a 1 Sam 12:22;

Sálm 23:3;

1 Jóh 2:12.

10a LR Andstreymi.

ekki líða, að „nafn mitt sé vanhelgað, og dýrð mína gef ég ^beigi öðrum.

12 Heyr mig, ó, Jakob og þú Ísrael, sem ég hef kallað. Ég er Hann, og ég hef kallað. Ég er Hann, og ég er hinn „fyrsti og einnig hinn síðasti.

13 Hönd mín hefur „einnig grundvallað jörðina, hægri hönd mín hefur þanið út himnana. Ég kalla og þau rísa upp saman.

14 Safnist allir saman og heyrið. Hver á meðal þeirra kunngjörði þeim þetta? Drottinn elskaði hann, já, hann mun láta orð sitt „rætast, sem hann hefur kunngjört fyrir milligöngu þeirra. Og hann mun fara með ^bBabýlon að geðþótta sínum, og armur hans mun koma yfir Kaldverja.

15 Og Drottinn sagði einnig: Ég, Drottinn, já, ég hef mælt svo og hef kallað hann til frásagnar. Ég hef leitt hann fram, og hann skal veita veg sínum sigurgengi.

16 Komið til mín. Ég hef eigi talað í „leynum. Frá upphafi, frá þeim tíma, er það var kunngjört, hef ég talað, og Drottinn Guð og andi hans sendu mig.

17 Og þannig mælti Drottinn, „lausnari þinn, hinn heilagi Ísraels: Ég hef sent hann, ég Drottinn Guð þinn, sem uppfraði þig þér að gagni og ^bleiði þig eftir

veginum, sem þér ber að ganga, ég hef gjört það.

18 Æ, að þú hefðir hlýtt „boðum mínum, þá hefði friður þinn verið sem fljót og réttlæti þitt sem bylgjur sjávarins.

19 „Niðjar þínir hefðu þá einnig verið sem fjörusandur og lífsafkvæmi þín sem sandkorn hans, nafn hans mundi aldrei afmáð verða og aldrei hverfa frá mínu augli.

20 „Yfirgefið Babýlon, flýið Kaldverjana. Boðið þetta og birtið það með gleðisöng, útbreiðið það til endimarka jarðarinnar og segið: Drottinn hefur endurleyst ^bþjón sinn, Jakob.

21 Og þá „þyrsti ekki, hann leiddi þá um öræfin, hann lét vatn spretta upp úr ^bkletti handa þeim og hann klauf klettinn, svo að vatnið vall þar fram.

22 En þótt hann hafi gjört allt þetta og enn stórkostlegri hluti, er hinum ranglátu samt enginn „friður búinn, segir Drottinn.

21. KAPÍTULI

Messías verður Þjóðunum ljós og mun leysa hina fjötruðu — Ísrael mun safnað saman með krafti á síðustu dögum — Konungar verða barnfóstrar þeirra — Samanber Jesaja 49. Um 589–570 f.Kr.

11a Jer 44:26.

b Jes 42:8;
HDP Móse 4:1–4.

12a Op 1:17; 22:13.

LR Alfa og Ómega;
Frumburður.

13a Sálm 102:26.

LR Skapa, sköpun.

14a 1 Kon 8:56;

K&S 64:31; 76:3.

b LR Babel, Babýlon.

16a Jes 45:19.

17a LR Lausnari.

b LR Innblástur, guðleg
andagift;
Opinberun.

18a Préd 8:5.

19a 1 Mós 22:15–19;

Hós 1:10.

20a Jer 51:6;

K&S 133:5–14.

b Jes 44:1–2, 21.

21a Jes 41:17–20.

b 2 Mós 17:6;

4 Mós 20:11;

1 Ne 17:29; 2 Ne 25:20.

22a LR Friður.

Og enn. Hlýðið á þér Ísraelsætt og þér allir, sem hafið klofnað frá og verið reknir út vegna ranglætis sáluhirða þjóðar minnar. Já, allir þér, sem hafið klofnað frá og eruð dreifðir um ókunnar slóðir og eruð af þjóð minni, ó Ísraelsætt. Heyrið þér ^aeylönd og hyggið þér að, ^bfjarlægjar þjóðir. Drottinn hefur kallað mig allt frá móðurlífi og nefnt nafn mitt, frá því að ég var í kviði móður minnar.

2 Hann hefur gjört munn minn sem beitt sverð og hulið mig í skugga handar sinnar. Hann hefur gjört mig að fagaðri ör og falið mig í örvamæli sínum —

3 Og hann sagði við mig: Þú ert ^aþjónn minn, ó Ísrael, og í þér mun ég vegsamaður verða.

4 Þá sagði ég: Ég hef erfiðað til einskis, eytt kröftum mínum til ónýtis og árangurslaust; sannarlega er dómur minn í hendi Drottins og verk mín hjá Guði mínum.

5 En nú segir Drottinn, hann sem ^amótaði mig allt frá móðurlífi til að vera þjónn sinn til að snúa Jakob aftur til sín — og enda þótt Ísrael sameinist ekki, mun ég samt dýrmætur í augum Drottins og Guð minn verður minn styrkur.

6 Og hann segir: Það er auðvelt fyrir þig að vera þjónn minn til þess að endurreisa ^aættkvíslir Jakobs og leiða heim aftur þá, er

varðveist hafa af Ísrael. Ég gjöri þig einnig að ^bljósi fyrir ^cÞjóðirnar, svo að þú sért mitt hjálpræði til endimarka jarðarinnar.

7 Svo segir Drottinn, frelsari og heilagur Guð Ísraels, við þann, sem menn fyrirliða, við þann, sem fólk hefur andstyggt á, við þræl harðstjóranna. Augu konunga munu opnast og þeir munu rísa á fætur, þjóðhöfðingjar munu einnig tilbíðja vegna Drottins, sem er trúr.

8 Svo segir Drottinn: Á náðartímum bænheyri ég yður, ó, þér eylönd sjávar, á degi hjálpræðisins hjálpa ég yður og ég mun varðveita yður og gjöra ^aþjón minn að sáttmála fyrir lýðinn til þess að reisa landið við, til þess að úthluta erfðahlutum, sem komnir eru í auðn —

9 Til þess að þú getir sagt við hina ^afjötruðu: Gangið út, og við þá, sem í ^bmyrkrunum eru: Komið fram í dagsbirtuna. Þeir munu finna sér næringu á vegum úti og jafnvel háar hæðir munu teljast til ^abeitilanda þeirra.

10 Þá skal ekki hungra og ekki þyrsta og eigi skal hiti og sól vinna þeim mein, því að miskunnari þeirra vísar þeim veg alla leið að uppsprettulindunum.

11 Og ég gjöri öll mín fjöll að vegi, og ^abrautum mínum skal lyft til upphæða.

21 1a 1 Ne 22:4;
2 Ne 10:20–22.
b K&S 1:1.
3a 3 Mós 25:55;
Jes 41:8;
K&S 93:45–46.
5a Jes 44:24.

6a LR Ísrael — Tölf
ættkvíslir Ísraels.
b K&S 103:8–10;
Abr 2:10–11.
c 3 Ne 21:11.
8a 2 Ne 3:6–15;
3 Ne 21:8–11;

Morm 8:16, 25.
9a LR Sáluhjálpræði fyrir hina
dánú.
b 2 Ne 3:5.
c Esek 34:14.
11a Jes 62:10;
K&S 133:23–32.

12 Og sjá nú, Ísraelsætt. “Sumir koma langt að, sumir úr norðri og vestri, aðrir frá Syenalandi.

13 “Lofsyngið, þér himnar, og fagna þú jörð, því að þeir, sem í austri eru, munu standa föstum fótum, og hefjið gleðisöng þér fjöll, því að þeim mun eigi frammar mein gjört, því að Drottinn veitir huggun lýð sínum og auðsýnir miskunn sínum þjáðu.

14 En sjá. Sion hefur sagt: Drottinn hefur yfirgefið mig, herra minn hefur gleymt mér — en hann mun sýna, að hann hefur engu gleymt.

15 Hvort fær “kona gleymt brjóstabarni sínu, svo að hún miskunni eigi lífsafkvæmi sínu? Já, þær gætu ^bgleymt, en ég mun ekki gleyma þér, ó Ísraelsætt.

16 Sjá, ég hef rist þig á “lófa mína, múrar þínir standa jafnan fyrir augum mér.

17 Börn þín munu skunda á móti eyðendum þínum, og þeir, sem “lögðu þig í rústir, munu víkja burt frá þér.

18 Hef upp augu þín og litast um. Þeir “safnast allir saman, og þeir munu koma til þín, og svo sannarlega sem ég lifi, segir Drottinn, skalt þú íklæðast þeim öllum sem skarti og belta þig með þeim, já, sem brúður.

19 Því að rústir þínar, eyðistaðir þínir og umturnað land

þitt verður nú of þröngt fyrir íbúana, og þeir, sem gleypu þig í sig verða langt í burtu.

20 Og börnin, sem þú eignast eftir missi hinna fyrstu, munu aftur segja í eyru þér: Hér er of “þröngt um mig, færðu þig, svo að ég fái bústað.

21 Þá munt “þú segja í hjarta þínu: Hver hefur getið þessi börn með mér — mér, sem hef misst börn mín, er ^byfirgefin og ánauðug og á stöðugum flótta fram og til baka, og hver hefur fósrað þessi börn? Sjá, ég var skilin ein eftir og hvar hafa þessi börn verið?

22 En svo mælir Drottinn Guð: Sjá, ég mun lyfta hendi minni til “Þjóðanna og reisa upp ^bmerki mitt fyrir lýðinn, og munu þeir þá færa hingað sonu þína í “fangi sér, og dætur þínar bera þeir hingað á herðum sér.

23 “Konungar skulu verða þér ^bbarnfóstrar og drottningar þeirra barnfóstrur þínar. Þeir munu falla til jarðar fram á ásjónur sínar fyrir þér og sleikja duft fóta þinna. Þá munt þú komast að raun um, að ég er Drottinn og þeir verða sér ekki til skammar, sem eftir mér “bíða.

24 Hvort mun herfangið tekið af hinum máttuga eða “réttmætir fangar leystir úr haldi?

25 En svo segir Drottinn: Jafnvel fangar hins máttuga verða frá

12a Jes 43:5–6.

13a Jes 44:23.

15a LR Kona, konur.

^b Jes 41:17; Al 46:8;
K&S 61:36.

16a Sak 13:6.

17a 3 Ne 21:12–20.

18a Míka 4:11–13.

20a EDA að þrengd, eða þröngur.

21a P.E. Sion.

^b Jes 54:1; Gal 4:27.

22a Jes 66:18–20.

^b Jes 11:12; 18:3.

c 1 Ne 22:8;

2 Ne 10:8–9.

23a Jes 60:16.

^b 1 Ne 22:6.

c 2 Ne 6:13;

K&S 98:2; 133:10–11, 45.

24a 1 Ne 21:25.

honum teknir og herfang ofbeldismannsins mun framselt, því að ég mun berjast gegn þeim, sem berst gegn þér, og ég mun leysa börn þín.

26 Ég mun láta kúgara þína “éta sitt eigið hold. Þeir skulu verða drukknir af sínu eigin blóði eins og af gómsætu víni, og allt hold mun þá ^bvita, að ég, Drottinn, er frelsari þinn og lausnari, hinn “máttugi Jakobs.

22. KAPÍTULI

Ísrael mun tvístrað um alla jörðina — Þjóðirnar munu fóstora og næra Ísrael með fagnaðararindinu á síðustu dögum — Ísrael verður safnað saman og hann leystur og hinir ranglátu munu brenna sem hálmleggir — Ríki djöfulsins verður tortímt og Satan mun bundinn. Um 589–570 f.Kr.

EN nú bar svo við, að þegar ég, Nefí, hafði lesið það, sem letrað var á “látúnstöflurnar, komu bræður mínir til mín og sögðu við mig: Hvað þýðir þetta, sem þú hefur verið að lesa? Sjá, ber að skilja það samkvæmt andanum og mun það gjörast í andanum en ekki í holdinu?

2 Og ég, Nefí, sagði við þá: Sjá, rödd andans “opinberaði spámanninum þetta, því að fyrir ^bandann fá “spámennirnir

þekkingu á öllu því, sem manna börn munu verða fyrir í holdinu.

3 Þess vegna er það, sem ég var að lesa, bæði andlegs og “stundlegs eðlis, því að svo virðist sem ætt Ísraels muni fyrr eða síðar verða ^btvístrað um allt yfirborð jarðar og jafnframt meðal allra þjóða.

4 Og sjá. Þeir eru þegar margir, sem íbúar Jerúsalem vita ekkert um. Já, stærri hluti allra “ættkvíslanna hefur verið ^bleiddur á brott. Þeir eru dreifðir hér og þar um “eylönd sjávar, en enginn okkar veit, hvar þeir eru niður komnir. Við vitum einungis, að þeir hafa verið leiddir á brott.

5 Og síðan þeir voru leiddir á brott, hefur þessu verið spáð fyrir þeim og fyrir öllum, sem síðar verður tvístrað og dreift vegna hins heilaga Ísraels, því að gegn honum munu þeir herða hjörtu sín. Og þess vegna mun þeim tvístrað meðal allra þjóða og þeir “fyrirlitnir af öllum mönnum.

6 En samt sem áður, eftir að þeir hafa verið í “fóstri ^bþjóðanna og Drottinn hefur lyft hendi sinni mót þjóðunum og gjört þær að fordæmi, og “börn þeirra hafa verið borin í örmum þeirra og dætur þeirra á herðum þeirra, sjá, allt það, sem talað er um, er stundlegt, því að þannig eru sáttmálar

26a 1 Ne 22:13–14.

b Mósía 11:22.

c LR Jehóva.

22 1a 1 Ne 19:22; 2 Ne 4:2.

2a 2 Pét 1:19–21.

b LR Heilagur andi.

c LR Spádómur, spá.

3a K&S 29:31–34.

b 1 Ne 10:12–14;

2 Ne 25:14–16.

LR Ísrael — Tvístrun

Ísraels.

4a LR Ísrael — Hinar

tíu horfnu kynkvíslir

Ísraels.

b 2 Ne 10:22.

c 1 Ne 21:1; 2 Ne 10:8, 20.

5a 1 Ne 19:14.

6a 1 Ne 21:23.

b LR Þjóðirnar.

c 1 Ne 15:13.

Drottins við feður okkar. Og þetta á við okkur um ókomna daga, sem og við alla bræður okkar, sem eru af Ísraelsætt.

7 Og það þýðir, að eftir að allri Ísraelsætt hefur verið tvístrað, og henni dreift, þá mun sá tími koma, að Drottinn Guð uppvekur volduga þjóð meðal ^aÞjóðanna, já, jafnvel á þessari grund, og hún mun ^btvístra niðjum okkar.

8 Og þegar niðjum okkar hefur verið stökkt á dreif, mun Drottinn Guð halda áfram að vinna ^aundursamlegt verk meðal ^bÞjóðanna, og það verk verður niðjum okkar ^cmikils virði. Þess vegna er því líkt við það, að þeir séu í fóstri hjá Þjóðunum, sem beri þá í örmum sér og á herðum sér.

9 Og það mun einnig mikils ^avirði fyrir Þjóðirnar og ekki einungis Þjóðirnar, heldur og ^bfyrir alla ^cÍsraelsætt, þar eð það gjörir kunna ^dsáttmálana, sem faðirinn á himni gjörði við Abraham, þegar hann sagði: Af þínu ^eafkvæmi skulu allar ættkvíslir jarðar ^fblessun hljóta.

10 Og ég vil, að þið vitið, bræður mínir, að blessun getur ekki náð til allra ættkvísla jarðar, nema hann gjöri ^aberan armlegg sinn fyrir augliti þjóðanna.

11 Þess vegna mun Drottinn Guð halda áfram að gjöra beran armlegg sinn fyrir augliti allra þjóðanna með því að halda sáttmála sína, sem hann gjörði við þá, sem eru af Ísraelsætt, og færa þeim fagnaðarerindi sitt.

12 Þess vegna mun hann leysa þá aftur úr ánaud, og þeir munu ^asameinaðir aftur í erfðalöndum sínum og verða leiddir úr ^bmyrkri og villu, og þeim mun skiljast, að ^cDrottinn er ^dfrelsari þeirra og lausnari þeirra, hinn ^emáttugi Ísraels.

13 Og blóði hinnar voldugu og ^aviðurstygglegu kirkju, vændiskonu allrar jarðarinnar, mun úthellt yfir höfuð hennar sjálfrar, því að þeir munu ^bberjast innbyrðis og sverð ^ceigin handa munu falla á höfuð þeirra sjálfra, og þeir verða sem drukknir af eigin blóði.

14 Og þeim ^aþjóðum, sem stríða gegn þér, ó Ísraelsætt, mun snúið hverri gegn annarri, og sjálfar munu þær ^bfalla í þá gróf, sem þær grófu þeim, sem Drottins eru. Og allir, er ^cberjast gegn Síon, munu tortímast, og hin mikla hóra, sem hefur rangsnúið réttum vegum Drottins, já, hin mikla og viðurstygglega kirkja, mun falla

7a 3 Ne 20:27.

b 1 Ne 13:12–14; 2 Ne 1:11.

8a Jes 29:14; 1 Ne 14:7;
2 Ne 27:26.

LR Endurreisin
fagnaðarerindisins.

b 2 Ne 10:10–11;
3 Ne 16:4–7;
Morm 5:19.

c 1 Ne 15:13–18;
3 Ne 5:21–26; 21:7.

9a 1 Ne 14:1–5.

b 2 Ne 30:1–7.

c 2 Ne 29:13–14.

d 5 Mós 4:31.

e LR Sáttmáli Abrahams.

f 1 Mós 12:2–3;
3 Ne 20:27; Abr 2:9–11.

10a Jes 52:10.

12a LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
b LR Myrkur, andlegt.

c 2 Ne 6:10–11.

d LR Frelsari.

e LR Jehóva.

13a LR Djöfull — Kirkja
djöfulsins.

b 1 Ne 14:3, 15–17.

c 1 Ne 21:26.

14a Lúk 21:10.

b Jes 60:12; 1 Ne 14:3;
K&S 109:25.

c 2 Ne 10:13; 27:3.

í ^aduftið, og mikið verður fall hennar.

15 Því að sjá, sagði spámaðurinn, sá tími nálgast óðfluga, er Satan mun ei lengur hafa vald yfir hjörtum mannanna barna. Sá dagur kemur, er allir dramlátir og allir, sem ranglæti fremja, verða sem þurr ^ahálmur. Og sá dagur rennur upp, er þeir hljóta að ^bbrenna.

16 Því að sá dagur nálgast óðfluga, er fylling heilagrar ^areiði Guðs hellist yfir allt mannkyn, því að hann mun ekki láta viðgangast, að hinir ranglátu tortími hinum réttlátu.

17 Þess vegna mun hann ^avarðveita hina ^bréttlátu með krafti sínum, jafnvel þótt fylling heilagrar reiði hans verði að koma fram og hinir réttlátu varðveitist þannig, að óvinum þeirra sé tortímt með eldi. Þess vegna þurfa hinir réttlátu ekki að óttast, því spámaðurinn segir, að þannig verði þeim bjargað, jafnvel þótt það verði með eldi.

18 Sjá, bræður mínir. Ég segi ykkur, að þetta hlýtur brátt að verða. Já, blóð, eldur og reyk-mökkur hlýtur að koma, og það hlýtur að verða á yfirborði þessarar jarðar og henda mannfólkið í holdlegri tilvist, ef það herðir hjörtu sín gegn hinum heilaga Ísraels.

19 Því að sjá. Hinir réttlátu munu ekki farast, því að sá tími hlýtur að koma, að allir, sem berjast gegn Síon, munu útilokast.

20 Og Drottinn mun örugglega greiða veg þjóðar sinnar til uppfyllingar orðum Móse, er hann sagði: Drottinn Guð yðar mun upp vekja ^aspámann eins og mig meðal yðar. Og á hann skuluð þér hlýða í einu og öllu, hvað svo sem hann segir við yður. En svo mun fara, að allir, sem ekki leggja eyrun við boðskap þessa spámanns, munu ^bútilokaðir frá fólkinu.

21 Og nú segi ég, Nefí, ykkur, að þessi ^aspámaður, sem Móse talaði um, var hinn heilagi Ísraels og þess vegna mun hann fella ^bdóm í réttlæti.

22 Og hinir réttlátu þurfa ekki að óttast, því að það eru þeir sem ekki verða yfirunnir. En ríki djöfulsins mun upp rísa meðal manna barna, ríki, sem stofnað er meðal þeirra, sem í holdinu eru —

23 Því að sá tími nálgast óðfluga, er allar ^akirkjur, sem stefna að hagnaði, og allar þær, sem stefna að því að öðlast vald yfir holdinu og þær, sem stefna að ^bvinsældum í augum heimsins, og þær, sem sækjast eftir losta holdsins og stundlegum hlutum og alls konar misgjörðum; já, í

14d Jes 25:12.

15a Jes 5:23–24;

Nahúm 1:10; Mal 4:1;

2 Ne 15:24; 26:4–6;

K&S 64:23–24; 133:64.

b Sálm 21:10;

3 Ne 25:1; K&S 29:9.

LR Jörð — Hreinsun

jarðar.

16a 1 Ne 14:17.

17a 2 Ne 30:10;

HDP Móse 7:61.

b 1 Ne 17:33–40.

20a Jóh 4:19; 7:40.

b K&S 133:63.

21a 5 Mós 18:15, 18;

Post 3:20–23; 1 Ne 10:4;

3 Ne 20:23.

b Sálm 98:9;

HDP Móse 6:57.

23a 1 Ne 14:10;

2 Ne 26:20.

LR Prestaslægð.

b Lúk 6:26; Al 1:3.

stuttu máli, allar þær, sem tilheyra ríki djöfulsins, munu hafa ástæðu til að óttast, nötra og ‘skjálfa. Það eru þær, sem hljóta að verða beygðar í duftið, og það eru þær, sem hljóta að ^abrenna sem hálmleggir. Þetta er samkvæmt orðum spámannsins.

24 Og sá tími nálgast ódfluga, er hinir réttlátu hljóta að verða leiddir fram sem ^akálfar af bási og hinn heilagi Ísraels hlýtur að ráða ríkjum með herradæmi, valdi, mætti og mikilli dýrð.

25 Og hann ^asafnar saman börnum sínum úr öllum fjórum skautum jarðar. Og hann mun kasta tölu á sauði sína, þeir þekkja hann og það verður ein hjörð og einn ^bhirðir. Og hann mun næra sína sauði, og í honum finna þeir sitt ^abeitiland.

26 Og vegna réttlætis þeirra, sem hans eru, hefur ^aSatan ekkert vald. Þess vegna mun hann ekki verða leystur í ^bmörg ár, því að hann hefur ekkert vald yfir hjörtum

fólksins, þar eð það lifir í réttlæti og hinn heilagi Ísraels situr við ^avöld.

27 Og sjá. Nú segi ég, Nefí, við ykkur, að allt þetta hljóti að eiga sér stað í holdinu.

28 En sjá. Allar þjóðir, kynkvíslir, tungur og lýðir munu dvelja í öryggi í hinum heilaga Ísraels, fari svo að þeir muni ^aiðrast.

29 Og hér læt ég, Nefí, máli mínu lokið, því ég þori ekki að segja meira um þetta að svo stöddu.

30 Þess vegna vil ég, bræður mínir, að þið ihugið, að það, sem ritað hefur verið á ^alátunstöflurnar er sannleikur, og að þær bera því vitni, að manningum beri að hlýða boðum Guðs.

31 Þess vegna þurfið þið ekki að álykta, að ég og faðir minn séum einir um að bera því vitni og kynna það. Ef þið þess vegna hlýðið ^aboðorðunum og standið stöðugir allt til enda, munuð þið frelsast á efsta degi. Þannig er það. Amen.

ÖNNUR BÓK NEFÍS

Frásögn af dauða Lehis. Bræður Nefís rísa gegn honum. Drottinn varar Nefí við og beinir honum út í óbyggðirnar. Ferðir hans um óbyggðirnar og fleira.

23 *c* 2 Ne 28:19.

d 2 Ne 26:6.

24 *a* Amos 6:4;

Mal 4:2;

3 Ne 25:2.

25 *a* LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

b LR Góði hirðirinn.

c Sálms 23.

26 *a* Op 20:2;

Al 48:17;

K&S 43:31; 45:55;

88:110; 101:28.

LR Djöfull.

b Jakob 5:76.

c LR Þúsundarárkið.

28 *a* LR Fyrirgefna;

Iðrast, iðrun.

30 *a* 2 Ne 4:2.

31 *a* Matt 19:17.

LR Boðorð Guðs.

1. KAPÍTULI

Lehí segir fyrir um land frelsisins — Niðjum hans mun stökkt á dreif og þeir lostnir, ef þeir hafna hinum heilaga Ísraels — Hann hoetor syni sína til að búast alvæpni réttlætisins. Um 589–570 f.Kr.

EN nú bar svo við, að þegar ég, Nefí, hafði lokið við að fræða bræður mína, ræddi “faðir okkar, Lehí, margt við þá, og endurtók meðal annars það, hve mikið Drottinn hefði fyrir þá gjört, er hann leiddi þá burtu úr landi Jerúsalem.

2 Og hann ræddi við þá um “uppreisn þeirra á vötnunum og miskunn Guðs, þegar hann þyrmdi lífi þeirra, svo að sjórin gleypti þá ekki.

3 Og hann ræddi einnig við þá um fyrirheitna landið, sem hafði fallið þeim í skaut — hve miskunnsamur Drottinn hefði verið, þegar hann varaði okkur við og benti okkur á að flýja land Jerúsalem.

4 Því að sjá, mælti hann. Ég hef séð í “sýn, að ^bJerúsalem er tortímt, og hefðum við haldið kyrru fyrir í Jerúsalem, hefðum við einnig ‘farist.

5 En þrátt fyrir þrengingar okkar hefur okkur fallið hið “fyrirheitna land í skaut, sagði hann, land, sem

^bstendur öllum öðrum löndum frammar, land, sem Drottinn Guð hefur gjört sáttmála við mig um, að verði erfðaland niðja minna. Já, Drottinn hefur með “sáttmála veitt mér og börnum mínum þetta land að eilífu og einnig öllum þeim, sem hönd Drottins leiðir úr öðrum löndum.

6 Og þess vegna spái ég, Lehí, því, í samræmi við áhrif andans, sem í mér er, að “engir komi til þessa lands, nema hönd Drottins leiði þá hingað.

7 Þess vegna er þetta land “helgað þeim, sem hann mun leiða hingað. Og fari svo, að þeir þjóni honum samkvæmt þeim boðum, sem hann hefur gefið, mun landið verða þeim land ^bfrelsis. Þess vegna verða þeir aldrei hnepptir í ánaud, nema misgjörða sinna vegna, því að verði misgjörðir ríkjandi, mun landið verða þeim ‘bölvað, en alla tíð blessað fyrir hina réttlátu.

8 Og sjá. Viska er í því fólgin, að aðrar þjóðir fái enn um hríð enga vitneskju um þetta land, því að sjá, svo margar þjóðir mundu þá flæða yfir landið, að erfingjunum gæfist ekkert rúm.

9 Þess vegna hef ég, Lehí, fengið það fyrirheit, að þeim, sem Drottinn Guð leiðir burtu frá landi Jerúsalem, “muni vegna vel á þessari

[2 NEFÍ]

- 1 *a* LR Patriárki.
 2*a* 1 Ne 18:9–20.
 4*a* LR Sýn.
b 2 Kon 24:14–15;
 Jer 44:2;
 1 Ne 1:4;

- He 8:20.
c Al 9:22.
 5*a* LR Fyrirheitið land.
b Et 2:9–10.
c LR Sáttmáli.
 6*a* 2 Ne 10:22.
 7*a* Mósía 29:32;

- Al 46:10, 20.
b 2 Ne 10:11.
 LR Lýðfrelsi.
c Al 45:10–14, 16;
 Morm 1:17;
 Et 2:8–12.
 9*a* 5 Mós 29:9.

grund, ^bef þeir halda boðorð hans. Og þeim mun haldið frá öllum öðrum þjóðum, svo að þeir geti sjálfir átt þetta land. Og ^chaldi þeir boðorð hans, munu þeir blessaðir á þessari grund, og enginn verður til að áreita þá eða taka erfðaland þeirra frá þeim, og þeir munu dvelja í öryggi að eilífu.

10 En sjá. Þegar sá tími kemur, að þeim hnignar í trúleysi, eftir að þeir hafa hlotið svo mikla blessun úr hendi Drottins — og hafa jafnframt vitneskju um sköpun jarðar og allra manna, þekja til hinna miklu og undursamlegu verka Drottins, allt frá sköpun jarðar, hafa hlotið kraft til að gjöra alla hluti fyrir trú, hafa haft öll boðorðin frá upphafi og verið leiddir til hins dýrmæta lands fyrirheitanna fyrir óþrjótandi gæsku hans — já, renni sá dagur upp, að þeir afneiti hinum heilaga Ísraels, hinum sanna ^aMessíasi, lausnara sínum og Guði, sjá, þá munu dómar hins réttvísa yfir þeim kveðnir.

11 Já, hann mun leiða ^aaðrar þjóðir til þeirra og veita þeim vald, og hann mun taka frá þeim landið, sem þeir eiga, og hann mun láta ^btvístra þeim og ljósta þá.

12 Já, á meðan ein kynslóðin tekur við af annarri, munu ^ablóðsúthellingar og miklar hörmungar yfir þá ganga. Þess vegna óska ég þess, synir mínir, að þið minnst þessa, já, ég vildi, að þið færuð að orðum mínum.

13 Ó, að þið vöknuduð, vöknuduð af djúpum svefni, já, af ^ahel-svefni og hristuð af ykkur hina hræðilegu ^bhlekki, sem fjötra ykkur, þá hlekki, sem fjötra manna börn og leiða þau í ánauð niður í eilíft ^chyldýpi vansældar og volæðis.

14 Vaknið og rísið úr duftinu! Hlýðið á orð riðandi ^aforeldris, sem þið brátt leggið í kalda og þögula ^bgróf, þaðan sem enginn ferðalangur getur nokkru sinni horfið aftur. Eftir aðeins fáa daga geng ég ^cveg allrar veraldar.

15 En sjá. Drottinn hefur ^afrelsað sál mína frá víti. Ég hef séð dýrð hans, og ^belskandi ^carmar hans umlykja mig að eilífu —

16 Og ég þrái, að þið munið og virðið ^areglur og ákvæði Drottins. Sjá, þetta hefur níst sál mína angist frá upphafi.

17 Harmur hefur íþyngt hjarta mínu alltaf öðru hverju, því að ég hef óttast, að fylling heilagrar ^areiði Drottins Guðs ykkar komi yfir ykkur vegna hörkunnar, sem í

9b 2 Ne 4:4; Al 9:13.

c LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

10a LR Messías.

11a 1 Ne 13:12–20;

Morm 5:19–20.

b 1 Ne 22:7.

12a Morm 1:11–19; 4:11.

13a LR Helja.

b Al 12:9–11.

c 1 Ne 15:28–30;

He 3:29–30.

14a LR Foreldrar.

b LR Dauði, líkamlegur.

c Jós 23:14.

15a Al 36:28.

LR Friðþægja, friðþægning.

b Róm 8:39.

LR Elska, ást.

c Jakob 6:5;

Al 5:33;

3 Ne 9:14.

16a 5 Mós 4:5–8;

2 Ne 5:10–11.

17a 2 Ne 5:21–24;

Al 3:6–19.

hjarta ykkar er, og að þið ^bútilokist og tortímist að eilífu —

18 Eða að bölvun komi yfir ykkur í ^amarga ætliði, og sverð og hungursneyð sæki ykkur heim og þið verðið fyrirleitnir og leiddir að vilja og í ánaud ^bdjöfulsins.

19 Ó, synir mínir. Aðeins að þetta verði ekki hlutskipti ykkar, heldur að þið verðið hinir útvöldu Drottins, sem hann hefur ^avelþóknun á. En sjá, verði hans vilji, því að ^bvegir hans eru réttlætið að eilífu.

20 Og hann hefur sagt: ^aSem þér haldið ^bboðorð mín, svo mun yður ^cvegna vel á þessari grund, og svo sem þér haldið ekki boðorð mín, svo munuð þér útilokast úr návist minni.

21 Og til að sál mín megi gleðjast yfir ykkur og hjarta mitt fái yfirgefið þessa jörð fullt af gleði ykkar vegna og harmur og sorg þurfi ekki að íþyngja mér allt til grafarinnar, rísið þá úr duftinu, synir mínir, verið ^akarlmenni, ákveðnir, ^beinhuga og óskiptir í hjarta, sameinaðir í öllu, svo að þið fallið ekki í ánaud —

22 Og verðið ekki fyrir sárri bölvun, og kallið ekki vanþóknun ^aréttviss Guðs yfir ykkur, ykkur til tortímingar, já, eilífrar tortímingar, bæði sálar og líkama.

23 Vaknið synir mínir, búist

^aalvæpni réttlætisins. Hristið af ykkur hlekkina, sem fjötra ykkur, komið fram úr myrkrinu og rísið úr duftinu.

24 Rísið ei frammar gegn bróður ykkar, sem hefur séð dýrðlegar sýnir og haldið boðorðin allt frá þeirri stundu, er við yfirgáfum Jerúsalem. Hann hefur verið verkfæri í höndum Guðs til að leiða okkur til fyrirheitna landsins, því að án hans hefðum við farist úr ^ahungri í óbyggðunum. Engu að síður reynduð þið að ^bráða hann af dögum. Já, hann hefur orðið að þola miklar raunir ykkar vegna.

25 Og ykkar vegna skelf ég mjög af ótta um, að hann þurfi að þjást aftur. Því að sjá, þið hafið ásakað hann um að sækjast eftir völdum og ^ayfirráðum yfir ykkur, en ég veit, að hann hefur hvorki sóst eftir völdum né yfirráðum yfir ykkur, heldur eftir dýrð Guðs og eilífri velferð ykkar.

26 Og þið hafið möglað, vegna þess að hann talaði af hreinskilni við ykkur. Þið segið hann hafa verið ^aharðorðan. Þið segið hann hafa verið ykkur reiðan. En sjá, harkan var kraftur Guðs orðs, sem í honum bjó, og það, sem þið kallið reiði, var einungis sannleikurinn, sem í Guði býr, sem knúði hann til að sýna ykkur djarflega fram á misgjörðir ykkar.

17b Mósía 12:8.

18a 1 Ne 12:20–23.

b LR Djöfull.

19a LR Útvalinn.

b Hós 14:9.

20a Jar 1:9;

Mósía 1:6–7;

Al 9:13–14.

b 3 Mós 26:3–14;

Jóel 2:23–26.

c Sálm 67:7;

Mósía 2:21–25.

21a 1 Sam 4:9;

1 Kon 2:2.

b HDP Móse 7:18.

22a K&S 3:4.

23a Ef 6:11–17.

24a 1 Ne 16:32.

b 1 Ne 16:37.

25a 1 Mós 37:9–11.

26a Okv 15:10;

1 Ne 16:2;

Moró 9:4;

K&S 121:41–43.

27 Og ^akraftur Guðs hlýtur að vera með honum, jafnvel svo, að þið verðið að hlýða, þegar hann skipar ykkur fyrir. En sjá. Það var ekki hann sjálfur, heldur ^bandi Drottins, sem í honum var, sem ^clauk upp vörum hans, þannig að hann gat ei lokað þeim aftur, heldur varð að tala.

28 Og sjá nú, sonur minn Laman, einnig þið Lemúel og Sam, sem og þið synir mínir, sem eruð synir Ísmaels. Ef þið hlýðið röddu Nefís, munuð þið ekki farast. Og þóknist ykkur að hlýða honum, verður ^ablessun mín með ykkur, já, jafnvel fyrsta blessun mín.

29 En þóknist ykkur ekki að hlýða á hann, tek ég ^afyrstu blessun mína aftur, já, jafnvel blessun mína, og læt hana hvíla á honum.

30 Og nú mæli ég til þín, Sóram. Sjá, þú ert ^aþjónn Labans. Engu að síður hefur þú verið leiddur burt úr landi Jerúsalem, og ég veit, að þú ert og verður að eilífu sannur vinur sonar míns, Nefís.

31 Vegna þess að þú hefur verið trúr, munu niðjar þínir blessaðir ^aásamt niðjum hans, þannig að þeir munu dvelja í velmegun um langan aldur á þessari grund, og ekkert nema misgjörðir þeirra sjálfra mun að eilífu gjöra þeim mein eða hrófla við velmegun þeirra á þessari grund.

32 Ef þið þess vegna haldið

boðorð Drottins, hefur Drottinn helgað þetta land til athvarfs fyrir niðja þína og niðja sonar míns.

2. KAPÍTULI

Endurlausn fæst með heilögum Messíasi — Valfrelsi er frumskilyrði tilveru okkar og framþróunar — Adam féll, svo að menn mættu lifa — Manninum er frjálst að velja frelsi og eilíft líf. Um 589–570 f.Kr.

Og nú tala ég til þín Jakob: Þú ert sá sem ^afyrstur fæddist á dögum andstreymis míns í óbyggðunum. Og sjá, þú máttir þola þrengingar í bernsku og miklar raunir vegna harðýðgi bræðra þinna.

2 Engu að síður, Jakob, sem fyrstur fæddist í óbyggðunum, þekkir þú mikilleika Guðs, og hann mun helga þrengingar þínar þér til góðs.

3 Þess vegna mun sál þín blessuð, og þú munt dveljast í öryggi með bróður þínum, Nefí, og verja ævidögum þínum í þjónustu við Guð þinn. Af þeim sökum veit ég, að þú ert endurleystur fyrir réttlæti lausnara þíns, því að þú hefur séð, að í fyllingu tímans mun hann koma og verða mannkyni til sáluhjálpar.

4 Og þú hefur ^aséð dýrð hans, þótt ungur sért að árum. Þess vegna ert þú blessaður á sama hátt og þeir, sem hann mun þjóna

27a 1 Ne 17:48.
b K&S 121:43.
c K&S 33:8.

28a LR Frumburðarréttur.
29a Abr 1:3.
30a 1 Ne 4:20, 35.

31a 2 Ne 5:6.
2 1a 1 Ne 18:7.
4a 2 Ne 11:3; Jakob 7:5.

í holdinu, því að andinn er hinn sami í gær og í dag og að eilífu. Og allt frá falli mannsins hefur leiðin verið fyrirbúin og sáluhjálp er öllum ^bfrjáls.

5 Menn eru nægjanlega uppfræddir til að ^aþekkja gott frá illu, og lögmálið er mönnum gefið. Samkvæmt lögmálinu ^bréttlætist ekkert hold, eða samkvæmt lögmálinu ^cútilokast menn. Já, samkvæmt stundlegu lögmáli útilokuðust menn og samkvæmt andlegu lögmáli farast þeir frá hinu góða og verða vansælir að eilífu.

6 Vegna þessa felst ^aendurlausnin í heilögum ^bMessíasi og kemur með honum, því að hann er fullur ^cnáðar og sannleika.

7 Sjá, hann færði sjálfan sig fram sem ^aförn fyrir syndina til að uppfylla tilgang lögmálsins fyrir alla þá, sem hafa sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda. Og ^buppfylling lögmálsins kemur engum öðrum að gagni.

8 Hversu mikilvægt er það því ekki að kynna íbúum jarðar þetta, svo að þeim sé ljóst, að ekkert hold getur dvalið í návist Guðs ^anema fyrir verðleika, miskunn og náð heilags Messíasar, sem

fórnaði lífi sínu í holdinu og tók það aftur fyrir kraft andans til að koma til leiðar ^bupprisu dauðra og verða sjálfur hinn fyrsti til að rísa upp.

9 Hann er þess vegna frumgróði Guðs, þar eð hann mun annast ^ameðalgöngu fyrir öll mannanna börn, og þeir, sem á hann trúá, munu frelsast.

10 Og fyrir ^ameðalgöngu hans, sem allir njóta góðs af, koma allir menn fyrir Guð. Af þeim sökum munu þeir standa í návist hans og taka við ^bdómnum, sem hann fellir í samræmi við sannleikann og ^chelgi þá, sem í honum býr. Lögmálið, sem hinn heilagi gaf — til framkvæmdar þeirrar refsingar, sem fastákveðin var, refsingar, sem er í andstöðu við sæluna, sem einnig var fastákveðin — fullnægir tilgangi ^dfriðþægingarinnar —

11 Því að ^aandstæður eru nauðsynlegar í öllu. Væri ekki svo, þú sem fyrstur fæddist í óbyggðunum, næði réttlætið ekki fram að ganga, ranglæti væri ekki til, né heldur heilagleiki eða vansæld — hvorki gott né illt. Þar af leiðandi hlytu allir hlutir að vera samofnir í eina heild. Ef til væri einungis

4b LR Náð.

5a Moró 7:16.

b Róm 3:20; 2 Ne 25:23;

Al 42:12–16.

LR Réttlætting, réttlæta.

c 1 Ne 10:6;

2 Ne 9:6–38;

Al 11:40–45; 12:16, 24;

42:6–11;

He 14:15–18.

6a 1 Ne 10:6;

2 Ne 25:20;

Al 12:22–25.

LR Endurlausnarætlunin.

b LR Messías.

c Jóh 1:14, 17;

HDP Móse 1:6.

7a LR Friðþægja,

friðþæging.

b Róm 10:4.

8a 2 Ne 25:20; 31:21;

Mósía 4:8; 5:8;

Al 38:9.

b 1 Kor 15:20;

Al 7:12; 12:24–25; 42:23.

LR Upprisa.

9a Jes 53;

Mósía 14:12; 15:8–9.

10a LR Lausnari.

b LR Lokadómur.

c LR Heilagleiki.

d 2 Ne 9:7, 21–22, 26;

Al 22:14; 33:22; 34:9.

11a K&S 29:39; 122:5–9.

LR Andstreymi.

ein óskipt heild, hlyti hún að vera sem í dáí, þar eð hún byggir hvorki yfir lífi né dauða, hvorki forgengileika né óforgengileika, hamingju né vansæld, hvorki tilfinningu né tilfinningaleysi.

12 Hún hefði þess vegna verið sköpuð út í bláinn, og því "tilgangslaust að ljúka sköpun hennar. Því hlyti sú tilhögun að gjöra visku Guðs og eilíf áform að engu, svo og vald Guðs, miskunn og ^bréttvísi.

13 Og ef þér segið, að "ekkert lögmál sé til, þá munuð þér einnig segja, að engin synd sé til. Og ef þér segið, að engin synd sé til, þá munuð þér einnig segja, að ekkert réttlæti sé til. Og sé ekkert réttlæti til, þá er heldur engin hamingja til. Og sé hvorki réttlæti né hamingja til, þá er heldur engin refsing eða vansæld til. Og ef ekkert af þessu er til, ^bþá er enginn Guð til. Og sé enginn Guð til, þá erum við ekki til og heldur ekki jörðin, því að engin sköpun hefði getað farið fram, hvorki sköpun á því, sem áhrifum veldur, né heldur hinu, sem fyrir áhrifum verður, og því hlyti allt að hafa orðið að engu.

14 Synir mínir, nú segi ég ykkur þetta, ykkur til gagns og

fróðleiks, því að Guð er til og hefur "skapað allt, sem til er — bæði himna og jörðu og allt, sem í þeim er — bæði það, sem áhrifum veldur, og það, sem fyrir ^báhrifum verður.

15 Og til fullkomnunar "eilífðar-áformum hans varðandi manninn, eftir að hann skapaði frumfordra okkar, dýr merkurinnar, fugla loftsins og allt annað, sem skapað hefur verið, var nauðsyn á því, að andstæður væru til, hinn ^bforboðni "ávöxtur í andstöðu við ^blífsins tré, önnur sæt en hin bitur.

16 Og þess vegna gaf Drottinn Guð mannum rétt til að "breyta samkvæmt sjálfstæðum vilja, og sjálfstæð gat breytni mannsins aðeins orðið, ef hann léti ^blaðast að annarri hvorri andstæðunni.

17 Og samkvæmt því, sem ég hef lesið og ritað er, verð ég, Lehi, að gjöra ráð fyrir, að "engill Guðs hafi ^bfallið af himnum ofan. Og þar eð hann sóttist eftir því, sem illt er fyrir augliti Guðs, varð hann djöfullinn.

18 Og þar eð hann hafði fallið af himni ofan og orðið vansæll að eilífu, "söttist hann einnig eftir vansæld alls mannkyns. Af þeim sökum sagði hann við ^bEvu, já, þessi gamli höggormur, hann, sem

12a K&S 88:25–26.

LR Jörð — Sköpuð fyrir manninn.

b LR Réttvísi.

13a 2 Ne 9:25.

b Al 42:13.

14a LR Skapa, sköpun.

b K&S 93:30.

15a Jes 45:18; Al 42:26; HDP Móse 1:31, 39.

b 1 Mós 2:16–17;

HDP Móse 3:17.

c 1 Mós 3:6;

Al 12:21–23.

d 1 Mós 2:9;

1 Ne 15:22, 36;

Al 32:40.

16a 2 Ne 10:23;

Al 12:31.

LR Sjálfræði.

b K&S 29:39–40.

17a LR Djöfull.

b Jes 14:12;

2 Ne 9:8;

HDP Móse 4:3–4;

Abr 3:27–28.

18a 2 Ne 28:19–23;

3 Ne 18:18;

K&S 10:22–27.

b LR Eva.

er djöfullinn og faðir allra ‘lyga: Et af hinum forboðna ávexti, og þú munt ekki deyja, heldur verða sem Guð og ‘þekkja gott og illt.

19 Og eftir að Adam og Eva höfðu “neytt hins forboðna ávaxtar, voru þau rekin út úr aldingarðinum ^bEden til að yrkja jörðina.

20 Og þau hafa getið af sér börn, já, reyndar allt “mannkyn.

21 Og lífdagar “mannanna barna voru framlengdir samkvæmt vilja Guðs, svo að þau mættu ^biðrast í vist sinni í holdinu. Og þannig varð holdlegt ástand þeirra ‘reynslutími og tíminn framlengdur til samræmis við boðorðin, sem Drottinn Guð gaf mannanna börnum. Því að hann gaf boðorð um, að allir menn skyldu iðrast og sýndi öllum mönnum fram á, að þeir væru ^dglataðir vegna afbrota foreldra sinna.

22 Og sjá. Hefði nú Adam ekki brotið af sér, hefði hann ekki fallið, heldur dvalið um kyrrt í aldingarðinum Eden. Og allt, sem skapað var, hefði orðið að haldast í óbreyttri mynd, frá því sem varð eftir sköpunina, og hefði haldist þannig að eilífu án nokkurs endis.

23 Og þeim hefði ekki orðið “barna auðið og hefðu þannig haldið áfram í sakleysi án nokkurrar gleði, þar eð þau þekktu enga vansæld. Og þau hefðu ekkert gott gjört, þar eð þau þekktu enga synd.

24 En sjá. Allt hefur verið gjört af visku þess, sem allt “veit.

25 “Adam ^bféll, svo að menn mættu lifa. Og menn ‘lifa, svo að þeir megi ^dgleði njóta.

26 Og “Messías kemur í fyllingu tímans til að ^bendurleysa mannanna börn frá fallinu. Og vegna þess að þau eru endurleyst frá fallinu, verða þau ‘frjáls að eilífu og þekkja gott frá illu, hafa sjálf áhrif, en verða ekki aðeins fyrir áhrifum, nema hvað áhrærir refsingu ^dlög málsins á hinum mikla og efsta degi, samkvæmt því boðorði, sem Guð hefur gefið.

27 Þess vegna eru menn “frjálsir í holdinu, og allt er þeim gefið, sem mönnum er nauðsynlegt. Og þeim er frjálst að velja ^bfrælsi og ‘eilíft líf fyrir atbeina hins mikla meðalgöngumanns allra manna, eða velja helsi og dauða í samræmi við ánaud og vald djöfulsins. Því að hann sækist eftir því, að allir menn verði jafn vansælir og hann er sjálfur.

18c 2 Ne 28:8;

HDP Móse 4:4.

d 1 Mós 3:5; Al 29:5;

Moró 7:15–19.

19a Al 12:31.

LR Fall Adams og Evu.

b LR Eden.

20a K&S 138:38–39.

21a Al 12:24;

HDP Móse 4:23–25.

b Al 34:32.

LR Iðrast, iðrun.

c LR Dauðlegur, dauðleiki.

d Jakob 7:12.

23a HDP Móse 5:11.

24a LR Guð, guðdómur.

25a LR Adam.

b HDP Móse 6:48.

LR Fall Adams og Evu.

c LR Dauðlegur, dauðleiki.

d HDP Móse 5:10.

LR Gleði; Maður, menn.

26a LR Messías.

b LR Endurlausn-
aráætlunin.

c Al 42:27; He 14:30.

d LR Lög máll.

27a Gal 5:1;

HDP Móse 6:56.

b LR Sjálfraði.

c LR Eilíft líf.

28 Og nú, synir mínir, óska ég, að þið lítið til hins mikla ^ameðalgöngumanns og hlýðið hinum miklu boðorðum hans, séuð trúir orðum hans og veljið eilíft líf að vilja hans heilaga anda —

29 En veljið ekki eilífan dauða að vilja holdsins og þess illa, sem því er bundið og gefur anda djöfulsins vald til að hneppa í ^aánauð og koma ykkur niður til ^bheljar, svo að hann megi ríkja yfir ykkur í sínu eigin ríki.

30 Ég hef látið mér þessi fáu orð um munn fara við ykkur alla, synir mínir, á síðustu dögum reynslutíma míns. Og ég hef valið hinn góða hlut í samræmi við orð spámansins. Og ég ber ekki annað fyrir brjosti en ævarandi velferð sálna ykkar. Amen.

3. KAPÍTULI

Jósef í Egyptalandi sá Nefítana í sýn — Hann sagði fyrir um Joseph Smith, síðari daga sjáanda; um Móse, sem bjarga myndi Ísrael; og um tilkomu Mormónsbókar. Um 589–570 f.Kr.

Og nú beini ég orðum mínum til þín, Jósef, sem ert ^ayngstur barna minna. Þú fæddist í óbyggðum þrenginga minna. Já, móðir þín ól þig á þeim dögum, er sorgin nísti mig dýpst.

2 Og megi Drottinn einnig helga þér þetta ^aland, þetta dýrmæta land, og gjöra það að erfðalandi þínu og niðja þinna, sem og bræðra þinna, ykkur til athvarfs að eilífu, ef svo fer, að þið haldið boðorð hins heilaga Ísraels.

3 Og Jósef, yngsta barn mitt, sem ég leiddi úr óbyggðum þrenginga minna. Megi blessun Drottins hvíla yfir þér að eilífu, því að niðjum þínum verður ekki með öllu ^atortímt.

4 Því að sjá. Þú ert ávöxtur lenda minna, og ég er afkomandi ^aJósefs, sem fluttur var ^bánauðugur til Egyptalands. Og miklir voru sáttmálarnir, sem Drottinn gjörði við Jósef.

5 Þess vegna ^asá Jósef að sönnu okkar tíma. Drottinn gaf honum fyrirheit um, að ^bréttlát ^cgrein Ísraelsættar mundi vaxa af ávexti lenda hans fyrir tilverknað Drottins Guðs, ekki Messías, heldur grein, sem brotin yrði frá, en yrði engu að síður í minnum höfð í sáttmálum Drottins, þannig að ^aMessías mundi birtast þeim á síðari dögum í anda veldisins og færa þá úr ^cmyrkrunu í ljósið — já, úr fylgsnum myrkurs og úr fjötrum til frelsis.

6 Því að Jósef gaf sannarlega vitnisburð og sagði: Drottinn Guð

28a LR Meðalgöngumaður.

29a Róm 6:16–18;
Al 12:11.

b LR Helja.

3 1a 1 Ne 18:7.

2a 1 Ne 2:20.

LR Fyrirheitið land.

3a 2 Ne 9:53.

4a 1 Mós 39:1–2; 45:4;
49:22–26;

1 Ne 5:14–16.

b 1 Mós 37:29–36.

5a ÞJS 1 Mós 50:24–38

(Viðauki); 2 Ne 4:1–2.

b Jakob 2:25.

c 1 Mós 49:22–26;
1 Ne 15:12; 19:24.

LR Vínarður Drottins.

d 2 Ne 6:14;

K&S 3:16–20.

e Jes 42:16.

minn mun vekja upp ^asjáanda, sem verða mun ávöxtum ^blenda minna útvalinn sjáandi.

7 Já, Jósef sagði sannlega: Svo segir Drottinn við mig: Útvalinn ^asjáanda mun ég vekja upp af ávexti lenda þinna, og hann mun mikils metinn meðal ávaxta lenda þinna. Og honum mun ég gefa fyrirmæli um að vinna verk fyrir ávöxt lenda þinna, bræður sína, sem verða munu þeim mikils virði og færa þeim þekkingu á sáttmálunum, sem ég hef gjört við feður þína.

8 Og ég mun gefa honum fyrirmæli um að taka sér ekki ^aannað fyrir hendur en það, sem ég býð honum að gjöra. Og ég mun gjöra hann mikinn fyrir sjónum mínum, því að hann mun vinna mitt verk.

9 Og hann verður mikill eins og ^aMóse, sem ég hef sagst mundu vekja upp meðal yðar til að ^bleysa lýð minn, ó Ísraelsætt.

10 Og Móse mun ég upp vekja til að leiða fólk þitt út úr Egyptalandi til frelsis.

11 En sjáanda mun ég vekja upp af ávexti lenda þinna. Honum mun ég gefa ^avald til að flytja niðjum lenda þinna orð mitt — og ekki aðeins til að flytja orð mitt, segir Drottinn, heldur einnig að sannfæra þá um orð mitt, sem þá þegar mun hafa borist út á meðal þeirra.

12 Þess vegna mun ávöxtur lenda þinna ^arita, og ávöxtur lenda ^bJúda mun ^crita. Og það, sem ávöxtur lenda þinna ritar, og það, sem ávöxtur lenda Júda ritar, skal tengjast saman og ^dgjöra falskenningar að engu, jafna deilur og koma á friði meðal ávaxta lenda þinna og ^eveita þeim ^fþekkingu á feðrum sínum á síðari dögum, sem og þekkingu á sáttmálum mínum, segir Drottinn.

13 Og úr veikleika mun honum vaxa styrkur á þeim degi, er verk mitt hefst meðal alls lýðs míns til að endurreisa þig, ó Ísraelsætt, segir Drottinn.

14 Og á þennan hátt spáði Jósef og sagði: Sjá, Drottinn mun blessa þennan spámann. Og þeir, sem leitast við að tortíma honum, munu verða sér til skammar, því að þetta heit, sem Drottinn hefur gefið mér um ávöxt lenda minna, mun koma fram. Sjá, ég veit með vissu, að þetta heit mun uppfyllt —

15 Og hann mun ^aheitinn eftir mér og ^bföður sínum. Og hann mun verða mér líkur, því að það, sem Drottinn kemur til leiðar með hans hendi, mun með Drottins krafti leiða fólk mitt til sáluhjálpar.

16 Já, þannig spáði Jósef: Ég er jafn viss um þetta og loforðið um

6a 3 Ne 21:8–11;
Morm 8:16.

LR Sjáandi.

b K&S 132:30.

7a LR Joseph Smith yngri.

8a K&S 24:7, 9.

9a HDP Móse 1:41.

b 2 Mós 3:7–10;

1 Ne 17:24.

11a K&S 5:3–4.

12a LR Mormónsbók.

b 1 Ne 13:23–29.

c LR Biblía.

d Esek 37:15–20;

1 Ne 13:38–41;

2 Ne 29:8; 33:10–11.

e Moró 1:4.

f 1 Ne 15:14; 2 Ne 30:5;

Morm 7:1, 5, 9–10.

15a K&S 18:8.

b JS — S 1:3.

Móse, því að Drottinn hefur sagt við mig: Ég mun að eilífu “varðveita niðja þína.

17 Og Drottinn hefur sagt: Ég mun vekja upp Móse, og ég mun veita honum vald í staf og þekkingu til að skrifa. Samt mun ég ekki leysa tungu hans, svo að hann tali mikið, því að ég mun ekki gjöra hann mælskan. En ég mun “letra lögmál mín fyrir hann með fingri eigin handar, og ég mun sjá honum fyrir ^btalsmanni.

18 Og Drottinn sagði einnig við mig: Ég mun upp vekja fyrir ávöxt lenda þinna, og ég mun sjá honum fyrir talsmanni. Og sjá, ég mun veita honum það, að rita rit ávaxtar lenda þinna fyrir ávöxt lenda þinna. Og talsmaður lenda þinna mun boða það.

19 Og orðin, sem hann ritar, verða orð, sem ég í visku minni tel ráðlegt, að boðuð séu meðal “ávaxtar lenda þinna. Og það mun vera einna líkast því, sem ávöxtur lenda þinna hafi hrópað til þeirra ^búr duftinu, því að trú þeirra þekki ég.

20 Og þeir munu “hrópa úr duftinu. Já, þeir munu kalla bræður sína til iðrunar, jafnvel eftir að margar kynslóðir eru liðnar undir lok. Og svo mun við bera, að hróp þeirra skal berast, já, í einföldum orðum þeirra.

21 Trúar þeirra vegna munu “orð þeirra berast af vörum

mínum til bræðra þeirra, sem eru ávöxtur lenda þinna. Og vanmætti orða þeirra mun ég breyta í styrk í trú þeirra, svo að þeir muni sáttmálann, sem ég gjörði við feður þína.

22 Og sjá nú, sonur minn Jósef. Þannig “spáði forfaðir minn endur fyrir löngu.

23 Og vegna þessa sáttmála nýtur þú blessunar, því að afkomendur þínir munu ekki tortímast, því að þeir munu ljá orðum bókarinnar eyra.

24 Og meðal þeirra mun rísa máttugur maður, sem mun láta mikið gott af sér leiða, bæði í orði og verki. Hann mun verða verkfæri í hendi Guðs og eiga næga trú til að vinna mikil undur og gjöra það, sem er stórfenglegt í augum Guðs og leiða til mikillar endurreisnar fyrir Ísraelsætt og niðja bræðra þinna.

25 Og blessaður ert þú nú, Jósef. Sjá, þú ert smár. Hlustaðu þess vegna á orð bróður þíns, Nefís, og fyrir þér mun fara eins og ég hef mælt. Minnstu orða deyjandi föður þíns. Amen.

4. KAPÍTULI

Lehi gefur afkomendum sínum ráð og blessar þá — Hann deyr og er grafinn — Nefí vegsamar gæsku Guðs — Nefí setur traust sitt á Drottin að eilífu. Um 589–570 f.Kr.

16a 1 Mós 45:1–8.
17a 5 Mós 10:2, 4;
HDP Móse 2:1.
b 2 Mós 4:16.

19a K&S 28:8.
b Jes 29:4;
2 Ne 27:13; 33:13;
Morm 9:30;

Moró 10:27.
20a 2 Ne 26:16; Morm 8:23.
21a 2 Ne 29:2.
22a 2 Ne 3:5.

Og nú tala ég, Nefí, um spádóm-ana, sem faðir minn ræddi um í sambandi við “Jósef, sem fluttur var til Egyptalands.

2 Því að sjá, hann spáði í raun og veru fyrir öllum niðjum sínum. Og ekki er marga stórkostlegri “spádóma að finna en þá, sem hann færði í letur. Og hann spáði fyrir um okkur og komandi kynslóðir okkar. Þeir spádómar eru letraðir á látúnstöflurnar.

3 Eftir að faðir minn hafði því lokið máli sínu varðandi spádóma Jósefs, kallaði hann til sín börn Lamans, syni hans og dætur, og sagði við þau: Sjá, synir mínir og dætur, sem eruð synir og dætur “frumburðar míns. Ég óska þess, að þið hlýðið á orð mín.

4 Því að Drottinn Guð hefur sagt: “Sem þið haldið boðorð mín, svo mun ykkur vegna vel á þessari grund, en sem þið haldið ekki boðorð mín, munuð þið útilokast úr návist minni.

5 En sjá, synir mínir og dætur. Ég get ekki horfið niður í gróf mína án þess að leggja “blessun yfir ykkur, því að sjá. Ég veit, að hafið þið verið alin upp til að ganga þá ^bleið, sem ganga skal, munuð þið ekki víkja af henni.

6 En fari svo, að bölvun hvíli yfir ykkur, þá sjá. Megi blessun mín hvíla yfir ykkur, svo að bölvun-inni megi létt af ykkur, en hún

leggist þess í stað yfir “höfuð for-eldra ykkar.

7 Vegna blessunar minnar mun Drottinn Guð því “ekki leyfa, að þið farist. Þess vegna mun hann alla tíð ^bmiskunnsamur ykkur og niðjum ykkar.

8 Og svo bar við, að þegar faðir minn hafði lokið máli sínu við syni og dætur Lamans, lét hann leiða syni og dætur Lemúels fyrir sig.

9 Og hann talaði til þeirra og mælti: Sjá, synir mínir og dætur mínar, sem eruð synir og dætur næstelsta sonar míns. Sjá, ég skil sömu blessun eftir hjá ykkur og ég skildi eftir hjá sonum og dætrum Lamans. Þess vegna mun ykkur ekki með öllu tortímt, heldur munu niðjar ykkar blessaðir áður en yfir lýkur.

10 Og svo bar við, að þegar faðir minn hafði lokið máli sínu til þeirra, sjá, þá beindi hann orðum sínum til sona “Ísmaels, já, til alls heimilisfólks hans.

11 Og þegar hann hafði lokið máli sínu til þeirra, beindi hann orðum sínum til Sams og sagði: Blessaður ert þú og niðjar þínir, því að þú munt erfa landið eins og bróðir þinn Nefí. Og niðjar þínir munu teljast með niðjum hans. Og þú munt verða eins og bróðir þinn og niðjar þínir eins og niðjar hans. Og þú munt blessaður alla þína daga.

12 Og svo bar við, að þegar

4 1a 1 Mós 39:1–2.

2a 2 Ne 3:5.

3a LR Frumburður.

4a 2 Ne 1:9.

5a LR Patriárkablessanir.

b Okv 22:6.

6a K&S 68:25–29.

7a 2 Ne 30:3–6;

K&S 3:17–18.

b 1 Ne 13:31;

2 Ne 10:18–19;

Jakob 3:5–9;

He 15:12–13.

10a 1 Ne 7:6.

faðir minn, Lehí, hafði talað til alls heimilisfólks síns í samræmi við þær tilfinningar, sem í hjarta hans bærðust, og í samræmi við anda Drottins, sem í honum bjó, tók hann að eldast. Og svo bar við, að hann andaðist og var lagður til grafar.

13 Og svo bar við, að nokkrum dögum eftir dauða hans reiddust Laman, Lemúel og synir Ísmaels mér vegna áminninga Drottins.

14 Því að ég, Nefí, fann mig knúinn til að ávarpa þá í samræmi við orð hans. Ég ræddi við þá um margt eins og faðir minn hafði einnig gjört fyrir andlát sitt. Og margt af því er ritað á "hinar töflurnar, því að það, sem lýtur meira að sagnfræði, er ritað á þær.

15 En á "þessar rita ég það, sem sálu minni tilheyrir, sem og margar af ritningargreinunum sem letraðar eru á látúnstöflurnar, því að sál mín hefur unun af ritningunum og hjarta mitt ^bígrundar þær og færir þær í letur, börnum mínum til ^cuppfræðslu og gagns.

16 Sjá, sál mín hefur "unun af öllu, sem Drottin snertir. Og ^bhjarta mitt ígrundar án afláts það, sem ég hef séð og heyrð.

17 En þrátt fyrir hina miklu "gæsku Drottins, er hann sýndi mér mikil og undursamleg

verk sín, hrópar hjarta mitt. Ó, ég ^baumur maður! Já, hjarta mitt hryggist vegna holds míns, og sál mín harmar misgjörðir mínar.

18 Freistingar og syndir umlykja mig og ná svo auðveldlega ^atökum á mér.

19 Og þegar mig langar til að fagna, stynur hjarta mitt undan syndum mínum. Þó veit ég, á hvern ég hef sett traust mitt.

20 Guð minn hefur verið stoð mín. Hann leiddi mig út úr þrengingum mínum í óbyggðunum, og hann hefur varðveitt mig á vötnum hins mikla dýpis.

21 Hann hefur fyllt mig "elsku sinni, jafnvel uns mér fannst sem hold mitt brynni.

22 Og hann hefur sneypst svo "óvini mína, að þeir hafa skolfið frammi fyrir mér.

23 Sjá, á daginn hefur hann heyrt ákall mitt og á nóttunni miðlað mér þekkingu með "sýnum.

24 Og á daginn hef ég fyllst dirfsku í máttugri "bæn til hans. Já rödd mín hefur hafist til upphæða, og englar stigu niður og þjónuðu mér.

25 Og á vængjum anda hans hefur líkami minn "borist upp á afar há fjöll. Og augu mín hafa séð mikilfenglega hluti, já, jafnvel of mikilfenglega mennskum manni. Þess vegna var ég beðinn um að færa það ekki í letur.

14a 1 Ne 1:16–17; 9:4.

15a 1 Ne 6:4–6.

b LR Íhuga, ígrunda;
Ritningar.

c 1 Ne 19:23.

16a LR Þakklátur, þakkir,

þakkargjörð.

b LR Hjarta.

17a 2 Ne 9:10; K&S 86:11.

b Róm 7:24.

18a Róm 7:21–23;

Hebr 12:1; Al 7:15.

21a LR Elska, ást.

22a 1 Ne 17:52.

23a LR Sýn.

24a Jakbr 5:16; 1 Ne 2:16.

25a 1 Ne 11:1;

HDP Móse 1:1–2.

26 Fyrst ég hef séð svo mikil-fenglega hluti og Drottinn hefur í lítillæti sínu gagnvart mannanna börnum vitjað manna af svo mikilli miskunn, ^ahví skyldi hjarta mitt þá gráta og sál mín dveljast í dal sorgarinnar, hví skyldi hold mitt tærast upp og styrkur minn minnka vegna þrenginga minna?

27 Og hví skyldi ég ^alata undan syndinni holds míns vegna? Já, hví skyldi ég gefa eftir fyrir ^bfreistingum, til þess eins að hinn illi komist í hjarta mitt, tortími ^cfriði mínum og náí að þrengja að sálu minni? Hví reiðist ég vegna óvina míns?

28 Vakna, sál mín! Lát ei frammar vanmegnast í synd. Fagna, ó hjarta mitt, og ljá ei frammar ^aóvini sálar minnar rúm.

29 Reiðstu ekki aftur vegna óvina minna. Lát ei þrengingar mínar verða til þess að dragi úr styrk mínum.

30 Fagna, ó hjarta mitt, ákalla Drottinn og seg þú: Ó Drottinn, þig mun ég að eilífu lofa. Já, sál mín mun fyllast fögnuði í þér, þú Guð minn og ^abjarg sáluhjálpar minnar.

31 Ó Drottinn, vilt þú endurleysa sál mína? Vilt þú bjarga mér úr höndum óvina minna? Vilt þú sjá um, að mig hrylli, þegar ^asyndin birtist?

32 Megi hlið heljar verða mér stöðugt lokuð, því að ^ahjarta mitt er sundurkramið og andi minn sáriðrandi! Ó Drottinn, hald dyrum réttlætis þíns opnum fyrir mér, til þess að mér megi takast að ^bganga veg auðmýktarinnar og halda mér fast við hina sléttu braut!

33 Ó Drottinn, umvef mig möttli réttlætis þíns! Ó Drottinn, skapa mér undankomuleið frá óvinum mínum! Gjör braut mína beina! Legg eigi stein í götu mína, heldur ryð veginn, sem ég á ófarinn, og legg ei torfærur á minn veg heldur á vegi óvina minna.

34 Ó Drottinn, ég hef treyst þér og mun að eilífu ^atreysta þér. Ég mun ekki setja ^btraust mitt á arm holdsins, því að ég veit, að bölvun hvílir yfir þeim, sem setur ^ctraust sitt á arm holdsins. Já, bölvun hvílir yfir þeim, sem setur traust sitt á manninn eða gjörir holdið að armi sínum.

35 Já, ég veit, að Guð mun veita þeim ^aörlátlega, sem biður. Já, Guð minn mun gefa mér, ef ég ^bbið ekki ^cranglega. Þess vegna mun ég hefja rödd mína til þín. Já, ég mun hrópa til þín, Guð minn, ^dbjarg réttlætis míns. Sjá, rödd mín mun að eilífu berast upp til þín, þú bjarg mitt, þú ævarandi Guð minn. Amen.

26a Sálm 43:5.

27a Róm 6:13.

b LR Freista, freisting.

c LR Friður.

28a LR Djöfull.

30a 1 Kor 3:11.

LR Bjarg.

31a Róm 12:9;

Al 13:12.

32a LR Sundurkramið hjarta.

b LR Ganga, ganga með Guði.

34a LR Treysta.

b Sálm 44:7–9.

c Jer 17:5;

Morm 3:9; 4:8.

35a Jakbr 1:5.

b LR Bæn.

c He 10:5.

d 5 Mós 32:4.

5. KAPÍTULI

Nefítar segja skilið við Lamaníta, halda lögmál Móse og reisa must-eri — Lamanítum er vísað úr návist Drottins vegna vantrúar þeirra, bölvun kemur yfir þá og þeir verða svipa á Nefíta. Um 569–559 f.Kr.

SJÁ, svo bar við, að ég, Nefí, ákall-aði Drottin Guð minn ákaft vegna ^areiði bræðra minna.

2 En sjá. Reiði þeirra í minn garð jókst svo mjög, að þeir reyndu að ráða mig af dögum.

3 Já, þeir mögluðu gegn mér og sögðu: Yngri bróðir okkar hyggst ^astjórna okkur, en við höfum orðið að þola margt af hans völdum. Þess vegna skulum við drepa hann nú, til að orð hans þrengi ekki frekar að okkur. Því að sjá, við viljum ekki, að hann sé stjórnandi okkar, því að það er okkar, sem eldri bræðra, að stjórna þessu fólki.

4 Nú letra ég ekki á þessar töflur öll þau orð, sem þeir mæltu gegn mér. Ég læt nægja að geta þess, að þeir reyndu að ráða mig af dögum.

5 En svo bar við, að Drottinn ^aaðvaraði mig, að ég, ^bNefí, skyldi segja skilið við þá og flýja út í óbyggðirnar ásamt öllum þeim, sem vildu fylgja mér.

6 Sökum þessa bar svo við, að ég,

Nefí, fór ásamt fjölskyldu minni sem og ^aSóram og fjölskyldu hans, Sam, eldri bróður mínum og fjölskyldu hans, svo og Jakob og Jósef, yngri bræðrum mínum og auk þess systur mínum og öllum þeim, sem vildu fylgja mér. Og allir, sem vildu fylgja mér, trúðu á ^bviðvaranir og opinberanir Guðs. Þess vegna léðu þau orðum mínum eyra.

7 Og við tókum tjöld okkar með okkur og allt annað, sem hægt var, og héldum margar dagleiðir út í óbyggðirnar. Og þegar margar dagleiðir voru að baki, reistum við tjöld okkar.

8 Og fólk mitt vildi, að við nefndum staðinn ^aNefí, og var hann því nefndur Nefí.

9 Og allir, sem með mér voru, tóku að kalla sig ^afólk Nefís.

10 Og við gættum þess að halda ákvæði, reglur og boðorð Drottins í einu og öllu samkvæmt ^alögmáli Móse.

11 Og Drottinn var með okkur og okkur vegnaði sérlega vel, því að við sáðum fræjum og skárum ríkulega upp. Og við ræktuðum hópa og hjarðir af alls konar búfé.

12 Og ég, Nefí, hafði einnig tekið með okkur heimildaskrárnar, sem letraðar voru á ^alátúnstöflurnar, og einnig ^bkúluna eða ^cáttavitann,

5 1a 2 Ne 4:13–14.

3a 1 Ne 16:37–38;

Mósía 10:14–15.

5a LR Innblástur, guðleg andagift.

b Mósía 10:13.

6a 1 Ne 4:35; 16:7;

2 Ne 1:30–32.

b LR Vara við, viðvörin.

8a Om 1:12, 27;

Mósía 9:1–4; 28:1.

9a Jakob 1:13–14.

10a 2 Ne 11:4.

LR Móselögmál.

12a Mósía 1:3–4.

LR Töflur.

b Mósía 1:16.

c 1 Ne 16:10, 16, 26;

18:12, 21;

Al 37:38–47;

K&S 17:1.

sem hönd Drottins hafði gjört fyrir föður minn, eins og ritað er.

13 Og svo bar við, að okkur tók að vegna mjög vel og við margfölduðumst í landinu.

14 Og ég, Nefí, tók „sverð Labans og gjörði mörg sverð eftir fyrirmynd þess, ef þeir, sem nú voru kallaðir ^bLamanítar, skyldu koma að okkur og reyna að tortíma okkur, enda þekkti ég hatur þeirra til mín, barna minna og þeirra, sem kenndir voru við mig.

15 Og ég veitti fólki mínu til sögn í því, hvernig byggja skyldi hús og vinna úr öllum tegundum af viði, „járni, kopar, látúni, stáli, gulli, silfri og dýrmætu málmgrýti, sem gnótt var af.

16 Og ég, Nefí, reisti „musteri. Ég gjörði það í líkingu ^bmusteris Salómons að öðru leyti en því, að það var ekki búið jafn mörgum ^cdýrmætum munum, enda var þá ekki að finna í landinu, og var það ástæðan fyrir því, að ekki var hægt að byggja það alveg í líkingu musteris Salómons. En byggingin sjálf líktist musteri Salómons, og vinnan var afar vönduð.

17 Og svo bar við, að ég, Nefí, kenndi fólki mínu „iðjusemi og að vinna með höndum sínum.

18 Og svo bar við, að það vildi fá mig fyrir „konung sinn. En ég, Nefí, vildi ekki að það hefði

nokkurn konung. Engu að síður gjörði ég allt fyrir það, sem í mínu valdi stóð.

19 Og sjá. Orð Drottins, er hann hafði mælt varðandi bræður mína, voru komin fram, að ég yrði „stjórnandi þeirra og ^bkennari. Þess vegna var ég stjórnandi þeirra og kennari að boði Drottins, þar til sú stund rann upp, að þeir reyndu að ráða mig af dögum.

20 Þannig uppfylltust orð Drottins við mig, þegar hann mælti: Ef þeir „hlýða ekki á orð þín, verða þeir ^bútilokaðir úr návist Drottins. Og sjá, þeir voru útilokaðir úr návist hans.

21 Og hann lét „bölvun koma yfir þá, já, jafnvel þunga bölvun vegna misgjörða þeirra. Því að sjá. Hjörtu sín höfðu þeir hert gegn honum, þannig að þau urðu hörð sem tinnusteinn. Af þeim sökum lét Drottinn Guð ^bhörund þeirra dökkna — til þess að þeir hefðu ekkert aðdráttarafl fyrir fólk mitt — en fyrr voru þeir ljósir yfirlitum, ákaflega bjartir og ^caðlaðandi.

22 Og svo segir Drottinn Guð: Ég mun láta þá verða þannig, að þeir veki „viðbjóð hjá fólki þínu, ef þeir iðrast ekki misgjörða sinna.

23 Og bölvuð mun afkvæmi þess, sem „blandast afkvæmi þeirra, því að bölvun verður hlutskipti

14a 1 Ne 4:9;
Jakob 1:10;
OMorm 1:13.
b LR Lamanítar.
15a Et 10:23.
16a LR Musteri, hús
Drottins.
b 1 Kon 6;

2 Kro 3.
c K&S 124:26–27.
17a 1 Mós 3:19;
K&S 42:42.
18a Jakob 1:9, 11.
19a 1 Ne 2:22.
b LR Kenna, kennari.
20a 2 Ne 2:21.

b Al 9:14.
21a LR Bölvun.
b 2 Ne 26:33;
3 Ne 2:14–16.
c 4 Ne 1:10.
22a 1 Ne 12:23.
23a LR Giftast —
Trúblendihjónaband.

þeirra, já, hin sama bölvun. Og Drottinn mælti þetta og svo varð.

24 Og vegna bölvunarinnar, sem á henni hvíldi, lagðist þjóðin í "leti og varð full svikráða og lymsku og leitaði villibráðar í óbyggðunum.

25 Og Drottinn Guð sagði við mig: Þeir munu verða svipa á niðja þína til að vekja þá til minningar um mig. Og vilji þeir ekki minnast mín eða hlusta á orð mín, munu þeir strýkja þá, já, til tortímningar þeim.

26 Og svo bar við, að ég, Nefí, "vígðði Jakob og Jósef presta og kennara á öllu landi þjóðar minnar.

27 Og svo bar við, að við lifðum eftir leiðum hamingjunnar.

28 Og þrjátíu ár voru liðin, frá því að við yfirgáfum Jerúsalem.

29 Og ég, Nefí, hef til þessa haldið heimildaskrá um fólk mitt á töflunum, sem ég gjörði.

30 Og svo bar við, að Drottinn Guð sagði við mig: Gjörðu "aðrar töflur, og þú skalt letra á þær margt það, sem gott er í mínum augum og fólki þínu til gagns.

31 Þess vegna fór ég, Nefí, og gjörði "þessar töflur til að hlýðnast fyrirmælum Drottins, og á þær hef ég letrað þessa hluti.

32 Og ég letraði það sem Guði er þóknanlegt. Og líki fólki mínu það, sem Guðs er, mun því líka það, sem ég hef letrað á þessar töflur.

33 En vilji fólk mitt kynnast

nánar sögu þjóðar minnar, verður það að kanna hinar töflur mínar.

34 En ég læt mér nægja að segja, að fjörutíu ár eru liðin og við höfum þegar átt í stríði og misklíð við bræður okkar.

6. KAPÍTULI

Jakob segir sögu Gyðinga: Ánaud þeirra í Babel og endurkoma; þjónusta og krossfesting hins heilaga Ísraels; hjálp frá Þjóðunum; og síðari daga endurreisn Gyðinga þegar þeir trúu á Messías. Um 559–545 f.Kr.

ORÐIN sem Jakob, bróðir Nefís, mælti til Nefíþjóðarinnar:

2 Sjá, hjartkæru bræður mínir. Ég, Jakob, sem kallaður hef verið af Guði og vígður að hætti hans heilögu reglu og helgaður af bróður mínum Nefí, sem þér lítið til sem "konungs yðar eða verndara og bindið öryggi yðar við, sjá, þér vitið, að ég hef talað margt og mikið við yður.

3 Engu að síður tala ég enn til yðar, því að mér er annt um velferð sálna yðar. Já, áhyggjur mínar vegna yðar eru þungar, og þér vitið sjálf, að það hafa þær ávallt verið, því að ég hef hvatt yður af óþreytandi elju, kennt yður orð föður míns og rætt við yður um allt það, sem ritað hefur verið, allt frá sköpun jarðar.

4 Og sjá. Nú hyggst ég tala við yður bæði um það, sem er, og það, sem verður. Þess vegna ætla ég að

24a LR Iðjulaus, iðjuleysi.
26a Jakob 1:18–19;

Mósía 23:17.
30a 1 Ne 19:1–6.

31a LR Töflur.
6 2a Jakob 1:9, 11.

lesa orð ^aJesaja fyrir yður, en það eru þau orð, sem bróðir minn vill, að ég lesi yður. Og ég mæli þau til yðar sjálfra yðar vegna, svo að þér megið fræðast og gjöra nafn Guðs yðar dýrðlegt.

5 Orðin, sem ég ætla að lesa, eru þau orð, sem Jesaja mælti varðandi alla Ísraelsætt. Þau eiga þess vegna við yður, þar eð þér eruð af Ísraelsætt. Og margt af því, sem Jesaja hefur sagt, á við yður, þar eð þér eruð af Ísraelsætt.

6 Og þetta eru orðin: “Svo mælir Drottinn Guð: Ég mun banda hendi minni til Þjóðanna og reisa upp ^bmerki mitt fyrir lýðinn, og munu þeir þá færa hingað sonu þína í fangi sér og bera dætur þínar hingað á herðum sér.

7 Og konungar skulu verða barnfóstrar þínir og drottningar þeirra barnfóstrur þínar. Þeir munu falla til jarðar fram á ásjónur sínar fyrir þér og sleikja duft fóta þinna. Þá munt þú komast að raun um, að ég er Drottinn og þeir verða sér ekki til skammar, sem eftir mér ^abíða.

8 Og nú langar mig, Jakob, að ræða þessi orð nokkuð. Því að sjá, Drottinn hefur sýnt mér, að þeir, sem voru í ^aJerúsalem, þaðan sem við komum, hafa verið drepnir eða ^bfluttir burtu ánauðugir.

9 Engu að síður hefur Drottinn sýnt mér, að þeir munu ^asnúa aftur. Og hann hefur auk þess sýnt mér, að Drottinn Guð, hinn heilagi Ísraels, mun opinbera sig þeim í holdinu. Og þegar hann hefur opinberað sig þeim, munu þeir húðstrýkja hann og ^bkrossfesta samkvæmt orðum engilsins, sem sagði mér frá þessu.

10 Og er þeir hafa hert hjörtu sín gegn hinum heilaga Ísraels og gerst harðsvíraðir í hans garð, sjá, þá munu ^adómar hins heilaga Ísraels upp kveðnir yfir þeim. Og sá dagur mun upp renna, er þeir verða niður slegnir og að þeim þrengt.

11 Eftir að hafa því verið hraktir fram og aftur, því að þannig orðaði engillinn það, munu margir þeirra verða fyrir þrengingum í holdinu, en þeim ekki leyft að farast vegna fyrirbæna hinna trúuðu. Þeim mun tvístrað, þeir munu lostnir og fyrirlitnir. Engu að síður mun Drottinn vera þeim miskunnssamur, að ^aþegar þeir hafa öðlast ^bþekkingu á lausnara sínum mun þeim ^asafnað aftur til erfðalands síns.

12 Og blessaðar eru ^aÞjóðirnar, en um þær ritaði spámaðurinn: Sjá, fari svo að þeir iðrist, berjist

4a 3 Ne 23:1.

6a Jes 49:22–23.

b LR Merki.

7a K&S 133:45;

HDP Móse 1:6.

8a Ester 2:6;

1 Ne 7:13;

2 Ne 25:10;

Om 1:15;

He 8:20–21.

b 2 Kon 24:10–16;

25:1–12.

LR Ísrael — Tvístrun

Ísraels.

9a 1 Ne 10:3.

b 1 Ne 19:10, 13;

Mósía 3:9;

3 Ne 11:14–15.

LR Krossfesting.

10a Matt 27:24–25.

11a 1 Ne 22:11–12;

2 Ne 9:2.

b Hós 3:5.

c LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

12a 1 Ne 14:1–2;

2 Ne 10:9–10.

ekki gegn Síon og sameinist ekki hinni völdugu og ^bviðurstyggi-
legu kirkju, munu þeir hólpnir,
því að Drottinn Guð mun upp-
fylla þá ^csáttmála, sem hann hefur
gjört við börn sín. Og af þessari
ástæðu hefur spámaðurinn fært
þetta í letur.

13 Af þessum sökum munu þeir,
sem berjast gegn Síon og sátt-
málsþjóð Drottins, sleikja duftið
af fótum þeirra. Og lýður Drott-
ins verður sér ekki til ^askammar,
því að Drottins eru þeir, sem hans
^bvænta, því að þeir vænta enn
komu Messíasar.

14 Og sjá. Samkvæmt orðum spá-
mannsins, mun Messías ^aöðru sinni
takast á hendur að endurheimta þá.
Þess vegna mun hann ^bopinbera
sig þeim í veldi og mikilli dýrð til
^ctortímingar óvinum þeirra, þegar
sá dagur rennur upp, að þeir trúa
á hann. Og engum mun hann tor-
tíma, sem á hann trúir.

15 En þeim, sem trúa ekki á
hann, mun ^atortímt, bæði með
^beldi, fárviðri, jarðskjálftum,
blóðsúthellingum, ^cdrepsótt og
hungursneyð. Og þeim verður
ljóst, að Drottinn er Guð, hinn
heilagi Ísraels.

16 ^aÞví að hvort mun herfangið
tekið af hinum sterka eða ^brétt-
mætur fangi leystur úr haldi?

17 En svo mælti Drottinn: Jafn-
vel ^afangar hinna sterku verða
frá þeim teknir og herfang of-
beldismannsins mun framselt,
því að hinn ^bmáttugi Guð mun
^cvarðveita sáttmálsþjóð sína. Því
að svo mælti Drottinn: Ég mun
berjast gegn þeim, sem berjast
gegn þér —

18 Og ég mun láta kúgara þína
éta sitt eigið hold, og þeir skulu
verða drukknir af eigin blóði
eins og af gómsætu víni, og allt
hold mun komast að raun um, að
ég, Drottinn, er frelsari þinn og
^alausnari, hinn ^bmáttugi Jakobs.

7. KAPÍTULI

*Jakob les áfram úr Jesaja: Jesaja mælir
fyrir munn Messíasar — Messías mun
hafa tungu hins lærða — Hann býður
bak sitt þeim sem berja hann — Hann
verður sér ekki til skammar — Saman-
ber Jesaja 50. Um 559–545 f.kr.*

JÁ, svo mælir Drottinn: Hef ég ýtt
yður til hliðar eða vísað yður frá
að eilífu? Og Drottinn mælti: Hvar
er skilnaðarskrá móður yðar:
Hvar eru þeir, er ég hef afhent
yður og hverjum lánardrottna
minna hef ég framselt yður? Já,
hverjum hef ég framselt yður?
Sjá, sakir misgjörða yðar hafið þér
^aselt sjálfa yður, og sakir afbrota

12b LR Djöfull — Kirkja
djöfulsins.

c LR Sáttmáli Abrahams.

13a 3 Ne 22:4.

b Jes 40:31; 1 Ne 21:23;
K&S 133:45.

14a Jes 11:11;

2 Ne 25:17; 29:1.

b 2 Ne 3:5.

c 1 Ne 22:13–14.

15a 2 Ne 10:16; 28:15;

3 Ne 16:8.

LR Síðustu dagar, síðari
dagar.

b Jakob 6:3.

c K&S 97:22–26.

16a Jes 49:24–26.

b Þ.E. sáttmálsþjóð

Drottins eins og fram
kemur í 17. versí.

17a 1 Ne 21:25.

b LR Jehóva.

c 2 Kon 17:39.

18a LR Lausnari.

b 1 Mós 49:24;

Jes 60:16.

7 1a LR Fráhrvarf.

yðar hefur móðir yðar verið burtu rekin.

2 Þegar ég kom, var þess vegna engan að sjá, og þegar ég "kallaði, var enginn til svara. Ó Ísraelsætt, er hönd mín svo stutt orðin, að hún geti ekki leyst úr haldi eða vantar mig kraft til að bjarga? Sjá, með hótun minni þurrka ég upp ^bhafið, gjöri ^cfljótin að eyðimörk, svo að ^dfiskar í þeim úldna af vatnsleysi og deyja úr þorsta.

3 Ég hjúpa himininn "svörtu og sveipa hann ^bsorgarþúngi.

4 Drottinn Guð hefur gefið mér "tungu hins lærða, til þess að ég geti mælt tímabær orð við yður, ó þú Ísraelsætt. Þegar þér eruð þreytt, vekur hann yður á hverjum morgni. Hann vekur eyra mitt, svo að ég taki eftir að hætti hinna lærðu.

5 Drottinn Guð opnaði "eyra mitt, og ég þverskallaðist eigi, færðist eigi undan.

6 Ég bauð bak mitt þeim, sem "börðu mig, og vanga mína þeim, sem hárreyttu mig. Eigi byrgði ég ásjónu mína hvorki fyrir háðungum né hrákum.

7 Drottinn Guð hjálpar mér, og þess vegna mun ég ekki láta háðungarnar á mér festa. Þess vegna gjörði ég andlit mitt að tinnusteini og ég veit, að ég verð mér ekki til skammar.

8 Og Drottinn er nálægur og

hann réttlætir mig. Hver vill deila við mig? Vér skulum standa saman. Hver er mótstöðumaður minn? Lát hann koma til mín, og ég mun ljósta hann með krafti munns míns.

9 Því að Drottinn Guð hjálpar mér. Og allir þeir, sem "dæma mig, munu detta sundur eins og gamalt klæði, og mölur mun eyða þeim.

10 Hver er sá meðal yðar, sem óttast Drottin og hlýðir "röddu þjóns hans, en gengur í myrkri og sér enga skímu?

11 En sjá allir þér, sem tendrað hafið eld og stráíð um yður eldneistum, gangið í skini "elda þeirra og neista, sem þér hafið tendrað. Frá minni hendi kemur þetta yfir yður, þér skuluð liggja í kvölum.

8. KAPÍTULI

Jakob les áfram úr Jesaja: Á síðustu dögum mun Drottinn hugga Síon og safna saman Ísrael — Hinir endurleystu munu koma til Síonar með mikilli gleði — Samanber Jesaja 51 og 52:1–2. Um 559–545 f.Kr.

HLÝÐIÐ á mig, þér sem leggið stund á réttlæti. Lítið á "hellubjargið, sem þér eruð af höggfir, og á brunnholuna, sem þér eruð úr grafnir.

2 Lítið á Abraham, "föður yðar, og á ^bSöru, hana sem ól yður,

2a Okv 1:24–25;
Jes 65:12;
Al 5:37.
b 2 Mós 14:21;
Sálm 106:9;
K&S 133:68–69.
c Jós 3:15–16.

d 2 Mós 7:21.
3a 2 Mós 10:21.
b Op 6:12.
4a Lúk 2:46–47.
5a K&S 58:1.
6a Matt 27:26;
2 Ne 9:5.

9a Róm 8:31.
10a K&S 1:38.
11a Dóm 17:6.
8 1a LR Bjarg.
2a 1 Mós 17:1–8;
K&S 132:49.
b 1 Mós 24:36.

því að hann einan kallaði ég og blessaði.

3 Því að Drottinn huggar “Síon, huggar allar rústir hennar. Hann gjörir ^bauðn hennar sem Eden og heiði hennar sem aldingarð Drottins. Fögnuður og gleði mun finnast í henni, þakkargjörð og lofsöngur.

4 Hlýð þú á mig, þú lýður minn, hlusta á mig, ó þú þjóð mín, því að frá mér mun “lögmaál út ganga og ég mun láta rétt minn ríkja sem ^bljós fyrir fólkið.

5 Réttlæti mitt er nærri, “hjálp-ræði mitt er á leiðinni og armleggur minn mun dæma fólkið. Fjarlæggar ^bheimsálfur vænta mín og leggja traust sitt á armlegg minn.

6 Hefjið augu yðar til himna og lítið á jörðina hér neðra. Því að “himnarnir munu ^bleysast sundur sem reykur og jörðin ‘eldast sem klæði og þeir, sem á henni búa, deyja á sama hátt. En hjálpræði mitt varir að eilífu og réttlæti mínu mun ekki linna.

7 Hlýðið á mig, þér sem þekkið réttlætið, þú lýður, sem hefur lögmaál mitt skráð í hjarta þínu. “Óttist eigi spott manna og hrædist eigi smánaryrði þeirra.

8 Því að mölur mun eyða þeim eins og klæði og ormur éta þá sem ull. En réttlæti mitt varir að

eilífu og hjálpræði mitt frá kyni til kyns.

9 Vakna þú, vakna þú! Íklæð þig “styrkleika, þú armleggur Drottins. Vakna þú eins og fyrr á tíðum. Varst það ei þú, sem felldir Rahab og særðir drekann?

10 Varst þú eigi sá, sem þurrkaðir upp hafið, vötn hins mikla djúps, sem gjörðir sjávardjúpin að “vegi, svo að hinir endurleystu gætu komist yfir?

11 Hinir “endurleystu Drottins skulu því aftur hverfa og koma með ^bfagnaðarsöng til Síonar, og ævarandi gleði og helgi skal hvíla yfir höfði þeim; þeir skulu öðlast fögnuð og gleði, en hryggð og ‘andvarpan flýja.

12 En “ég er sá, já, ég er sá, sem huggar yður. Sjá, hver ert þú, sem ^bhrædist mennina, er eiga að deyja, og mannsins son, sem felldur verður eins og ‘grasið?

13 En “gleymir Drottini, skapara þínum, sem útþandi himnana og grundvallaði jörðina, og óttast stöðugt liðlangan daginn heift kúgarans, sem væri hann reiðubúinn til að tortíma þér. Og hvar er heift kúgarans?

14 Útlaginn fjötraði hefur hraðan á, svo að hann verði leystur og deyi ekki í gryfjunni, né heldur skorti hann brauð.

15 En ég er Drottinn Guð þinn,

3a LR Síon.

b Jes 35:1–2, 6–7.

4a EDA kenning,

kennisetning. Jes 2:3.

LR Fagnaðarerindi.

b LR Ljós, ljós Krists.

5a LR Sáluhjálp, hjálpræði.

b 2 Ne 10:20.

6a 2 Pét 3:10.

b HEB verða tvístrað.

Sálm 102:26–28.

c HEB hrörna.

7a Sálm 56:5, 11;

K&S 122:9.

9a K&S 113:7–8.

10a Jes 35:8.

11a LR Endurleysa, endurleystur,

endurlausn.

b Jes 35:10.

c Op 21:4.

12a K&S 133:47;

136:22.

b Jer 1:8.

c Jes 40:6–8;

1 Pét 1:24.

13a Jer 23:27.

og mínar “bylgjur gnúðu. Drottinn hersveitanna er nafn mitt.

16 Og ég hef lagt mín orð í munn þér og skýlt þér undir skugga handar minnar til þess að gróðursetja himnana og grundvalla jörðina og til þess að segja við Síon: Sjá, þú ert minn “lýður.

17 Vakna, vakna, rís upp, Jerúsalem! Þú, sem drukkið hefur “reiðibikar Drottins, er hönd hans rétti að þér. Vímubikarinn hefur þú teygð í botn —

18 Af öllum þeim sonum, sem hún hafði alið, var enginn til að leiða hana. Af öllum þeim sonum, sem hún hafði upp fætt, var enginn, sem tæki hana við hönd sér.

19 Þessir “tveir synir eru komnir til þín, sem aumka þig — eyðingu þína, tortímingu, hungur og sverð — en með hverjum á ég að hugga þig?

20 Synir þínir liðu í ómegin, að þessum tveim undanskildum. Þeir liggja á hverju götuhorni eins og villiuxi í veiðineti, fullir af reiði Drottins, af hirtingarorðum Guðs þíns.

21 Heyr því þetta, þú hin aðþrengda, þú sem “drukkinn ert, en þó ekki af víni:

22 Svo segir herra þinn, Drottinn og Guð þinn, sem “flytur mál lýðs síns: Sjá, ég tek úr hendi þinni vímubikarinn, dreggjarnar úr skál

reiði minnar. Þú skalt ekki frammar af henni bergja.

23 Ég “fæ hana í hendur þeim, sem að þér þrengja, þeim er sögðu við sál þína: Varpa þér niður, svo að vér getum gengið á þér. Og þú varðst að gjöra líkama þinn sem gólf og götu fyrir vegfarendur.

24 “Vakna þú, vakna þú og íklæð þig ^bstyrkleika þínum, ó “Síon. Klæð þig skrautklæðum þínum, ó Jerúsalem, þú hin heilaga borg. Því að ^aenginn óumskorinn eða óhreinn skal frammar inn í þig ganga.

25 Hrist af þér rykið, “rís þú og sest í sæti þitt, ó Jerúsalem. Losa af þér ^bhálsfjötra þína, þú hin herstekna dóttir, Síon.

9. KAPÍTULI

Jakob útskýrir að Gyðingum muni safnað saman í öllum fyrirheitnum löndum sínum — Friðþægingin frelsar manninn frá fallinu — Líkamar hinna dauðu munu koma úr gröfunum og andar þeirra úr helju og paradís — Þeir munu dæmdir — Friðþægingin frelsar frá dauða, helju, djöflinum og óendanlegri kvöl — Hinir réttlátu verða hólpnir í ríki Guðs — Gjöld syndarinnar tilgreind — Hinn heilagi Ísraels er vörðurinn við hliðið. Um 559–545 f. Kr.

ÁSTKÆRU bræður mínir, ég hef nú

15a 1 Ne 4:2.
16a 2 Ne 3:9; 29:14.
17a Jes 29:9;
Jer 25:15;
Lúk 21:24.
19a Op 11:3.

21a 2 Ne 27:4.
22a Jer 50:34.
23a Sak 12:9.
24a Jes 52:1–2.
b K&S 113:7–8.
c LR Síon.

d Jóel 3:22.
25a Þ.E. Rís úr duftinu
og tak virðingarsess,
endurleystur að lokum.
b K&S 113:9–10.

lesið þetta, til þess að þér þekkið “sáttmála Drottins, sem hann gjörði við alla Ísraelsætt —

2 Að hann hefur talað til Gyðinganna með munni heilagra spámannanna sinna, já, allt frá upphafi, frá kyni til kyns, þangað til sá tími kemur, að þeir verða “endurreistir til hinnar sönnu kirkju og hjarðar Guðs, þegar þeim verður ^bsafnað heim til ‘erfðalanda sinna og þeir hafa komið sér fyrir í sínum fyrirheitnu löndum.

3 Sjáið, ástkæru bræður mínir, ég mæli þessi orð til yðar, til að þér megið fagna og ^abera höfuðið hátt að eilífu vegna þeirra blessana, sem Drottinn Guð mun veita börnum yðar.

4 Því að ég veit, að margir yðar hafa leitað lengi að vitneskju um það, sem koma skal. Þess vegna veit ég, að þér vitið, að hold vort hlýtur að eyðast og deyja, en í ^alíkama vorum munum vér engu að síður sjá Guð.

5 Já, ég veit, að þér vitið, að í líkamanum mun hann sýna sig þeim, sem í Jerúsalem eru, þaðan er vér komum. Þess vegna er við hæfi, að hann birtist meðal þeirra, því að hinum mikla ^askapara þóknast

að gjöra sig undirgefinn mannum í holdinu og deyja fyrir ^balla menn, svo að allir menn geti orðið honum undirgefdir.

6 Því að þegar dauðinn hefur orðið hlutskipti allra manna til að uppfylla hina miskunnsömu ^aáætlun skaparans mikla, hlýtur og verður máttur til ^bupprisu að vera til, og upprisan hlýtur að koma til mannsins vegna ^cfallsins, en fallið kom vegna lögmálsbrots, og vegna þess að maðurinn varð fallinn, ^dútilokaðist hann úr návist Drottins.

7 Þess vegna hlýtur ^aalgjör ^bfriðþæging að vera til — ef ekki væri til algjör friðþæging, gæti þessi forgengileiki ekki íklæðst óforgengileika. ^cFyrsti dómurinn, sem kveðinn var upp yfir mannum, hlýti þess vegna að hafa ^dhaft óendanlegt gildi. Og ef svo er, hlýti þetta hold að leggjast niður í móður jörð til að rotna og molna þar og rísa ekki upp aftur.

8 Ó, ^aviska Guðs, ^bmiskunn hans og ^cnád! Því að sjá, ef ^dholdið risi ekki upp aftur, yrðu andar vorir þegnar þess engils, sem ^eféll úr návist eilífs Guðs og varð ^ddjöfullinn og aldrei rís aftur.

9 1a LR Sáttmáli Abrahams.

2a 2 Ne 6:11.

LR Endurreisind
fagnaðarerindisins.

b LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

c 2 Ne 10:7–8.
LR Fyrirheitið land.

3a ÞJS Sálm 24:7–10
(Viðauki).

4a Job 19:26;
Al 11:41–45; 42:23;
He 14:15; Morm 9:13.

5a LR Skapa, sköpun.

b Jóh 12:32;
2 Ne 26:24;
3 Ne 27:14–15.

6a LR Endurlausnaráætlunin.

b LR Upprisa.
c LR Fall Adams og Evu.

d 2 Ne 2:5.
7a Al 34:10.

b LR Friðþægja,
friðþæging.
c Mósía 16:4–5;

Al 42:6, 9, 14.

d Mósía 15:19.
8a Job 12:13;
Abr 3:21. LR Víska.
b LR Miskunnsamur,
miskunnsemi.

c LR Náð.
d K&S 93:33–34.

e Jes 14:12;
2 Ne 2:17–18;
HDP Móse 4:3–4;
Abr 3:27–28.

f LR Djöfull.

9 Og andar vorir hefðu hlotið að verða honum líkir og vér að verða að djöflum, ^aenglum djöfulsins, og verða ^bútilokaðir úr návist Guðs vors og hefðum dvalið með föður ^clyginnar í sömu vansæld og hann sjálfur. Já, með veru þeirri, sem ^dtældi fyrstu foreldra vora, sem ^eumbreytir sér næstum í ^fengil ljóssins og leiðir mannanna börn til ^gleyndra drápssamsæra og alls kyns leyndra myrkraverka.

10 Ó, hve mikil er gæska Guðs vors, sem bjó oss leið til undankomu úr greipum þessarar hræðilegu ófreskju. Já, þessarar ófreskju, ^adauða og ^bvíti, sem ég kalla dauða líkamans samfara dauða andans.

11 Og vegna ^abjörgunarleiðar Guðs vors, hins heilaga Ísraels, mun þessi ^bdauði, sem er stundlegur dauði og ég hef talað um, skila aftur sínum dauðu, en sá dauði er gröfin.

12 Og sá ^adauði, sem ég hef talað um og er andlegur dauði, mun skila aftur sínum dauðu, en sá andlegi dauði er ^bvíti. Þess vegna verða dauði og víti að skila aftur sínum dauðu og víti að skila aftur sínum fjötruðu öndum. Og gröfin

verður að skila aftur sínum fjötruðu líkómum, og líkamar og ^candar manna ^dtengjast hvorir öðrum á ný. Og það gjörist fyrir upprisukraft hins heilaga Ísraels.

13 Ó, hversu mikilfengleg er ^aáætlun Guðs vors! Því að annars vegar verður ^bparadís Guðs að skila aftur öndum hinna réttlátu og hins vegar gröfin að skila aftur líkómum hinna réttlátu. Og andinn og líkaminn eru ^cendurreistir til sjálfra sín á ný, og allir menn verða óförgengilegir og ^dó dauðlegir. Og þeir eru lifandi sálir, með þá ^efullkomnu ^fþekkingu, sem vér höfðum í holdinu að öðru leyti en því, að þekking vor verður alfullkomin.

14 Vér munum þess vegna hafa fullkomna ^avitneskju um alla ^bsekt vora, óhreinleika vorn og ^cnekt. Og hinir réttlátu munu hafa fullkomna vitneskju um gleði sína og ^dréttlæti sitt og munu ^eíklæddir ^fhreinleika, já, jafnvel ^gmöttli réttlætisins.

15 Og svo ber við, að þegar allir menn hafa gengið gegnum þennan fyrsta dauða til lífsins og þar með orðið ódauðlegir, verða þeir að koma fram fyrir ^adómstól

9a Jakob 3:11;

Al 5:25, 39.

b Op 12:7–9.

c LR Lygar.

d 1 Mós 3:1–13;

Mósía 16:3;

HDP Móse 4:5–19.

e 2 Kor 11:14;

Al 30:53.

f K&S 129:8.

g LR Leynisamtök, samsæri.

10a Mósía 16:7–8;

Al 42:6–15.

b LR Helja.

11a LR Bjargvættur.

b LR Dauði, líkamlegur.

12a LR Dauði, andlegur.

b K&S 76:81–85.

c LR Andi.

d LR Úpprisa.

13a LR Endurlausnaráttunin.

b K&S 138:14–19.

LR Paradís.

c Al 11:43.

d LR Ódauðlegur, ódauðleiki.

e LR Fullkominn.

f K&S 130:18–19.

14a Mósía 3:25;

Al 5:18.

b LR Sect.

c Morm 9:5.

d LR Réttlátur, réttlæti.

e Okv 31:25.

f LR Hreinn, hreinleiki.

g K&S 109:76.

15a LR Lokadómur.

hins heilaga Ísraels. Og þá fellur ^bdómurinn, og þeir verða dæmdir eftir hinum heilaga dómi Guðs.

16 Og jafn víst og Drottinn lifir, því að Drottinn Guð hefur sagt það, og það er hans eilífa ^aorð, sem ekki mun ^bundir lok líða, þá munu hinir réttlátu halda áfram að vera réttlátir og hinir ^csaurugu halda áfram að vera ^dsaurugir, og þess vegna eru hinir saurugu ^edjöfullinn og englar hans, og þeir munu hverfa inn í ^fævarandi eld, sem þeim er fyrirbúinn. Og kvöl þeirra er eins og ^díki elds og brennisteins, þar sem logarnir stíga upp alltaf og að eilífu án nokkurs endis.

17 Ó, hve mikill og ^aréttvís er Guð vor! Því að hann framkvæmir öll sín orð, og þau hafa gengið út af munni hans og lögmál hans hljóta að verða uppfyllt.

18 En sjá. Hinir réttlátu, hinir ^aheilögu hins heilaga Ísraels, þeir sem trúað hafa á hinn heilaga Ísraels, þeir sem borið hafa ^bkrossa þessa heims og að engu haft smánina, sem því fylgir, þeir munu ^cerfa Guðs ^dríki, sem þeim var fyrirbúið ^efrá grundvöllun heimsins og gleði þeirra verður algjör að ^feilífu.

19 Ó, hin mikla miskunn Guðs vors, hins heilaga Ísraels! Því að hann ^abjargar sínum heilögu frá þessari ^bhræðilegu ófreskju, djöflinum, frá dauðanum og ^cvíti og þessu díki elds og brennisteins, sem er óendanleg kvöl.

20 Ó, hve mikill er ^aheilagleiki Guðs vors! Því að hann ^bþekkir allt, og ekkert er það til, sem hann ekki veit.

21 Og hann kemur í heiminn til að ^afrelsa alla menn, vilji þeir hlýða á rödd hans. Því að sjá, hann ber ^bþjáningar allra manna, já, þjáningar hverrar lifandi veru, bæði karla, kvenna og barna, sem tilheyra fjölskyldu ^cAdams.

22 Og hann ber þessar þjáningar, til þess að upprisa allra manna verði að veruleika, svo að allir geti staðið frammi fyrir honum á hinum mikla dómsdegi.

23 Og hann býður öllum mönnum að ^aiðrast og láta ^bskírast í sínu nafni, í fullkominni trú á hinn heilaga Ísraels, ella geti þeir eigi frelsast í Guðs ríki.

24 Og vilji þeir ekki iðrast og trúa á ^anafn hans og vera skírðir í hans nafni og ^bstanda stöðugir allt til enda, þá munu þeir

15b Sálm 19:10;
2 Ne 30:9.

16a 1 Kon 8:56;
K&S 1:38;
HDP Móse 1:4.
b K&S 56:11.

c LR Öhreinindi.

d 1 Ne 15:33–35;
Al 7:21; Morm 9:14;
K&S 88:35.

e LR Djöfull.

f Mósía 27:28.

g Op 21:8; 2 Ne 28:23;
K&S 63:17.

17a LR Réttvísi.

18a LR Heilagur.

b Lúk 14:27.

c K&S 45:58; 84:38.

d LR Upphafning.

e Al 13:3.

f LR Eilíft líf.

19a K&S 108:8.

b 1 Ne 15:35.

c LR Helja.

20a LR Heilagleiki.

b Al 26:35;

K&S 38:2.

21a LR Sáluhjálpr, hjálpraði.

b K&S 18:11; 19:18.

c LR Adam.

23a LR Iðrast, iðrun.

b LR Skírín, skíra.

24a LR Jesús Kristur — Að taka á okkur nafn Jesús Krists.

b LR Standast.

“fordæmdir, því að Drottinn Guð, hinn heilagi Ísraels, hefur sagt það.

25 Þess vegna hefur hann gefið “lögmál, og sé ^bekkert lögmál gefið, þá er engin refsing, og sé engin refsing, þá er engin fordæming, og sé engin fordæming, þá á miskunn hins heilaga Ísraels tilkall til þeirra vegna friðþægingarinnar, því að þeir eru frelsaðir fyrir hans kraft.

26 Því að “friðþægingin fullnægir kröfum um ^bréttvísi hans til handa öllum þeim, sem ekki “hafa fengið ^alögmálið gefið, svo að þeir frelsist frá hinni hræðilegu ófreskju, dauða og víti og djöflinum og diki elds og brennisteins, sem er óendanleg kvöl. Og þeir eru færðir aftur þeim Guði, sem gaf þeim ^elífsanda, sem er hinn heilagi Ísraels.

27 En vei sé þeim, sem fengið hefur “lögmálið, já, sem hefur öll boðorð Drottins eins og vér, og sem brýtur gegn þeim og sóar reynsludögum sínum, því að hörmulegt er hlutskipti hans!

28 Ó, hin slægvitra “áætlun hins illa! Ó, ^bhégómagirnd, veikleiki

og heimska mannanna! Séu þeir “lærðir, telja þeir sig ^avitra og hlíta ekki ^eráðum Guðs, því að þeir leggja þau til hliðar og telja sig sjálfa vita. Þess vegna er viska þeirra heimska og gagnar þeim ekkert. Og þeir munu farast.

29 En gott er að vera lærður, ef ^ahlítt er ^bráðum Guðs.

30 En vei sé hinum ríku, sem “ríkir eru að veraldarauði. Því að vegna þess að þeir eru ríkir, fyrirlíta þeir hina ^bsnauðu og ofsækja hina hógværu, og hjörtu þeirra tilheyra fjársjóðum þeirra. Þess vegna eru fjársjóðir þeirra guð þeirra. Og sjá, fjársjóðir þeirra munu einnig farast með þeim.

31 Og vei sé hinum dauðu, sem ekki vilja “heyra, því að þeir munu farast.

32 Vei sé hinum blindu, sem ekki vilja sjá, því að þeir munu einnig farast.

33 Vei sé hinum óumskornu í hjarta, því að vitneskja um misgjörðir þeirra mun ljósta þá á efsta degi.

34 Vei sé “lygaranum, því að honum mun þrýst niður til ^bheljar.

24c LR Fordæming.

25a Jakbr 4:17.

LR Lögmál.

b Róm 4:15; 2 Ne 2:13;

Al 42:12–24.

LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda.

26a 2 Ne 2:10; Al 34:15–16.

LR Friðþægja, friðþæging.

b LR Réttvísi.

c Mósía 3:11.

d Mósía 15:24;

K&S 137:7.

e 1 Mós 2:7;

K&S 93:33; Abr 5:7.

27a Lúk 12:47–48.

28a Al 28:13.

b LR Hégómlegur, hégómi.

c Lúk 16:15;

2 Ne 26:20; 28:4, 15.

d Okv 14:6; Jer 8:8–9;

Róm 1:22.

LR Drambsemi;

Viska.

e Al 37:12.

LR Ráðgjöf.

29a 2 Ne 28:26.

b Jakob 4:10.

30a Lúk 12:34; 1 Tím 6:10;

K&S 56:16.

b LR Fátækur.

31a Esek 33:30–33;

Matt 11:15; Mósía 26:28;

K&S 1:2, 11, 14;

HDP Móse 6:27.

34a Okv 19:9.

LR Heiðarlegur,

heiðarleiki;

Lygar.

b LR Helja.

35 Vei sé morðingjanum, sem “myrðir að yfirlögðu ráði, því að hann mun ^bdeyja.

36 Vei sé þeim, sem drýgja “hór, því að þeim mun þrýst niður til heljar.

37 Já, vei sé “skurðgoðadýrkendum, því að djöfull allra djöfla gleðst yfir þeim.

38 Og að lokum, vei sé öllum þeim, sem deyja í syndum sínum, því að þeir munu “snúa aftur til Guðs og sjá andlit hans og verða áfram í syndum sínum.

39 Ó, ástkæru bræður mínir, munið hörmung þess að brjóta gegn heilögum Guði og einnig hörmung þess að láta undan tálbeitu hins “slægvitra. Hafið hugfast, að það er ^bdauði að vera “holdlega sinnaður, en ^aeilíft “líf að vera andlega sinnaður.

40 Ó, ástkæru bræður mínir, ljáið orðum mínum eyra. Munið mikilleik hins heilaga Ísraels. Segið ekki, að ég hafi verið harðorður gegn yður, því að ef þér gjörði það, þá smánið þér “sannleikann, því að ég hef talað orð skapara yðar. Ég veit, að sannleikans orð eru ^bhörd gegn öllum óhreinleika. En hinir réttlátu hræðast þau eigi, því að þeir elska sannleikann og skelfast ekki.

41 Ó, ástkæru bræður mínir, “komið þá til Drottins, hins heilaga. Munið, að vegir hans eru réttlátir. Sjá. ^bVegurinn, mannum ætlaður, er ^cþröngur, en hann liggur beint fram undan og vörðurinn við ^ahliðið er hinn heilagi Ísraels; en engan þjón setur hann þar. Og engin önnur leið finnst en inn um hliðið, því að ekki er hægt að blekkja hann, því að Drottinn Guð er nafn hans.

42 Og fyrir hverjum, sem á dyrnar knýr, mun hann upp ljúka. En hinir ^avitru og hinir lærðu og þeir, sem ríkir eru og ^bútblásnir af lærdómi sínum og visku sinni og auði sínum, já, það eru þeir, sem hann fyrirliður. Og varpi þeir ekki þessum hlutum burt og líti á sjálfa sig sem ^aheimskingja frammi fyrir Guði og komi niður í djúp ^aauðmýktarinnar, mun hann ekki ljúka upp fyrir þeim.

43 En það, sem hinna vitru og forsjálu er, mun ^ahulið þeim að eilífu — já, sú hamingja, sem fyrirbúin er hinum heilögu.

44 Ó, ástkæru bræður mínir, hafið orð mín í huga. Sjá, ég tek af mér klæði mín og hristi þau frammi fyrir yður. Ég bið Guð hjálpraðis míns að líta á mig

35a 2 Mós 20:13;

Mósía 13:21.

b LR Dauðarefsing.

36a 3 Ne 12:27–29.

LR Hreinlífi.

37a LR Falsguðadýrkun.

38a Al 40:11, 13.

39a 2 Ne 28:20–22; 32:8;

Mósía 2:32; 4:14;

Al 30:53.

b LR Dauði, andlegur.

c Róm 8:6.

LR Holdlegur.

d LR Eilíft líf.

e Okv 11:19.

40a LR Sannleikur.

b 1 Ne 16:2;

2 Ne 28:28; 33:5.

41a 1 Ne 6:4; Jakob 1:7;

Om 1:26;

Moró 10:30–32.

b 2 Ne 31:17–21;

Al 37:46;

K&S 132:22, 25.

c Lúk 13:24;

2 Ne 33:9;

He 3:29–30.

d 2 Ne 31:9, 17–18;

3 Ne 14:13–14;

K&S 43:7; 137:2.

42a Matt 11:25.

b LR Drambsemi.

c 1 Kor 3:18–21.

d LR Auðmjúkur, auðmýkt.

43a 1 Kor 2:9–16.

og skoða mig með sínum “alsjáandi augum. Á efsta degi, þegar allir menn verða dæmdir af verkum sínum munuð þér því vita, að Guð Ísraels var vitni að því, að ég ^bhristi misgjörðir yðar af sálu minni og að ég stend hreinn frammi fyrir honum og er ‘laus við blóð yðar.

45 Ó, ástkæru bræður mínir, snúðu frá syndum yðar. Hristið af yður “hlekki þess, sem vill fjötra yður fasta. Komið til þess Guðs, sem er ^bbjarg hjálpraðis yðar.

46 Búið sálir yðar undir hinn dýrðlega dag, þegar hinir réttlátu njóta “réttvísinnar, já, ^bdómsdaginn, svo að þér hörfið ekki undan felmtri slegni og minnst að fullu hinnar hræðilegu ‘sektar yðar og neyðist til að hrópa: Heilagir, heilagir eru dómar þínir, ó Drottinn Guð ^dalmáttugur — en ég þekki sekt mína. Ég braut lögmál þitt, og brot mín eru mín eigin. Og djöfullinn hefur náð svo tökum á mér, að ég er fórnardýr hræðilegrar eymdar hans.

47 En sjá, bræður mínir. Verð ég að vekja yður til hins ægilega raunveruleika um þessa hluti? Mundi ég hrjá sálir yðar, ef hugir yðar væru hreinir? Mundi ég skýra hinn einfalda sannleika fyrir yður ljósum orðum, ef þér væruð lausir við synd?

48 Sjá, væruð þér heilagir, þá mundi ég tala við yður um heilagleika. En þar eð þér eruð ekki heilagir og lítið á mig sem kennara, hlýt ég að verða að “fræða yður um afleiðingu ^bsyndarinnar.

49 Sjá, sál mín hefur andstyggð á synd, en hjarta mitt finnur unað í réttlæti. Og ég vil “lofa hið heilaga nafn Guðs míns.

50 Komið bræður mínir, allir þér, sem þyrstir eruð, komið til “vatnsins. Og þér, sem ekkert silfur eigið, komið og kaupið og borðið, já, komið og kaupið vín og mjólk án ^bsilfurs og endurgjalds laust.

51 Eyðið ekki silfri fyrir það, sem er einskis virði, né “erfiðið fyrir það, sem enga saðningu veitir. Hlýðið af kostgæfni á mig, og hafið þau orð hugföst, sem ég hef talað. Komið til hins heilaga Ísraels, og ^bendurnærst af því, sem hvorki ferst né spillist og látið sál yðar gæða sér á feiti þess.

52 Sjá, hjartkæru bræður mínir, munið orð Guðs yðar. Biðjið til hans án afláts á daginn, og færið hans heilaga nafni “þakkar að kvöldi. Látið hjörtu yðar fagna.

53 Og sjá, hve miklir eru “sáttmálar Drottins! Hve mikið er lítillæti hans gagnvart mannanna börnum! Og vegna mikilleika

44a Jakob 2:10.

b Jakob 1:19.

c Jakob 2:2; Mósía 2:28.

45a 2 Ne 28:22; Al 36:18.

b LR Bjarg.

46a LR Réttvísi.

b LR Lokadómur.

c Mósía 3:25.

d 1 Ne 1:14;

HDP Móse 2:1.

48a Al 37:32.

b LR Synd.

49a 1 Ne 18:16.

50a LR Lifandi vatn.

b Al 42:27.

51a Jes 55:1–2.

b 2 Ne 31:20; 32:3;

3 Ne 12:6.

52a LR Pakklátur, þakkar,

þakargjörð.

53a LR Sáttmáli.

hans, náðar og ^bmiskunnar hefur hann heitið oss því, að niðjum vorum verði ekki með öllu tortímt í holdinu, heldur muni hann varðveita þá, og meðal komandi kynslóða verði þeir réttlát ^cgrein Ísraelsættar.

54 Og bræður mínir, ég vildi tala til yðar lengur, en á degi komanda mun ég segja yður það, sem eftir er orða minna. Amen.

10. KAPÍTULI

Jakob útskýrir að Gyðingar muni krossfesta Guð sinn — Þeim mun tvístrað þar til þeir fara að trúá á hann — Ameríka verður land lýðfrelsis og þar mun enginn konungur ríkja — Sættist við Guð og öðlist sáluhjálpi fyrir náð hans. Um 559–545 f.Kr.

Og nú ætla ég, Jakob, að ræða við yður aftur, ástkæru bræður mínir, um þessa réttlátu ^agrein, sem ég hef talað um.

2 Því að sjá. ^aFyrirheitin, sem oss hafa verið veitt, eru heit, sem miðast við oss í holdinu. Og enda þótt mér hafi verið sýnt, að mörg barna vorra munu farast í holdinu vegna trúleysis, mun Guð engu að síður verða mörgum miskunnsamur og börn vor verða endurreist, svo að

þau megi nálgast það, sem veitir þeim sanna þekkingu á lausnara sínum.

3 Þess vegna hlýtur að vera við hæfi, eins og ég hef þegar sagt yður, að Kristur — en í nótt sem leið sagði ^aengillinn, að svo yrði hann nefndur — ^bkomi til Gyðinganna, til þeirra, sem eru hinn ranglátari hluti veraldar. Og þeir munu ^ckrossfesta hann — því að svo þóknaðist Guði vorum. En engin önnur þjóð fyrirfinnst á jarðríki, sem ^dkrossfesta mundi ^eGuð sinn.

4 Því að yrðu hin stórkostlegu ^akraftaverk unnin meðal annarra þjóða, mundu þær iðrast og gjöra sér ljóst, að hann er Guð þeirra.

5 En vegna ^aprestaslægðar og misgjörða munu Jerúsalembúar verða harðsvíraðir gegn honum, og hann verður krossfestur.

6 Þess vegna mun tortíming, hungursneyð, drepsóttir og blóðsúthelling koma yfir þá misgjörða þeirra vegna. Og þeim, sem ekki tortímast, mun ^atvístrað meðal allra þjóða.

7 En sjá. Svo segir ^aDrottinn Guð: ^bÞegar sá dagur rennur upp, að þeir trúá á mig, að ég er Kristur, þá hef ég gjört sáttmála við feður þeirra um, að þeir skuli hér á

53 ^b LR Miskunnsamur, miskunnsemi.
^c LR Vínarður Drottins.
 10 1 ^a 1 Ne 15:12–16;
 2 Ne 3:5;
 Jakob 5:43–45.
 2 ^a 1 Ne 22:8;
 3 Ne 5:21–26; 21:4–7.
 3 ^a 2 Ne 25:19;

Jakob 7:5;
 Moró 7:22.
^b LR Jesús Kristur — Spádómar um fæðingu og dauða Jesú Krists.
^c 1 Ne 11:33; Mósía 3:9; K&S 45:52–53.
^d Lúk 23:20–24.

^e 1 Ne 19:10.
 4 ^a LR Kraftaverk.
 5 ^a Lúk 22:2.
 LR Prestaslægð.
 6 ^a 1 Ne 19:13–14.
 LR Ísrael — Tvístrun Ísraels.
 7 ^a LR Drottinn.
^b 2 Ne 25:16–17.

jörðu endurreistir í holdinu og hverfa aftur til erfðalanda sinna.

8 En svo mun bera við, að hinni langvarandi tvístrun þeirra lýkur og þeim mun ^asafnað saman af ^beylöndum sjávar og úr öllum heimshornum. Og fyrir að ^cflytja þá til erfðalanda sinna verða þjóðir Þjóðanna miklar í augum mínum, segir Guð.

9 ^aJá, konungar Þjóðanna verða fóstrar þeirra og drottningar þeirra fóstrur. Þess vegna hefur Drottinn gefið Þjóðunum mikil ^bfyrirheit, því að svo hefur hann mælt, og hver fær þá rengt það?

10 En sjá, sagði Guð, þetta land verður erfðaland yðar og ^aÞjóðirnar munu blessaðar í landinu.

11 Og þetta land verður land ^alýðfrelsis fyrir Þjóðirnar, og enginn ^bkonungur mun ríkja yfir landinu eða rísa upp meðal Þjóðanna.

12 Og ég mun styrkja þetta land gegn öllum öðrum þjóðum.

13 Og sá, sem ^aberst gegn Síon, mun ^bfarast segir Guð.

14 Því að hver sá, sem teflir fram konungi á móti mér, mun farast, því að ég, Drottinn, ^akonungur himinsins, er konungur þeirra, og

ég verð þeim að eilífu ^bljós, sem orð mín heyra.

15 Þess vegna verð ég að tor-tíma ^aleyndum ^bmykraverkum, morðum og viðurstygð til að fullnægja ^csáttmálunum, sem ég gjörði við mannanna börn um það, sem ég mun gjöra fyrir þau í holdinu.

16 Af þessum sökum mun sá farast, sem berst gegn ^aSíon, hvort sem hann er Gyðingur eða ekki, ánaudugur eða frjáls, karl eða kona, því að það eru ^bþeir sem eru vændiskona allrar jarðarinnar. Því að ^cþeir, sem ^dekki eru með mér, eru á ^emóti mér, segir Guð vor.

17 Því að ég mun ^astanda við heit þau, sem ég hef gefið mannanna börnum, um það, sem ég gjöri fyrir þau í holdinu —

18 Ástkæru bræður mínir. Þess vegna fórust Guði vorum þannig orð: Ég mun láta Þjóðirnar þrengja að niðjum yðar. Engu að síður mun ég milda hjörtu ^aÞjóðanna, svo að þær verði sem feður þeirra, og þess vegna munu Þjóðirnar verða ^bblessaðar og ^cteljast meðal Ísraelsættar.

19 Þess vegna mun ég að eilífu ^ahelga þetta land niðjum

8a LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

b 1 Ne 22:4;
2 Ne 10:20–22;
K&S 133:8.

c 1 Ne 22:8.

9a Jes 49:22–23.
b 1 Ne 22:8–9;
K&S 3:19–20.

10a 2 Ne 6:12.

11a LR Frjáls, frelsi.
b Mósía 29:31–32.

13a 1 Ne 22:14, 19.
b Jes 60:12.

14a Al 5:50;
K&S 38:21–22;

128:22–23;
HDP Móse 7:53.

b LR Ljós, ljós Krists.

15a He 3:23.

LR Leynisamtök,
samsæri.

b LR Myrkur, andlegt.

c LR Sáttmáli.

16a LR Síon.

b 1 Ne 13:4–5.

c 1 Ne 14:10.

d 1 Ne 22:13–23;

2 Ne 28:15–32;

3 Ne 16:8–15;

Et 2:9.

e Matt 12:30.

17a K&S 1:38.

18a Lúk 13:28–30;

K&S 45:7–30.

b Ef 3:6.

c Gal 3:7, 29;

1 Ne 14:1–2;

3 Ne 16:13; 21:6, 22; 30:2;

Abr 2:9–11.

19a 2 Ne 3:2.

þínum og þeim, sem til þeirra teljast, og gjöra það að erfðalandi þeirra, því að þetta er valkostaland, segir Guð við mig, öllum löndum fremra, og því vil ég, að allir, sem þar dveljast, tilbiðji mig, segir Guð.

20 Og ástkæru bræður mínir, þegar við nú sjáum, að hinn miskunn sami Guð vor hefur veitt oss svo mikla þekkingu um þessa hluti, þá skulum vér minnst hans, leggja niður syndir vorar og lyfta höfðum vorum, því að oss er ekki vísað frá. Þótt vér höfum verið “flæmdir burt úr erfðalandi voru, höfum vér verið leiddir til ^bbeta lands, því að Drottinn hefur gjört hafið að ^cgötu vorri, og vér erum á ^aeylandi sjávar.

21 En mikil eru fyrirheit Drottins til þeirra, sem á ^aeylöndum sjávar eru. Og þar eð talað er um eylönd, hlýtur að vera um fleiri að ræða en þetta eina, og bræður vorir byggja þau einnig.

22 Því að sjá. Drottinn Guð hefur öðru hverju ^aleitt fólk burt frá húsi Ísraels að eigin hyggju og vilja. Og sjá. Drottinn man alla þá, sem klofnir hafa verið frá, og því man hann einnig eftir oss.

23 Herðið þess vegna upp hugann og minnst þess, að þér hafið ^afrelsi til að ^bbreyta sjálfstætt, til að

“velja leiðina til ævarandi dauða eða leiðina til eilífs lífs.

24 Þess vegna, ástkæru bræður mínir, skuluð þér semja yður að vilja Guðs, en ekki að vilja djöfulsins og holdsins. Og þegar þér hafið samið yður að háttum Guðs, skuluð þér minnst þess, að það er einungis í og fyrir Guðs ^anád, sem þér ^bfrelsist.

25 Og megi Guð því reisa yður frá dauðum í krafti upprisunnar og einnig frá ævarandi dauða í krafti ^afriðþægingarinnar, til að þér fáið inngöngu í hið eilífa ríki Guðs og megið færa honum lof fyrir guðlega náð. Amen.

11. KAPÍTULI

Jakob sá lausnara sinn — Lögmál Móse er táknrænt um Krist og sannar að hann muni koma. Um 559–545 f. Kr.

Og ^aJakob ræddi reyndar margt fleira við fólk mitt á þessum tíma. Engu að síður hef ég einungis látið færa þetta í ^bletur, því að mér nægir það, sem ég hef skráð.

2 Og nú ætla ég, Nefí, að rita meira af orðum ^aJesaja, því að sál mín hefur unun af orðum hans. Því að orð hans skírskota til fólks míns, og vil ég flytja þau áfram til allra barna minna, því að sannlega sá hann ^blausnara minn, á sama hátt og ég hef séð hann.

20a 1 Ne 2:1–4.
b 1 Ne 2:20.
LR Fyrirheitið land.
c 1 Ne 18:5–23.
d Jes 11:10–12.
21a 1 Ne 19:15–16; 22:4.

22a 1 Ne 22:4.
23a LR Sjálfræði.
b 2 Ne 2:16.
c 5 Mós 30:19.
24a LR Náð.
b LR Sáluhjálp, hjálpraði.

25a LR Friðþægja,
friðþæging.
11 1a 2 Ne 6:1–10.
b 2 Ne 31:1.
2a 3 Ne 23:1.
b LR Lausnari.

3 Og bróðir minn, Jakob, hefur einnig ^aseð hann á sama hátt og ég hef séð hann. Ég mun því flytja orð þeirra áfram til barna minna til að sanna þeim, að orð mín eru sönn. Þess vegna hefur Guð sagt: Með orðum ^bþriggja munu orð mín staðfest. Engu að síður sendir Guð fleiri votta, og hann sannar öll sín orð.

4 Sjá. Sál mín hefur unun af að ^asanna þjóð minni sannleikann um ^bkomu Krists, því að í þeim tilgangi var ^clögmal Móse gefið, og allt, sem Guð hefur gefið mannum frá upphafi veraldar, er táknrænt um hann.

5 Og sál mín hefur einnig unun af ^asáttmálunum, sem Drottinn gjörði við feður okkar. Já, sál mín finnur unað í náð hans og réttvísi og krafti hans og miskunn, sem birtist í hinni miklu eilífðaráætlun um frelsun frá dauða.

6 Og sál mín hefur unun af að sanna fyrir fólki mínu, að ^aán komu Krists hljóta allir menn að farast.

7 Því að ef Kristur væri ^aekki til, þá væri Guð ekki heldur til. Og væri Guð ekki til, værum við ekki til, því að engin ^bsköpun hefði átt sér stað. En Guð er til, og hann er Kristur, og hann kemur í fyllingu síns eigin tíma.

8 Og nú ætla ég að færa nokkur orða Jesaja í letur, svo að hver sá af fólki mínu, sem þau sér, megi upplyftast í hjarta og fyllast fögnuði vegna alls mannkyns. Og hér eru orðin, og þau gilda um ykkur og alla menn.

12. KAPÍTULI

Jesaja sér musteri síðari daga, samansöfnun Ísraels og dóm og frið þúsund ára ríkisins — Hinir dramblátu og ranglátu munu niðurlægðir við síðari komuna — Samanber Jesaja 2. Um 559–545 f.Kr.

ORÐIÐ, sem ^aJesaja Amozsyni ^bvittraðist um Júda og Jerúsalem:

2 Og það skal verða á hinum síðustu dögum, þegar ^afjall það, er ^bhús Drottins stendur á, mun grundvallað verða á ^cfjallstindum og gnæfa upp yfir hæðirnar, og þangað munu allar þjóðir streyma.

3 Og margar þjóðir munu búast til ferðar og segja: Komið, förum upp á fjall Drottins, til húss Guðs Jakobs, og hann mun kenna oss sína vegu, og vér munum ^aganga á hans stigum, því að frá Síon mun ^bkenning út ganga og orð Drottins frá Jerúsalem.

3a 2 Ne 2:3; Jakob 7:5.

b 2 Ne 27:12;

Et 5:2–4;

K&S 5:11.

4a 2 Ne 31:2.

b Jakob 4:5; Jar 1:11;

Al 25:15–16; Et 12:19.

c 2 Ne 5:10.

5a LR Sáttmáli Abrahams.

6a Mósía 3:15.

7a 2 Ne 2:13.

b LR Skapa, sköpun.

12 1a Nefi endursegir Jesaja kapitula 2–14 frá látunstöflunum í 2 Nefi 12–24; veitið athygli mismun á orðalagi.

b HEB *khazah*, sem merkir „séð fyrir sér.“ Það táknar að Jesaja fékk þessi boð í sýn

frá Drottni.

2a Jóel 3:22.

LR Síon.

b LR Musteri, hús Drottins.

c K&S 49:25.

3a LR Ganga, ganga með Guði.

b HEB kenning, eða kennisetning.

LR Fagnaðarerindi.

4 Og hann mun ^adæma meðal þjóðanna og hirta margna. Og þjóðirnar munu smíða plógjárn úr sverðum sínum og sniðla úr spjótum sínum. Engin þjóð skal sverð reiða að annarri þjóð, og ekki skulu þær temja sér hernað frammar.

5 Ættmenn Jakobs, komið, göngum í ljósi Drottins. Komið, því að þér hafið allir ^avillst af réttri leið, hver og einn inn á sína ranglátu vegi.

6 Ó Drottinn, þess vegna hefur þú hafnað þjóð þinni, ættmönnum Jakobs, að þeir eru ^auppfullir af austurlenskri hjátrú, og hlýða á spásagnarmenn eins og ^bFilistar og ^cgleðja sig við börn ókunnugra.

7 Og land þeirra er fullt af silfri og gulli, og fjársjóðir þeirra eru óþrjótandi. Og land þeirra er einnig fullt af hestum, og vagnar þeirra eru óteljandi.

8 Land þeirra er einnig fullt af ^afalsguðum. Þeir falla fram fyrir eigin handaverkum, fram fyrir því, sem fingur þeirra hafa gjört.

9 Hvorki ^abeygir hinn smái sig né lægir hinn mikilsvirti sig, og því skaltu ekki fyrirgefa þeim.

10 Og þér hinir ranglátu, gangið inn í bergið og ^afelið yður í jörðu,

því að ótti við Drottin og ljómi hátignar hans mun ljósta yður.

11 En svo mun við bera, að drembilegt tillit mannsins skal lægjast, og hroki mannsins beygjast, og Drottinn einn skal á þeim degi háleitur verða.

12 Því að ^adagur Drottins her-sveitanna rennur brátt upp yfir öllum þjóðum, já, yfir hverjum einstökum, já, yfir hinum ^bdramblátu og hrokafullu og yfir hverjum þeim, sem hátt hreykir sér, og hann mun niðurlægður verða.

13 Já, dagur Drottins mun renna upp yfir öllum sedrustrjám Líbanons, því að þau hreykja sér hátt, og yfir öllum eikum í Basan —

14 Og yfir öll há fjöll og allar hæðir og allar þjóðir, sem hátt gnæfa, og yfir sérhvern lýð —

15 Og yfir alla háreista turna og alla ókleifa múra —

16 Og yfir öll skip ^asjávar og yfir alla knerri Tarsis og allt ginnandi glys.

17 Og dramblæti mannsins skal lægt og hroki mannsins beygður, og Drottinn einn skal á ^aþeim degi háleitur verða.

18 Og með öllu er úti um falsguðina.

19 Og menn munu smjúga inn

4a 2 Ne 21:2–9.

5a 2 Ne 28:14;
Mósía 14:6;
Al 5:37.

6a Þ.E. eru mataðir á aðfengnum kenningum framandi trúarstefna. Sálm 106:35.

b LR Filistar.

c HEB handsala, eða gjöra sáttmála við.

8a LR Falsguðadýrkun.

9a Þ.E. fyrir Guði; hann tilbiður þess í stað falsguði.

10a Al 12:14.

12a LR Síðari koma Jesú Krists.

b Mal 4:1;
2 Ne 23:11;
K&S 64:24.

16a Í grísku (Septuagint)

útgáfunni er eitt atriði sem hebreskan hefur ekki, og hebreska útgáfan hefur eitt atriði sem grískan hefur ekki; en 2 Nefí 12:16 hefur bæði atriðin. Sálm 48:8; Esek 27:25.

17a Þ.E. dýrðlegum komudegi Drottins.

í bjarghella og jarðholur, því að óttinn við Drottin mun koma yfir þá, og ljómi hátignar hans mun ljósta þá, þegar hann rís upp til að skekja jörðina í ógn.

20 Á þeim degi mun maðurinn "varpa fyrir moldvörpur og leðurblökur silfur- og gullgoðum sínum, er hann hefur gjört sér til að dýrka —

21 En skreiðast sjálfir inn í klettgjár og upp á nakta kletta, því að óttinn við Drottin mun koma yfir þá og ljómi hátignar hans ljósta þá, þegar hann rís upp til að skekja jörðina í ógn.

22 "Hættið að treysta á manninn, sem hefur andardráttinn í nösnum sér, því að hvers virði er hann?

13. KAPÍTULI

Júda og Jerúsalem mun refsað fyrir óhlýðni sína — Drottinn flytur mál fólks síns og dæmir í máli þess — Bölvun fellur yfir dætur Síonar og þær líða fyrir veraldleika sinn. Samanber Jesaja 3. Um 559–545 f.Kr.

Því að sjá. Herrann, Drottinn hersevitanna sviptir Jerúsalem og Júda hverri stoð og stytta, allri stoð brauðs og allri stoð vatns —

2 Öllum hetjum og hermönnum, dómendum og

spámönnum, hyggindamönnum og öldungum —

3 Höfuðsmönnum, virðingarmönnum, ráðgjöfum, töframönnum og mælskumönnum.

4 Og ég mun fá þeim ungmenni fyrir höfðingja, og smábörn skulu drottna yfir þeim.

5 Og á meðal fólksins skal maður að manni þrengja. Ungmennið mun hreykja sér upp á móti hinum aldna og skrílmennið upp á móti tignarmanninum.

6 Þegar einhver þrífur í bróður sinn í húsi föður síns og segir: Þú ert vel í stakk búinn, ver þú stjórnandi vor, og lát ekki þetta "hrun verða af þinni hendi —

7 Á þeim degi mun hann sverja og segja: Ég vil ekki gjörast "læknir, því að í húsi mínu er hvorki brauð né klæði. Gjörið mig ekki að þjóðstjóra.

8 Því að Jerúsalem er "eytt og Júda er ^bfallin, af því að tungur þeirra og athæfi var gegn Drottni til að storka dýrðaraugum hans.

9 Andlitssvipur þeirra vitnar gegn þeim og sýnir, að syndir þeirra eru eins og syndir "Sódomu, og þeir fá ekki leynt þeim. Vei sálum þeirra, því að þeir hafa bakað sjálfum sér ógæfu!

10 Seg hinum réttlátu, að þeim muni vegna "vel, því að þeir njóta ávaxtar verka sinna.

20a HEB kasta frá sér.

22a Þ.E. hætta að setja traust sitt á dauðlega menn; í þeim er lítið lið samanborið við Guð.

HDP Móse 1:10.

13 6a Jes 3:6.

7a HEB sá sem býr um (sár); þ.e., ég fæ ekki leyst vandamál þín.

8a Jer 9:11.

b Harm 1:3.

9a 1 Mós 19:1, 4–7, 24–25.

LR Samkynhneigð hegðun (kynhverfa).

10a 5 Mós 12:28.

11 Vei hinum ranglátu, því að þeir munu farast, þar sem þeim mun goldið eftir verkum sínum!

12 Og, þjóð mín, börn eru harðstjórar hennar og konur drottna yfir henni. Ó, þjóð mín, leiðtogar þínir leiða þig afvega og villa fyrir þér veginn.

13 Drottinn stendur upp til að "flytja málið, og hann mun dæma þjóðirnar.

14 Drottinn gengur fram til dóms gegn öldungum lýðs síns og "höfðingjum; því að þér hafið ^betið upp ^cvíngarðinn og ^dránsfengurinn frá hinum "fátæku er í húsnum yðar.

15 Hvað ætlist þér fyrir? Þér berjið lýð minn til óbóta og merjið sundur andlit hinna snauðu, segir Drottinn, Guð hersveitanna.

16 Auk þess segir Drottinn: Sökum þess að dætur Síonar eru drembilátar og ganga hnakkakertar, gjóta út undan sér augunum og "tifa í göngunni og láta glamra í ökklaspennunum —

17 Þá mun Drottinn gjöra hvirfil dætra Síonar kláðugan, og Drottinn mun gjöra "bera blygðun þeirra.

18 Á þeim degi mun Drottinn nema burt ljómann, sem blikar af glingrandi skarti þeirra, "hárnætum þeirra og ^bkringlóttum höfuðdjásnum, sem minna á tungl —

19 Keðjurnar, armhringina og "andlitsskýlurnar —

20 Motrana, ökklafestarnar, höfuðböndin, ilmbaukana og eyrnahringana —

21 Fingurgullin og nefhringana —

22 "Glitklæðin, möttlana, sjölin og hárnálarnar —

23 "Spegllana, líndúkana, vefjarhettina og blæjurnar.

24 Og svo ber við: Koma skal ódaunn fyrir ilm, "reiptagl fyrir belti, skalli fyrir vel kembt hár, aðstrengdur hærusekkur í stað ^bskrautskikkju og ^cbrennimerki í stað fegurðar.

25 Og menn þínir munu falla fyrir sverði og kappar þínir í orrustu.

26 Og hlið hennar munu kveina og harma, og hún sjálf verða einmana og sitja á jörðunni.

14. KAPÍTULI

Síon og dætur hennar munu endurleystar og hreinsaðar á degi

12a Jes 9:16.

13a HEB halda fram.
Míka 6:2;
K&S 45:3–5.

14a HEB stjórnendum,
eða leiðtogum.
b HEB eytt, eða brennt.
c Jes 5:7.
d Þ.E. illa fengnum
ágóða.
e 2 Ne 28:12–13.

16a Þ.E. stíga stutt, hröð
skref með teprulegum
hætti.

17a HEB fletta ofan af;
orðtak sem merkir
„láta þær verða sér
til skammar.“

18a Sennilega hárnæt.
Sérfróðir eru ekki að
fullu sammála um
hverskonar kvenskart

er rætt í versum 18–23.

b Þ.E. skartgripur í
lögum eins og skarður
máni.

19a HEB slæður.

22a HEB skínandi fatnaður.

23a EDA gagnsær fatnaður.

24a HEB tötrar.

b EDA sloppur.

c EDA merki (auðkenni
á þrælum).

sæluríkisins — *Samanber Jesaja 4. Um 559–545 f.Kr.*

Og á þeim degi munu sjö konur þrifa í sama manninn og segja: Vér skulum sjálfar fæða oss og klæða, leyfðu oss aðeins að nefnast eftir þínu nafni og nem burt "smán vora.

2 Á þeim degi mun ^akvistur Drottins fagur og dýrðlegur verða og ávöxtur landsins ágætur og við hæfi þeirra af Ísrael, sem undan hafa komist.

3 Og svo mun bera við, að þeir, sem af lifa í Síon og eftir verða í Jerúsalem, skulu kallast heilagir, allir þeir, sem skráðir eru meðal hinna lifandi í Jerúsalem —

4 ^aÞá er Drottinn hefur ^bafmáð óhreinindi dætra Síonar og hreinsað blóð Jerúsalemborgar af henni miðri með refsidómsanda og ^cbrennandi hreinsunaranda.

5 Og yfir hverju bóli á Síonfjalli og samkomunum þar mun Drottinn skapa ^aský og reyk um daga og skínandi eldsloga um nætur, því að yfir allri dýrð Síonar skal verndarhlíf vera.

6 Og laufskáli skal vera til hlífðar fyrir hitanum á daginn og til ^aathvarfs og skjóls fyrir stormum og steypiregni.

15. KAPÍTULI

Víngarði Drottins (Ísrael) mun eytt og fólki hans tvístrað — Vei sé þeim í fráhrarfi þeirra og tvístrun — Drottinn mun reisa merki og safna Ísrael saman — Samanber Jesaja 5. Um 559–545 f.Kr.

Og þá mun ég kveða ^akvæði um ástvin minn, ástarkvæði um víngarð hans. Ástvinur minn átti víngarð á frjósamri hæð.

2 Og hann girti hann af og tindi grjótið úr honum. Og hann gróðursetti ^agæðavinvið í honum, reisti turn í honum miðjum og bjó þar einnig út vínlagarþró. Og hann vonaði, að garðurinn mundi bera vínber, en hann bar muðlinga.

3 Og dæmið nú, þér Jerúsalembúar og Júdamenn, milli mín og víngarðs míns.

4 Hvað varð meira að gjört við víngarð minn en ég hafði gjört? Hví bar hann muðlinga, þegar ég vonaði, að hann mundi bera vínber?

5 En nú vil ég kunngjöra yður, hvað ég ætla að gjöra við víngarð minn. Ég ætla að ^arífa þyrnigerðið, svo að hann verði etinn upp, og brjóta niður múrvegginn, svo að hann verði troðinn niður —

6 Og ég vil gjöra hann að auðn. Hann skal ekki verða sniðlaður

14 1a Þ.E. kennimark þeirra sem eru ógiftar eða barnlausar.

2a Jes 60:21;
2 Ne 3:5;
Jakob 2:25.

4a Þ.E. þegar Drottinn

hefur hreinsað jörðina.
b LR Lauga, laugaður, laugun.

c Mal 3:2–3; 4:1.
5a 2 Mós 13:21.
6a Jes 25:4; K&S 115:6.

15 1a Þ.E. spámaðurinn yrkir

ljóð eða skáldlega líkingu um víngarð, sýnir miskunnsemi Guðs og fáskipt viðbrögð Ísraels.

2a Jer 2:21.

5a Sálm 80:13.

og ekki stunginn upp. Þar skulu vaxa ^aþyrnar og þistlar, og skýjunum vil ég bjóða, að þau láti engu ^bregni yfir hann rigna.

7 Því að ^avíngarður Drottins hersveitanna er hús Ísraels og Júdamenn ástkær planta hans, og hann vænti réttvísi, og sjá, kúgun; réttlætis, en sjá, neyðarkvein.

8 Vei þeim, sem bæta ^ahúsi við hús, uns ekkert landrými er eftir, svo að þeim ^bverði skipað einum á jörðina miðja!

9 Drottinn hersveitanna mælir í eyra mér: Í sannleika skulu mörg hús verða að auðn, miklar og fagrar borgir verða mannláusar.

10 Já, tíu ekrur í víngarði skulu gefa af sér eina ^askjólu og ein tunna sæðis eina skeppu.

11 Vei þeim, sem rísa árla morguns til að ^asækjast eftir áfengum drykk og sitja fram á nótt eldrauðir af ^bvíni!

12 Gígjur, hörpur, bumbur og hljóðpípur kveða við, og vínið flóir við samdrykkjur þeirra, en hvorki gefa þeir gjörðum Drottins ^agaum, né sjá þeir handaverk hans.

13 Þess vegna hefur lýður minn ratað í ánauð, þar sem hann skortir ^aþekkingu, og tignarmennirnir

kveljast af hungri, og svallararnir vanmegnast af þorsta.

14 Af þeim sökum hefur hel vaxið ásmegin, og hún glennir ginið sem mest hún má. Og skrautmenni landsins og svallarar, hávaðamennirnir og gleðimennirnir steypast þangað niður.

15 Og hinum smáa verður komið á kné, hinn hái verður lítillækkadur og augu dramblátra verða niðurlút.

16 En Drottinn hersveitanna mun upphefjast í ^adóminum, og hinn heilagi Guð mun helgast í réttlæti.

17 Og lömb munu ganga á beit að vild sinni, og hinar auðu lendur ríkismanna munu ókunnir erja.

18 Vei þeim, sem draga með sér misgjörðir í böndum ^ahégómans og syndir ^beins og í aktaugum!

19 Þeim, sem segja: ^aFlýti hann sér og hraði verki sínu, svo að vér megum ^bsjá það. Komi nú ráðagjörð hins heilaga Ísraels fram og rætist, svo að vér megum þekkja hana.

20 Vei þeim, sem ^akalla hið illa gott og hið góða illt, sem gjöra ^bmyrkur að ljósi og ljós að myrkri, sem gjöra beiskt að sætu og sætt að beisku!

6a Jes 7:23; 32:13.

b Jer 3:3.

7a LR Víngarður Drottins.

8a Míka 2:1–2.

b Þ.E. skilinn eftir í einsemd. Auðugir landeigendur söbýli undir sig smábýli hinna fátæku.

10a Esek 45:10–11.

11a Okv 23:30–32.

b LR Vísdomsorðið.

12a Sálms 28:5.

13a Hós 4:6.

LR Þekking.

16a LR Jesús

Kristur — Dómari.

18a LR Hégómlegur,

hégómi.

b Þ.E. þeir eru fjötraðir

syndum sínum eins og áburðardýr hlaðin byrgðum.

19a Jer 17:15.

b Þ.E. þeir munu ekki trúá á Messías fyrr en þeir sjá hann.

20a Moró 7:14, 18;

K&S 64:16; 121:16.

b 1 Jóh 1:6.

21 Vei þeim, sem ^avitrir eru í augum sjálfra sín og hyggjast að eigin álit!

22 Vei þeim, sem kappar eru í víndrykkju og öflugar hetjur í því að byrja áfengan drykk!

23 Sem réttlæta hinn rangláta fyrir mútur og ^asvipta hinn réttláta rétti sínum.

24 Eins og ^aeldsloginn eyðir ^bstráinu og ^cheyð hnígur í bálið, skal því rót þeirra fúna og blóm þeirra feykjast sem ryk, af því að þeir hafa hafnað lögmáli Drottins hersveitanna og ^afyrirlitið orð hins heilaga Ísraels.

25 Þess vegna magnaðist ^areiði Drottins gegn lýð sínum, og hann rétti út hönd sína móti honum og laust hann. Og fjöllin skulfu og líkin lágu sundurtætt á miðjum strætum. Allt fyrir það linnir ekki reiði hans, heldur er hönd hans enn þá útrétt.

26 Og hann reisir ^ahermerki fyrir fjarlægjar þjóðir og ^bblístrar á þær frá enda veraldar. Og sjá, þær ^ckoma fljótar og fráar. Enginn er þar móður, og engum skrikar fótur

27 Enginn blundar né tekur á sig náðir. Engum þeirra losnar belti frá lendum, og ekki slitnar skóþvengur nokkurs þeirra —

28 Örvar þeirra skulu hvassar

og allir bogar þeirra bentir. Og hófarnir á hestum þeirra eru sem tinna, vagnhjól þeirra sem vindbylur og öskur þeirra sem ljónsöskur.

29 Þeir munu öskra sem ung ^aljón. Já, þeir grenja, grípa herfangið og hafa það á burt, og enginn fær bjargað.

30 Á þeim degi munu þeir koma grenjandi á móti þeim eins og ólgandi brim. Og líti þeir yfir landið, þá sjá. Þar er myrkur og sorg og dagsbirtan er myrkvuð á himnunum.

16. KAPÍTULI

Jesaja sér Drottin — Syndir Jesaja fyrirgefnar — Hann er kallaður til að spá — Hann spáir því að Gyðingar hafni kenningum Krists — Leifarnar munu snúa aftur — Samanber Jesaja 6. Um 559–545 f.Kr.

^aÁRIÐ, sem Ússía konungur andaðist, sá ég einnig Drottin sitja á veldisstóli, og hann var hár og gnæfandi, og ^bslóði skikkju hans fyllti helgidóminn.

2 Yfir honum stóðu ^aserafarnir og hafði hver þeirra sex vængi; með tveimur huldu þeir ásjónur sínar, með tveimur huldu þeir fætur sína, en með tveimur flugu þeir.

21a Okv 3:5–7;
2 Ne 28:15.

23a Þ.E. hafa af honum löngverndaðan rétt hans.

24a Óbad 1:18;
Mal 4:1–2;
2 Ne 20:17.

b Jóel 2:5; 1 Ne 22:15, 23;

2 Ne 26:4, 6;
K&S 64:23–24; 133:64.

c Lúk 3:17;
Mósía 7:29–31.

d 2 Sam 12:7–9.

25a K&S 63:32;
HDP Móse 6:27.

26a LR Merki.

b EDA flauta; þ.e., merki

fyrir samansöfnunina.
Jes 7:18; 2 Ne 29:2.

c LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

29a 3 Ne 21:12–13.

16 1a Þ.E. um 750 f.Kr.

b Þ.E. faldur eða laf klæðisins.

2a LR Kerúb.

3 Og þeir kölluðu hver til annars og sögðu: Heilagur, heilagur, heilagur er Drottinn hersveitanna. Öll jörðin er full af hans dýrð.

4 Og við raust þeirra skulfu "dyrastafirnir, og húsið varð fullt af reyk.

5 Þá sagði ég: Vei mér! Það er "úti um mig, því að ég er maður með óhreinar varir og bý meðal fólks með óhreinar varir, því að augu mín hafa séð konunginn, Drottin hersveitanna.

6 Einn serafanna flaug þá til mín og hélt á "glóandi koli, sem hann hafði tekið af altarinu með töng -

7 Og hann lagði það að vörum mér og sagði: Sjá, þetta hefur snortið varir þínar, "misgjörð þín er burtu tekin og synd þín aflánuð.

8 Og ég heyrði einnig rödd Drottins, og hann sagði: Hvern á ég að senda? Hver vill vera erindreki vor? Þá sagði ég: Hér er ég, send þú mig.

9 Og hann sagði: Far og seg þessu fólki: Hlýðið gaumgæfilega, en það skildi þó ekki. Horfið á vandlega, en það varð einskis vísara.

10 Gjör þú hjarta þessa fólks tilfinningalaust, sljógva heyrn þess og ljúk aftur augum þess, nema það sjái með augum sínum, "heyri með eyrum sínum og skilji

með hjarta sínu og snúist og læknist.

11 Þá spurði ég: Hversu lengi, Drottinn? Hann svaraði: Þar til borgirnar standa í eyði óbyggðar og húsin mannlaus og landið verður gjöreytt —

12 Og Drottinn hefur "rekið fólkið langt í burtu, því að eyðistaðirnir skulu margir í miðju landinu.

13 En samt mun tíundi hluti þeirra eftir, og þeir munu snúa aftur, og af þeim verður etið eins og af linditrénu og eikinni, sem halda merg sínum óskertum, þegar þau fella lauf. Þannig mun og hið heilaga sæði verða "mergur þeirra.

17. KAPÍTULI

Efraím og Sýrland heyja stríð við Júda — Yngismær mun fæða Krist — Samanber Jesaja 7. Um 559–545 f.Kr.

Og svo bar við á dögum Akasar konungs, sonar Jótams, sonar Ússía konungs í Júda, að Resín Sýrlandskonungur og Peka sonur Remalja, konungur í Ísrael, fóru upp til Jerúsalem til að herja á hana, en fengu ekki á henni sigrast.

2 Og fregnin barst húsi Davíðs: Sýrland hefur gjört bandalag við "Efraím. Skalf þá hjarta hans og

4a HEB undirstaða þröskuldanna titraði.

5a HEB afskorinn; þ.e., vitundin um eigin syndir og syndir þjóðar hans var yfirþyrmandi.

6a Þ.E. tákn um hreinsun.

7a LR Fyrirgefning synda.

10a Matt 13:14–15.

12a 2 Kon 17:18, 20.

13a Þ.E. Eins og tré, þótt lauf þess sé fokið út í

veður og vind er enn í því líf og frjómag.

17 2a Þ.E. allur norðurhluti Ísraels var kenndur við Efraím, hina leiðandi kynkvísl í norðri.

hjarta þjóðar hans eins og skóg-artré skjálfa fyrir vindi.

3 Og þá sagði Drottinn við Jesaja: Gakk þú og "Sear-Jasúb sonur þinn fram til móts við Akas að enda vatnsstokksins úr efri tjörninni við veginn út á bleikivöllinn —

4 Og seg við hann: Gæt þín og haf kyrrt um þig. "Óttast þú eigi og lát eigi hugfallast fyrir þessum tveim rjúkandi brandabrotum, fyrir brennandi reiði þeirra Resíns og Sýrlendinganna og sonar Remalja.

5 Þótt Sýrland, Efraím og sonur Remalja hafi bruggað þér launráð og sagt:

6 Vér skulum fara herferð á hendur Júda og skjóta henni skelk í bringu, "taka landið herskildi og setja son Tabela þar til konungs.

7 Þá segir Drottinn Guð: Það skal eigi takast, og það skal eigi verða.

8 Því að Damaskus er höfuð Sýrlands og Resín höfuð Damaskusborgar — og innan sextíu og fimm ára mun Efraím brostin og eigi vera þjóð upp frá því.

9 Og Samaría er höfuð Efraíms og sonur Remalja höfuð Samaríu. Ef þér trúist "eigi, munuð þér eigi fá staðist.

10 Og enn talaði Drottinn við Akas og sagði:

11 Bið þér "tákns frá Drottni, Guði þínum, hvort sem þú vilt heldur beiðast þess neðan úr undirheimum eða ofan frá hæðum.

12 En Akas sagði: Ég vil einskis biðja og eigi "freista Drottins.

13 Og hann svaraði: Heyrið nú, þér niðjar Davíðs, nægir yður það eigi að þreyta menn, ætlið þér einnig að þreyta Guð minn?

14 Þess vegna mun Drottinn gefa yður tákni sjálfur: Sjá, "yngismær verður þunguð og fæðir son og lætur hann heita ^bImmanúel.

15 Á smjóri og hunangi skal hann nærast, svo að hann öðlist vit til að hafna hinu illa og velja hið góða.

16 Því að áður en "barnið hefur vit á að hafna hinu illa og velja hið góða, mun landið, sem þú hefur andstyggð á, yfirgefið af ^b báðum konungum sínum.

17 Drottinn mun "láta yfir þig og yfir þjóð þína og yfir hús föður þíns þá daga koma, að ekki hafa slíkir yfir liðið, síðan ^bEfraím skildist frá Júda, Assýríukonungi.

18 Og á þeim degi mun svo við bera, að Drottinn "blístrar á flugurnar, sem eru í ysta útjaðri Egyptalands, og á býflugurnar, sem eru í Assýrlandi.

19 Og þær munu allar koma og setjast í óbyggð dalverpin, í

3a HEB Leifar munu snúa aftur.

4a Þ.E. lát þér ekki bregða við árásina; þessir tveir konungar eru afltitlir.

6a HEB skipta því í sundur.

9a 2 Kro 20:20.

11a LR Tákni.

12a Þ.E. prófa, reyna eða sannreyna.

14a LR Mey.

b HEB Guð er með oss. LR Immanúel.

16a 2 Ne 18:4.

b 2 Kon 15:30; 16:9.

17a 2 Kro 28:19–21.

b 1 Kon 12:16–19.

18a EDA flauta; þ.e., gefa merki, kalla saman. Jes 5:26.

bergskorurnar, í alla þyrnirunna og á allt kjarrið.

20 Og á sama degi mun Drottinn með ^arakhnífi, leigðum fyrir handan fljót, hjá ^bAssýríukonungi, raka höfuð og fótleggi, og skegg mun hann einnig nema burt.

21 Og á þeim degi mun maður ^afóðra kvígu og tvær ær —

22 Og svo mun við bera, að vegna þess hve vel þær mjólka, mun hann nærast á smjöri, því að á smjöri og hunangi mun hver lifa, sem eftir verður í landinu.

23 Og á þeim degi mun svo fara, að alls staðar, þar sem áður stóðu þúsund vínvíðir, þúsund ^asikla virði, þar skulu vaxa þyrnar og þistlar.

24 Þangað munu menn sækja með örvar og boga, því að landið skal ekki annað vera en þyrnar og þistlar.

25 Og ekkert fellanna, sem nú eru stungin upp með grefi, þarf að óttast þyrna og þistla, heldur mun nautpeningi hleypt þangað og ^asmávaxinn kvikfénaður látinn traðka þar um.

18. KAPÍTULI

Kristur verður ásteytingarsteinn og hrösunarhella — Leitið Drottins, ekki hvískrandi spásagnaranda — Leitið

til kenningarinnar og vitnisburðarins eftir leiðsögn — Samanber Jesaja 8. Um 559–545 f.Kr.

ENN fremur sagði orð Drottins við mig: Tak þér stórt spjald og rita á það með karlmanns griffli um ^aMaheer-sjalal Kas-bas.

2 Og ég tók mér skilríka ^avotta, prestinn Úría og Sakaría son Jeberekía.

3 Og ég nálgaðist ^aspákonuna, og hún varð þunguð og ól son. Þá sagði Drottinn við mig: Lát þú hann heita Maheer-sjalal Kas-bas.

4 Því að sjá, ^aáður en sveinninn ^blæris að kalla, faðir minn og móðir mín, skal auður Damaskus og ^cherfang Samaría verða flutt burt fram fyrir Assýríukonung.

5 Og Drottinn talaði enn við mig og sagði:

6 Svo sem þessi lýður fyrir-litur hin straumhægu ^aSílóavötn og fagnar með ^bResín og syni Remalja —

7 Sjá, fyrir því mun Drottinn láta ^ayfir þá koma hin stríðu og miklu vötn fljótsins, jafnvel yfir Assýríukonung og alla hans dýrð, og skal það bólgna yfir alla farvegu sína og flóa yfir alla bakka.

8 Og ^aþað skal brjótast inn í Júda, flæða þar yfir og geysast áfram,

20a Þ.E. erlendum árásaraðili mun útrýma íbúum landsins.

b 2 Kon 16:5–9.

21a Þ.E. einungis fáeinir sem geta séð um sig sjálfir munu halda velli.

23a EDA silfurpeninga.

25a HEB kindur, eða geitur.

18 1a HEB Til flýtis eyðigunni hraðar hann gripdeildinni.

2a LR Vitni.

3a Þ.E. kona hans.

4a 2 Ne 17:16.

b Jes 8:4.

c 2 Kon 15:29.

6a 1 Mós 49:10;

ÞJS 1 Mós 50:24 (Viðauki).

b Jes 7:1.

7a Þ.E. yfir nyrðra Ísrael fyrst.

8a Þ.E. Assýría mun einnig ráðast inn í Júdeu.

þar til manni tekur undir höku. Og útbreiddir vængir þess munu teygja sig yfir land þitt eins og það er vítt til, ó^bImmanúel!

9 “Sameinist, ó, þér lýðir, og þér verðið malaðir mélinu smærra. Hlustið á, allar fjarlæggar landsálfur. Herklæðist. Þér verðið malaðir mélinu smærra. Herklæðist. Þér verðið malaðir mélinu smærra.

10 Berið saman ráð yðar, þau skulu að engu verða. Mælið málum yðar, þau skulu engan framgang fá, “því að Guð er með oss.

11 Því að þannig mælti Drottinn við mig, þá er hann hélt mér styrkri hendi og bauð mér að ganga ekki sama veg og þetta fólk gengur, og sagði:

12 Kallið ekki “samsæri allt sem þetta fólk kallar samsæri. Öttist hvorki það, sem það óttast né skelfist.

13 Drottinn hersveitanna, hann skuluð þér telja heilagan, hann “sé yðar ótti, hann sé yðar skelfing.

14 Og hann skal vera “helgidómur, en um leið^b ásteytingarsteinn og hrösunarhella fyrir

báðar ættþjóðir Ísraels og gildra og snara fyrir íbúa Jerúsalem.

15 Og margir þeirra munu “hrasa, falla og meiðast, festast í snörunni og verða veiddir.

16 Bind þú saman vitnisburðinn og innsigla “lög málið meðal lærisveina þinna.

17 Og ég mun þjóna Drottinni, sem “byrgir nú auglit sitt fyrir Jakobsniðjum, og ég mun leita hans.

18 Sjá. Ég og börnin, sem Drottinn hefur gefið mér, vér erum sem “tákn og jarteinir í Ísrael frá Drottinni hersveitanna, sem dvelur á Síonfjalli.

19 Og er þeir segja við yður: Leitið fréttu hjá “særingaröndum og^b spásagnaröndum, sem hvískra og umla — “á þá fólk ekki að leita til Guðs síns, til að hinir lifandi hafi fregnir af hinum dauðu?

20 Til lögmálsins og vitnisburðarins. Og ef “þeir tala ekki samkvæmt þessu orði, þá er það vegna þess, að þeir hafa ekki ljósið í sér.

21 Og þetta mun yfir “þá ganga hrjáða og hungraða. En svo mun við bera, að þegar þá hungrar, munu þeir fyllast bræði og

8b LR Immanúel.

9a P.E. Myndið bandalög.

10a P.E. Júdeu (landi Immanúels) mun hlíft. Sálm 46:8.

12a P.E. Júdeu ætti ekki að láta öryggi sitt hvíla á leynisamningum.

13a P.E. Verið lotningarfullir og auðmjúkir frammi fyrir Guði.

14a Esek 11:15–21.

b 1 Pét 2:4–8;

Jakob 4:14–15.

15a Matt 21:42–44.

16a HEB kenning eða kennisetning. LR Fagnaðarerindi.

17a Jes 54:8.

18a P.E. merking nafna Jesaja og sona hans er „Jehóva bjargar,“ „Leyfar munu snúa aftur“ og „Til flýtis eyðileggingunni hraðar hann

gripdeildinni.“

2 Ne 17:3; 18:3.

19a 3 Mós 20:6.

b P.E. seiðkarlar, spásagnarmenn.

c 1 Sam 28:6–20.

20a P.E. miðlar andatrúar (einnig í versum 21–22).

21a P.E. Ísrael verður hertekinn af því að hann verður ekki hlýðinn.

formæla konungi sínum og Guði sínum og horfa hærra.

22 Og þeir munu líta til jarðar og sjá þar mæðu, myrkur og angistarsorta og hrekjast út í niðdimmuna.

19. KAPÍTULI

Jesaja talar um Messías — Þjóð í myrkri mun sjá mikið ljós — Barn er oss fætt — Hann verður friðarhöfðingi og mun ríkja í hásæti Davíðs — Samanber Jesaja 9. Um 559–545 f.Kr.

ENGU að síður mun sortinn ekki vera slíkur, sem hann var á tímum hirtingar hennar, þegar hann þrengdi fyrst lítillaga að ^aSebúlonslandi og Naftalílandi, en þrengdi síðan alvarlega meðfram Rauðahafinu handan Jórdanar í Galíleu þjóðanna.

2 Sú þjóð, sem í ^amyrkri gekk, hefur séð mikið ljós. Yfir þá, sem búa í skuggalandi dauðans, hefur ljós skinið.

3 Þú hefur margfaldað þjóðina og ^aaukið gleðina — menn gleðjast fyrir þínu augliti, eins og þegar menn gleðjast á kornskurðartímum og eins og menn kætast, þegar herfangi er skipt.

4 Því að þú hefur sundur brotið ok byrðar hans, stafinn, sem reið að herðum hans, barefli kúgarans.

5 Því að hverri orrustu hermannsins fylgir ærandi háreysti, blóði stokkin klæði. En þessari hríð mun fylgja eldhaf og eldsmatur.

6 Því að ^abarn er oss fætt, sonur er oss gefinn, og á herðum hans skal ^bhöfðingjadómurinn hvíla. Og hann mun kallaður: Hinn dásamlegi, ráðgjafi, ^cvoldugur Guð, ^dævarandi faðir, ^efriðarhöfðingi.

7 ^aHöfðingjadómurinn og friðurinn mun eflast ^bendalaust á hásæti Davíðs og í konungsríki hans til þess að reisa það og efla með dómi og réttvísi héðan í frá og að eilífu. Eldmóður Drottins hersveitanna mun þessu til vegar koma.

8 Drottinn hefur sent orð sitt til Jakobs, og það stafar ljósi á ^aÍsrael.

9 Og öll þjóðin skal verða þess áskynja, bæði Efraím og Samariúbúar, sem af metnaði og stærilæti hjartans segja:

10 Tígulsteinarnir eru hrundir, en vér skulum byggja upp aftur af höggnu grjóti. Mórberjatrén hafa verið felld, en vér skulum setja sedrustré í staðinn.

11 Þess vegna mun Drottinn efla mótstöðumenn ^aResíns og sam-eina fjandmenn hans —

12 Sýrlendingar munu koma að framan og Filistar að aftan, og þeir munu ^asvelgja Ísrael með gapandi gini. Þrátt fyrir allt þetta linnir

19 1a Matt 4:12–16.

2a „Sortinn“ og „myrkrið“ er fráhravar og áþjám; „ljósið mikla“ er Kristur.

3a Jes 9:3.

6a Jes 7:14; Lúk 2:11.

b Matt 28:18.

c Títus 2:13–14.

d Al 11:38–39, 44.

e Jóh 14:27.

7a LR Stjórn.

b Dan 2:44.

8a Þ.E. hinn spámannlegi

boðskapur sem á eftir fer (vers 8–21)

var viðvörðun til ættkvíslanna tíu í norðri, er nefndust Ísrael.

11a 2 Kon 16:5–9.

12a 2 Kon 17:6, 18.

ekki ^breiði hans, heldur er hönd hans enn þá útrétt.

13 Því að þjóðin “snýr sér hvorki til hans, sem laust hana, né heldur leitar hún Drottins hersveitanna.

14 Þess vegna mun Drottinn höggva höfuð og hala af Ísrael, kvistinn og sefstráid á sama degi.

15 Öldungurinn, hann er höfuðid, en spámaðurinn, sem lygar kennir, hann er halinn.

16 Því að leiðtogar þessa fólks leiða það afvega, og þeir, sem láta leiða sig, tortímast.

17 Þess vegna hefur Drottinn enga gleði af æskumönnum þess og enga “miskunn sýna munaðarleysingjum þess og ekkjum. Því að allir eru þeir hræsningar og illvirkjar, og hver munnur mælir ^bheimsku. Þrátt fyrir allt þetta linnir ekki reiði hans, heldur er hönd hans enn þá útrétt.

18 Því að hið rangláta athæfi brennur eins og eldur, eyðir þyrnum og þistlum og kveikir í þykkum skógarrunnum, svo að þeir hvirflast upp í reykjarmekki.

19 Vegna heilagar reiði Drottins hersveitanna er landið myrkri hulið, og fólkið verður sem elds-matur. “Enginn maður mun þyrma bróður sínum.

20 Hann rífur í sig til hægri handar og er þó hungraður. Hann “etur til vinstri handar og verður

þó eigi saddur. Hver etur holdið af sínum eigin armlegg.

21 “Manasse, ^bEfraím; og Efraím, Manasse; báðir verða þeir andsnúnir ‘Júda. Þrátt fyrir allt þetta linnir ekki reiði hans, heldur er hönd hans enn þá útrétt.

20. KAPÍTULI

Tortíming Assýríu er dæmigerð um tortímingu ranglátra við síðari komuna — Fáir verða eftir þegar Drottinn kemur á ný — Leifar Jakobs munu aftur hverfa á þeim degi — Samanber Jesaja 10. Um 559–545 f. Kr.

VEI þeim, sem fella rangláta úrskurði og færa í letur skaðsemdarákvæði, sem þeir hafa boðið —

2 Til þess að halla “rétti fátækra og ræna lögum hina nauðstöddu á meðal fólks míns, til þess að ^bekkjurnar verði þeim að herfangi og þeir fái féflétt munaðarleysingjana!

3 Hvað ætlið þér að gjöra á degi “vitjunarinnar og þegar eyðingin kemur úr fjarska? Á náðir hvers ætlið þér þá að flýja? Og hvað verður þá um tign yðar?

4 Án mín munu þeir falla á kné meðal hinna fjötruðu eða hníga meðal hinna vagnu. Þrátt fyrir allt þetta linnir ekki reiði hans, heldur er hönd hans enn þá útrétt.

5 Ó Assúr, vöndur reiði minnar.

12^b Jes 5:25; 10:4.

13^a Amos 4:6–12.

17^a LR Miskunnssamur, miskunnsemi.
b 2 Ne 9:28–29.

c Jakob 5:47; 6:4.

19^a Míka 7:2–6.

20^a 5 Mós 28:53–57.

21^a LR Manasse.
b LR Efraím.

c LR Júda.

20 2^a EDA réttvísi.

b LR Ekkja.

3^a P.E. refsing.

Stafurinn í höndum þeirra tákna reidi "þeirra.

6 Ég sendi hann "mót hræsnisfullri þjóð. Ég býð honum að fara á móti lýðnum, sem heilög reidi mín nær til, til þess að ræna og rupla og troða hann fótum sem saur á strætum.

7 En samt sem áður er ætlun hans ekki þessi né hugsar hann svo. En í hjarta sínu girnist hann að tortíma og uppræta margar þjóðir.

8 Því að hann segir: Eru ekki höfðingjar mínir allir saman konungar?

9 Er ekki Kalne eins og Karkemis, Hamat eins og Arpad? Samaría eins og Damaskus?

10 Á sama hátt og hönd "mín lagði grunn að konungsríkjum skurðgoðanna, og voru þó líkneskjur þeirra fremri líkneskjum Jerúsalem og Samaríu —

11 Á ég þá ekki að fara eins með Jerúsalem og skurðgoð hennar eins og ég fór með Samaríu og átrúnaðargoð hennar?

12 Því mun svo verða, að þegar Drottinn hefur lokið öllu starfi sínu á Síonfjalli og í Jerúsalem, þá mun ég vitja "ávaxtarins af ofmetnaðinum í hjarta ^bAssýríukonungs og hins hrokafulla drembilætis augna hans.

13 Því að "hann segir: Með styrk handar minnar og með visku

minni hef ég þessu til leiðar komið, því að ég er hyggindamaður. Og ég hef fært úr stað landamæri þjóðanna, rænt fjárhlutum þeirra, og líkt og valdsmaður hef ég lækkað rostann í íbúunum —

14 Og hönd mín náði í fjárafla þjóðanna sem fuglshreiður væri. Og eins og menn safna eggjum, sem fuglinn er floginn af, svo hef ég safnað um allar jarðir, og enginn hefur blakað vængjum, lokið upp nefinu eða tíst.

15 "Hvort má ^böxin hreykja sér gegn þeim, sem heggur með henni, eða sögin miklast gegn þeim, sem sagar með henni? Allt eins og sprotinn ætlaði að sveifla þeim, er reiðir hann, eða stafurinn færast á loft eins og hann væri ekki af tré!

16 Þess vegna mun Herrann, Drottinn hersveitanna, senda megurð meðal hinna holdugu, og undir dýrð "mannsins mun hann kveikja eld, er blossar upp sem brennandi bál.

17 Og ljós Ísraels mun verða sem eldur og hans heilagi sem logi, og sá logi skal brenna og eyða þyrnum hans og þistlum á einum degi —

18 Hann mun "afmá að fullu og öllu dýrð skóga hans og frjósamra akra, bæði sál og líkama. Þeir munu verða eins og fánaberi, sem líður út af.

5a Jes 10:5.

6a Þ.E. gegn Ísrael.

10a Þ.E. hönd

Assýríukonungs
(vers 10–11).

12a Þ.E. yfirlætisgrobbl.

b Sef 2:13.

13a Þ.E. Assýríukonungur
(vers 13–14).

15a Allar líkingarnar í
þessu versi spyrja hins
sama: Getur maðurinn
(þ.e., Assýríukonungur)
blómstrað í andstöðu

við Guð?

b Þ.E. getur konungurinn
blómstrað gegn Guði?

16a Þ.E. Assýríukonungur
(einnig vers 17–19).

18a Þ.E. Assýría mun
hverfa gjörsamlega.

19 Og “leifarnar af skógartrjám hans munu verða svo óverulegar, að barn mun geta bókfært þær.

20 Og á “þeim degi mun svo bera við, að leifarnar af Ísrael og þeir af ^bJakobs húsi, sem af komast, munu eigi framfar ‘reiða sig á þann, sem sló þá, heldur munu þeir í sannleika reiða sig á Drottin, hinn heilaga Ísraels.

21 Þeir sem “eftir lifa munu aftur hverfa, já, leifarnar af Jakob, til hins máttuga Guðs.

22 Því að þótt fólksfjöldi þinn, Ísrael, væri sem sandkorn sjávarins, skulu þó aðeins leifar hans aftur hverfa. Hin fastráðna “eyðing mun ^bflæða yfir í réttlæti.

23 Því að eyðingu og hana fast-ráðna mun Drottinn, Guð hersveitanna, “framkvæma á landinu öllu.

24 Þess vegna segir Drottinn, Guð hersveitanna, svo: Þú þjóð mín, sem dvelur í Síon, óttast þú eigi Assúr. Hann mun slá þig með sprota og reiða að þér staf sinn, “eins og Egyptar gjörðu.

25 Því að eftir aðeins skamma hríð enn mun reiði mín þverra og heift minni lokið með tortímingu þeirra.

26 Og Drottinn hersveitanna reiðir svipuna að þeim, eins og

þegar hann laust “Midíansmenn hjá Óreb-kletti, og á sama hátt og stafur hans var útréttur yfir hafið mun hann færa hann á loft eins og gegn Egyptum forðum.

27 Og á þeim degi mun svo við bera, að “byrði sú, er hann hefur á þig lagt, fellur af herðum þér og ok hans af hálsi þínum, og okinu skal eytt vegna ^bsmurningarinnar.

28 “Hann kemur til Ajat og fer um Mígron og lætur eftir fang sitt í Mikmas.

29 Þeir fara yfir skarðið. Þeir hafa náttból í Geba. Ramat skelfist. Gíbea Sáls leggur á flóttu.

30 Hef upp raust þína, ó dóttir Gallím. Lát hana berast allt til Lejsa, ó, vesalings Anatót.

31 Madmena flýr, íbúar Gebím safnast saman til flóttu.

32 Þennan sama dag áir hann samt í Nób. Hann réttir út hönd sína móti fjalli dóttur Síonar, hæð Jerúsalem.

33 Sjá, Herrann, Drottinn hersveitanna, mun sníða greinina af vofeiflega. Og hinir “hátt settu munu höggvir niður og hinir hrokafullu lítillækkaðir.

34 Hann ryður skógarþykkníð með eggjárni, og Líbanon fellur fyrir hinum volduga.

19a Þ.E. leifar Assýríuhers.

20a Þ.E. síðari dagar.

b Amos 9:8–9.

c Þ.E. treysta á.

21a Jes 11:11–12.

22a K&S 63:34.

LR Heimur —
Heimsendir.

b Þ.E. Jafnvel mitt

í refsingunni, er
miskunnar von.

23a Þ.E. koma til leiðar
yfirlýstri eyðileggingu.

24a Þ.E. eins og Egyptar
gerðu fyrir á tíð.
2 Mós 1:13–14.

26a 1 Mós 25:1–2; Dóm 7:25.
27a Jes 14:25.

b LR Hinn smurði.

28a Þ.E. sókn herja

Assýríumanna í átt
til Jerúsalem er rakin;
síðan (vers 33–34)
er gerðum Drottins
gegn þeim lýst á
myndrænan hátt.

33a He 4:12–13.

21. KAPÍTULI

Stofn Ísái (Kristur) mun fella réttlátan dóm — Þekkingin á Guði mun fylla jörðina í þúsund ára ríkinu — Drottinn mun reisa merki og safna saman Ísrael — Samanber Jesaja 11. Um 559–545 f.Kr.

EN ^akvistur mun fram spretta af ^bstofni ^cÍsái og angi upp vaxa af rótum hans.

2 Yfir honum mun hvíla ^aandi Drottins, andi vísdóms og skilnings, andi ráðspeki og kraftar, andi þekkingar og ótta Drottins —

3 Sem mun skerpa skilning hans í Drottins ótta. Hann mun ekki ^adæma eftir því, sem augu hans sjá, og ekki skera úr málum eftir því, sem eyru hans heyra.

4 En með ^aréttlæti mun hann dæma hina fátæku og ^bskera með sannsýni úr málum hinna ^chógværu á jörðunni. Hann mun ljósta jörðina með sprota munns síns og deyða hina ranglátu með anda vara sinna.

5 Réttlæti verður beltið um lendar hans og trúfesti beltið um ^amjaðmir hans.

6 Þá mun úlfurinn una hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá

kiðlingnum, kálfar, ung ljón og alifé ganga saman og ungt barn gætir þeirra.

7 Og kýr og birna verða á beit saman, kálfar og húnar liggja hvorir hjá öðrum og ljónið mun hey eta sem naut.

8 Brjóstmylkingurinn mun leika sér við holu ^anöðrunnar og barnið, nývanið af brjósti, stinga hendi sinni inn í bæli ^bhornormsins.

9 Hvergi á mínu heilaga fjalli mun ^aillt framið né nokkru tortímt, því að jörðin verður full af ^bþekkingu á Drottni, á sama hátt og djúp sjávar er vötnum hulið.

10 Á ^aþeim degi mun ^brótar-kvistur Ísái standa sem merki fyrir lýðinn, og ^ctil þess munu ^dþjóðirnar leita, og hvíld hans verður dýrðleg.

11 Og svo ber við, að á þeim degi mun Drottinn útrétta hönd sína ^aöðru sinni til þess að endurheimta þær leifar fólks síns, sem eftir eru í Assýríu, Norður-Egyptalandi, Suður-Egyptalandi, Blálandi, Elam, Sínear, Hamat og á eyjum sjávar.

12 Og hann mun reisa ^amerki fyrir þjóðirnar, heimta saman hina ^bbrottreknu úr Ísrael og ^csafna

21 1a K&S 113:3–4.

b K&S 113:1–2.

c Ísái var faðir Davíðs; vísað er til þess að Jesús mun síðar fæðast í konunglegri ætt Davíðs. Míka 5:2; Hebr 7:14. LR Ísái.

2a Jes 61:1–3.

3a Jóh 7:24.

4a Sálm 72:2–4;

Mósía 29:12.

b HEB ákvarða.

c LR Hógvær, hógværð.

5a EDA mitti.

8a lítill eitursnákur, í Egyptalandi.

b annar eitraður snákur.

9a Jes 2:4.

LR Þúsundaráríkið.

b K&S 101:32–33; 130:9.

10a P.E. Síðari dagar.

JS — S 1:40.

b Róm 15:12;

K&S 113:5–6.

c EDA til hans.

d K&S 45:9–10.

11a 2 Ne 6:14; 25:17; 29:1.

12a LR Merki.

b 3 Ne 15:15; 16:1–4.

c Nehem 1:9;

1 Ne 22:10–12;

K&S 45:24–25.

LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

saman hinum tvístruðu úr Júða, úr fjórum höfuðáttum heims.

13 Þá mun “öfund Efraíms einnig hverfa og fjandskapur Júða líða undir lok. ^bEfraím mun ekki öfundast við ^cJúða og Júða ekki fjandskapast við Efraím.

14 Þeir munu “steypa sér niður á herðum Filista gegn vestri og í sameiningu ræna austbyggja. Edóm og Móab munu þeir hremma og Ammónítar verða þeim lýðskyldir.

15 Og Drottinn mun “þurrka upp voga Egyptahafs og bregða hendi sinni yfir fljótið í stríðum stormi og skipta því í sjö kvíslir, svo að yfir má ganga þurrum fótum.

16 Og það skal verða “brautarvegur fyrir þær leifar fólks hans, sem enn er eftir í Assýríu, eins og var fyrir Ísrael, þá er hann fór frá Egyptalandi.

22. KAPÍTULI

Á þúsund ára tímabilinu munu allir menn lofa Drottin — Hann mun dvelja meðal þeirra — Samanber Jesaja 12. Um 559–545 f.Kr.

Á þeim degi skaltu segja: Ég vegsama þig, ó Drottinn, því að þótt

þú værir mér reiður, þá er þó horfin reiði þín, og þú huggaðir mig.

2 Sjá, Guð er hjálpræði mitt: Ég er “öruggur og hrædist hvergi, því að Drottinn ^bJEHÓVA er styrkur minn og lofsöngur. Hann er einnig orðinn mér hjálpræði.

3 Og þér munuð með fögnuði “vatni ausa úr lindum hjálpræðisins.

4 Og á þeim degi munuð þér segja: “Lofið Drottin, ákallið nafn hans, gjörið máttarverk hans kunn meðal þjóðanna, hafið í minnum að nafn hans er upp hafið.

5 “Lofsyngið Drottin, því að dásemdarkerk hefur hann gjört. Þetta er kunnugt um alla jörðina.

6 Lát “óma gleðihljóm og við kveða fagnaðarhróp, þú sem býrð á Síon, því að mikill er hinn heilagi Ísraels meðal þín.

23. KAPÍTULI

Tortíming Babýlonar er dæmigerð um tortíminguna við síðari komuna — Það verður dagur brennandi reiði og refsingar — Babýlon mun að eilífu fallin — Samanber Jesaja 13. Um 559–545 f.Kr.

13a Jer 3:18.

b Ættkvíslirnar sem leiddar voru af Júða og Efraím höfðu verið andstæðingar (eftir atburðina í 1 Kon 12:16–20). Á síðari dögum munu þessi sárinndi grædd. Esek 37:16–22.

LR Öfund.

c LR Júða.

14a Þ.E. ráðast á vesturhlíðarnar sem voru landsvæði Filista.

15a Sak 10:11.

16a Jes 35:8; K&S 133:27.

22 2a Mósía 4:6; He 12:1.

b 2 Mós 15:2;

Sálm 83:19.

LR Jehóva.

3a LR Lifandi vatn.

4a LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

5a K&S 136:28.

6a Jes 54:1; Sef 3:14.

“SPÁDÓMUR um ^bBabýlon, er vitradist Jesaja Amozsyni.

2 Reisið “merki á fjallinu háa. Kallið hárrí röddu til þeirra. ^bTakið í hönd þeirra, svo að þeir fari inn um hlið hinna eðalbornu.

3 Ég hef gefið “vígðum liðsmönnum mínum fyrirmæli og kallað á kappa mína, því að reiði mín nær ekki til þeirra, sem finna fögnuð í hátígn minni.

4 Heyr þysinn á fjöllum einum og af mannmergð. Heyr gnýinn af hinum “samansöfnuðu þjóðum. Drottinn hersveitanna er að kanna orrustuliðið.

5 Þeir koma frá fjarlægum landi, frá himins enda, já, Drottinn og vopn réttmætrar reiði hans til að tortíma gjörvallri jörðinni.

6 Kveinið, því að dagur Drottins er nálægur. Hann kemur sem tortíming frá hinum almáttuga.

7 Þess vegna verða allar hendur lé magna og sérhvert mannhjarta bráðnar —

8 Þeir skelfast, harmkvæli og þrautir gagntaka þá, angistarfullir stara þeir hver á annan og andlit þeirra verða sem eldslogi.

9 Sjá, dagur Drottins kemur, grimmilegur, með heilagri og brennandi reiði til að gjöra jörðina að auðn og “afmá syndarana af henni.

10 Því að stjörnur himinsins og stjörnumerkin láta eigi ljós sitt skína. Sólin er “myrk í risu sinni og tunglið ber eigi birtu sína.

11 Og ég mun “hegna jarðríki fyrir illsku sína og hinum ranglátu fyrir misgjörðir sínar. Ég mun lækka rostann í hinum ^bdramblátu og lægja hroka hinna skelfilegu.

12 Ég mun gjöra “manninn dýrmætari en skíragull, jafnvel tor-gætari en Ofírgull.

13 Og á degi hans heilögu reiði mun ég skaka himininn, og jörðin skal “hrærast úr stað sínum fyrir brennandi reiði Drottins hersveitanna.

14 Eins og “fældar skógargeitur og eins og hjörð án hirðis skal hver maður leita aftur til þjóðar sinnar og hver flýja heim í land sitt.

15 Og hver sá, sem dramblátur reynist, mun lagður í gegn, og hver sá, sem leggur hinum ranglátu lið, mun falla fyrir sverði.

16 Og ungbörnum þeirra mun verða slegið við stein fyrir augum þeirra, hús þeirra verða rænd og konur þeirra smánaðar.

17 Sjá, ég æsi upp Meðiumenn gegn þeim, sem meta eigi silfur og gull, né hafa yndi af því.

18 Bogar þeirra munu og tæta unga menn í sundur; og þeir þyrma

23 1a Þ.E. skilaboð um dóm.
b Hin sögulega eyðing hinnar ranglátu Babýlon, sem spáð er fyrir um í Jesaja 13 og 14, er sýnd sem dæmi um endanlega tortímingu alls hins rangláta heims.

K&S 133:5, 7, 14.
LR Babel, Babýlon.

2a EDA merki.

LR Merki.

b Þ.E. veifið hendi, gefið merki.

3a Þ.E. heilögum.

4a Sak 12:3; 14:2–3.

9a LR Jörð — Hreinsun

jarðar.

10a LR Heimur — Heimsendir.

11a Mal 4:1.

b K&S 64:24.

12a Jes 4:1–4.

13a LR Jörð — Lokaástand jarðar.

14a EDA hundelt dádýr.

ekki lífsafkvæmum. Þeir líta ekki miskunnaraugum til barna.

19 Svo skal fara fyrir Babýlon, þessari prýði konungsríkjanna og ^adrembidjásni Kaldverja, sem þá er Guð umturnaði ^bSódómu og Gómorru.

20 Hún skal aldrei framur verða ^abyggð mönnum. Kynslóð eftir kynslóð skal þar enginn búa. Enginn Arabi skal reisa þar tjöld sín né nokkrir hjarðmenn bæla þar fénað sinn.

21 En ^avillidýr eyðimerkurinnar skulu liggja þar og hús þeirra fyllast af ömurlegum skepnum. Og uglur munu dveljast þar og ^bskógartroll stíga þar dans.

22 Og villidýr eyjanna munu ýlfra í yfirgefnum ^ahúsum þeirra og ^bdrekar í lystihöllum. Og tími hennar nálgast og dagar hennar munu eigi undan dragast. Því að ég mun tortíma henni fljótt. Já, ég mun sýna lýð mínum miskunn, en hinir ranglátu munu farast.

24. KAPÍTULI

Ísrael verður safnað saman og hann mun njóta þúsund ára hvíldar — Lúsífer var varpað niður af himnum vegna uppreisnar — Ísrael mun fagna sigri yfir Babýlon (heiminum) — Samanber Jesaja 14. Um 559–545 f.Kr.

Því að Drottinn mun miskunna Jakob og enn ^aútvelja Ísrael og gefa þeim bólfestu í landi þeirra sjálfra. Og ^bútlendir menn munu sameinast þeim og gjöra félagskap við hús Jakobs.

2 ^aOg þjóðirnar munu taka þá og flytja þá til áttþaga þeirra, já, langt að, alla leið frá endimörkum jarðar. Og þeir munu hverfa aftur til sinna ^bfyrirheitnu landa. Og Ísraelsniðjar munu eignast þá, og land Drottins verður land ^aþræla og ambátta. Og þau munu hertaka hertakendur sína og drottna yfir kúgurum sínum

3 Og svo mun við bera á þeim degi, að Drottinn veitir þér ^ahvíld frá þrautum þínum og ótta og af hinni hörðu ánaud, sem á þig var lögð.

4 Og á þeim degi mun svo við bera, að þú rifjar upp þetta orðtak gegn ^aBabýloníu-konungi og segir: Er nú allur máttur úr harðstjóranum og hin gullna borg liðin undir lok?

5 Drottinn hefur sundurbrotið staf hinna ranglátu, sprota yfirdrottunaranna.

6 Sá, sem laust þjóðflokkana í bræði högg á högg ofan og kúgaði þjóðirnar í reiði, er ofsóttur, og enginn hindrar það.

7 Öll jörðin nýtur nú hvíldar og friðar, ^afagnaðarópin kveða við.

8 Jafnvel ^akýprustrén gleðjast

19a Þ.E. hégómleika.

b 1 Mós 19:24–25;

5 Mós 29:23;

2 Ne 13:9.

20a Jer 50:3, 39–40.

21a Jes 34:14–15.

b HEB hafnar, eða árar.

22a HEB höllum.

b HEB (líklega) sjakalar, eða villihundar.

24 1a Sak 1:17.

b Jes 60:3–5, 10.

2a Þ.E. aðrar þjóðir munu hjálpa Ísrael.

b LR Fyrirheitið land.

c Jes 60:14.

3a Jós 1:13;

K&S 84:24.

4a LR Babel, Babýlon.

7a Jes 55:12.

8a HEB kýprusviður.

yfir þér og einnig sedrustrén í Líbanon og segja: Fyrst þú ert ^blagstur lágt, mun enginn upp rísa til þess að ^cfella oss.

9 Niðri hjá ^ahelju er allt í upp-námi þín vegna til þess að taka á móti þér. Vegna þín rekur hún hina ^bdauðu á fætur, alla foringja jarðarinnar. Hún lætur alla þjóð-konunga standa upp af hásetum sínum.

10 Þeir taka allir til máls og segja við þig: Ert þú þá einnig orðinn máttvana sem vér? Ert þú orðinn jafningi vor?

11 Viðhafnaður þinn er lagður til grafar, og gígjuhljómur þinn hljóðnar. Ormar eru breiddir undir þig, og ábreiða þín er maðkar.

12 En ^a“hví hefur þú hrapað af himninum, þú, ^bLúsífer, sonur morgunroðans? Ert þú að velli lagður, þú, sem undirokaðir þjóðirnar?

13 Þú, sem sagðir í hjarta þínu: ^a“Ég vil upp stíga til himins, ofar stjörnum Guðs vil ég reisa veldisstól minn. Á þingfallinu vil ég setjast að, yst í ^bnorðri —

14 Ég vil upp stíga ofar skýja-borgum, gjörast líkur hinum hæsta.

15 Til heljar verður þér samt niður varpað, í neðstu fylgsmi ^agrafarinnar.

16 Þeim, sem sjá þig, verður ^a“starsýnt á þig, þeir munu virða þig fyrir sér og segja: Er þetta maðurinn, sem skók jörðina og skelfdi konungsríkin?

17 Og gjörði jarðkringluna að eyðimörk, tortímdi borgum hennar og gaf eigi bandingjum sínum heimfararleyfi?

18 Allir konungar þjóðanna, já þeir allir, liggja í mekt sinni, hver í ^a“sínu húsi.

19 En þér er fleygt úr gröf þinni eins og ^a“auvirðilegum kvisti; eins og leifum þeirra, sem ráðnir eru af dögum, gegnumreknar af sverði, og hafna niðri á ^bgrjóti hlyldýpisins, eins og fótumtroðið hræ.

20 Þú munt eigi sameinast þeim í gröfinni, því að landi þínu hefur þú tortímt og myrt þjóð þína. ^a“Afsprengi ^b“illvirkja mun aldrei rómað.

21 Búið börn hans undir slátrun sakir ^a“misgjörða feðranna, svo að þau fái eigi risið á legg, lagt undir sig jörðina, né fylli jarðkringluna borgum.

22 Því að ég mun rísa upp gegn þeim, segir Drottinn hersveitanna, og afmá ^a“nafn og leifar

8b Þ.E. í dauða.

c HEB (skógar)

höggsmáðurinn hefur ekki snúist gegn oss.

9a LR Helja.

b Þ.E. líkamslausir andar.

12a K&S 76:26.

b HEB morgunstjarna, sonur dögunarinnar. Stjórnandi hins rangláta heims (Babýlon) er nefndur

Lúsífer, stjórnandi alls ranglætis. LR Djöfull; Lúsífer.

13a HDP Móse 4:1–4.

b Þ.E. dvalarstaður guðanna samkvæmt trúarbrögðum Babýloníumanna. Sál 48:3.

15a 1 Ne 14:3.

16a HEB gjóa á þig

augunum, íhugandi.

18a Þ.E. fjölskyldu-grafhýsi hans.

19a Þ.E. grein sem er hafnað, höggvin af og varpað brott.

b Þ.E. á sjálfum botni.

20a Sál 21:11–12; 37:28.

b LR Ranglátur, ranglæti.

21a 2 Mós 20:5.

22a Okv 10:7.

Babýlonborgar, ætt og ^bafkomendur, segir Drottinn.

23 Ég mun ^afá hana stjörnuhegrum og breyta henni í vatnsnýri. Ég mun sópa henni burt með ^bsópi tortímingar, segir Drottinn hersveitanna.

24 Drottinn hersveitanna hefir svarið og sagt: Það, sem ég hef fyrirhugað, skal sannlega verða, og það, sem ég hefi áformað, skal framgang fá —

25 Ég mun flytja ^aAssúr til lands míns og fótumtroða hann á ^bfjöllum mínum. Þá skal ^coki hans af þeim létt og byrði hans tekin af herðum þeirra.

26 ^aÞetta er sú ráðstöfun, sem áformuð er um alla jörðina, og þetta er sú hönd, sem út er rétt gegn öllum þjóðum

27 Því að svo hefur Drottinn hersveitanna ályktað, og hver fær ónýtt það? Það er hans hönd, sem út er rétt, og hver fær kippt henni aftur?

28 Þessi spádómur var birtur, ^aárið sem ^bAkas konungur andaðist.

29 Þú skalt eigi gleðjast, gjörvöll Filistea, þótt stafurinn, sem sló þig, sé í sundur brotinn. Því upp af rót höggormsins mun naðra koma, og ávöxtur hennar mun verða logandi flugdreki.

30 Frumburðir hinna fátæku

skulu hafa viðurværi og þurfa mennirnir hvílast óhultir, en rót þína vil ég með hungri deyða og leifar þínar verða drepnar.

31 Kveina þú, hlið! Hljóða þú, borg! Þú, gjörvöll Filistea ert í upplausn, því að mökkur kemur úr norðurátt, og enginn verður einn á sínum vitjunartíma.

32 Og hverju munu þá sendimenn þjóðanna svara? Að Drottinn hafi grundvallað ^aSíon, og að hinir ^bfátæku meðal þjóðar hans skuli þar sér ^ctrausts leita.

25. KAPÍTULI

Nefí hefur unun af hreinskilni — Spádómar Jesaja verða augljósir á síðustu dögum — Gyðingar munu snúa aftur frá Babýlon, krossfesti Messías, þeim verður tvístrað og þeir fá hirtingu — Þeir verða endurreistir þegar þeir trúá á Messías — Hann kemur fyrst sex hundruð árum eftir að Lehí yfirgaf Jerúsalem — Nefítar halda lögmál Móse og trúá á Krist, sem er hinn heilagi Ísraels. Um 559–545 f.Kr.

Nú hyggst ég, Nefí, ræða nokkuð þau orð, sem ég hef fært í letur og fram eru gengin af munnni Jesaja. Því að sjá. Margt af því, sem Jesaja sagði, var ýmsum meðal þjóðar minnar ^atorskiðið, því að

22b Job 18:19.

23a Jes 34:11–15.

b EDA vendi.

25a Úmræðunni vikur nú að árás og hruni Assýríu í Júdeu 701 f.Kr. (vers 24–27).
2 Kon 19:32–37;
Jes 37:33–38.

b Þ.E. fjöll Júdeu og Ísraels.

c Jes 10:27.

26a Þ.E. að lokum mun öllum veraldlegum ríkjum hrundið á þennan hátt.

28a Þ.E. um 720 f.Kr., var þessum boðskap

um dóm spád fyrir Filistum jafnframt því að Júdea yrði örugg.

b 2 Kon 16:20.

32a LR Síon.

b Sef 3:12.

c EDA leita haelis í henni.

25 1a 2 Ne 25:5–6.

hún er alls ófróð um spádóms-
hætti meðal Gyðinga.

2 Því að margt er það, sem ég,
Nefí, hef ekki kennt þeim um
hætti Gyðinga, því að ^averk þeirra
voru myrkraverk og athafnir
þeirra viðurstygð.

3 Þess vegna rita ég til þjóðar
minnar og allra þeirra, er síðar
munu móttaka það, sem ég færi í
letur, svo að þeir fái þekkt dóma
Guðs og viti, að þeir falla yfir allar
þjóðir, samkvæmt því orði, sem
hann hefur talað.

4 Hlýð þú því á þjóð mín, þú
sem ert af húsi Ísraels, og ljá þú
orðum mínum eyra. Enda þótt
merking orða Jesaja liggi ekki ljós
fyrir yður, liggur hún engu að
síður ljós öllum þeim, sem fylltir
eru ^aanda ^bspádóms. En ég flyt
yður spádóm samkvæmt and-
anum, sem í mér býr. Þess vegna
mun ég spá af þeirri ^chreinskilni,
sem í mér hefur verið, frá því að
ég yfirgaf Jerúsalem með föður
mínum. Því að sjá. Sál mín hefur
unun af því að vera hreinskilin við
þjóð mína, svo að hún megji læra.

5 Já, og sál mín hefur unun
af orðum ^aJesaja, því að sjálfur
kem ég frá Jerúsalem, og augu
mín hafa séð það, sem ^bGyðinga
snertir, og ég veit, að Gyðingar
skilja spámennina. Og engin þjóð
er til, sem hefur sama skilning á
því, sem mælt var til Gyðinga,

og þeir sjálfir hafa, nema ef vera
skyldu þeir, sem uppfræddir eru
að hætti Gyðinga.

6 En sjá. Ég Nefí, hef ekki upp-
frætt börn mín að hætti Gyðinga.
En sjá, sjálfur hef ég búið í Jerú-
salem og er því kunnur svæð-
unum, sem að henni liggja. Og
ég hef vakið athygli barna minna
á dómum Guðs, sem ^afallið hafa
meðal Gyðinga, yfir börn mín, sam-
kvæmt öllu því, sem Jesaja hefur
mælt, og ég færi þá ekki í letur.

7 En sjá. Ég held mínum eigin
spádómi áfram af þeirri ^ahrein-
skilni, sem ég veit, að engan leiðir
afvega. Engu að síður munu menn
vita með vissu, að spádómar Jes-
aja munu rætast á þeim dögum,
sem þeir koma fram.

8 Þeir hafa þess vegna ^agildi
fyrir mannanna börn, og til þeirra,
sem telja, að svo sé ekki, vil ég
beina orðum mínum sérstaklega.
Ég takmarka orð mín við ^bþjóð
mína, því að ég veit, að þau munu
verða henni mikils virði á ^csíð-
ustu dögum, því að þá mun hún
skilja þau. Þess vegna rita ég þau
í þeirra þágu.

9 Og eins og einni kynslóð
hefur verið ^atortímt meðal Gyð-
inga vegna misgjörða, þannig
hefur þeim verið tortímt kynslóð
fram af kynslóð vegna misgjörða
sinna. Og aldrei hefur nokkurri
kynslóð verið tortímt, án þess að

2a 2 Kon 17:13–20.

4a LR Heilagur andi.

b LR Spádómur, spá.

c 2 Ne 31:3; 33:5–6;

Jakob 4:13.

5a 1 Ne 19:23;

3 Ne 23:1.

b LR Gyðingar.

6a 2 Ne 6:8;

He 8:20–21.

7a 2 Ne 32:7;

Al 13:23.

8a LR Ritningar — Gildi
ritninganna.

b Enos 1:13–16;

Morm 5:12–15;

K&S 3:16–20.

c LR Síðustu dagar, síðari
dagar.

9a Jer 39:4–10;

Matt 23:37–38.

spámenn Drottins ^bsegðu fyrir um það.

10 Þess vegna hafði þeim verið sagt frá tortímingunni, sem yfir þá mundi dýnja, strax eftir að faðir minn yfirgaf Jerúsalem. Þrátt fyrir það hertu þeir hjörtu sín, og samkvæmt spádómi mínum var þeim ^atortímt, að undanskildum þeim, sem ^bfluttir voru í ánaud til Babýlon.

11 Og þetta segi ég nú vegna andans, sem í mér býr. En þótt þeir hafi verið fluttir í burtu, munu þeir snúa aftur og land Jerúsalem verða þeirra eign. Þess vegna verður þeim enn á ný ^askilað til erfðalanda sinna.

12 En sjá. Hernaður og ófriðar-tíðindi verða meðal þeirra. Og þegar sá dagur kemur, að hinn ^aeingetni föðurins, já, föður himins og jarðar, opinberar sig þeim í holdinu, sjá, þá munu þeir afneita honum, sakir misgjörða sinna, hjartahörku og dramblætis.

13 Sjá. Þeir munu ^akrossfesta hann, og þegar hann hefur legið í ^bgröfinni í ^cþrjá daga, mun hann ^arísa aftur upp frá dauðum með lækningarmátt í vængjum sínum. Og allir, sem á nafn hans trúa, munu frelsaðir í Guðs ríki. Þess vegna hefur sál mín unun af að spá um hann, því að ég hef ^aséð

hans dag, og hjarta mitt vegsamar hans heilaga nafn.

14 Og sjá. Svo mun bera við, að þegar ^aMessías hefur risið upp frá dauðum og opinberað sig þjóð sinni, öllum þeim, sem á nafn hans trúa, sjá, þá mun Jerúsalem enn á ný verða ^btortímt. Því að vei sé þeim, sem berjast gegn Guði og þeim, sem kirkju hans tilheyrja.

15 Þess vegna mun ^aGyðingunum ^btvístrað meðal allra þjóða, já, og ^cBabýlon mun einnig tortímt, og aðrar þjóðir munu því tvístra Gyðingunum.

16 Og eftir að þeim hefur verið tvístrað og Drottinn Guð hefur látið aðrar þjóðir hirta þá í marga ætliði, já, kynslóð fram af kynslóð, þar til þeir gangast undir ^atrú á Krist, son Guðs, og algjöra friðþægingu hans, sem nær til alls mannkyns — og þegar sá dagur rennur upp, að þeir trúa á Krist og tilbiðja föðurinn í hans nafni með hreinum hjörtum og flekklausum höndum og vænta ekki lengur komu annars Messíasar, þá, á þeim tíma, mun sá dagur koma, að óhjákvæmilegt hlýtur að vera, að þeir trúi þessum hlutum.

17 Og Drottinn mun rétta fram hönd sína í annað sinn til að ^aendurreisa fólk sitt frá glötun og falli.

9b Amos 3:7;

1 Ne 1:13.

10a 1 Ne 7:13;

2 Ne 6:8;

Om 1:15;

He 8:20–21.

b 2 Kon 24:14;

Jer 52:3–16.

11a Esra 1:1–4;

Jer 24:5–7.

12a LR Eingetinn.

13a Lúk 23:33.

b Jóh 19:41–42;

1 Ne 19:10.

c Lúk 24:6–7;

Mósía 3:10.

d LR Upprisa.

e 1 Ne 11:13–34.

14a LR Messías.

b Lúk 21:24;

JS — M 1:1–18.

15a LR Gyðingar.

b Nehem 1:8–9;

2 Ne 10:6.

c LR Babel, Babýlon.

16a 2 Ne 10:6–9; 30:7;

Morm 5:14.

17a 2 Ne 21:11–12; 29:1.

LR Endurreisn fagnaðarerindisins.

Og hann mun því halda áfram að vinna ^bdásemdarverk og undur meðal mannanna barna.

18 Hann mun þess vegna færa þeim ^aorð sín, og þau orð munu ^bdæma þá á efsta degi, því að þau munu gefin þeim í þeim tilgangi að ^csannfæra þá um hinn sanna Messías, sem þeir afneituðu, til þess að sannfæra þá um, að óþarft sé að vænta komu Messíasar lengur, því að enginn muni koma, nema þá ^dfalskur Messías, sem blekkja mundi fólkið. Spámenirnir minnst aðeins á einn Messías, og það er sá Messías, sem Gyðingar munu afneita.

19 Því að samkvæmt orðum spámannanna mun ^aMessías koma ^bsex hundruð árum eftir að faðir minn yfirgaf Jerúsalem. Og samkvæmt orðum spámannanna og einnig orðum ^cengils Guðs mun nafn hans verða Jesús Kristur, Guðssonurinn.

20 Og nú hef ég, bræður mínir, talað í hreinskilni, svo að ekki verði misskilið. En svo sannarlega sem Drottinn Guð lifir, sá hinn sami, er ^aleiddi Ísrael út úr Egyptalandi og gaf Móse vald til að ^blækna þjóðirnar, sem bitnar höfðu verið af eitruðum höggormum, ef

þær vildu líta til ^chöggormsins, sem hann lét reisa frammi fyrir þeim, sá sem gaf Móse þar á ofan vald til að ljósta ^dklettinn, þannig að fram sprytti vatn, já, sjá, þá segi ég yður, svo sannarlega sem þessir hlutir eru sannir og svo sannarlega sem Drottinn lifir, er ekkert annað ^enafn gefið undir himninum, sem frelsað getur maðinn, en nafn Jesú Krists, sem ég hef talað um.

21 Af þessari ástæðu hefur Drottinn Guð lofað mér, að það, sem ég ^afæri í letur, verði geymt og varðveitt og afhent niðjum mínum mann fram af manni, svo að eftt verði það heit við Jósef, að niðjar hans skyldu aldrei ^bfarast svo lengi sem jörðin stæði.

22 Þess vegna mun þetta berast mann fram af manni svo lengi sem jörðin stendur. Það mun berast samkvæmt vilja og hyggju Guðs, og þær þjóðir, sem eignast það, munu eftir því ^adæmdar verða samkvæmt þeim orðum, sem rituð eru.

23 Því að vér ritum af kappi til að ^ahvetja börn vor og einnig bræður vora til að trúá Krist og sættast við Guð, því að vér vitum, að vér frelsumst fyrir

17b Jes 29:14;

2 Ne 27:26;

3 Ne 28:31–33.

18a 2 Ne 29:11–12; 33:11, 14–15.

b LR Lokadómur.

c 2 Ne 26:12–13.

d LR Andkristur.

19a LR Jesús Kristur —

Spádómar um fæðingu og dauða Jesú Krists.

b 1 Ne 10:4;

3 Ne 1:1, 13.

c 2 Ne 10:3.

20a 2 Mós 3:7–10;

1 Ne 17:24, 31; 19:10.

b Jóh 3:14;

1 Ne 17:41.

c 4 Mós 21:8–9;

Al 33:19;

He 8:14–15.

d 2 Mós 17:6;

4 Mós 20:11;

1 Ne 17:29; 20:21.

e Hós 13:4;

Post 4:10–12;

Mósía 5:8;

HDP Móse 6:52.

LR Frelsari.

21a 2 Ne 27:6–14.

b Amos 5:15;

2 Ne 3:16;

Al 46:24–27.

22a 2 Ne 29:11; 33:10–15;

3 Ne 27:23–27.

23a LR Barn, börn.

^bnáð, að afloknu öllu, sem vér getum ‘gjört.

24 En þó að vér trúum á Krist, “höldum vér lögmál Móse engu að síður og væntum staðföst komu Krists, þar til lögmálið er fullkomnað.

25 Því að í þeim tilgangi var “lögmálið gefið. Lögmálið er þess vegna orðið oss ^blífvana, en vér erum lifandi gjörð í Kristi trúar vorrar vegna, en lögmálið höldum vér samt vegna boðorðanna.

26 Og vér “tölum um Krist, vér fögnum í Kristi, vér prédikum um Krist, vér ^bspáum um Krist og vér færum spádóma vora í letur, svo að “börn vor viti, til hvaða uppsprettu þau mega leita til “fyrirgefningar synda sinna.

27 Og vér tölum um lögmálið, til þess að börn vor megi vita, hve lífvana lögmálið er, og geti, með því að átta sig á lífleysi lögmálsins, horft fram til þess lífs, sem er í Kristi, og vitað, í hvaða tilgangi lögmálið var gefið. Og til þess að þau herði ekki hjörtu sín gegn honum, eftir að lögmálið hefur fullkomnast í Kristi og verið að engu gjört.

28 Og sjá nú, þjóð mín. Þér eruð “þrjósकुfullt fólk, og þess vegna hef ég talað til yðar af hrein-skilni, svo að ekki verði mis-kilið. En orðin, sem ég hef mælt,

munu standa sem ^bvitnisburður gegn yður, því að þau nægja til að “fræða hvern sem vera skal um hina réttu leið, því að rétta leiðin er sú að trúa á Krist og afneita honum ekki. En með því að afneita honum afneitið þér einnig spámönnunum og lögmálinu.

29 Og sjá. Nú segi ég yður, að rétta leiðin er sú að trúa á Krist og afneita honum ekki, og Kristur er hinn heilagi Ísraels. Og því verðið þér að lúta honum og tilbiðja hann af öllum “mætti yðar, huga og styrk, og af allri sálu yðar. Og ef þér gjörðið það, verður yður alls ekki vísað burtu.

30 Og ráðlegast er yður að halda yður við framkvæmdir og “helgiathafnir Drottins, þar til lögmálinu, sem Móse var gefið, er fullnægt.

26. KAPÍTULI

Kristur mun þjóna Nefitum — Nefi sér fyrir tortímingu þjóðar sinnar — Þeir munu tala úr duftinu — Þjóðirnar munu reisa falskirkjur og stofna leynisamtök — Drottinn bannar prestaslægð. Um 559–545 f.Kr.

Og eftir “upprisu Krists frá dauðum mun hann ^bsýna sig fyrir yður, börn mín og elskuðu bræður, og orðin, sem hann mælir

23b Róm 3:23–24;

2 Ne 2:4–10;

Mósía 13:32;

Al 42:12–16;

K&S 138:4.

LR Náð.

c Jakbr 2:14–26. LR Verk.

24a Jakob 4:4–5.

25a LR Móselögmál.

b Róm 7:4–6.

26a Jakob 4:12;

Jar 1:11;

Mósía 3:13.

b Lúk 10:23–24.

c LR Barn, börn.

d LR Fyrirgefning synda.

28a Mósia 3:14.

b LR Vitnisburður.

c 2 Ne 33:10.

29a 5 Mós 6:5;

Mark 12:29–31.

30a LR Helgiathafnir.

26 1a 3 Ne 11:1–12.

b 1 Ne 11:7; 12:6.

við yður, verða ^elög málið, sem þér skuluð framfylgja.

2 Því að sjá. Ég segi yður, að ég hef séð, að margar kynslóðir munu líða hjá og miklar styrjaldir og mikið sundurlyndi verða meðal þjóðar minnar.

3 Og eftir komu Messíasar munu þjóð minni gefin ^atákn um ^bfæðingu hans og einnig um dauða hans og upprisú. Og mikill og skelfilegur verður sá dagur hinum ranglátu, því að þeir munu farast. Og þeir farast, vegna þess að þeir vísa burtu spámönnunum og hinum heilögu, grýta þá og drepa. Þess vegna mun ^bblóðugt hróp hinna heilögu stíga gegn þeim neðan frá jörðunni og upp til Guðs.

4 Þegar sá dagur rennur upp, mun hann þess vegna ^abrenna upp þá, sem dramblátir eru og ranglæti fremja, segir Drottinn hersveitanna, því að þeir verða sem hálmleggir.

5 Og djúp jarðar mun ^agleypa þá, sem ráða spámennina og hina heilögu af dögum, segir Drottinn hersveitanna. Og fjöll munu ^bsteypast yfir þá og hvirfilvindar feykja þeim burtu, byggingar munu hrynja yfir þá, brytja þá í spað og mala þá mélinu smærra.

6 Og þrumur, eldingar,

jarðskjálftar og hvers konar tortíming mun yfir þá dynja, því að reiði Guðs mun blossa upp gegn þeim, en þeir verða sem hálmleggir, og dagurinn, sem upp rennur, brennir þá til ösku, segir Drottinn hersveitanna.

7 Ó, hve nístandi er sársauki og angist sálar minnar vegna dauða og glötunar þjóðar minnar! Því að ég, Nefí, hef litið það, og það hefur nærri gengið af mér dauðum frammi fyrir Drottni. En samt verð ég að hrópa til Guðs míns: Vegir þínir eru ^aréttvísir!

8 En sjá. Hinir réttlátu, sem hlýða á orð spámannanna, en tortíma þeim ekki, heldur vænta með staðfestu Krists og táknanna, sem gefin eru, þrátt fyrir ^aofsóknir — sjá! Það eru þeir, sem farast ^bekki.

9 Heldur mun sonur réttlætisins ^abirtast þeim og hann mun ^blækna þá, og þeir munu lifa með honum í ^cfríði, þar til ^dþrjár kynslóðir eru liðnar undir lok og margir af ^efjórðu kynslóðinni hafa lokið æviskeiði sínu í réttlæti.

10 Og að þessum atburðum liðnum mun skjót ^atortíming dynja yfir þjóð mína. Því að þrátt fyrir sársaukann, sem það hefur valdið sálu minni, hef ég séð það. Því veit ég, að þetta mun gjörast.

1c 3 Ne 15:2–10.

3a 1 Ne 12:4–6.

LR Tákn.

b LR Jesús Kristur — Spádómar um fæðingu og dauða Jesú Krists.

c 1 Mós 4:10; 2 Ne 28:10; Morm 8:27.

4a 3 Ne 8:14–24; 9:3, 9.

5a 1 Ne 19:11;

3 Ne 10:14.

b 3 Ne 8:10; 9:5–8.

7a LR Réttvísi.

8a LR Ofsækja, ofsókn.

b 3 Ne 10:12–13.

9a 3 Ne 11:8–15.

b 3 Ne 17:7–9.

c 4 Ne 1:1–4.

d 1 Ne 12:11–12;

3 Ne 27:30–32.

e Al 45:10–12;

He 13:9–10.

10a Al 45:9–14;

Morm 8:1–9.

Og þeir munu selja sjálfa sig fyrir ekkert, því að endurgjaldið, sem þeir uppskera fyrir dramb sitt og heimsku, er tortíming. Því að þeir láta undan djöflinum og velja myrkraverk fram yfir verk ljóssins, og þar af leiðandi hljóta þeir að fara niður til ^bheljar.

11 Því að andi Drottins mun ekki ætíð “takast á við manninn. Og þegar andinn hættir að takast á við manninn, dynur yfir skjót tortíming, og þetta fyllir sál mína trega.

12 Og á sama hátt og ég talaði um að “sannfæra yrði ^bGyðinga um, að Jesús sé ‘sjálfur Kristur, þá hljóta Þjóðirnar og að sannfærast um að Jesús sé Kristur, hinn eilífi Guð —

13 Og að hann opinberar sig öllum þeim, sem á hann trúa, fyrir kraft “heilags anda, já, hverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð og vinnur mikil kraftaverk, tákni og undur meðal mannanna barna í samræmi við trú þeirra.

14 En sjá. Ég spái fyrir yður um hina “síðustu daga, þá daga, þegar Drottinn Guð mun ^bláta mannanna börnum þetta í té.

15 Eftir að niðjum mínum og niðjum bræðra minna hefur hnignað í vantrú og Þjóðirnar hafa lostið þá, já, eftir að Drottinn Guð hefur slegið upp búðum umhverfis þá, gjört umsátur um

þá og reist hervirki gegn þeim, þegar þeir hafa verið lítillækkaðir í duftið, já jafnvel felldir með öllu, þá skulu orð hinna réttlátu rituð og bænir hinna trúuðu samt heyrast og þeir í minnum hafðir, sem hnignað hefur í vantrú.

16 Því að hinir tortímdu munu “tala til þeirra upp úr jörðunni, mál þeirra berst hljóðlega upp úr duftinu og rödd þeirra hefur kunnuglegan anda, því að Drottinn Guð mun gefa honum kraft til að hvísla um þá, eins og það bærast upp úr jörðunni. Og tal þeirra mun berast sem hvísl úr duftinu.

17 Því að Drottinn Guð mælti svo: Þeir munu “færa í letur það, sem meðal þeirra gjörast, og það mun ritað og innsiglað verða í bók, en þeir, sem hnignað hefur í vantrú, hafa ekki aðgang að því, því að þeir ^breyna að tortíma því, sem frá Guði er komið.

18 Þess vegna hefur hinum tortímdu verið tortímt skjótt, og fjöldi hinna skelfilegu meðal þeirra verður sem “hismið, er að engu verður. Já, þannig fórust Drottinn Guði orð: Það verður á augabragði, skyndilega.

19 Og svo mun bera við, að hönd Þjóðanna mun “ljósta þá, sem hnignað hefur í vantrú.

20 Og Þjóðirnar hreykja sér og “miklast í eigin augum, og þær

10b LR Helja.
11a Et 2:15.
12a 2 Ne 25:18.
b 2 Ne 30:7;
Morm 5:14.
LR Gyðingar.
c Morm 3:21.

13a LR Heilagur andi.
14a LR Síðustu dagar, síðari dagar.
b LR Endurreisn fagnaðarerindisins.
16a Jes 29:4;
Moró 10:27;

HDP Móse 7:62.
LR Mormónsbók.
17a 2 Ne 29:12.
b Enos 1:14.
18a Morm 5:16–18.
19a 3 Ne 16:8–9; 20:27–28.
20a LR Drambsemi.

hafa ^bhrasað vegna þess, hve stór ^chrösunarhellan er. Þeir hafa reist margar ^dkirkjur, en samt afneita þeir valdi Guðs og kraftaverkum, en prédika þess í stað eigin visku og eigin ^efróðleik til að hagnast á því og ^fganga á rétt hinna fátæku.

21 Og margar kirkjur hafa risið af grunni, sem eru valdar að ^aöfund, illdeilum og óvild.

22 Og einnig er um að ræða ^aleynisamtök, eins og á löngu liðnum tímum, samkvæmt samsæri djöfulsins, því að hann er höfundur alls þessa. Já, höfundur morða og mykraverka. Og hann teymir þá í hálsbandi úr reyr, þar til hann fjötrar þá að eilífu fasta í órjúfanlega hlekki sína.

23 Því að sjá. Ég segi yður, ástæru bræður mínir, að Drottinn Guð vinnur ekki verk sín í myrkri.

24 Hann gjörir aðeins það, sem heiminum er til góðs, því að svo ^aelskar hann heiminn, að hann gefur sitt eigið líf til að draga ^balla menn til sín. Hann hefur því boðið öllum hlut í hjálpræði sínu.

25 Sjá, hrópar hann til nokkurs og segir: Vík frá mér? Nei, segi ég yður, heldur segir hann: ^aKomið til mín frá ystu mörkum jarðar. ^bKaupið mjólk og hunang án silfurs og endurgjaldslaust.

26 Sjá, hefur hann boðið nokkrum að hverfa úr samkundu-húsunum eða bænahúsunum? Sjá, ég segi við yður, nei.

27 Hefur hann meinað nokkrum hlutdeild í ^ahjalpræði sínu? Sjá, ég segi við yður nei, heldur hefur hann ^bgjört hjálpræðið frjálst öllum mönnum, og hann hefur boðið fólki sínu að leiða alla menn til ^ciðrunar.

28 Sjá, hefur Drottinn meinað nokkrum manni að njóta gæsku sinnar? Sjá, ég segi yður nei, heldur hafa ^aallir menn sama rétt, og enginn er útilokaður.

29 Og hann býður, að ^apresta-slægð eigi ekki að þekkjast, því að sjá, prestaslægð er það nefnt, þegar menn prédika og gjöra sjálfa sig að leiðarljósi fyrir heiminn, til að hagnast á því og hljóta ^blof heimsins. En þeir bera ekki velferð Síonar fyrir brjósti.

30 Sjá, þetta hefur Drottinn bannað. Þess vegna hefur Drottinn Guð gefið boðorð um, að allir menn skuli eiga ^akærleik, og sá kærleikur er að ^belska. Og án kærleikans eru þeir ekki neitt. Ef þeir þess vegna eiga kærleik, munu þeir ekki leyfa verkamanninum í Síon að farast.

31 En verkamaðurinn í ^aSíon

20b 1 Ne 13:29, 34.

LR Fráhvarf.

c Esek 14:4.

d 1 Ne 14:10; 22:23;
Morm 8:28.

e 2 Ne 9:28; Morm 9:7–8.

f Jes 3:15; 2 Ne 13:15.

21a LR Öfund.

22a LR Leynisamtök,

samsæri.

24a Jóh 3:16.

b 3 Ne 27:14–15.

25a Al 5:33–35;

3 Ne 9:13–14.

b Jes 55:1–2.

27a LR Sáluhjálpr, hjálpræði.

b Ef 2:8;

2 Ne 25:23.

c LR Iðrast, iðrun.

28a Róm 2:11;

1 Ne 17:33–35.

29a LR Prestaslægð.

b K&S 121:34–37.

30a Moró 7:47–48.

LR Kærleikur.

b LR Elska, ást.

31a LR Síon.

skal vinna fyrir Síon, því að vinni þeir fyrir ^bfjármunum, munu þeir farast.

32 Og ítrekað skal, að Drottinn Guð hefur “boðið svo, að menn skuli ekki morð fremja; að þeir skuli ekki ljúga; að þeir skuli ekki stela; að þeir skuli ekki leggja nafn Drottins Guðs síns við ^bhégóma; að þeir skuli ekki ala öfund; að þeir skuli ekki bera óvildarhug; að þeir skuli ekki standa í illdeilum hver við annan; að þeir skuli ekki drýgja hór. Ekkert af þessu skuli þeir gjöra, því að sá, sem það gjörir, mun farast.

33 Því að engin þessara misgjörða er frá Drottni komin, því að hans verk gjöra gott meðal mannanna barna, og hann tekur sér ekkert fyrir hendur nema það, sem auðskilið er mannanna börnum. Hann býður þeim öllum sem einum að koma til sín og verða gæsku sinnar aðnjótandi. Hann “neitar engum að koma til sín, hvorki svörtum né hvítum, ánaudugum né frjálsum, karli né konu. Og hann minnst ^bheiðingjanna, og ^callir eru jafnir fyrir Guði, jafnt Gyðingar og Þjóðirnar.

27. KAPÍTULI

Myrkur og fráhrarf mun fylla jörðina á síðustu dögum — Mormónsbók birtist — Þrjú vitni munu bera vitni um bókina — Hinn lærði segist ekki

geta lesið innsiglaða bók — Drottinn mun vinna dásemdarverk og undur — Samanber Jesaja 29. Um 559–545 f.Kr.

EN sjá. Á “síðustu dögum eða á dögum Þjóðanna — já, sjá, þá munu allar þjóðir Þjóðanna, sem og Gyðingar, bæði þeir, sem setjast munu að í þessu landi, og þeir, sem verða í öðrum löndum, já, jafnvel öllum löndum jarðar, verða drukkni af misgjörðum og alls kyns viðurstygð —

2 Og þegar sá dagur kemur, mun Drottinn hersveitanna vitja þeirra með þrumum, jarðskjálftum, miklum gný, stórviðri og fellibyljum og með gjöreyðandi “eldsloga.

3 Og allar “þjóðir, sem ^bberjast gegn Síon eða valda henni óþægindum, munu verða sem draumsýn um nótt. Já, líkt mun fara fyrir þeim og svöngum manni, sem dreymir. Sjá, hann nærast, en þegar hann vaknar, er sál hans tóm. Eða líkt og þyrstum manni, sem dreymir. Sjá, hann drekkur, en þegar hann vaknar, er hann örmagna, og sál hans þyrstir. Já, þannig mun fara fyrir mergð allra þeirra þjóða, sem berjast gegn Síonfjalli.

4 Því að sjá. Allir þér, sem misgjörðir fremjið, staldrið við og undrist, því að þér munuð hljóða og hrópa. Já, þér verðið drukkni,

31 b Jakob 2:17–19;
K&S 11:7; 38:39.

32 a LR Boðorð Guðs.
b LR Vanhelgun.

33 a Post 10:9–35, 44–45.

b Al 26:37.

c Róm 2:11;

1 Ne 17:35.

27 1 a LR Síðustu dagar,
síðari dagar.

2 a Jes 24:6; 66:15–16;

Jakob 6:3;

3 Ne 25:1.

3 a Jes 29:7–8.

b 1 Ne 22:14.

en þó ekki af víni, þér reikið í spori, en þó ekki af áfengum drykk.

5 Því að sjá. Drottinn hefur látið djúpan svefnhöfuga yfir yður falla. Því að sjá. Þér hafið lokað augum yðar og afneitað spámönnunum, og vegna misgjörða yðar hefur hann dregið hulu yfir stjórnendur yðar og sjáendur.

6 Og svo ber við, að Drottinn Guð mun flytja ^ayður orð ^bbókar, og það munu reynast orð þeirra, sem legið hafa í dvala.

7 Og sjá. Þessi bók mun reynast ^ainnsiglið, og í henni verður ^bopinberun frá Guði frá upphafi veraldar til ^cendaloka hennar.

8 Og vegna þess, sem ^ainnsiglað er, mun innsiglaði hlutinn ^bekki látinn í té, á tímum ranglætis og viðurstygðar manna. Þess vegna mun bókinni haldið frá þeim.

9 En bókinni mun komið í hendur ^amanns, og hann mun koma orðum bókarinnar til skila, en það eru orð þeirra, sem hvílt hafa í duftinu. Og hann mun flytja ^böðrum þessi orð —

10 En innsigliðu orðin mun hann ekki afhenda, og hann mun heldur ekki afhenda bókina sjálfa. Því að bókinn verður innsiglið með krafti Guðs, og hin innsiglaða opinberun mun geymd í bókinni, þar til Drottinn hentar, að þau komi

fram. Því að sjá. Orðin opinbera allt, alveg frá upphafi jarðar til endaloka hennar.

11 Og sá dagur mun upp renna, að orðin úr innsigliðu bókinni munu lesin af húspökum. Og þau munu lesin með krafti Krists. Og allt mun ^aopinberað manna börnum, sem nokkurn tíma hefur verið meðal þeirra, sem og allt, er verða mun, allt til enda veraldar.

12 Á þeim degi, sem bókinn verður látinn í hendur mannsins, sem ég hef talað um, verður hún falin augum heimsins, til þess að engin augu skuli líta hana að undanskildum ^aþrem ^bvitnum, sem munu sjá hana fyrir kraft Guðs, auk þess, sem fær bókina í hendur. Og þeir munu vitna um sannleik bókarinnar og þess, sem í henni stendur.

13 Og engir aðrir munu sjá hana nema fáeinir að vilja Guðs, til að bera orðum hans til manna barna vitni, því að Drottinn Guð hefur sagt, að orð hinna trúföstu muni tala eins og þau kæmu ^afrá hinum látnu.

14 Þess vegna mun Drottinn Guð halda áfram að leiða orð bókarinnar fram í ljósið. Og fyrir munn jafnmargra vitna og honum sjálfum gott þykir mun hann staðfesta orð sitt. Og vei sé þeim, er ^ahafnar orði Guðs!

15 En sjá, svo ber við, að Drottinn

6a Jar 1:2;

Morm 5:12–13.

b 2 Ne 26:16–17; 29:12.

LR Mormónsbók.

7a Jes 29:11–12;

Et 3:25–27; 4:4–7.

b Mósía 8:19.

c Et 13:1–12.

8a Et 5:1.

b 3 Ne 26:9–12;

Et 4:5–6.

9a K&S 17:5–6.

b JS — S 1:64–65.

11a Lúk 12:3;

Morm 5:8;

K&S 121:26–31.

12a 2 Ne 11:3;

Et 5:2–4;

K&S 5:11, 15; 17:1.

b 5 Mós 19:15.

13a 2 Ne 3:19–20; 33:13–15;

Moró 10:27.

14a 2 Ne 28:29–30;

Et 4:8.

Guð segir við þann, sem hann afhendir bókina: Tak orðin, sem ekki eru innsigluð, og lát þau í hendur annars manns, svo að hann geti sýnt þau hinum lærða og sagt: Ég bið þig um að ^alesa þetta. Og hinn lærði mun segja: Færðu mér bókina hingað, og þá mun ég lesa þau.

16 En það er fyrir dýrð heimsins og í eigin ^ahagsmunaskyni, sem þeir munu segja þetta, en ekki Guði til dýrðar.

17 En maðurinn mun segja: Ég get ekki komið með bókina, því að hún er innsigluð.

18 Þá mun hinn lærði segja: Ég get ekki lesið hana.

19 Þess vegna ber svo við, að Drottinn Guð færir bókina og orðin, sem í henni standa, í hendur þess, sem ólærður er. Og hinn ólærði mun segja: Ég er ekki lærður.

20 Þá mun Drottinn Guð segja við hann: Það er ekki hinna lærðu að lesa þau, því að þeir hafa hafnað þeim. Ég er fær um að leysa verk mitt af hendi. Þess vegna skalt þú lesa orðin, sem ég gef þér.

21 ^aSnertu ekki það, sem innsiglað er, því að ég mun leiða það í ljós, þegar mér hentar, því að ég mun sýna mannanna börnum, að ég er fær um að leysa verk mitt af hendi.

22 Þegar þú hefur því lesið orðin, eins og ég hef boðið þér, og náð í

^avitnin, sem ég lofaði þér, þá skalt þú innsigla bókina aftur og fela mér hana, svo að ég megi varðveita orðin, sem þú hefur ekki lesið, þar til ég í visku minni tel tímabært að opinbera mannanna börnum alla hluti.

23 Því að sjá. Ég er Guð, og ég er Guð ^akraftaverka. Og ég mun sýna heiminum, að ég er hinn ^bsami í gær og í dag og að eilífu, og ég vinn aðeins meðal mannanna barna í ^csamræmi við trú þeirra.

24 Og enn ber svo við, að Drottinn mun segja þeim, sem lesa mun orðin, er honum verða fengin:

25 ^aÞví að þessi lýður nálgast mig með munni sínum og ^bheiðrar mig með vörum sínum, en er víðs fjarri mér í hjarta sínu, og ótti þeirra fyrir mér lærist af ^cmannasetningum —

26 Þess vegna mun ég enn fara ^aundursamlega með þennan lýð, já, vinna ^bdásemdarkerk og undur, því að speki spekinganna og hinna lærðu skal komast í þrot, og hyggindi hyggindamannanna fara í felur.

27 Og ^avei sé þeim, sem leggjast djúpt til að dylja áform sín fyrir Drottni! Þeir vinna verk sín í myrkrinu, og þeir segja: Hver sér oss og hver veit af oss? Og þeir segja enn fremur: Rangfærsla yðar mun vissulega metin sem leir ^bleirkerasmiðsins. En sjá, segir

15a Jes 29:11–12;
JS — S 1:65.

16a LR Prestaslægð.

21a Et 5:1.

22a LR Vitni um
Mormónsbók.

23a LR Kraftaverk.

b Hebr 13:8.

c Hebr 11;
Et 12:7–22.

25a Jes 29:13.

b Matt 15:8.
c 2 Ne 28:31.

26a 1 Ne 22:8;

2 Ne 29:1–2.

LR Endurreisn
fagnaðarerindisins.

b Jes 29:14;

2 Ne 25:17.

27a Jes 29:15.

b Jer 18:6.

Drottinn hersveitanna, ég mun sýna þeim fram á, að öll verk þeirra eru mér kunn. Því að mun verkið segja um meistarann: Hann gjörði mig ekki? Eða mun smíðin segja um smíðinn: Hann kann ekki neitt?

28 En sjá, segir Drottinn hersveitanna, ég mun sýna mannanna börnum, að eftir skamma hríð mun Líbanon breytt í frjósama grund og hin frjósama grund verða metin sem skóglendi.

29 “Og á þeim degi munu hinir dauðu heyra orð bókarinnar og augu blindra sjá út úr móðu og myrkri.

30 Og hinir “hógværu munu einnig eflast, og þeir munu ^bgleðjast í Drottni, og hinir fá-tæku meðal manna munu fagna í hinum heilaga Ísraels.

31 Því að svo sannarlega sem Drottinn lifir, skulu þeir sjá hinn “skelfilega að engu gjörðan, spottarann undir lok liðinn og alla þá upprætta, er misgjörðir iðka —

32 Einnig þá, sem “sakfella mann fyrir orð eitt og leggja snöru fyrir þann, sem ^bvandar um við hliðið, og “snúa hinum réttvísa frá fyrir enga sök.

33 Drottinn, sem frelsaði Abraham, segir þess vegna um ætt Jakobs: Nú þarf Jakob hvorki að blygðast sín né ásjóna hans að blikna.

34 En þegar hann “sér börn sín, verk handa minna, umhverfis sig, munu þeir helga nafn mitt, og helga hinn heilaga Jakobs og óttast Guð Ísraels.

35 Og hinir andlega “villtu munu einnig skilning öðlast og þeir, sem andmæltu, kenningu ^blæra.

28. KAPÍTULI

Margar falskirkjur verða reistar á síðustu dögum — Þær munu kenna falskar, hégómlegar og fávísar kenningar — Fráhvarf verður vegna falskennara — Djöfullinn mun ólmast í hjörtum manna — Hann mun kenna alls kyns falskenningar. Um 559–545 f.Kr.

Og sjá nú, bræður mínir. Ég hef talað til yðar eins og andinn hefur hvatt mig til. Þess vegna veit ég, að það hlýtur vissulega að koma fram.

2 Og það, sem ritað verður úr “bókinni, mun hafa mikið ^bgildi fyrir mannanna börn og sér í lagi fyrir niðja vora, sem eru leifar Ísraelsættar.

3 Því að þann dag mun svo fara um þær “kirkjur, sem reistar eru, en ekki fyrir Drottin, að ein segir við aðra: Sjá, ég tilheyri Drottni. Og hinar munu segja: Ég, ég tilheyri Drottni. Og þetta mun hver og einn segja, sem reisir kirkju, en ekki fyrir Drottin —

29a Jes 29:18.

30a LR Hógvær, hógværð.

b K&S 101:36.

31a Jes 29:20.

32a Lúk 11:54.

b Amos 5:10.

c 2 Ne 28:16.

34a Jes 29:23–24.

35a 2 Ne 28:14;

K&S 33:4.

b Dan 12:4.

28 2a LR Mormónsbók.

b 1 Ne 13:34–42; 22:9;

3 Ne 21:6.

3a 1 Kor 1:10–13;

1 Ne 22:23;

4 Ne 1:25–29;

Morm 8:28, 32–38.

4 Og þeir munu deila hver við annan, og prestar þeirra munu deila hver við annan. Og þeir munu kenna að sínum eigin “lærdómi, en afneita heilögum anda, sem orðin gefur.

5 Og þeir “afneita ^bkrafti Guðs, hins heilaga Ísraels, og segja við fólkíð: Hlustið á oss og heyrið setning vora. Því að sjá. Í dag er ‘enginn Guð til, því að Drottinn og lausnarinn hefur lokið verki sínu, og hann hefur gefið mönnunum vald sitt —

6 Sjá. Hlýðið á setning mína. Segi þeir, að kraftaverk sé unnið af hendi Drottins, þá trúið því ekki, því að í dag er hann ekki Guð “kraftaverka. Hann hefur lokið verki sínu.

7 Já, margir munu segja: “Etið, drekkið og verið kát, því á morgun deyjum vér. Og oss mun farnast vel.

8 Og enn munu margir segja: Etið, drekkið og verið kát. En óttist samt Guð — hann mun “réttlæta, þótt menn syndgi lítils háttar. Já, ^bljúgið örlítið, færið yður í nyt orð annarra og grafið náunga yðar ‘gröf. Það kemur ekki að nokkurri sök. Gjöríð allt þetta, því að á morgun deyjum vér. Og verðum vér sek fundin, mun Guð láta nokkur svipuhögg

á oss dynja, en að lokum munum vér hólpín í Guðs ríki.

9 Já, þeir verða margir, sem þannig munu kenna falskar, hégómlegar og “fávísar ^bkenningar, og verða hrokafullir í hjarta og leggjast lágt til að dylja ráð sín fyrir Guði. Og verk þeirra verða unnin í myrkri.

10 Og “blóð hinna heilögu mun hrópa gegn þeim úr jörðunni.

11 Já, þeir hafa allir vikið af “vegi: Þeir eru orðnir ^bspilltir.

12 Vegna “hroka, vegna falskennara og falskenninga, eru kirkjur þeirra orðnar spilltar, og kirkjur þeirra hreykja sér upp, já þær hreykja sér hátt í hroka sínum.

13 Þeir “ræna hina ^bfátæku vegna glæstra helgidóma sinna. Þeir ræna hina fátæku vegna skartklæða sinna, og þeir ofsækja þá hógværu og af hjarta lítillátu, vegna þess hve ‘hrokafullir þeir eru.

14 Þeir ganga “hnakkakertir og bera höfuðið hátt. Já, og vegna hroka, ranglætis, viðurstyggðar og hórdóms hafa þeir allir lent á ^bvilligötum, nema fáeinir, sem eru auðmjúkir fylgjendur Krists. En þeir eru engu að síður oft leiddir í villu, vegna þess að þeim eru kenndar mannasetningar.

15 Ó, hinir “vitru, lærðu og ríku, sem eru ^bhrokafullir í hjarta, og

4a 2 Ne 9:28.

5a 2 Ne 26:20.

b 2 Tím 3:5.

c Al 30:28.

6a Morm 8:26; 9:15–26.

7a 1 Kor 15:32; Al 30:17–18.

8a Morm 8:31.

b K&S 10:25;

HDP Móse 4:4.

LR Lygar.

c Okv 26:27; 1 Ne 14:3.

9a Esek 13:3; He 13:29.

b Matt 15:9.

10a Op 6:9–11; 2 Ne 26:3;

Morm 8:27;

Et 8:22–24; K&S 87:7.

11a He 6:31.

b Morm 8:28–41;

K&S 33:4.

12a Okv 28:25.

13a Esek 34:8.

b He 4:12.

c Al 5:53.

14a Okv 21:4.

b Jes 53:6.

15a Okv 3:5–7.

b LR Drambsemi.

allir þeir, sem boða falskar kenningar, og allir þeir, sem drýgja hór og rangsnúa réttum vegi Drottins, “vei, vei, vei sé þeim, segir Drottinn Guð almáttugur, því að þeim mun steypt niður til heljar.

16 Vei sé þeim, sem “snúa hinum réttvísu frá fyrir enga sök og smána það, sem gott er, og segja það einskis virði. Því að sá dagur kemur, að Drottinn Guð vitjar skyndilega jarðarbúa. Og á þeim degi, þegar misgjörðir þeirra ná ^bhámarki sínu, munu þeir farast.

17 En sjá. Ef íbúar jarðar iðrast ranglætis síns og viðurstygðar, mun þeim ekki tortímt, segir Drottinn hersveitanna.

18 En sjá. Hin mikla og viðurstygðilega kirkja, “vændiskona allrar jarðarinnar, mun ^bhrynja til grunna, og mikið hlýtur fall hennar að verða.

19 Því að ríki djöfulsins hlýtur að leika á “reiðiskjálfi og þeir, sem því tilheyra, að vakna til iðrunar, ella smeygir ^bdjöfullinn ævarandi “hlekkjum sínum á þá, og þeir eru reittir til reiði og farast —

20 Því að sjá. Á þeim degi mun hann “ólmast í hjörtum mannanna barna og reita þau til reiði gegn því, sem gott er.

21 Og aðra mun hann hvetja til “værðar og andvaraleysisdvala holdlegs öryggis, svo að þeir segi:

Allt er eins og vera ber í Síon. Já, Síon dafnar, og allt er gott — Og þannig svíkst ^bdjöfullinn að sálum þeirra og leiðir þá lævislega niður til heljar.

22 Og sjá. Enn aðra dregur hann burt með skjalli og segir þeim, að ekkert “víti sé til. Og hann segir þeim: Ég er ekki djöfullinn, því að enginn djöfull er til — Og þannig hvíslar hann í eyru þeirra, þar til hann smeygir ^bskelfingarhlekkjum sínum á þá, sem enginn losnar úr aftur.

23 Já, dauðinn og hel munu þrífa þá til sín. Og dauðinn, hel og djöfullinn og allir, sem í klóm þeirra lenda, verða að standa frammi fyrir háseti Guðs og verða “dæmdir af verkum sínum, og þaðan verða þeir að fara á þann stað, sem þeim hefur verið fyrirbúinn, í sjálft ^bdíki elds og brenni-steins, sem er óendanleg kvöl.

24 Vei sé þess vegna þeim, sem lifir grandvaralaus í Síon!

25 Vei sé þeim, sem hrópar: Allt er eins og vera ber!

26 Já, vei sé þeim, sem “hlustar á mannasetningar, en afneitar krafti Guðs og gjóf heilags anda!

27 Já, vei sé þeim, sem segir: Vér höfum þegar meðtekið, vér “þörfnumst einskis meira!

28 Og vei sé loks öllum þeim, sem nötra af “reiði vegna sannleika

15c 3 Ne 29:5.

16a Jes 29:21.

b Et 2:9–10.

18a Op 19:2.

b 1 Ne 14:3, 17.

19a 1 Ne 22:23.

b Al 34:35.

c Al 12:11.

20a K&S 10:20–27.

21a Morm 8:31.

b 2 Ne 9:39.

22a LR Helja.

b Al 36:18.

23a LR Jesús

Kristur — Dómari;

Lokadómur.

b 2 Ne 9:16, 19, 26.

26a 2 Ne 9:29.

27a Al 12:10–11.

28a 2 Ne 9:40; 33:5.

LR Uppreisn.

Guðs! Því að sjá. Sá, sem byggir á bjargi, tekur á móti honum með gleði, en sá, sem byggir á sandi, nötrar af ótta við að falla.

29 Vei sé þeim, sem segja munu: Vér höfum þegar tekið við orði Guðs og ^aþörfnumst ekki orðs Guðs ^bfrekar, því að vér höfum nóg!

30 Því að sjá. Svo segir Drottinn Guð: Ég mun gefa mannanna börnum orð á orð ofan og ^asetning á setning ofan, örlítið hér, örlítið þar. Og blessaðir eru þeir, sem hlusta á setningar mínar og ljá ráðum mínum eyra, því að þeir munu öðlast ^bvisku. Því að þeim, sem ^ctekur á móti, mun ég ^dmeira gefa, en frá þeim, sem segjast hafa nóg, mun tekið verða, jafnvel það sem þeir hafa.

31 Bölvun hvílir yfir þeim, sem leggur ^atraust sitt á manninn og gjörir holdið að armlegg sínum eða hlustar á mannasetningar, nema að setningar þeirra séu gefnar með krafti heilags anda.

32 ^aVei sé Þjóðunum, segir Drottinn Guð hersveitanna! Því að þrátt fyrir það, að ég rétti fram arm minn til þeirra lengra og lengra með degi hverjum, munu þeir samt afneita mér. En ég mun engu að síður reynast þeim

miskunnsamur, segir Drottinn Guð, vilji þeir iðrast og koma til mín, því að ^barmur minn er útréttur allan liðlangan daginn, segir Drottinn Guð hersveitanna.

29. KAPÍTULI

Margir meðal Þjóðanna munu hafna Mormónsbók — Þeir munu segja: Við þurfum ekki fleiri Biblíur — Drottinn talar til margra þjóða — Hann mun dæma heiminn af þeim bókum sem skráðar verða. Um 559–545 f.Kr.

EN sjá, mannmargt verður á þeim degi, þegar ég held áfram að vinna ^adásendarverk meðal þeirra, til að minnast ^bsáttmálanna, sem ég hef gjört við mannanna börn, og rétta fram hönd mína ^cöðru sinni til að endurheimta þjóð mína, sem er af Ísraelsætt —

2 Einnig til að minnast fyrirheitanna, sem ég gaf þér, Nefí, og einnig föður þínum um að muna niðja yðar og að ^aorð niðja yðar muni ganga fram af munnni mínum til niðja yðar. Og orðin munu ^bberast til endimarka jarðarinnar og verða sem ^cgunnfáni þjóðar minnar, sem er af Ísraelsætt —

3 Og vegna þess að orð mín berast áfram, munu margir meðal

28b Matt 7:24–27.

LR Bjarg.

29a 2 Ne 29:3–10.

b 2 Ne 27:14;

Et 4:8.

30a Jes 28:9–13;

K&S 98:12.

b LR Viska.

c Lúk 8:18.

d Al 12:10;

K&S 50:24.

31a K&S 1:19–20.

32a 1 Ne 14:6.

b Jakob 5:47; 6:4.

29 1a 2 Ne 27:26.

LR Endurreisin

fagnaðarerindisins.

b LR Sáttmáli Abrahams.

c 2 Ne 6:14; 21:11–12;

25:17.

LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

2a 2 Ne 3:18–21.

b Jes 5:26; 2 Ne 15:26;

Moró 10:28.

c 1 Ne 21:22.

LR Merki.

Þjóðanna segja: “Biblía! Biblía! Vér höfum Biblíu og ekki verður við Biblíuna bætt.

4 En Drottinn Guð mælir svo: Ó, heimskingjar, Biblíuna munu þeir hafa, og hún mun koma frá “Gyðingunum, hinni fornu sáttmálsþjóð minni. Og hvaða þakkir færa þeir Gyðingunum fyrir ^bBiblíuna, sem þeir fá frá þeim? Já, hvað eiga Þjóðirnar við? Muna þeir sársauka, erfiði og þjáningar Gyðinganna og elju þeirra gagnvart mér við að færa Þjóðunum hjálpræði?

5 Ó, þér Þjóðir, hafið þér munað eftir Gyðingunum, hinni fornu sáttmálsþjóð minni? Nei, en þér hafið formælt þeim, “fyrirlitið þá og ekkert reynt til að endurreisa þá. En sjá. Ég mun láta allt þetta koma yfir yðar eigið höfuð, því að ég, Drottinn, hef ekki gleymt þjóð minni.

6 Þér heimskingjar, sem segja munuð: “Biblía, vér höfum Biblíu og þurfum ekki á frekari Biblíu að halda. Hefðuð þér eignast Biblíu, nema vegna Gyðinganna?

7 Vitið þér ei, að fleiri en ein þjóð er til? Vitið þér ei, að ég, Drottinn Guð yðar, hef “skapað alla menn og man eftir þeim, sem eru á ^beyjum sjávar, og að ég stjórna á himnum uppi og á jörðu niðri. Og ég læt orð mín berast til manna barna, já, til allra þjóða á jörðunni.

8 Hvers vegna mögliš þér yfir því að taka við fleiri orðum frá mér? Vitið þér ei, að vitnisburður “tveggja þjóða ^bvitnar fyrir yður um það, að ég er Guð, að ég man eina þjóð jafn vel og aðra? Þess vegna mæli ég sömu orðin við eina þjóð og við aðra. Og þegar þessar “tvær þjóðir renna saman í eina heild, munu vitnisburðir þjóðanna tveggja einnig renna saman í eina heild.

9 Og þetta gjöri ég til að geta sannað mörgum, að ég er hinn “sami í gær og í dag og að eilífu, að ég mæli fram orð mín að vild minni. Og þó að ég hafi mælt fram ^beitt orð, þurfið þér ekki að álykta, að ég geti ekki sagt annað, því að verki mínu er enn ekki lokið og svo mun heldur ekki verða, þegar maðurinn líður undir lok, né heldur þaðan í frá og að eilífu.

10 Og þó að þér hafið Biblíuna, þurfið þér ekki að ætla, að hún innihaldi öll “orð mín né heldur, að ég hafi ekki látið rita meira.

11 Því að ég býð “öllum mönnum, bæði í austri og vestri, norðri og suðri og á eyjum sjávar, að ^bfæra þau orð í letur, sem ég tala til þeirra, því að af “bókum þeim, sem skráðar verða, mun ég ^ddæma heiminn, sérhvern mann af verkum sínum, samkvæmt því sem ritað er.

3a 1 Ne 13:23–25.

LR Biblía;
Mormónsbók.

4a K&S 3:16. LR Gyðingar.

b LR Júda — Stafur Júda.

5a 3 Ne 29:8.

6a 1 Ne 13:38.

7a LR Skapa, sköpun.

b 1 Ne 22:4.

8a Esek 37:15–20;

1 Ne 13:38–41;

2 Ne 3:12.

b Matt 18:16. LR Vitni.

c Hós 1:11.

9a Hebr 13:8.

b LR Opinberun.

10a LR Ritningar — Spáð um að ritningar komi fram.

11a Al 29:8.

b 2 Tim 3:16.

c LR Lífsins bók.

d 2 Ne 25:22; 33:11,

14–15. LR Lokadómur.

12 Því að sjá. Ég mun tala til “Gyðinganna, og þeir munu færa það í letur. Og ég mun einnig tala til Nefítanna, og þeir munu ^bfæra það í letur. Og ég mun einnig tala til annarra ættkvísla Ísraels, sem ég hef leitt burtu, og þær munu færa það í letur. Og ég mun auk þess tala til ‘allra þjóða jarðar, og þær munu færa það í letur.

13 Og svo mun bera við, að “Gyðingarnir fá orð Nefítanna og Nefítarnir orð Gyðinganna. Og Nefítarnir og Gyðingarnir munu fá orð hinna ^btýndu ættkvísla Ísraels. Og hinar týndu ættkvíslir Ísraels munu fá orð Nefítanna og Gyðinganna.

14 Og svo mun bera við að þjóð minni, sem er af ‘Ísraelsætt, mun safnað heim til eignalands síns. Og orði mínu mun einnig safnað í ^beina heild. Og ég mun sýna þeim, sem berjast gegn orði mínu og gegn þjóð minni, sem er af ‘Ísraelsætt, að ég er Guð og að ég gjörði ^asáttmála við Abraham um að muna ‘niðja hans að ^feilífu.

30. KAPÍTULI

Þeir meðal Þjóðanna sem snúast til trúar munu taldir með sáttmálsþjóðinni — Margir Lamanítar og Gyðingar munu trúa orðinu og verða aðlaðandi — Ísrael mun endurreistur

og hinum ranglátu tortímt. Um 559–545 f.Kr.

Og sjá nú, ástkæru bræður mínir. Ég vil tala til yðar, því að ég, Nefí, vil ekki, að þér teljið yður réttlátari en Þjóðirnar verða. Því að sjá. Ef þér haldið ekki boðorð Guðs, munuð þér allir farast á sama hátt. Og vegna orðanna, sem töluð hafa verið, þurfið þér ekki að ætla, að Þjóðunum verði algjörlega tortímt.

2 Því að sjá. Ég segi yður, að allir þeir meðal Þjóðanna, sem iðrast vilja, tilheyra ^asáttmálsþjóð Drottins. Og öllum þeim ^bGyðingum, sem ekki vilja iðrast, verður vísað frá, því að Drottinn gjörir aðeins sáttmála við þá, sem ^ciðrast og trúá á son hans, sem er hinn heilagi Ísraels.

3 Og nú vil ég spá nokkuð fleira varðandi Gyðingana og Þjóðirnar, því að þegar bókin, sem ég hef talað um, mun koma fram og verða skrifuð fyrir Þjóðirnar og innsiglið Drottni aftur, þá munu margir ^atrúa hinum skráðu orðum, og ^bþeir munu flytja þau til leifanna af niðjum vorum.

4 Og þá munu leifar niðja vorra vita um tilvist vora, hvernig vér komum frá Jerúsalem, og að þeir eru af Gyðingum komnir.

12a 1 Ne 13:23–29.

b 1 Ne 13:38–42;

2 Ne 26:17.

c 2 Ne 26:33.

13a Morm 5:12–14.

b LR Ísrael — Hinar tíu horfnu kynkvíslir Ísraels.

14a Jer 3:17–18.

b Esek 37:16–17.

c 1 Ne 22:8–9.

d 1 Mós 12:1–3;

1 Ne 17:40;

3 Ne 20:27;

Abr 2:9.

LR Sáttmáli Abrahams.

e K&S 132:30.

f 1 Mós 17:7.

30 2a Gal 3:26–29.

b Matt 8:10–13.

LR Gyðingar.

c LR Iðrast, iðrun.

3a 3 Ne 16:6–7.

b 1 Ne 22:8–9.

5 Og fagnaðarerindi Jesú Krists mun boðað meðal ^aþeirra, og ^bþeir munu endurreistir til þekkingar á feðrum sínum og einnig þeirrar þekkingar á Jesú Kristi, sem feður þeirra höfðu.

6 Og þá munu þeir fagna, því að þeim mun ljóst, að þetta er blessun þeim til handa frá Guði. Og myrkurhulan mun falla frá augum þeirra. Og innan margra ættliða munu þeir orðnir hreinir og ^aaðlaðandi.

7 Og svo ber við, að hinir tvístruðu ^aGyðingar munu einnig ^bfara að trúa á Krist og fara að safnast til landsins, og allir þeir, er trúa á Krist, munu einnig verða aðlaðandi fólk.

8 Og svo ber við, að Drottinn Guð mun hefja verk sitt meðal allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða til þess að endurreisa þjóð sína á jörðunni.

9 Og með réttlæti mun ^aDrottinn Guð ^bdæma hina fátæku og skera með sannsýni úr málum hinna ^chógværu á jörðunni. Hann mun ljósta jörðina með sprota munns síns og deyða hina ranglátu með anda vara sinna.

10 Því að sá ^atími nálgast óðfluga, að Drottinn mun ^baðskilja mennina og tortíma hinum ranglátu. Og hann mun halda ^chlífiskildi yfir lýð sínum, jafnvel þótt

hann verði að ^atortíma hinum ranglátu með eldi.

11 ^aRéttlæti verður beltið um lendar hans og trúfesti beltið um mjaðmir hans.

12 ^aÞá mun úlfurinn una hjá lambinu og pardusdýrið liggja hjá kiðlingnum, kálfar, ung ljón og alifé ganga saman og ungt barn gætir þeirra.

13 Og kýr og birna verða á beit saman, kálfar og húnar liggja hvorir hjá öðrum og ljónið mun hey eta sem naut.

14 Brjóstmylkingurinn mun leika sér við holu nöðrunnar og barnið, nývanið af brjósti, stinga hendi sinni inn í bæli hornormsins.

15 Hvergi á mínu heilaga fjalli mun illt framið né nokkru tortímt, því að jörðin verður full af þekkingu á Drottni á sama hátt og djúp sjávar er vötnum hulið.

16 Þess vegna munu verk ^aallra þjóða verða gjörð heyrinkunn, já, allir hlutir munu ^bkunngjörðir mannanna börnum.

17 Ekkert verður á huldu, allt mun ^aopinberað, öll mykraverk munu leidd fram í ljósið, öllu, sem innsiglað er á jörðu, mun upp lokið verða.

18 Og þess vegna mun allt, sem opinberað hefur verið fyrir mannanna börnum, verða á þeim

5a 3 Ne 21:3–7, 24–26.

b K&S 3:20.

c 1 Ne 15:14; 2 Ne 3:12; Morm 7:1, 9–10.

6a K&S 49:24; 109:65.

7a 2 Ne 29:13–14.

b 2 Ne 25:16–17.

9a Jes 11:4–9.

b 2 Ne 9:15.

c LR Hógvær, hógværd.

10a LR Síðustu dagar, síðari dagar.

b K&S 63:53–54.

c HDP Móse 7:61.

d 1 Ne 22:15–17, 23.

LR Jörð — Hreinsun

jarðar.

11a Jes 11:5–9.

12a Jes 65:25.

LR Púsundáraríkið.

16a K&S 101:32–35;

121:28–29.

b Et 4:6–7.

17a K&S 1:2–3.

degi opinberað. Og ^afrá þeim degi mun Satan ekkert vald hafa yfir hjörtum mannanna barna um langt skeið. Og nú, ástkæru bræður mínir, læt ég máli mínu lokið.

31. KAPÍTULI

Nefí segir frá því hvers vegna Kristur var skírður — Menn verða að fylgja Kristi, láta skírast, meðtaka heilagan anda og standa stöðugir allt til enda, til að frelsast — Iðrun og skírn eru hliðið að hinum krappa og þrönga vegi — Eilíft líf hljóta þeir sem halda boðorðin eftir skírn. Um 559–545 f. Kr.

Og nú læt ég, Nefí, ^aspádómum mínum fyrir yður lokið, ástkæru bræður mínir. Og ég get ekki fært nema lítið eitt í letur af því, sem ég veit, að hlýtur óhjákvæmilega að koma fram. Eins get ég aðeins fært fá orð bróður míns, Jakobs, í letur.

2 Þess vegna læt ég það nægja, sem ég hef ritað, að viðbættum nokkrum orðum, sem ég vil segja um ^akenningar Krists. Ég mun þess vegna tala greinilega við yður í samræmi við skilmerkilega spádóma mína.

3 Því að sál mín hefur unun af hreinskilni, því að eftir hennar leiðum vinnur Drottinn Guð meðal mannanna barna. Því að

Drottinn Guð veitir skilningnum ^aljós, því að hann talar við menn á þeirri ^btungu, sem þeir skilja.

4 Þess vegna vil ég, að þér hafið hugfast, að ég hef sagt yður frá ^aspámanninum, sem Drottinn sýndi mér, að skíra mun ^bGuðslambið, sem bera ætti burtu synd heimsins.

5 Og ef Guðslambið, sem er heilagt, þarf á því að halda að láta ^askírast í vatni til að fullnægja öllu réttlæti, ó hversu miklu meiri þörf höfum vér þá, sem vanhelgir erum, til að láta skírast, já, einnig í vatni!

6 Og nú spyr ég yður, ástkæru bræður, á hvern hátt fullnægði Guðslambið öllu réttlæti með því að láta skírast í vatni?

7 Vitið þér ei, að hann var heilagur? En þótt hann væri heilagur, sýndi hann mannanna börnum, að í holdinu auðmýkti hann sig fyrir föðurnum og vitnaði fyrir föðurnum að hann vildi ^ahlýða honum og halda boðorð hans.

8 Og vegna þessa kom heilagur andi yfir hann í ^alíki ^bdúfu, eftir að hann hafði látið skírast í vatni.

9 Og enn á ný sýnir það manna börnum, að vegurinn er krappur og ^ahliðið þröngt, sem þeim er ætlað að fara inn um, þar eð hann hefur sýnt þeim fordæmi.

10 Og hann sagði við mannanna

18a Op 20:1–3; Et 8:26.
31 1a 2 Ne 25:1–4.
2a 2 Ne 11:6–7.
3a LR Ljós, ljós Krists.
b K&S 1:24.
4a 1 Ne 10:7; 11:27.

LR Jóhannes skírari.
b LR Guðslambið.
5a Matt 3:11–17.
LR Skírn, skíra.
7a Jóh 5:30.
LR Hlýðni, hlýðinn,

hlýða.
8a 1 Ne 11:27.
b LR Merki dúfunnar.
9a 2 Ne 9:41;
3 Ne 14:13–14;
K&S 22:4.

börn: “Fylgið mér. En ástkæru bræður, getum við ^bfylgt Kristi, nema við séum fúsir til að halda boðorð föðurins?”

11 Og faðirinn sagði: Iðrist, iðrist þér og látið skírast í nafni míns elskaða sonar.

12 Og rödd sonarins barst mér einnig og sagði: Þeim, sem lætur skírast í mínu nafni, mun faðirinn “gefa heilagan anda eins og mér. ^bFylgið mér þess vegna og gjörið það, sem þér hafið séð mig gjöra.

13 Þess vegna veit ég, ástkæru bræður mínir, að ef þér fylgið syninum af hjartans einlægni og án þess að hræsna fyrir Guði eða hafa blekkingar í frammi, heldur með sönnum ásetningi, með því að iðrast synda yðar og vitna fyrir föðurnum, að þér eruð fúsir til að taka á yður nafn Krists með “skírn — já, með því að fylgja Drottinni yðar og frelsara niður í vatnið eins og orð hans mæla fyrir, sjá, þá munuð þér meðtaka heilagan anda. Já, þá kemur ^bskírn eldsins og heilags anda. Og þá getið þér talað með “tungu engla og lofsungið hinum heilaga Ísraels.

14 En sjá, ástkæru bræður mínir. Þannig kom rödd sonarins til mín og sagði: Þegar þér hafið iðrast synda yðar og vitnað fyrir

föðurnum, að þér séuð fúsir að halda boðorð mín með því að láta skírast í vatni og hafið tekið á móti skírn eldsins og heilags anda og getið talað nýja tungu, já, jafnvel tungu engla, og “afneitið mér síðan, þá hefði verið ^bbetra fyrir yður að hafa ekki þekkt mig.

15 Og ég heyrði rödd föðurins segja: Já, orð míns elskaða sonar eru rétt og sönn. Sá, sem stöðugur stendur allt til enda, mun frelsast.

16 Og af þessu veit ég, ástkæru bræður mínir, að fylgi maðurinn ekki “staðfastlega ^bfordæmi sonar hins lifanda Guðs allt til enda, getur hann ekki frelsast.

17 Þess vegna skuluð þér gjöra það, sem ég hef sagt yður, að ég hafi séð Drottin yðar og lausnara gjöra. Því að í þeim tilgangi hefur mér verið sýnt það, til að þér megið þekkja hliðið, sem yður er ætlað að fara inn um. Því að hliðið, sem yður er ætlað að fara inn um, er iðrun og “skírn í vatni. Og þá kemur að ^bfyrirgefningu synda yðar með eldi og heilögum anda.

18 Og þá eruð þér á hinum “krappa og þrönga ^bvegi, sem liggur til eilífs lífs. Já, þér eruð komnir inn fyrir hliðið. Þér hafið hlýtt boðorðum föðurins og sonarins, og þér hafið tekið á

10a Matt 4:19; 8:22; 9:9.

b Moró 7:11;
K&S 56:2.

12a LR Gjóf heilags anda.

b Lúk 9:57–62;
Jóh 12:26.

13a Gal 3:26–27.

b LR Eldur;
Gjóf heilags anda.

c 2 Ne 32:2–3.

14a Matt 10:32–33;

Al 24:30;

K&S 101:1–5.

LR Ófyrirgefánleg
synd.

b 2 Pét 2:21.

16a Al 5:13; 38:2;
K&S 20:29.

b LR Jesús Kristur —
Fordæmi Jesú Krists.

17a Mósia 18:10.

LR Skírn, skíra.

b LR Fyrirgefning synda.

18a 1 Ne 8:20.

b Okv 4:18.

LR Vegur.

móti heilögum anda, sem ‘vitnar um föðurinn og soninn til uppfyllingar fyrirheitinu, sem hann gaf og sagði, að yður mundi veitast, ef þér gengjuð inn á þennan veg.

19 Og nú, ástkæru bræður mínir, vil ég spyrja, hvort allt sé “fengið, þegar þér hafið komist inn á þennan krappa og þrönga veg? Sjá, þá svara ég neitandi. Því að svo langt hafið þér aðeins náð fyrir orð Krists og óbifanlega trú á hann og með því að ‘treysta í einu og öllu á verðleika hans, sem máttinn hefur til að frelsa.

20 Þess vegna verðið þér að “sækja fram, staðfastir í Kristi, í fullkomnu ‘vonarljósi og ‘ást til Guðs og allra manna. Ef þér þess vegna sækid fram, endurnærðir af orði Krists og “standið stöðugir allt til enda, sjá, þannig fórust föðurnum orð: Þér munuð öðlast eilíft líf.

21 Og sjá nú, ástkæru bræður mínir. Þetta er “vegurinn, og ‘enginn annar vegur er til og ekkert annað ‘nafn gefið undir himninum, sem frelsað getur manninn í Guðs ríki. Og sjá nú. Þetta er “kenning Krists, og hin eina sanna kenning “föðursins og sonarins og hins heilaga anda, sem eru ‘einn Guð, óendanlega. Amen.

32. KAPÍTULI

Englar tala með krafti heilags anda — Mennt verða að biðja og öðlast sjálfir vitneskju frá heilögum anda. Um 559–545 f.Kr.

Og sjá, ástkæru bræður mínir. Ég gjöri ráð fyrir, að þér hugleiðið í hjörtum yðar, hvað yður ber að gjöra, þegar þér eruð komnir inn á þennan veg. En sjá, hvers vegna hugleiðið þér þetta í hjörtum yðar?

2 Minnst þér ekki þess, sem ég sagði yður, að eftir að þér hafið “meðtekið heilagan anda, munuð þér færir um að tala með ‘tungu engla? Og hvernig gætuð þér talað með tungu engla, nema fyrir heilagan anda?

3 “Englar tala með krafti heilags anda, og þess vegna hafa þeir orð Krists að mæla. Og þess vegna bauð ég yður að ‘endurnærast af orðum Krists. Því að sjá. Orð Krists munu segja yður að fullu, hvað yður ber að gjöra.

4 Þegar ég hef mælt þessi orð og þér fáið eigi skilið þau, þá er það vegna þess, að þér “spyrjið ekki og knýið ekki á. Og þess vegna eruð þér ekki leiddir inn í ljósið, heldur hljótið að farast í myrkri.

5 Því að sjá. Ég segi yður enn á ný, að ef þér viljið fara inn um hliðið og taka við heilögum anda,

18c Post 5:29–32.

19a Mósía 4:10.

b LR Átrúnaður.

c K&S 3:20.

20a LR Ganga, ganga með Guði.

b LR Von.

c LR Elska, ást.

d LR Standast.

21a Post 4:10–12;

2 Ne 9:41;

Al 37:46;

K&S 132:22, 25.

b Mósía 3:17.

c LR Jesús Kristur — Að taka á okkur nafn Jesú Krists.

d Matt 7:28;

Jóh 7:16–17.

e LR Guð, guðdómur.

f 3 Ne 11:27, 35–36.

LR Eining.

32 2a 3 Ne 9:20.

b 2 Ne 31:13.

3a LR Englar.

b Jer 15:16.

4a LR Spyrja.

þá mun hann sýna yður allt, sem yður ber að gjöra.

6 Sjá. Þetta er kenning Krists, og engin önnur kenning mun látin í té, fyrr en hann hefur "opinberað sig yður í holdinu. Og þegar hann opinberar sig yður í holdinu, skuluð þér gæta þess að gjöra það, sem hann segir yður að gjöra.

7 Og nú get ég, Nefí, ekki talað lengur. Andinn bindur enda á mál mitt, og ég er eftir skilinn til að harma "vantrú, ranglæti, fáfræði og þrjósku manna. Því að þeir vilja ekki leita þekkingar né skilja þekkingarauð, þegar þeim veitist hann af ^bhreinskilni, jafn skýrt og orð leyfa.

8 Og nú, ástkæru bræður mínir, finn ég, að þér íhugið enn í hjörtum yðar, og það hryggir mig að þurfa að hafa orð á þessu. Því að ef þér hlustið á andann, sem kennir manningnum að "biðja, þá munuð þér vita, að þér verðið að biðja, því að hinn ^billi andi kennir ekki manningnum að biðja, heldur kennir honum að hann skuli ekki biðja.

9 En sjá. Ég segi yður, að þér verðið að "biðja án afláts og megið aldrei láta hugfallast, og þér megið ekkert gjöra fyrir Drottin án þess fyrst að biðja föðurinn í ^b nafni Krists um að helga verk yðar, svo að þau verði sálu yðar til ^cvelferðar.

33. KAPÍTULI

Orð Nefís eru sönn — Þau bera Kristi vitni — Þeir sem trú á Krist munu trú orðum Nefís, er munu standa sem vitni frammi fyrir dómgrindunum. Um 559–545 f.Kr.

Ég Nefí, megna ekki að færa allt það í letur, sem kennt hefur verið meðal þjóðar minnar. Ég er eigi jafn "máttugur í riti og í tali, því að þegar maðurinn ^btalar með krafti heilags anda, kemur kraftur heilags anda því til skila í hjörtum manna barna.

2 En sjá. Þeir eru margir, sem "herða hjörtu sín gegn hinum heilaga anda, svo að hann kemst ekki að í þeim. Þess vegna kasta þeir mörgu til hliðar, sem ritað er, og meta það einskis.

3 En það, sem ég, Nefí, hef ritað hef ég ritað og tel það mikils "virði, sérstaklega þjóð minni. Því að ég ^bbið stöðugt fyrir þeim á daginn, og augu mín væta kodda minn um nætur þeirra vegna. Og ég ákalla Guð minn í trú og veit, að hann heyrir hróp mín.

4 Og ég veit, að Drottinn Guð mun helga bænir mínar þjóð minni til góðs. Og orðin, sem ég hef skráð í veikleika, mun hann "máttug gjöra þeim til handa, því að þau ^bhvetja þá til að breyta vel, og þau fræða þá um feður þeirra,

6a 3 Ne 11:8.
7a LR Vantrú.
b 2 Ne 31:2–3;
Jakob 4:13.
8a LR Bæn.
b Mósía 4:14.
LR Djöfull.

9a 3 Ne 20:1;
K&S 75:11.
b HDP Móse 5:8.
c Al 34:27.
33 1a Et 12:23–24.
b K&S 100:7–8.
2a He 6:35–36.

3a LR Ritningar —
Gildi ritninganna.
b Enos 1:9–12;
OMorm 1:8.
4a Et 12:26–27.
b Moró 7:13.

og þau fjalla um Jesú og hvetja þá til að trúa á hann og standa stöðugir allt til enda, sem er hið ^ceilífa líf.

5 Og þau tala af ^ahörku gegn synd samkvæmt þeirri ^bhrein-skilni, sem í sannleikanum býr. Þess vegna mun enginn maður reiðast þeim orðum, sem ég hef ritað, nema hann sé undir áhrifum anda djöfulsins.

6 Ég miklast í hreinskilni og miklast í sannleika og miklast í Jesú mínum, því að hann hefur ^aleyst sál mína undan víti.

7 Og ég ber ^akærleika til þjóðar minnar og hef mikla trú á Kristi, að ég muni hitta margar flekklausar sálir við dómstól hans.

8 Ég ber kærleika til ^aGyðinga — ég segi Gyðinga, því að ég á við þá, sem ég er kominn frá.

9 Ég ber einnig kærleika til ^aÞjóðanna. En sjá. Ég hef aðeins von um þann, sem ^bsættist við Krist og heldur inn um ^cþrönga hliðið og ^dgengur hinn ^ekrappa veg, sem liggur til lífsins og heldur sér á þeirri braut, þar til reynsludagurinn er á enda runninn.

10 Ástkæru bræður mínir, einnig Gyðingar og allir þér um gjörvalla jörðina. Hlýðið nú á þessi

orð og ^atrúið á Krist. Og ef þér trúið ekki á þessi orð, þá trúið á Krist. Og ef þér trúið á Krist, þá munuð þér trúa á þessi ^borð, því að þau eru ^corð Krists; og hann hefur látið mér þau í té, og þau ^dkenna öllum mönnum að þeim beri að gjöra gott.

11 Og séu þau ekki orð Krists, þá skuluð þér dæma, því að Kristur mun sýna yður, með ^amætti og mikilli dýrð, á hinum efsta degi, að þau eru hans orð. Og þér og ég munum standa augliti til auglitis frammi fyrir ^bdómgrindum hans. Og þér munuð fá að vita, að hann bauð mér að færa þau í letur, þrátt fyrir veikleika minn.

12 Og ég bið föðurinn í nafni Krists, að margir af oss, helst allir, verði hólpnir í ^aríki hans á hinum mikla, efsta degi.

13 Og nú, ástkæru bræður mínir, allir þér, sem eruð af Ísraelsætt, sem og allir þér til endimarka jarðarinnar. Ég tala til yðar eins og rödd þess, sem ^ahrópar úr duftinu. Heill sé yður, þar til þessi mikli dagur rennur upp.

14 Og þér, sem ekki viljið njóta gæsku Guðs eða virða ^aorð Gyðinganna né heldur mín ^borð eða orðin, sem berast munu af vörum Guðslambsins. Sjá, yður

4c LR Eilíft líf.

5a 1 Ne 16:1–3;

2 Ne 9:40.

b 2 Ne 31:3;

Jakob 4:13.

6a LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

7a LR Kærleikur.

8a LR Gyðingar.

9a LR Þjóðirnar.

b LR Friðþægja, friðþæging.

c 2 Ne 9:41.

d LR Ganga, ganga með Guði.

e He 3:29–30; K&S 132:22.

10a LR Trú, trúa.

b LR Mormónsbók.

c Moró 10:27–29.

d 2 Ne 25:28.

11a Et 5:4; Moró 7:35.

b Op 20:12;

Moró 10:34.

12a LR Himnesk dýrð.

13a Jes 29:4;

2 Ne 26:16.

14a LR Biblía.

b LR Mormónsbók.

kveð ég ævarandi kveðju, því að þau orð munu ‘dæma yður á efsta degi.

15 Því að það, sem ég innsigla á

jörðu, mun fram borið gegn yður við ‘dómgrindurnar. Því að svo hefur Drottinn boðið mér, og mitt er að hlýða. Amen.

BÓK JAKOBS

BRÓÐUR NEFÍS

Orðin sem hann prédikaði fyrir bræðrum sínum. Hann lætur mann nokkurn, sem leitast við að kollvarpa kenningum Krists, verða sér til minnkunar. Nokkur orð um sögu Nefíþjóðarinnar.

1. KAPÍTULI

Jakob og Jósef reyna að fá menn til að trúá á Krist og halda boðorð hans — Nefí deyr — Ranglæti ríkir meðal Nefíta. Um 544–421 f.Kr.

Því að sjá. Svo bar við, að fimmtíu og fimm ár voru liðin frá því að Lehi yfirgaf Jerúsalem. Þess vegna gaf Nefí mér, ‘Jakob, ‘fyrirmæli varðandi ‘litlu töflurnar, sem þetta er letrað á.

2 Og hann gaf mér, Jakob, fyrirmæli um að rita á þessar töflur nokkur þeirra atriða, sem ég teldi dýrmætust, en ég skyldi aðeins drepa léttilega á sögu þeirrar þjóðar, sem kallast Nefíþjóðin.

3 Því að hann sagði sögu þjóðar sinnar verða letraða á hinar töflur sínar, en þessar töflur skyldi ég

varðveita og afhenda niðjum mínum, mann fram af manni.

4 Og væri um að ræða heilagar prédikanir, mikilvægar opinberanir eða spádóma, skyldi ég letra ‘aðalatriði þeirra á þessar töflur og gjöra þeim eins náin skil og hægt væri, vegna Krists og vegna þjóðar okkar.

5 Því að vegna trúar og mikillar umhyggju hafði okkur í raun verið kunnngjört, hvað ‘fyrir þjóð okkar kæmi.

6 Og við hlutum einnig margar opinberanir og mikinn spádómsanda, og því vissum við um ‘Krist og ríki hans, sem koma mundi.

7 Þess vegna hvöttum við þjóð okkar ötullega að ‘koma til Krists og njóta gæsku Guðs, svo að hún gæti gengið inn til ‘hvíldar hans

14c 2 Ne 29:11;
Et 4:8–10.
15a OMorm 1:11.

b Jakob 7:27.
c 2 Ne 5:28–33;
Jakob 3:13–14.
LR Töflur.

4a Þ.E. áhrifamestu,
mikilvægustu atriðin.

5a 1 Ne 12.
6a 1 Ne 10:4–11; 19:8–14.
7a 2 Ne 9:41;
Om 1:26;
Moró 10:32.
b LR Hvíld.

[JAKOB]

1 1a LR Jakob, sonur Lehis.

og hann strengdi þess ekki heit í heilagri reiði sinni, að þeim leyfðist ekki “inn að ganga, eins og gjörðist á dögum “ögrunar og freistinga, meðan börn Ísraels voru úti í “eyðimörkinni.

8 Af þessum sökum vonum við til Guðs, að okkur megi takast að telja alla menn á að “rísa hvorki gegn Guði né ^breita hann til reiði, heldur að allir menn vildu trú á Krist og íhuga dauða hans og þola “kross hans og bera smán heimsins. Ég, Jakob, tek þess vegna á mig að uppfylla fyrirmæli bróður míns, Nefís.

9 Nú tók Nefí að eldast, og hann sá, að brátt hlyti hann að “deyja. Þess vegna ^bsmurði hann mann til konungs og stjórnanda þjóðar sinnar að stjórnarhætti “konunganna.

10 Fólkið hafði unnað Nefí heitt, enda hafði hann verið mikill verndari þess og sveiflað “sverði Labans því til varnar og unnið alla sína ævidaga að velferð þess —

11 Og þjóðin vildi varðveita minninguna um nafn hans og kallaði því þann, sem ríkja skyldi í hans stað, Nefí annan, Nefí þriðja og svo framvegis í samræmi við stjórnartíð konunganna. Og þetta

kallaði þjóðin þá, hvert svo sem nafn þeirra var.

12 Og svo bar við, að Nefí lést.

13 Þeir, sem ekki voru “Lamanítar, voru ^bNefítar, en reyndar voru þeir kallaðir Nefítar, Jakobítar, Jósefítar, “Sóramítar, Lamanítar, Lemúelítar og Ísmaelítar.

14 En hér á eftir mun ég, Jakob, ekki aðgreina þá með þessum nöfnum, heldur mun ég kalla þá “Lamaníta, sem leitast við að tortíma Nefíþjóðinni, en þá, sem vinveittir eru Nefí, mun ég kalla ^bNefíta eða “fólk Nefís að stjórnarhætti konunganna.

15 En nú bar svo við, að í stjórnartíð annars konungsins tók Nefíþjóðin að gjörast harðúðug í hjarta og iðka ranglátt athæfi, eins og Davíð og Salómon sonur hans forðum, þegar þeir girntust margar “eiginkonur og hjákonur.

16 Já, menn tóku einnig að sækjast eftir gulli og silfri í miklum mæli og hófu að hreykja sér hátt.

17 Þess vegna lét ég, Jakob, þeim þessi orð í té, eins og ég kenndi þau í “musterinu, eftir að Drottinn hafði fyrst ^bfalið mér það.

18 Því að af hendi Nefís höfðum við, ég, Jakob, og bróðir minn,

7c 4 Mós 14:23;
5 Mós 1:35–37;
K&S 84:23–25.

d Hebr 3:8.

e 4 Mós 26:65;
1 Ne 17:23–31.

8a LR Uppreisl.

b 1 Ne 17:30;
Al 12:36–37;
He 7:18.

c ÞJS Matt 16:25–26
(Viðauki);

Lúk 14:27.

9a 2 Ne 1:14.

b LR Smyrja.

c 2 Ne 6:2; Jar 1:7.

10a 1 Ne 4:9;

2 Ne 5:14;

OMorm 1:13;

Mósía 1:16;

K&S 17:1.

13a Enos 1:13;

K&S 3:18.

b LR Nefítar.

c 1 Ne 4:35;

4 Ne 1:36–37.

14a Mósía 25:12;

Al 2:11.

b 2 Ne 4:11.

c 2 Ne 5:9.

15a K&S 132:38–39.

17a 2 Ne 5:16.

LR Musteri, hús

Drottins.

b LR Köllun, kallaður af Guði.

Jósef, verið "vígðir til prests og kennara þessarar þjóðar.

19 Og við efldum "embætti okkar fyrir Drottin, bárum á því ^bábyrgð og svöruðum sjálfir til saka fyrir syndir þjóðarinnar, ef við kenndum henni ekki orð Guðs af fullri kostgæfni. Ef við þess vegna legðum okkur fram af öllum mætti, mundi 'blóð þeirra ekki falla á klæði okkar, en að öðrum kosti mundi blóð þeirra falla á klæði okkar, og við yrðum ekki flekklausir á efsta degi.

2. KAPÍTULI

Jakob fordæmir ást á auðæfum, hroka og óskírlífi — Menn mega leita auðæfanna til að hjálpa meðbræðrum sínum — Drottinn býður að engir menn á meðal Nefíta megi eiga fleiri en eina eiginkonu — Drottinn hefur velþóknun á hreinleika kvenna. Um 544–421 f.Kr.

ORÐIN sem Jakob, bróðir Nefís, mælti til Nefíþjóðarinnar að Nefí látnum:

2 Ástkæru bræður mínir. Samkvæmt þeirri ábyrgð, sem ég, Jakob ber gagnvart Guði um að efla embætti mitt af alvöru og hreinsa klæði mín af syndum yðar, geng ég nú á þessum degi inn í musterið til þess að boða yður orð Guðs.

3 Og sjálfir vitið þér, að ég hef fram að þessu þjónað dyggilega

í köllun minni. En á þessum degi íþyngir mér heitari þrá og meiri áhyggjur af sálarvelferð yðar en verið hefur fram að þessu.

4 Því að sjá. Fram að þessu hafið þér hlýðnast orðum Guðs, sem ég hef fært yður.

5 En sjá. Hlýðið á mig og vitið, að með hjálp almáttugs skapara himins og jarðar get ég greint yður frá ^ahugsunum yðar, að þér eruð nú farnir að lifa í synd, en sú synd er mér hrein viðurstyggð, já, og viðurstyggð fyrir Guði.

6 Já, og það hryggir sál mína og veldur mér blygðun frammi fyrir skapara mínum að þurfa að bera yður vitni um ranglætið í hjörtum yðar.

7 Og það hryggir mig einnig að þurfa að tala svo ^adjarflega til yðar frammi fyrir eiginkonum yðar og börnum, sem flest hafa mjög viðkvæmar, ^bhreinar og ljúfar tilfinningar til Guðs, sem Guði er einmitt mjög þóknanlegt —

8 Og ég býst við, að þau séu hingað komin til að heyra hið velþóknanlega "orð Guðs, já, orðið, sem lækna hrjáða sál.

9 Þess vegna íþyngir það sálu minni að vera til þess knúinn vegna strangra fyrirmæla, sem ég hef fengið frá Guði, að ávíta yður vegna glæpa yðar og dýpka sár þeirra, sem þegar eru særðir, í stað þess að hugga og lækna sár þeirra. Og í stað þess að endurnæra sig

18a 2 Ne 5:26.

19a LR Embætti, embættismaður.
b K&S 107:99–100.

LR Ráðsmaður, ráðsmennska.
c 2 Ne 9:44.

2 5a Al 12:3; K&S 6:16.

LR Guð, guðdómur.
7a K&S 121:43.
b LR Dyggð.
8a Al 31:5.

af velþóknanlegu orði Guðs munu þeir, sem ekki hafa verið særðir, mæta rýtingum á lofti, sem ætlað er að reka sálir þeirra í gegn og særa viðkvæma hugi þeirra.

10 En ég verð að fara að ströngustu *a*fyrirmælum Guðs, hversu erfitt sem það er, og segja yður undir *b*nístandi augliti hins almáttuga Guðs frá ranglæti yðar og viðurstyggð í viðurvist hinna hjartahreinu og hjartasærðu.

11 Þess vegna verð ég að segja yður sannleikann, eins og hann birtist í *a*einfaldleika Guðs orðs. Því að sjá. Þegar ég spurði Drottin, barst orðið til mín og sagði: Jakob, far þú í musteríð á degi komanda og boða þessari þjóð orðið, sem ég færi þér.

12 Og sjáið nú, bræður mínir. Þetta er orðið, sem ég boða yður: Margir yðar eru farnir að sækjast eftir gulli, silfri og alls konar dýrmætum *a*málmum, sem gnægð er af í þessu landi, sem er hið *b*fyrirheitna land yðar og niðja yðar.

13 Og hönd forsónarinnar hefur brosað við yður í mikilli vinsemd, svo að þér hafið komist yfir margs kyns auðæfi. Og vegna þess, að sumir yðar hafa komist yfir meira en bræður yðar, *a*hreykið þér yður hátt, gangið um hnakkakertir og berið höfuðið hátt, vegna dýrindis klæða yðar. Og þér ofsækið bræður yðar, vegna þess að þér teljið yður vera betri en þá.

14 En bræður mínir, kemur yður í hug, að Guð réttlæti yður í þessu? Sjá, ég segi yður nei. Hann fordæmir yður, og haldið þér slíku áfram, mun dómur hans brátt falla yfir yður.

15 Ó, að hann vildi sýna yður, að hann sér í gegnum yður og getur með auglitinu einu saman fellt yður í duftið!

16 Ó, að hann losaði yður undan þessari misgjörð og viðurstyggð! Ó, að þér vilduð einungis hlýða á fyrirmæli hans, en létuð ekki *a*hrokann í hjörtum yðar tortíma sálum yðar!

17 Hugsið um bræður yðar á sama hátt og um yður sjálfa, og verið vinsamlegir við alla, og verið ekki fastheldnir á *a*eigur yðar, svo að *b*þeir geti auðgast jafnt og þér.

18 En leitið fyrst *a*Guðs ríkis, áður en þér leitið *b*auðæfanna.

19 Og þegar þér hafið öðlast von í Kristi, þá munuð þér öðlast auðæfi, ef þér leitið þeirra. Og þér munuð leita þeirra með þeim ásetningi að *a*gjöra gott, til að klæða hina klæðlausu, fæða hina hungruðu, frelsa hina ánauðugu og líkna hinum sjúku og aðþrengdu.

20 Og nú hef ég rætt við yður, bræður mínir, um hroka. Og þeir yðar, sem hafið þrengt að náunga yðar og ofsótt hann vegna hrokans í hjörtum yðar, yfir því, sem Guð hefur gefið yður, hvað segið þér við því?

10a LR Boðorð Guðs.

b 2 Ne 9:44.

11a 2 Ne 25:4; 31:2–3.

12a 1 Ne 18:25;

He 6:9–11;

Et 10:23.

b 1 Ne 2:20.

LR Fyrirheitið land.

13a Morm 8:35–39.

16a LR Drambsemi.

17a LR Velferð; Ölmusa.

b 4 Ne 1:3.

18a Lúk 12:22–31.

b 1 Kon 3:11–13;

Mark 10:17–27;

2 Ne 26:31; K&S 6:7.

LR Auðugur, auður.

19a Mósía 4:26.

21 Haldið þér ekki, að slík breytni sé viðurstyggileg þeim, sem skapað hefur allt hold? Í augum hans er hver vera jafn dýr-mæt annarri, og allt hold er af moldu komið. Og einmitt í þeim tilgangi hefur hann skapað þá, að þeir haldi “boðorð hans og hefji hann að eilífu til dýrðar.

22 En nú læt ég af að tala við yður um þennan hroka, og þyrfti ég ekki að tala við yður um enn þyngri glæp, mundi hjarta mitt gleðjast ákaft yfir yður.

23 En orð Guðs þjakar mig vegna hinna grófari glæpa yðar. Því að sjá, svo segir Drottinn: Misgjörðir vaxa hjá þessum lýð. Hann skilur ekki ritningarnar, því að hann reynir að afsaka hórdóm sinn með því, sem skrifað var um Davíð og Salómon, son hans.

24 Sjá, vissulega áttu Davíð og “Salómon margar ^beiginkonur og hjákonur, en það var mér viðurstyggð, segir Drottinn.

25 Þess vegna hef ég leitt þetta fólk burt úr landi Jerúsalem með krafti míns eigin armleggs, segir Drottinn, til þess að ég gæti vakið mér upp “réttláta grein af ávexti lenda Jósefs.

26 Þess vegna mun ég, Drottinn Guð, ekki leyfa, að þetta fólk hagi sér eins og þeir til forna.

27 Þess vegna skuluð þér hlusta á mig, bræður mínir, og hlýða á

orð Drottins: Því að enginn karlmaður á meðal yðar skal eiga fleiri en “eina eiginkonu, og hjákonu skal hann enga eiga —

28 Því að ég, Drottinn Guð, hef velþóknun á “skírlífi kvenna, en hórdómur er mér viðurstyggð. Svo segir Drottinn hersveitanna.

29 Þess vegna skal þessi þjóð halda boðorð mín, segir Drottinn hersveitanna, ella mun “bölvun hvíla yfir landinu þeirra vegna.

30 Því að vilji ég afla mér “niðja, segir Drottinn hersveitanna, þá mun ég gefa fólki mínu fyrirmæli. Að öðru leyti skal það hlýða á þetta.

31 Því að sjá. Ég, Drottinn, hef séð sorg og heyrt kveinstafi dætra þjóðar minnar í landi Jerúsalem, já, um öll lönd þjóðar minnar, vegna ranglætis og viðurstyggðar eiginmanna þeirra.

32 Og ég mun ekki leyfa, segir Drottinn hersveitanna, að hróp hinna fögru dætra þessarar þjóðar, sem ég hef leitt burt úr landi Jerúsalem, þurfi að berast upp til mín gegn karlmönnum þjóðar minnar, segir Drottinn hersveitanna.

33 Því að þeir skulu ekki leiða dætur þjóðar minnar burt ánauðugar, vegna þess hve blíðar þær eru í lund, án þess að ég láti þunga bölvun yfir þá koma, já, jafnvel tortímingu. Því að þeir skulu ekki

21 *a* K&S 11:20;
Abr 3:25–26.

24 *a* 1 Kon 11:1;
Nehem 13:25–27.
b 1 Kon 11:1–3;
Esra 9:1–2;

K&S 132:38–39.
25 *a* 1 Mós 49:22–26;
Amos 5:15;
2 Ne 3:5;
Al 26:36.
LR Lehi, faðir Nefis.

27 *a* K&S 42:22; 49:16.
LR Giftast.
28 *a* LR Hreinlífi.
29 *a* Et 2:8–12.
30 *a* Mal 2:15;
K&S 132:61–66.

“hór drýgja, eins og menn til forna, segir Drottinn hersveitanna.

34 Og sjáið nú, bræður mínir. Þér vitið, að föður okkar, Lehi, voru gefin þessi fyrirmæli. Þess vegna hefur yður verið kunnugt um þau áður. Og þér hafið leitt yfir yður mikinn dóm, því að þér hafið gjört það, sem þér hefðuð ekki átt að gjöra.

35 Sjá. Misgjörðir yðar eru enn “stærri en bræðra vorra, Lamanítanna. Þér hafið sært hjörtu blíðlyndra eiginkvenna yðar og glatað trúnaðartrausti barna yðar vegna þess slæma fordæmis, sem þér hafið sýnt þeim. Og andvörp hjartna þeirra stíga upp til Guðs og tala gegn yður. Og vegna strangleika Guðs orðs, sem berst niður gegn yður, dóu mörg hjörtu, níst djúpum sárum.

3. KAPÍTULI

Hinir hjartahreinu hljóta hið hugljúfa orð Guðs — Réttlæti Lamaníta meira en Nefíta — Jakob varar við saurlífi, losta og hvers kyns synd. Um 544–421 f.Kr.

EN sjá, ég, Jakob, vil ávarpa yður, hina hjartahreinu. Lítið til Guðs með staðföstum huga, biðjið til hans í sterkri trú og hann mun ljá yður huggun í þrengingum yðar, tala máli yðar og láta réttvísina koma yfir þá, sem leitast við að tortíma yður.

2 Ó lyftið höfðum yðar, allir þér, sem hjartahreinir eruð, og takið við hugljúfu orði Drottins og endurnærst af elsku hans, því að það getið þér að eilífu, sé hugur yðar “staðfastur.

3 En vei, vei yður, sem ekki eruð hjartahreinir, sem á þessum degi eruð “saurugir frammi fyrir Guði. Því að yðar vegna leggst bölvun yfir landið. Og ef þér iðrist eigi, munu Lamanítarnir, sem ekki eru eins saurugir og þér, þótt á þeim hvíli þung ^bbölvun, kvelja yður allt til tortímingar.

4 Og iðrist þér eigi, nálgast sá tími óðfluga, að þeir nái eignarhaldi á erfðalandi yðar, og Drottinn Guð mun ^aleiða burtu hina réttlátu meðal yðar.

5 Sjá! Bræður yðar Lamanítar, sem þér fyrirlítið vegna óhreininda þeirra og bölvunarinnar, sem lagðist á hörund þeirra, eru réttlátari en þér, því að þeir hafa ekki “gleymt boðorðinu, sem Drottinn gaf föður vorum — að eiga aðeins eina eiginkonu og enga hjákonu og engan hór drýgja sín á meðal.

6 Og þeir gæta þess að halda þetta boðorð. Og vegna þess að þeir gæta þess að halda boðorðið, mun Drottinn Guð ekki tortíma þeim, heldur sýna þeim “miskunn. Og sá dagur kemur, að þeir verða blessunarríkt fólk.

7 Sjá. Eiginmenn meðal þeirra

33a LR Kynferðislegt siðleysi; Munúðarfullur, munúð.

35a Jakob 3:5–7.
3 2a Al 57:26–27.
3a LR Óhreinindi.
b 1 Ne 12:23.

4a Om 1:5–7, 12–13.
5a Jakob 2:35.
6a 2 Ne 4:3, 6–7;
He 15:10–13.

“elska eiginkonur sínar, og eiginkonur meðal þeirra elska eiginmenn sína, og eiginmenn og eiginkonur elska börn sín. Og vantrú þeirra og hatur á yður stafar af misgjörðum feðra þeirra. Hversu miklu betri skylduð þér því vera en þeir í augum hins mikla skaparara yðar?

8 Ó, bræður mínir. Ef þér iðrist ekki synda yðar, óttast ég, að hörund þeirra verði ljósara en yðar, þegar þér verðið leiddir saman fram fyrir háseti Drottins.

9 Þess vegna gef ég yður boð, sem er Guðs orð, um að hæða þá ekki frammar, vegna þess að hörund þeirra er þeldökkt, né heldur hæða þá vegna óhreininda þeirra. Heldur skuluð þér minnast yðar eigin óhreininda, og þess, að óhreinindi þeirra eru frá feðrum þeirra komin.

10 Minnst þess vegna “barna yðar, og hvernig þér hafið hryggt hjörtu þeirra með því fordæmi, sem þér hafið sýnt þeim. Og þér megið einnig minnast þess, að með yðar eigin sora kunnið þér að leiða börn yðar til tortímingar, og syndir þeirra kunna að hlaðast á yðar eigin höfuð á efsta degi.

11 Ó, bræður mínir, hlýðið á orð mín. Vekið þá hæfni, sem sálir yðar búa yfir. Hristið yður, svo að þér vaknið af “dauðadáinu! Leysið yður undan kvölum ^bvítis, svo að þér verðið ekki ‘englar djöfulsins

og yður verði ekki varpað út í það díki elds og brennisteins, sem er hinn annar ^adauði.

12 Og ég, Jakob, sagði margt fleira við Nefíþjóðina og varaði hana við ^asaurlífi, ^blostu og hvers kyns synd og fræddi hana um hræðilegar afleiðingar þess.

13 Og á ^aþessar töflur er ekki unnt að letra einn hundraðasta hluta af því, sem þessi þjóð hafði ist að, sem nú var orðin fjölmenn. En margt af því, sem fólkið tók sér fyrir hendur, er letrað á stærri töflurnar ásamt frásögnum af styrjöldum þeirra, ágreiningsmálum og stjórnartíð konunga þeirra.

14 Og þessar töflur eru kallaðar töflur Jakobs, og þær gjörði Nefí með eigin hendi. Og ég lét þessum orðum lokið.

4. KAPÍTULI

Allir spámennirnir tilbáðu föðurinn í nafni Krists — Fórni Abrahams á Ísak er hliðstæða við Guð og hans eingetna son — Menn ættu að leita sátta Guðs með friðþægingunni — Gyðingarnir munu hafna bjarginu, hinn traustu undirstöðu. Um 544–421 f.Kr.

EN sjá. Nú bar svo við, að ég, Jakob, hafði þjónað þjóð minni mikið með orðum, (en ég get ekki fært nema lítið af orðum mínum í letur, vegna þess hve erfitt er að letra orð okkar á töflurnar) og

7a LR Elska, ást; Fjölskylda.

10a LR Barn, börn.

11a Al 5:6–9.

b LR Helja.

c 2 Ne 9:8–9.

d LR Dauði, andlegur.

12a LR Saurlífnaður.

b LR Losti;

Ranglátur, ranglæti.

13a 1 Ne 19:1–4;

Jakob 1:1–4.

vér vitum, að það, sem letrað er á töflurnar, hlýtur að haldast —

2 Hins vegar hlýtur það, sem vér leturum á eitthvað annað en töflur, að eyðast og mást út, en vér getum letrað nokkur orð á töflur, sem veita munu börnum vorum og ástkærum bræðrum örllitla þekkingu á oss eða feðrum sínum —

3 En yfir þessu gleðjumst vér, og vér vinnum ötullega að því að letra þessi orð á töflurnar í von um, að ástkærir bræður vorir og börn muni taka við þeim með þakklátu hjarta og skoða þær til að fræðast í gleði, en hvorki sorg né fyrirleitningu, um fyrstu for-eldra sína.

4 Og í þeim tilgangi höfum vér fært þetta í letur, að þeir megi vita, að vér „þekktum til Krists og lifðum í von um dýrð hans mörg hundruð árum fyrir komu hans. Og vér lifðum ekki einir í von um dýrð hans, heldur einnig allir hinir heilögu ^bspámenn, sem á undan oss komu.

5 Sjá, þeir trúðu á Krist og „tilbáðu föðurinn í hans nafni, og vér tilbiðjum einnig föðurinn í hans nafni. Og í þeim tilgangi höldum vér ^blögmal Móse, að það ^cbeini sálum vorum til hans. Og af þeim

sökum er það helgað oss til réttlætis á sama hátt og það var talið Abraham til réttlætis í eyðimörkinni að hlýðnast boði Guðs um að fórna syni sínum, Ísak, sem er í líkingu við Guð og hans ^aein-getna son.

6 Þess vegna kynnum vér oss spámennina og vér höfum margar opinberanir og ^aspásagnaranda. Og með öllum þeim ^bvitnisburði öðlumst vér von, og trú vor verður óhagganleg, slík, að vér getum vissulega ^cskipað fyrir í ^a„nafni Jesú, og sjálf trén hlýða oss, eða fjöllin, eða öldur sjávar.

7 Samt sýnir Drottinn Guð oss ^a„veikleika vorn, til að vér megum vita, að það er fyrir náð hans og mikið lítillæti gagnvart mannanna börnum, að vér höfum kraft til að gjöra slíkt.

8 Sjá. Mikil og undursamleg eru verk Drottins. Hve ^aókannanleg eru ekki djúp ^bleyndardóma hans, og útilokað er, að maðurinn finni allar leiðir hans. Enginn maður ^cþekkir ^dleiðir hans, nema þær séu opinberaðar honum. Þess vegna bræður, skuluð þér ekki forsmá opinberanir Guðs.

9 Því að sjá. Með krafti ^aorðs hans varð ^bmaðurinn til á yfirborði jarðar, þeirrar jarðar, sem sköpuð

4 *4a* LR Jesús Kristur.
b Lúk 24:25–27;
Jakob 7:11;
Mósía 13:33–35;
K&S 20:26.
5a HDP Móse 5:8.
b 2 Ne 25:24;
Jar 1:11;
Mósía 13:27, 30;
Al 25:15–16.
LR Móselögmál.

c Gal 3:24.
d 1 Mós 22:1–14;
Jóh 3:16–18.
LR Eingetinn.
6a LR Spádómur, spá.
b LR Vitni.
c LR Kraftur.
d Post 3:6–16;
3 Ne 8:1.
7a Et 12:27.
8a Róm 11:33–36.

b K&S 19:10; 76:114.
LR Leyndardómar
Guðs.
c 1 Kor 2:9–16;
Al 26:21–22.
LR Þekking.
d Jes 55:8–9.
9a Morm 9:17;
HDP Móse 1:32.
b LR Maður, menn;
Skapa, sköpun.

var með krafti orðs hans. Og ef Guð gat mælt þannig, að heimurinn varð til, og mælt þannig, að maðurinn varð til, hví skyldi hann þá ekki eins geta skipað “jörðunni og sköpunarverki sínu á yfirborði hennar, sem honum þóknast og að eigin vild?

10 Bræður, leitist þess vegna ekki við að gefa Drottni “ráð, heldur leitið ráða hans. Því að sjá. Þér vitið sjálfir, að hann stjórnar öllum verkum sínum af ^bvisku, réttvísi og mikilli miskunn.

11 Ástkæru bræður, leitið þess vegna sátta hans fyrir “friðþægingu Krists, hans ^beingetna sonar, og þá verður “upprisan yðar, samkvæmt þeim krafti upprisunnar, sem býr í Kristi, og þér verðið kynntir fyrir Guði, sem “frumgróði Krists, þar eð þér eigið trú og hafið góða von um að vegsamast í honum, áður en hann birtist í holdinu.

12 Og þér skuluð ekki undrast, mínir elskuðu, að ég segi yður þetta. Því að hvers vegna skyldi ekki “talað um friðþægingu Krists til að gjörkynnast honum og þar með öðlast vitneskju um upprisuna og þá veröld, sem í vændum er?

13 Sjá, bræður mínir. Látum

þann, sem spáir, spá þannig, að menn skilji, því að “andinn segir sannleikann, en lýgur ekki. Þess vegna talar andinn um hlutina eins og þeir í raun ^beru og eins og þeir í raun munu verða. Þess vegna eru oss sýndir þessir hlutir “greinilega, að það verði sálum vorum til hjálpræðis. En sjá. Vér erum ekki einir til vitnis um þetta, því að Guð talaði einnig um það við hina fornu spámenn.

14 En sjá. Gyðingar voru “þrjósukufull þjóð, og þeir ^bfyrirlitu einföld og afdráttarlaus orð, réðu spámennina af dögum og sóttust eftir því, sem þeir skildu ekki. Og vegna “blindu sinnar, blindu sem hlaust af því að horfa yfir markið, hljóta þeir að falla, því að Guð hefur samkvæmt þeirra eigin vilja tekið frá þeim hinn skýra einfaldleik sinn og látið þeim í té margt, sem þeir fá eigi ^dskilið. Og að ósk þeirra gjörði Drottinn þetta, svo að þeir megi hrasa.

15 Og nú leiðir andinn mig, Jakob, til að spá. Því að ég verð þess var fyrir áhrif andans, sem í mér starfar, að með “hrösun sinni munu Gyðingar ^bhafna “bjarginu, sem þeir gætu byggt á og gert að traustri undirstöðu.

9c He 12:8–17.
10a 2 Ne 9:28–29;
Al 37:12, 37;
K&S 3:4, 13.
b LR Alvitur;
Viska.
11a LR Friðþægja,
friðþæging.
b Hebr 5:9.
c LR Upprisa.

d Mósía 15:21–23; 18:9;
Al 40:16–21.
12a 2 Ne 25:26.
13a LR Heilagur andi;
Sannleikur.
b K&S 93:24.
c Al 13:23.
14a Matt 23:37–38;
2 Ne 25:2.
b 2 Kor 11:3;

1 Ne 19:7; 2 Ne 33:2.
c Jes 44:18;
Róm 11:25.
d 2 Ne 25:1–2.
15a Jes 8:13–15;
1 Kor 1:23;
2 Ne 18:13–15.
b 1 Ne 10:11.
c LR Bjarg;
Hyrningarsteinn.

16 En sjá. Þetta „bjarg mun samkvæmt ritningunum verða hinn mikli, hinn síðasti og hinn eini trausti ^bgrundvöllur, sem Gyðingar geta byggt á.

17 Og hvernig má það vera, mínir elskuðu, að þeir geti „nokkru sinni byggt á hinum trausta grundvelli eftir að hafa afneitað honum, þannig að hann verði meginhyrningarsteinn þeirra?

18 Sjá, ástkæru bræður mínir. Þennan leyndardóm mun ég afhjúpa fyrir yður, ef ég hvika ekki á einhvern hátt frá staðfestu minni í andanum og hrasa ekki vegna ofurkvíðans, sem ég ber í brjósti yðar vegna.

5. KAPÍTULI

Jakob vitnar í Senos varðandi líkinguna um töndu og villtu olífutrén — Þau eru í líkingu Ísraels og Þjóðanna — Tvístrun og samansöfnun Ísraels er fyrirboðuð — Óbein tilvísun til Nefíta og Lamaníta og allrar Ísraelsættar — Þjóðirnar munu græddar á Ísrael — Að endingu verður víngarðurinn brenndur. Um 544–421 f.Kr.

SJÁ, minnst þér ekki, bræður mínir, að hafa lesið orð „Senosar spámans, sem hann beindi til Ísraelsættar, og mælti:

2 Ó þér, Ísraelsætt, hlustið og heyrið orð mín, spámans Drottins.

3 Því að sjá. Svo mælir Drottinn: Ó „Ísraelsætt, yður mun ég líkja við hreinræktað ^bolífutré, sem maður nokkur tók og hlúði að í ^cvíngarði sínum. Og tréð óx, varð gamalt og tók að ^dfúna.

4 Og svo bar við, að eigandi víngarðsins kom þar að og sá, að olífutré hans var farið að fúna. Og hann sagði: Ég mun sniðla það, stinga upp umhverfis það og gefa því næringu, svo að nýjar, fíngerðar greinar fái sprottið út úr því og það deyi ekki.

5 Og svo bar við, að hann sniðlaði það, stakk upp umhverfis það og gaf því næringu, orðum sínum samkvæmt.

6 Og svo bar við, að mörgum dögum síðar fór það að skjóta út nokkrum ungu og fíngerðum greinum. En sjá. Aðalkróna þess tók að visna.

7 Og svo bar við, að eigandi víngarðsins sá það og sagði við þjón sinn: Mér fellur þungt að missa þetta tré, en far því og ná í greinar af „villtu olífutré og fær mér þær hingað, og við skulum taka þessar aðalgreinar, sem farnar eru að visna og kasta þeim á eldinn, svo að þær brenni.

8 Og sjá, sagði herra víngarðsins. Ég ætla að taka brott margar af þessum ungu og fíngerðu greinum og gróðursetja þær, þar sem mér hentar. Og fari svo, að rætur þessa trés deyi, skiptir það ekki máli, því að ég get varðveitt

16a Sálm 118:22–23.
b Jes 28:16; He 5:12.
17a Matt 19:30;
K&S 29:30.

5 1a LR Senos.
3a Esek 36:8. LR Ísrael.
b Róm 11:17–24.
LR Olífutré.

c K&S 101:44.
LR Víngarður Drottins.
d LR Fráhvarf.
7a Róm 11:17, 24.

ávexti þess fyrir sjálfan mig. Þess vegna mun ég taka þessar ungu og fíngerðu greinar og gróðursetja þær, þar sem mér hentar.

9 Þú skalt taka greinarnar af villta olífutrénu og græða þær á í “staðinn fyrir hinar, en þeim, sem ég hef brotið af, mun ég kasta á eldinn og brenna, svo að þær verði ekki til trafala í víngarði mínum.

10 Og svo bar við, að þjónn herra víngarðsins fór að orðum herra síns og græddi á greinar hins “villta olífutrés.

11 Og herra víngarðsins sá um, að stungið væri upp umhverfis tréð, að það væri sniðlað og því gefin næring, og hann sagði við þjón sinn: Mér fellur þungt að missa þetta tré. Ég hef gjört þetta til þess, að mér megi ef til vill takast að varðveita rætur þess þannig, að þær deyi ekki og ég geti varðveitt þær fyrir sjálfan mig.

12 Far því leiðar þinnar, vak yfir trénu og gef því næringu, orðum mínum samkvæmt.

13 Og þessar greinar mun ég “setja neðst í víngarð minn eins og mér hentar, en það skiptir þig engu. Og það gjöri ég til að geta varðveitt hinar náttúrlegu greinar trésins fyrir sjálfan mig og einnig til þess, að ég geti geymt mérávexti þess til síðari tíma, því að mér félli þungt, að þurfa að sjá af þessu tré og ávöxtum þess.

14 Og svo bar við, að herra

víngarðsins hélt sína leið og fól hinar náttúrlegu greinar hreinræktaða olífutrésins, sumar hér og aðrar þar, neðst í víngarði sínum, að eigin vild og vilja.

15 Og svo bar við, að langur tími leið, og herra víngarðsins sagði við þjón sinn: Kom, við skulum halda niður í víngarðinn til að vinna þar.

16 Og svo bar við, að herra víngarðsins hélt niður í víngarðinn ásamt þjóni sínum til að starfa. Og svo bar við, að þjónninn sagði við húsbónda sinn: Sjá, lít á þetta, lít á tréð!

17 Og svo bar við, að herra víngarðsins leit í kringum sig og sá tréð, sem villtu olífugreinarnar höfðu verið græddar á, og það hafði vaxið og var farið að bera “ávöxt. Og hann sá, að það var gott tré ogávextir þess voru eins og náttúrlegirávextir.

18 Og hann sagði við þjóninn: Sjá, greinarnar af villta trénu hafa sögið í sig safann úr rótunum, þannig að ræturnar hafa gefið frá sér mikinn kraft. Og vegna hins mikla krafts, sem í rótunum býr, hafa villtu greinarnar borið ræktaðanávöxt. Hefðum við ekki grætt þessar greinar á, hefði tréð visnað. Og sjá. Ég mun geyma mér mikið afávöxtunum, sem tréð hefur gefið af sér. Og ég mun safnaávöxtunum og geyma mér þá til síðari tíma.

19 Og svo bar við, að herra víngarðsins sagði við þjóninn: Kom,

förum neðst í víngarðinn og at-hugum, hvort náttúrlegu greinarnar af trénu hafa ekki einnig borið mikinn ávöxt, svo að ég geti einnig safnað mér ávöxtum þeirra og geymt til síðari tíma.

20 Og svo bar við, að þeir fóru þangað, sem húsbóndinn hafði falið náttúrlegu greinarnar af trénu, og hann sagði við þjóninn: Lít á þessar greinar. Og hann sá, að hin „fyrsta hafði borið mikinn ávöxt, og hann sá einnig, að hann var góður. Og hann sagði við þjóninn: Tak af ávextinum og geym til síðari tíma, svo að ég geti varðveitt hann fyrir sjálfan mig. Því að sjá, sagði hann, allan þennan tíma hef ég nært það, og það hefur borið mikinn ávöxt.

21 Og svo bar við, að þjónninn spurði húsbónda sinn: Hvers vegna komstu hingað til að gróðursetja þetta tré eða þessa grein af trénu? Því að sjá. Þetta var ófrjósamasti bletturinn í öllum víngarði þínum.

22 En herra víngarðsins sagði við hann: Gef mér ekki ráð. Ég vissi, að þetta var ófrjósamur jarðarskiki. Þess vegna sagði ég við þig: Ég hef nært það allan þennan tíma, og þú sérð, að það hefur borið mikinn ávöxt.

23 Og svo bar við, að herra víngarðsins sagði við þjón sinn: Lít hingað. Sjá, ég hef einnig gróðursett aðra grein af trénu, og þú veist, að þessi jarðarskiki var enn ófrjósamari en sá fyrri. En lít á

tréð! Ég hef nært það allan þennan tíma og það hefur borið mikinn ávöxt. Þess vegna skaltu safna honum saman og geyma hann til síðari tíma, svo að ég geti varðveitt hann sjálfum mér til handa.

24 Og svo bar við, að herra víngarðsins sagði aftur við þjón sinn: Lít hingað og sjá einnig enn eina „grein, sem ég hef gróðursett. Sjá, ég hef einnig nært hana, og hún hefur borið ávöxt.

25 Og hann sagði við þjóninn: Lít hingað og sjá þá síðustu. Sjá, hana gróðursetti ég á „gróðursælum stað, og ég hef nært hana allan þennan tíma, en einungis hluti af trénu hefur borið ræktaðan ávöxt, en ^bhinn hluti trésins hefur borið villtan ávöxt. Sjá, samt hef ég nært þetta tré eins og hin.

26 Og svo bar við, að herra víngarðsins sagði við þjóninn: Brjót af greinarnar, sem ekki hafa borið góðan „ávöxt, og kasta þeim á eldinn.

27 En sjá, þjónninn sagði við hann: Við skulum sniðla tréð og stinga upp umhverfis það og gefa því næringu örlítið lengur, ef hugsast gæti, að það bæri þér góðan ávöxt, sem þú getur safnað og varðveitt til síðari tíma.

28 Og svo bar við, að herra víngarðsins og þjónn herra víngarðsins veittu öllum ávexti víngarðsins næringu.

29 Og svo bar við, er langur tími var liðinn, að herra víngarðsins

20a Jakob 5:39;
24a Esek 17:22–24;
Al 16:17;

3 Ne 15:21–24.
25a 1 Ne 2:20.
b 3 Ne 10:12–13.

26a Matt 7:15–20;
Al 5:36;
K&S 97:7.

sagði við þjón sinn: Kom, við skulum fara aftur niður í víngarðinn til starfa, því að sjá. ^bStundin nálgast, og endalokin verða fyrir en varir, og þess vegna verð ég að safna mér ávöxtunum til síðari tíma.

30 Og svo bar við, að herra víngarðsins og þjónninn fóru niður í víngarðinn og komu að trénu, sem náttúrlegu greinarnar höfðu verið brotnar af, en villtu greinarnar græddar á. Og sjá, ávextir af öllum gerðum sveigðu greinar trésins.

31 Og svo bar við, að herra víngarðsins bragðaði á ávöxtunum, á hverri tegundinni eftir aðra. Og herra víngarðsins mælti: Sjá, allan þennan tíma höfum við nært þetta tré, og ég hef safnað mér miklu af ávöxtum til síðari tíma.

32 En sjá. Að þessu sinni hefur það borið mikinn ávöxt, en enginn þeirra er góður. Og sjá, hér eru alls konar slæmir ávextir, sem gjöra mér ekkert gagn, þrátt fyrir allt erfiði okkar. Og nú fellur mér þungt, að ég skuli missa þetta tré.

33 Og herra víngarðsins sagði við þjón sinn: Hvernig eigum við að fara að með tréð, til að ég geti að nýju varðveitt mér hina góðu ávexti þess?

34 Og þjónninn sagði við húsbónda sinn: Sjá. Vegna þess að þú græddir greinarnar af villta olíufurtrénu á, hafa þær nært ræturnar þannig, að þær hafa haldið lífi og

ekki visnað. Á því sérðu, að þær eru enn góðar.

35 Og svo bar við, að herra víngarðsins sagði við þjón sinn: Tréð kemur mér að engu haldi, og rætur þess gagna mér ekki, meðan þær gefa af sér slæma ávexti.

36 Þó veit ég, að ræturnar eru góðar, og í eigin tilgangi hef ég varðveitt þær. Og vegna þess hve sterkar þær eru, hafa þær fram að þessu orðið til þess, að villtu greinarnar hafa borið góðan ávöxt.

37 En sjá. Villtu greinarnar hafa vaxið og orðið rótunum yfirsterkari, og vegna þess að greinarnar hafa orðið rótunum sterkari, hefur það borið mikinn og slæman ávöxt. Og þar eð það hefur borið mikinn og slæman ávöxt, getur þú séð, að það er farið að visna. Og gjörum við ekkert til að varðveita það, mun það brátt verða fullproska og því kastað á eldinn.

38 Og svo bar við, að herra víngarðsins sagði við þjón sinn: Við skulum fara neðst í víngarðinn og athuga, hvort náttúrlegu greinarnar hafa einnig borið slæman ávöxt.

39 Og svo bar við, að þeir fóru neðst í víngarðinn. Og svo bar við, að þeir sáu, að ávextirnir á náttúrlegu greinunum voru einnig orðnir spilltir. Já, á hinni fyrstu, annarri og hinni síðustu voru allir orðnir spilltir.

40 Og ávextir á þeirri

29a K&S 101:55; 103:21.
b LR Síðustu dagar,
síðari dagar.

c 2 Ne 30:10; Jakob 6:2.
30a LR Fráhvarf.
32a JS — S 1:19.

37a K&S 45:28–30.
39a Jakob 5:20, 23, 25.
40a Morm 6:6–18.

seinustu höfðu náð yfirtökum á þeim hluta trésins, sem bar góðan ávöxt, jafnvel svo að greinin hafði visnað og dáíð.

41 Og svo bar við, að herra vín-garðsins grét og sagði við þjóninn: “Hvað hefði ég meira getað gjört fyrir vín-garð minn?”

42 Sjá. Ég vissi, að allir ávextir vínekrunnar, að þessum undan-skildum, voru orðnir spilltir. Og nú eru þessir, sem eitt sinn gáfu af sér góðan ávöxt, einnig orðnir spilltir og öll tré í vín-garði mínum til einskis annars nýt, nema ef vera skyldi að verða höggvin niður og á eld kastað.

43 Og sjá. Þetta seinasta tré, sem greinarnar hafa visnað á, gróður-setti ég á “gróðursælum stað. Já, á þeim hluta, sem var úrvalsgóður, betri en allir aðrir í garði mínum.

44 Og þú sást, að ég hjó einnig niður það, sem til “trafala var á þessum bletti til þess að geta gróð-ursett þetta tré í staðinn.

45 Og þú sást, að hluti þess bar góðan ávöxt, en hluti þess villtan ávöxt. Og vegna þess að ég braut ekki greinarnar af og kastaði þeim á eldinn, hafa þær borið góðu greinina ofurliði, svo að hún hefur visnað.

46 Og sjá nú. Þrátt fyrir þá um-hyggju, sem við höfum sýnt vín-garði mínum, hafa trén í honum spillst, þannig að þau bera engan góðan ávöxt. Og ég hafði vonast til að varðveita þau og geyma mér

ávexti þeirra til síðari tíma. En sjá. Þau hafa orðið eins og villta olífu-tréð og eru til einskis nýt, nema “nið-urhöggs og að verða á eld kastað. Og mér fellur þungt að missa þau.

47 En hvað meira hefði ég getað gjört í vín-garði mínum? Hefur hönd mín slakað á, þannig að ég hafi ekki nært það? Nei, ég hef nært það, stungið upp um-hverfis það, sniðlað það, séð því fyrir áburði og haldið hendi minni “útréttri svo til allan liðlangan daginn, en nú dregur að ^benda-lokum. Og mér fellur þungt að verða að höggva niður öll trén í vín-garði mínum og kasta þeim á eldinn, svo að þau brenni upp. Hver hefur spillt vín-garði mínum?

48 Og svo bar við, að þjónninn sagði við húsbónda sinn: Er það ekki gnæfandinn í vín-garði þínum — hafa ekki greinarnar borið hinar góðu rætur ofurliði? Og þar eð greinarnar hafa orðið rótunum yfirsterkari, uxu þær hraðar en styrkur rötanna leyfði og styrktust sjálfar. Sjá, ég spyr, er þetta ekki orsök þess að trén í vín-garði þínum hafa spillst?

49 Og svo bar við, að herra vín-garðsins sagði við þjóninn: Við skulum fara og höggva niður trén í vín-garðinum og kasta þeim á eldinn, til að þau verði ekki til trafala í vín-garði mínum, því að ég hef reynt allt. Hvað hefði ég getað gjört frekar fyrir vín-garð minn?

50 En sjá, þjónninn sagði við

41 a 2 Ne 26:24.

43 a 2 Ne 1:5.

44 a Et 13:20–21.

46 a 3 Ne 27:11.

47 a 2 Ne 28:32;

Jakob 6:4.

b LR Heimur —
Heimsendir.

herra víngarðsins: Hlífðu honum örlítið "lengur.

51 Og herrann sagði: Já, ég skal hlífa honum örlítið lengur, því að mér fellur þungt að missa trén í víngarði mínum.

52 Þess vegna skulum við taka "greinarnar af trjánum, sem ég gróðursetti neðst í víngarði mínum, og græða þær á tréð, sem þær eru af komnar. Og við skulum tína þær greinar af trénu, sem bitrastan ávöxt bera, en græða á náttúrlegu greinar trésins í þeirra stað.

53 Og þetta mun ég gjöra, til að tréð deyi ekki og mér megi ef til vill takast að varðveita rætur þess fyrir sjálfan mig, í eigin tilgangi.

54 Og sjá. Rætur hinna náttúrlegu greina trésins, sem ég gróðursetti þar sem mér hentaði, eru enn þá lifandi. Og til að ég megi einnig varðveita þær í eigin tilgangi, mun ég taka greinarnar af þessu tré og "græða við þær. Já, ég mun græða við þær greinarnar af móðurtré þeirra, til að ég geti varðveitt rætur þeirra einnig, sjálfum mér til handa, svo að þær beri góðan ávöxt handa mér, þegar þær verða nægilega sterkar, og ávextir víngarðs míns megi enn verða mér til dýrðar.

55 Og svo bar við, að þeir tóku greinar af náttúrlega trénu, sem var orðið villt, og græddu á náttúrlegu trénu, sem einnig voru villt orðin.

56 Og þeir tóku einnig greinar

af náttúrlegu trjánum, sem voru orðin villt, og græddu aftur á móðurtré sín.

57 Og herra víngarðsins sagði við þjóninn: Höggðu ekki villtu greinarnar af trjánum nema þær bitrustu, og þú skalt græða á þau samkvæmt mínum fyrirmælum.

58 Við munum á ný færa trjám víngarðsins næringu og snyrta greinar þeirra. Og við skulum taka þær greinar af trjánum, sem eru fullvaxta og hljóta að visna og kasta þeim á eldinn.

59 Og þetta gjöri ég, til þess að rætur þeirra megi öðlast styrk á ný vegna gæða sinna og til að hið góða verði hinu illa yfisterkara, vegna þess að skipt var um greinar.

60 Og vegna þess að ég hef varðveitt náttúrlegu greinarnar og rætur þeirra og hef grætt náttúrlegu greinarnar aftur á móðurtréð og varðveitt rætur móðurtrésins, þá geta trén í víngarði mínum ef til vill aftur borið góðan "ávöxt, svo að ég megi enn á ný gleðjast yfir ávöxtum víngarðs míns og fái ef til vill fagnað ákaft yfir því að hafa varðveitt rætur og greinar frumgróðans —

61 Far því og kalla á "þjóna, til að við getum ^bunnið ötullega og af öllum mætti í víngarðinum til að greiða veginn fyrir náttúrlegum ávexti, sem er góður og öllum öðrum ávöxtum dýrmætari.

62 Þess vegna skulum við vinna

50a Jakob 5:27.

52a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

54a 1 Ne 15:12–16.

60a Jes 27:6.

61a Jakob 6:2;

K&S 24:19.

b K&S 39:11, 13, 17.

og leggja fram alla krafta okkar í síðasta sinn. Því að sjá. Endalokin nálgast, og þetta er í síðasta sinn, sem ég sniðla vingarð minn.

63 Græðið greinarnar á. Byrjið á þeim “síðustu, svo að þær verði fyrstar og hinar fyrstu verði síðastar, og stingið upp umhverfis trén, bæði gömul og ung, hin fyrstu og hin síðustu, og hin síðustu og hin fyrstu, svo að öll verði þau nærð enn einu sinni, í síðasta sinn.

64 Stingið þess vegna upp umhverfis þau, sniðlið þau og berið enn á þau áburð, í síðasta sinn, því að endalokin nálgast. Og fari svo, að seinustu græðlingarnir vaxi og gefi af sér náttúrlegan ávöxt, þá skuluð þið greiða þeim veg til vaxtar.

65 Og þegar þeir eru teknir að vaxa, skuluð þið “hreinsa burt greinarnar, sem bera bitran ávöxt, í samræmi við stærð og styrk hinna góðu. En þið skuluð ekki hreinsa burt allar vondu greinarnar í einu, ef rætur þeirra skyldu reynast of kröftugar fyrir græðlingana og græðlingarnir deyi þess vegna og ég glati trjánum í vingarði mínum.

66 Og vegna þess að mig tekur sárt að glata trjánum í vingarði mínum, skuluð þið hreinsa burt slæmu greinarnar, eftir því sem þær góðu vaxa, svo að styrkleiki rótanna og krónunnar haldist í hendur, þar til hinar góðu verða hinum illu yfirsterkari og

tímabært er að höggva hinar illu af og kasta þeim á eldinn, til að þær verði ekki til trafala í vingarði mínum. Og þannig mun ég sópa hinu illa burtu úr vingarði mínum.

67 En greinarnar af náttúrlega trénu mun ég græða aftur á hið náttúrlega tré —

68 Og greinar af náttúrlega trénu mun ég græða á náttúrlegu greinar trésins. Og á þennan hátt mun ég leiða þær saman aftur til að þær gefi af sér eðlilegan ávöxt og verði eitt.

69 En illu greinunum mun út “kastað, já, jafnvel langt út fyrir vingarð minn. Því að sjá, ég mun aðeins sniðla vingarð minn í þetta eina skipti.

70 Og svo bar við, að herra vingarðsins sendi “þjón sinn. Og þjónninn fór og gjörði eins og húsbóndinn hafði boðið honum og kom með aðra þjóna, en þeir voru ^bfáliðaðir.

71 Og herra vingarðsins sagði við þá: Farið út í vingarðinn og “vinnið þar af öllum mætti. Því að sjá. Þetta er í ^bsíðasta sinn, sem ég næri vingarð minn, því að endalokin eru í nánd og tíminn nálgast ódfluga. Og ef þið vinnið með mér af öllum mætti, munuð þið ‘njóta ávaxtanna, sem ég geymi mér fyrir þann tíma, sem brátt fer í hönd.

72 Og svo bar við, að þjónarnir lögðu af stað og unnu af öllum

63a 1 Ne 13:42;
Et 13:10–12.

65a K&S 86:6–7.

69a 1 Ne 22:15–17, 23;

2 Ne 30:9–10.

70a K&S 101:55; 103:21.

b 1 Ne 14:12.

71a Matt 21:28;

Jakob 6:2–3;

K&S 33:3–4.

b K&S 39:17; 43:28–30.

c K&S 18:10–16.

mætti. Og herra víngarðsins vann einnig með þeim, og þeir hlýddu fyrirmælum víngarðsherrans í einu og öllu.

73 Og náttúrlegir ávextir tóku að vaxa aftur í víngarðinum, og náttúrlegar greinar hófu að vaxa á ný og dafna framúrskarandi vel. Og byrjað var að rífa villtu greinarnar af og kasta þeim burtu, en jafnvægi var látið haldast á milli rótanna og krónunnar, allt eftir styrk þeirra.

74 Og þannig erfiðuðu þeir af kappi að boði herra víngarðsins, þar til lokið var við að kasta hinu illa út úr víngarðinum, en herrann hélt eftir, sjálfum sér til handa, þeim trjám, sem báru orðið náttúrlegan ávöxt. Og þau urðu sem "eitt, og ávextirnir urðu jafnir. Herra víngarðsins hafði tekist að varðveita hinn náttúrlega ávöxt sjálfum sér til handa, sem var honum hinn dýrmætasti allt frá upphafi.

75 Og svo bar við, að þegar herra víngarðsins sá, að ávöxtur hans var góður og víngarður hans ekki lengur spilltur, kallaði hann saman þjóna sína og sagði við þá: Sjá, við höfum nært víngarð minn í síðasta sinn. Og þið sjáið, að ég hef náð fram vilja mínum, ég hef varðveitt hinn náttúrlega ávöxt, og hann er jafn góður og hann var í upphafi. Og "blessaðir eruð þið, því að vegna þess að þið hafið unnið af kostgæfni með mér í víngarði mínum og hlýtt fyrirmælum

mínum og hafið fært mér aftur hinn ^bnáttúrlega ávöxt, þannig að víngarður minn er ekki spilltur lengur og hinu illa hefur verið kastað burt, sjá, þá skuluð þið njóta gleði með mér yfir ávöxtum víngarðs míns.

76 Því að sjá. "Lengi mun ég safna ávöxtum víngarðs míns og varðveita þá fyrir þann tíma, sem nálgast óðfluga. Og í síðasta sinn hef ég nært víngarð minn, sniðlað hann, stungið upp umhverfis trén og borið áburð á. Þess vegna mun ég geyma mér ávextina lengi, samkvæmt því sem ég hef sagt.

77 Og þegar sá tími kemur, að vondur ávöxtur kemur aftur inn í víngarð minn, þá mun ég láta safna hinu góða og hinu illa saman, og hið góða mun ég varðveita sjálfum mér til handa, en hinu illa mun ég kasta burt á sinn stað. Og þá er "tíminn kominn og endalokin, og víngarð minn mun ég láta ^bbrenna í eldi.

6. KAPÍTULI

Drottinn mun endurheimta Ísrael á síðustu dögum — Veröldin mun brenna í eldi — Menn verða að fylgja Kristi til að forðast dái elds og brennisteins. Um 544–421 f.Kr.

Og sjáið nú, bræður mínir. Ég sagði yður, að ég ætlaði að spá, og sjá. Þetta er spádómur minn — að það, sem spámaðurinn "Senos

74a K&S 38:27.

75a 1 Ne 13:37.

b LR Ísrael.

76a 1 Ne 22:24–26.

LR Púsundáraríkið.

77a Op 20:2–10;

K&S 29:22–24;

43:29–33;

88:110–116.

b LR Heimur —
Heimsendir.

6 1a Jakob 5:1.

sagði um Ísraelsætt, þegar hann líkti henni við hreinræktað olífutré, hlýtur óhjákvæmilega að koma fram.

2 Og sá dagur, er hann réttir út hönd sína öðru sinni til að „endurheimta þjóð sína, er einmitt dagurinn, já, hið síðasta sinn, sem þjófnar Drottins ganga fram í krafti hans til að „næra „víngarð hans og sniðla. Og eftir það eru fandalokin nærri.

3 Og hve blessaðir eru þeir, sem unnið hafa ötullega í víngarði hans! En hve bölváðir eru þeir, sem vísað verður burtu þangað, sem þeir eiga heima! Og heimurinn mun „brenndur með eldi.

4 Og mikil er miskunn Guðs við oss, því að hann man „Ísraelsætt, jafnt rætur sem greinar. Og hann réttir fram ^bhendur sínar til þeirra allan liðlangan daginn. En þeir eru þrjúskufullt og þrætugjarnt fólk, en allir þeir, sem ekki herða hjörtu sín, munu hólpnir verða í Guðs ríki.

5 Þess vegna grátbæni ég yður, ástkæru bræður, í fyllstu alvöru, að iðrast og „halda yður fast að Guði í fullri einlægni, á sama hátt og hann heldur sér fast að yður, og herða ekki hjörtu yðar á meðan ^bnáðararmur hans er útréttur í dagsins ljósi.

6 Já, ef þér viljið heyra rödd hans nú í dag, þá skuluð þér ekki herða hjörtu yðar, því að hvers vegna skylduð þér vilja „deyja?

7 Því að sjá. Viljið þér bera slæman ávöxt, svo að þér verðið „höggvir niður og yður kastað á eldinn, eftir að hið góða orð Guðs hefur nært yður allan liðlangan daginn?

8 Sjá. Ætlið þér að afneita orðum spámanna, og ætlið þér að afneita öllum orðum, sem sögð hafa verið um Krist, eftir að svo margir hafa um hann talað, og afneita hinu góða orði Krists, krafti Guðs og „gjöf heilags anda? Ætlið þér að kæfa hinn heilaga anda og hafa að háði hina miklu endurlausnar-áætlun, sem gjörð hefur verið í yðar þágu?

9 Vitið þér ei, að ef þér farið þannig að, mun endurlausnar- og upprisukrafturinn, sem býr í Kristi, verða til þess, að þér standið sneypfir og nístandi „sakbitnir frammi fyrir ^bdómgrindum Guðs?

10 Og í „krafti réttvísinnar, því að réttvísinni er ekki hægt að afneita, verðið þér að hverfa ofan í ^bdíki elds og brennisteins, þar sem óslökkvandi eldar loga og reykurinn stígur upp alltaf og að eilífu,

2a 1 Ne 22:10–12;
K&S 110:11.

LR Endurreisn
fagnaðarerindisins.

b Jakob 5:61.

c 1 Ne 14:14.

d Jakob 5:71.

e LR Víngarður Drottins.

f 2 Ne 30:10.

3a 2 Ne 27:2;

Jakob 5:77; 3 Ne 25:1.

4a 2 Sam 7:24.

b Jakob 5:47.

c Mósía 13:29.

5a LR Eining.

b Al 5:33–34; 3 Ne 9:14.

6a Esek 18:21–23.

7a Al 5:51–52;

3 Ne 27:11–12.

8a LR Gjög heilags anda.

9a Mósía 15:26. LR Sekt.

b LR Lokadómur.

10a LR Réttvísi.

b 2 Ne 28:23. LR Helja.

og þetta díki elds og brennisteins er ‘óendanleg’ kvöl.

11 Ó, iðrist þá heldur, ástkæru bræður mínir, og gangið inn um “mjóa hliðið og haldið áfram eftir hinum þrönga vegi, þar til þér öðlist eilíft líf.

12 Ó, verið “vittrir. Hvað meira get ég sagt?

13 Að lokum vil ég kveðja yður, þar til vér hittumst aftur frammi fyrir ljúfum dómgrindum Guðs, dómgrindum sem fylla hina ranglátu “nístandi kvíða og skelfingu. Amen.

7. KAPÍTULI

Serem afneitar Kristi, deilir við Jakob, heimtar tákni og er lostinn af Guði — Allir spámennirnir hafa talað um Krist og friðþægingu hans — Nefítar voru sem ferðalangar, fæddir í andstreymi og fyrirlitnir af Lamanítum. Um 544–421 f.Kr.

Og nokkrum árum síðar bar svo við, að maður nokkur að nafni Serem kom fram meðal Nefíþjóðarinnar.

2 Og svo bar við, að hann tók að prédika meðal þjóðarinnar og lýsa því yfir, að enginn Kristur kæmi. Og hann prédikaði margt, sem kitlaði hégómagirnd fólksins. Og það gjörði hann, svo að hann gæti kollvarpað kenningunni um Krist.

3 Og hann vann kappsamlega að því að afvegaleiða fólkið, og leiddi því marga afvega, og þar eð hann

vissi, að ég, Jakob, trúði á Krist, sem koma mundi, leitaði hann tækifæra til að komast að mér.

4 Og hann var maður lærður, með fullt vald á tungu þjóðarinnar. Þess vegna gat hann skjallað þá óspart og beitt mikilli mælsku í samræmi við vald djöfulsins.

5 Og hann vonaðist til að geta haggað trú minni, þrátt fyrir margar “opinberanir og margt, sem mér hafði vitrast um þetta. Því að ég hafði í raun og veru séð engla, og þeir höfðu þjónað mér. Sömuleiðis hafði ég heyrt rödd Drottins, sem talaði til mín öðru hverju berum orðum. Þess vegna varð mér ekki haggað.

6 Og svo bar við, að hann kom til mín og mælti til mín á þennan hátt: Bróðir Jakob, ég hef leitað mjög tækifæris til að ræða við þig, því að ég hef heyrt, og veit reyndar, að þú ferð víða og boðar það, sem þú kallar fagnaðarerindi eða kenningu Krists.

7 Og þú hefur afvegaleitt marga meðal þessarar þjóðar, svo að þeir rangsnúa réttum vegum Guðs og “halda ekki lögmál Móse, sem er hin rétta leið. Og þeir hafa snúið lögmáli Móse upp í dýrkun á veru, sem þú segir muni koma eftir mörg hundruð ár. En sjá, ég, Serem, segi þér hér með, að þetta er guðlast, því að enginn maður veit um slíkt, því að hann ^bgetur ekki sagt fyrir um óorðna hluti. Og þannig lagðist Serem gegn mér.

10c K&S 19:10–12.
d LR Fordæming.
11a 2 Ne 9:41.

12a Morm 9:28.
13a Al 40:14.
7 5a 2 Ne 11:3;

Jakob 2:11.
7a Jakob 4:5.
b Al 30:13.

8 En sjá. Drottinn Guð úthellti “anda sínum yfir sálu mína, þannig að ég lét hvert orð hans verða honum til smánar.

9 Og ég spurði hann: Afneitar þú þeim Kristi, sem koma mun? Og hann svaraði: Ef Kristur væri til, mundi ég ekki afneita honum, en ég veit, að enginn Kristur er til, eða hefur verið til, né mun heldur nokkru sinni verða til.

10 Og ég spurði hann: Trúir þú ritningunum? Og hann svaraði já.

11 Og ég sagði við hann: Þá hefur þú ekki skilið þær, að þær bera Kristi sannarlega vitni. Sjá, ég segi þér, að enginn spámannanna hefur skrifað neitt eða “spáð neinu án þess að tala um þennan Krist.

12 Og þetta er ekki allt — mér hefur verið opinberað það, því að ég hef heyrt það og séð. Og mér hefur einnig opinberast það fyrir “kraft heilags anda. Þess vegna veit ég, að allt mannkyn hlyti að ^bglatast, ef engin friðþæging ætti sér stað.

13 Og svo bar við, að hann sagði við mig: Sýn mér þá “tákn um kraft heilags anda, úr því að þú veist svo mikið í krafti hans.

14 Og ég sagði við hann: Hver er ég, að ég ætti að freista Guðs til að sýna þér tákn um það, sem þú veist, að er “satt? Samt vilt þú afneita því, vegna þess að þú ert

undir áhrifum ^bdjöfulsins. Verði þó ekki minn vilji. En ljósti Guð þig, skal það verða þér tákn um, að hann hefur vald bæði á himni og jörðu og einnig um það, að Kristur mun koma. Og verði þinn vilji, ó Drottinn, en ekki minn.

15 En svo bar við, að þegar ég, Jakob, hafði mælt þessi orð, yfirþyrmdi kraftur Drottins hann svo, að hann féll til jarðar. Og svo bar við, að honum var hjúkrað í marga daga.

16 Og svo bar við, að hann sagði við fólkíð: Á degi komanda skuluð þið safnast saman, því að ég á að deyjja. Mig langar þess vegna að tala við fólkíð, áður en ég dey.

17 Og svo bar við, að daginn eftir safnaðist múgur og margmenni saman, og hann talaði til þeirra af hreinskilni og afneitaði því, sem hann hafði kennt þeim, en viðurkenndi Krist, kraft heilags anda og þjónustu engla.

18 Og hann sagði þeim hreinskilnislega, að hann hefði látið “blekkjast af krafti ^bdjöfulsins. Og hann talaði um helvíti og eilífðina og eilífa hegningu.

19 Og hann sagði: Ég óttast að hafa drýgt hina “ófyrrigefanlegu synd, því að ég hef logið að Guði. Því að ég afneitaði Kristi og sagðist trúa ritningunum og sannlega vitna þær um hann. Og vegna

8a LR Innblástur, guðleg andagift.

11a Op 19:10; 1 Ne 10:5; Jakob 4:4; Mósía 13:33–35; K&S 20:26. LR Jesús Kristur.

12a LR Guð, guðdómur — Guð heilagur andi; Heilagur andi. b 2 Ne 2:21. 13a Matt 16:1–4; Al 30:43–60. LR Tákn.

14a Al 30:41–42.

b Al 30:53.

18a Al 30:53.

LR Blekking, blekkja.

b LR Djöfull.

19a LR Ófyrrigefanleg synd.

Þess að ég hef logið þannig að Guði, óttast ég stórlega, að mál mitt sé ^bskelfilegt, en ég gjöri játningu fyrir Guði.

20 Og svo bar við, að jafnskjótt og hann hafði mælt þessi orð, mátti hann ekki frammar mæla, og hann ^agaf upp andann.

21 Og þegar fjöldinn varð vitni að því, að hann mælti þetta um það bil, sem hann var að gefa upp andann, urðu þeir furðu lostnir, svo mjög, að kraftur Guðs kom yfir þá, og svo ^aþyrmdi yfir þá, að þeir féllu til jarðar.

22 En þetta var mér, Jakob, þóknanlegt, því að ég hafði beðið föður minn á himnum um það, og hann hafði heyrt hróp mitt og svarað bænum mínum.

23 Og svo bar við, að friður og elska Guðs var aftur meðal fólksins, og það tók að ^akanna ritningarnar, en hlýddi ekki lengur orðum þessa rangláta manns.

24 Og svo bar við, að til margra ráða var gripið til að ^aendurheimta Lamaníta og færa þeim aftur þekkingu á sannleikanum, en allt var unnið fyrir ^bgýg, því að þeir höfðu yndi af ^cstyrjöldum og ^dblóðsúthellingum, fylltir eilífu ^ehatri á okkur bræðrum sínum. Og þeir leituðust stöðugt við að tortíma okkur með vopnavaldi sínu.

25 Þess vegna leitaðist Nefíþjóðin

við að styrkja sig gegn þeim með vopnum sínum og öllum sínum mætti og treysti á Guð, ^abjarg hjálpræðis síns. Og þess vegna hefur hún hingað til hrósað sigri yfir óvinum sínum.

26 Og svo bar við, að ég, Jakob, tók að eldast, og vegna þess að heimildirnar um þessa þjóð eru skráðar á ^ahinar töflur Nefís, læt ég þessari frásögn lokið með því að lýsa því yfir að ég hef letrað þetta eftir minni bestu vitund og segja, að tíminn leið og ^blíf vort leið, rétt eins og í draumi, þar eð vér vorum einmana og alvörugefið fólk, ferðalangar, burtreknir úr Jerúsalem, fæddir í andstreymi í óbyggðum og fyrir-litnir af bræðrum okkar, sem ollu styrjöldum og deilum. Þess vegna lifðum við í sorg daga okkar á enda.

27 Og ég, Jakob, sá, að brátt yrði ég að hverfa niður í gröf mína. Þess vegna sagði ég við son minn, ^aEnos: Tak þessar töflur. Og ég sagði honum frá þeim ^bfyrirmælum, sem Nefí, bróðir minn, hafði gefið mér, og hann lofaði að hlýðnast þeim. Og hér lýk ég letrun minni á þessar töflur, sem verið hefur umfangslítill. Og ég kveð lesandann í von um, að margir bræðra minna fái lesið orð mín. Bræður, í Guðsfriði.

19b Mósía 15:26.

20a Jer 28:15–17.

21a Al 19:6.

23a Al 17:2.

24a Enos 1:20.

b Enos 1:14.

c Mósía 10:11–18.

d Jar 1:6;

Al 26:23–25.

e 2 Ne 5:1–3;

Mósía 28:2.

25a LR Bjarg.

26a 1 Ne 19:1–6;

Jar 1:14–15.

LR Töflur.

b Jakbr 4:14.

27a Enos 1:1.

b Jakob 1:1–4.

BÓK ENOSAR

Enos flytur máttuga bæn og hlýtur fyrirgefningu syndanna — Rödd Drottins kemur í huga hans og lofar Lamanítum sáluhjálp á ókomnum tímum — Nefítar reyndu að endurheimta Lamaníta — Enos fagnar yfir lausnara sínum. Um 420 f.Kr.

SJÁ, þetta bar við: Ég, “Enos, sem vissi, að ^bfaðir minn var réttvís maður, því að hann ^ckenndi mér á tungu sinni og fræddi mig einnig um ^dumhyggju og áminningar Drottins — og blessað sé nafn Guðs míns fyrir það —

2 Ég mun segja ykkur frá ^abaráttu minni frammi fyrir Guði, áður en ég öðlaðist ^bfyrirgefningu synda minna.

3 Sjá. Ég hélt til skógar á dýraveiðar. Og orð föður míns um eilíft líf og ^agleði heilagra, sem ég hafði oft heyrt, ^bsmugu djúpt inn í hjarta mér.

4 Sál mína ^ahungraði, og ég ^bkraup niður frammi fyrir skapara mínum og ákallaði hann í máttugri og auðmjúkri ^cbæn fyrir sálu minni, og allan liðlangan daginn ákallaði ég hann. Já, og þegar kvöldla tók, hrópaði ég enn hátt, svo að rödd mín næði himnum.

5 Og ^arödd kom til mín og sagði: Enos, syndir þínar eru fyrirgefnar, og þú munt blessaður verða.

6 Og ég, Enos, vissi, að Guð gat ekki farið með lygi, og því var sekt minni sópað burtu.

7 Og ég spurði: Drottinn, hvernig má það vera?

8 Og hann svaraði mér: “Vegna trúar þinnar á Krist, sem þú hefur aldrei fyrir heyrt eða séð. Og mörg ár munu líða, þar til hann opinberar sig í holdinu. Far því nú, trú þín hefur gjört þig ^bheilan.

9 Nú bar svo við, að þegar ég hafði hlýtt á þessi orð, vaknaði hjá mér heit ^aþrá eftir velfarnaði bræðra minna, Nefíta. Því ^bopnaði ég alla sál mína í bæn til Guðs fyrir þeim.

10 Og á meðan ég átti í þessu andans stríði, sjá, þá kom rödd Drottins aftur í ^ahuga minn og sagði: Ég mun vitja bræðra þinna í samræmi við kostgæfni þeirra við að halda boðorð mín. Ég hef ^bgefið þeim þetta land, og það er heilagt land. Og ég legg ekki ^cþölvun yfir það fyrir aðrar sakir en misgjördir. Þess vegna mun ég vitja bræðra þinna á þann hátt, sem ég hef skýrt frá, og brot þeirra

[Enos]

1 1a LR Enos, sonur Jakobs.

b 2 Ne 2:2–4.

c 1 Ne 1:1–2.

d Ef 6:4.

2a 1 Mós 32:24–32;

Al 8:10.

LR Iðrast, iðrun.

b LR Fyrirgefning synda.

3a LR Gleði.

b 1 Ne 10:17–19;

Al 36:17–21.

4a 2 Ne 9:51;

3 Ne 12:6.

b LR Lotning.

c LR Bæn.

5a LR Opinberun.

8a Et 3:12–13.

LR Átrúnaður.

b Matt 9:22.

9a 1 Ne 8:12;

Al 36:24.

b 2 Ne 33:3;

OMorm 1:8;

Al 34:26–27.

10a LR Hugur;

Innblástur, guðleg

andagift.

b 1 Ne 2:20.

c Et 2:7–12.

mun ég láta yfir þá sjálfa koma með harmi.

11 Og þegar ég, Enos, hafði heyrð þessi orð, varð trú mín á Drottin óhagganleg. Og ég bað til hans í langri og strangri baráttu fyrir bræðrum mínum, Lamanítum.

12 Og svo bar við, að þegar ég hafði ^abeðið heitt og lagt mig allan fram, sagði Drottinn við mig: Ég mun uppfylla ^bóskir þínar, vegna trúar þinnar.

13 Og sjá nú. Þetta var það, sem ég bað hann um: Ef þjóð mín, Nefítar, drýgðu lögmálsbrot, eða þeim yrði ^atortímt af einhverjum ástæðum, en Lamanítum yrði ekki tortímt, þá skyldi Drottinn Guð ^bvarðveita heimildir um þjóð mína, Nefíta, jafnvel þótt hann yrði að beita til þess krafti síns heilaga arms og ^ckoma þeim í hendur Lamaníta einhvern tíma á ókomnum tímum, til þess að þeir yrðu ef til vill ^dleiddir til sáluhjálpar —

14 Því að eins og á stóð var baráttu okkar fyrir því að leiða þá aftur til hinnar sönnu trúar ^arangurslaus. Og þeir strengdu þess heit í reiði sinni að ^btortíma heimildum okkar, okkur sjálfum og öllum erfikenningum fedra okkar, gæfist þess nokkur kostur.

15 Og vegna þess að ég vissi, að það var á færi Drottins Guðs

að ^avarðveita heimildir okkar, ákallaði ég hann án afláts, því að hann hafði sagt við mig: Hvað sem þú biður um í trú og trúir, að þú hljótir, í nafni Jesú Krists, það munt þú hljóta.

16 Og trúna hafði ég, og ég ákallaði Guð og bað hann um að ^avarðveita ^bheimildirnar. Og hann gjörði við mig sáttmála um að hann mundi ^ckoma þeim til Lamaníta þegar honum hentaði.

17 Og ég, Enos, vissi, að þetta yrði í samræmi við þann sáttmála, sem hann hafði gjört, og því gat sál mín hvílst.

18 Og Drottinn sagði við mig: Feður þínir báðu mig einnig um þetta, og það mun veitast þeim í samræmi við trú þeirra, því að trú þeirra var eins og trú þín.

19 Og nú bar svo við, að ég, Enos, ferðaðist um meðal Nefíþjóðarinnar og spáði um óorðna hluti og bar vitni um það, sem ég hafði heyrt og séð.

20 Og ég staðfesti hér, að Nefíþjóðin reyndi ötullega að leiða Lamaníta aftur til hinnar sönnu trúar á Guð, en ^aerfiði okkar var til einskis. Hatur þeirra var óhagganlegt, og þeir létu stjórnast af illu eðli sínu og urðu að villtri, grimmi og ^bblóðþyrstri þjóð, sem dýrkaði ^cskurðgoð, var sóðaleg, nærðist á

12a Morm 5:21; 9:36.

b Sálm 37:4;

1 Ne 7:12;

He 10:5.

13a Morm 6:1, 6.

b OMorm 1:6–11;

Al 37:2.

c Al 37:19;

Et 12:22;

K&S 3:18.

d Al 9:17.

14a Jakob 7:24.

b Morm 6:6.

15a LR Ritningar —

Ritningar sem

varðveita ber.

16a 3 Ne 5:13–15;

K&S 3:19–20; 10:46–50.

b LR Mormónsbók.

c 2 Ne 27:6.

20a Moró 9:6.

b Jar 1:6.

c Mósía 9:12.

LR Falsguðadýrkun.

villibrað, bjó í tjöldum og ferðað-ist um í óbyggðunum með skinnræmur um lendar sér og með rakað höfuð. Og þeim var lagið að fara með ^aboga, sveðju og öxi. Og margir þeirra lögðu sér einungis til munns hrátt kjöt. Og þeir leit-uðust sífellt við að tortíma okkur.

21 Og svo bar við, að Nefíþjóðin yrkti jörðina, ^aræktaði alls konar korntegundir og ávexti, ól upp hjarðir af sauðfé og hjarðir af alls konar öðrum dýrum, geitum, villi-geitum og fjölmörgum hestum.

22 Og meðal okkar var mikill fjöldi ^aspámannanna. Og þjóðin var ^bþrjóskennd og treg til að skilja.

23 Og ekkert dugði nema ^aharka á hörku ofan, ^bprédikanir, spá-dómar um styrjaldir, deilur og tortímingu, stöðugar ^cáminningar um dauðann, óendanleika eilífð-arinnar og dóma og vald Guðs. Og allt þetta ýtti við þeim ^aán af-láts og hélt þeim í ótta við Drottin. Og ég fullyrði, að ekkert minna en þetta, ásamt afdráttarlausu orðalagi, varnaði þeim frá því að nálgast ódfluga tortímingu. Og þannig eru skrif mín um þá.

24 Og ég sá styrjaldir á milli Nefíta og Lamaníta á ævidögum mínum.

25 Og svo bar við, að ég tók að eldast, og eitt hundrað sjötíu og níu ár voru liðin, frá því að faðir okkar, Lehí, ^ayfirgaf Jerúsalem.

26 Og ég sá, að brátt mundi ég hverfa niður í gröf mína eftir að hafa fyrir kraft Guðs prédikað og spáð fyrir þessari þjóð og boðað orðið samkvæmt þeim sannleik, sem í Kristi er. Og ég hef boðað það alla mína ævidaga, og það hefur veitt mér meiri fögnuð en nokkuð annað í heiminum.

27 Og brátt mun ég hverfa til ^ahvíldarstaðar míns, sem er hjá lausnara mínum, því að ég veit, að í honum finn ég hvíld. Og ég fagna þeim degi, þegar ^bdauðlegur líkami minn íklæðist ^có dauðleika og mun standa frammi fyrir honum. Þá mun ég með fögnuði líta ásjónu hans, og hann mun segja við mig: Kom til mín, þú hinn blessaði, þér er fyrirbúinn staður í ^ahíbylum föður míns. Amen.

BÓK JAROMS

Nefítar halda lögmál Móse, þeir vænta komu Krists og þeim vegnar vel í landinu — Margir

spámenn leggja sig fram um að halda fólkinu á vegi sannleikans. Um 399–361 f.Kr.

20d Mósía 10:8.

21a Mósía 9:9.

22a OMorm 1:16–18.

b Jar 1:3.

23a 1 Ne 16:2;

2 Ne 33:5.

b LR Prédika.

c He 12:3.

d Jar 1:12; Al 31:5.

25a 1 Ne 2:2–4.

27a LR Hvíld.

b LR Dauðlegur,

dauðleiki.

c LR Ódauðlegur, ódauðleiki.

d Jóh 14:2–3;

Et 12:32–34;

K&S 72:4; 98:18.

SJÁ, ég Jarom, letra nú fáein orð, að fyrirmælum föður míns, Enosar, til að sögu ^aættar okkar sé haldið til haga.

2 Og þar eð ^bþessar töflur eru ^bsmáar umfangs og ^cáletrunin í þeim tilgangi gjörð að verða bræðrum okkar ^dLamanítum að gagni, verð ég að vera stuttur. Og ég mun ekki færa neitt í letur um spádóma mína eða opinberanir, því hverju gæti ég bætt við það, sem feður mínir hafa þegar ritað? Því að hafa þeir ekki opinberað sáluhjálparáætlunina? Jú, ég segi yður, að svo er, og það nægir mér.

3 Sjá. Mikið verk þarf að vinna meðal þessarar þjóðar, vegna þess að hún er hörð í hjarta, eyru hennar heyra ekki, hugur hennar er blindur og lund hennar ^aþrjós. Engu að síður er Guð henni afar miskunnsamur og hefur enn ekki ^bmáð hana af yfirborði landsins.

4 Og margir eru meðal okkar, sem fá margar ^aopinberanir, því ekki eru þeir allir þrjósfullir. Og allir þeir, sem ekki þrjósast, heldur eiga trú, eiga ^bsamfélag við hinn heilaga anda, sem opinberar mannanna börnum í samræmi við trú þeirra.

5 Og sjá. Tvö hundruð ár voru nú liðin, og Nefíþjóðin var orðin offlug í landinu. Hún gætti þess

að ^ahalda lögmál Móse og helgaði Drottin ^bhvíldardaginn. Og þeir ^cvanhelguðu ekkert, né ^dguðlöstuðu þeir. Og lög landsins voru afar ströng.

6 Og þeir voru dreifðir um mest allt landið og Lamanítar sömuleiðis. Og þeir voru miklu fjölmennari en Nefítar. Og þeir höfðu dálæti á ^amorðum og drukku blóð úr dýrum.

7 Og svo bar við, að þeir réðust oft gegn okkur Nefítum. En ^akonungar okkar og leiðtogar voru voldugir menn í trú sinni á Drottin, og þeir leiddu þjóðina á vegum Drottins. Þess vegna stóðumst við Lamanítana, rákum þá af ^blandi okkar og tókum að víggirða borgir okkar eða allt okkar erfðaland.

8 Og okkur fjölgaði mjög, og við dreifðumst um landið og auðgumst mikið að gulli, silfri, dýrmætum munum, hagleiksgripum úr tré, byggingum og tækjum, sem og járni, kopar, látúni og stáli og unnum alls kyns jarðyrkjuverkfæri og ^astríðsvopn — já, oddhvarsar örvar og örvamæla, skotspjót og kastspjót og allt, sem stríði tilheyrði.

9 Og þar eð við vorum þannig vel undir það búnir að mæta Lamanítum, vegnaði þeim ekki

[JAROM]

1 1a 1 Ne 3:12; 5:14.

2a Jakob 3:14;

Om 1:1.

b 1 Ne 6.

c LR Ritningar — Gildi ritninganna.

d 2 Ne 27:6;

Morm 5:12.

3a Enos 1:22–23.

b Et 2:8–10.

4a Al 26:22;

He 11:23;

K&S 107:18–19.

LR Opinberun.

b LR Heilagur andi.

5a 2 Ne 25:24;

Al 34:13–14.

b 2 Mós 35:2.

LR Hvíldardagur.

c LR Vanhelgun.

d LR Guðlasta, guðlast.

6a Jakob 7:24;

Enos 1:20.

7a Jakob 1:9, 11, 15.

b OMorm 1:14.

8a Mósía 10:8.

vel gegn okkur. En orð Drottins sannaðist, sem hann mælti til feðra okkar og sagði: Svo sem þér haldið boðorð mín, svo mun yður vegna vel í landinu.

10 Og svo bar við, að spámenn Drottins aðvöruðu Nefíþjóðina samkvæmt Guðs orði og sögðu, að héldi hún ekki boðorðin, heldur gjörðist lögmálsbrjótur, yrði hún „afmáð af yfirborði landsins.

11 Þess vegna lögðu spámennirnir, prestarnir og kennararnir sig ötullega fram við að áminna þjóðina með miklu langlundargeði um dugnað og staðfestu og kenndu „lögmál Móse og skýrðu tilgang þess. Og þeir töldu hana á að ^bvænta Messíasar og trúa á komu hans ^ceins og hann væri þá þegar kominn. Og þannig kenndu þeir henni.

12 Og svo bar við, að með þessu tókst þeim að varna því, að þeim yrði „tortímt í landinu, því að orð þeirra ^bsnertu hjörtu fólksins og vöktu það stöðugt til iðrunar.

13 Og svo bar við, að tvö hundruð þrjátíu og átta ár voru liðin og mestur hluti þess tíma leið við styrjaldir, illdeilur og ósamkomulag.

14 Og ég, Jarom, rita ekki meira, því að töflurnar eru smáar umfangs. En sjá, bræður mínir. Þér getið leitað til hinna „taflna Nefís, því að sjá, þar eru letraðar heimildir um styrjaldir okkar í samræmi við rit konunganna eða þau rit, sem þeir létu færa í letur.

15 Og þessar töflur sel ég í hendur syni mínum, Omní, svo að þær megi varðveitast samkvæmt „fyrirmælum feðra minna.

BÓK OMNÍS

Omní, Amaron, Kemís, Abínadom og Amalekí annast heimildirnar, hver á eftir öðrum — Mósía finnur fólk Sarahemla, sem kom frá Jerúsalem á dögum Sedekía — Mósía verður konungur þeirra — Afkomendur Múleks í Sarahemla höfðu fundið Kóríantumr, síðasta Jaredítann — Benjamín konungur tekur við af Mósía — Menn ættu að leggja fram sálir sínar sem förn til Krists. Um 323–130 f.Kr.

SJÁ. Svo bar við, að samkvæmt „fyrirmælum föður míns, Jaroms, féll það í minn hlut, Omnís, að letra nokkuð á þessar töflur til þess að varðveita sögu ættar okkar —

2 Þess vegna vil ég láta ykkur vita, að á ævidögum mínum barðist ég mikið með sverði til varnar því, að þjóð mín, Nefítar, félli í hendur óvina sinna, Lamaníta. En sjá. Sjálfur er ég

10a 1 Ne 12:19–20;
Om 1:5.

11a Jakob 4:5;
Al 25:15–16.

b 2 Ne 11:4;
Et 12:18–19.

c 2 Ne 25:24–27;
Mósía 3:13; 16:6.

12a Et 2:10.
b Al 31:5.

14a 1 Ne 9:2–4.
15a Jakob 1:1–4.

ranglátur maður og hef ekki haldið reglur og boð Drottins á þann hátt, sem mér bar.

3 Og svo bar við, að tvö hundruð sjötíu og sex ár voru liðin, og friður ríkti oft, en við áttum einnig oft í alvarlegum styrjöldum og blóðsúthellingum. Já, og loks voru tvö hundruð áttatíu og tvö ár liðin, og ég varðveitti þessar töflur samkvæmt “fyrirmælum feðra minna, og fól þær í umsjá sonar míns, Amaron, og ég læt hér staðar numið.

4 Og það sem ég, Amaron, rita, sem fátt eitt er, rita ég í bók föður míns.

5 Sjá, svo bar við, að þrjú hundruð og tuttugu ár voru liðin, og hinum ranglátari meðal Nefíta var “tortímt.

6 Og Drottinn vildi ekki una því, eftir að hafa leitt þá brott úr landi Jerúsalem, varðveitt þá og verndað frá því að falla í hendur óvinanna, já, hann vildi ekki una því, að orðin, sem hann mælti til feðra okkar, sönnuðust ekki, þegar hann sagði: Svo sem þér haldið ekki boðorð mín, svo mun yður ekki vegna vel í landinu.

7 Þess vegna lét Drottinn mikinn dóm yfir þá falla, en þó hlífði hann hinum réttlátu, svo að þeir færust ekki, og leysti þá úr höndum óvina sinna.

8 Og svo bar við, að ég afhenti bróður mínum, Kemís, töflurnar.

9 Það fáa, sem ég, Kemís, letra,

rita ég í sömu bók og bróðir minn, því að sjá. Ég sá, að það síðasta, sem hann letraði, ritaði hann með eigin hendi. Og hann skráði það sama dag og hann afhenti mér töflurnar, og á þennan hátt höldum við heimildaskrár, því að það er samkvæmt fyrirmælum feðra okkar. Og ég gjöri hér endi á.

10 Sjá, ég Abínadom, er sonur Kemísar. Sjá, svo bar við, að ég varð vitni að miklum styrjöldum og illdeilum milli þjóðar minnar, Nefíta, og Lamaníta. Og með eigin sverði hef ég fellt marga Lamaníta til varnar bræðrum mínum.

11 Og sjá. Heimildirnar um þetta fólk eru letraðar á töflurnar sem konungarnir hafa varðveitt kynslóð fram af kynslóð. Og mér er ekki kunnugt um aðrar opinberanir en þær, sem færðar hafa verið í letur, og heldur ekki spádóma. Þess vegna nægir það, sem ritað hefur verið, og ég læt staðar numið.

12 Sjá, ég er Amalekí, sonur Abínadoms. Sjá, ég mun ræða örlítið við yður um Mósía, sem gjörður var konungur yfir landi Sarahemla. Því að sjá. Drottinn hafði gefið honum viðvörun um að flýja úr “landi Nefís út í óbyggðirnar og með honum skyldu allir ^bfara, sem vildu hlusta á rödd Drottins —

13 Og svo bar við, að hann gjörði eins og Drottinn bauð honum. Og allir, sem vildu hlusta á rödd Drottins héldu burtu úr landinu

[OMNÍ]

1 3a Jakob 1:1–4;

Jar 1:15.

5a Jar 1:9–10.

12a 2 Ne 5:6–9.

b Jakob 3:4.

og út í óbyggðirnar. Og þeir höfðu margar prédikanir og spádóma sér að leiðarljósi. Og orð Guðs var þeim stöðug áminning, og í krafti arms hans voru þeir leiddir gegnum óbyggðirnar, þar til þeir komu til lands, sem nefnt er Sarahemlaland.

14 Og þeir fundu þar þjóð, sem nefndist Sarahemlaþjóðin. Og nú greip um sig mikill fögnuður meðal “Sarahemlaþjóðarinnar, og Sarahemla fylltist einnig fögnuði yfir því, að Drottinn hafði sent fólk Mósía með ^blátúnstöflurnar, sem geymdu heimildaskrá Gyðinga.

15 Sjá. Svo bar við, að Mósía komst að raun um, að “Sarahemlaþjóðin hafði komið frá Jerúsalem á sama tíma og ^bSedekía, konungur í Júda, var fluttur í ánaud til Babel.

16 Og þeir ferðust um óbyggðirnar, og hönd Drottins leiddi þá yfir vötnin miklu inn í landið, þar sem Mósía fann þá. Og þar höfðu þeir dvalið frá þeim tíma og til þessa.

17 Og þegar Mósía fann þá, voru þeir orðnir mjög fjölmennir. Engu að síður höfðu þeir háð margar styrjaldir, oft staðið í alvarlegum illdeilum og fallið fyrir sverði. Og tunga þeirra hafði spillst, þeir höfðu engar “heimildaskrár með sér og þeir afneituðu tilveru

skapara síns. Og hvorki Mósía né fólk hans gat skilið þá.

18 En svo bar við, að Mósía lét kenna þeim sína tungu. En þá varð það, að eftir að þeim hafði verið kennd tunga Mósía, rakti Sarahemla ættartölu feðra sinna eftir minni, og hún er færð í letur, en ekki á þessum töflum.

19 Og svo bar við, að þjóð Sarahemla og þjóð Mósía “sameinuðust, og ^bMósía var útnefndur konungur þeirra.

20 Og svo bar við, að á dögum Mósía var honum færður stór áletraður steinn, og hann “þýddi áletranirnar fyrir náð og kraft Guðs.

21 Og þær sögðu frá manni nokkrum, “Kóríantumr, að nafni, og frá eyðingu þjóðar hans. Og Sarahemlaþjóðin hafði fundið Kóríantumr, og hann dvaldist með þeim um níu tunglmánaða skeið.

22 Nokkur orð voru einnig sögð um feður hans. Þeir fyrstu komu úr “turninum á þeim tíma, sem Drottinn ^bruglaði tungumáli fólksins. Og þungur en réttvís dómur féll yfir þá, og “bein þeirra liggja dreifð um landið norðanvert.

23 Sjá, ég Amalekí, fæddist á dögum Mósía, og ég lifði það að sjá dauða hans, og “Benjamín, sonur hans, ríkti í hans stað.

24 Og sjá. Á dögum Benjamíns konungs hef ég séð alvarleg stríð

14a LR Sarahemla.

b 1 Ne 3:3, 19–20;
5:10–22.

15a Mósía 25:2.

b Jer 39:1–10; He 8:21.

17a Mósía 1:2–6.

19a Mósía 25:13.

b Om 1:12.

20a Mósía 8:13–19.

LR Sjáandi.

21a Et 12:1.

LR Kóríantumr.

22a Et 1:1–5.

b 1 Mós 11:6–9;

Mósía 28:17;

Et 1:33.

c Mósía 8:8.

23a OMorm 1:3.

með miklum blóðsúthellingum á milli Nefíta og Lamaníta. En sjá. Nefítar gjörðust miklu yfirsterkari þeim, já svo mjög, að Benjamín konungi tókst að reka þá út úr Sarahemlalandi.

25 Og svo bar við, að ég tók að eldast. Og þar sem ég á enga afkomendur en veit, að ^aBenjamín konungur er réttvís maður fyrir Drottni, mun ég ^bafhenda honum þessar töflur og hvet um leið alla menn til að koma til Guðs, hins heilaga Ísraels, og trúa á spádóma, opinberanir, þjónustu engla, tungutalsgáfu og gáfu til að túlka tungumál og á allt, sem ^cgott er, því að ekkert er gott, nema það komi frá Drottni, og það, sem illt er, kemur frá djöflinum.

26 Og nú, ástkæru bræður. Ég vildi að þér ^akæmuð til Krists, sem er hinn heilagi Ísraels, og tækjuð við hjálpræði hans og endurlausnarkrafti. Já, komið til hans og ^bleggið fram sálir yðar óskiptar sem ^cförn til hans og haldið áfram

að ^afasta og biðja og standið stöðugir allt til enda. Og svo sannarlega sem Drottinn lifir, munuð þér hólþnir verða.

27 Og nú vildi ég víkja nokkrum orðum að takmörkuðum hópi, sem hélt út í óbyggðirnar til að hverfa aftur til lands Nefís, því að þeir voru margir, sem höfðu hug á að ná haldi á erfðalandi sínu.

28 Af þeirri ástæðu héldu þeir út í óbyggðirnar. Og þar eð foringi þeirra var sterkur, völdugur og þrjóskur í lund, olli hann illdeilum meðal þeirra. Og þeir ^aféllu allir í óbyggðunum utan fimmtíu, sem hurfu aftur til Sarahemlalands.

29 Og svo bar við, að þeir tóku þó nokkurn fjölda annarra manna með sér og lögðu aftur leið sína út í óbyggðirnar.

30 Og ég, Amalekí, átti bróður, sem einnig fór með þeim, en síðan hef ég ekkert til þeirra spurt. Og nú er ég næstum kominn á grafarbakkann, og ^aþessar töflur eru útfylltar. Og ég lýk máli mínu.

ORÐ MORMÓNS

Mormón gerir útdrátt af stóru töflum Nefís — Hann sameinar litlu töflurnar hinum töflunum — Benjamín konungur kemur á friði í landinu. Um 385 e.Kr.

EN nú hef ég, ^aMormón, sem ætla að fara að láta heimildirnar, sem ég hef verið að gjöra, í hendur sonar míns Mormónís, sjá, ég hef orðið vitni að

25a OMorm 1:17–18;
Mósía 29:13.

b OMorm 1:10.

c Al 5:40; Et 4:12;
Moró 7:15–17.

26a Jakob 1:7;

Al 29:2; Moró 10:32.

b LR Förn.

c 3 Ne 9:20.

d LR Fasta.

28a Mósía 9:1–4.

30a 1 Ne 6.

[ORÐ MORMÓNS]

1 1a 3 Ne 5:9–12;

Morm 1:1–4;

8:1, 4–5.

LR Mormón, spáamaður

Nefíta.

nær algjörri tortímingu þjóðar minnar, Nefíta.

2 Og það er “mörg hundruð árum eftir komu Krists, að ég læt þessar heimildaskrár í hendur sonar míns. En mér býður í grun, að hann verði vitni að algjörri tortímingu þjóðar minnar. En megi Guð gefa, að hann lifi þá, svo að hann geti fest eitthvað í letur um þjóð sína og eitthvað um Krist, til að það megi ef til vill einhvern tíma koma þeim að ^bgagni.

3 Og nú ætla ég að tala örlítið um það, sem ég hef ritað, því að þegar ég hafði gjört “útdrátt úr ^btöflum Nefís, alveg fram á stjórnartíð þess Benjamíns konungs, sem Amalekí talaði um, gjörði ég leit meðal ^cheimildanna, sem ég hafði fengið í hendur, og fann þessar töflur, sem á var þessi stutta frásögn um spámenn, frá Jakob og fram á stjórnarár umrædds ^dBenjamíns konungs, sem og mörg af orðum Nefís.

4 Og það, sem á þessum töflum er, “gleður mig vegna spádómanna um komu Krists og vegna þess, að feður mínir vissu, að margir þeirra hafa þegar ræst. Og ég veit einnig, að það, sem hefur verið spáð fyrir okkur fram til þessa dags, hefur ræst, og allt, sem nær fram yfir þennan dag, hlýtur einnig óhjákvæmilega að gjörast —

5 Því kaus ég að ljúka heimildaskrá minni á þessum ^aatriðum, en það, sem eftir er skrárinnar mun ég sækja í ^btöflur Nefís. En ég get ekki fært í letur einn ^chundraðasta hluta af því, sem á daga þjóðar minnar hefur drifið.

6 En sjá. Ég mun taka þessar töflur, sem geyma þessa spádóma og opinberanir, og láta þær með öðrum heimildum mínum, því að þær eru mér dýrmætar og ég veit, að þær verða bræðrum mínum dýrmætar.

7 Og þetta gjöri ég í ^aviturlegum tilgangi, því að svo hvíslar andi Drottins, sem í mér býr. Og ekki veit ég alla hluti, en Drottinn ^bveit allt, sem koma mun. Og hann starfar í mér, svo að ég gjöri vilja hans.

8 Og ^abænir mínar til Guðs eru fyrirbænir fyrir bræðrum mínum, um að þeir megi að nýju öðlast þekkingu á Guði, já, og endurlausn Krists, og verða á ný ^bgeðfellt fólk.

9 Og nú vil ég, Mormón, leggja lokahönd á heimildaskrá mína, sem ég hef unnið upp úr töflum Nefís. Og það gjöri ég samkvæmt þeirri þekkingu og þeim skilningi, sem Guð hefur veitt mér.

10 Það varð því svo, að eftir að Amalekí hafði “látið þessar töflur í hendur Benjamíns konungs, tók

2a Morm 6:5–6.

b K&S 3:16–20.

3a K&S 10:44.

b K&S 10:38–40.

c Mósía 1:6; He 3:13–15; Morm 4:23.

d Om 1:23.

4a 1 Ne 6:5.

5a P.E. atriði honum hugkvæm, nefnd í 4. versí.

b 1 Ne 9:2.

c 3 Ne 5:8–11; 26:6–12.

7a 1 Ne 9:5; 19:3;

K&S 3:12–20; 10:1–19, 30–47.

b LR Alvitur.

8a 2 Ne 33:3–4;

Enos 1:11–12.

b 2 Ne 30:6.

10a Om 1:25, 30.

hann þær og setti með ^bhinum töflunum, sem hafa að geyma þær heimildir, sem ^ckonungarnir höfðu látið ganga frá kynslóð til kynslóðar, allt fram á daga Benjamíns konungs.

11 Og frá Benjamín konungi gengu þær frá kynslóð til kynslóðar, þar til þær komust í mínar ^ahendur. Og ég, Mormón, bið til Guðs, að þær megi varðveitast hér eftir sem hingað til. Og ég veit, að þær munu varðveitast, því að á þær eru rituð mikilsverð atriði, sem þjóð mín og bræður þeirra verða ^bdæmd eftir á hinum mikla og efsta degi, samkvæmt orði Guðs, sem skrifað stendur.

12 Og víkjum nú að þessum Benjamín konungi — nokkur innbyrðis ágreiningur var meðal þjóðar hans.

13 Og svo bar einnig við, að herir Lamaníta komu úr ^alandi Nefís til að berjast gegn þjóð hans. En sjá. Benjamín konungur safnaði herjum sínum og veitti þeim viðnám. Og hann barðist í krafti síns eigin arms, vopnaður ^bsverði Labans.

14 Og með styrk frá Drottni börðust þeir við óvini sína, þar til þeir höfðu lagt margar þúsundir

Lamaníta að velli. Og svo bar við, að þeir börðust við Lamaníta, þar til þeir höfðu rekið þá af öllu erfðalandi sínu.

15 Og svo bar við, að eftir að fram höfðu komið svikarar sem þóttust vera ^aKristur, og vörum þeirra hafði verið lokað og þeim refsað í samræmi við glæpi sína —

16 Og eftir að fram höfðu komið falsspámenn, falsprédikarar og falskennimenn meðal þjóðarinnar og þeim hafði öllum verið refsað í samræmi við glæpi sína og eftir að miklar illdeilur höfðu orðið og margir hurfu á brott til Lamaníta, sjá, þá bar svo við, að Benjamín konungi tókst með aðstoð heilagra ^aspámanna, sem voru meðal fólks hans —

17 Því að sjá. Benjamín konungur var ^aheilagur maður, og hann ríkti yfir fólki sínu í réttlæti, margir heilagir menn voru í landinu, og þeir mæltu Guðs orð með ^bkrafti og valdi, og þeir voru mjög ^chvassyrdir vegna þrjósku fólksins —

18 Með hjálp þessara manna, og með því að leggja fram alla sína lífs- og sálarkrafta, og einnig með hjálp spámannanna, tókst Benjamín konungi því að koma aftur á friði í landinu.

10b 1 Ne 9:4.

c Jar 1:14.

11a 3 Ne 5:8–12;

Morm 1:1–5.

b 2 Ne 25:18; 29:11;

33:11–15;

3 Ne 27:23–27.

13a Om 1:12.

b 1 Ne 4:9; 2 Ne 5:14;

Jakob 1:10;

Mósía 1:16;

K&S 17:1.

15a LR Andkristur.

16a Enos 1:22.

17a Al 13:26.

b Al 17:2–3.

c Moró 9:4;

K&S 121:41–43.

BÓK MÓSÍA

1. KAPÍTULI

Benjamín konungur kennir sonum sínum tungu feðra sinna og spádóma — Trúarbrögð þeirra og menning hefur varðveist vegna þeirra heimilda sem geymst hafa á ýmsum töflum — Mósía er valinn konungur og honum falin umsjón með heimildunum og fleiru. Um 130–124 f.Kr.

EN nú dró ekki frekar til sundurlyndis í ^alandi Sarahemla meðal þegna Benjamíns konungs, svo að órofinn friður ríkti það sem eftir var ævidaga hans.

2 Og svo bar við, að hann eignaðist þrjá sonu, og hann nefndi þá Mósía, Helórum og Helaman. Og hann lét ^akenna þeim ^btungu feðra sinna, til að þeir yrðu skilningsríkir menn og mættu þekkja spádómana, sem feður þeirra höfðu mælt af munni fram og hönd Drottins færði þeim.

3 Og hann fræddi þá einnig um heimildirnar, sem letraðar voru á látúnstöflurnar og sagði: Synir mínir, ég vildi, að þið hefðuð hugfast, að án þessara ^ataflna, sem geyma þessar heimildir og þessi boðorð, hlytum við að hafa þjáðst í ^bvanþekkingu allt fram á þessa stund, þar eð við hefðum ekki þekkt leyndardóma Guðs.

4 Því útilokað er, að faðir okkar, Lehí, hefði getað munað allt þetta og kennt börnum sínum, án þessara taflna. En honum hafði verið kennd ^atunga Egypta og því gat hann lesið áletranirnar og kennt þær börnum sínum, svo að þau gætu þar með kennt þær sínum börnum og þannig uppfyllt boð Guðs, allt fram til þessa dags.

5 Og ég segi ykkur, synir mínir, að án þessara hluta, sem hönd Guðs hefur geymt og ^avarðveitt, til þess að við getum ^blesið og skilið ^cleyndardóma hans og haft boðorð hans stöðugt fyrir augum, hefði jafnvel feðrum okkar hnignað í vantrú, og við hefðum orðið eins og bræður okkar, Lamanítar, sem ekkert vita um þessa hluti og trúa þeim jafnvel ekki, þegar þeim eru kenndir þeir, vegna ^darfsagna feðra þeirra, sem alrangar eru.

6 Ó, synir mínir. Ég vildi, að þið hefðuð hugfast, að þessi orð eru sönn og einnig það, að þessar heimildaskrár eru ^asannar. Og sjá. Svo er og um töflur Nefís, sem á eru heimildir og orð feðra okkar frá því að þeir yfirgáfu Jerúsalem til líðandi stundar, og þær eru sannar. Og við megum vita, að þeim er treystandi, því að við höfum þær fyrir augum.

[Mósía]

1 1a Om 1:13.

2a Mósía 4:14–15;
K&S 68:25, 28.

b Morm 9:32.

3a LR Töflur.

b Al 37:8–9.

4a JS — S 1:64.

5a LR Ritningar —
Ritningar sem
varðveita ber.

b 5 Mós 6:6–8.

c LR Leyndardómar
Guðs.

d Mósía 10:11–17.
6a 1 Ne 1:3;
2 Ne 33:10–11;
Moró 10:27.

7 Og nú vildi ég, synir mínir, að þið ^akönnuðuð þær af kostgæfni og nytuð góðs af. Og ég vildi, að þið ^bhélduð boðorð Guðs, svo að ykkur megi ^cvegna vel í landinu, samkvæmt þeim ^dfyrirheitum, sem Drottinn gaf feðrum okkar.

8 Og margt fleira kenndi Benjamín konungur sonum sínum, sem ekki er skráð í þessari bók.

9 Og svo bar við, að þegar Benjamín konungur hafði lokið við að kenna sonum sínum, tók hann að eldast og sá, að brátt gengi hann veg allrar veraldar. Hann taldi því ráðlegt að veita einum sona sinna konungdóminn.

10 Þess vegna lét hann leiða Mósía fyrir sig. Og þetta eru orðin, sem hann mælti við hann, þegar hann sagði: Sonur minn. Ég vil, að þú látir það boð út ganga um allt þetta land og meðal allrar þessarar þjóðar, eða ^afólksins í Sarahemla og fólks Mósía, sem í landinu dvelst, að safnast saman, því að á degi komanda mun ég af eigin munni gefa þjóð minni þá yfirlýsingu, að þú sért ^bkonungur og stjórnandi þessarar þjóðar, sem Drottinn, Guð okkar, hefur falið okkur.

11 Og enn fremur mun ég gefa þessari þjóð ^a nafn til að auðkenna hana á þann hátt frá öllum öðrum þjóðum, sem Drottinn Guð

hefur leitt úr landi Jerúsalem. Og þetta gjöri ég, vegna þess að hún hefur haldið boðorð Drottins af kostgæfni.

12 Og ég gef þeim nafn, sem aldrei verður þurrkað út, nema með ^alög málsbroti.

13 Já, og enn fremur segi ég þér, að gjörist þessi mikla forréttindaþjóð Drottins ^alög málsbrjótur og verði ranglát eða saurlíf, mun Drottinn sleppa af henni hendi, svo að hún verði ^bmáttvana eins og bræður hennar, og hann mun ekki ^cvarðveita hana lengur með óviðjafnanlegum og undursamlegum krafti sínum, eins og hann hefur fram til þessa varðveitt feður okkar.

14 Því að ég segi þér, að hefði hann ekki rétt út arm sinn til að varðveita feður okkar, hlytu þeir að hafa fallið í hendur Lamaníta og orðið fórnarlömb haturs þeirra.

15 Og svo bar við, að þegar Benjamín konungur hafði lokið máli sínu við son sinn, fól hann honum á hendur öll málefni ríkis síns.

16 Og hann fól honum enn fremur heimildaskrárnar, sem letraðar eru á ^alátúnstöflurnar, auk þess töflur Nefis og einnig ^bsverð Labans og ^chnöttinn eða leiðarvísinn, sem leiddi feður okkar í óbyggðunum, og var þannig

7a LR Ritningar.

b Mósía 2:22;
Al 50:20–22.

c Sálm 122:6;
1 Ne 2:20.

d Al 9:12–14.

10a Om 1:14.

b Mósía 2:30.

11a Mósía 5:8–12.

12a LR Synd.

13a Hebr 6:4–6.

b He 4:24–26.

c K&S 103:8–10.

16a Mósía 1:3.

b 1 Ne 4:8–19;

OMorm 1:13;

K&S 17:1.

c 1 Ne 16:10.

gjörður af Drottins hendi, að þeir yrðu leiddir, hver og einn í samræmi við þá athygli og ástundun, sem þeir sýndu Drottni.

17 Þess vegna vegnaði þeim ekki vel, þegar þeir voru ótrúir, og þeim miðaði ekki áfram, heldur ^ahróktust til baka og kölluðu vanþóknun Guðs yfir sig. Þess vegna dundi hungursneyð og sárar þrengingar yfir þá til að vekja þá til minningar um skyldur sínar.

18 Og nú bar svo við, að Mósía fór og gjörði sem faðir hans hafði mælt fyrir og bauð öllum íbúum Sarahemla að safnast saman og halda til musterisins og hlýða á þau orð, sem faðir hans vildi beina til þeirra.

2. KAPÍTULI

Benjamín konungur ávarpar þegna sína — Hann gjörir grein fyrir réttlæti, sanngirni og trúarlegum þætti stjórnar sinnar — Hann ráðleggur þeim að þjóna himneskum konungi sínum — Þeir sem rísa gegn Guði munu þola kvöl líkt og í óslökkvandi eldi. Um 124 f.Kr.

Og svo bar við, að þegar Mósía hafði gjört það, sem faðir hans hafði fyrir hann lagt, og látið boð út ganga um allt landið, tók fólkið að safnast saman hvaðanæva að úr landinu til að halda til musterisins og hlýða á orðin,

sem Benjamín konungur hugðist mæla.

2 Og það var mikill fjöldi, já, svo mikill, að ekki var hægt að kasta á hann tölu, því að fólkinu hafði fjölgað afar mikið og var orðið öflugt í landinu.

3 Og lýðurinn tók einnig ^afrumburði hjarða sinna til að geta fært ^bfórnir og ^cbrennifórnir ^dsamkvæmt lögmáli Móse —

4 Og einnig til að færa Drottni Guði sínum þakkir, sem hafði leitt þá úr landi Jerúsalem, bjargað þeim úr höndum óvina sinna, ^atilnefnt réttvísa menn sem ^bkennara þeirra og einnig skipað réttvísan mann konung þeirra, sem komið hafði á friði í ^cSarahemlalandi og kennt þeim að ^ahalda boðorð Guðs, svo að þeir mættu þannig fyllast fögnuði og ^eelsku til Guðs og allra manna.

5 Og svo bar við, að þegar þeir komu til musterisins, tjölduðu þeir umhverfis það, hver og einn eftir ^afjölskyldustærð sinni, sem í var eiginkona hans, synir hans og dætur, synir þeirra og dætur, frá þeim elsta til hins yngsta, og hver fjölskylda var aðskilin frá hinum.

6 Og þeir tjölduðu umhverfis musterioð, og hver maður sneri ^atjaldi sínu að musterinu til að geta dvalist í tjöldunum og hlýtt á orðin, sem Benjamín konungur hugðist mæla til þeirra —

7 Vegna þess að fjöldinn var svo

17a 1 Ne 18:12–13.

2 3a 1 Mós 4:4.

b LR Fórn.

c 1 Ne 5:9.

d 2 Ne 25:24;

Al 30:3; 34:13–14.

4a LR Köllun, kallaður af Guði.

b Mósía 18:18–22.

LR Kenna, kennari.

c Om 1:12–15.

d Jóh 15:10.

e LR Elska, ást.

5a LR Fjölskylda.

6a 2 Mós 33:8–10.

mikill, að Benjamín konungur gat ekki kennt þeim öllum innan veggja musterisins, lét hann reisa turn, til að þegnar hans gætu heyrt orðin, sem hann hugðist mæla til þeirra.

8 Og svo bar við, að hann hóf að tala til þjóðar sinnar úr turninum, en vegna þess hve mannfjöldinn var mikill, gátu ekki allir heyrt orð hans. Þess vegna lét hann færa orðin, sem hann mælti, í letur og senda þau út á meðal þeirra, sem rödd hans náði ekki til, svo að þeim bærust einnig orð hans.

9 Og þetta eru orðin, sem hann “mælti og lét færa í letur, og hann sagði: Bræður mínir, þér allir, sem safnast hafið saman, þér, sem getið heyrt orðin, sem ég ætla að mæla til yðar í dag. Ég hef ekki boðað yður hingað, til þess að þér ^btakið létt á þeim orðum, sem ég læt frá mér fara, heldur til að þér ^chlustið á mig og ljúkið upp eyrum yðar, svo að þér megið heyra, og ^dhjörtum yðar, svo að þér megið skilja, og ^ehugum yðar, svo að ^fleyndardómar Guðs megi afhjúpast augliti yðar.

10 Ég hef ekki boðað yður hingað, til að þér ^aóttist mig eða haldið mig annað og meira af sjálfum mér en dauðlegan mann.

11 Ég er haldinn alls kyns veikleika á sálu og líkama eins og þér sjálfir. Engu að síður hefur þessi þjóð valið mig og faðir minn vígt

mig og hönd Drottins umborið mig sem stjórnanda og konung þessarar þjóðar. Og ég hef notið verndar og varðveislu hins óviðjafnanlega kraftar hans til að þjóna yður af öllum þeim mætti, huga og styrk, sem Drottinn hefur léð mér.

12 Ég segi yður, að mér hefur leyfst að eyða ævidögum mínum í þjónustu við yður, allt til líðandi stundar. Og ég hef hvorki sóst eftir “gulli, silfri né ríkidæmi af neinu tagi frá yður.

13 Ekki hef ég heldur leyft, að þér væruð byrgðir inni í dýflissum, né að þér gjörðuð hver annan að þrælum, né heldur að þér myrtuð, rænduð, stæluð eða drýgðuð hór. Ekki hef ég heldur leyft að þér hegðuðuð yður ranglátlega á nokkurn hátt, heldur hef ég kennt yður að halda öll boðorð Drottins, sem hann hefur gefið yður —

14 Og sjálfur hef ég einnig “erfiðað eigin höndum til að þjóna yður, svo að yður yrði ekki íþyngt um of með sköttum og ekkert skyldi yfir yður koma, sem þungbært væri — og um allt, sem ég hef sagt, berið þér sjálfir vitni í dag.

15 Samt hef ég, bræður mínir, ekki gjört þetta til að miklast. Og ég segi það heldur ekki til þess að áfellast yður, heldur segi ég það til að þér vitið, að ég get staðið með hreina “samvisku frammi fyrir Guði í dag.

9a Mósía 8:3.

b K&S 6:12.

c LR Hlusta og hlýða á.

d Mósía 12:27;

3 Ne 19:33.

e LR Hugur.

f LR Leyndardómar

Guðs.

10a LR Ótti.

12a Post 20:33–34.

14a 1 Kor 9:18.

15a LR Samviska.

16 Sjá, ég segi yður, að enda þótt ég segðist hafa eytt ævidögum mínum í þjónustu yðar, hef ég enga löngun til að miklast, því að ég hef aðeins verið í þjónustu Guðs.

17 Og sjá. Ég segi yður þetta, til þess að þér megid nema "visku og komist að raun um, að þegar þér eruð í ^bþjónustu "meðbræðra yðar, eruð þér aðeins í þjónustu Guðs yðar.

18 Sjá. Þér hafið nefnt mig konung yðar, og ef ég, sem þér nefnið konung yðar, erfiða í "þjónustu yðar, ættuð þér þá ekki að starfa í þjónustu hver annars?

19 Og sjá enn fremur. Eigi ég, sem þér nefnið konung yðar og sem eytt hefur dögum sínum í þjónustu yðar og þá verið í þjónustu Guðs, einhverjar þakkir skildar af yður, ó, hvílíkar "þakkir ættuð þér þá að færa himneskum konungi yðar!

20 Ég segi yður, bræður mínir, að enda þótt þér beinduð öllu því þakklæti og "lofi, sem öll sála yðar orkar að rúma, til þess ^bGuðs, sem skóp yður og hefur verndað yður og varðveitt, gjört yður kleift að fagna og leyft yður að lifa í friði hver með öðrum —

21 Ég segi yður, að enda þótt þér þjónuð honum, sem í upphafi skóp yður og varðveitir yður

dag frá degi með því að ljá yður anda, til að þér getið lifað, hreyfst og gjört yðar eigin "vilja og sem styður yður einnig frá einu andartaki til þess næsta — sannlega segi ég yður, að enda þótt þér þjónuð honum af allri sálu yðar, væruð þér samt ^bóarðbærir þjónar.

22 Og sjá. Allt, sem hann krefst af yður, er, að þér "haldið ^bboðorð hans. Og hann hefur lofað yður, að haldið þér boðorð hans, muni yður vegna vel í landinu. Og hann "hvikar aldrei frá því, sem hann hefur sagt. Þess vegna mun hann blessa yður og veita yður velgengni, ef þér "haldið boðorð hans.

23 Og í fyrsta lagi hefur hann skapað yður og gætt yður lífi, og fyrir það standið þér í þakkar-skuld við hann.

24 Og í öðru lagi krefst hann þess, að þér gjörið eins og hann hefur boðið yður, og fyrir að gjöra svo "blessar hann yður samtundis, og því hefur hann endurgoldið yður. En þér eruð enn í þakkar-skuld við hann, þér eruð það og munuð verða alltaf og að eilífu. Og yfir hverju gætuð þér þá miklast?

25 Og nú spyr ég: Getið þér talið sjálfum yður nokkuð til gildis? Ég svara yður nei. Þér getið ekki sagt, að þér séuð svo mikið sem duft

17a LR Viska.

b Matt 25:40;

Jakbr 1:27;

K&S 42:29–31.

LR Þjónusta.

c LR Bræður, bróðir; Systir.

18a Matt 20:26–27.

19a LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

20a 1 Ne 18:16.

b LR Guð, guðdómur.

21a LR Sjálfræði.

b Lúk 17:7–10.

22a 3 Mós 25:18–19;

2 Ne 1:9.

b LR Boðorð Guðs.

c K&S 3:1–2.

d K&S 14:7; 58:2–3.

24a LR Blessa, blessaður, blessun.

jarðar. Samt voruð þér “sköpuð úr ^bdufti jarðar, en sjá. Það tilheyrði honum, sem skóp yður.

26 Og ég, já ég, sem þér kallið konung yðar, er engu betri en þér sjálfir, því að ég er einnig af dufti kominn. Og þér sjáið, að ég er orðinn gamall og að því kominn að afhenda móður jörð aftur þessa jarðnesku umgjörð.

27 Og þar eð ég sagðist hafa þjónað yður og “gengið með hreinni samvisku frammi fyrir Guði, hef ég samt á þessari stundu látið kalla yður saman, svo að ég verði saklaus fundinn og ófleckaður af ^bblóði yðar, þegar ég stend frammi fyrir Guði, til að verða dæmdur með tilliti til þeirra fyrirmæla, sem hann hefur gefið mér varðandi yður.

28 Ég segi yður, að ég hef látið yður koma saman til að geta “hreinsað klæði mín af blóði yðar á þessum tímamótum, þegar ég er að því kominn að hverfa niður í gróf mína, svo að ég megi leggjast niður í friði og ódauðlegur ^bandi minn sameinast “kórum himna í lofsöng til réttvíss Guðs.

29 Og ég segi yður auk þess, að ég hef látið kalla yður saman til að lýsa yfir því, að ég geti ekki verið kennari yðar eða konungur lengur —

30 Því að jafnvel nú, meðan ég reyni að tala við yður, hriktir stórlega í allri umgjörð minni, en

Drottinn Guð styður mig og leyfir mér að ávarpa yður og hefur falið mér að tilkynna yður á þessum degi, að sonur minn, Mósía, sé konungur yðar og stjórnandi.

31 Og nú vil ég, bræður mínir, að þér breytið áfram eins og þér hafið gjört hingað til. Á sama hátt og þér hafið haldið boð mín og einnig boð föður míns, og yður hefur vegnað vel og þér verið verndaðir frá því að falla í hendur óvina yðar, þá mun yður vegna vel í landinu og óvinir yðar ekkert vald hafa yfir yður, ef þér haldið boð sonar míns eða boð Guðs, sem hann mun færa yður.

32 En, ó, þjóð mín. Varist að “ágreiningur vakni yðar á meðal og að ykkur þóknist að hlýðnast hinum illa anda, sem faðir minn, Mósía, talaði um.

33 Því að sjá. Ógæfu er lýst á hendur hverjum þeim, sem þóknast að hlýða þeim anda. Því að leggi hann eyrun við og þóknist að hlýða honum og haldist og deyi í synd sinni, mun sá hinn sami leiða “fordæmingu yfir sálu sína, því að laun hans verða ^bævarandi refsing, þar eð hann hefur brotið á móti lögmáli Guðs gegn betri vitund.

34 Og ég segi yður, að enginn er sá yðar á meðal, nema ef vera skyldi ung börn yðar, sem ekki hefur notið kennslu um þessi mál og veit ekki, að þér standið

25a LR Skapa, sköpun.

b 1 Mós 3:19;

Jakob 2:21.

27a LR Ganga, ganga með

Guði.

b Jakob 1:19.

28a Jakob 2:2.

b LR Andi.

c Morm 7:7.

32a 3 Ne 11:29–30.

33a LR Fordæming.

b K&S 19:6, 10–12.

í eilífri þakkarskuld við himneskan föður yðar og að yður ber að skila honum aftur öllu, sem þér hafið og eruð. Og einnig hafið þér verið frædd um heimildirnar, sem geyma spádóma þá, er heilagir spámenn hafa mælt af munni fram, allt fram að þeim tíma, er faðir vor, Lehí, yfirgaf Jerúsalem —

35 Og einnig um allt, sem feður vorir hafa mælt af munni fram til þessa. Og sjá. Einnig þeir höfðu það að mæla, sem Drottinn bauð þeim. Þess vegna eru þær réttar og sannar.

36 Og nú segi ég yður, bræður mínir, að ef þér, eftir að hafa öðlast vitneskju um þessi mál og notið tilsagnar um þau, brytuð eða gengjuð gegn því, sem sagt hefur verið, þá dragið þér yður frá anda Drottins, þannig að hann hefur ekkert svigrúm í yður til að leiða yður á vegum viskunnar, yður til blessunar, velmegunar og varðveislu —

37 Ég segi yður, að sá maður, sem þetta gjörir, er í beinni andstöðu við Guð. Vegna þess að honum þóknast að hlýða hinum illa anda og verður óvinur alls réttlætis, einmitt þess vegna á Drottinn ekkert rúm í honum, því að hann dvelur ekki í ^bvanhelgum musterum.

38 Ef sá maður “iðrast þess vegna ekki, heldur lifir og deyr sem óvinur Guðs, vekja kröfur guðlegrar ^bréttvísi lifandi kennd um eigin ‘sekt í ódauðlegri sál hans og verða þess valdandi, að hann hörfar úr návist Drottins, og brjóst hans fyllist sektarkennd, sársauka og angist, líkast óslökkvandi eldi, sem teygir eldtungur sínar hærra og hærra að eilífu.

39 Og nú segi ég yður, að “miskunnsemin á engar kröfur til þessa manns. Þess vegna verður það endanlegur dómur hans að þola óendanlega kvöl.

40 Ó, allir þér, aldri menn sem ungir, og einnig þér, ungu börn, sem orð mín skiljið, því að ég hef talað greinilega til yðar, svo að þér fengjuð skilið. Ég bið þess, að þér vaknið til “minningar um hið hræðilega ástand þeirra, sem brotið hafa gegn lögmálinu.

41 Og enn fremur langar mig til, að þér hugleiðið blessun og “hamingju þeirra, sem halda boðorð Guðs. Því að sjá. Þeir njóta ^bblessunar í öllu, jafnt stundlegu sem andlegu. Og ef þeir haldast ‘staðfastir allt til enda, er tekið á móti þeim á “himni, og þeir fá dvalið með Guði í óendanlegri sælu. Ó, munið og hafið hugfast, að þetta er sannleikur, því að Drottinn Guð hefur talað það.

37a Mósía 3:12;
He 8:24–25.
LR Uppreisn.

b Al 7:21.

38a LR Iðrast, iðrun.
b LR Réttvísi.

c LR Sekt.

39a Al 34:8–9, 15–16.

LR Miskunnssamur,
miskunnsemi.

40a Al 5:18.

41a 4 Ne 1:15–18.

LR Gleði.

b LR Blessa, blessaður,
blessun.

c K&S 6:13.

d LR Himinn.

3. KAPÍTULI

Benjamín konungur heldur áfram ávarpi sínu — Drottinn almáttugur mun þjóna meðal manna í musteri úr leir — Blóð mun drjúpa úr hverri svitaholu þegar hann friðþægir fyrir syndir heimsins — Nafn hans er eina nafnið sem frelsað getur manni — Menn geta losnað úr viðjum hins náttúrlega manns og orðið heilagir með friðþægingunni — Kvöl hinna ranglátu verður sem diki elds og brennisteins. Um 124 f.Kr.

Og enn bið ég um eftirtekt yðar, bræður mínir, því að ýmislegt fleira vil ég segja við yður. Því að sjá. Ég þarf að segja yður frá því, sem koma mun.

2 Og það, sem ég hyggst segja við yður, hefur ^aengill Guðs kunngjört mér, og hann sagði við mig: Vakna þú! Og ég vaknaði, og sjá. Hann stóð frammi fyrir mér.

3 Og hann sagði við mig: Vakna og hlýð á orðin, sem ég mun mæla til þín. Því að sjá. Ég er kominn til að boða þér mikil ^agleði- og fagnaðartíðindi.

4 Því að Drottinn hefur heyrt bænir þínar, dæmt um réttlæti þitt og sent mig til að tilkynna þér, að þú getir fagnað og tilkynnt þjóð þinni, að hún geti einnig fyllst gleði.

5 Því að sjá. Sá tími kemur og er ekki langt undan, að ^aDrottinn alvaldur, sem ríkjum ræður, sem var og er frá allri eilífð til allrar eilífðar, mun í veldi stíga niður af himni, dveljast í ^bmusteri úr leir meðal mannanna barna, ferðast um meðal þeirra og gjöra máttug ^ckraftaverk, svo sem að gjöra sjúka heila, reisa látna upp frá dauðum, veita lömuðum mátt, blindum sýn, daufum heyrn og lækna hvers kyns sjúkdóma.

6 Og hann mun stökkva brott ^adjöflum eða illum öndum, sem dveljast í hjörtum mannanna barna.

7 Og sjá, hann mun líða ^afreistingar, líkamlegan sársauka, ^bhungur, þorsta og þreytu, meir en maðurinn fær ^cþolað, nema fjörtjón hljótist af. Því að sjá. ^aBlóð drýpur úr hverri svitaholu, svo mikil verður ^aangist hans vegna ranglætis og viðurstyggðar þjóðar hans.

8 Og hann skal kallast ^aJesús Kristur, ^bsonur Guðs, ^cfaðir himins og jarðar, skapari alls frá öndverðu, og ^dmóðir hans mun kölluð verða ^eMaría.

9 Og sjá. Hann mun vitja sinna eigin, til að ^atrúin á nafn hans færi mannanna börnum ^bsáluhjálp. En jafnvel eftir allt þetta munu þeir

3 2a LR Englar.

3a Lúk 2:10–11.

5a LR Jehóva.

b Mósía 7:27;

Al 7:9–13.

c Matt 4:23–24;

Post 2:22; 1 Ne 11:31.

LR Kraftaverk.

6a Mark 1:32–34.

7a LR Freista, freisting.

b Matt 4:1–2.

c K&S 19:15–18.

d Lúk 22:44.

e Jes 53:4–5.

8a LR Guð, guðdómur —

Guð sonurinn.

b Al 7:10.

c He 14:12;

3 Ne 9:15.

d Matt 1:16;

1 Ne 11:14–21.

e LR María, móðir Jesú.

9a LR Átrúnaður.

b LR Sáluhjálp, hjálpraði.

líta á hann sem mann og segja hann haldinn ‘illum anda, og þeir munu ^h“húðstrýkja hann og ^e“krossfesta.

10 Og á ^a“þriðja degi mun hann ^brísa upp frá dauðum. Og sjá, hann mun standa og ^c“dæma heiminn. Og sjá, allt er þetta gjört til að réttlátur dómur falli yfir manna börn.

11 Því að sjá. “Blóð hans ^bfriðþægir einnig fyrir syndir þeirra, sem ^c“fallið hafa vegna lögmálsbrots Adams, en dáíð hafa án þess að þekkja vilja Guðs varðandi þá, eða sem syndgað hafa ^d“óafvitandi.

12 En vei, vei sé þeim, sem veit, að hann ^a“rís gegn Guði! Því að hjálpræðið nær ekki til neins þeirra, nema fyrir iðrun og trú á ^b“Drottin Jesú Krist.

13 Og Drottinn Guð hefur sent heilaga spámenn sína meðal allra manna barna til að flytja þessi boð öllum kynkvíslum, þjóðum og tungum, að þar með geti hver sá, sem trúir að Kristur komi, fengið ^a“fyrirgefningu synda sinna og glæðst ákaft, rétt ^beins og hann væri þegar kominn þeirra á meðal.

14 Þó sá Drottinn Guð, að þjóð hans var þrjúskufull þjóð og því

setti hann þeim lögmál, já, ^a“lög-mál Móse.

15 Og hann sýndi þeim mörg ták og undur, ^a“fyrirboða og líkingar um komu sína. Og heilagir spámenn töluðu einnig til þeirra um komu hans, en samt hertu þeir hjörtu sín og skildu ekki, að ^b“lög-mál Móse var gagnslaust án friðþægingarblóðs hans.

16 Og jafnvel þótt ^a“ungum börnum væri mögulegt að syndga gætu þau ekki frelsast. En ég fullvissa yður um, að ^b“blessun er yfir þeim, því að sjá. Hrasí þau fyrir Adam eða eðli sitt, friðþægir blóð Krists fyrir syndir þeirra.

17 Og auk þess segi ég yður, að ^a“ekkert annað nafn verður gefið og engin önnur leið eða aðferð, sem fært geti manna börnum ^bsáluhjálp, nema í og fyrir nafn ^c“Krists, Drottins almáttugs.

18 Því að sjá. Hann dæmir og dómur hans er réttvís, og barnið, sem deyr í frumbersku, ferst ekki. En menn drekka sálu sinni fordæmingu, nema þeir auðmýki sig og ^a“verði sem lítil börn og trúi því, að sáluhjálp var og er og mun verða í og fyrir ^b“friðþægingarblóð Krists, Drottins almáttugs.

9c Jóh 8:48.

d Mark 15:15.

e Lúk 18:33;

1 Ne 19:10;

2 Ne 10:3.

LR Krossfesting.

10a Matt 16:21;

2 Ne 25:13;

He 14:20–27.

b LR Upprísing.

c LR Dómari, dómur.

11a LR Blóð.

b LR Friðþægja,

friðþæging.

c LR Fall Adams og Evu.

d 2 Ne 9:25–26.

12a Mósía 2:36–38;

He 8:25.

LR Uppreisn.

b LR Drottinn.

13a LR Fyrirgefning synda.

b 2 Ne 25:24–27;

Jar 1:11.

14a LR Móselögmál.

15a LR Jesús Kristur —

Tákni eða merki um

Krist.

b Mósía 13:27–32.

16a LR Barn, börn.

b Moró 8:8–9.

17a Post 4:10–12;

2 Ne 31:21.

b LR Sáluhjálp, hjálpræði.

c LR Jesús Kristur — Að

taka á okkur nafn Jesú

Krists.

18a Matt 18:3.

b Mósía 4:2;

He 5:9.

19 Því að hinn „náttúrlegi maður er óvinur Guðs og hefur verið það frá ^bfalli Adams og mun verða það alltaf og að eilífu, nema hann ^cláti undan umtölum hins ^dheilaga anda, losi sig úr viðjum hins náttúrlega manns og verði ^eheilagur fyrir friðþægingu Krists, sjálfs Drottins, og verði sem ^fbarn, undirgefinn, hógvær, auðmjúkur, þolinmóður, elskuríkur og reiðubúinn að axla allt, sem Drottinn þóknast á hann að leggja, á sama hátt og barn, sem beygir sig fyrir föður sínum.

20 Og ég segi yður enn fremur, að sá tími mun koma, er ^aþekkingin á frelsara mun breiðast út til ^ballra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða.

21 Og sjá. Þegar sá tími kemur, mun enginn ^aámælislaus fyrir augliti Guðs, að litlum börnum undanskildum, nema aðeins fyrir iðrun og trú á nafn Drottins Guðs almáttugs.

22 Og jafnvel nú, þegar þú átt að hafa frætt þjóð þína um það, sem Drottinn Guð þinn bauð þér, munu þeir ekki ámælislausir í augum Guðs, nema í samræmi við orðin, sem ég hef talað til yðar.

23 Og nú hef ég mælt þau orð, sem Drottinn Guð bauð mér að mæla.

24 Og svo segir Drottinn: Og þau munu standa sem leiftrandi vitnisburður gegn þessari þjóð á degi dómsins, og samkvæmt þeim mun hún dæmd, hver maður af verkum sínum, hvort sem þau eru góð eða ill.

25 Og séu þau ill, mun fyrir þeim liggja að vakna til skelfilegrar ^ameðvitundar um eigin sekt og viðurstyggð og hrökklast fyrir þær sakir úr návist Drottins út í ^bvansæld og óendanlega kvöl, sem enga undankomuleið veitir. Þess vegna hafa þeir leitt fordæmingu yfir sálir sínar.

26 Og þeir hafa þess vegna bergt af bikar hinnar heilögu reiði Guðs, sem réttvísinn gat ekki fremur neitað þeim um en hún gat neitað ^aAdam um að falla sökum þess að hann át hinn forboðna ^bávöxt. Þannig á ^cmiskunnsemin aldrei framar kröfur til þeirra að eilífu.

27 Og ^akvöl þeirra er sem ^bdíki elds og brennisteins, en logar þess eru óslökkvandi, og reykur þess stígur upp alltaf og að eilífu. Og þetta hefur Drottinn boðið mér. Amen.

4. KAPÍTULI

Benjamín konungur heldur áfram ávarpi sínu — Sáluhjálpin kemur

19a 1 Kor 2:11–14;
Mósía 16:2–3. LR Hinn náttúrlegi maður.
b LR Fall Adams og Evu.
c 2 Kro 30:8.
d Moró 10:4–5.
LR Heilagur andi.
e LR Heilagur.

f 3 Ne 9:22.
20a K&S 3:16.
b LR Trúboðsverk.
21a LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda.
25a Al 5:18; 12:14–15.
b Morm 8:38.
26a Morm 9:12.

b 1 Mós 3:1–12;
2 Ne 2:15–19;
Al 12:21–23.
c LR Miskunnssamur, miskunnsemi.
27a LR Sekt.
b 2 Ne 9:16; Jakob 6:10;
K&S 76:36.

með friðþægingunni — Trúið á Guð til að frelsast — Fáíð fyrirgefningu syndanna með trúmennsku — Gefið af eignum yðar til hinna fátæku — Gerið allt með visku og reglu. Um 124 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Benjamín konungur hafði lokið við að mæla orðin, sem engill Drottins hafði fært honum, leit hann yfir mannfjöldann, og sjá. Hann hafði fallið til jarðar, því að “ótti við Drottin hafði gagntekið fólkið.

2 Og þeir höfðu séð sjálfa sig í viðjum “holdsins, jafnvel blítillfjörlegri en duft jarðar. Og þeir hrópuðu allir einum rómi og sögðu: Ó, miskunna oss og beit þannig “friðþægingarblóði Krists, að vér megum hljóta fyrirgefningu synda vorra og hjörtu vor megi hreinsast. Því að vér trúum á Jesú Krist, son Guðs, “skapara himins og jarðar og allra hluta, hann, sem stíga mun niður og dvelja meðal mannanna barna.

3 Og svo bar við, að þegar þeir höfðu mælt þessi orð, kom andi Drottins yfir þá, og þeir fylltust fögnuði yfir að hafa fengið “fyrirgefningu synda sinna og frið við ^b samvisku sína vegna mikillar “trúar sinnar á Jesú Krist, sem koma mundi samkvæmt orðum þeim, sem Benjamín konungur hafði talað til þeirra.

4 Og Benjamín konungur lauk aftur upp munni sínum, ávarpaði fólkið og sagði: Vinir mínir og bræður, ættfólk mitt og þjóð mín. Mig langar að biðja aftur um athygli yðar, til að þér megið heyra og skilja þau orð, sem ég á ósögð við yður.

5 Því að sjá. Hafi vitneskja yðar á þessari stundu um gæsku “Guðs vakið yður til meðvitundar um lítileik yðar og um óverðugt og fallið ástand yðar —

6 Ég segi yður, ef þér hafið öðlast “vitneskju um gæsku Guðs og dæmalausán kraft, visku hans, þolinmæði og umburðarlyndi gagnvart mannanna börnum og jafnframt um ^b friðþæginguna, sem fyrirbúin var frá “grundvöllun veraldar, til þess að hjálpraðið næði til hvers manns, sem leggur “traust sitt á Drottin, heldur boðorð hans af staðfestu og stendur stöðugur í trú sinni, þar til lífi hans lýkur, ég á við líf hins dauðlega líkama —

7 Ég segi, að þetta er sá maður, sem öðlast mun sáluhjálp fyrir friðþæginguna, sem frá grundvöllun veraldar var fyrirbúin öllu mannkyni, sem verið hefur til frá “falli Adams, eða öllum þeim, sem eru eða verða til allt til enda veraldar.

8 Og á þennan hátt fæst sáluhjálpin. Og “engin önnur sáluhjálp

4 1a LR Ótti.

2a LR Holdlegur.

b He 12:7-8.

c Mósía 3:18; He 5:9.

d LR Skapa, sköpun.

3a LR Fyrirgefningu synda.

b LR Samviska.

c LR Átrúnaður.

5a HDP Móse 1:10.

6a LR Guð, guðdómur.

b LR Friðþægja, friðþæging.

c Mósía 15:19.

d Sál 36:8; 2 Ne 22:2;

He 12:1. LR Treysta.

7a LR Fall Adams og Evu.

8a Post 4:12; 2 Ne 31:21;

Mósía 3:17.

er til en sú, sem um hefur verið rætt, né eru aðrir skilmálar til fyrir frelsun mannsins en þeir, sem ég hef sagt yður frá.

9 Trúið á Guð, trúið, að hann sé til og hafi skapað allt, bæði á himni og á jörðu. Trúið, að hans sé “öll viska og allt vald, jafnt á himni sem á jörðu. Trúið, að maðurinn geti ekki haft ^bskilning á öllu, sem Drottinn skilur.

10 Og trúið því enn fremur, að yður sé nauðsyn að ^aiðrast synda yðar, láta af þeim og sýna auðmýkt fyrir Guði og biðja hann af einlægu hjarta um ^bfyrirgefningu. Og ef þér ^ctrúið öllu þessu, sýnið það þá í ^dverki.

11 Og enn segi ég yður, eins og ég hef sagt áður, að á sama hátt og þér hafið kynnst dýrð Guðs, eða ef þér hafið þekkt gæsku hans, ^afundið elsku hans, fengið ^bfyrirgefningu synda yðar og glaðst ákaft yfir því í sálum yðar, þannig vil ég einnig, að þér munið og varðveitið ætíð í hug yðar mikilleik Guðs og ^csmæð yðar, ^dgæsku hans og langlundargeð í yðar garð, alls óverðugra, og sýnið auðmýkt, já, dýpstu ^eauðmýkt, ^fákallið nafn Drottins daglega og standið stöðugir í trúnni á það, sem koma

mun og mælt var fram af engils munni.

12 Og sjá. Ég segi yður, að ef þér gjörið þetta, munuð þér ætíð fagna og fyllast ^aGuðselsku, og ætíð ^bnjóta fyrirgefningar syndanna og vaxa í þekkingu á dýrð hans, sem skóp yður, eða í þekkingu á því, sem rétt er og satt.

13 Og þér munuð ekki hafa hug á að gjöra hver öðrum mein, heldur lifa í ^afriði og láta hvern mann njóta þess, sem honum ber.

14 Og þér munuð ekki leyfa, að ^abörn yðar gangi hungruð og nakin, né munuð þér heldur leyfa þeim að brjóta lögmál Guðs, ^btakast á og munnhöggvast hvert við annað og þjóna djöflinum, sem er herra syndarinnar eða hinn illi andi, sem feður vorir hafa talað um, hann sem er óvinur alls réttlætis.

15 Heldur munuð þér ^akenna þeim að ^bganga á vegi sannleika og hófsemi. Þér munuð kenna þeim að ^celska hvert annað og þjóna hvert öðru.

16 Og þér munuð einnig sjálfir ^aliðsinna þeim, sem þurfa á liði yðar að halda. Þér munuð gefa hinum þurfandi af eignum yðar,

9a Róm 11:33–34;
Jakob 4:8–13.

b Jes 55:9.

10a LR Iðrast, iðrun.

b K&S 61:2.

c Matt 7:24–27.

d 2 Ne 31:19–21.

11a Al 36:24–26.

b LR Fyrirgefning synda.

c HDP Móse 1:10.

d 2 Mós 34:6;

Moró 8:3.

e LR Auðmjúkur,
auðmýkt.

f LR Bæn.

12a LR Elska, ást.

b Mósía 4:26;

Al 4:13–14; 5:26–35;

K&S 20:31–34.

13a LR Friðflytjandi.

14a 1 Tím 5:8; K&S 83:4.

b LR Deilur.

15a K&S 68:25–28;

HDP Móse 6:58.

LR Kenna, kennari.

b LR Ganga, ganga með

Guði.

c Mósía 18:21.

16a LR Kærleikur;

þjónusta.

og þér munuð ekki láta ^bbeiningamanninn leita árangurslaust til yðar eða vísa honum frá til að farast.

17 Ef til vill ^asegið þér: Maðurinn hefur sjálfur leitt vansæld sína yfir sig, því mun ég halda að mér höndum og hvorki gefa honum af mat mínum né eigum til að forða honum frá þjáningu, því að refsing hans er réttmæt —

18 En ég segi yður: Ó maður, hver sem þetta gjörir, hefur gilda ástæðu til að iðrast. Og iðrist hann ekki þess, sem hann hefur gjört, ferst hann að eilífu og á engan hlut í Guðs ríki.

19 Því að sjá. Erum vér ekki öll beiningamenn? Erum vér ekki öll háð sömu verunni, sjálfum Guði, hvað allar eigur vorar snertir, bæði mat, klæðnað, gull, silfur og allan auð vorn, hvers kyns sem hann er?

20 Og sjá. Jafnvel nú á þessari stundu hafið þér ákallað nafn hans og beðið um fyrirgefningu synda yðar. Og hefur hann látið bænir yðar verða til einskis? Nei, hann hefur úthellt anda sínum yfir yður og látið hjörtu yðar fyllast ^agleði og varir yðar verða hljóðar og vanmegnugar að tjá sig, svo mikil var gleði yðar.

21 Og ef Guð, sem hefur skapað yður og þér eigið líf yðar undir og allt, sem þér eigið og eruð, ef hann veitir yður allt, sem þér biðjið um og rétt er og sem þér biðjið um í

trú og trausti þess, að yður veitist, ó, hversu miklu fremur ættuð þér þá ekki að ^aveita hver öðrum af eigum yðar.

22 Og ef þér ^adæmið manninn, sem biður yður um aðstoð, svo að hann farist ekki, og fordæmið hann, hversu miklu réttvísari verður ekki yðar eigin fordæming fyrir að ^bhalda í eigur yðar, sem ekki tilheyra yður, heldur Guði, sem einnig á líf yðar. Og þrátt fyrir þetta færið þér engar bænir fram, né iðrist þér þess, sem þér hafið gjört.

23 Ég segi yður: Vei sé þeim manni, því að eigur hans munu farast með honum. Og þetta segi ég við þá, sem ^aauðugir eru að þessa heims gæðum.

24 Hins vegar segi ég við þá fátæku, þá yðar, sem lítið hafa, en samt nóg dag frá degi. Ég á þar við alla, sem neita beiningamanninum vegna vanefna. Ég vildi, að þér segðuð í hjörtum yðar: Ég gef ekki vegna þess, að ég á ekkert til, en ætti ég eitthvað til, þá mundi ég ^agefa.

25 Og ef þér segið þetta í hjörtum yðar, eruð þér án sektar, en ella eruð þér ^afordæmdir, og fordæming yðar er réttvís, því að þér girnist það, sem þér enn ekki eigið.

26 En vegna þess, sem ég hef sagt yður — það er að segja vegna fyrirgefningar synda yðar dag frá degi, svo að þér megið ^aganga

16b 5 Mós 15:7–11;
Okv 21:13;
Jes 10:1–2.
17a Okv 17:5.
20a LR Gleði.

21a LR Velferð;
Þjónusta.
22a Matt 7:1–2;
Jóh 7:24.
b 1 Jóh 3:17.

23a K&S 56:16.
24a Mark 12:44.
25a K&S 56:17.
26a LR Ganga, ganga með
Guði.

fram fyrir Guð án sektar — vildi ég, að þér ^bgæfuð ‘fátækum af eigum yðar, hver maður í samræmi við það, sem hann hefur, eins og til dæmis að ^dgefa hungruðum mat, klæðlausum klæði, vitja sjúkra og liðsinna þeim, bæði andlega og stundlega, í samræmi við þarfir þeirra.

27 Og sjáið um, að allt þetta sé gjört með visku og reglu, því að ekki er ætlast til að maðurinn ^ahlaupi hraðar en styrkur hans leyfir. Hins vegar er honum ráðlegast að starfa af kappi og vinna þannig til verðlaunanna. Þess vegna skal allt gjörast með reglu.

28 Og ég vil að þér munið, að hver yðar á meðal, sem fær lánað hjá nágranna sínum, eigi að skila því, sem hann fær lánað, eins og hann semur um, ella drýgið þér synd og komið ef til vill nágranna yðar einnig til að syndga.

29 Og að lokum: Ekki er mér mögulegt að benda á allt, sem getur leitt yður í synd. Leiðirnar og aðferðirnar eru svo margvíslegar og svo margar, að ég get ekki komið á þær tölu.

30 En það get ég sagt yður, að ef þér ^agætið yðar eigi, ^bhugsana yðar, ^corða yðar og gjörða, og virðið ekki boðorð Guðs og haldið ekki áfram í trú á það, sem þér hafið heyrt um komu Drottins

vors, allt til enda yðar ævidaga, þá hljótið þér að farast. Ó, þú maður, haf það hugfast, og þú munt eigi farast.

5. KAPÍTULI

Hinir heilögu verða synir og dætur Krists með trú sinni — Þeir verða kallaðir í nafni Krists — Benjamín konungur hvetur þá til að vera staðfastir og óbifanlegir og rikir af góðum verkum. Um 124 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Benjamín konungur hafði þannig talað til þjóðar sinnar, sendi hann út á meðal þeirra, því að hann þráði að vita, hvort þeir tryðu þeim orðum, sem hann hafði mælt til þeirra.

2 Og allir hrópuðu einum rómi og sögðu: Já, við trúum öllum þeim orðum, sem þú hefur til okkar mælt. Og við vitum einnig, að þau eru áreiðanleg og sönn, því að andi Drottins almáttugs hefur valdið svo mikilli ^abreytingu á okkur, eða í hjörtum okkar, að við hneigjumst ekki lengur til ^billra verka, heldur stöðugt til góðra verka.

3 Og sjálfir höfum við einnig mikla yfirsýn yfir það, sem koma mun, fyrir óendanlega gæsku Guðs og opinberun anda hans. Og reyndist það ráðlegt, gætum við spáð fyrir um alla hluti.

26b Jakob 2:17–19.

c Sak 7:10;

Al 1:27.

LR Ölmusa.

d Jes 58:10–11;

K&S 104:17–18.

27a K&S 10:4.

30a Al 12:14.

LR Vaka, vera á verði, verðir.

b Mark 7:18–23.

LR Hugsanir.

c Matt 15:18–20.

LR Vanhelgun.

5 2a Al 5:14.

LR Endurfæddur, fæddur af Guði.

b Al 19:33.

4 Og trú okkar á það, sem konungur okkar hefur talað til okkar, hefur fært okkur þessa miklu þekkingu, en hennar vegna fögnum við í svo heitri gleði.

5 Og við erum fúsir að gjöra ^asáttmála við Guð okkar um að gjöra hans vilja og hlýða öllum þeim boðorðum, sem hann gefur okkur, alla okkar ókomnu ævi-daga, til þess að við köllum ekki yfir okkur ^bóendanlega kvöl, eins og ^cengillinn sagði, eða til þess að við bergjum ekki af bikar hinnar heilögu reiði Drottins.

6 Og þetta eru orðin, sem Benjamín konungur vildi heyra frá þeim, og því sagði hann við þá: Þér hafið mælt þau orð, sem ég vildi heyra, og sáttmálinn, sem þér hafið gjört, er réttlátur sáttmáli.

7 Og vegna sáttmálans, sem þér hafið gjört, skuluð þér nefnast ^abörn Krists, synir hans og dætur hans. Því að sjá. Á þessum degi hefur hann ^bgetið yður andlega, því að þér segið, að ^chjórtu yðar hafi breyst fyrir trú á nafn hans. Þess vegna eruð þér af honum ^dfædd og eruð orðin ^esynir hans og dætur hans.

8 Og í þessu nafni er yður gefið ^afrelsi, og ^bekkert annað nafn er til, sem gjörir yður frjáls. Og ekkert

annað ^cnafn er til, sem sáluhjálpar veitir. Þess vegna vil ég, að þér takið á yður nafn Krists, allir þér, sem gjört hafið sáttmála við Guð um að vera hlýðin til enda ævi-daga yðar.

9 Og svo mun við bera, að hver sá, sem þetta gjörir, mun fundinn verða Guði til hægri handar, því að hann mun þekkja nafnið, sem honum er gefið, því að hann mun kallaður verða í nafni Krists.

10 Og nú mun svo við bera, að hver sá, sem tekur ekki á sig nafn Krists, hlýtur að verða kallaður með einhverju ^aöðru nafni, því mun hann að finna Guði til ^bvinstri handar.

11 Og ég vildi, að þér hefðuð það einnig hugfast, að þetta er ^anafnið, sem ég sagðist mundu gefa yður og aldrei verður burtu máð, nema með lögmálsbroti. Forðist því lögmálsbrot, til að nafnið verði ekki burtu máð úr hjörtum yðar.

12 Og ég segi yður. Ég vildi, að þér hefðuð hugfast að ^avarðveita ætíð nafnið í hjörtum yðar, svo að yður verði ekki að finna Guði til vinstri handar, heldur þekkið þér röddina, sem mun kalla yður, og einnig það nafn, sem hann gefur yður —

13 Því að hvernig á maður að ^aþekkja húsbónda, sem hann

5a Mósía 18:10.

b Mósía 3:25–27.

c Mósía 3:2.

7a Mósía 27:24–26;

HDP Móse 6:64–68.

LR Synir og dætur Guðs.

b LR Getinn.

c LR Hjarta.

d Mósía 15:10–11.

LR Endurfæddur, fæddur af Guði.

e K&S 11:30.

8a Róm 6:18; Gal 5:1;

He 14:30.

b Post 4:10, 12;

Al 21:9.

c Mósía 26:18.

d Post 11:26; Al 46:15.

10a Al 5:38–39.

b Matt 25:33.

11a Mósía 1:11–12.

LR Jesús Kristur — Að taka á okkur nafn Jesú Krists.

12a K&S 18:23–25.

13a Mósía 26:24–27.

hefur ekki þjónað, sem er honum ókunnugur og hugsunum hans og hjartans ásetningi fjarlægur?

14 Og sömuleiðis, tekur maðurinn asna, sem nágranni hans á og hefur hjá sér? Nei, segi ég yður. Hann mun ekki einu sinni leyfa honum beit með hjörð sinni, heldur reka hann burtu og kasta honum út. Ég segi yður, að þannig fer einnig fyrir yður, ef þér þekkið ekki það nafn, sem þér eruð kölluð með.

15 Þess vegna vil ég, að þér séuð staðföst og óbifanleg og rík af góðum verkum, til þess að Kristur, Drottinn Guð alvaldur, geti „innsiglað sér yður, svo að þér megið komast til himins og öðlast ævarandi sáluhjálp og eilíft líf fyrir visku, kraft, réttvísi og miskunn hans, sem allt hefur ^bskapað á himni og á jörðu, og er Guð ofar öllu. Amen.

6. KAPÍTULI

Benjamín konungur skráir nöfn fólksins og tilnefnir presta til að kenna því — Mósía ríkir sem réttlátur konungur. Um 124–121 f.Kr.

Og nú, þegar Benjamín konungur hafði lokið að tala til þjóðarinnar, taldi hann ráðlegast að skrá „nöfn allra, sem gjört höfðu sáttmála við Guð um að halda boðorð hans.

2 Og svo bar við, að hver

einasta sál, að smábörnum undanskildum, hafði gjört sáttmálann og tekið á sig nafn Krists.

3 Og enn bar svo við, að þegar Benjamín konungur hafði lokið öllu þessu, hafði vígt son sinn „Mósía til stjórnanda og konungs yfir þjóð sinni og falið honum alla umsjón ríkisins, ^bútnefnt presta til að ^ckenna fólkinu, svo að það gæti þar með heyrt og þekkt boðorð Guðs og haft í minnum ^deiðinn, sem það sór, sendi hann mannfjöldann burtu, og allir sneru aftur til eigin hímýla, hver og einn með fjölskyldu sinni.

4 Og „Mósía tók við völdum í stað föður síns. Og hann tók við stjórn á þrítugasta aldursári sínu, og þá voru liðin samtals um fjögur hundruð sjötíu og sex ár, frá ^b því að Lehi yfirgaf Jerúsalem.

5 Og Benjamín konungur lifði enn í þrjú ár, en þá dó hann.

6 Og svo bar við, að Mósía konungur gekk á vegum Drottins og virti ákvæði hans og reglur og hélt að öllu leyti þau boð, sem hann gaf honum.

7 Og Mósía konungur lét þegna sína yrkja jörðina. Og sjálfur yrkti hann jörðina til að verða „ekki þegnum sínum til byrði og fór í einu og öllu að dæmi föður síns. Og enginn ágreiningur kom upp meðal þegna hans um þriggja ára bil.

15a LR Köllun og kjör;
Lausn frá synd.
b Kól 1:16;
Mósía 4:2;
Al 11:39.

6 1a K&S 128:8.
3a Mósía 1:10; 2:30.
b LR Vígja, vígsla.
c Al 4:7.
d Mósía 5:5–7.

4a LR Mósía, sonur
Benjamíns.
b 1 Ne 1:4.
7a 2 Kor 11:9.

7. KAPÍTULI

Ammon finnur land Lehí-Nefís, þar sem Limí er konungur — Þegnar Limís eru í ánaud hjá Lamanítum — Limí segir sögu þeirra — Spámaður (Abinadí) hafði borið vitni um að Kristur væri Guð og faðir alls og allra — Þeir sem sá sora munu uppskera hismi hans í hvoirfilvindi, og þeir sem setja traust sitt á Drottin munu frelsast. Um 121 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Mósía konungur hafði óslitið notið friðar um þriggja ára bil, fýsti hann að vita um fólkið, sem ^afór til dvalar í Lehí-Nefílandi eða í Lehí-Nefíborg, því að þjóð hans hafði ekkert af því spurt, frá þeim tíma, er það hvarf úr landi ^bSarahemla, og því þreytti það hann með nauði sínu.

2 Og svo bar við, að Mósía konungur leyfði sextán af hraustmennum þeirra að halda til Lehí-Nefílands, til að spyrjast fyrir um bræður sína.

3 Og svo bar við, að daginn eftir lögðu þeir af stað og tóku með sér Ammon nokkurn, þar eð hann var sterkur maður og kraftmikill og ættaður frá Sarahemla. Hann var einnig fyrirlíði þeirra.

4 En nú vissu þeir ekki, hvaða leið skyldi halda í óbyggðunum til Lehí-Nefílands. Þess vegna reikudu þeir um óbyggðirnar í marga daga, já, í fjörutíu daga.

5 Og þegar þeir höfðu reikað í fjörutíu daga, komu þeir að hæð,

sem er norður af ^aSílomslandi, og þar reistu þeir tjöld sín.

6 Og Ammon tók þrjá bræður sína með sér, og nöfn þeirra voru Amalekí, Helem og Hem, og þeir héldu niður til ^aNefílands.

7 Og sjá. Þeir hittu fyrir konunginn í Nefí- og Sílomslandi, og varðmenn konungs umkringdu þá, tóku þá og bundu og settu þá í fangelsi.

8 Og svo bar við, að þegar þeir höfðu setið í fangelsi í tvo daga, voru þeir aftur færðir fyrir konung og bönd þeirra leyst. Og þeir stóðu frammi fyrir konungi og þeim leyfðist, eða réttara sagt var skipað, að svara spurningunum, sem hann legði fyrir þá.

9 Og hann sagði við þá: Sjá, ég er ^aLimí, sonur Nóa, sem var sonur Seniffs, sem kom frá Sarahemlandi til að eignast þetta land, sem var land feðra þeirra og sem gjörður var konungur með rödd þjóðarinnar.

10 Og nú langar mig til að vita ástæðuna til þess, að þið gjörðust svo djarfir að nálgast múra þessarar borgar, þegar ég var sjálfur utan hliðsins með varðmönnum mínum.

11 Og til þess að mér gefist tækifæri til að leggja fyrir ykkur spurningar, hef ég leyft ykkur að njóta verndar, ella hefði ég látið varðmenn mína taka ykkur af lífi. Ykkur leyfist að tala.

12 Og þegar Ammon sá, að honum leyfðist nú að tala, gekk

7 1a Om 1:27–30.
b Om 1:13.

5a Mósía 9:6, 8, 14.
6a 2 Ne 5:8.

9a Mósía 11:1.

hann fram og laut konungi, og er hann stóð upp á ný sagði hann: Ó konungur, ég er Guði mjög þakklátur þennan dag fyrir að halda enn lífi og leyfast að tala, og ég mun leitast við að tala einarðlega —

13 Því að ég er þess fullviss, að hefðir þú þekkt mig, hefðir þú ekki leyft, að ég væri í þessum böndum. Því að ég er Ammon og er ættaður frá Sarahemla, og ég er kominn frá Sarahemlandi til að spyrjast fyrir um bræður okkar, sem Seniff hafði með sér burtu úr landinu.

14 Og nú bar svo við, að þegar Limí heyrði orð Ammons, varð hann fjarska glaður og sagði: Nú veit ég fyrir víst, að bræður mínir, sem voru í Sarahemlandi, eru enn á lífi. Og nú vil ég fagna. Og á morgun mun ég einnig láta þjóð mína fagna.

15 Því að sjá. Við erum í ánauð hjá Lamanítum og "skattlagðir þungbærum skatti. Og sjá. Nú munu bræður okkar leysa okkur úr ánauð eða úr höndum Lamaníta, og við gerumst þeirra þrælar, því að betra er að vera þræll Nefíta en gjalda konungi Lamaníta skatt.

16 Og nú bauð Limí konungur varðmönnum sínum að leysa Ammon og bræður hans úr böndum, og hann lét þá fara til hæðarinnar norður af Sílom og koma með bræður sína inn í borgina, til að þeir gætu etið, drukkið og hvílt sig eftir erfiði

ferðalagsins, því að þeir höfðu orðið að þola margt. Þeir höfðu þolað hungur, þorsta og þreytu.

17 Og nú bar svo við, að á degi komanda lét Limí konungur boð út ganga til allrar þjóðar sinnar, að hún skyldi safnast saman við "musterið og hlýða á orðin, sem hann ætlaði að mæla til þeirra.

18 Og svo bar við, að þegar hún hafði safnast saman, talaði hann til fólksins á þennan hátt og sagði: Ó, þjóð mín, lyftið höfði og látið huggast. Því að sjá. Sú stund er upp runnin, eða ekki langt undan, að vér losnum undan kúgun óvina vorra, þrátt fyrir hina miklu baráttu vora, sem reynst hefur árangurslaus, treysti ég því samt, að enn sé árangursrík baráttu framundan.

19 Lyftið því höfði, fagnið og treystið "Guði, þeim Guði, sem var Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs, og er einnig sá Guð, sem bleiddi börn Ísraels út úr Egyptalandi og lét þau ganga þurrum fótum yfir Rauðahafið og gaf þeim "manna að eta, til að þau færust ekki í óbyggðunum. Og margt fleira gjörði hann fyrir þau.

20 Og enn fremur hefur sá sami Guð leitt feður vora "út úr landi Jerúsalem og verndað og varðveitt þjóð sína, allt til liðandi stundar. Og sjá. Það er vegna misgjörða vorra og viðurstyggðar, að hann hefur hneppt oss í ánauð.

21 Og á þessum degi eruð þér öll

13a Om 1:12–15.

15a Mósía 19:15.

17a 2 Ne 5:16.

19a 2 Mós 3:6; 1 Ne 19:10.

b 2 Mós 12:40–41;

Al 36:28.

c 2 Mós 16:15, 35;

4 Mós 11:7–8; Jós 5:12.

20a 1 Ne 2:1–4.

vitni þess, að Seniff, sem gjörður var konungur þessarar þjóðar, var svo yfir sig ákafur að komast yfir land feðra sinna, að hann lét blekkjast af kænsku og klókindum Lamans konungs, sem gjörði samning við Seniff konung og lét honum í hendur hluta af landinu til eignar, og það meira að segja Lehí-Nefí-borg og Sílomsborg og landið umhverfis þær —

22 Og allt þetta gjörði hann í þeim eina tilgangi að "gjöra þetta fólk undirgefið eða ánauðugt. Og sjá. Sem stendur gjöldum vér konungi Lamaníta skatt, sem nemur helmingi af maís vorum og byggi og jafnvel öllum vorum kornmat, hverju nafni sem hann nefnist, og helmingi af viðkomu búpenings vors. Já, konungur Lamaníta krefst helmings allra eigna vorra eða lífs vors ella.

23 Og er slíkt ekki þungbært? Og er þessi þrenging vor ekki mikil? Sjá nú, hve mikla ástæðu vér höfum til að harma.

24 Jú, ég segi yður, að vér höfum gildar ástæður til að harma. Því að sjáið, hve margir bræðra vorra hafa verið drepnir og blóði þeirra úthellt til einskis, og allt vegna misgjörða.

25 Því að hefði þessi þjóð ekki gerst brotleg, hefði Drottinn ekki leyft, að svo mikið illt kæmi yfir hana. En sjá. Hún vildi ekki hlýða orðum hans, og deilur risu með

þeim, svo miklar, að blóðsúthellingar urðu meðal þeirra.

26 Og "spámann Drottins hafa þeir drepíð. Já, mann, útvalinn af Guði, sem greindi þeim frá þeirra eigin ranglæti og viðurstyggð og spáði fyrir um margt, sem verða mun, já, jafnvel um komu Krists.

27 Og vegna þess að hann sagði þeim, að Kristur væri "Guð, faðir alls, og sagði, að hann tæki á sig manns mynd og það yrði sú mynd, sem maðurinn var skapaður í frá upphafi, eða með öðrum orðum sagði, að maðurinn væri skapaður í "Guðs mynd og Guð mundi stíga niður meðal manna barna, klæðast holdi og blóði og fram ganga á yfirborði jarðar —

28 Og vegna þess að hann sagði þetta, tóku þeir hann af lífi. Og margt fleira gjörðu þeir til að kalla yfir sig heilaga reiði Guðs. Hver getur því undrast, þótt þeir séu í ánauð og að sárar þrengingar hafi lostið þá?

29 Því að sjá. Drottinn hefur sagt: Ég mun ekki "liðsinna þjóð minni á degi lögmálsbrota sinna, heldur mun ég loka henni leið til velmegunar. Og breytnti þeirra verður þeim hrösunarhella.

30 Og enn sagði hann: Sáí þjóð mín "sora, mun hún "uppskera hismi hans í hvirfilvindi, og áhrif þess eru eitruð.

21 a Mósía 9:1–3.

22 a Mósía 10:18.

26 a Mósía 17:12–20.

27 a LR Guð, guðdómur.

b 1 Mós 1:26–28;

Et 3:14–17; K&S 20:17–18.

c Mósía 13:33–34; 15:1–4.

29 a 1 Sam 12:15;

2 Kro 24:20.

30 a LR Öhreinindi.

b Gal 6:7–8; K&S 6:33.

LR Uppspera.

31 Og enn sagði hann: Sái þjóð mín sora, mun hún uppskera „austanvindinn, sem færir með sér tafarlausa tortímingu.

32 Og sjá. Fyrirheit Drottins hefur ræst, og þér eruð slegnir og að yður þrengt.

33 En ef þér „snúið yður til Drottins með einlægum ásetningi, leggið traust yðar á hann og þjónið honum af allri þeirri kostgæfni, sem hugur yðar býr yfir, ef þér gjörðið þetta, þá mun hann að eigin vilja og hyggju leysa yður úr ánaud.

8. KAPÍTULI

Ammon kennir fólki Limís — Hann fær vitneskju um Jaredítatöflurnar tuttugu og fjórar — Sjáendur geta þýtt fornar heimildir — Engin gjöf er stærri en sjáandans. Um 121 f.Kr.

Og svo bar við, að þegar Limí konungur hafði lokið máli sínu til þjóðar sinnar, en hann sagði margt við hana, þó að ég hafi aðeins letrað fátt eitt í þessa bók, þá sagði hann þjóð sinni allt um bræður hennar í Sarahemlalandi.

2 Hann lét Ammon rísa á fætur frammi fyrir mannfjöldanum og greina frá öllu, sem borið hafði fyrir bræður þeirra, frá því að Seniff yfirgaf landið, allt til þess tíma, er hann yfirgaf landið sjálfur.

3 Hann sagði þeim einnig frá síðustu orðunum, sem Benjamín konungur hafði kennt þeim og skýrði þau fyrir þjóð Limís konungs, til

þess að hún gæti skilið hvert orð, sem hann sagði.

4 Og svo bar við, að þegar hann hafði lokið öllu þessu, sendi Limí konungur fjöldann burtu og lét hann snúa aftur, hvern og einn til sinna heimkynna.

5 Og svo bar við, að hann lét færa Ammon töflurnar, sem höfðu að geyma „heimildirnar um þjóð hans, frá því að hún yfirgaf Sarahemlaland, svo að hann gæti lesið þær.

6 Og jafnskjótt og Ammon hafði lokið lestri heimildanna, spurði konungur hann, hvort hann gæti útlagt tungur, en Ammon kvaðst ekki geta það.

7 Og konungur sagði við hann: Vegna þess hversu þungt mér féllu þrengingar þjóðar minnar, lét ég fjörutíu og þrjá af mönnum mínum fara út í óbyggðirnar til að leita Sarahemlalands, svo að við gætum beðið bræður okkar um að leysa okkur úr ánaud.

8 Og dögum saman voru þeir villtir í óbyggðunum, en þótt þeir leituðu ötullega, fundu þeir ekki Sarahemlaland, heldur sneru aftur til þessa lands, eftir að hafa ferðast um land margra vatna og uppgötvað land, sem þakið var beinum manna og dýra og einnig rústum alls kyns bygginga, já, fundið land, sem byggt hafði verið jafn fjölmennri þjóð og herskarar Ísraels.

9 Og til vitnis um, að það, sem þeir sögðu, væri satt, höfðu þeir

með sér “tuttugu og fjórar þétt-
áletraðar töflur, og þær eru úr
skíra gulli.

10 Og sjá. Þeir höfðu einnig með
sér stórar “brynjur úr ^blátúni og
kopar, alveg óskemmdar.

11 Og auk þess komu þeir með
sverð, meðalkaflar þeirra hafa
eyðilagst og blöð þeirra eru tærð
af ryði. En enginn í landinu getur
lagt út tungumálið eða áletran-
irnar, sem eru á töflunum. Þess
vegna spurði ég þig: Getur þú
útlagt tungur?

12 Og ég spyr þig enn: Þekkir
þú einhvern, sem getur útlagt
tungur? Því að mig langar til
þess, að þessar heimildir verði
þýddar á tungu okkar, því að
þær geta ef til vill frætt okkur um
leifar þessarar þjóðar, sem tortímt
var, eða hvaðan þessar töflur eru
komnar. Eða ef til vill geta þær
frætt okkur um fólkið sjálft, sem
tortímt hefur verið. Og mig langar
til að vita, hvers vegna því hefur
verið tortímt.

13 Og Ammon sagði nú við
hann: Ég get sagt þér með vissu,
ó konungur, að til er maður, sem
getur “útlagt heimildirnar, því að
hann hefur það, sem hann getur
litið í og gjörir honum kleift að
útleggja allar fornar heimildir,
en það er gjöf frá Guði. Og þeir
nefnast ^bútleggjarar, en enginn
maður fær litið í þá, nema honum
sé svo boðið, því að ella gæti hann
séð það, sem hann ætti ekki að
sjá og farist. En hver sá, sem fær

fyrirmæli um að líta í þá, kallast
“sjáandi.

14 Og sjá. Konungur þjóðarinnar
í Sarahemlandi er maðurinn,
sem fyrirmæli hefur um að gjöra
þetta og fengið hefur þessa miklu
gjöf frá Guði.

15 Og konungur sagði, að sjá-
andi væri meiri en spámaður.

16 Og Ammon sagði sjáanda
einnig vera opinberara og spá-
mann og stærri gjöf gæti engum
manni hlotnast, nema hann hljóti
vald Guðs, sem enginn maður
hlýtur. Þó getur Guð veitt mann-
inum mikið vald.

17 En sjáandi getur vitað jafnt
um orðna hluti sem óorðna, og
með sjáendum mun allt opinber-
ast eða réttara sagt hið leynda op-
inberast, hið hulda kemur fram í
ljósið og hið óþekkta munu þeir
kunngjöra, og auk þess munu þeir
kunngjöra það, sem annars mundi
ekki kunnugt verða.

18 Þannig hefur Guð gjört mann-
inum mögulegt að gjöra máttug
kraftaverk fyrir trú og verða þannig
meðbræðrum sínum að miklu liði.

19 Og þegar Ammon hafði lokið
við að mæla þessi orð, gladdist
konungur ákaft, færði Guði þakkar
sínar og sagði: “Mikill leyndar-
dómur er vafalaust geymdur á
þessum töflum, og þessir útleggi-
arar hafa vafalaust verið gjörðir
til að ljúka upp öllum slíkum
leynardómum fyrir mannanna
börnum.

20 Ó, hve dásamleg eru verk

9a Et 1:1–2.
10a Et 15:15.
b Et 10:23.

13a Mósía 28:10–17.
b LR Úrím og Túmmím.
c LR Sjáandi.

19a Et 3:21–28; 4:4–5.

Drottins og mikið umburðarlyndi hans gagnvart sínu fólki. Já, og hve blindur og lokaður er skilningur mannanna barna, því að þau vilja hvorki leita spekinnar né láta "hana stjórna sér!

21 Já, þau eru eins og villihjörð, sem flýr undan hirðinum, tvístruð og hrakin burt og rifin á hol af óargadýrum skógarins.

HEIMILDASKRÁ SENIFFS — Frásögn af fólki hans, frá því að það yfirgaf Sarahemland til þess tíma, er það var frelsað undan Lamanítum.

Nær yfir 9. til og með 22. kapitula.

9. KAPÍTULI

Seniff fer fyrir hópi manna frá Sarahemla til að leggja undir sig land Lehí-Nefís — Konungur Lamaníta leyfir þeim að slá eign sinni á landið — Stríð á milli Lamaníta og fólks Seniffs. Um 200–187 f.Kr.

ÉG, Seniff, sem fékk tilsögn á allri tungu Nefíta og þekkti "Nefíland, eða fyrsta erfðaland feðra okkar, var sendur sem njósnari meðal Lamaníta til að njósna um herstyrk þeirra, svo að herir okkar gætu komist að þeim og tortímt þeim, en þegar ég sá það, sem gott var í fari þeirra, óskaði ég þess, að þeim yrði ekki tortímt.

2 Mér varð þess vegna sundurorða við bræður mína í

óbyggðunum, því að ég vildi láta stjórnanda okkar gjöra sáttmála við þá, en hann, sem var harður maður og blóðþyrstur, skipaði svo fyrir, að ég skyldi tekinn af lífi. En mér varð bjargað með miklum blóðsúthellingum, því að faðir barðist við föður og bróðir við bróður, þar til mestur hluti hers okkar hafði tortímt í óbyggðunum, en við, sem af komumst, snerum aftur til Sarahemlands til að segja eiginkonum þeirra og börnum söguna.

3 Þar eð mér var mikið í mun að ná erfðalandi feðra okkar, safnaði ég saman öllum, sem vildu fara og eigna sér landið, og lagði aftur upp í ferð út í óbyggðirnar til landsins. En hungursneyð og sárar þrengingar dundu yfir okkur, því að við vorum seinir til að minnast Drottins, Guðs okkar.

4 Eftir margra daga ferð í óbyggðunum reistum við engu að síður tjöld okkar nálægt landi feðra okkar, á þeim stað, þar sem bræður okkar voru ráðnir af dögum.

5 Og svo bar við, að ég fór með fjórum mönnum mínum aftur inn í borgina til konungsins til að komast að, hver afstaða hans væri og hvort ég gæti haldið innreið mína með fólki mínu og eignast landið friðsamlega.

6 Og ég hélt til konungs, og hann gjörði sáttmála við mig, um að ég mætti slá eign minni á Lehí-Nefíland og Sílomsland.

7 Og hann mælti einnig svo fyrir,

20a Þ.E. Viska,
kvenkynsnafnorð í
hebresku og grísku.

Okv 9:1;
Matt 11:19.
9 1a 2 Ne 5:5–8;

Om 1:12.

að hans fólk skyldi hverfa úr landinu, en ég og mitt fólk héldum inn í landið til að slá eign okkar á það.

8 Og við tókum að reisa byggingar og lagfæra múra borgarinnar — já, múra Lehí-Nefíborgar og Sílomsborgar.

9 Og við tókum að yrkja jörðina, já, og sá alls konar frætegundum, maís, hveiti, byggi, neas og seum og alls kyns ávaxtafræjum. Og okkur tók að fjölga og vegna vel í landinu.

10 En Laman konungur gaf okkur landið eftir til eignar aðeins til að „hneppa fólk mitt í ánauð með slægð og undirferli.

11 Þess vegna bar svo við, að þegar við höfðum dvalið í landinu um tólf ára skeið, tók Laman konungur að ókyrrast yfir því, að mitt fólk gæti orðið svo máttugt í landinu, að þeir gætu ekki borið það ofurliði og hneppt það í ánauð.

12 Nú voru þeir latir og „dýrkudu skurðgoð. Þess vegna vildu þeir hneppa okkur í ánauð, svo að þeir gætu belgt sig út á því, sem hendur okkar framleiddu, já, svo að þeir gætu gjört sér hátíð úr hjörðunum á völlum okkar.

13 Þess vegna bar svo við, að Laman konungur tók að etja þjóð sinni til deilna við þjóð mína, og hófust því illdeilur og styrjaldir í landinu.

14 Og á þrettánda valdaári mínu í Nefílandi, þegar fólk mitt var að

brynna hjörðum sínum, fódra þær og rækta landið í suðurhluta Sílomslands, komu fjölmennar hersevitir Lamaníta að þeim, tóku að drepa þá og flytja á brott hjarðir þeirra og kornið af ökrum þeirra.

15 Já, og svo bar við, að allir, sem ekki náðust, flúðu alla leið til Nefíborgar og báðu mig verndar.

16 Og svo bar við, að ég vopnaði þá bogum, örvum, sverðum, sveðjum, kylfum, slöngum og öllum þeim vopnum, sem við gátum upphugsað, og ég gekk til orrustu gegn Lamanítum ásamt fólki mínu.

17 Já, með Drottins styrk gengum við til orrustu gegn Lamanítum, því að ég og fólk mitt ákölluðum Drottin ákaft og báðum hann að leysa okkur úr höndum óvina okkar, því að við minntumst lausnar fedra okkar.

18 Og Guð „heyrði ákall okkar og svaraði bænum okkar. Og við gengum fram í hans mætti, já, við gengum fram gegn Lamanítum, og á einum degi og einni nóttu felldum við þrjú þúsund fjörutíu og þrjá. Og við héldum áfram að ráða þá af dögum, þar til okkur hafði tekist að hrekja þá úr landi okkar.

19 Og sjálfur hjálpaði ég til með eigin höndum að grafa hina dauðu þeirra. Og sjá. Okkur til mikils harms og sorgar höfðu tvö hundruð sjötíu og níu af bræðrum okkar fallið.

10a Mósía 7:21–22.

12a Enos 1:20.

LR Falsguðadýrkun.

18a Mósía 29:20.

10. KAPÍTULI

Laman konungur fellur frá — Menn hans eru villtir og grimmir og trúa á falskar arfsagnir — Seniff og fólk hans vinnur sigur á þeim. Um 187–160 f.Kr.

OG svo bar við, að við tókum aftur að koma skipulagi á ríkið og áttum aftur landið í friði. Og ég lét gjöra allar tegundir hervopna, svo að ég gæti haft vopn tiltæk fyrir fólk mitt, ef Lamanítar herjuðu á ný gegn fólki mínu.

2 Og ég setti varðmenn umhverfis landið, til að Lamanítar kæmu ekki aftur okkur að óvörum og tortímdu okkur. Þannig hélt ég vörð um fólk mitt og hjarðir mínar og forðaði þeim frá því að falla í hendur óvina okkar.

3 Og svo bar við, að eignahald okkar á landi fedra okkar hélst í mörg ár, já, í tuttugu og tvö ár.

4 Og ég lét mennina yrkja jörðina og rækta alls kyns ^akorntegundir og allar tegundir ávaxta.

5 Og ég lét konurnar spinna og starfa, vinna og framleiða alls konar líndúka, já, hvers kyns ^aklæði til að hylja nekt okkar. Og á þennan hátt vegnaði okkur vel í landinu — þannig nutum við órofins friðar í landinu um tuttugu og tveggja ára bil.

6 Og svo bar við, að ^aLaman konungur féll frá, en sonur hans tók við völdum eftir hann. Og hann hóf að etja þjóð sinni gegn þjóð

minni. Þeir hófu því undirbúning að stríði og atlögu gegn þjóð minni.

7 En ég hafði sent njósnara mína um allt ^aSemlonsland til að komast að viðbúnaði þeirra og vera á verði gegn þeim, svo að þeir kæmust ekki að þjóð minni og tortímdu henni.

8 Og svo bar við, að þeir komu inn í Sílomsland norðanvert með fjölda herdeilda, menn ^avopnaða ^bbogum, örvum, sverðum, sveðjum, steinum og slöngum. Og þeir höfðu látið raka höfuð sín, svo að þau voru ber, og þeir voru girtir leðurbeltum um lendar sér.

9 Og svo bar við, að ég lét fela konur og börn þjóðar minnar í óbyggðunum, og ég lét einnig alla gamla menn, sem vopnfærir voru, og alla unga menn, sem vopnfærir voru, safnast saman til bardaga gegn Lamanítum. Og ég raðaði þeim í fylkingar, hverjum manni eftir aldri sínum.

10 Og svo bar við, að við lögðum til orrustu gegn Lamanítum. Og ég, já, á gamalsaldri, lagði til orrustu gegn Lamanítum. Og svo bar við, að við lögðum til orrustu í ^astyrk Drottins.

11 En Lamanítar, sem ekkert vissu um Drottin né styrk hans, treystu þess vegna á eigin mátt. Þeir voru samt kraftmiklir, ef litið er til mannlegs máttar.

12 Þeir voru ^avilltir, grimmir og

10 *a* Mósía 9:9.5*a* Al 1:29.6*a* Mósía 9:10–11; 24:3.7*a* Mósía 11:12.8*a* Jar 1:8.*b* Al 3:4–5.10*a* LR Treysta.12*a* Al 17:14.

blóðþyrstir og trúðu ^barfsögnum feðra sinna, sem eru þessar — Þeir trúa því, að þeir hafi verið reknir úr landi Jerúsalem vegna misgjörða feðra sinna og að bræður þeirra hafi beitt þá órétti í óbyggðunum og þeir hafi einnig verið órétti beittir á leiðinni yfir hafið —

13 Og enn fremur trúa þeir, að þeir hafi verið órétti beittir í „fyrsta erfðalandi sínu, eftir að þeir voru komnir yfir hafið, og allt var þetta vegna þess, að Nefí hafði haldið boð Drottins af meiri trúmennsku en þeir og þannig hlotið ^bhylli hans, því að Drottinn heyrði bænir hans og svaraði þeim, og hann tók að sér stjórn ferðarinnar í óbyggðunum.

14 Og bræður hans reiddust honum, vegna þess að þeir „skildu ekki gjörðir Drottins. Og þeir ^breiddust honum einnig úti á vötnunum, vegna þess að þeir hertu hjörtu sín gegn Drottni.

15 Og enn fremur reiddust þeir honum, þegar þeir voru komnir til fyrirheitna landsins, vegna þess að þeir töldu hann hafa tekið „stjórnina úr þeirra höndum, og þeir reyndu að ráða hann af dögum.

16 Og enn fremur reiddust þeir honum, vegna þess að hann lagði af stað út í óbyggðirnar að boði Drottins og tók með sér

„heimildaskrárnar, sem letraðar voru á látúnstöflurnar, því að þeir sögðu hann hafa ^brænt þeim.

17 Og þannig kenndu þeir börnum sínum að hata þá, myrða þá, ræna þá og rupla og gjöra allt, sem hægt væri til að tortíma þeim. Þess vegna bera þeir eilíft hatur til barna Nefís.

18 Og einmitt í þeim tilgangi hefur Laman blekkt mig með kænsku sinni, lygum, undirferli og fögrum lofordum, að ég kæmi til þessa lands með fólk mitt, til þess að þeir gætu tortímt því. Já, við höfum þjáðst í landinu árum saman.

19 Og nú, þegar ég, Seniff, hafði sagt fólki mínu allt þetta um Lamaníta, hvatti ég það til að berjast af öllum mætti og setja traust sitt á Drottin. Þess vegna börðumst við í návígi við þá.

20 Og svo bar við, að við rákum þá aftur út úr landi okkar, og við felldum þá, og mannfalið varð svo mikið, að við gátum ekki komið tölu á hina föllnu.

21 Og svo bar við, að við snerum aftur til okkar eigin lands, og fólk mitt tók á ný að hugsa um hjarðir sínar og yrkja land sitt.

22 Og ég, sem nú var aldraður orðinn, fékk einum sona minna konungdóminn í hendur. Því ætla ég ekki að segja meira, en megi Drottinn blessa fólk mitt. Amen.

12b 2 Ne 5:1–3.
13a 1 Ne 18:23.
b 1 Ne 17:35.

14a 1 Ne 15:7–11.
b 1 Ne 18:10–11.
15a 2 Ne 5:3.

16a 2 Ne 5:12.
b Al 20:10, 13.

11. KAPÍTULI

Nóa konungur stjórnar í ranglæti — Hann lifir gálausu lífi með eiginkonum sínum og hjákonum — Abinadí spáir og segir að fólkið verði hneppt í ánaud — Nóa konungur sækist eftir lífi hans. 160–150 f.Kr.

Og nú bar svo við, að Seniff afhenti Nóa, einum sona sinna, konungdóminn. Þess vegna tók Nóa við ríkjum eftir hann, en hann fylgdi ekki í fótspor föður síns.

2 Því að sjá. Hann hélt ekki boðorð Guðs, heldur fór eftir óskum síns eigin hjarta. Og hann átti margar konur og "hjákonur. Og hann varð ^bvaldur að því, að fólk hans syndgaði og gjörði það, sem viðurstyggelegt var í augum Drottins. Já, og það drýgði "hór og stundaði alls konar ranglátt athæfi.

3 Og hann lagði á skatt, sem nam fimmta hluta af öllu, sem þeir áttu, fimmta hluta af öllu gulli þeirra og silfri, fimmta hluta af öllu "siffi þeirra og kopar, látúni og járni, fimmta hluta af alikálfum þeirra og einnig fimmta hluta af öllu korni þeirra.

4 Og allt þetta tók hann sjálfum sér, konum sínum og hjákonum til framfæris, og einnig prestum sínum, konum þeirra og hjákonum. Og þannig breytti hann málum ríkisins.

5 Því að hann setti alla prestana

af, sem faðir hans hafði vígt og vígði nýja í þeirra stað, presta, sem hreyktu sér hátt í hroka hjarta síns.

6 Já, og þeim var framfleytt þannig í leti sinni, falsguðadýrkun sinni og í hördómi sínum, með sköttunum, sem Nóa konungur hafði lagt á þjóð sína. Þannig lagði fólkið afar hart að sér til að standa undir misgjörðunum.

7 Já, og fólkið gjörðist einnig falsguðadýrkendur vegna þess, að það lét blekkjast af hégómlegum skjallyrðum konungs og prestanna, því að þeir skjölluðu fólkið vissulega.

8 Og svo bar við, að Nóa konungur reisti margar glæsilegar og rúmgóðar byggingar. Og hann skreytti þær fögru viðarverki og alls konar dýrmætum hlutum úr gulli, silfri, járni, látúni, siffi og kopar —

9 Og hann reisti sér einnig rúmgóða höll og hásaeti í henni miðri, sem allt var úr fögrum viði og skreytt gulli, silfri og dýrmætum hlutum.

10 Og hann lét einnig handverksmenn sína vinna alls konar fögur verk innan veggja musterisins, úr fögrum viði, kopar og látúni.

11 Og sætin, sem ætluð voru æðstu prestunum og voru ofar öllum öðrum sætum, lét hann skreyta skíru gulli. Og hann lét gjöra brjóstvörn fyrir framan þau,

11 2a Jakob 3:5.
b 1 Kon 14:15–16;
Mósía 29:31.

c 2 Ne 28:15.
3a HEB skyld orð:
lýsingarorð,

„skínandi;“ sögn, „að þekja eða húða með málm.“

svo að þeir gætu látið líkama sína og arma hvíla á henni, meðan þeir mæltu lygar og hégómleg orð til þjóðarinnar.

12 Og svo bar við, að hann lét reisa “turn nálægt musterinu, já, ákaflega háan turn, svo háan, að hann gat staðið efst á honum og séð yfir Sílomsland og einnig Semlonsland, sem Lamanítar áttu. Og hann gat jafnvel séð yfir allt landið umhverfis.

13 Og svo bar við, að hann lét reisa margar byggingar í Sílomslandi. Og hann lét reisa stóran turn á hæðinni norður af Sílomslandi, sem verið hafði gríðastaður fyrir börn Nefís á þeim tíma, er þau flúðu land. Og þannig fór hann með auðæfin, sem hann fékk af skattlagningu á þjóð sína.

14 Og svo bar við, að hann lét auðæfin ná tókum á hjarta sínu. Og hann varði tímanum í gjálífi með konum sínum og hjákonum. Og prestar hans höfðust líkt að og vörðu tímanum með skækjum.

15 Og svo bar við, að hann kom upp vínekrum hingað og þangað um landið, og hann lét gjöra vínpressur og búa til vín í miklum mæli. Og þess vegna varð hann “vínrykkjumaður og þjóð hans einnig.

16 Og svo bar við, að Lamanítar tóku að sækja að þjóð hans, að fáeinum í senn, og drepa þá á ökrum þeirra og á meðan þeir gættu hjarða sinna.

17 Og Nóa konungur sendi varðmenn sína um landið til að bægja þeim frá, en hann sendi ekki nógu marga og Lamanítar komu að þeim, drápu þá og ráku margar hjarðir þeirra úr landinu. Á þennan hátt tóku Lamanítar að tortíma þeim og sýna þeim hatur sitt.

18 Og svo bar við, að Nóa konungur sendi heri sína gegn þeim, og þeir hröktu þá til baka eða gjörðu þá afturreka um hríð og sneru því til baka fagnandi yfir ránsfeng sínum.

19 Og vegna þessa mikla sigurs mikluðust þeir í hroka sínum. Þeir “gumuðu af eigin styrk og sögðu, að fimmtíu þeirra gætu staðið gegn þúsundum Lamaníta. Og þeir hreyktu sér þannig og glöddust yfir blóði og úthellingu blóðs bræðra sinna og það vegna ranglætis konungs síns og presta sinna.

20 Og svo bar við, að á meðal þeirra var maður að nafni “Abinadí, sem fór um meðal þeirra, tók að spá og sagði: Sjá, svo segir Drottinn, og þetta bauð hann mér og sagði: Gakk þú fram, og seg þú þessum lýð, svo segir Drottinn — Vei sé þessum lýð, því að ég hef séð viðurstyggð hans, ranglæti hans og hórdóm. Og iðrist hann ekki, mun ég vitja hans í reiði minni.

21 Og gjöri hann eigi iðrun og snúi sér til Drottins Guðs síns, sjá, þá mun ég selja hann í hendur óvinum sínum. Já, og hann mun hnepptur í “ánaud og verða að

12a Mósía 19:5–6.
15a LR Vísdomsorðið.
19a K&S 3:4.

LR Drambsemi.
20a LR Abinadí.
21a Mósía 12:2; 20:21;

21:13–15;
23:21–23.

þola þrengingar af hendi óvina sinna.

22 Og svo ber við, að þeir skulu vita, að ég er Drottinn Guð þeirra og að ég er "vandlátur Guð, sem vitja misgjörða fólks míns.

23 Og svo ber við, að ef þessi þjóð iðrast eigi og snýr til Drottins Guðs síns, mun hún hneppt í ánaud. Og enginn mun bjarga henni nema Drottinn, hinn almáttugi Guð.

24 Já, og svo ber við, að þegar hún ákallar mig, þá verð ég "tregur til að heyra hróp hennar. Já, ég mun leyfa óvinum hennar að ljósta hana.

25 Og iðrist hún ekki í sekk og ösku og ákalli Drottin Guð sinn hástöfum, mun ég ekki "heyra bænir hennar, né heldur bjarga henni úr þrengingum sínum, og svo segir Drottinn, og þetta bauð hann mér.

26 Nú bar svo við, að þegar Abinadí hafði mælt þessi orð til þeirra, reiddust þeir honum og sátu um líf hans, en Drottinn bjargaði honum úr höndum þeirra.

27 Þegar Nóa konungur heyrði nú orðin, sem Abinadí hafði mælt til fólksins, reiddist hann einnig, og hann sagði: Hver er Abinadí, að hann dæmi mig og þjóð mína, eða "hver er Drottinn, að hann leggi svo miklar þrengingar á þjóð mína?

28 Ég skipa ykkur að færa Abinadí hingað, svo að ég geti drepð

hann, því að hann hefur sagt þetta til að reita þjóð mína til reiði, einn gegn öðrum, og valda deilum meðal þjóðar minnar. Þess vegna mun ég drepa hann.

29 En augu fólksins voru "blinduð. Því ^bherti það hjörtu sín gegn orðum Abinadís og leit aðist upp frá því við að ná honum. Og Nóa konungur herti hjarta sitt gegn orði Drottins og iðraðist ekki illverka sinna.

12. KAPÍTULI

Abinadí er varpað í fangelsi fyrir spádóma um tortímingu fólksins og dauða Nóa konungs — Falsprestarnir vitna í ritningarnar og látast halda lögmál Móse — Abinadí fer að kenna þeim boðorðin tíu. Um 148 f.Kr.

Og svo bar við, að eftir tveggja ára bil kom Abinadí til þeirra í dularklæðum, svo að þeir þekktu hann ekki, tók að spá meðal þeirra og sagði: Svo hefur Drottinn boðið mér og sagt — Abinadí, far þú og spá fyrir þessu fólki mínu, því að það hefur hert hjörtu sín gegn orðum mínum. Það hefur ekki iðrast illverka sinna. Þess vegna mun ég "vitja þess í reiði minni, já, í brennandi reiði minni mun ég vitja þess í misgjörðum þess og viðurstygð.

2 Já, vei sé þessari kynslóð! Og Drottinn sagði við mig: Rétt þú fram hönd þína, spá og seg þú: Svo segir Drottinn, að þessi kynslóð

22a 2 Mós 20:5; 5 Mós 6:15;
Mósía 13:13.
24a Míka 3:4; Mósía 21:15.

25a Jes 1:15; 59:2.
27a 2 Mós 5:2;
Mósía 12:13.

29a HDP Móse 4:4.
b Al 33:20; Et 11:13.
12 1a Jes 65:6.

verði hneppt í “ánaud vegna misgjörða sinna og lostin ^bkinnhesti. Já, og mennirnir munu hrekja hana og drepa. Og hræfuglar loftsans, hundarnir, já, og villidýrin munu rífa í sig hold þeirra.

3 Og svo ber við, að “líf Nóa konungs mun metið sem klæði í brennheitum ^bofni, því að hann skal vita, að ég er Drottinn.

4 Og svo ber við, að ég læt sárar þrengingar dynja yfir þessa þjóð mína, já, hungursneyð og “drep-sóttir. Og ég mun láta þá ^bkveina allan liðlangan daginn.

5 Já, og ég mun láta rígbinda “byrðarnar á bak þeim og láta reka þá áfram eins og skynlausar skepnur.

6 Og svo ber við, að ég mun senda þeim haglé, og það mun dynja á þeim. Og “austanvindurinn mun einnig skella á þeim, og ^bskordýr verða að plágu í landi þeirra og eta korn þeirra upp til agna.

7 Og miklar drepsóttir munu herja á þá — og allt þetta mun ég gjöra vegna “misgjörða þeirra og viðurstygðar.

8 Og svo ber við, að ef þeir iðrast ekki, mun ég gjörsamlega “tor-tíma þeim af yfirborði jarðar, en samt munu þeir skilja eftir sig ^bheimildir, og þær mun ég varð-veita fyrir aðrar þjóðir, sem fá munu landið til eignar. Já, ég mun gjöra þetta til að upplýsa aðra um viðurstygð þessarar þjóðar. Og

margt var það, sem Abinadí spáði gegn þessari þjóð.

9 Og svo bar við, að þeir reiddust honum og tóku hann fastan og báru hann í böndum fyrir konung, og sögðu við konung: Sjá, við höfum fært mann fyrir þig, sem spáð hefur, að illa fari fyrir þjóð þinni og segir, að Guð muni tortíma henni.

10 Og hann spáir líka, að illa fari fyrir lífi þínu og segir, að líf þitt verði sem klæði í logandi eldstó.

11 Og hann segir enn fremur, að þú verðir sem strá, meira að segja sem skrælnað strá akursins, sem skepnur æða yfir og troða undir fótum sér.

12 Og enn fremur segir hann, að þú verðir sem pistilblóm, sem fullþroska berst með vindinum eftir yfirborði landsins, þegar hann blæs. Og hann lætur sem Drottinn hafi sagt þetta. Og hann segir, að allt muni þetta yfir þig koma, ef þú iðrast ekki, og það vegna misgjörða þinna.

13 Og, ó konungur. Hvaða misgjörðir hefur þú framið eða hvaða syndir hefur fólk þitt drýgt, sem eru svo stórar, að við séum for-dæmdir af Guði eða dæmdir af þessum manni?

14 Og sjá nú, ó konungur. Sekt okkar er engin, og þú, ó konungur, hefur ekki syndgað. Þess vegna hefur þessi maður farið með lygar um þig og spáð til ónýtis.

2a Mósía 11:21; 20:21;
21:13–15; 23:21–23.

b Mósía 21:3–4.

3a Mósía 12:10.

b Mósía 19:20.

4a K&S 97:26.

b Mósía 21:9–10.

5a Mósía 21:3.

6a Jer 18:17;

Mósía 7:31.

b 2 Mós 10:1–12.

7a K&S 3:18.

8a Al 45:9–14.

b Morm 8:14–16.

15 Og sjá. Við erum sterkir og verðum hvorki hnepptir í ánaud né teknir til fanga af óvinum okkar. Já, og þér hefur vegnað vel í landinu, og þér mun halda áfram að vegna vel.

16 Sjá, hér er þessi maður. Við látum hann í þínar hendur. Þú mátt gjöra við hann eins og þér gott þykir.

17 Og svo bar við, að Nóa konungur lét varpa Abinadí í fangelsi. Og hann skipaði „prestunum að safnast saman, til að hann gæti ráðgast við þá, hvað gjöra skyldi við hann.

18 Og svo bar við, að þeir sögðu við konung: Færið hann hingað, svo að við getum lagt spurningar fyrir hann. Og konungur mælti svo fyrir, að hann skyldi færður fyrir þá.

19 Og þeir hófu að leggja fyrir hann spurningar, þannig að hann kæmist í mótsögn við sjálfan sig og þeir fengju átyllu til að ákæra hann, en hann svaraði þeim djarflega og „stóðst allar spurningar þeirra. Já, þeim til undrunar, því að hann stóðst spurningaflóð þeirra, og hnektti orðum þeirra.

20 Og svo bar við, að einn þeirra sagði við hann: Hvað þýða orðin, sem letruð hafa verið og sem feður okkar hafa kennt og eru á þessa leið:

21 „Hversu yndislegir eru á fjöllunum fætur fagnaðarboðans, sem friðinn kunngjörir, gleðitíðindin

flytur, hjálpraðið boðar og segir við Síon: Guð þinn er sestur að völdum —

22 Varðmenn þínir munu hefja upp raust sína. Einum rómi munu þeir syngja, því að með eigin augum munu þeir sjá, þegar Drottinn endurleiðir Síon —

23 Hefjið gleðisöng, syngið saman, þér eyðirústir Jerúsalem, því að Drottinn hefur huggað lýð sinn. Hann hefur leyst Jerúsalem —

24 Drottinn hefur gjört beran heilagan „armlegg sinn í augskýning allra þjóða, og öll endimörk jarðar skulu sjá hjálpraði Guðs vors?

25 Og nú sagði Abinadí við þá: Eruð þið „prestar og þykist kenna þessu fólki og skilja spádómsandann, en samt viljið þið fá að vita hjá mér, hvað þetta þýðir?

26 Ég segi við ykkur: Vei sé ykkur fyrir að rangsnúa réttum vegum Drottins, því að ef þið skiljið, hvað þetta merkir, hafið þið ekki kennt það. Þess vegna hafið þið rangsnúið vegum Guðs.

27 Þið hafið ekki lagt ykkur fram um að „skilja með hjartanu, og því hafið þið ekki verið vitrir. Hvað hafið þið því kennt þessu fólki?

28 Og þeir sögðu: Við kennum lögmál Móse.

29 Og enn sagði hann við þá: Ef þið kennið „lögmál Móse, hvers vegna haldið þið það þá ekki? Hvers vegna drýgið þið ^bhór og eyðið orku

17a Mósía 11:11.
19a K&S 100:5–6.
21a Jes 52:7–10;

Nahúm 1:15.
24a 1 Ne 22:11.
25a Mósía 11:5.

27a LR Skilningur.
29a LR Mósélögmál.
b LR Hórdómur.

ykkar í skækjur og komið þessu fólki til að syndga, þannig að Drottinn sjái ástæðu til að senda mig til að spá gegn þessari þjóð? Já, jafnvel, að margt illt hendi hana?

30 Vitið þið ekki, að ég tala sannleikann? Jú, þið vitið, að ég segi sannleikann, og þið ættuð að skjálfa frammi fyrir Guði.

31 Og svo ber við, að þið verðið lostnir sakir misgjörða ykkar, því að þið segist kenna lögmál Móse. En hvað vitið þið um lögmál Móse? “Kemur hjálpræði fyrir lögmál Móse? Hverju svarið þið?

32 Og þeir svörðu og sögðu hjálpræðið koma fyrir lögmál Móse.

33 En nú sagði Abinadí við þá: Ég veit, að þið frelsist, ef þið haldið boðorð Drottins. Já, ef þið haldið boðorðin, sem Drottinn gaf Móse á “Sínaí fjalli, er segja:

34 “Ég er Drottinn Guð þinn, sem bleiddi þig út úr Egyptalandi, út úr þrælahúsinu.

35 Þú skalt engan Guð hafa “annan en mig.

36 Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér, né nokkrar myndir af því, sem er á himnum uppi eður því, sem er á jörðu niðri.

37 Nú sagði Abinadí við þá: Hafið þið gjört allt þetta? Ég segi ykkur: Nei, þið hafið ekki gjört það. Og hafið þið “kennt þessu fólki, að það ætti að gjöra allt þetta? Ég segi ykkur: Nei, það hafið þið ekki gjört.

13. KAPÍTULI

Guðlegur kraftur verndar Abinadí — Hann kennir boðorðin tíu — Sáluhjálp kemur ekki með lögmáli Móse einu saman — Guð sjálfur mun friðþægja fyrir fólk sitt og endurleysa það. Um 148 f.Kr.

Og þegar konungur hafði heyrt þessi orð, sagði hann við presta sína: Takið þennan náunga á burt og drepið hann, því að hverju skiptir hann okkur, þar sem hann er vitskertur.

2 Og þeir gengu fram og reyndu að leggja á hann hendur, en hann sá við þeim og sagði við þá:

3 Snertið mig ekki, því að Guð mun ljósta ykkur, ef þið leggið á mig hendur, því að ég hef ekki komið til skila þeim boðum, sem hann fól mér að bera, og ég hef heldur ekki svarað því, sem þið “báðuð mig um að svara. Því mun Guð ekki leyfa, að mér verði tortímt nú.

4 En ég verð að uppfylla fyrir-mælin, sem Guð hefur gefið mér, og þið eruð mér reiðir, vegna þess að ég hef sagt ykkur sannleikann. Og vegna þess að ég hef talað orð Guðs, hafið þið dæmt mig vitskertan.

5 Nú bar svo við, að þegar Abinadí hafði mælt þessi orð, þorðu menn Nóa konungs ekki að leggja á hann hendur, því að andi Drottins var yfir honum, og andlit hans

31a Mósía 3:15; 13:27–32;
Al 25:16.

33a 2 Mós 19:9, 16–20;
Mósía 13:5.

34a 2 Mós 20:2–4.

b 2 Mós 12:51;

1 Nē 17:40;

Mósía 7:19.

35a Hós 13:4.

LR Falsguðadýrkun.

37a Mósía 13:25–26.

13 3a Mósía 12:20–24.

“ljómaði og geislaði eins og andlit Móse á Sínaí fjalli, á meðan hann talaði við Drottin.

6 Og hann talaði með “krafti og valdi Guðs, hélt máli sínu áfram og mælti:

7 Ykkur er ljóst, að það er ekki á ykkar valdi að drepa mig, þess vegna lýk ég erindi mínu. Já, ég finn að það “nístir ykkur í hjarta- stað að heyra sannleikann um misgjörðir ykkar.

8 Já, og orð mín fylla ykkur furðu, undrun og reiði.

9 En ég lýk erindi mínu, og þá skiptir litlu, hvað um mig verður, svo framarlega sem ég er hólpinn.

10 En það skal ég segja ykkur, að það, sem þið gerið við mig eftir þetta, verður sem “forboði og skuggi þess, sem koma mun.

11 Og nú mun ég lesa fyrir ykkur önnur “boðorð Guðs, því að ég finn, að þau eru ekki greypt í hjörtu ykkar. Og ég skynja, að þið hafið numið og kennt misgjörðir mestan hluta ævi ykkar.

12 Og minnst nú þess, sem ég sagði við ykkur: Þú skalt engar líkneskjur gjöra þér né nokkrar myndir af því, sem er á himnum uppi, eður því, sem er á jörðu niðri, eður því, sem er í vötnunum undir jörðunni.

13 Og enn fremur: Þú skalt hvorki lúta þeim né þjóna þeim, því að ég, Drottinn Guð þinn, er vandlátur Guð, sem vitjar

misgjörða feðranna á börnunum, já, í þriðja eða fjórða lið þeirra, sem forsmá mig —

14 En ég auðsýni miskunn þús- undum þeirra, sem elska mig og varðveita boðorð mín.

15 Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma, því að eigi er sá saklaus fyrir Drottni, sem leggur nafn hans við hégóma.

16 Minnstu þess að halda “hvíld- ardaginn heilagan.

17 Sex daga skalt þú erfiða og vinna allt þitt verk —

18 En sjöunda daginn, hvíld- ardag Drottins Guðs þíns, skalt þú ekkert verk vinna, hvorki þú, sonur þinn né dóttir þín, þræll þinn eða ambátt þín, né skepnur þínar eða nokkur útlendingur, sem hjá þér er innan borgarhliða þinna —

19 Því að á “sex dögum gjörði Drottinn himin og jörð, hafið og allt, sem í og á þeim er. Þess vegna blessaði Drottinn hvíldardaginn og helgaði hann.

20 “Heiðra föður þinn og móður þína, svo að þú verðir langlífur í því landi, sem Drottinn Guð þinn gefur þér.

21 Þú skalt ekki “morð fremja.

22 Þú skalt ekki drýgja “hór. Þú skalt ekki ^bstela.

23 Þú skalt ekki bera “ljúgvitni gegn náunga þínum.

24 Þú skalt ekki “girnast hús

5a 2 Mós 34:29–35.

6a LR Kraftur.

7a 1 Ne 16:2.

10a Mósía 17:13–19;

Al 25:10.

11a 2 Mós 20:1–17.

16a LR Hvíldardagur.

19a 1 Mós 1:31.

20a Mark 7:10.

21a Matt 5:21–22;

K&S 42:18. LR Morð.

22a LR Hórdómur.

b LR Stela, stuldur.

23a Okv 24:28. LR Lygar.

24a LR Ágirnd.

náunga þíns. Þú skalt ekki girnast konu náunga þíns, ekki þræl hans eða ambátt, ekki uxu hans eða asna, né nokkuð það, sem náungi þinn á.

25 Og svo bar við, að eftir að Abinadí hafði mælt þessi orð, sagði hann við þá: Hafið þið kennt þessu fólki, að það verði að gæta alls þessa til að halda boðorðin?

26 Ég segi við ykkur: Nei, því að Drottinn hefði ekki sent mig til að spá illa fyrir þessu fólki, ef þið hefðuð gjört það.

27 Og nú hafið þið sagt, að sáluhjálp fáiast fyrir lögmál Móse. Ég segi ykkur, að enn er ykkur ráðlegast að halda „lögmál Móse. En ég segi ykkur, að sá tími mun koma, að ekki verður þlengur ráðlegast að halda lögmál Móse.

28 Og ég segi ykkur enn fremur, að „lögmálið eitt færir ekki ^bhjálp-ræði, og að án „friðþægingarinnar, sem Guð mun sjálfur færa fyrir syndir og misgjörðir fólks síns, hlyti það óhjákvæmilega að farast, hvað sem lögmáli Móse líður.

29 Og ég segi ykkur, að brýnt var að færa börnum Ísraels lögmál, já, meira að segja mjög „strangt lögmál, því að fólkíð var þrjóskufullt, ^bfljótt til misgjörða, en tregt til að minnast Drottins Guðs síns —

30 Þess vegna var þeim gefið „lögmál, já, lögmál framkvæmda og ^bhelgiathafna, lögmál, sem „framfylgt skyldi stranglega dag frá degi til að minna þá á Guð og skyldur þeirra gagnvart honum.

31 En sjá. Ég segi ykkur, að allt var þetta „forboði þess, sem koma mun.

32 Og skildu þeir nú lögmálið? Nei, segi ég ykkur, þeir skildu ekki allir lögmálið. Og það var vegna hörkunnar í hjörtum þeirra, því að þeir skildu ekki, að enginn maður yrði hólpinn, „nema fyrir endurlausn Guðs.

33 Því að sjá. Spáði ekki Móse fyrir þeim um komu Messíasar og að Guð mundi endurleysa fólk sitt? Jú, og hafa ekki jafnvel „allir spámenn, sem nokkru hafa spáð frá upphafi veraldar, fjallað meira og minna um þetta?

34 Hafa þeir ekki sagt, að „Guð mundi sjálfur stíga niður meðal mannanna barna, taka á sig mannsmynd og fram ganga á yfirborði jarðar í miklu veldi?

35 Já, og hafa þeir ekki einnig sagt, að hann mundi gera „upp-risu dauðra að veruleika, og verða sjálfur kúgaður og að honum þrengt?

27a LR Mósélögmál.
b 3 Ne 9:19–20; 15:4–5.
28a Gal 2:21;
Mósía 3:14–15;
Al 25:15–16.
b Gal 2:16.
LR Endurleysa,
endurleystur,
endurlausn;

Sáluhjálp, hjálpraði.
c LR Friðþægja,
friðþæging.
29a Jós 1:7–8.
b Al 46:8.
30a 2 Mós 20.
b LR Helgiathafnir.
c Jakob 4:5.
31a Mósía 16:14;

Al 25:15.
LR Táknræn merking.
32a 2 Ne 25:23–25.
33a 1 Ne 10:5;
Jakob 4:4; 7:11.
34a Mósía 7:27; 15:1–3.
LR Guð, guðdómur.
35a Jes 26:19;
2 Ne 2:8.

14. KAPÍTULI

Jesaja talar um Messías — Sagt er frá auðmýkingu og þjáningum Messíasar — Hann gjörir sál sína að syndaförn og gjörist meðalgöngu- maður hinna brotlegu — Samanber Jesaja 53. Um 148 f.Kr.

JÁ, segir ekki Jesaja: Hver trúði því, sem oss var boðað, og hverjum varð armleggur Drottins opinber?

2 Hann vex upp eins og viðar- teinungur fyrir augliti hans og sem rôtarkvistur úr þurri jörð. Hann er hvorki fagur né glæsi- legur, svo að oss gefi á að líta, né álitlegur, svo að oss finnist til um hann.

3 Hann er fyrirlitinn og menn forðast hann, harmkvælamaður og kunnugur þjáningum, líkur manni, er menn byrgja fyrir and- lit sín, fyrirlitinn, og vér mátum hann einskis.

4 En vorar ^aþjáningar voru það, sem hann ^bbar, og vor harmkvæli, er hann á sig lagði. Vér álitum honum refsað, hann sleginn af Guði og að honum þrengt.

5 En hann var særður vegna vorra ^abrota og kraminn vegna vorra misgjörða. Hegningin, sem vér höfðum til unnið, kom niður á honum, og fyrir hans benjar erum vér ^bheilbrigðir.

6 Vér fórum allir villir vegar sem

^asauðir, stefndum hver sína leið, en Drottinn lét misgjörðir vor allra koma niður á honum.

7 ^aHann var hrjáður og að- þrengdur, en lauk samt eigi upp munnni sínum. Hann er færður sem ^blamb til slátrunar, og eins og sauður þegir fyrir þeim, er klippa hann, lauk hann eigi upp munnni sínum.

8 Með þrengingu og dómi var hann burt numinn, og hverjir munu lýsa sig afkomendur hans? Því að hann var hrifinn burt úr landi lif- enda. Fyrir sakir syndar lýðs míns var hann lostinn til dauða.

9 Og menn tóku honum gröf meðal illræðismanna, legstað með hinum ^aríku, því hann hafði eigi ^branglæti framið og svik voru ekki í munnni hans.

10 En Drottinn þóknaðist að kremja hann með harmkvælum. Þegar þú gjörir sál hans að synda- förn, skal hann fá að líta ^aaf- sprengi sitt og lifa langa ævi. Og áform Drottins skal fá framgang í hans höndum.

11 Hann mun sjá hörmungar sálar sinnar og vel við una. Með þekkingu sinni mun hinn réttláti þjónn minn réttlæta marga, því hann mun ^abera misgjörðir þeirra.

12 Þess vegna mun ég gefa honum mikinn hlut, og herfang- inu mun hann deila með hinum öflugum. Því að hann hefur úthellt

14 4a Matt 8:17.

b Al 7:11–12.

5a Mósía 15:9; Al 11:40.

b 1 Pét 2:24–25.

6a Matt 9:36;

2 Ne 28:14; Al 5:37.

7a Mark 15:3.

LR Jesús Kristur.

b LR Guðslambið;

Páskar.

9a Matt 27:57–60;

Mark 15:27, 43–46.

LR Jósef frá Arímaþeu.

b Jóh 19:4.

10a Mósía 15:10–13.

11a 3 Mós 16:21–22;

1 Pét 3:18;

K&S 19:16–19.

sálu sinni allt til dauða, og var talinn með illræðismönnum, hann bar syndir margra og annast “meðalgöngu fyrir hina brotlegu.

15. KAPÍTULI

Af hverju Kristur er bæði nefndur faðirinn og sonurinn — Hann verður meðalgöngumadurinn og mun bera syndir fólks síns — Hans fólk og allir hinir heilögu spámenn eru niðjar hans — Hann gjörir upprisuna að veruleika — Lítil börn eiga eilíft líf. Um 148 f.Kr.

Og nú sagði Abinadí við þá: Ég vil, að þið skiljið, að “Guð mun sjálfur stíga niður meðal mannanna barna og ^bendurleysa fólk sitt.

2 Og vegna þess að hann tekur sér ^abólfestu í holdinu, verður hann nefndur sonur Guðs, og vegna þess að hann lét holdið lúta vilja ^bföðurins, er hann bæði faðirinn og sonurinn —

3 “Faðirinn, vegna þess að hann var ^bgetinn með krafti Guðs, og sonurinn vegna holdsins. Þannig varð hann faðirinn og sonurinn —

4 Og þeir eru ^aeinn Guð, já, sjálfur ^beilífur ^cfaðir himins og jarðar.

5 Þegar holdið lýtur andanum þannig eða sonurinn föðurnum og þeir eru einn Guð, verður hann “fyrir freistingum, en fellur ekki fyrir þeim, heldur lætur fólk sitt hæða sig, ^bhúðstrýkja, vísa sér burtu og ^cafneita.

6 Og þegar allt þetta er um garð gengið, eftir að hafa gert mörg stórkostleg kraftaverk meðal mannanna barna, mun hann leiddur, já, ^aeins og Jesaja sagði, eins og sauður þegir fyrir þeim, er klippir hann, ^blauk hann eigi upp munni sínum.

7 Já, jafnvel þannig mun hann leiddur, ^akrossfestur og deyddur, holdið verður jafnvel að lúta dauðanum, ^bvilji sonarins innbyrðist í vilja föðurins.

8 Og þannig rýfur Guð ^ahelsi dauðans, vinnur ^bsigur á dauðanum og gefur syninum vald til að annast ^cmeðalgöngu fyrir mannanna börn —

9 Hann stígur upp til himins, með hjartans miskunnsemi og gagntekinn samúð með mannanna börnum, stendur milli þeirra og réttvísinnar, því að hann hefur rofið helsi dauðans,

12a 2 Ne 2:9; Mósía 15:8; Moró 7:27–28.
 15 1a 1 Tím 3:16; Mósía 13:33–34.
 LR Jesús Kristur.
 b LR Endurleysa, endurlestur, endurlausn.
 2a Mósía 3:5; 7:27; Al 7:9–13.
 b Jes 64:8; Jóh 10:30; 14:8–10; Mósía 5:7; Al 11:38–39; Et 3:14.

3a K&S 93:4.
 b Lúk 1:31–33; Mósía 3:8–9; Al 7:10; 3 Ne 1:14.
 4a 5 Mós 6:4; Jóh 17:20–23.
 LR Guð, guðdómur.
 b Al 11:39.
 c Mósía 3:8; He 14:12; 3 Ne 9:15; Et 4:7.
 5a Lúk 4:2; Hebr 4:14–15.
 b Jóh 19:1.

c Mark 8:31; Lúk 17:25.
 6a Jes 53:7.
 b Lúk 23:9; Jóh 19:9; Mósía 14:7.
 7a LR Krossfesting.
 b Lúk 22:42; Jóh 6:38; 3 Ne 11:11.
 8a Mósía 16:7; Al 22:14.
 b Hós 13:14; 1 Kor 15:55–57.
 c 2 Ne 2:9.

tekið á ^asig misgjörðir þeirra og afbrot og þar með endurleyst þau og ^bfullnægt kröfum réttvísinnar.

10 Og nú spyr ég ykkur, hverjir munu lýsa sig afkomendur hans? Sjá. Ég segi ykkur, að hann mun sjá ^aniðja sína, þegar sál hans hefur verið færð að fórn fyrir synd. Og hvað segið þið nú? Hverjir verða niðjar hans?

11 Sjá. Ég segi ykkur, að það verður hver sá, sem hefur heyrt orð ^aspámannanna, já, allra hinna heilögu spámanna, sem spáð hafa um komu Drottins — Ég segi ykkur, að það verða allir, sem hlustað hafa á orð þeirra og trúna, að Drottinn muni frelsa fólk sitt og bíða þess dags til að fá fyrirgefningu synda sinna. Ég segi ykkur, að þeir eru afsprengi hans, og þeir eru erfingjar Guðs ^bríkis.

12 Því að það eru þeirra syndir, sem ^ahann hefur borið, og fyrir þá hefur hann dáðið til að endurleysa þá frá syndum sínum. Og eru þeir því ekki afsprengi hans?

13 Já, og eru spámennirnir það ekki, hver og einn, sem lokið hefur upp munni sínum til að spá og ekki hefur brotið lögmálið, ég á við alla hina heilögu spámenn, allt frá upphafi veraldar? Ég segi ykkur, að þeir eru afsprengi hans.

14 Og það eru þeir, sem hafa

^aboðað frið og fært fagnaðartíðindi um hið góða, fært boðskapinn um hjálpræðið og sagt við Síon: Guð þinn ræður ríkjum!

15 Ó hve yndislegir eru á fjöllunum fætur þeirra!

16 Og enn fremur, hversu yndislegir eru á fjöllunum fætur þeirra, sem enn flytja frið!

17 Og enn fremur, hversu yndislegir eru á fjöllunum fætur þeirra, sem flytja frið héðan í frá og að eilífu!

18 Og sjá. Ég segi ykkur, að þar með er ekki allt talið. Því hversu yndislegir eru á fjöllunum ^afætur þess, sem gleðitíðindin flytur, sem grundvallar ^bfriðinn, já, sjálfs Drottins, sem hefur endurleyst fólk sitt, já, hans, sem veitt hefur fólki sínu sáluhjálpar —

19 Því að ég segi ykkur, að án sáluhjálparinnar, sem hann hefur veitt fólki sínu og fyrirbúin var allt frá ^agrundvöllun veraldar, hlyti allt mannkyn að ^bfarast.

20 En sjá. Helsi dauðans mun rofið og sonurinn ríkja og hafa vald yfir hinum dauðu. Til þess gjörir hann upprisú dauðra að veruleika.

21 Og upprisan kemur og það hin fyrsta ^aupprisa, já, upprisa þeirra, sem hafa verið til, eru til og munu verða til, alveg fram að upprisú Krists — því að svo mun hann nefndur.

9a Jes 53; Mósía 14:5–12.

b LR Friðþægja, friðþæging.

10a Jes 53:10; Mósía 5:7; 27:25; Moró 7:19.

11a K&S 84:36–38.

b LR Ríki Guðs eða ríki

himna;

Sáluhjálpar, hjálpræði.

12a Mósía 14:12;

Al 7:13; 11:40–41.

14a Jes 52:7; Róm 10:15;

1 Ne 13:37;

Mósía 12:21–24.

LR Trúboðsverk.

18a 3 Ne 20:40;

K&S 128:19.

b Jóh 16:33. LR Friður.

19a Mósía 4:6.

b 2 Ne 9:6–13.

21a Al 40:16–21.

22 Og allir spámennirnir og allir þeir, sem trúað hafa orðum þeirra, eða allir þeir, sem haldið hafa boðorð Guðs, munu upp rísa í hinni fyrstu upprisu. Þess vegna eru þeir hin fyrsta upprisa.

23 Og þeir eru upp reistir til að „dvelja með Guði, sem endurleysti þá. Á þann hátt eignast þeir eilíft líf fyrir Krist, sem b¹rauf helsti dauðans.

24 Og það eru þeir, sem eiga hlutdeild í fyrstu upprisunni, Og það eru þeir, sem létu lífið fyrir komu Krists í vanþekkingu sinni, vegna þess að „hjálp²præðið hafði ekki verið boðað þeim. Og þannig endurreisir Drottinn þá, og þeir eiga aðild að fyrstu upprisunni eða öðlast eilíft líf, því að Drottinn hefur endurleyst þá.

25 Og lítil „bö³rn eiga einnig eilíft líf.

26 En sjá. Óttist og „skjálfið frammi fyrir Guði, því að þið hafið ástæðu til að skjálfa, þar eð Drottinn endurleysir engan þann, sem b⁴rís gegn honum og c⁵deyr í syndum sínum. Og allir, sem farist hafa í syndum sínum frá upphafi veraldar, sem risið hafa gegn Guði af ráðnum hug, sem þekkt hafa boðorð Guðs, en ekki haldið þau, „það eru þeir, sem e⁶nga aðild eiga að fyrstu upprisunni.

27 Hafið þið því ekki ástæðu til

að skjálfa? Því að enginn slíkur verður hólpinn og Drottinn hefur engan slíkan endurleyst. Já, Drottinn getur heldur ekki endurleyst slíka, því að hann getur ekki afneitað sjálfum sér, hann getur ekki afneitað „réttvísinni, þegar hún krefst réttar síns.

28 Og nú segi ég ykkur, að sá tími mun koma, að hjálp²præði Drottins mun „kunngjört öllum þjóðum, kynkvíslum, tungum og lýðum.

29 Já, Drottinn, „varðmenn þínir munu hefja upp raust sína. Einum rómi munu þeir syngja, því að með eigin augum munu þeir sjá þegar Drottinn endurleiðir Síon.

30 Hefjið gleðisöng, syngið saman, þér eyðirústir Jerúsalem, því að Drottinn hefur huggað lýð sinn, leyst Jerúsalem.

31 Drottinn hefur gjört beran heilagan armlegg sinn í augsyn allra þjóða, og öll endimörk jarðar skulu sjá hjálp²præði Guðs vors.

16. KAPÍTULI

Guð endurleysir menn frá glötuðu og föllnu ástandi þeirra — Þeir sem eru holdlegir verða áfram líkt og engin endurlausn hafi átt sér stað — Kristur gjörir að veruleika upprisu til óendanlegs lífs eða óendanlegrar fordæmingar. Um 148 f.Kr.

23a Sálm 24:3–4;
1 Ne 15:33–36;
K&S 76:50–70.
b LR Dauði, líkamlegur.
24a 2 Ne 9:25–26;
K&S 137:7.
25a K&S 29:46; 137:10.

LR Sáluhjál,
hjálp²præði — Sáluhjálp
barna.
26a 5 Mós 5:29; Jakob 6:9.
b 1 Ne 2:21–24.
c Esek 18:26;
1 Ne 15:32–33;

Moró 10:26.
d Al 40:19.
e K&S 76:81–86.
27a Al 34:15–16; 42:1.
28a LR Trúboðsverk.
29a LR Vaka, vera á verði,
verðir.

Og nú bar svo við, að þegar Abinadí hafði mælt þessi orð, rétti hann fram hönd sína og sagði: Sá tími kemur, að allir munu sjá ^a“hjálpþæði Drottins; að sérhver þjóð, kynkvísl, tunga og lýður munu sjá með eigin augum og ^bviðurkenna fyrir Guði, að dómur hans eru réttvísir.

2 Þá mun hinum ranglátu ^avísað burtu og þeim gefast tilefni til að kvarta, ^bgráta, kveina og gnísta tönnum. Og það er vegna þess, að þeir vildu ekki hlýða rödd Drottins, þess vegna endurleysir Drottinn þá ekki.

3 Því að þeir eru ^aholdlegir og djöfullegir, og ^bdjöfullinn hefur vald yfir þeim. Já, hinn sami gamli höggormur, er ^ctældi fyrstu foreldra okkar og olli þannig ^afalli þeirra. Og af því leiddi, að allt mannkyn varð holdlegt, munúðarfullt og djöfullegt, lærði að ^eþekkja gott frá illu og gaf sig djöflinum á vald.

4 Þannig var allt mannkyn ^aglatað. Og sjá, það hefði verið ævinlega glatað, hefði Guð ekki endurleyst lýð sinn frá hinu glataða og fallna ástandi.

5 En munið, að sá, sem heldur fast í ^aholdlegt eðli sitt, og gengur

áfram veg syndar og uppreisnar gegn Guði, helst í sínu fallna ástandi, og djöfullinn hefur yfir honum allt vald. Þess vegna er hann líkt staddur og engin ^bendurlausn væri til, þar sem hann er óvinur Guðs, og djöfullinn er einnig óvinur Guðs.

6 Og hefði Kristur ekki komið í heiminn, og hér tala ég um það, sem í vændum er, ^aeins og það hefði þegar átt sér stað, væri engin endurlausn til.

7 Og hefði Kristur hvorki risið upp frá dauðum né rofið helsi dauðans, svo að gröfin hrósaði engum sigri og dauðinn hefði engan ^abrodd, gæti engin upprisa hafa átt sér stað.

8 En ^aupprisan er til, þess vegna hrósar gröfin engum sigri, og Kristur hefur innbyrt brodd ^bdauðans.

9 Hann er ^aljós og líf heimsins, já, óendanlegt ljós, sem aldrei getur myrkvast, já, og einnig óendanlegt líf, svo að dauðinn verður aldrei framar til.

10 Jafnvel hið dauðlega mun íklæðast ^aódauðleika og það forgengilega íklæðast óforgengileika og skal leitt ^bfram fyrir dómgrindur Guðs, og verða af honum

16 1a LR Sáluhjálpar, hjálpræði.

b Mósía 27:31.

2a K&S 63:53–54.

b Matt 13:41–42;

Lúk 13:28; Al 40:13.

3a Gal 5:16–25;

Mósía 3:19.

LR Hinn náttúrlegi maður.

b 2 Ne 9:8–9.

LR Djöfull.

c 1 Mós 3:1–13;

HDP Móse 4:5–19.

d LR Fall Adams og Evu.

e 2 Ne 2:17–18, 22–26.

4a Al 42:6–14.

5a Al 41:11.

LR Holdlegur.

b LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

6a Mósía 3:13.

7a Hós 13:14;

Mósía 15:8, 20.

8a Al 42:15.

LR Upprisa.

b Jes 25:8;

1 Kor 15:54–55;

Morm 7:5.

9a K&S 88:5–13.

LR Ljós, ljós Krists.

10a Al 40:2.

LR Ódauðlegur, ódauðleiki.

b LR Lokadómur.

“dæmt eftir verkum sínum, hvort heldur þau eru góð eða þau eru ill —

11 Séu þau góð, til upprisu “óendanlegs lífs og hamingju, en séu þau ill, til upprisu ^bóendanlegrar fordæmingar, þeir verða framseldir djöflinum, sem hefur undirokað þá, en í því er fordæmingin fólgin —

12 Þar eð þeir hafa breytt eftir vilja og þrá síns eigin holds, en aldrei leitað til Drottins, meðan faðmur “miskunnarinnar stóð þeim opinn, því að faðmur miskunnarinnar var þeim opinn, en þeir tóku ekki við honum, og þeir höfðu verið varaðir við misgjörðum sínum, en vildu samt ekki láta af þeim, og þeim var boðið að gjöra iðrun, en samt vildu þeir ekki iðrast.

13 Og ættuð þið þá ekki að skjálfa og iðrast synda ykkar og minnst þess, að einungis í Kristi og fyrir hann getið þið orðið hólpin?

14 Ef þið kennið “lögmal Móse, skuluð þið þess vegna einnig kenna, að það er skuggi þess, sem koma skal —

15 Kennið þeim, að endurlausn verður fyrir Krist, Drottin vorn, sem er hinn “eilífi faðir sjálfur. Amen.

17. KAPÍTULI

Alma trúir orðum Abinadís og færir

þau í letur — Abinadí lætur líf sitt á báli — Hann spáir því að morðingjar hans megi líða sjúkdóma og dauða í eldi. Um 148 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Abinadí hafði mælt þessi orð, skipaði konungur “prestunum að taka hann fastan og láta taka hann af lífi.

2 En einn var meðal þeirra, að nafni “Alma, sem jafnframt var afkomandi Nefís. Hann var ungur maður og ^btrúði orðunum, sem Abinadí hafði mælt, því að hann vissi um misgjörðirnar, sem Abinadí hafði vitnað um gegn þeim. Þess vegna bað hann konung að vera ekki reiðan Abinadí, heldur leyfa honum að hverfa á brott í friði.

3 En konungur reiddist enn meira og lét vísa Alma burtu úr þeirra hópi og sendi þjóna sína á eftir honum til að drepa hann.

4 En hann flúði úr augsýn þeirra og faldi sig, svo að þeir fundu hann ekki. Og hann, sem var í felum í marga daga, “færði orðin í letur, sem Abinadí hafði mælt.

5 Og svo bar við, að konungur lét verði sína umkringja Abinadí og taka hann fastan. Og þeir fjötruðu hann og vörpuðu honum í fangelsi.

6 Og þrem dögum síðar, eftir að hafa ráðgast við presta sína, lét hann enn leiða hann fyrir sig.

7 Og hann sagði við hann:

10c Al 41:3–6.

11a LR Eilíft líf.

b LR Fordæming.

12a LR Miskunnssamur,

miskunnsemi.

14a LR Móselögmal.

15a Mósía 3:8; 5:7; Et 3:14.

17 1a Mósía 11:1, 5–6.

2a Mósía 23:6, 9–10.

LR Alma eldri.

b Mósía 26:15.

4a LR Ritningar.

Abinadí, við höfum fundið sök þér á hendur, og þú verðskuldar að deyja.

8 Því að þú hefur sagt, að “Guð muni sjálfur stíga niður meðal mannanna barna. Og af þeim sökum munt þú tekinn af lífi, nema þú takir aftur öll ill orð, sem þú hefur haft um mig og þegna mína.

9 En Abinadí sagði við hann: Það segi ég þér, að ég vil ekki taka aftur orðin, sem ég hef sagt við þig um þetta fólk, því að þau eru sönn. Og til að þú megir vita, að þau eru sönn, hef ég látið það viðgangast að falla þér í hendur.

10 Já, og ég mun þjást allt til dauða án þess að taka aftur orð mín, og þau munu standa sem vitnisburður gegn þér. Og ef þú drepur mig, úthellir þú “saklausu blóði, og það mun einnig standa sem vitnisburður gegn þér á efsta degi.

11 Og nú lá við, að Nóa konungur léti hann lausan, því að hann óttaðist orð hans. Hann óttadist, að dómar Guðs féllu yfir sig.

12 En prestarnir hófu upp raust sína gegn honum, tóku að ásaka hann og sögðu: Hann hefur haft konunginn að háði. Þess vegna lét konungur reita sig til reiði gegn honum og framseldi hann, svo að hægt væri að taka hann af lífi.

13 Og svo bar við, að þeir tóku hann, fjötruðu hann og húðstrýktu hann með hrísknippum, já, allt til dauða.

14 Og þegar logarnir tóku að sviða hann, hrópaði hann til þeirra og sagði:

15 Sjá, eins og þið hafið breytt við mig, þá mun það verða, að niðjar ykkar verða valdir að því, að margir munu líða þær kvalir sem ég mun líða, jafnvel kvalafullan “dauða á báli, og það fyrir trú sína á hjálpraði Drottins Guðs síns.

16 Og svo mun bera við, að alls konar sjúkdómar munu þrengja að ykkur vegna misgjörða ykkar.

17 Já, að ykkur verður “þrengt úr öllum áttum, og þið verðið hraktir til og frá og ykkur tvístrað, á sama hátt og villihjörð undan grimmum villidýrum.

18 Og á þeim degi hundelta óvinir ykkar ykkur og taka ykkur höndum, og þá verðið þið að þola, eins og ég verð að þola, kvalafullan “dauða á báli.

19 Þannig “refsar Guð þeim, sem tortíma fólki hans. Ó Guð, tak þú við sálu minni.

20 Að svo mæltu féll Abinadí til jarðar, hann hafði liðið dauða á báli. Já, hann hafði verið tekinn af lífi, vegna þess að hann vildi ekki afneita boðorðum Drottins, og hann hafði innsiglað sannleik orða sinna með dauða sínum.

18. KAPÍTULI

Alma prédikar í leynum — Hann setur fram skírnersáttmálann og skírir í Mormónsvötnum — Hann

8a Mósía 13:25, 33–34.

10a Al 60:13.

15a Mósía 13:9–10;

Al 25:4–12.

17a Mósía 21:1–5, 13.

18a Mósía 19:18–20.

19a LR Hefnd.

stofnar kirkju Krists og vígir presta — Þeir sjá fyrir sér sjálfir og kenna fólkinu — Alma og fólk hans flýr undan Nóa konungi og út í óbyggðirnar. Um 147–145 f.Kr.

Og nú bar svo við, að Alma, sem flúið hafði undan þjónum Nóa konungs, ^aiðraðist synda sinna og misgjörða, fór með leynd meðal fólksins og kenndi orð Abinadís —

2 Já, um það, sem í vændum væri, og einnig upprisu dauðra og ^aendurlausn mannanna, sem verða mundi fyrir ^bkraft, þjáningar og dauða Krists, upprisu hans og uppstigningu til himins.

3 Og öllum, sem hlýða vildu á orð hans, kenndi hann. Og hann kenndi þeim á laun, svo að konungurinn kæmist ekki að því. Og margir trúðu orðum hans.

4 Og svo bar við, að allir, sem trúðu honum, héldu til ^astaðar, er nefndur var Mormón og hafði verið nefndur svo eftir konunginum, og var hann við mörk þess lands, þar sem villidýr herjuðu á vissum tímum eða árstíðum.

5 Í Mormón var uppspretta með tæru vatni, og Alma leit aði þar hælís, en nálægt vatninu var þykkni af smátrjám, þar sem hann faldi sig á daginn fyrir leitarmönnum konungs.

6 Og svo bar við, að allir, sem

trúðu honum, héldu þangað til að hlýða á orð hans.

7 Og svo bar við, að eftir marga daga var töluverður mannfjöldi samankominn á staðnum Mormón til að hlýða á orð Alma. Já, allir, sem trúðu orðum hans, voru saman komnir til að hlusta á hann. Og hann ^akenndi þeim og prédikaði fyrir þeim iðrun, endurlausn og trú á Drottin.

8 Og svo bar við, að hann sagði við þá: Sjá hér eru Mormónsvötn (því að svo nefndust þau), og þar sem þið ^aþráið að komast í ^bhjörð Guðs og kallast hans lýður og eruð ^afús að bera hver annars byrðar, svo að þær verði léttar —

9 Já, og eruð fús að syrgja með syrgjendum, já, og hugga þá, sem huggunar þarfnast, og standa sem ^avitni Guðs, alltaf, í öllu og allsstaðar, hvar sem þið kunnið að vera, já, allt til dauða, svo að Guð megi endurleysa ykkur og þið megið teljast með þeim, sem í ^bfyrstu upprisunni verða, svo að þið megið öðlast ^aeilíft líf —

10 Og nú segi ég ykkur, sé þetta hjartans þrá ykkar, hvað hafið þið þá á móti því að láta ^askírast í nafni Drottins til að vitna fyrir honum, að þið hafið gjört ^bsáttmála við hann um að þjóna honum og halda boðorð hans, svo að hann megi úthella anda sínum enn ríkulegar yfir ykkur?

18 1a Mósía 23:9–10.

2a LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

b LR Friðþægja, friðþægja.

4a Al 5:3.

7a Al 5:11–13.

8a K&S 20:37.

b LR Kirkja Jesú Krists.

c LR Samúð, meðaumkun.

9a LR Trúboðsverk;

Vitna, bera vitni; Vitni.

b Mósía 15:21–26.

c LR Eilíft líf.

10a 2 Ne 31:17.

LR Skírn, skíra.

b LR Sáttmáli.

11 Og þegar fólkið hafði heyrt þessi orð, klappaði það saman höndum af gleði og hrópaði: Það er þetta, sem við þráum.

12 Og nú bar svo við, að Alma tók Helam, sem var einn hinna fyrstu, sté út í vatnið, stóð þar og hrópaði og sagði: Ó Drottinn, úthell anda þínum yfir þjón þinn, til að hann megi vinna þetta verk með heilagleika hjartans.

13 Og við þessi orð kom „andi Drottins yfir hann, og hann sagði: Helam, ég ^bskíri þig með ^cvaldi Guðs almáttugs til vitnis um, að þú hefur gjört sáttmála um að þjóna honum allt til dauða hins dauðlega líkama þíns. Megi andi Drottins hellast yfir þig, megi hann veita þér eilíft líf fyrir ^dendurlausn Krists, sem hann hefur fyrirbúið allt frá ^egrundvöllun veraldar.

14 Og þegar Alma hafði mælt þessi orð voru bæði Alma og Helam ^agreftraðir í vatninu, en risu upp og stigu fagnandi upp úr vatninu, gagnteknir andanum.

15 Og Alma sté öðru sinni niður í vatnið og skírði annan á sama hátt og hinn fyrsta, að því undanskildu, að hann lét sjálfan sig ekki hverfa aftur í vatnsins gröf.

16 Og á þennan hátt skírði hann hvern þann, sem hélt til Mormónsstaðar, en þeir voru um tvö

hundruð og fjórar sálir að tölu. Já, þeir voru ^askírðir í Mormónsvötnum og fylltust ^bnáð Guðs.

17 Og þeir voru nefndir kirkja Guðs eða ^akirkja Krists frá þeirri stundu. Og svo bar við, að hver sá, sem skírður var með krafti og valdi Guðs, bættist við kirkju hans.

18 Og svo bar við, að Alma, sem hafði ^avald Guðs, vígði presta. Já, hann vígði einn prest fyrir hverja fimmtíu til að prédika fyrir þeim og ^bkenna þeim það, sem snertir Guðs ríki.

19 Og hann bauð þeim, að þeir skyldu ekkert annað kenna en það, sem hann hafði kennt og hinir heilögu spámenn hefðu mælt af munni fram.

20 Já, hann bauð þeim, að þeir skyldu ekkert annað ^apredika en iðrun og trú á Drottin, sem endurleyst hefði fólk sitt.

21 Og hann bauð þeim, að engar ^adeilur skyldu vera þeirra á milli, heldur skyldu þeir horfa fram á við ^bein huga, í einni trú, í einni skírni, og hjörtu þeirra skyldu tengd böndum ^ceiningar og elsku hver til annars.

22 Og þannig bauð hann þeim að prédika. Og þannig urðu þeir ^abörn Guðs.

23 Og hann bauð þeim að virða ^ahvíldardaginn og halda hann

13a LR Heilagur andi.

b 3 Ne 11:23–26;

K&S 20:72–74.

c TA 1:5.

LR Prestdæmi.

d LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

e HDP Móse 4:2; 5:9.

14a LR Skírni, skíra — Skírni með niðurdýfingu.

16a Mósía 25:18.

b LR Náð.

17a 3 Ne 26:21; 27:3–8.

LR Kirkja Jesú Krists.

18a LR Prestdæmi.

b LR Kenna, kennari.

20a K&S 15:6; 18:14–16.

21a 3 Ne 11:28–30.

LR Deilur.

b Matt 6:22;

K&S 88:67–68.

c LR Eining.

22a Mósía 5:5–7;

HDP Móse 6:64–68.

23a Mósía 13:16–19;

K&S 59:9–12.

heilagan og einnig að færa Drottni Guði sínum þakkir hvern dag.

24 Og hann bauð þeim einnig, að prestarnir, sem hann hafði vígt, skyldu með eigin höndum ^avinna fyrir daglegu viðurværi.

25 Og ákveðinn dag í viku hverri skyldu þeir koma saman til að kenna fólkinu og ^atilbiðja Drottin Guð sinn, og jafnframt skyldu þeir sjálfir koma saman eins oft og þeir gætu því við komið.

26 Og prestarnir skyldu ekki eiga daglegt viðurværi sitt undir fólkinu, heldur skyldu þeir þiggja ^anáð Drottins að launum fyrir erfiði sitt, til að þeir mættu eflast í andanum og ^bþekkja Guð, svo að þeir gætu kennt með krafti og valdi Guðs.

27 Og enn fremur mælti Alma svo fyrir, að fólk kirkjunnar skyldi láta af hendi hluta af eignum sínum, ^ahver og einn samkvæmt því, sem hann ætti til. Ef hann ætti mikið, skyldi hann láta ríkullega af hendi rakna, en af þeim, sem ætti aðeins lítið, skyldi lítills krafist, og þeim, sem ekkert ætti, skyldi gefið.

28 Og þannig skyldu þeir af frjálsum vilja og góðum huga til Guðs láta af hendi hluta af eignum sínum til þeirra presta, sem þurfandi væru, já, og til allra þurfandi og nakinna sálna.

29 Og þetta sagði hann við þá að

boði Guðs, og þeir “gengu grandvarir gagnvart Guði og ^blétu af hendi rakna hver til annars, jafnt í stundlegum sem andlegum efnum, í samræmi við þarfir þeirra og nauðsyn.

30 Og nú bar svo við, að allt gjörðist þetta í Mormón, já, hjá ^aMormónsvötnum, í skóginum, sem var nálægt Mormónsvötnum. Já, Mormónsstaður, Mormónsvötn og Mormónsskógur, hve mikil er ekki fegurð þeirra í augum þeirra, sem þar fengu vitneskju um lausnara sinn. Já, hvílík er blessun þeirra, því að þeir munu syngja honum lof að eilífu.

31 Og þetta gjörðist á ^alandamærunum, til að konungur fengi ekki vitneskju um það.

32 En sjá. Svo bar við, að konungur, sem orðið hafði var við hreyfingu meðal fólksins, sendi þjóna sína til að hafa gát á því. Þess vegna fann konungur þau þann dag, sem þau söfnuðust saman til að hlýða á orð Drottins.

33 Og nú sagði konungur, að Alma væri að æsa fólkíð til uppreisnar gegn sér, og því sendi hann her sinn til að tortíma þeim.

34 En svo bar við, að Alma og öðrum fylgjendum Drottins var gert ^aviðvart um komu hersveita konungs. Þess vegna tóku þeir tjöld sín og fjölskyldur og héldu út í óbyggðirnar.

24a Post 20:33–35;
Mósía 27:3–5; Al 1:26.
25a LR Tilbeiðsla.
26a LR Náð.

^b LR Þekking.
27a Post 2:44–45; 4 Ne 1:3.
29a LR Ganga, ganga með
Guði.

^b LR Velferð.
30a Mósía 26:15.
31a Mósía 18:4.
34a Mósía 23:1.

35 Þeir voru um fjögur hundruð og fimmtíu sálir að tölu.

19. KAPÍTULI

Gídeon reynir að drepa Nóa konung — Lamanítar ráðast inn í landið — Nóa konungur lætur líf sitt á báli — Limí ríkir sem undirkonungur. Um 145–121 f.Kr.

Og svo bar við, að eftir árangurslausa leit að fylgjendum Drottins sneri herlið konungs aftur.

2 Og sjá. Fátt var í liði konungs, þar eð fækkað hafði verið í því, og nú fór að bera á sundrungu meðal fólksins, sem eftir var.

3 Og minni hlutinn fór að hafa í hótunum við konunginn, og mikil misklið hófst meðal þeirra.

4 Og á meðal þeirra var maður að nafni Gídeon, og var hann sterkur maður og óvinveittur konungi. Þess vegna dró hann sverð sitt úr slíðrum og sór í reiði sinni að drepa konunginn.

5 Og svo bar við, að hann barðist við konung, en þegar konungur sá, að hann var nær því að yfirbuga hann, flúði hann og hljóp upp á "turninn nálægt musterinu.

6 En Gídeon elti hann og var rétt kominn upp á turninn til að drepa konung, er konungur leit í kringum sig í átt til Semlonlands, og sjá. Her Lamaníta var kominn inn fyrir landamærin.

7 Og konungur hrópaði nú upp í sálarangist sinni og sagði: Hlífðu mér, Gídeon, því að Lamanítar eru

komnir að okkur, og þeir munu tortíma okkur. Já, þeir munu tortíma þjóð minni.

8 En konungur lét sig fólk sitt ekki jafn miklu varða og sitt eigið líf, en samt hlífði Gídeon lífi hans.

9 Og konungur skipaði fólkinu að flýja undan Lamanítum, og sjálfur fór hann fyrstur þeirra, og þeir flúðu út í óbyggðirnar með konur sínar og börn.

10 Og svo bar við, að Lamanítar fylgdu þeim eftir, náðu þeim og tóku að drepa þá.

11 Nú bar svo við, að konungur skipaði öllum karlmönnum að yfirgefa konur sínar og börn og flýja undan Lamanítum.

12 En margir þeirra vildu ekki yfirgefa þau, heldur kusu fremur að vera um kyrrt og farast með þeim, en aðrir yfirgáfu konur sínar og börn og flúðu.

13 Og svo bar við, að þeir, sem eftir urðu hjá konum sínum og börnum, létu fagrar dætur sínar ganga fram fyrir Lamaníta og biðja sér griða.

14 Og svo bar við, að Lamanítar fengu samúð með þeim, því að þeir heilluðust af fegurð kvenna þeirra.

15 Þess vegna hlífðu Lamanítar lífi þeirra, tóku þá til fanga, fluttu aftur til Nefílands og fengu þeim aftur land sitt með því skilyrði, að þeir framseldu Lamanítum Nóa konung og létu af hendi eigur sínar, já, helming af öllu, sem þeir ættu til, helming af gulli sínu og silfri og öllum dýrgripum sínum,

og á þann hátt skyldu þeir gjalda konungi Lamaníta árlegan skatt.

16 Og einn sona konungs var meðal þeirra, sem teknir voru til fanga, og nafn hans var "Limí.

17 Og Limí þráði, að föður sínum yrði ekki tortímt, enda þótt honum væri ekki ókunnugt um misgjörðir hans, en sjálfur var hann réttvís maður.

18 Og svo bar við, að Gídeon sendi menn út í óbyggðirnar á laun til að leita konungs og þeirra, sem með honum voru. Og svo bar við, að þeir hittu mennina í óbyggðunum, alla nema konung og presta hans.

19 Þeir höfðu svarið þess eið í hjörtum sínum að hverfa aftur til Nefílands, og ef konur þeirra og börn hefðu verið drepin ásamt þeim, sem höfðu orðið eftir með þeim, skyldu þeir leita hefnda og farast með þeim.

20 En konungur skipaði svo fyrir, að þeir skyldu ekki hverfa til baka. Og þeir voru konungi reiðir og létu hann þjást og brenna til "bana á báli.

21 Og þeir ætluðu einnig að taka prestana fasta og taka þá af lífi, en þeir flúðu undan þeim.

22 Og svo bar við, að þeir voru að því komnir að snúa aftur til Nefílands, þegar þeir hittu menn Gídeons. Og menn Gídeons sögðu þeim allt, sem komið hafði fyrir konur þeirra og börn, og að Lamanítar hefðu leyft þeim að eiga landið gegn því að gjalda

Lamanítum skatt, sem næmi helmingi af öllu, er þeir ættu til.

23 Og þeir sögðu mönnum Gídeons, að þeir hefðu drepið konunginn, en prestar hans hefðu flúið undan þeim lengra út í óbyggðirnar.

24 Að fagnaðarfundi þessum loknum bar svo við, að þeir sneru aftur til Nefílands, glaðir yfir því, að konur þeirra og börn höfðu ekki verið drepin. Og þeir sögðu Gídeon, hvað þeir höfðu gjört við konunginn.

25 Og svo bar við, að konungur Lamaníta sór þeim "eið, að hans menn myndu ekki drepa þá.

26 Og einnig Limí, sem var sonur konungsins og sem "fólkið hafði lagt konungdóminn á herðar, sór konungi Lamaníta þess eið, að þegnar sínir skyldu gjalda honum skatt, jafnvel helming allra eigna sinna.

27 Og svo bar við, að Limí tók að leggja grundvöll að konungdæminu og koma á friði meðal þegna sinna.

28 Og konungur Lamaníta setti varðmenn á víð og dreif um landið, til að hann gæti haldið þegnum Limís í landinu og þeir gætu ekki farið út í óbyggðirnar. Og hann sá fyrir varðmönnum sínum með hluta skattpeninganna, sem hann fékk frá Nefítum.

29 Og Limí konungur naut óslitins friðar í ríki sínu um tveggja ára bil, þannig að Lamanítar hvorki angruðu þá né reyndu að tortíma þeim.

20. KAPÍTULI

Prestar Nóa nema nokkrar dætur Lamaníta á brott — Lamanítar ráðast á Limí og fólk hans — Herir Lamaníta eru gerðir afturreka og þeir stillast. Um 145–123 f.Kr.

ÁSTAÐ einum í Semlon voru dætur Lamaníta vanar að koma saman til að syngja, dansa og skemmta sér.

2 Og svo bar við, að dag nokkurn var smáhópur þeirra saman kominn til að syngja og dansa.

3 Og prestar Nóa konungs blygðuðust sín fyrir að snúa aftur til Nefiborgar, já, og óttuðust auk þess að fólkið dræpi þá. Þess vegna þorðu þeir ekki að hverfa aftur til eiginkvenna sinna og barna.

4 Og meðan þeir dvöldust í óbyggðunum, sáu þeir dætur Lamaníta og lögðust niður og virtu þær fyrir sér —

5 Og þegar aðeins fáar þeirra voru saman komnar til að dansa, komu þeir fram úr fylgsnum sínum, tóku þær og báru út í óbyggðirnar, já, tuttugu og fjórar dætur Lamaníta báru þeir út í óbyggðirnar.

6 Og svo bar við, að þegar Lamanítar söknuðu dætra sinna, reiddust þeir Limíþjóðinni, því að þeir héldu, að hún væri völd að hvarfi þeirra.

7 Þess vegna sendu þeir heri sína fram. Já, jafnvel konungurinn sjálfur fór fyrir fólki sínu. Og þeir héldu til Nefílands til að tor-tíma fólki Limís.

8 En Limí hafði séð þá úr turninum, hann sá meira að segja allan stríðsundirbúning þeirra. Þess vegna safnaði hann mönnum sínum saman og lá í leyni fyrir þeim á ökrunum og í skógunum.

9 Og svo bar við, að þegar Lamanítar nálguðust, réðust menn Limís á þá úr fylgsnum sínum og tóku að drepa þá.

10 Og svo bar við, að bardaginn varð afar harður, því að þeir börðust eins og ljón um bráð sína.

11 Og svo bar við, að Limímenn tóku að reka Lamaníta á undan sér, enda þótt þeir væru helmingi færri en Lamanítar. En þeir "börðust fyrir lífi sínu, og fyrir eiginkonum sínum og börnum, því lögðu þeir sig alla fram og börðust eins og drekar.

12 Og svo bar við, að þeir fundu konung Lamaníta meðal fjölda þeirra föllnu. Hann var samt ekki dáinn, heldur hafði hann særst og verið skilinn eftir liggjandi á jörðunni, svo hratt flúðu menn hans.

13 Og þeir tóku hann, bjuggu um sár hans og færðu hann fyrir Limí og sögðu: Sjá, hér er konungur Lamaníta, hann hefur hlotið sár og hnigið niður meðal þeirra föllnu, og þeir hafa skilið hann eftir. Sjá, við erum komnir með hann til þín, en nú skulum við drepa hann.

14 En Limí sagði við þá: Þið skuluð ekki drepa hann, heldur koma með hann hingað, svo að ég geti séð hann. Og þeir komu með hann. Og Limí sagði við hann:

Hvaða ástæðu hefur þú til að fara með stríði á hendur þjóð minni? Sjá, þjóð mín hefur ekki rofið “eiðinn, sem ég sór þér. Hví skyldir þú þá rjúfa eiðinn, sem þú sórst þjóð minni?

15 Og þá sagði konungur. Ég hef rofið eiðinn vegna þess, að menn þínir hafa numið dætur fólks míns á brott. Í reiði minni lét ég þess vegna menn mína fara með stríði á hendur þjóð þinni.

16 En Limí, sem ekkert hafði heyrt um þetta mál, sagði: Ég skal gjöra leit meðal fólks míns, og hver sá, sem þetta hefur gjört, skal farast. Hann lét þess vegna gjöra leit meðal þegna sinna.

17 Þegar “Gideon, sem var höfudsmáður konungs, heyrði þetta, gekk hann fram og sagði við konung: Ég bið þig að sýna þolinmæði og láta hvorki leita hjá þessu fólki né gjöra það ábyrgt í þessu máli.

18 Því að minnst þú ekki presta föður þíns, sem þegnar þínir reyndu að tortíma? Og eru þeir ekki úti í óbyggðunum? Og eru það ekki þeir, sem stolið hafa dætrum Lamaníta?

19 Og sjá. Nú skalt þú segja konungi frá þessu, svo að hann geti friðað menn sína í okkar garð. Því að sjá, þeir eru nú þegar að undirbúa árás gegn okkur, og sjá einnig, hversu fáir við erum.

20 En sjá. Þeir koma með fjölmennar hersveitir sínar, og takist konungi ekki að friða þá í okkar garð, hljótum við að farast.

21 Því að hefur ekki spá Abinadís gegn okkur “ræst — og það allt vegna þess, að við vildum ekki hlýða á orð Drottins og snúa frá misgjörðum okkar?

22 Og nú skulum við friða konung og standa við eiðinn, sem við sórum honum, því að betra er, að við séum í ánaud, en að við látum líf okkar. Bindum þess vegna endi á þessar miklu blóðsúthellingar.

23 Og nú sagði Limí konungi allt um föður sinn og “prestana, sem flúið höfðu út í óbyggðirnar, og eignaði þeim brott nám dætra þeirra.

24 Og svo bar við, að konungur lét stillast í garð fólks hans, og hann sagði við þá: Förum til móts við menn mína, vopnlausir, og ég sver þess eið, að menn mínir munu ekki drepa þitt fólk.

25 Og svo bar við, að þeir fylgdu konunginum og gengu vopnlausir fram til móts við Lamaníta. Og svo bar við, að þeir hittu Lamaníta, og konungur Lamaníta laut þeim og beiddist miskunnar fyrir Limíþjóðina.

26 Og þegar Lamanítar sáu, að Limímenn voru vopnlausir, fundu þeir til “samúðar með þeim og létu friðast í þeirra garð og sneru í friði aftur til síns eigin lands með konungi sínum.

21. KAPÍTULI

Lamanítar ljósta þegna Limís og sigra

14a Mósía 19:25–26.
17a Mósía 19:4–8.

21a Mósía 12:1–8.
23a Mósía 19:21, 23.

26a LR Samúð,
meðaumkun.

þá — Þegnar Limís hitta Ammon og snúast til trúar — Þeir segja Ammon frá Jaredítatöflunum tuttugu og fjórum. Um 122–121 f.Kr.

Og svo bar við, að Limí og menn hans sneru aftur til Nefíborgar og nutu enn á ný friðar í landinu.

2 Og svo bar við, að eftir langa hríð fóru Lamanítar að reiðast Nefítum á ný og koma inn yfir landamærin umhverfis landið.

3 En þeir þorðu ekki að drepa þá vegna heitsins, sem konungur þeirra hafði gefið Limí, en þeir tóku að "löðruna þá og ráðskast með þá. Og þeir hlóðu þungum ^bklyfjum á bak þeirra og ráku þá áfram eins og skynlausar skepnur —

4 Já, allt gjörðist þetta, til þess að orð Drottins mætti rætast.

5 Og þrengingar Nefíta voru sárar og engin leið að losna undan þeim, því að Lamanítar höfðu umkringt þá frá öllum hliðum.

6 Og svo bar við, að þegnarirnir tóku að bera sig illa við konung vegna þrenginga sinna og tóku að þrá að fara gegn þeim og berjast. Og þeir þrengdu mjög að konungi með kvörtunum sínum, og því leyfði hann þeim að gjöra eins og þá langaði til.

7 Og þeir söfnuðust saman á ný, klæddust herklæðum og héldu fram gegn Lamanítum til að reka þá af landi sínu.

8 Og svo bar við, að Lamanítar

sigruðu þá, gjörðu þá afturreka og drápu marga þeirra.

9 Og mikill "harmur og miklir kveinstafir upphófust meðal Limíþjóðarinnar, ekkjan syrgði eiginmann sinn, sonurinn og dóttirin föður sinn og bræður bræður sína.

10 Nú voru fjölmargar ekkjur í landinu, og grétu þær sárt dag eftir dag, því að mikill ótti við Lamaníta greip þær.

11 Og svo bar við, að hinn stöðugi grátur þeirra vakti reiði annarra Limíþegna gegn Lamanítum, og þeir lögðu enn af stað til að berjast, en voru enn gjörðir afturreka eftir mikið mannfall.

12 Já, þeir héldu jafnvel af stað í þriðja sinn, en urðu enn fyrir því sama. Og þeir, sem ekki féllu, sneru aftur til Nefíborgar.

13 Og þeir auðmýktu sig í duftið, gengust undir ok ánauðarinnar og sættu sig við að vera barðir og reknir fram og aftur hlaðnir klyfjum, sem óvinunum þóknaðist að hlaða á þá.

14 Og þeir "auðmýktu sig niður í djúp auðmýktar, og þeir ákölluðu Guð hástöfum. Já, þeir ákölluðu Guð sinn allan liðlangan daginn, að hann bjargaði þeim frá þrengingum þeirra.

15 En Drottinn var "tregur til að heyra hróp þeirra vegna misgjörða þeirra. Engu að síður heyrði Drottinn hróp þeirra og tók að milda hjörtu Lamaníta, svo að þeir léttu á byrðum þeirra. Samt

21 3a Mósía 12:2.
b Mósía 12:5.
9a Mósía 12:4.

14a Mósía 29:20.
LR Auðmjúkur,
auðmýkt.

15a Okv 15:29;
Mósía 11:23–25;
K&S 101:7–9.

þóknaðist Drottnei ekki að leysa þá úr ánauð

16 Og svo bar við, að smám saman tók þeim að vegna betur í landinu. Þeir tóku að rækta meira korn en áður og koma sér upp hjörðum af búfénaði, svo að hungur skyldi ekki hrjá þá.

17 Fjöldi kvennanna var mikill, og voru þær fleiri en karlmennirnir. Þess vegna gaf Limí konungur þau fyrirraeli, að sérhver maður skyldi ^aleggja eitthvað af mörkum til framdráttar ^bekkjum og börnum þeirra, svo að þau færust ekki úr hungri. Og þetta gjörðu þeir vegna þess, hve margir höfðu verið ráðnir af dögum.

18 Limíþjóðin hélt hópinn eftir föngum og stóð vörð um korn sitt og hjarðir —

19 En sjálfur vogaði konungur sér ekki út fyrir borgarmúrana, nema taka verði sína með sér, þar sem hann óttaðist, að hann félli með einhverjum hætti Lamanítum í hendur.

20 Og hann lét þegna sína hafa gát á nærliggjandi landsvæðum til að geta með einhverjum ráðum náð prestunum, sem flúið höfðu út í óbyggðirnar, stolið ^adætrum Lamaníta og leitt svo mikla tor- tímingu yfir þá.

21 Því að þá langaði að ná þeim til að refsa þeim, þar sem þeir höfðu farið inn í Nefíland að næturlagi og haft á brott með sér korn þeirra og ýmis verðmæti. Þess vegna sátu þeir fyrir þeim í leyni.

22 Og svo bar við, að ekki kom til frekari árekstra á milli Lamaníta og Limíþjóðarinnar, allt fram að því að ^aAmmon og bræður hans komu inn í landið.

23 Og konungur, sem verið hafði utan borgarhliðsins með vörðum sínum, fann Ammon og bræður hans. Og þar eð hann áleit þá presta Nóa, lét hann handtaka þá, fjötra þá og varpa þeim í ^afangelsi. Og hefðu þeir verið prestar Nóa, hefði hann látið taka þá af lífi.

24 En þegar hann uppgötvaði, að þeir voru það ekki, heldur bræður hans komnir frá Sarahemlandi, fylltist hann mikilli gleði.

25 Og Limí konungur hafði sent ^asmáhóp manna, áður en Ammon kom, til að ^bleita að Sarahemlandi, en þeir fundu það ekki og villtust í óbyggðunum.

26 En engu að síður fundu þeir land, þar sem mannabyggð hafði verið, já, land, sem þakið var uppþornuðum ^abeinum. Já, þeir fundu land, sem byggt hafði verið, en lagt í eyði. Og þar eð þeir töldu þetta Sarahemland, sneru þeir aftur til Nefílands og komu að landamærunum, nokkru fyrir komu Ammons.

27 Og þeir fluttu með sér heimildaskrá, já, heimildaskrá þeirrar þjóðar, hverrar bein þeir höfðu fundið, og hún var letruð á töflur úr málm.

28 Og nú varð Limí aftur gagn- tekinn gleði við að fregna af vörum Ammons, að Guð hefði

17a Mósía 4:16, 26.

b LR Ekkja.

20a Mósía 20:5.

22a Mósía 7:6–13.

23a He 5:21.

25a Mósía 8:7.

b Mósía 7:14.

26a Mósía 8:8.

veitt Mósía konungi ^agjöf, sem gjörði honum kleift að útleggja slíkar áletranir. Já, og Ammon gladdist einnig.

29 Þó voru Ammon og bræður hans fullir hryggðar, vegna þess hve margir bræðra þeirra höfðu verið drepnir —

30 Þeir voru einnig hryggir vegna þess, að Nóa konungur og prestar hans höfðu orðið þess valdandi, að þjóðin gjörðist sek um margar syndir og misgjörðir gegn Guði. Og þeir hörmuðu einnig fráfall ^aAbinadís og einnig ^bbrottför Alma og fylgjenda hans, sem stofnað höfðu kirkju Guðs fyrir styrk og kraft Guðs og trúna á orðin, sem Abinadí hafði mælt.

31 Já, þeir hörmuðu brottför þeirra, því að þeir vissu ekki, hvert þeir höfðu flúið. Nú hefðu þeir fúslega viljað ganga í lið með þeim, því að sjálfir höfðu þeir gjört sáttmála við Guð um að þjóna honum og halda boðorð hans.

32 Og eftir komu Ammons hafði Limí konungur ásamt mörgum þegna sinna gjört sáttmála við Guð um að þjóna honum og halda boðorð hans.

33 Og svo bar við, að Limí konungur og margir þegna hans höfðu hug á að láta skírast, en enginn í landinu hafði ^avald frá Guði. Og Ammon færðist undan því, þar eð hann áleit sig óverðugan þjón.

34 Þess vegna stofnuðu þeir

ekki kirkju að svo stöddu, heldur biðu anda Drottins. En þeir þráðu að verða eins og Alma og bræður hans, sem höfðu flúið út í óbyggðirnar.

35 Þeir þráðu að láta skírast sem sönnun og vitni þess, að þeir væru reiðubúnir að þjóna Guði af öllu hjarta sínu. Engu að síður slógu þeir því á frest, en frásögn um skírn þeirra mun ^afylgja síðar.

36 Og það eina, sem Ammon og fólk hans og Limí konungur og fólk hans hugsaði um nú, var að losna úr greipum Lamaníta og úr ánaud.

22. KAPÍTULI

Áætlanir gerðar um lausn fólksins undan ánaud Lamaníta — Lamanítar gjörðir ofurölvi — Fólkið flýr, snýr aftur til Sarahemla og gjörist þegnar Mósía konungs. Um 121 f.Kr.

Og nú bar svo við, að Ammon og Limí konungur tóku að ráðgast við fólkið um það, hvernig þeir ættu að losna úr ánaudinni, og þeir söfnuðu jafnvel öllu fólkinu saman. Og þetta gjörðu þeir til að geta heyrt rödd manna um þetta mál.

2 Og svo bar við, að þeir fundu enga leið til að losna úr ánaud aðra en þá að taka konur sínar og börn, hjarðir sínar og búpening, sem og tjöld sín, og halda út í óbyggðirnar, því að þar sem fjöldi Lamaníta var svo mikill, var ógjörningur fyrir Limíþjóðina að

28a Om 1:20–22;
Mósía 28:11–16.

30a Mósía 17:12–20.
b Mósía 18:34–35.

33a LR Vald.
35a Mósía 25:17–18.

berjast gegn þeim og ætla sér að losna úr ánauð með sverði.

3 Nú bar svo við, að Gídeon gekk fram og staðnæmdest frammi fyrir konungi og sagði við hann: Ó konungur, þú hefur hingað til oft farið að orðum mínum, þegar við höfum átt í útistöðum við bræður okkar, Lamaníta.

4 Ó konungur, hafi þér ekki fundist ég gagnslítill þjónn og hafir þú fram að þessu hlustað á orð mín að marki og þau komið þér að haldi, þá langar mig til, að þú hlustir á orð mín á þessari stundu, og ég mun þjóna þér og leysa fólk þetta úr ánauð.

5 Og konungur leyfði honum að tala, og Gídeon sagði við hann:

6 Mundu eftir leiðinni í gegnum borgarmúrinn að baki borgarinnar. Lamanítar eða verðir Lamaníta gjörast drukknir, þegar kvöldi tekur. Þess vegna skulum við láta boð út ganga til allra um að safna saman hjörðum sínum og búpeningi og reka út í óbyggðirnar að næturlagi.

7 Og ég mun fara að boði þínu og gjalda Lamanítum seinasta vínskattinn, og þá verða þeir drukknir. Og þegar þeir eru drukknir orðnir og sofnaðir, munum við fara eftir leynigöngunum vinstra megin við herbúðir þeirra.

8 Á þennan hátt förum við með konur okkar og börn, hjarðir og búpening út í óbyggðirnar, og við munum fara meðfram Sílomslandi.

9 Og svo bar við, að konungur fór að orðum Gídeons.

10 Og Limí konungur lét fólk sitt smala saman hjörðum sínum. Og hann sendi Lamanítum vínskattinn, og einnig sendi hann þeim meira vín að gjöf. Og þeir svolgruðu í sig vínið, sem Limí konungur sendi þeim.

11 Og svo bar við, að þegnar Limís konungs héldu út í óbyggðirnar að næturlagi með hjarðir sínar og búfé, og í óbyggðunum fóru þeir krókaleiðir um Sílomsland, en tóku síðan stefnu á land Sarahemla undir forystu Ammons og bræðra hans.

12 Og þeir höfðu tekið með sér út í óbyggðirnar allt gull sitt og silfur og þau verðmæti, sem þeir gátu borið, ásamt vistum, og þeir héldu ferð sinni áfram.

13 Og eftir marga daga í óbyggðunum komu þeir til Sarahemlands, sameinuðust fólki Mósía og gjörðust þegnar hans.

14 Og svo bar við, að Mósía tók þeim fagnandi, og hann tók einnig við ^aheimildaritum þeirra ásamt ^bheimildunum, sem Limíþjóðin hafði fundið.

15 Og nú bar svo við, að þegar Lamanítar uppgötvuðu, að þegnar Limís höfðu farið úr landi að næturlagi, sendu þeir her út í óbyggðirnar á eftir þeim —

16 Og þegar þeir höfðu elt þá í tvo daga, gátu þeir ekki lengur fylgt slóð þeirra, og því villtust þeir í óbyggðunum.

Frásögn Alma og barna Drottins, sem menn Nóa konungs ráku út í óbyggðirnar.

Nær yfir 23. og 24. kapitula.

23. KAPÍTULI

Alma neitar að vera konungur — Hann þjónar sem æðsti prestur — Drottinn agar fólk sitt og Lamanítar fara með sigur af hólmi í Helamslandi — Amúlon, leiðtogi hinna ranglátu presta Nóa konungs, ræður ríkjum undir yfirstjórn hins einvalda konungs Lamaníta. Um 145–122 f.Kr.

ALMA, sem fengið hafði viðvörðun frá Drottni, um að herir Nóa konungs mundu ráðast á þá, gjörði fólki sínu viðvart. Þeir söfnuðu því saman hjörðum sínum, tóku hluta af korni sínu og héldu út í óbyggðirnar til að komast undan herjum Nóa konungs.

2 Og Drottinn gaf þeim styrk, til að menn Nóa konungs næðu þeim ekki og tortímdu þeim.

3 Og í átta daga flúðu þeir inn í óbyggðirnar.

4 Og þeir komu til lands, sem var fagurt og aðlaðandi, lands hins hreina vatns.

5 Og þeir reistu tjöld sín og tóku að yrkja jörðina og reisa byggingar. Já, þeir voru iðjusamir og lögðu hart að sér.

6 Og fólkið vildi, að Alma yrði konungur þess, því að það unni honum.

7 En hann sagði við það: Sjá, ekki er ráðlegt, að við höfum konung, því að svo segir Drottinn: Þér skuluð ^aekki meta eitt hold öðru æðra, og einn maður skal ekki telja sig öðrum æðri. Ég segi ykkur þess vegna, að ekki er ráðlegt, að þið hafið konung.

8 Samt væri gott fyrir ykkur að hafa konung, ef þið gætuð alltaf haft réttvísa menn sem konunga ykkar.

9 En minnst ^amisgjörða Nóa konungs og presta hans. Og sjálfur ^bfestist ég í snöru og gjörði margt, sem var viðurstygð í augum Drottins, margt, sem ég iðrast sárlega —

10 Eftir mikið ^aandstreymi heyrði Drottinn samt kveinstafi mína, svaraði bænum mínum og gjörði mig að verkfæri í höndum sínum til að leiða ^bsvo mörg ykkar til þekkingar á sannleika sínum.

11 En samt stæri ég mig ekki af þessu, því að ég er ekki þess verður að stæra mig af nokkru sjálfur.

12 Og nú segi ég ykkur, að Nóa konungur og prestar hans hafa undirokað ykkur og hneppt ykkur í ánauð, og þeir hafa leitt ykkur til misgjörða. Þess vegna voruð þið bundin ^afjötrum misgjörðanna.

13 En nú þegar kraftur Guðs hefur leyst ykkur úr þessari ánauð, já, úr greipum Nóa konungs og hans manna og einnig úr

23 7a Mósía 27:3–5.
9a Okv 16:12;
Mósía 11:1–15.

b Mósía 17:1–4.
10a K&S 58:4.
b Mósía 18:35.

12a 2 Ne 28:19–22.

fjötrum misgjörða, langar mig til að þið "haldið fast við það ^blýðfrelsi, sem gjört hefur ykkur frjáls, og treystið ^cengum manni til að vera konungur ykkar.

14 Og jafnframt vil ég, að þið treystið engum til að vera ^akennari ykkar eða andlegur þjónn, nema hann sé Guðs maður, gangi á hans vegum og haldi boðorð hans.

15 Á þennan hátt kenndi Alma fólki sínu, að hver maður skuli ^aelska náunga sinn eins og sjálfan sig, til þess að enginn ^bágreiningur yrði með þeim.

16 Og Alma var ^aæðsti prestur þeirra, þar eð hann stofnsetti kirkju þeirra.

17 Og svo bar við, að engum var veitt ^avald til að prédika, nema hann veitti það frá Guði. Hann vígði þar af leiðandi alla presta þeirra og kennara, og enginn var vígður, sem ekki var réttvís maður.

18 Og þeir vöktu yfir fólki sínu og ^anærðu það á öllu, sem réttlætið snertir.

19 Og svo bar við, að þeim tók að vegna afar vel í landinu, og þeir nefndu landið Helam.

20 Og svo bar við, að þeim fjölgæði og hagar þeirra í landinu Helam fór mjög batnandi. Og þeir byggðu borg, sem þeir nefndu Helamsborg.

21 Engu að síður þóknaðist

Drottinn að ^aaga fólk sitt og reyna ^bþolgæði þess og trú.

22 En hver, sem setur ^atraust sitt á hann, honum mun ^blyft upp á efsta degi. Já, það átti einnig við um þetta fólk.

23 Því að sjá. Ég mun sýna ykkur, að þeir voru hnepptir í ánaud, og enginn gat leyst þá nema Drottinn Guð þeirra, já, sjálfur Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs.

24 Og svo bar við, að hann leysti þá og sýndi þeim sinn mikla mátt, og mikill var fögnuður þeirra.

25 Því að sjá. Svo bar við, að þegar þeir voru í Helamslandi, já, í Helamsborg og voru að yrkja landið umhverfis, sjá, þá var her Lamaníta kominn að mörkum landsins.

26 Og nú bar svo við, að bræður Alma flúðu af ökrunum og söfnuðust saman í Helamsborg. Og þeir voru skelfingu lostnir við að sjá Lamanítana.

27 En Alma gekk fram og stóð meðal þeirra, taldi í þá kjark og sagði þeim að muna Drottinn Guð sinn, og að hann mundi bjarga þeim.

28 Þeir bældu þess vegna ótta sinn og tóku að ákalla Drottinn og biðja hann að milda hjörtu Lamaníta, til að þeir hlífðu þeim, konum þeirra og börnum.

29 Og svo bar við, að Drottinn mildaði hjörtu Lamaníta, og

13a Gal 5:1.

^b LR Lýðfrelsi.

^c Mósía 29:13.

14a Mósía 18:18–22.

15a LR Elska, ást.

^b 3 Ne 11:28–29.

16a Mósía 26:7.

17a LR Prestdæmi; Vald.

18a 1 Tím 4:6.

21a He 12:3;

K&S 98:21.

LR Aga.

^b LR Þolinmæði, þolgæði.

22a LR Treysta.

^b 1 Ne 13:37.

Alma og bræður hans gengu fram og framseldu sig þeim í hendur, og Lamanítar slógu eign sinni á Helamsland.

30 Herir Lamaníta, sem elt höfðu þegna Limís konungs, voru villtir í óbyggðunum dögum saman.

31 Og sjá. Þeir höfðu fundið presta Nóa konungs á stað, sem þeir nefndu Amúlon, en þeir höfðu tekið sér Amúlonsland til eignar og farið að yrkja jörðina.

32 En nafnið á leiðtoga þessara presta var Amúlon.

33 Og svo bar við, að Amúlon fór bónarveg að Lamanítum, og hann lét einnig eiginkonur þeirra, sem voru „dætur Lamaníta, fara bónarveg að bræðrum sínum og biðja eiginmönnum sínum griða.

34 Og Lamanítarnir höfðu „samúð með Amúlon og bræðrum hans og tortímdu þeim ekki vegna eiginkvenna þeirra.

35 Og Amúlon og bræður hans slógust í lið með Lamanítum og voru á ferð um óbyggðirnar í leit að Nefílandi, þegar þeir fundu Helamsland, sem var í eigu Alma og bræðra hans.

36 Og svo bar við, að Lamanítar hétu Alma og bræðrum hans lífi og frelsi, ef þeir vísuðu þeim leiðina til Nefílands.

37 En þegar Alma hafði vísað þeim leiðina, sem lá til Nefílands, vildu Lamanítar ekki halda heit sitt, heldur settu þeir „varðmenn umhverfis Helamsland til að hafa gát á Alma og bræðrum hans.

38 En hinir héldu til Nefílands, og hluti þeirra sneri aftur til Helamslands. Og þeir tóku einnig með sér eiginkonur og börn varðmannanna, sem höfðu verið skildir eftir í landinu.

39 Og konungur Lamaníta leyfði, að Amúlon yrði konungur og stjórnandi fólks síns í Helamslandi, þó skyldi hann ekki hafa vald til að gjöra neitt gegn vilja Lamanítakonungs.

24. KAPÍTULI

Amúlon ofsækir Alma og fylgjendur hans — Þeir verða drepnir ef þeir biðjast fyrir — Drottinn léttir byrðar þeirra — Hann leysir þá úr ánaud og þeir hverfa aftur til Sarahemla. Um 145–122 f.Kr.

Og svo bar við, að Amúlon fann náð fyrir augum konungs Lamaníta. Þess vegna tilnefndi konungur Lamaníta hann og bræður hans sem kennara þegna sinna, já, þeirra, sem áttu heima í Semlonslandi, Sílomslandi og Amúlonslandi.

2 Því að Lamanítar höfðu lagt öll þessi lönd undir sig, og þess vegna hafði konungur Lamaníta sett konunga yfir öll þessi lönd.

3 Og konungur Lamaníta bar nafnið Laman, og var hann nefndur eftir föður sínum og bar því nafnið Laman konungur. Og hann var konungur yfir fjölda manns.

4 Og hann skipaði einhvern af bræðrum Amúlons kennara

í sérhverju landi, sem þegnar hans áttu. Og á þennan hátt varð tungumál Nefís kennt meðal allra Lamaníta.

5 Og þetta fólk var vinsamlegt hvað við annað. Þó þekkti það ekki Guð, og bræður Amúlons kenndu því heldur ekkert um Drottin Guð, hvorki lögmál Móse né orð Abinadís —

6 En þeir kenndu þeim að halda heimildaskrár og skrifa hver öðrum.

7 Og á þennan hátt tóku Lamanítar að auðgast, versla hver við annan og komast til áhrifa, og þeir urðu slungnir og útsjónarsamir á þessa heims vísu, já, mjög slungið fólk, sem hafði ánægju af alls konar ranglátu athæfi og ránum, nema meðal sinna eigin bræðra.

8 En nú bar svo við, að Amúlon tók að sýna “vald sitt yfir Alma og bræðrum hans, tók að ofsækja hann og láta börn sín ofsækja börn þeirra.

9 Því að Amúlon þekkti Alma og vissi, að hann hafði verið “einn af prestum konungs og vissi, að það var hann, sem trúði orðum Abinadís og hafði verið rekinn úr návist konungs, og þess vegna var hann honum reiður. Því að hann var sjálfur undir Laman konung gefinn, en samt hafði hann vald yfir þeim, skipaði þeim fyrir ^bverkum og setti verkstjóra yfir þá.

10 Og svo bar við, að þrengingar þeirra urðu svo sárar, að þeir tóku að ákalla Guð heitt.

11 Og Amúlon skipaði þeim að hætta áköllum sínum, og hann setti varðmenn yfir þá, til þess að hver sá, sem staðinn væri að því að ákalla Guð, yrði tekinn af lífi.

12 Og Alma og fólk hans hóf ekki raust sína til Drottins Guðs síns, en það “opnaði hjörtu sín fyrir honum, og hann þekkti hugsanir hjartna þeirra.

13 Og svo bar við, að rödd Drottins barst til þeirra í þrengingum þeirra og sagði: Lyftið höfðum yðar og látið huggast, því að mér er kunnugt um sáttmálann, sem þér hafið gjört við mig. Og ég mun gjöra sáttmála við fólk mitt og leysa það úr ánaud.

14 Og ég mun einnig létta byrðarnar, sem lagðar hafa verið á herðar yðar, já, svo að þér finnið ekki fyrir þeim á bökum yðar, jafnvel á meðan þér eruð ánauðug. Og þetta gjöri ég, til að þér verðið “vitni mín héðan í frá og megið vita með vissu, að ég, Drottinn Guð, vitja fólks míns í ^bþrengingum þess.

15 Og nú bar svo við, að byrðarnar, sem lagðar höfðu verið á Alma og bræður hans, urðu þeim léttari. Já, Drottinn gaf þeim svo mikinn “styrk, að þeir gátu borið ^bbyrðar sínar léttilega og lutu vilja Guðs með gleði og ^cþolinmæði.

16 Og það bar við, að svo mikil

24 8a K&S 121:39.

9a Mósía 17:1–4; 23:9.

b Mósía 21:3–6.

12a LR Bæn.

14a LR Vitni.

b LR Andstreymi.

15a Matt 11:28–30.

b Al 31:38; 33:23.

c K&S 54:10.

LR Polinmæði, þolgæði.

var trú þeirra og þolinmæði, að rödd Drottins barst aftur til þeirra og sagði: Látið huggast, því að á degi komanda mun ég leysa yður úr ánauð.

17 Og hann sagði við Alma: Þú skalt ganga fyrir þessu fólki, og ég mun ganga með þér og leysa það úr ^aánauð.

18 Nú bar svo við, að Alma og fólk hans smalaði saman hjörðum sínum og tók saman korn sitt að næturlagi. Já, alla nóttina var það að smala hjörðum sínum saman.

19 Og um morguninn lét Drottinn Lamanítana falla í ^adjúpan svefn, já, og allir verkstjórar þeirra sváfu djúpum svefni.

20 Og Alma og fólk hans lagði af stað út í óbyggðirnar. Og þegar það hafði verið á ferð allan daginn, sló það upp tjöldum sínum í dal einum, og dalinn nefndi fólkíð Alma, vegna þess að hann hafði leitt það í óbyggðunum.

21 Já, og í dalnum Alma úthellti fólkíð ^aþakklæti sínu til Guðs, vegna þess að hann hafði verið því miskunnsamur, létt byrðar þess og leyst það úr ánauð. Því að það var í ánauð, og enginn gat leyst það nema Drottinn Guð þess.

22 Og það færði Guði þakkir, karlmenn jafnt sem konur og öll málga börn, allir hófu upp raust sína og lofsungu Guði sínum.

23 Og nú sagði Drottinn við Alma. Haf hraðan á og kom þér og þessu fólki úr landi, því að

Lamanítar eru vaknaðir og elta þig. Far því úr þessu landi, en ég mun hefta för Lamaníta í þessum dal, svo að þeir komist ekki lengra á eftir þessu fólki.

24 Og svo bar við, að fólkíð lagði af stað úr dalnum og lagði leið sína út í óbyggðirnar.

25 Og eftir að hafa verið tólf daga í óbyggðunum, kom það í Sarahemlaland. Og Mósía konungur fagnaði einnig komu þess.

25. KAPÍTULI

Afkomendur Múleks í Sarahemla verða Nefítar — Þeir fræðast um fólk Alma og Seniffs — Alma skírir Limí og alla þegna hans — Mósía felur Alma að skipuleggja kirkju Guðs. Um 122 f.Kr.

Og nú lét Mósía konungur kalla allt fólkíð saman.

2 En börn Nefís, eða afkomendur Nefís, voru ekki eins mörg að tölu og ^aíbúar Sarahemla, sem komnir voru af ^bMúlek og þeim, sem höfðu fylgt honum út í óbyggðirnar.

3 En fólk Nefís og fólk Sarahemla var ekki jafn fjölmennt og Lamanítar, já, það var meira en helmingi færra.

4 Og allt fólk Nefís var nú saman komið og einnig allt fólk Sarahemla, og það skiptist í tvo hópa.

5 Og svo bar við, að Mósía las og lét lesa heimildarit Seniffs fyrir þegna sína. Já, hann las

17a LR Ánauð.
19a 1 Sam 26:12.

21a LR Þakklátur, þakkir,
þakkargjörð.

25 2a Om 1:13–19.
b He 6:10. LR Múlek.

heimildaskrár fólks Seniffs, allt frá þeim tíma, er það yfirgaf Sarahemla, þar til það sneri þangað aftur.

6 Og hann las einnig frásögn Alma og bræðra hans og allt um þrengingar þeirra frá því er þeir yfirgáfu land Sarahemla, þar til þeir sneru þangað aftur.

7 Og þegar Mósía hafði lokið lestri heimildanna, fylltust þeir, sem haldið höfðu kyrru fyrir í landinu, undrun og aðdáun.

8 Því að þeir vissu ekki, hvað halda skyldi. En þegar þeir sáu þá, sem leystir höfðu verið ^aúr ánauð, fylltust þeir innilegri gleði.

9 En þegar þeir hugsuðu hins vegar um bræður sína, sem fallið höfðu fyrir Lamanítum, fylltust þeir sorg og felldu mörg sorgartár.

10 En þegar þeir hugsuðu um hina áþreifanlegu gæsku Guðs og kraft hans, sem bjargaði Alma og bræðrum hans úr greipum Lamaníta og ánauð, hófu þeir upp raust sína og færðu Guði þakkir.

11 En þegar þeim varð hugsað til bræðra sinna Lamaníta og syndarinnar og spillingarinnar, sem þeir voru ánetjaðir, fylltust þeir ^asárri angist og áhyggjum af ^bsál-arheill þeirra.

12 Og svo bar við, að þeir, sem voru börn Amúlonis og bræðra hans, sem gengið höfðu að eiga dætur Lamaníta, undu framferði feðra sinna illa og vildu ekki lengur bera nafn feðra sinna. Þess

vegna tóku þeir sér nafn Nefís, svo að þeir mættu nefnast börn Nefís og teljast til þeirra, sem nefndir voru Nefítar.

13 Og nú var allt fólk Sarahemla ^atalið til Nefíta, og það var vegna þess, að engum hafði verið veittur konungdómur nema afkomendum Nefís.

14 Og nú bar svo við, að þegar Mósía hafði lokið máli sínu og upplestri fyrir fólkið, langaði hann til þess, að Alma talaði einnig við það.

15 Og Alma talaði við það, þar sem það var saman komið í stóra hópa, og hann gekk frá einum hóp til annars og prédikaði fyrir fólkinu iðrun og trú á Drottin.

16 Og hann áminnti fólk Limís og bræðra hans, alla þá, sem leystir höfðu verið úr ánauð, um að minnast þess, að það var Drottinn, sem leysti þá.

17 Og svo bar við, að þegar Alma hafði kennt fólkinu margt og lokið við að tala við það, óskaði Limí konungur þess að láta skírast. Og allt hans fólk vildi einnig láta skírast.

18 Þess vegna gekk Alma út í vatnið og ^askírði það. Já, hann skírði það á sama hátt og hann skírði bræður sína í ^bMormónsvötnum. Já, allir þeir, sem hann skírði, tilheyrðu kirkju Guðs, vegna þess að þeir trúðu á orð Alma.

19 Og svo bar við, að Mósía

8a Mósía 22:11–13.

11a Mósía 28:3–4;
Al 13:27.

b LR Sál—

Verðmæti sálna.
13a Om 1:19.

18a Mósía 21:35.

b Mósía 18:8–17.

konungur veitti Alma rétt til að stofna söfnuði um allt Sarahemland og veitti honum “vald til að vígja presta og kennara yfir hvern söfnuð.

20 Þetta var gjört vegna þess, að fólkíð var of margt, til þess að einn kennari gæti stjórnað því öllu. Og ekki gátu heldur allir heyrt orð Guðs á einni samkomu —

21 Þess vegna söfnuðust þeir saman í mismunandi hópum, sem nefndir voru söfnuðir. Sérhver söfnuður hafði sína presta og sína kennara, og hver prestur prédikaði orðið eins og Alma flutti honum það.

22 Og enda þótt söfnuðirnir væru margir, voru þeir samt þannig allir ein “kirkja, já, kirkja Guðs, því að ekkert var prédikað í neinum safnaðanna annað en iðrun og trú á Guð.

23 Og í Sarahemlandi voru sjö söfnuðir. Og svo bar við, að hver sá, sem hafði hug á að taka á sig “nafn Krists eða Guðs, gekk í kirkju Guðs —

24 Og þeir nefndust Guðs “lýður. Og Drottinn úthelsti anda sínum yfir þá, og þeir nutu blessunar og vegnaði vel í landinu.

26. KAPÍTULI

Trúleysingar tæla marga meðlimi kirkjunnar til synda — Alma er heitið eilífu lífi — Þeir sem iðrast og

láta skírast hljóta fyrirgefningu — Kirkjumeðlimir sem syndga en iðrast og játa syndir sínar fyrir Alma og Drottni munu hljóta fyrirgefningu, ella verða þeir ekki taldir meðal þeirra sem í kirkjunni eru. Um 120–100 f.Kr.

Nú bar svo við, að margir af hinni upprennandi kynslóð gátu ekki skilið orð Benjamíns konungs, enda smábörn á þeim tíma, sem hann talaði til þegna sinna. Og þeir trúðu ekki erfikenningum feðra sinna.

2 Þeir trúðu ekki því, sem sagt hafði verið um upprisu dauðra, og trúðu ekki heldur á komu Krists.

3 Og vegna trúleysis síns “skildu þeir ekki orð Guðs, og hertu hjörtu sín.

4 Og þeir vildu hvorki láta skírast né ganga í kirkjuna, og voru því aðskildir, hvað trúna varðar, og héldust þannig upp frá því, já, í viðjum “holds og syndar, því að þeir vildu ekki ákalla Drottin Guð sinn.

5 Og í stjórnartíð Mósía voru þeir ekki hálf eins fjölmennir og fólk Guðs, en vegna “ósamkomulags meðal bræðranna urðu þeir fjölmennari.

6 Því að svo bar við, að þeir blektu marga, sem í kirkjunni voru, með skjallyrðum og tældu þá til margvíslegra synda. Þess vegna varð knýjandi, að þeir, sem

19a LR Prestdæmi.

22a Mósía 18:17.

23a LR Jesús Kristur —

Að taka á okkur nafn

Jesú Krists.

24a LR Sáttmáli.

26 3a LR Skilningur.

4a LR Hinn náttúrlegi

maður.

5a LR Deilur;

Fráhvarf.

syndguðu og voru í kirkjunni, “fengju áminningu frá henni.

7 Og svo bar við, að þeir voru færðir fyrir prestana; kennararnir framseldu þá prestunum. Og prestarnir færðu þá fyrir Alma, sem var “æðsti presturinn.

8 Og Mósía konungur hafði veitt Alma vald yfir kirkjunni.

9 Og svo bar við, að Alma vissi ekkert um þá, en mörg vitni voru gegn þeim. Já, fólkið gekk fram og bar óspart vitni um spillingu þeirra.

10 Ekkert slíkt hafði áður gerst í kirkjunni, og því varð Alma órólegur í anda og lét færa þá fyrir konung.

11 Og hann sagði við konung: Sjá, hér höfum við fært marga fram fyrir þig, sem ákærðir hafa verið af bræðrum sínum. Já, þeir hafa verið staðnir að margvíslegum misgjörðum. Þeir iðrast ekki misgjörða sinna, og því höfum við fært þá fyrir þig, til að þú getir dæmt þá í samræmi við afbrot þeirra.

12 En Mósía konungur sagði við Alma: Sjá, ég ætla ekki að dæma þá, heldur “sel ég þá í þínar hendur til dóms.

13 Og enn varð Alma órótt í anda. Og hann fór og spurði Drottin, hvað hann ætti að gjöra í þessu máli, því að hann óttaðist að gjöra rangt í augum Guðs.

14 Og svo bar við, að þegar hann

hafði opnað alla sál sína í bæn til Drottins, barst rödd Drottins til hans og sagði:

15 Blessaður ert þú, Alma, og blessaðir eru þeir, sem skírðir voru í “Mormónsvötnum. Blessaður ert þú vegna mikillar ^btrúar þinnar á orð þjóns míns Abinadís ein.

16 Og blessaðir eru þeir vegna mikillar trúar þeirra á orðin ein, sem þú hefur til þeirra talað.

17 Og blessaður ert þú fyrir að stofna “kirkju meðal þessa fólks. Og það mun fá staðist og verða mitt fólk.

18 Já, blessað er það fólk, sem ber “nafn mitt af fúsum vilja, því að mínu nafni verður það kallað, og það tilheyrir mér.

19 Og þar eð þú hefur spurt mig varðandi lögmálsbrjóta, ert þú blessaður.

20 Þú ert þjónn minn, og ég gjöri sáttmála við þig um “eilíft líf þér til handa. Og þú skalt þjóna mér, ganga fram í mínu nafni og safna saman sauðum mínum.

21 Og sá, sem hlýðir á rödd mína, er minn “sauður, og við honum tekur þú í kirkjuna, og við honum mun ég einnig taka.

22 Því að sjá. Þetta er mín kirkja. Hver sá, sem lætur “skírast, er skírður til iðrunar, og sá, sem þú tekur á móti, skal trúa á nafn mitt, og honum mun ég fúslega ^bfyrirgefa.

6a Al 5:57–58; 6:3.

LR Vara við, viðvörum.

7a Mósía 29:42.

12a K&S 42:78–93.

15a Mósía 18:30.

b Mósía 17:2.

LR Átrúnaður.

17a Mósía 25:19–24.

18a Mósía 1:11; 5:8. LR Jesús

Kristur — Að taka á

okkur nafn Jesú Kristis.

20a LR Eilíft líf; Kjör;

Kjörinn, hinir kjörnu.

21a LR Góði hirðirinn.

22a 2 Ne 9:23.

LR Skírni, skíra.

b LR Fyrirgefa;

Fyrirgefning synda.

23 Því að það er ég, sem "tek á mig syndir heimsins, það er ég, sem hef ^bskapað þá og það er ég, sem skipa honum mér til hægri handar, sem trúir allt til enda.

24 Því að sjá. Með mínu nafni eru þeir kallaðir, og "þekki þeir mig, munu þeir stíga fram og vera mér til hægri handar eilíflega.

25 Og svo mun við bera, að þegar "annar lúðurinn gellur, munu þeir, sem aldrei ^bþekktu mig, stíga fram og standa frammi fyrir mér.

26 Og þá munu þeir vita, að ég er Drottinn Guð þeirra, að ég er lausnari þeirra, en þeir þáðu ekki endurlausn.

27 Og þá mun ég játa fyrir þeim, að ég "þekkti þá aldrei. Og þeir munu ^bhverfa ofan í "ævarandi eld, sem búinn var djöflinum og árum hans.

28 Þess vegna segi ég þér, að þann, sem ekki vill "heyra rödd mína, skuluð þið ekki taka inn í kirkju mína, því að við honum mun ég ekki taka á efsta degi.

29 Þess vegna segi ég þér: Far þú, og hvern þann, sem brýtur gegn mér, skalt þú "dæma í ^bsamræmi við þær syndir, sem hann hefur drýgt. Og "játi hann syndir sínar fyrir þér og mér og ^diðrist af hjartans einlægni, skalt þú "fyrirgefa

honum, og ég mun einnig fyrirgefa honum.

30 Já, og "jafnoft og fólk mitt ^biðrast, mun ég fyrirgefa því brot þess gegn mér.

31 Og þér skuluð einnig "fyrirgefa misgjörðir hver annars, því að sannlega segi ég yður, að sá, sem fyrirgefur ekki misgjörðir náunga síns, þegar hann segist iðrast, hann hefur kallað fordæmingu yfir sjálfan sig.

32 Nú segi ég þér: Far þú, og sá, sem iðrast ekki synda sinna, mun ekki talinn meðal míns fólks. Og þetta skal haft í heiðri frá þessari stundu og um alla framtíð.

33 Og svo bar við, að þegar Alma hafði heyrt þessi orð, færði hann þau í letur til að varðveita þau og geta dæmt fólkíð í þessari kirkju samkvæmt boði Guðs.

34 Og svo bar við, að Alma fór og dæmdi þá, sem staðnir höfðu verið að misgjörðum, samkvæmt orði Drottins.

35 Og hverja þá, sem iðruðust synda sinna og "játuðu þær, taldi hann til kirkjunnar —

36 En þeir, sem vildu ekki játa syndir sínar eða iðrast misgjörða sinna, voru ekki taldir til kirkjunnar, og nöfn þeirra voru "þurrkuð út.

37 Og svo bar við, að Alma kom

23a LR Lausnari.

b LR Skapa, sköpun.

24a Jóh 17:3.

25a K&S 88:99, 109.

b K&S 76:81–86.

27a Matt 7:21–23.

b Lúk 13:27.

c K&S 76:43–44.

28a 2 Ne 9:31;

K&S 1:14.

29a LR Dómari, dómur.

b LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda.

c 3 Ne 1:25.

LR Játa, játning.

d LR Iðrast, iðrun.

e LR Fyrirgefa.

30a Moró 6:8.

b Esek 33:11, 15–16;

Post 3:19–20;

Mósía 29:19–20.

31a 3 Ne 13:14–15;

K&S 64:9–10.

35a LR Játa, játning.

36a 2 Mós 32:33; Al 1:24.

LR Brottvikning;

Lífsins bók.

öllum málefnum kirkjunnar í rétt horf, og þeir tóku aftur að njóta friðar og mikillar velgengi í málefnum kirkjunnar, gættu varúðar frammi fyrir Guði, tóku við mörgum og skírðu marga.

38 Og allt þetta gjörðu Alma og samverkamenn hans, sem yfir kirkjuna voru settir, og þeir framgengu af fullri kostgæfni, kenndu orð Guðs í öllu og liðu alls konar þrengingar, þar eð allir þeir, sem ekki voru í kirkju Guðs, ofsóttu þá.

39 Og þeir áminntu bræður sína, og hver og einn þeirra var einnig “áminntur með Guðs orði í samræmi við syndir sínar eða syndirnar, sem hann hafði drýgt, og var boðið af Guði að ^bbiðjast fyrir án afláts og færa ^cþakkir í öllu.

27. KAPÍTULI

Mósía bannar ofsóknir og fyrirskipar jafnrétti — Alma yngri og fjórir synir Mósía reyna að tortíma kirkjunni — Engill birtist og býður þeim að breyta um stefnu — Alma missir málið — Allt mannkyn verður að endurfæðast til að hljóta sáluhjálp — Alma og synir Mósía boða gleðitíðindin. Um 100–92 f.Kr.

Og nú bar svo við, að ofsóknir trúleysingjanna á hendur kirkjunni urðu svo miklar, að kirkjan tók að kveinka sér og kvarta undan þeim við leiðtoga sína, og þeir

kvörtuðu við Alma, en Alma lagði málið fyrir konung þeirra, Mósía, og Mósía leitaði ráða hjá prestum sínum.

2 Og svo bar við, að Mósía konungur lét senda tilkynningu út um allt landið, sem bannaði trúleysingjum að “ofsækja nokkurn þann, er tilheyrði kirkju Guðs.

3 Og strangt boð var látið út ganga til allra safnaðanna, að þeirra á meðal skyldu engar ofsóknir eiga sér stað, svo að “jafnrétti ríkti með öllum mönnum —

4 Að þeir skyldu hvorki láta stolt né hroka trufla “frið sinn, og að sérhver maður skyldi ^bmeta náunga sinn til jafns við sjálfan sig og vinna með eigin höndum fyrir daglegu viðurværi sínu.

5 Já, og allir prestar þeirra og kennarar skyldu “vinna með eigin höndum fyrir viðurværi sínu, hvernig sem á staði, nema um væri að ræða veikindi eða mikinn skort. Og er þeir gjörðu þetta, nutu þeir ^bnáðar Guðs ríkulega.

6 Og mikill friður ríkti í landinu á ný. Og fólkinu fjölgaði ört, og það tók að dreifast um yfirborð jarðar, já, til norðurs og til suðurs, til austurs og til vesturs, og byggði stórar borgir og þorp í öllum landshlutum.

7 Og Drottinn vitjaði þeirra og veitti þeim gengi, og þeir urðu fjölmenn og auðug þjóð.

39a LR Vara við, viðvörün.
b 2 Ne 32:8–9.
c LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

27 2a LR Ofsækja, ofsókn.
3a Mósía 23:7; 29:32.
4a LR Friður.
b LR Meta.

5a Mósía 18:24, 26.
b LR Náð.

8 Nú töldust synir Mósía til trúleysingjanna, og auk þess taldist einn „sona Alma til þeirra, og var hann nefndur Alma eftir föður sínum. Engu að síður varð hann mjög ranglátur maður og ^bskurðgoðadýrkandi. Og hann var mælskumaður, sem talaði fagurlega til fólksins, og því leiddi hann marga til að drýgja sömu misgjörðir og hann sjálfur.

9 Og hann hindraði mjög framgang kirkju Guðs. Hann „afvegaleiddi hjörtu fólksins, olli mikilli sundurþykkju meðal þess og veitti óvini Guðs tækifæri til að neyta valds síns yfir þeim.

10 Og nú bar svo við, að meðan hann fór um og reyndi að tortíma kirkju Guðs, því að hann fór leynilega um með sonum Mósía og reyndi að tortíma kirkjunni, leiða fólk Drottins afvega, þvert gegn boðum Guðs og jafnvel konungsins —

11 Og eins og ég sagði yður, á meðan þeir fóru um og gjörðu „uppreisn gegn Guði, sjá, þá ^bbirtist þeim „engill Drottins. Og hann sté niður sem í skýi. Og hann talaði sem með þrumuraust, svo að jörðin, sem þeir stóðu á nötraði —

12 Og undrun þeirra varð slík, að þeir féllu til jarðar og skildu ekki orðin, sem hann talaði til þeirra.

13 En hann hrópaði á ný og sagði: Alma, rís á fætur og gakk fram, því hvers vegna ofsækir

þú kirkju Guðs? Því að Drottinn hefur sagt: „Þetta er mín kirkja, og ég mun grundvalla hana, og ekkert fær kollvarpað henni nema lögmálsbrot fólks míns.

14 Og engillinn sagði enn fremur: Sjá, Drottinn hefur „heyrð bænir fólks síns og einnig bænir þjóns síns, Alma, sem er faðir þinn, því að hann hefur beðið í sterkri trú fyrir þér, að þú mættir öðlast vitneskju um sannleikann. Þess vegna og í þeim tilgangi hef ég komið til að sannfæra þig um kraft og vald Guðs, svo að þjónar hans verði ^bbænheyrðir í samræmi við trú þeirra.

15 Og sjá. Getið þér nú dregið vald Guðs í efa? Því að sjá. Lætur ekki rödd mín jörðina nötra? Og sjáið þér mig ekki einnig fyrir framan yður? Og ég er sendur af Guði.

16 Nú segi ég yður: Farið og minnst ánaugar feðra yðar í landi Helams og landi Nefís. Og minnst þess, hve mikið hann hefur fyrir þá gjört, því að þeir voru ánaudugir, og hann „leysti þá. Og nú segi ég þér, Alma, far leiðar þinnar, og reyndu ekki fram að tortíma kirkjunni, svo að bænum þeirra verði svarað, og það jafnvel þótt þú sjálfur viljir láta vísa þér burtu.

17 Og nú bar svo við, að þetta voru síðustu orðin, sem engillinn mælti við Alma, og hann hvarf á brott.

8a LR Alma, sonur Alma.

b LR Falsguðadýrkun.

9a 2 Sam 15:1–6.

11a LR Uppreisn.

b Post 9:1–9; Al 8:15.

c LR Englar.

13a LR Jesús Kristur —

Höfuð kirkjunnar.

14a Al 10:22.

b Morm 9:36–37.

16a Mósía 23:1–4.

18 Og nú féllu Alma og þeir, sem með honum voru, aftur til jarðar, því að mikil var undrun þeirra. Því að þeir höfðu með eigin augum litið engil Drottins, og rödd hans var eins og þruma, sem skók jörðina, og þeir vissu, að ekkert annað en kraftur Guðs gat skekið jörðina og komið henni til að nötra, rétt eins og hún væri að klofna.

19 Og undrun Alma varð slík, að hann mátti ekki mæla og gat ekki opnað munninn. Já, og hann varð svo máttvana, að hann gat ekki einu sinni hreyft hendurnar. Þess vegna tóku þeir, sem með honum voru, hann upp og báru hann hjálparvana, uns hann var lagður fyrir framan föður sinn.

20 Og þeir sögðu föður hans allt, sem fyrir þá hafði komið, og faðir hans fagnaði, þar eð hann vissi, að þar var kraftur Guðs að verki.

21 Og hann lét safna saman mannfjölda, svo að allir gætu séð, hvað Drottinn hafði gjört fyrir son hans og einnig þá, sem með honum voru.

22 Og hann lét kalla prestana saman. Og þeir tóku að fasta og biðja til Drottins Guðs síns um að ljúka upp vörum Alma, svo að hann mætti mæla, og veita honum mátt í limi sína á ný — til að augu fólksins lykjust upp til að sjá og þekkja gæsku og dýrð Guðs.

23 Og svo bar við, að þegar þeir

höfðu fastað og beðið í tvo sólarhringa, kom aftur máttur í limi Alma, og hann reis á fætur og hóf að tala til þeirra og biðja þá um að láta hughreystast:

24 Því að, sagði hann, ég hef iðrast synda minna, og Drottinn hefur “endurleyst mig. Sjá, ég er fæddur af andanum.

25 Og Drottinn sagði við mig: Undrast ekki, að allt mannkyn, já, karlar og konur, allar þjóðir, kynkvíslir, tungur og lýðir, þurfi að “endurfæðast. Já, fæðast af Guði, ^bhverfa úr viðjum “holdlegs og fallins hlutskiptis í faðm réttlætisins, endurleyst af Guði og verða synir hans og dætur —

26 Og á þennan hátt verða þau ný sköpun. Og án þess að gjöra þetta geta þau á “engan hátt erft Guðs ríki.

27 Ég segi yður, að án þessa verður þeim vísað burtu, og þetta veit ég vegna þess, að mjög var nærri því komið, að mér yrði sjálfum vísað burtu.

28 En eftir mikið andstreymi og iðrun, sem hafði nær dregið mig til dauða, þóknaðist Drottinn engu að síður í miskunn sinni að hrífa mig úr “ævarandi eldi, og ég er fæddur af Guði.

29 Sál mín hefur verið leyst úr beiskjugalli og fjötrum misgjörða. Ég var staddur í hyldýpisgjá, en nú sé ég hið undursamlega ljós Guðs. Sál mín “engdist í

24a 2 Ne 2:6–7.
LR Endurleysa,
endurleystur,
endurlausn.
25a Róm 6:3–11;

Mósía 5:7;
Al 5:14;
HDP Móse 6:59.
LR Endurfæddur,
fæddur af Guði.

b Mósía 3:19; 16:3.
c LR Holdlegur.
26a Jóh 3:5.
28a 2 Ne 9:16.
29a Mósía 2:38.

eilífðarkvöl, en ég var rifinn laus, og sál mín kvelst ekki lengur.

30 Ég hafnaði lausnara mínum og afneitaði því, sem feður okkar töluðu um. En nú, til að þeir megi sjá það fyrir að hann kemur og man hverja skepnu, sem hann hefur skapað, mun hann opinbera sig öllum.

31 Já, ^asérhververt kné mun beygja sig og sérhver tunga gjöra játningu fyrir honum. Já, á efsta degi, þegar allir menn munu standa fyrir ^bdómi hans, þá munu þeir játa, að hann er Guð. Þá munu þeir, sem lifa ^cán Guðs í heiminum, játa, að dómur ævarandi refsingar yfir þeim er réttvís. Og þeir munu nötra og skjálfa og hrökklast undan ^aalsjáandi augnaráði hans.

32 Og nú bar svo við, að allt frá þessari stundu tók Alma og þeir, sem með honum voru, þegar engillinn birtist þeim, að kenna fólkinu, og þeir ferðuðust um allt landið og gjörðu öllum það heyrinkunnugt, sem þeir höfðu heyrt og séð, og boðuðu orð Guðs við mikið andstreymi og miklar ofsóknir trúleysingjanna, sem margir hverjir misþyrmdu þeim.

33 En þrátt fyrir allt þetta færðu þeir kirkjusöfnuðinum mikla huggun, staðfestu þá í trúnni og hvöttu þá af mikilli elju og langlundargeði til að halda boðorð Guðs.

34 Og fjórir þeirra voru ^asynir Mósía, og nöfn þeirra voru: Ammon, Aron, Omner og Himní. Þetta voru nöfn sona Mósía.

35 Og þeir ferðuðust um allt Sarahemland og meðal allra þeirra, sem undir stjórn Mósía konungs voru, og kappkostuðu að bæta úr öllu, sem þeir höfðu gjört kirkjunni til miska, játuðu allar syndir sínar og gjörðu heyrinkunnugt allt, sem þeir höfðu séð, og útskýrðu spádóma og ritningar fyrir öllum, sem heyra vildu.

36 Og þannig voru þeir verkfæri í höndum Guðs og leiddu marga til þekkingar á sannleikanum, já, til þekkingar á lausnara sínum.

37 Og hve blessaðir þeir eru! Því að þeir ^aboðuðu frið, færðu mikil ^bgleðitíðindi og tilkynntu mönnum, að Drottinn ræður ríkjum.

28. KAPÍTULI

Synir Mósía fara og prédika fyrir Lamanítum — Með aðstoð steinanna tveggja þýðir Mósía Jaredítatöflurnar. Um 92 f.Kr.

Nú bar svo við, að þegar ^asynir Mósía höfðu lokið öllu þessu, tóku þeir fámennan hóp með sér og sneru aftur til föður síns, konungsins, og fóru þess á leit, að hann leyfði þeim ásamt þeim, sem þeir höfðu valið, að halda til

31 *a* Fil 2:9–11;
Mósía 16:1–2;
K&S 88:104.
b LR Jesús Kristur —
Dómari.

c Al 41:11.
d LR Guð, guðdómur.
34 *a* LR Ammon, sonur
Mósía.
37 *a* Jes 52:7;

Mósía 15:14–17.
LR Prédika.
b LR Fagnaðareriindi.
28 *1 a* Mósía 27:34.

^bNefílands til að prédika það, sem þeir höfðu heyrt, svo að þeir gætu fært bræðrum sínum, Lamanítum, orð Guðs —

2 Svo að þeim tækist ef til vill að leiða þá til þekkingar á Drottni, Guði sínum, og sannfæra þá um misgjörðir fedra sinna. Svo að þeim mætti ef til vill takast að lækna þá af ^ahatri sínu til Nefíta, til þess að þeir gætu einnig fagnað í Drottni, Guði sínum, og orðið vinsamlegir hver við annan og engin frekari misklíð yrði í öllu því landi, sem Drottinn Guð þeirra hafði gefið þeim.

3 Og þeir þráðu, að hverri skepnu yrði boðuð sáluhjálp, því að þeir ^amáttu ekki til þess hugsa, að nokkur ^bmannsál fær-ist. Já, jafnvel hugsunin ein um að nokkur sál yrði að þola ^aóendanlega kvöl kom þeim til að nötra og skjálfa.

4 Og þannig vann andi Drottins á þeim, því að þeir voru hinir ^asvívirðilegustu meðal syndara. En í takmarkalausri ^bmiskunn sinni þóknaðist Drottni að hlífa þeim. Engu að síður máttu þeir þola mikla sálarangist vegna misgjörða sinna, og þeir liðu miklar þjáningar og óttuðust, að þeim yrði vísað frá að eilífu.

5 Og svo bar við, að dögum saman báðu þeir föður sinn um leyfi til að fara upp til Nefílands.

6 Og Mósía konungur spurði Drottin, hvort hann ætti að leyfa sonum sínum að fara til Lamanítanna og boða orðið.

7 Og Drottinn sagði við Mósía: Leyf þeim að fara, því að margir munu trúa á orð þeirra, og þeir munu öðlast eilíft líf. Og ég mun ^abjarga sonum þínum úr höndum Lamaníta.

8 Og svo bar við, að Mósía varð við bón þeirra og leyfði þeim að fara.

9 Og þeir ^alögðu leið sína út í óbyggðirnar til að komast til Lamaníta og flytja þeim orðið. En síðar mun ég ^bgjöra grein fyrir því, sem þeir tóku sér fyrir hendur.

10 Og Mósía konungur gat engum veitt konungdóminn, því að enginn sona hans vildi taka við honum.

11 Hann tók þess vegna heimildirnar, sem letraðar voru á ^alátúns-töflurnar og auk þess töflur Nefís og allt, sem hann hafði haldið til haga og varðveitt að boði Guðs, eftir að hafa þýtt og látið færa í letur heimildirnar, sem voru á ^bgulltöflunum og fólk Limís hafði fundið og Limí sjálfur afhent honum —

12 Og þetta gjörði hann að þrábeiðni þjóðar sinnar, því að hana fýsti takmarkalaust að vita eitt-hvað um þá þjóð, sem hafði verið tortímt.

13 Og hann þýddi þær með

1b Om 1:12–13;
Mósía 9:1.
2a Jakob 7:24.
3a Al 13:27;
3 Ne 17:14;
HDP Móse 7:41.

b LR Sál —
Verðmæti sálna.
c Jakob 6:10;
K&S 19:10–12.
4a Mósía 27:10.
b LR Miskunnssamur,

miskunnsemi.
7a Al 19:22–23.
9a Al 17:6–9.
b Al 17–26.
11a LR Látúns-töflur.
b LR Gulltöflur.

aðstoð “steinanna tveggja, sem festir voru hvor sínu megin á boga.

14 Og þessir gripir höfðu verið undirbúnir frá upphafi í þeim tilgangi að þýða tungur og höfðu varðveist mann fram af manni —

15 Og Drottinn hafði verndað þá og varðveitt eigin hendi, svo að hann gæti frætt hvern þann, sem eignaðist landið, um misgjörðir og viðurstygð lýðs síns —

16 Og sá, sem hefur þessa gripi, nefnist “sjáandi, að fornum hætti.

17 Þegar Mósía hafði lokið þýðingu þessara heimilda, þá sjá. Þar var greint frá þeirri þjóð, sem “tortímt var, allt frá þeim tíma er þeim var tortímt aftur til þess tíma, er hinn ^bmikli turn var reistur og Drottinn ‘ruglaði tungu fólksins og það dreifðist um allt yfirborð jarðar — og jafnvel frá þeim tíma allt aftur til sköpunar Adams.

18 Og þessi frásögn olli þegnum Mósía mikilli sorg, já, þeir fylltust trega. Þó veitti hún þeim mikla þekkingu, sem gladdi þá.

19 Og þessi frásögn mun færð í letur síðar, því að sjá. Æskilegt er, að öllum verði kunnugt um þá hluti, sem færðir hafa verið í letur í þessari frásögn.

20 Og nú þegar Mósía konungur hafði gjört allt þetta, tók hann “látúnstöflurnar, eins og ég sagði

ykkur, og allt, sem hann hafði haldið til haga, og fól það í umsjá Alma, sem var sonur Alma. Já, hann fól honum umsjá með öllum heimildunum og einnig ^bútleggjurunum, og gaf honum fyrirmæli um að halda þeim til haga og ‘varðveita þær og auk þess skrá heimildir um þjóðina og láta þær ganga frá einni kynslóð til annarrar á sama hátt og þær höfðu verið láttnar ganga frá þeim tíma, er Lehí yfirgaf Jerúsalem.

29. KAPÍTULI

Mósía leggur til að dómamarar verði valdir í stað konungs — Ranglátir konungar leiða fólkíð í synd — Fólkíð velur Alma yngri sem yfirdómara — Hann er einnig æðsti prestur kirkjunnar — Alma eldri og Mósía andast. Um 92–91 f.Kr.

ÞEGAR Mósía hafði gjört þetta, lét hann senda út um gjörvallt landið og spyrjast fyrir meðal allra, því að hann vildi komast að því, hvern þeir vildu gjöra að konungi sínum.

2 Og svo bar við, að rödd þjóðarinnar barst til baka og sagði: Við viljum, að Aron, sonur þinn, verði konungur okkar og stjórnandi.

3 En Aron var farinn til Nefílands, og þess vegna gat konungur ekki sæmt hann konungdómi, og hvorki vildi Aron taka við konungdómnum, né var

13a LR Úrím og Túmmím.

16a Mósía 8:13–18.

LR Sjáandi.

17a Mósía 8:7–12.

b Et 1:1–5.

c 1 Mós 11:6–9.

20a Al 37:3–10.

b LR Úrím og Túmmím.

c LR Ritningar —

Ritningar sem

varðveita ber.

nokkur annar “sona Mósía reiðu-
búinn að taka við völdum.

4 Þess vegna lét Mósía konungur
aftur senda út á meðal þjóðar-
innar. Já, hann sendi jafnvel rituð
orð út á meðal hennar. Og þetta
voru orðin, sem rituð voru og
sögðu:

5 Sjá, ó, þjóð mín, eða bræður
mínir, því að það tel ég yður vera.
Ég óska, að þér íhugið það mál-
efni, sem þér eruð kallaðir til að
íhuga — því að þér viljið hafa
“konung.

6 Nú tilkynni ég yður, að sá, sem
rétt hefur til konungdóms, hefur
afþakkað og mun ekki taka hann
að sér.

7 Og ef annar væri settur í hans
stað, sjá, þá óttast ég, að ágrein-
ingur kunni að koma upp meðal
yðar. Og hver veit nema sonur
minn, sem ber konungdómur-
inn, mundi bregðast reiður við
og draga hluta þegnanna með
sér, en það ylli deilum og ágrein-
ingi meðal yðar og gæfi tilefni til
blóðsúthellinga og mundi rang-
snúa vegum Drottins, já, tortíma
mörgum sálum.

8 Nú segi ég við yður: Vér
skulum vera skynsamir og íhuga
þessi mál, því að vér höfum engan
rétt til að tortíma syni mínum, né
heldur höfum vér rétt til að tor-
tíma öðrum þeim, sem skipaður
kynni að vera í hans stað.

9 Og ef sonur minn snerist aftur
til hroka og hégómlegra hluta,
mundi hann minnst þess, sem

hann hefur sagt, og krefjast réttar
síns til konungdómsins, en það
kæmi honum og einnig þessari
þjóð til að drýgja mikla synd.

10 En verum nú skynsamir og
forsjálir og gjörum það, sem veitir
þessari þjóð frið.

11 Ég mun þess vegna vera kon-
ungur yðar, það sem ég á eftir
ólifað. En engu að síður skulum
vér “tilnefna ^bdómara til að dæma
þessa þjóð eftir vorum lögum, og
vér munum skipa málum þjóð-
arinnar á nýjan hátt, því að vér
munum skipa vitra menn í dóm-
arasæti, sem dæma munu þessa
þjóð samkvæmt boðum Guðs.

12 Betra er manningum, að Guð
dæmi hann en maður, því að
dómar Guðs eru alltaf réttvísir, en
dómar mannanna eru ekki alltaf
réttvísir.

13 Ef þér gætuð því alltaf haft
“réttvísa menn sem konunga yðar,
menn, sem halda mundu lögmal
Guðs í heiðri og dæma þessa þjóð
eftir boðum hans, já, ef þér gætuð
haft menn að konungum yðar,
sem mundi farast við yður eins og
föður mínum, ^bBenjamín, fórst við
þegna sína — ég segi yður, ef svo
gæti alltaf verið, þá væri ráðleg-
ast, að þér hefðuð ávallt konunga
til að stjórna yður.

14 Og sjálfur hef ég lagt fram
alla mína krafta og hæfileika til
að kenna yður boðorð Guðs og
tryggja frið um gjörvallt landið,
svo að hvorki styrjaldir né ágrein-
ingur verði, enginn þjófnaður,

29 3a Mósía 27:34.
5a 1 Sam 8:9–19.

11a Mósía 29:25–27.
b 2 Mós 18:13–24.

13a Mósía 23:8, 13–14.
b OMorm 1:17–18.

rán, morð né nokkrar aðrar misgjörðir —

15 Og þeim, sem framið hafa misgjörðir, hef ég “refsað í samræmi við þann glæp, sem drýgður hefur verið, samkvæmt þeim lögum, sem feður vorir hafa gefið oss.

16 Nú segi ég yður, að vegna þess að menn eru ekki allir réttvísir, er ekki ráðlegt, að þér hafið konung eða konunga til að ríkja yfir yður.

17 Því að sjá, hve mikilli “óhæfu einn ^branglátur konungur getur valdið, já, hve mikilli tortímingu!

18 Já munið eftir Nóa konungi, “ranglæti hans og viðurstygð, sem og ranglæti og viðurstygð þegna hans. Og sjá, hve mikil tortíming kom yfir þá. Og auk þess voru þeir hnepptir í ^bánaud vegna misgjörða sinna.

19 Og væri það ekki fyrir meðalgöngu alviturs skapara þeirra og það vegna einlægrar iðrunar þeirra, hefðu þeir óhjákvæmilega haldist í ánaud til þessa.

20 En sjá. Hann leysti þá, vegna þess að þeir “auðmýktu sig fyrir honum. Og vegna þess að þeir ^bákölluðu hann hástöfum, leysti hann þá úr ánaud. Og þannig beitir Drottinn krafti sínum í öllum tilvikum meðal mannanna barna og réttir ‘miskunnararm sinn fram á móti hverjum þeim, sem leggur “traust sitt á hann.

21 Og sjá. Nú segi ég yður, að þér getið ekki vikið spilltum konungi frá völdum, nema með miklum átökum og blóðsúthellingum.

22 Því að sjá. Í misgjörðunum á hann “vini sína, og hann hefur verði umhverfis sig. Og hann tætir í sundur lög þeirra, sem ríkt hafa í réttlæti á undan honum, og hann fótum treður boðorð Guðs —

23 Og hann setur lög og sendir þau út á meðal þjóðar sinnar, já, lög í samræmi við sitt eigið “ranglæti. Og hann tortímir hverjum þeim, sem ekki hlýðir lögum hans, gegn hverjum þeim, sem rís upp gegn honum, sendir hann heri sína til bardaga, og sé honum það fært, mun hann tortíma þeim. Þannig snýr óréttlátur konungur leiðum alls réttlætis til villu.

24 Og sjá. Nú segi ég yður, að ekki er æskilegt, að slík viðurstygð komi yfir yður.

25 Þess vegna skuluð þér velja yður dómara með rödd þessarar þjóðar, svo að þér verðið dæmdir eftir lögmálunum, sem feður vorir hafa gefið yður, lögmálum, sem sönn eru, og Drottinn gaf þeim.

26 Ekki er algengt, að rödd þjóðarinnar æski einhvers, sem andstætt er því rétta. En algengt er, að minnihlutahópar vilji það, sem ekki er rétt. Þess vegna skuluð

15a Al 1:32–33.

17a Al 46:9–10.

b Mósía 23:7–9.

18a Mósía 11:1–15.

b 1 Sam 8:10–18;

Mósía 12:1–8;

Et 6:22–23.

20a Mósía 21:13–15.

b 2 Mós 2:23–25;

Al 43:49–50.

c Esek 33:11, 15–16;

Mósía 26:30.

d LR Treysta.

22a 1 Kon 12:8–14.

23a LR Ranglátur, ranglæti.

þér virða þetta og gjöra að yðar lögum: Sinnið málefnum yðar í samræmi við rödd þjóðarinnar.

27 Og “ef sá tími kemur, að þjóðin velur misgjörðir, þá er tími til kominn, að dómur Guðs falli yfir yður. Já, þá er tími til kominn, að hann vitji yðar með mikilli tortímingu, já, eins og hann hefur hingað til vitjað þessa lands.

28 Og ef þér hafið dómara og þeir dæma yður ekki samkvæmt þeim lögum, sem gefin hafa verið, þá getið þér látið æðri dómara dæma þá.

29 Ef æðri dómarar yðar fella ekki réttláta dóma, skuluð þér láta takmarkaðan fjölda óæðri dómara koma saman, og þeir munu dæma æðri dómara samkvæmt rödd þjóðarinnar.

30 Og ég býð yður að gjöra þetta í Drottins ótta. Og ég býð yður að gjöra þetta og hafa engan konung. Og drýgi þessi þjóð syndir og fremji misgjörðir, fellur það á þeirra eigin höfuð.

31 Því að sjá. Ég segi yður, að misgjörðir konunga þeirra hafa valdið syndum margra. Þess vegna falla misgjörðir þeirra á höfuð konunga þeirra.

32 Og nú vil ég, að þessi “ójöfnuður verði eigi framar í þessu landi, sérstaklega ekki meðal þessarar þjóðar minnar. En ég óska, að þetta land verði land ^blýðfrelsis og að ^csérhver maður njóti sama réttar og sömu réttinda, svo lengi sem Drottinn þóknast, að

við lifum í landinu og eigum það. Já, svo lengi sem nokkur afkomandi okkar er eftir í landinu.

33 Og Mósía konungur ritaði þeim margt fleira og upplýsti þá um allar raunir og erfiðleika réttláts konungs, já, allar sálarþrautirnar vegna þjóðarinnar, og allar kvartanir þjóðarinnar við konung sinn. Og hann útskýrði þetta allt fyrir þeim.

34 Og hann sagði þeim, að þannig skyldi málum ekki hátað, heldur skyldu byrðarnar hvíla á allri þjóðinni, svo að hver maður bæri sinn hlut.

35 Og hann lýsti einnig fyrir þeim öllum ókostum, sem því fylgdi, ef óréttlátur konungur ríkti yfir þeim —

36 Já, hann lýsti allri misgjörð rangláts konungs og viðurstyggð, öllum styrjöldunum og deilunum, blóðsúthellingunum og þjófnumunum, ránunum, hórdómum og alls kyns misgjörðum, sem ekki er hægt að telja upp — og sagði þeim, að slíkt ætti ekki að vera til og að það væri í algjerri mótsögn við boðorð Guðs.

37 Og nú bar svo við, að þegar Mósía konungur hafði sent þetta út á meðal þegnanna, sannfærðust þeir um sannleik orða hans.

38 Þess vegna féllu þeir frá öllum óskum um konung, en létu sig það miklu máli skipta, að sérhver nyti jafnrar aðstöðu alls staðar í landinu. Já, og hver maður tjáði sig fúsan að svara fyrir eigin syndir.

27a Al 10:19.
32a Al 30:11.

b 2 Ne 1:7; 10:11.
LR Lýðfrelsi.

c Al 27:9.

39 Þess vegna bar svo við, að þeir söfnuðust saman í hópum um allt landið til að greiða um það atkvæði, hverjir dómara þeirra skyldu vera til að dæma eftir þeim “lögum, sem sett höfðu verið. Og allir fögnuðu ákaft yfir því ^blyðfrelsi, sem þeim hafði verið veitt.

40 Og ást þeirra á Mósía óx. Já, þeir mátu hann meira en nokkurn annan mann, því að þeir litu ekki á hann sem harðstjóra, sem sóttist eftir gróða, já, svívirðilegum gróða, sem spillir sálinni. Því að hann hafði hvorki krafið þá um auðæfi, né haft ánægju af blóðsúthellingum, heldur hafði hann komið á “friði í landinu, og hann hafði leyst þjóð sína úr hvers kyns ánaud. Þess vegna mátu þeir hann mikils, já, afar mikils, takmarkalaust.

41 Og svo bar við, að þeir skipuðu “dómara til að vera yfir þá setta, eða dæma þá samkvæmt lögnum. Og þetta var gjört um gjörvallt landið.

42 Og svo bar við, að Alma var skipaður fyrsti yfirdómari, þar

eð hann var einnig æðsti prestur og faðir hans hafði veitt honum embættið og falið honum yfirmun sjón með öllum málefnum kirkjunnar.

43 Og nú bar svo við, að Alma “gekk á vegum Drottins og hélt boðorð hans og felldi réttláta dóma. Og samfelldur friður hélst um gjörvallt landið.

44 Og á þennan hátt hófst stjórn dómara um gjörvallt Sarahemlaland meðal allra þeirra, sem nefndust Nefítar, en Alma var fyrsti yfirdómari.

45 Og nú bar svo við, að faðir hans andaðist, áttatíu og tveggja ára að aldri, og hafði lifað það að uppfylla boð Guðs.

46 Og svo bar við, að einnig Mósía lést á þrítugasta og þriðja stjórnarári sínu, “sextíu og þriggja ára gamall. Og þá voru samtals fimm hundruð og níu ár liðin, frá því að Lehí yfirgaf Jerúsalem.

47 Og þannig lauk stjórnartíð konunganna yfir Nefíþjóðinni. Og þannig lauk ævidögum Alma, sem var stofnandi kirkju þeirra.

BÓK ALMA

SEM VAR SONUR ALMA

Frásögn Alma, sem var sonur Alma, fyrsti yfirdómari Nefí-þjóðarinnar og einnig æðsti prestur kirkjunnar. Frásögn um stjórnartíð dómara, styrjaldir og átök meðal þjóðarinnar. Auk þess frásögn um styrjöld á milli Nefíta og Lamaníta, samkvæmt heimildaskrá Alma, hins æðsta yfirdómara.

39a Al 1:14.

^b LR Lýðfrelsi.

40a LR Friðflytjandi.

41a Mósía 29:11.

43a LR Ganga, ganga með Guði.

46a Mósía 6:4.

1. KAPÍTULI

Nehor boðar falskenningar, stofnar kirkju, innleiðir prestaslægð og ræður Gídeon af dögum — Nehor er tekinn af lífi vegna glæpa sinna — Prestaslægð og ofsóknir breiðast út meðal fólksins — Prestar sjá fyrir sér sjálfir, fólkið annast hina fátæku og kirkjunni vegnar vel. Um 91–87 f.Kr.

NÚ bar svo við, að á fyrsta stjórnarári dómara Nefíþjóðarinnar og upp frá því hafði Mósía konungur, sem ^agenginn var veg allrar veraldar, eftir að hafa barist góðri baráttu og gengið grandvar frammi fyrir Guði, engan skilið eftir sig til að ríkjá í sinn stað. Þrátt fyrir það hafði hann komið á ^blögum, sem þjóðin viðurkenndi. Hún var þess vegna skuldbundin því að hlýða þeim lögum, sem hann hafði sett.

2 Og svo bar við, að á fyrsta stjórnarári Alma í sæti dómarsans var færður fyrir hann ^amaður nokkur til dóms, maður, sem var mikill vexti og þekktur fyrir mikla krafta sína.

3 Og hann hafði farið um meðal fólksins og prédikað það, sem hann ^akvað vera orð Guðs og beindi ^bgegn kirkjunni. Hann boðaði fólkinu, að sérhver prestur og kennari ætti að njóta ^chylli og að

þeir skyldu ^dekki erfiða með eigin höndum, heldur ætti fólkið að sjá þeim farborða.

4 Og hann bar því einnig vitni fyrir fólkinu, að allt mannkyn yrði hólpíð á efsta degi og þyrfti því ekki að óttast eða skjálfa, heldur gæti það lyft höfðum sínum og fagnað, því að Drottinn hefði skapað alla menn og einnig endurleyst alla menn og allir menn mundu öðlast eilíft líf, þegar yfir lyki.

5 Og svo bar við, að hann stundaði þessa kennslu svo mjög, að margir trúðu orðum hans, já, svo margir, að þeir tóku að sjá honum farborða og gefa honum fé.

6 Og hann tók að hreykja sér upp og búast dýrindis klæðum, já, og hann tók meira að segja að koma upp ^akirkju í samræmi við prédikanir sínar.

7 Og svo bar við, að þegar hann var á leið til að prédika fyrir þeim, sem trúðu á orð hans, hitti hann mann, sem tilheyrði kirkju Guðs, já, einn af kennurum hennar. Og hann tók að deila harkalega við hann til að leiða kirkjunnar fólk frá henni, en maðurinn stóðst hann og áminnti hann með ^aorðum Guðs.

8 Maðurinn bar nafnið ^aGídeon, og það var hann, sem var verkfæri í höndum Guðs við að leysa fólk Limís úr ánauð.

[ALMA]

1 1a Mósía 29:46.

b Jar 1:5;
Al 4:16;
He 4:22.

2a Al 1:15.

3a Esek 13:3.

b LR Andkristur.
c Lúk 6:26;
1 Ne 22:23.

d Mósía 18:24, 26; 27:5.

6a 1 Ne 14:10.

7a LR Orð Guðs.

8a Mósía 20:17; 22:3.

9 En vegna þess að Gídeon stóðst hann með orðum Guðs, reiddist hann Gídeon, dró sverð sitt úr slíðrum og hjó til hans, og Gídeon, sem var aldurniginn, stóðst ekki högg hans og „lét því lífið fyrir sverðinu.

10 En kirkjunnar fólk tók manninn, sem vó hann, og færði hann fyrir Alma, til að hann yrði „dæmdur fyrir þann glæp, sem hann hafði framið.

11 Og svo bar við, að hann stóð frammi fyrir Alma og varði sig af mikilli djörfung.

12 En Alma sagði við hann: Sjá, þetta er í fyrsta sinn, sem „prestaslægð er beitt meðal þessarar þjóðar. Og sjá, þú ert ekki einungis sekur um prestaslægð, heldur einnig um tilraun til að koma henni á með sverði. En væri prestaslægð þröngvað upp á þessa þjóð, yrði það henni til algjörar tortímingar.

13 Og þú hefur úthellt blóði réttláts manns, já, manns, sem gjört hefur mikið gott meðal þessarar þjóðar, og ef við hlífðum þér, kæmi blóð hans sem „hefnd yfir okkur.

14 Þess vegna hlýtur þú „dauðadóm samkvæmt þeim lögum, sem Mósía, síðasti konungur okkar, gaf okkur. Þjóðin hefur viðurkennt þau, og þess vegna verður hún að hlýða þeim.

15 Og svo bar við, að þeir tóku hann. Nafn hans var „Nehor. Þeir báru hann efst upp á Mantíhæð, og þar, á mörkum himins og jarðar, var hann látinn viðurkenna, eða réttara sagt viðurkenndi, að það, sem hann hefði kennt fólkinu, væri andstætt orði Guðs. Og þar leið hann smánarlegan ^bdauðdaga.

16 Samt sem áður kom þetta ekki í veg fyrir útbreiðslu prestaslægðar um landið, því að margir voru þeir, sem lögðu ást á fánýta hluti þessa heims. Og þeir fóru um og boðuðu falskenningar, en þetta gjörðu þeir sjálfum sér til „fjár og heiðurs.

17 Af ótta við lögin þorðu þeir samt ekki að „ljúga, ef það kynni að fréttast, því að lygurum var refsað. Þess vegna létust þeir prédika í samræmi við trú sína, en lögin náðu ekki til nokkurs manns hvað varðaði ^btrú hans.

18 Og þeir þorðu ekki að „stela af ótta við lögin, því að slíkum var refsað, né heldur þorðu þeir að ræna eða myrða, því að þeim, sem ^bmyrti, var refsað með ^cdauða.

19 En svo bar við, að allir þeir, sem ekki töldust til kirkju Guðs, tóku að ofsækja þá, sem tilheyrðu kirkju Guðs og höfðu tekið á sig nafn Krists.

20 Já, þeir ofsóttu þá og hrjáðu með alls konar orðum, og það

9a Al 6:7.

10a Mósía 29:42.

12a 2 Ne 26:29.

LR Prestaslægð.

13a LR Hefnd.

14a LR Dauðarefsing.

15a Al 1:2.

b 5 Mós 13:1–9.

16a LR Auðugur, auður; Hégómlegur, hégómi.

17a LR Heiðarlegur, heiðarleiki;

Lygar.

b Al 30:7–12;

TA 1:11.

18a LR Stela, stuldur.

b LR Morð.

c LR Dauðarefsing.

vegna auðmýktar þeirra, því þeir mikluðust ekki í eigin augum, og vegna þess að þeir miðluðu hver öðrum orði Guðs “endurgjaldslaust.

21 Meðal kirkjunnar fólks voru ströng lög um það, að enginn, sem teldist til kirkjunnar, skyldi rísa og “ofsækja þá, sem utan kirkjunnar væru, og ofsóknir milli þeirra sjálfra skyldu ekki heldur eiga sér stað.

22 Þó fóru margir meðal þeirra að gjörast hrokafullir og tóku að deila hátt við andstæðinga sína, jafnvel með handalögmálum. Já, þeir létu jafnvel hnefana dynja hver á öðrum.

23 En þetta átti sér stað á öðru stjórnarári Alma og olli kirkjunni miklum þrengingum, já, reyndi mjög á kirkjuna.

24 Því að hjörtu margra höfðu forherst og nöfn þeirra voru “þurrkuð út, svo að þeirra yrði ekki lengur minnst meðal Guðs fólks. Og margir ^bdrógu sig einnig sjálfir til baka úr þeirra hópi.

25 Þetta var mikil þolraun þeim, sem stóðu stöðugir í trúnni. Engu að síður voru þeir staðfastir og óhagganlegir í að halda boðorð Guðs, og þeir umbáru með “þolinmæði ofsóknirnar, sem yfir þá helltust.

26 Og þegar prestarnir yfirgáfu “vinnu sína til að miðla mönnum

orði Guðs, yfirgáfu menn einnig vinnu sína til að hlýða á orð Guðs. Og þegar presturinn hafði miðlað þeim orði Guðs, sneru þeir allir kappsfullir til vinnu sinnar. Og presturinn taldi sig ekki betri en áheyrendur sína, því að prédikarinn var ekki betri en áheyrandinn né kennarinn betri en nemandinn. Og þannig voru þeir allir jafnir, og allir unnu þeir, ^bhver eftir sinni getu.

27 Og þeir “gáfu ^bfátækum og þurfandi, sjúkum og aðþrengdum af eignum sínum, hver eftir sinni getu. Og þeir klæddust ekki dýrindis klæðum, en voru samt þrifa- legir og þokkalegir til fara.

28 Og þannig höguðu þeir kirkjunnar málum. Og þannig tókst þeim að koma aftur á friði, þrátt fyrir allar ofsóknir.

29 Og vegna staðfestu kirkjunnar gjörðust þeir nú mjög “auðugir og höfðu gnægð alls, sem þeir þörfnuðust — gnægð hjarða og búpenings og alls kyns alikálfa sem og gnægð korns, gulls, silfurs og dýrgripa, gnægð af ^bsilki og fínofnu líni og alls konar góðum, íburðarlausum dúkum.

30 Og í þessari “velmegun sinni sendu þeir því engan á burt ^bnakinn eða hungraðan, þyrstan, sjúkan eða vannærðan. Og í hjarta sér sóttust þeir ekki eftir auðæfum. Þess vegna voru þeir örlátir

20a Jes 55:1–2.

21a LR Ofsækja, ofsókn.

24a 2 Mós 32:33;

Mósía 26:36; Al 6:3.

LR Brottvikning.

b Al 46:7. LR Fráhvarf.

25a LR Polinmæði, þolgæði.

26a Mósía 18:24, 26; 27:3–5.

b Mósía 4:27;

K&S 10:4.

27a LR Ölmusa.

b Lúk 18:22;

Mósía 4:26;

K&S 42:29–31.

29a LR Auðugur, auður.

b Al 4:6.

30a Jakob 2:17–19.

b LR Fátækur.

við alla, jafnt aldna og unga, jafnt ánauduga og frjálsa, jafnt karla sem konur, hvort sem þau voru í kirkjunni eða utan hennar, og fóru ekki í “mangreinarálit, þegar einhver þurfti einhvers með.

31 Og þannig vegnaði þeim vel og þeir urðu miklu auðugri en hinir, sem ekki tilheyrðu kirkju þeirra.

32 Því að þeir, sem ekki tilheyrðu kirkju þeirra, gáfu sig að göldrum, “skurðgoðadýrkun eða ^biðjuleysi, ^cþvaðri, ^aöfund og deilum og klæddust dýrindis klæðum, þar sem þeir ^emikluðust í eigin augum, og þeir ofsóttu, lugu, stálu, rændu, drýgðu hór, myrtu og frömdu alls konar ranglæti. Samt náðu lögin til allra, sem þau brutu, innan þeirra marka, sem gjörlegt var.

33 Og svo bar við, að með því að beita lögunum þannig gegn þeim, að hver maður varð að líða fyrir það, sem hann hafði af sér brotið, höfðu þeir hægara um sig og þorðu ekki að gjöra neitt af sér, af ótta við að það spyrðist. Þess vegna ríkti mikill friður meðal Nefíþjóðarinnar fram á fimmta stjórnarár dómaranna.

2. KAPÍTULI

Amlíkí reynir að verða konungur, en rödd þjóðarinnar hafnar honum — Fylgjendur hans taka hann til

konungs — Amlíkítar heyja stríð við Nefíta en bíða ósigur — Lamánítar og Amlíkítar sameinast en bíða ósigur — Alma ræður Amlíkí af dögum. Um 87 f.Kr.

Og svo bar við, að í upphafi fimmta stjórnarárs dómaranna hófst ágreiningur meðal þjóðarinnar, því að maður nokkur, Amlíkí að nafni, var mjög slóttugur, já, vitur maður á veraldarvísu, en hann tilheyrði sömu reglu og sá, er hjó “Gídeon með sverði og tekinn var af lífi lögum samkvæmt —

2 Nú hafði þessi Amlíkí með kænsku sinni dregið marga til sín, jafnvel svo marga, að þeir tóku að gjörast mjög öflugir. Og þeir reyndu að gjöra Amlíkí að konungi yfir þjóðinni.

3 Nú ógnaði þetta fólki kirkjunnar og einnig öllum þeim, er ekki höfðu látið ginnast burt af fortölum Amlíkís, því að þeir vissu, að samkvæmt lögum þeirra yrði ^arödd þjóðarinnar að ráða í slíkum málum.

4 Ef Amlíkí tækist því að ná fólkinu á sitt band, mundi hann, sem var ranglátur maður, ^asvipta það rétti sínum og réttindum kirkjunnar, því að hann ætlaði sér að tortíma kirkjunni.

5 Og svo bar við, að um gjörvallt landið safnaðist fólkið saman í aðskilda hópa, með eða móti Amlíkí og deildi ákaft, og

30c Al 16:14;

K&S 1:35.

32a LR Falsguðadýrkun.

b LR Iðjulaus, iðjuleysi.

c LR Illt umtal.

d LR Öfund.

e Jakob 2:13;

Al 31:25;

Morm 8:28.

LR Drambsemi.

2 1a Al 1:8.

3a Mósía 29:25–27;

Al 4:16.

4a Al 10:19;

He 5:2.

“ágreiningurinn var ótrúlega mikill.

6 Þess vegna safnaðist fólkið saman til að segja álit sitt á þessu máli, og niðurstaðan var lögð fyrir dómara.

7 Og svo bar við, að rödd þjóðarinnar var andsnúin Amlíkí, þannig að hann var ekki gjörður að konungi yfir þjóðinni.

8 Þetta gladdi þá mikið, sem gegn honum voru, en Amlíkí æsti þá, sem honum voru hliðhollir, til reiði gegn þeim, sem voru honum andsnúnir.

9 Og svo bar við, að þeir söfnuðust saman og vígðu Amlíkí sem konung sinn.

10 Nú þegar Amlíkí var orðinn konungur þeirra, skipaði hann þeim að taka upp vopn gegn bræðrum sínum, og þetta gjörði hann til að gjöra þá undirgefna sér.

11 Nú voru þegnar Amlíkís auðkenndir með nafni Amlíkís og kallaðir “Amlíkítar, en hinir, sem eftir voru, kölluðust ^bNefítar eða fólk Guðs.

12 Nefítar voru sér þess vegna meðvitandi, hvað fyrir Amlíkítum vakti, og bjuggu sig því undir að mæta þeim. Já, þeir vopnuðust sverðum, sveðjum, bogum og örvum, sem og steinum og slöngum og alls konar ^astríðsvopnum af öllum gerðum.

13 Og þannig voru þeir undir það búnir að mæta Amlíkítum, þegar þeir kæmu. Og liðsforingjar, herforingjar og yfirherforingjar

voru skipaðir í samræmi við mannaforráð sín.

14 Og svo bar við, að Amlíkí vopnaði menn sína hvers kyns stríðsvopnum af öllum gerðum. Og hann skipaði einnig stjórnendur og foringja yfir menn sína til að leiða þá í stríði gegn bræðrum sínum.

15 Og svo bar við, að þegar Amlíkítarnir voru komnir upp á hæðina Amnúi, sem var austan við ^aSíðonsfljót, sem rann meðfram ^bSarahemlalandi, hófu þeir stríð gegn Nefítum.

16 Alma, sem var ^ayfirdómari og landstjóri Nefíþjóðarinnar, hélt þess vegna með menn sína, já, með herforingja sína og yfirherforingja, já, í fararbroddi hersveita sinna, gegn Amlíkítum til orrustu.

17 Og þeir tóku að vega Amlíkíta á hæðinni austan við Sídon. Og Amlíkítar börðust af miklum krafti við Nefíta, svo að margir Nefítar féllu fyrir Amlíkítum.

18 En Drottinn veitti Nefítum styrk svo að mannfall varð mikið hjá Amlíkítum, og þeir lögðu á flotta undan þeim.

19 Og svo bar við, að Nefítar veittu Amlíkítum eftirför allan þann dag og felldu þá og mannfall varð slíkt, að tólf þúsund fimm hundruð þrjátíu og tvær sálir meðal Amlíkíta ^alétu lífið, en af Nefítum létu lífið sex þúsund fimm hundruð sextíu og tvær sálir.

20 Og svo bar við, að þegar Alma

5a 3 Ne 11:29.

11a Al 3:4.

b Jakob 1:13–14;

Mósía 25:12;

Al 3:11.

12a Mósia 10:8;

He 1:14.

15a Al 3:3.

b Om 1:13–15.

16a Mósia 29:42.

19a Al 3:1–2, 26; 4:2.

gat ekki lengur veitt Amlíkítum eftirför, lét hann menn sína tjalda í “Gídeonsdal, en dalurinn var nefndur eftir Gídeon, sem ^bNehor drap með sverði. Og í þessum dal reistu Nefítar tjöld sín fyrir nóttina.

21 Og Alma sendi út njósnara til að veita þeim, sem eftir voru af Amlíkítum, eftirför til að komast að áformum þeirra og ráðabruggi, svo að hann gæti þannig varið sig gegn þeim og varðveitt fólk sitt frá tortímingu.

22 Mennirnir, sem hann sendi út til að hafa gætur á herbúðum Amlíkíta, nefndust Seram, Amnor, Mantí og Limher. Þetta voru þeir, sem héldu af stað með menn sína til að hafa gætur á herbúðum Amlíkíta.

23 Og svo bar við, að næsta dag sneru þeir aftur til herbúða Nefíta með miklum hraða, afar undrandi og óttaslegnir, og sögðu:

24 Sjá, við fylgdumst með herbúðum ^aAmlíkíta, og okkur til mikillar undrunar sáum við mikinn fjölda Lamaníta í landi Mínons, ofan við Sarahemlaland, í stefnu á ^bNefíland. Og sjá, Amlíkítarnir eru gengnir í lið með þeim —

25 Og þeir hafa ráðist á bræður okkar í því landi, og þeir eru á flóttu undan þeim með hjarðir sínar, eiginkonur og börn, í áttina að borg okkar. Og ef við höfum ekki hraðan á, ná þeir eignarhaldi

á borg okkar, og feður okkar, eiginkonur og börn verða tekin af lífi.

26 Og svo bar við, að Nefímenn tóku tjöld sín og héldu úr Gídeonsdal í átt að borg sinni, en það var “Sarahemlaborg.

27 Og sjá. Þegar þeir fóru yfir Síðonsfljót, réðust Lamanítar og Amlíkítar, næstum jafn “margir og sandkorn sjávarstrandar, á þá til að tortíma þeim.

28 Engu að síður “styrkti hönd Drottins Nefítana, en þeir höfðu beðið hann heitt um að bjarga þeim úr höndum óvina sinna. Þess vegna heyrði Drottinn hróp þeirra og veitti þeim styrk, svo að Lamanítar og Amlíkítar féllu fyrir þeim.

29 Og svo bar við, að Alma barðist í návígi við Amlíkí með sverði, og þeir börðust hvor við annan af miklum krafti.

30 Og svo bar við, að Alma, sem var Guðs maður og mikill “trúmaður, hrópaði og sagði: Ó Drottinn, sýndu miskunn og hlífðu lífi mínu, svo að ég megi vera verkfæri í þínum höndum til að frelsa þessa þjóð og varðveita hana.

31 Þegar Alma hafði mælt þessi orð, lagði hann aftur til bardaga við Amlíkí, og honum veittist svo mikill styrkur, að hann felldi Amlíkí með sverði.

32 Og hann barðist einnig við konung Lamaníta, en konungur Lamaníta flúði undan Alma og

20a Al 6:7.

b Al 1:7–15; 14:16.

24a Al 3:4, 13–18.

b 2 Ne 5:8.

26a Om 1:14, 18.

27a Jar 1:6.

28a 5 Mós 31:6.

30a LR Átrúnaður.

sendi verði sína til að berjast við hann.

33 En Alma barðist við verði konungs Lamaníta með vörðum sínum, þangað til hann ýmist felldi þá eða rak til baka.

34 Og þannig hreinsaði hann svæðið, eða réttara sagt bakkann, sem lá vestan við Síðonsfljót og kastaði líkum Lamaníta, sem fallið höfðu, í Síðonsvötn, svo að menn hans fengju þannig svigrúm til að komast yfir og berjast við Lamaníta og Amlíkíta á vesturbakka Síðonsfljóts.

35 Og svo bar við, að þegar þeir voru allir komnir yfir Síðonsfljót, tóku Lamanítar og Amlíkítar að flýja undan þeim, enda þótt þeir væru svo fjölmennir, að ekki yrði tölu á þá komið.

36 Og þeir flúðu undan Nefítum í áttina að óbyggðunum, sem voru til vesturs og norðurs, langt utan landamæra landsins. En Nefítar veittu þeim eftirför af fullum krafti og felldu þá.

37 Og þeir mættu þeim, hvert sem þeir fóru, og þeir voru drepnir eða burtu reknir, þar til þeir tvístruðust til vesturs og norðurs og komu að óbyggðunum sem nefndust Hermons, og gráðug villidýr herjuðu á.

38 Og svo bar við, að margir létu lífið í óbyggðunum af sárum sínum, og þessi villidýr eða ránfuglar loftsins rifu þá í sig. Og bein þeirra hafa fundist, og

þeim hefur verið hrúgað upp á jörðunni.

3. KAPÍTULI

Amlíkítar hafa auðkennt sig samkvæmt hinu spámannlega orði — Á Lamanítum hvílir bölvun vegna uppreisnar þeirra — Menn leiða sjálfir yfir sig bölvun — Nefítar vinna sigur á öðrum Lamanítaher. Um 87–86 f.Kr.

Og svo bar við, að þegar Nefítar, sem ekki létu lífið fyrir stríðsvopnum, höfðu lokið við að grefta þá, sem drepnir höfðu verið — en fjöldi fallinna var ekki talinn, vegna þess hve margir þeir voru — þegar þeir höfðu lokið við að grefta sína dauðu, sneru þeir allir aftur til lands síns, heimila sinna, eiginkvenna og barna.

2 Nú höfðu margar konur og börn fallið fyrir sverði og sama máli gegndi um hjarðir þeirra og búfé. Einnig voru margir kornakra þeirra í auðn, því að hersveitir manna höfðu troðið þá niður.

3 Og öllum þeim Lamanítum og Amlíkítum, sem drepnir höfðu verið á bökkum Síðonsfljóts, var varpað í Síðonsvötn. Og sjá, bein þeirra hvíla í sjávardjúpunum, og þau eru fjölmörg.

4 Og Amlíkítar voru auðþekktir frá Nefítum, því að þeir auðkenndu sig með rauðum bletti á enni að hætti Lamaníta. Þó skáru þeir ekki hár sitt eins og Lamanítar.

5 En höfuðhár Lamaníta var skorið, og þeir gengu naktir, að

3 1a Al 2:19; 4:2.
3a Al 2:15.
b Al 44:22.

4a Al 2:11.
b Al 3:13–19.
5a Enos 1:20;

Mósía 10:8;
Al 42:18–21.

því undanskildu, að þeir girtu skinn um lendar sér, og hertygjum girtu þeir sig einnig, sem og bogum sínum, örvum, steinum, slöngum og þvíumlíku.

6 En húð Lamaníta var þeldökk, samkvæmt marki því, sem á feður þeirra var sett, en það var “bölvun, sem á þeim hvíldi, vegna lögmálsbrota þeirra og uppreisnar gegn bræðrum sínum, Nefí, Jakob, Jósef og Sam, sem voru réttvísir og helgir menn.

7 Og bræður þeirra leituðust við að tortíma þeim, og þess vegna lagðist bölvunin yfir þá, og Drottinn Guð “merkti þá, já, Laman og Lemúel, sem og syni Ísmaels og konur Ísmaelíta.

8 Og þetta var gjört til að greina mætti niðja þeirra frá niðjum bræðra þeirra og Drottinn gæti þar með forðað fólki sínu frá því að “blandast þeim og leggja trúnað á rangar ^barfsagnir, sem yrðu þeim til tortímingar.

9 Og svo bar við, að hver sá, sem tengdist Lamanítum blóðböndum, kallaði sömu bölvun yfir niðja sína.

10 Þess vegna var hver sá, sem leyfði Lamanítum að leiða sig burt, skipaður í þann flokk, og auðkenningsarmarkíð var á hann sett.

11 Og svo bar við, að allir þeir, sem ekki trúðu “arfsögnum Lamaníta, heldur trúðu þeim heimildaskrá, sem fluttar voru frá landi Jerúsalem, og trúðu einnig

erfikeningum feðra sinna, sem réttar voru, og trúðu á boðorð Guðs og héldu þau, þeir hinir sömu kölluðust Nefítar eða Nefíþjóðin upp frá því —

12 Og það eru þeir, sem varðveitt hafa hinar “sönnu heimildir um þjóð sína og einnig um þjóð Lamaníta.

13 Nú viljum við snúa okkur aftur að Amlíkítum, því að þeir höfðu einnig á sér “auðkenningarmark. Já, þeir settu sjálfir á sig mark, já, rautt mark á enni sér.

14 Þannig rætist orð Guðs, því að þetta eru orðin, sem hann sagði við Nefí: Sjá, ég hef lagt bölvun á Lamaníta, og ég mun setja á þá mark, svo að unnt sé að aðgreina þá og niðja þína héðan í frá og að eilífu, nema þeir iðrist ranglætis síns og “snúi til mín, svo að ég megi miskunna þeim.

15 Og enn fremur: Ég mun merkja þann, sem tengist bræðrum þínum blóðböndum, svo að bölvun komi einnig yfir þá.

16 Og enn fremur: Ég mun merkja þann, sem berst gegn þér og niðjum þínum.

17 Og enn fremur segi ég, að sá, sem snýr við þér baki, mun ekki lengur kallast niðji þinn. En ég mun blessa þig og hvern þann, sem kallast niðji þinn, héðan í frá og að eilífu. Þetta voru fyrirheitin, sem Drottinn gaf Nefí og niðjum hans.

18 En Amlíkítar vissu ekki, að

6a 2 Ne 5:21; 26:33.

LR Bölvun.

7a 1 Ne 12:23.

8a LR Gíftast —

Trúblendihjónaband.

b Mósía 10:11–18;

Al 9:16.

11a Al 17:9–11.

12a Mósía 1:6;

Et 4:6–11.

13a Al 3:4.

14a 2 Ne 30:4–6.

þeir voru að uppfylla orð Guðs, þegar þeir tóku að setja mark á enni sér. Engu að síður höfðu þeir gjört ódulbúna “uppreisn gegn Guði; þess vegna hlaut bölvunin að koma yfir þá.

19 En ég vil, að ykkur sé ljóst, að sjálfir kölluðu þeir “bölvunina yfir sig, og þannig kallar hver maður, sem bölvaður er, sjálfur yfir sig fordæmingu sína.

20 Nú bar svo við, að skömmu eftir orrustuna, sem Lamanítar og Amlíkítar háðu í Sarahemlandi, réðst annar her Lamaníta á Nefíþjóðina, á “sama stað og fyrri herinn hitti Amlíkítana.

21 Og svo bar við, að her var sendur til að reka þá úr landi.

22 En Alma, sem var “særður, fór ekki sjálfur að berjast gegn Lamanítum að þessu sinni —

23 En hann sendi fjölmennan her gegn þeim. Þeir fóru og drápu marga Lamaníta, en ráku þá, sem eftir voru, út fyrir landamærin.

24 Síðan sneru þeir aftur og tóku að koma á friði í landinu, þar sem þeir urðu ekki fyrir frekara ónæði af óvinunum um hríð.

25 Allt gjörðist þetta, já, öll þessi stríð og þessar illdeilur hófust og þeim lauk á fimmta stjórnarári dómaranna.

26 Og á einu ári voru þúsundir og tugir þúsunda sálna sendar inn í hinn eilífa heim til að uppskera þar “laun sín í samræmi við verk

sín, hvort heldur þau voru góð eða ill, til að uppskera eilífa sælu eða eilífa vansæld, samkvæmt þeim anda, sem þeim þóknaðist að hlýða og annaðhvort var góður andi eða illur.

27 Því að sérhver maður tekur við “launum af þeim, sem honum þóknaðist að hlýða, og er það samkvæmt orðum spádómsandans. Verði því svo sannleikanum samkvæmt. Og þannig lauk fimmta stjórnarári dómaranna.

4. KAPÍTULI

Alma skírir þúsundir trúskiptinga — Spilling verður í kirkjunni og hindrar framgang hennar — Nefía tilnefndur yfirðómari — Alma helgar sig þjónustustörfum sem æðsti prestur. Um 86–83 f.Kr.

Nú bar svo við, að á sjötta stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni var hvorki sundurlyndi né styrjaldir í “Sarahemlandi —

2 En að fólkinu var þrengt, já, mjög að því þrengt fyrir “missi bræðra sinna, sem og vegna missis hjarða sinna og búpenings og einnig missis kornakranna, sem Lamanítar höfðu fótum troðið og tortímt.

3 Og svo miklar voru þrengingar þeirra, að hver sál hafði til efni til að harma. Og þeir trúðu því, að dómur Guðs hefði á þá fallið vegna ranglætis þeirra og

18a 4 Ne 1:38.
LR Uppreisn.
19a 2 Ne 5:21–25;
Al 17:15.
20a Al 2:24.

22a Al 2:29–33.
26a LR Verk.
27a Mósía 2:31–33;
Al 5:41–42.
b Róm 6:16;

He 14:29–31.
LR Hlýðni, hlýðinn,
hlýða.
4 1a Om 1:12–19.
2a Al 2:19; 3:1–2, 26.

viðurstyggðar. Þess vegna vökn-
uðu þeir til minningar um skyldur
sínar.

4 Og þeir tóku að skipuleggja
kirkjuna enn betur. Já, og margir
létu ^askírast í Sídonsvötnum og
gengu í kirkju Guðs. Já, þeir létu
skírast af hendi Alma, sem vígður
hafði verið til ^bæðsta prests yfir
kirkjunnar fólki af hendi föður
síns Alma.

5 Og svo bar við, að á sjöunda
stjórnarári dómaranna gengu um
þrjú þúsund og fimm hundruð
sálir í ^akirkju Guðs og létu skírast.
Og þannig lauk sjöunda stjórnar-
ári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.
Og friður hélst stöðugt allan þann
tíma.

6 Og svo bar við, að á áttunda
stjórnarári dómaranna fór kirkj-
unnar fólk að fyllast hroka vegna
mikilla ^aauðæfa sinna — ^bfína silk-
isins, sem það átti, og hins fín-
ofna líns, og vegna margra hjarða
sinna og mikils búpenings, vegna
gulls síns og silfurs og alls kyns
dýrgripa, sem það hafði hlotið
með iðni sinni. Og af öllu þessu
mikluðust þeir í eigin augum, því
að þeir tóku að klæðast dýrindis
klæðum.

7 En þetta olli Alma miklum
þrengingum, já, og mörgum þeim,
sem Alma hafði ^avígt sem kenn-
ara, presta og öldunga kirkjunnar.
Já, margir þeirra hryggðust djúpt

yfir ranglætinu, sem þeir sáu, að
tók að verða meðal þjóðarinnar.

8 Því að þeir sáu og horfðu á
fullir hryggðar, að kirkjunnar fólk
tók að ^ahreykja sér upp og girnast
auðæfi og hégóma þessa heims,
og tók að forsmá hvert annað
og ofsækja þá, sem ^bekki trúðu
í samræmi við þeirra eigin vilja
og geðþótta.

9 Og á þessu áttunda stjórnarári
dómaranna hófust þannig miklar
^adeilur meðal fólks kirkjunnar.
Já, þar var ^böfund, óeining, ill-
girni, ofsóknir og hroki, sem jafn-
vel tók fram hroka þeirra, er ekki
tilheyrðu kirkju Guðs.

10 Og þannig lauk áttunda
stjórnarári dómaranna, og rang-
læti kirkjunnar varð þeim hrös-
unarhella, sem ekki tilheyrðu
kirkjunni, og þannig dró úr fram-
gangi kirkjunnar.

11 Og svo bar við, að í upphafi
níunda stjórnarársins sá Alma
ranglæti kirkjunnar og einnig að
^afordæmi kirkjunnar leiddi trú-
leysingjana til síendurtekinnna
misgjörða og kallaði þannig tor-
tímingu yfir fólkið.

12 Já, hann sá hinn mikla ójöfnuð
meðal fólksins, þar sem sumir
hreyktu sér hátt og fyrirlitu aðra,
sneru baki við ^ahinum þurfandi og
klæðlausu, og þeim sem ^bhungr-
aðir voru og þyrstir, sem og þeim,
er sjúkir voru eða aðþrengdir.

4a Mósía 18:10–17.

b Mósía 29:42.

5a Mósía 25:18–23;

3 Ne 26:21.

6a LR Auðugur, auður.

b Al 1:29.

7a LR Vald.

8a LR Drambsemi;

Hégómlegur, hégómi.

b Al 1:21.

9a LR Deilur.

b LR Öfund.

11a 2 Sam 12:14; Al 39:11.

12a Jes 3:14; Jakob 2:17.

b Mósía 4:26.

13 Þetta leiddi til mikilla harmkvæla meðal fólksins á meðan aðrir auðmýktu sig og veittu þeim lið, sem hjálparþurfi voru. Þeir “veittu fátækum og þurfandi af eigum sínum, fæddu hina hungruðu og þöldu hvers kyns þþrengingar vegna ‘Kristis, sem koma átti, að sögn spádómsandans —

14 Þeir væntu þess dags og “tryggðu sér þannig fyrirgefningu synda sinna, og fylltust djúpri þgleði yfir upprisu hinna dánna, í samræmi við vilja og mátt og lausn Jesú Kristis úr viðjum dauðans.

15 Og nú bar svo við, að Alma, sem séð hafði þrengingar hinna auðmjúku fylgjenda Guðs og ofsóknirnar, sem allir hinir helltu yfir þá, sem og allt “misréttið meðal þeirra, tók að gjörast mjög harmþrunginn. En andi Drottins brást honum samt ekki.

16 Og hann valdi vitran mann meðal öldunga kirkjunnar og veitti honum vald með “samþykki fólksins til að fella þúrskurði í samræmi við þau lög, er þegar höfðu verið sett, og beita þeim í samræmi við ranglæti og glæpi fólksins.

17 Nafn þessa manns var Nefía, og var hann skipaður “yfirmari, og hann settist í sæti dómarsins til að dæma og stjórna þjóðinni.

18 Alma veitti honum ekki það

embætti að vera æðsti prestur yfir kirkjunni, heldur hélt hann sjálfur embætti æðsta prestsins, en lét Nefía dómarsætið eftir.

19 Og þetta gjörði hann, svo að hann gæti “sjálfur farið út á meðal fólks síns eða meðal Nefíþjóðarinnar og þflutt þeim orð Guðs og “vakið þá til “minningar um skyldur sínar, og með Guðs orði dregið úr hroka þeirra og slægð og öllum illdeilunum meðal þjóðar sinnar, þar eð hann sá enga aðra leið til að ná þeim aftur en þá að bera hinn falslausa “vitnisburð gegn þeim.

20 Og í upphafi níunda stjórnarárs dómarsins yfir Nefíþjóðinni lét Alma þannig af dómarsætinu og fékk það “Nefía í hendur og einskorðaði sig einvörðungu við hið þháa prestdæmi hinnar heilögu reglu Guðs og vitnisburð orðsins, í samræmi við opinberunar- og spádómsandann.

Orðin, sem Alma, æðsti prestur að heilagri reglu Guðs, flutti fólki í borgum og þorpum um gjörvallt landið.

Frá 5. kapitula.

5. KAPÍTULI

Menn verða að iðrast, halda boðorðin,

13a LR Ölmusa.

b LR Andstreymi.

c 2 Kor 12:10.

14a Mósía 4:12;

Al 5:26–35.

LR Réttlætning, réttlæta.

b LR Gleði.

15a K&S 38:27; 49:20.

16a Al 2:3–7.

b Al 1:1, 14, 18.

17a Al 50:37.

19a Al 7:1.

b Al 31:5;

K&S 11:21–22.

c Enos 1:23.

d Mósía 1:17;

He 12:3.

e LR Vitnisburður.

20a Al 8:12.

b Mósía 29:42;

Al 5:3, 44, 49.

endurfæðast, hreinsa klæði sín með blóði Krists, auðmýkja sig og losa sig við hroka og öfund og vinna réttlætisverk til að hljóta sáluhjálp — Góði hirðirinn kallar á fólk sitt — Þeir sem vinna illvirki eru börn djöfulsins — Alma ber sannleika kenningar sinnar vitni og býður mönnum að iðrast — Nöfn hinna réttlátu munu skráð í bók lífsins. Um 83 f.Kr.

Nú bar svo við, að Alma tók að „boða fólkinu orð ^bGuðs, fyrst í Sarahemlandi, en síðan um gjörvallt landið.

2 Og þetta eru orðin, sem hann mælti til fólksins í kirkjunni, sem sett var á stofn í Sarahemla, samkvæmt heimild hans sjálfs, sem hljóðar svo:

3 Ég, Alma, sem faðir minn, Alma, „vígðil til ^bæðsta prests yfir kirkju Guðs, þar eð hann hafði kraft og ^cvald frá Guði til slíkra framkvæmda, sjá, ég segi yður, að hann stofnaði kirkju í ^dlandinu, sem liggur að landamærum Nefí. Já, í landinu, sem kallað var Mormónsland. Já, og hann skírði bræður sína í Mormónsvötnum.

4 Og sjá. Ég segi yður, að miskunn og kraftur Guðs ^abjargaði þeim úr höndum manna Nóa konungs.

5 Og sjá. Eftir það hnepptu Lamánítar þá í ^aánaud í óbyggðunum. Já, ég segi yður, að þeir voru í ánaud, en Drottinn leysti þá á ný

úr ^bánaud með krafti orðs síns. Og vér vorum leiddir til þessa lands, og hér tókum vér einnig að koma kirkju Guðs á stofn um allt þetta land.

6 Og sjá. Nú spyr ég yður, bræður mínir, yður, sem teljist til þessarar kirkju: Hafið þér nægilega í minnum haft ánaud feðra yðar? Já, hafið þér nægilega í minnum haft miskunn hans og umburðarlyndi gagnvart þeim? Og enn fremur, hafið þér nægilega í minnum haft, að hann hefur frelsað sálir þeirra frá víti?

7 Sjá, hann breytti hjörtum þeirra. Já, hann vakti þá af djúpum svefni, og þeir vöknudu til Guðs. Sjá, þeir voru mitt í niðamyrkri, en samt voru sálir þeirra uppljómaðar af ljósi hins ævarandi orðs. Já, ^ahelsi dauðans umkringdi þá, og ^bviðjar vítis og ævarandi tortíming beið þeirra.

8 Og nú spyr ég yður, bræður mínir: Var þeim tortímt? Sjá, ég segi yður, nei, þeim var ekki tortímt.

9 Og enn spyr ég: Brustu bönd dauðans og losnuðu hlekkir vítis, sem umluktú þá? Já, segi ég yður. Já, þeir losnuðu og sálir þeirra þöndust út og frá þeim barst söngur hinnar endurleysandi elsku. Og ég segi yður, að þeir eru hólpnir.

10 Og nú spyr ég yður, með hvaða skilmálum þeir séu

5 1a Al 4:19.

b Al 5:61.

3a LR Vígja, vígsla.

b Al 4:4, 18, 20.

c Mósía 18:13;

3 Ne 11:25.

d Mósía 18:4;

3 Ne 5:12.

4a Mósía 23:1–3.

5a Mósía 23:37–39;

24:8–15.

b Mósía 24:17.

7a Mósía 15:8.

b Al 12:11;

K&S 138:23.

“hólpnir? Já, hvaða ástæðu höfðu þeir til að vonast eftir hjálpraði? Hver er ástæðan fyrir því, að þeir voru leystir úr viðjum dauðans, já, og jafnframt úr hlekkjum vítis?

11 Sjá, það get ég sagt yður. Trúði ekki faðir minn, Alma, á orðin, sem bárust af vörum “Abinadís? Og var hann ekki heilagur spámaður? Talaði hann ekki orð Guðs, og trúði faðir minn, Alma, þeim ekki?

12 Og fyrir trú hans varð “gjörbreyting í hjarta hans. Sjá, ég segi yður, að allt er þetta satt.

13 Og sjá. Hann “boðaði feðrum yðar orðið, og gjörbreyting átti sér einnig stað í hjörtum þeirra, og þeir auðmýktu sig og lögðu btraust sitt á hinn sanna, lifanda Guð. Og sjá. Þeir voru trúir allt til “enda; þess vegna urðu þeir hólpnir.

14 Og sjá. Nú spyr ég yður, bræður mínir í kirkjunni: Hafið þér “fæðst andlega af Guði? Hefur mynd hans greypst í svip yðar? Hefur þessi “gjörbreyting orðið í hjörtum yðar?

15 Iðkið þér trú á endurlausn hans, er “skóp yður? Lítið þér fram með trúaraugum og sjáið þennan dauðlega líkama breistan í ódauðleika, og þennan forgengi-leika reistan í óförgengileika til að

standa frammi fyrir Guði og verða “dæmdur af þeim verkum, sem unnin hafa verið í hinum dauðlega líkama?

16 Ég segi yður: Getið þér ímyndað yður, að þér heyrið rödd Drottins segja við yður á þessum degi: Komið til mín, þér “blessaðir, því að sjá, verk yðar á yfirborði jarðar hafa verið réttlætisverk?

17 Eða ímyndið þér yður, að þér getið logið að Drottni á þeim degi og “sagt — Drottinn, verk okkar á yfirborði jarðar voru réttlát — og að hann muni frelsa yður?

18 Eða treystið þér yður með öðrum orðum til að sjá yður sjálf í anda færð fyrir dómstól Guðs með sálir yðar gegnsýrðar af sektarkennend og samviskubiti, um leið og þér minnst allrar sektar yðar, já, fullkomlega “minnst alls ranglætis yðar, já, minnst þess að hafa óvirt boðorð Guðs?

19 Ég spyr yður: Getið þér litið upp til Guðs á þeim degi með hreinu hjarta og flekklausum höndum? Ég spyr yður: Getið þér litið upp með “mynd Guðs greypta í svip yðar?

20 Ég spyr yður: Getið þér vonast eftir frelsun, ef þér hafið “gefið yður djöflinum á vald?

21 Ég segi yður: Á þeim degi munuð þér vita, að þér getið ekki

10a LR Endurlausnaráætlunin; Sáluhjálpr, hjálpraði.

11a Mósía 17:1–4.

12a LR Trúskipti, trúskiptingur.

13a Mósía 18:7.

b LR Treysta.

c Morm 9:28; K&S 20:19.

d LR Standast.

14a Mósía 27:24–27; Al 22:15.

LR Endurfæddur, fæddur af Guði.

b Róm 8:11–17;

Mósía 5:2;

HDP Móse 6:65.

LR Trúskipti,

trúskiptingur.

15a LR Skapa, sköpun.

b LR Upprissa.

c LR Lokadómur.

16a Matt 25:31–46.

17a 3 Ne 14:21–23.

18a Esek 20:43; 2 Ne 9:14;

Mósía 3:25; Al 11:43.

19a 1 Jón 3:1–3.

20a Mósía 2:32.

“frelst, því að enginn maður getur frelst, nema ^bklæði hans séu hvítþvegin. Já, klæði hans verða að ^chreinsast, þar til þau eru flekklaus, fyrir blóð hans, sem feður vorir töluðu um, að koma mundi og endurleysa fólk sitt frá syndum þess.

22 Og nú spyr ég yður, bræður mínir: Hvernig mun yður líða, ef þér munuð standa frammi fyrir dómgrindum Guðs með klæði yðar ötuð ^a“blóði og alls kyns ^bsora? Sjá, hverju mun slíkt bera vitni gegn yður?

23 Sjá, munu þau ekki ^avitna um, að þér eruð morðingjar, já, og auk þess, að þér eruð sekir um hvers kyns ranglæti?

24 Sjá, bræður mínir. Gjörð þér ráð fyrir, að slíkir menn fái að setjast að í ríki Guðs, meðal ^aAbrams, Ísaks og Jakobs og allra hinna heilögu spámanna, en klæði þeirra eru hrein og flekklaus, tær og hvít?

25 Ég segi við yður, nei. Því að eins að vér gjörum skapara vorn að lygara frá upphafi eða gjörum ráð fyrir, að hann hafi verið lygari frá upphafi, getum vér búist við, að rúm verði fyrir slíka í ríki himins. En þeim mun vísað burtu, því að þeir eru ^a“börn úr ríki djöfulsins.

26 Og sjáið nú, ég segi yður,

bræður mínir, ef þér hafið fundið ^a“umbreytingu í hjörtum yðar og hafi yður langað til að syngja ^bsöng hinnar endurleysandi elsku, þá spyr ég: ^cFinnið þér slíkt nú?

27 Hafið þér gengið fram og haldið yður ^a“saklausum fyrir Guði? Gætuð þér sagt með sjálfum yður, ef dauðinn berði að dyrum á þessari stundu, að þér hafið verið nægilega ^bauðmjúkir, að blóð Krists, sem koma mun og ^cendurleysa fólk sitt frá syndum þess, hafi hreinsað klæði yðar og gjört þau hvít?

28 Sjá. Hafið þér afklæðst ^a“hrok-anum? Ég segi yður, ef svo er ekki, eruð þér ekki reiðubúinir að mæta Guði. Sjá. Þér verðið að viðbúast skjótt, því að ríki himins er í nánd, og slíkra er ekki eilíft líf.

29 Sjá. Ég spyr: Er nokkur meðal yðar, sem ekki er laus við ^a“öfund? Ég segi yður, að sá maður er ekki reiðubúinn. Ég vil, að hann búi sig skjótt, því að stundin er innan handar, og hann veit ekki, hvenær hún rennur upp, því að slíkur maður verður ekki saklaus fundinn.

30 Og enn spyr ég yður: Er nokkur meðal yðar, sem ^a“hæðir bróður sinn eða ofsækir hann?

31 Vei sé þeim manni, því að hann er ekki reiðubúinn, og sá

21a LR Sáluhjálp, hjálpraði.

b 1 Ne 12:10;

Al 13:11–13;

3 Ne 27:19–20.

c LR Hreinn, hreinleiki.

22a Jes 59:3.

b LR Öhreinindi.

23a Jes 59:12.

24a Lúk 13:28.

25a 2 Ne 9:9.

26a LR Trúskipti, trúskiptingur.

b Al 26:13.

c Mósía 4:12;

K&S 20:31–34.

27a LR Réttlætning, réttlæta.

b LR Auðmjúkur, auðmýkt.

c LR Endurleysa, endurleystur,

endurlausn.

28a LR Drambsemi.

29a LR Öfund.

30a LR Illt umtal.

tími nálgast, að hann verður að iðrast, ella getur hann ekki frelsast!

32 Já, vei sé yður öllum, sem misgjörðir “fremjið! Iðrist, iðrist, því að Drottinn Guð hefur boðið það!

33 Sjá. Hann býður “öllum mönnum til sín, því að ^barmur miskunnarinnar er útréttur til þeirra, og hann segir: Iðrist, og ég mun taka á móti yður.

34 Já, hann segir: “Komið til mín og neytið ^bávaxtarins af lífsins tré. Já, þér skuluð eta og drekka “óspart af ^bbrauði og vatni lífsins —

35 Já, komið til mín og vinnið réttlætisverk, og þá munuð þér ekki högggnir niður né yður á eld kastað —

36 Því að sjá. Sá tími nálgast, að hver sá, sem ekki ^aber góðan ávöxt, eða hver sá, sem ekki vinnur réttlætisverk, mun hafa ástæðu til að harma og kveina.

37 Ó þér, sem misgjörðir fremjið, þér, sem eruð uppfullir af ^ahégóma heimsins, þér, sem látist þekkja veg réttlætisins, en hafið engu að síður ^bráfað burt, rétt eins og ^csauðir, sem engan hirði hafa,

enda þótt fjárhirðir hafi ^akallað til yðar og kalli enn til yðar, en þér viljið ekki ^ahlýða á rödd hans!

38 Sjá. Ég segi yður, að góði ^ahirðirinn kallar á yður. Já, í sínu eigin nafni kallar hann á yðar, en það er nafn Krists. Og ef þér viljið ekki ^bhlýða á rödd hins ^cgóða hirðis, eða á ^dnafnið, sem þér eruð kallaðir, sjá, þá eruð þér ekki sauðir hins góða hirðis.

39 Og séuð þér ekki sauðir hins góða hirðis, hvaða ^ahjörð tilheyrið þér þá? Sjá, ég segi yður, að þá er ^bdjöfullinn yðar hirðir, og þér tilheyrið hans hjörð, og hver fær afneitað því? Sjá, ég segi yður, að hver, sem afneitar þessu, er ^clygari og ^dafsprengi djöfulsins.

40 Því að ég segi yður, að allt ^agott er frá Guði komið, en allt illt frá djöflinum komið.

41 Vinni maðurinn þess vegna ^agóð verk, hefur hann hlustað á rödd góða hirðisins og fylgir honum. En hver, sem vinnur ill verk, gjörist ^bafsprengi djöfulsins, því að hann hlýðir á hans rödd og fylgir honum.

42 Og hver, sem það gjörir, hlýtur að taka ^alaun sín hjá honum og hlýtur því ^bdauðann að ^claunum

32a Sálm 5:6.

33a Al 19:36; 3 Ne 18:25.

^b Jakob 6:5; 3 Ne 9:14.

34a 2 Ne 26:24–28;

3 Ne 9:13–14.

^b 1 Ne 8:11; 15:36.

^c 2 Ne 9:50–51;

Al 42:27.

^d LR Brauð lífsins.

36a Matt 3:10; 7:15–20;

3 Ne 14:19; K&S 97:7.

37a LR Hégómlegur, hégómi.

^b 2 Ne 12:5; 28:14;

Mósía 14:6.

^c Matt 9:36.

^d Okv 1:24–27; Jes 65:12.

^e Jer 26:4–5; Al 10:6.

38a LR Góði hirðirinn.

^b 3 Mós 26:14–20;

K&S 101:7.

^c 3 Ne 15:24; 18:31.

^d Mósía 5:8; Al 34:38.

39a Matt 6:24; Lúk 16:13.

^b Mósía 5:10.

LR Djöfull.

^c 1 Jóh 2:22.

^d 2 Ne 9:9.

40a Om 1:25; Et 4:12;

Moró 7:12, 15–17.

41a 3 Ne 14:16–20.

LR Verk.

^b Mósía 16:3–5;

Al 11:23.

42a Al 3:26–27;

K&S 29:45.

^b He 14:16–18.

LR Dauði, andlegur.

^c Róm 6:23.

hvað réttlætið varðar, þar eð hann er dáinn gagnvart öllum góðum verkum.

43 Og nú vildi ég óska þess, bræður mínir, að þér hlustuðu á mig, því að ég tala af þeim krafti, sem í sálu minni býr. Því að sjá, ég hef talað greinilega til yðar, þannig að ekki verður um villst, eða, ég hef talað að boði Guðs.

44 Því að ég er kallaður til að tala á þennan hátt, að "heilagri reglu Guðs, sem er í Jesú Kristi. Já, mér er boðið að standa og bera þessu fólki vitni um það, sem feður vorir hafa sagt um það, sem koma skal.

45 Og þetta er ekki allt. Gjörði þér ekki ráð fyrir, að mér sé þetta sjálfum "kunnugt? Sjá, ég ber yður þess vitni, að mér er vel kunnugt um, að það, sem ég hef talað um, er sannleikur. Og hvernig haldið þér, að ég viti með vissu, að það er satt?

46 Sjá, ég segi yður, að hinn heilagi andi Guðs hefur "kunngjört mér það. Sjá, ég hef ^bfastað og beðið í marga daga til að öðlast vitneskju um þetta sjálfur. Og nú veit ég sjálfur, að það er sannleikur, því að Drottinn Guð hefur opinberað mér það með sínum heilaga anda. Og þetta er andi "opinberunar, sem í mér býr.

47 Og enn fremur segi ég yður, að á sama hátt hefur mér verið

opinberað með spádómsandanum, sem í mér er og sem einnig er opinberun Guðs anda, að orðin, sem forfeður vorir mæltu, eru sönn.

48 Ég segi yður, að ég veit það sjálfur, að allt, sem ég segi yður um það, sem koma skal, er sannleikur. Og ég segi yður, að ég veit, að Jesús Kristur mun koma, já, sonurinn, hinn eingetni föðurins, fullur náðar og miskunnar og sannleika. Og sjá, það er hann, sem kemur til að bera burtu syndir heimsins, já, syndir sérhvers manns, sem staðfastlega trúir á nafn hans.

49 Og nú segi ég yður, að eftir þessari "reglu er ég kallaður, já, til að prédika fyrir ástkærum bræðrum mínum, já, og hverjum þeim, sem í landinu dvelur. Já, til að prédika fyrir öllum, bæði ungum og öldnum, ánaudugum og frjálsum. Já, ég segi yður, fyrir hinum öldruðu og einnig yður, hinum miðaldra og þeirri kynslóð, sem nú vex úr grasi. Já, til að hrópa til þeirra, að þeir verði að iðrast og ^bendurfæðast.

50 Já, svo segir andinn: Gjörði iðrun, allir þér til ystu endimarka jarðar, því að himnaríki er í nánd. Já, sonur Guðs kemur í "dýrð sinni, mætti sínum, há-tign sinni, veldi og herradæmi. Já, ástkæru bræður mínir, ég segi yður, að andinn mælir: Sjáið dýrð

44 a Al 13:6.

45 a LR Vitnisburður.

46 a 1 Kor 2:9–16.

b LR Fasta.

c LR Opinberun.

49 a LR Köllun, kallaður af Guði; Prestdæmi.

b LR Endurfæddur,

fæddur af Guði.

50 a LR Dýrð;

Síðari koma Jesú Krists.

^bkonungs allrar jarðarinnar, og einnig að konungur himnanna mun brátt verða meðal manna barna.

51 Og andinn segir einnig við mig, já, hrópar til mín kröftugum rómi og segir: Gakk fram og seg þessu fólki — Iðrist! Því að ef þér iðrist ekki, getið þér alls ekki erft ^aríki himins.

52 Og enn segi ég yður, að andinn mælir: Sjá, ^aöxin er lögð að rótum trjáanna. Þess vegna skal hvert tré, sem ekki ber góðan ávöxt, ^bhöggið niður og því á eld kastað, já, þann eld, sem aldrei deyr út, já, sem er óslökkvandi eldur. Sjáið og munið, svo hefur hinn heilagi mælt.

53 Og nú spyr ég yður, ástkæru bræður mínir: Getið þér staðist þessi ummæli? Já, getið þér lagt þetta til hliðar og ^afótum troðið hinn heilaga? Getið þér fyllt hjörtu yðar ^bhroka? Já, getið þér enn gengið í ^cdýrindis klæðum og fest hjörtu yðar við hégóma þessa heims, við ^aauðæfi yðar?

54 Já, viljið þér enn telja, að einn yðar sé öðrum betri? Já, viljið þér halda áfram að ofsækja bræður yðar, sem auðmýkja sig og fylgja hinni heilögu reglu Guðs, sem hefur leitt þá inn í þessa kirkju,

en þeir eru ^ahelgaðir með hinum heilaga anda, og þeir vinna þau verk, sem iðruninni hæfa —

55 Já, viljið þér halda áfram að snúa bökkum við hinum ^afátæku og þurfandi og halda eigum yðar frá þeim?

56 Og að lokum: Ég segi við alla þá, sem halda fast við ranglæti sitt, að það eru þeir, sem verða högggnir niður og þeim á eld kastað, nema því aðeins að þeir iðrist fljótt.

57 Og nú segi ég yður: Allir þér, sem þráið að fylgja rödd hins ^agóða hirðis, yfirgefið hina ranglátu, lifið ^baðskildir frá þeim og snertið ekki við óhreinum hlutum þeirra. Og sjá! Nöfn þeirra munu ^cþurruð út, svo að nöfn hinna ranglátu verði ekki talin meðal nafna hinna réttlátu og orð Guðs megi rætast, er segir: Nöfn hinna ranglátu skulu ekki blandast nöfnum míns fólks —

58 Því að nöfn hinna réttlátu munu skráð í ^alífsins bók, og þeim mun ég veita erfðahlut mér til hægri handar. Og nú bræður mínir, hvað getið þér sagt gegn þessu? Ég segi yður, ef þér mælið gegn því, breytir það engu, því að orð Guðs hljóta að rætast.

59 Því að hver er það meðal yðar, sem á marga sauði, að hann vaki

50 *b* Sálm 24; Matt 2:2; Lúk 23:2; 2 Ne 10:14; K&S 38:21–22; 128:22–23; HDP Móse 7:53. LR Jesús Kristur; Ríki Guðs eða ríki himna.

51 *a* LR Himinn.

52 *a* Lúk 3:9;

K&S 97:7.

b Jakob 5:46; 6:7; 3 Ne 27:11–12.

53 *a* 1 Ne 19:7.

b LR Drambsemi.

c 2 Ne 28:11–14; Morm 8:36–39.

d Sálm 62:11;

K&S 56:16–18.

54 *a* LR Lausn frá synd.

55 *a* Sálm 109:15–16;

Jakob 2:17;

He 6:39–40.

57 *a* LR Góði hirðirinn.

b Esra 6:21; 9:1;

Nehem 9:2; 2 Þess 3:6; K&S 133:5, 14.

c 5 Mós 29:20;

Moró 6:7; K&S 20:8.

58 *a* LR Lífsins bók.

ekki yfir þeim, til að úlfarnir komist ekki inn og rífi hjörð hans í sig? Og sjá, ef úlfur kemst inn í hjörð hans, er hann þá ekki rekinn út? Jú, og að lokum, sé það fært, er honum tortímt.

60 Og nú segi ég yður, að góði hirðirinn kallar á yður. Og ef þér viljið hlýða á rödd hans, mun hann taka yður í hjörð sína, og þér verðið hans sauðir. Og hann skipar svo fyrir, að þér skulið ekki líða neinum hungruðum úlfi að komast inn meðal yðar, svo að þér tortímist ekki.

61 Og ég, Alma, býð yður nú, á máli hans, sem mér bauð, að gæta þess að fara eftir þeim orðum, sem ég hef til yðar mælt.

62 Og til þeirra, sem kirkjunni tilheyra, tala ég bjóðandi röddu, en þeim, sem ekki tilheyra kirkjunni, geri ég boð og segi: Komið og látið skírast iðrunarskírnn, svo að þér megið einnig njóta ávaxta af lífsins tré.

6. KAPÍTULI

Kirkjan í Sarahemla hreinsuð og reglu komið á — Alma fer til Gídeonsborgar og prédikar þar. Um 83 f. Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Alma hafði lokið máli sínu til fólks kirkjunnar, sem komið var á stofn í Sarahemlaborg, “vígði hann presta og ^böldunga með

“handayfirlagningu sinni, samkvæmt reglu Guðs, til að stjórna og ^avaka yfir kirkjunni.

2 Og svo bar við, að hver sá, sem ekki tilheyrði kirkjunni, en iðraðist synda sinna, var “skírður iðrunarskírnn og tekinn inn í kirkjuna.

3 Og svo bar einnig við, að hver sá, sem tilheyrði kirkjunni, en “iðraðist ekki ranglætis síns og auðmýkti sig ekki fyrir Guði — ég á við þá, sem mikluðust í ^bhroka hjarta síns — þeim hinum sömu var hafnað og nöfn þeirra þurrkuð út, svo að nöfn þeirra væru ekki talin meðal hinna réttlátu.

4 Og þannig tóku þeir að koma reglu kirkjunnar á í Sarahemlaborg.

5 Nú vil ég, að þið skiljið, að orð Guðs var öllum frjálst og enginn sviptur þeim réttindum að koma saman og hlýða á Guðs orð.

6 Þó fengu börn Guðs fyrirmæli um að koma oft saman og sameinast í “föstu og máttugri bæn fyrir velferð sálna þeirra, sem ekki þekktu Guð.

7 Og nú bar svo við, að þegar Alma hafði sett þessar reglur, fór hann frá þeim, já, frá söfnuðinum í Sarahemlaborg, og fór austur yfir Síðonsfljót inn í “Gídeonsdal, en þar hafði verið byggð borg, sem nefnd var Gídeonsborg og var staðsett í dalnum, sem nefndur

61 a Al 5:44.

62 a 1 Ne 8:10; 11:21–23.

6 1 a LR Vígja, vígsla.

b LR Öldungur.

c LR Handayfirlagning.

d K&S 52:39.

2 a LR Skírnn, skíra.

3 a Mósía 26:6.

b LR Drambsemi.

c 2 Mós 32:33;

Mósía 26:36;

Al 1:24; 5:57–58.

LR Brottvikning.

6 a LR Fasta.

7 a Al 2:20.

var Gídeon eftir manningum, sem Nehor hafði ^bdrepið með sverði.

8 Og Alma fór og tók að boða orð Guðs fyrir söfnuðinum, sem settur hafði verið á stofn í Gídeonsdal, í samræmi við opinberun á sannleik þess orðs, sem feður hans höfðu mælt, og í samræmi við spádómsandann, sem í honum var, í samræmi við ^avitnisburðinn um Jesú Krist, son Guðs, sem koma mundi til að endurleysa fólk sitt frá syndum þess, og hina heilögu reglu, sem hann var kallaður til. Og þannig er það ritað. Amen.

Orðin, sem Alma færði fólkinu í Gídeon samkvæmt heimildaskrá hans sjálfs.

Nær yfir 7. kapítula.

7. KAPÍTULI

Kristur mun fæðast af Maríu — Hann mun leysa heli dauðans og bera syndir fólks síns — Þeir sem iðrast, láta skírast og halda boðorðin, munu öðlast eilíft líf — Sorinn getur ekki erfð Guðs ríki — Auðmýkt, trú, von og kærleikur eru skilyrðin. Um 83 f.Kr.

SJÁ, ástkæru bræður mínir. Þar eð mér hefur leyfst að koma til yðar, gjöri ég tilraun til að ^aávarpa yður á minni eigin tungu, já, með mínum eigin vörum, þar eð þetta er í fyrsta sinn, sem ég tala til yðar af eigin vörum, þar eð ég var alveg bundinn ^bdómarasætinu og

var svo önnum kafinn, að ég komst ekki til yðar.

2 Og ég hefði jafnvel ekki getað komið nú, nema vegna þess, að ^aöðrum hefur verið falið að sitja í dómarasætinu til að ríkja í minn stað; og Drottinn hefur leyft mér, af sinni miklu miskunn, að koma til yðar.

3 Og sjá. Ég er kominn fullur bjartsýni og vona innilega, að ég komist að raun um, að þér hafið sýnt auðmýkt fyrir Guði og hafið haldið áfram að biðja um náð hans, að ég megi finna yður lausa við sekt frammi fyrir honum, en ekki í þeim geigvænlegu ógöngum sem bræður vorir í Sarahemla voru í.

4 En blessað sé nafn Guðs fyrir að hafa látið mig vita, já, hafa veitt mér þá miklu gleði að vita, að þeir ganga á ný á vegi réttlætisins.

5 Og samkvæmt anda Guðs, sem í mér er, treysti ég því, að ég megi einnig gleðjast yfir yður. Þó langar mig ekki til þess, að gleði mína yðar vegna megi rekja til sams konar þrenginga og sorga og ég hef mátt líða fyrir bræðurna í Sarahemla. Því að sjá. Gleði mín yfir þeim fylgir í kjölfar mikilla þrenginga og sorga.

6 En sjá. Ég treysti því, að þér séuð ekki haldnir jafn miklu trúleysi og bræður yðar. Ég treysti því, að þér séuð ekki uppblásnir hroka. Já, ég treysti því, að þér hafið ekki girnst auðæfi og hégóma þessa heims í hjörtum yðar.

7b Al 1:9.
8a Op 19:10.

7 1a Al 4:19.
b Mósia 29:42.

2a Al 4:16–18.

Já, ég treysti því, að þér tilbiðjið ekki “skurðgoð, heldur tilbiðjið hinn sanna og ^blifanda Guð og væntið í ævarandi trú fyrirgefningar synda yðar, sem í vændum er.

7 Því að sjá. Ég segi yður, að margt er í vændum. Sjá, eitt er öllu mikilvægara. Sjá, sá ^atími er ekki langt undan, að lausnarinn lifi og komi meðal fólks síns.

8 Sjá, ég segi ekki, að hann komi á meðal vor, meðan hann dvelur í dauðlegu musteri sínu. Því að sjá, andinn hefur ekki sagt mér, að svo muni vera. Ég veit ekki gjörla um þetta, en svo mikið veit ég, að Drottinn Guð hefur vald til að gjöra hvað sem er í samræmi við orð sín.

9 En sjá. Andinn hefur tjáð mér þetta og sagt: Hrópa þú til þessa fólks og segðu — “Íðrist og greiðið Drottni veg, og gangið hans vegi, sem beinir eru. Því að sjá. Himnaríki er í nánd, og sonur Guðs ^bkemur á yfirborð jarðar.

10 Og sjá. Hann mun ^afæddur af ^bMaríu í Jerúsalem, sem er ^cland forfeðra vorra, en hún er ^ahrein mær, dýrmætt og kjörið ker, sem yfirskyggð verður og ^eþunguð fyrir kraft heilags anda. Og hún mun fæða son, já, sjálfan son Guðs.

11 Og hann mun ganga fram og þola alls kyns sársauka, ^aþrengingar og freistingar. Og svo mun verða, til að orðið megi rætast, sem segir, að hann muni taka á sig sársauka og sjúkdóma fólks síns.

12 Og hann mun líða ^adauða til að leysa helsi dauðans, sem fjötrar fólk hans. Og hann mun kynnast vanmætti þess, svo að hjarta hans fyllist miskunn samkvæmt holdinu, svo að hann megi vita í holdinu, hvernig fólki hans verður best ^bliðsinnt í vanmætti þess.

13 Nú ^aveit andinn alla hluti, en samt þjáist sonur Guðs að hætti holdsins til að geta ^btekið á sig syndir fólks síns og þurrkað út lögmálsbrot þess í krafti frelsunarverks síns. Og sjá, þetta er vitnisburðurinn, sem í mér er.

14 Nú segi ég yður, að þér verðið að iðrast og ^aendurfæðast, því að andinn segir, að þér getið ekki erft himnaríki án þess að endurfæðast. Komið því og látið skírast iðrunarskírni, svo að syndir yðar verði þvegnar burt og þér eignist trú á Guðslambið, sem ber burtu syndir heimsins, sem hefur mátt til að frelsa og hreinsa af öllu óréttlæti.

15 Já, ég segi yður: Komið og óttist ekki. Látið af allri synd, sem svo auðveldlega nær ^atökum á yður og fjötrar yður til

6a 2 Ne 9:37; He 6:31.

b Dan 6:26.

7a Al 9:26.

9a Matt 3:2–4; Al 9:25.

b Mósía 3:5; 7:27; 15:1–2.

10a Jes 7:14; Lúk 1:27.

b Mósía 3:8.

LR María, móðir Jesú.

c 1 Kro 9:3; 2 Kro 15:9;

1 Ne 1:4; 3 Ne 20:29.

d 1 Ne 11:13–21.

e Matt 1:20;

Mósía 15:3.

11a Jes 53:3–5;

Mósía 14:3–5.

12a 2 Ne 2:8;

Al 12:24–25.

LR Krossfesting.

b Hebr 2:18; 4:15;

K&S 62:1.

13a LR Guð, guðdómur.

b Mósía 15:12.

LR Friðþægja,

friðþæging.

14a LR Endurfæddur,

fæddur af Guði.

15a 2 Ne 4:18.

tortímingar. Já, komið og gangið fram og sýnið Guði yðar, að þér séuð fúsir til að iðrast synda yðar og gjöra við hann sáttmála um að halda boðorð hans og sýna honum það á þessum degi með því að stíga niður í skírnarvatnið.

16 Og hver sá, sem þetta gjörir og heldur boðorð Guðs upp frá því, sá hinn sami mun minnst þess, að ég segi við hann, já, hann mun minnst þess, að ég hafi sagt við hann, að hann muni öðlast eilíft líf samkvæmt vitnisburði hins heilaga anda, sem ber vitni í mér.

17 Og nú, ástkæru bræður mínir, leggið þér trúnað á þetta? Sjá, ég segi yður, já, ég veit, að þér trúið því. Og ég veit, að þér trúið því vegna opinberunar andans, sem í mér er. Og mikil er gleði mín, vegna þess hve sterk trú yðar er á því, já, á því, sem ég hefi sagt.

18 Því að eins og ég sagði yður í upphafi, þráði ég heitt, að þér væruð ekki í sömu ógöngum og bræður yðar, já, svo mjög, að ég finn, að þrá minni hefur verið fullnægt.

19 Því að ég sé, að þér eruð á vegum réttlætisins. Ég sé, að þér eruð á þeim vegi, sem liggur til Guðs ríkis. Já, ég sé, að þér eruð að gjöra beinar "brautir hans.

20 Ég sé, að yður hefur verið gjört ljóst fyrir vitnisburð orða hans, að hann getur ekki "farið

krókaleiðir, né heldur víkur hann frá því, sem hann hefur sagt. Hann hefur ekki heldur minnstu tilhneigingu til að snúast frá hægri til vinstri eða frá því, sem rétt er til þess, sem rangt er. Þess vegna er braut hans eilíf hringrás.

21 Og hann dvelst ekki í "vanhelgum musturum, né heldur er tekið á móti sora eða nokkru því, sem óhreint er, í Guðs ríki. Ég segi yður þess vegna, að sá tími mun koma, já, og það mun verða á efsta degi, að hinn "saurugi verður áfram í sora sínum.

22 Og ástkæru bræður mínir. Ég hef sagt yður þetta til að vekja yður til skilnings á skyldum yðar við Guð, svo að þér megið ganga ólastanlegir frammi fyrir honum og fylgja heilagri reglu Guðs, en henni samkvæmt hefur verið á móti yður tekið.

23 Og nú vil ég, að þér séuð "auðmjúkir, undirgefnir og blíðir, gæfir og fullir af þolinmæði og langlundargeði, séuð hófsamir í öllu, haldið boðorð Guðs af kostgæfni öllum stundum, biðjið um allt, sem þér þarfnist, bæði andlegt og stundlegt, og færið Guði ætíð þakkir fyrir allt, sem yður hlotnast.

24 Og gætið þess að eiga "trú, von og kærleika, og þá munuð þér ætíð ríkir af góðum verkum.

25 Og megi Drottinn blessa

19a Matt 3:3.
20a 1 Ne 10:19;
Al 37:12; K&S 3:2.
21a 1 Kor 3:16–17; 6:19;

Mósía 2:37; Al 34:36.
b 1 Ne 15:33–35;
2 Ne 9:16; Morm 9:14;
K&S 88:35.

23a LR Auðmjúkur,
auðmýkt.
24a 1 Kor 13; Et 12:30–35;
Moró 7:33–48.

yður og halda klæðum yðar flekklausum, svo að þér megið að lokum setjast í himnaríki með Abraham, Ísak og Jakob og hinum heilögu spámönnum, sem verið hafa allt frá upphafi veraldar, með klæði yðar jafn “flekkláus og klæði þeirra, og hverfið aldrei þaðan aftur.

26 Og nú ástkæru bræður. Ég hef mælt þessi orð til yðar samkvæmt andanum, sem ber vitni í mér. Og sál mín fagnar ákaft vegna hinnar miklu kostgæfni og athygli, sem þér hafið gefið orðum mínum.

27 Og megi “friður Guðs hvíla yfir yður og yfir húsum yðar, löndum, hjörðum og búpeningi, og öllu, sem þér eigið, konum yðar og börnum, í samræmi við trú yðar og góð verk, héðan í frá og að eilífu. Og þannig hef ég mælt. Amen.

8. KAPÍTULI

Alma prédikar og skírir í Melek — Honum er hafnað í Ammónía og hann fer þaðan — Engill býður honum að snúa þangað aftur og boða fólkinu iðrun — Amúlek tekur á móti honum og þeir tveir prédika í Ammónía. Um 82 f.Kr.

Og nú bar svo við, að Alma sneri aftur frá “Gídeonslandi eftir að hafa kennt Gídeonsbúum margt, sem ekki er hægt að færa í letur, og komið reglu á söfnuðinn á sama hátt og hann hafði áður gjört

í Sarahemla. Já, hann sneri aftur til heimilis síns í Sarahemla til að hvíla sig eftir erfiði sitt.

2 Og þannig lauk níunda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

3 Og svo bar við, að í byrjun tíunda stjórnarárs dómaranna yfir Nefíþjóðinni hvarf Alma á brott þaðan og lagði leið sína yfir í Meleksland, vestan við “Síðonsfljót, vestur við jaðar óbyggðanna.

4 Og hann tók að kenna íbúum Melekslands í samræmi við hina heilögu “reglu Guðs, sem hann var kallaður til. Og hann tók að kenna íbúunum um gjörvallt Meleksland.

5 Og svo bar við, að fólkið kom til hans hvaðanæva af landinu, sem að óbyggðunum lá. Og hvarvetna um landið lét það skírast —

6 Og að loknu starfi sínu í Melek, hélt hann aftur þaðan og ferðaðist þrjár dagleiðir í norður frá Melekslandi. Og hann kom til borgar, sem nefnd var Ammónía.

7 Nú var það venja meðal Nefíta að nefna lönd sín, borgir og þorp, já, jafnvel öll smáþorp sín eftir fyrsta eiganda þeirra, og þetta átti einnig við um Ammóníaland.

8 Og svo bar við, að þegar Alma var kominn til Ammóníaborgar, tók hann að flytja íbúunum orð Guðs.

9 En Satan hafði náð föstu “taki

25a 2 Pét 3:14.
27a LR Friður.
8 1a Al 2:20; 6:7.

3a Al 16:6–7.
4a K&S 107:2–4.
LR Melkisedeks-

prestdæmi.
9a 2 Ne 28:19–22;
K&S 10:20.

á hjörtum íbúa Ammóníaborgar. Þess vegna vildu þeir ekki hlýða á orð Alma.

10 En samt lagði Alma ^ahart að sér andlega og ^bglímdi við Guð í ‘máttugri bæn, það hann að úthella anda sínum yfir íbúa borgarinnar og veita sér einnig tækifæri til að skíra þá iðrunarskírni.

11 Engu að síður hertu þeir hjörtu sín og sögðu við hann: Sjá, við vitum, að þú ert Alma. Og við vitum, að þú ert æðsti prestur kirkjunnar, sem þú hefur sett á stofn í mörgum landshlutum eftir erfikenningum þínum. En við erum ekki í kirkju þinni og trúum ekki á svo heimskulegar erfikenningar.

12 Og við vitum, að þú hefur ekkert vald yfir okkur, af því að við erum ekki í þinni kirkju. Og þú hefur látið ^aNefía dómarasætið eftir. Þú ert þess vegna ekki yfirdómari okkar.

13 Þegar fólkið hafði mælt þetta og staðist öll orð hans, úthúðað honum, hrækt á hann og látið vísa honum úr borginni, hélt hann þaðan og lagði leið sína í átt að borg, sem kölluð var Aron.

14 Og svo bar við, að er hann var á leiðinni þangað, þjakaður af harmi, miklu ^aandstreymi og sálarangist vegna ranglætis íbúanna í Ammóníaborg, þá bar svo við, samtímis því að sorgin íþyngdi honum, sjá, þá birtist honum ^bengill Drottins og sagði:

15 Blessaður ert þú, Alma. Lyft þess vegna höfði þínu og fagna, því að þú hefur fulla ástæðu til að fagna, því að þú hefur staðfastlega haldið boðorð Guðs, allt frá því að þú tókst við fyrstu boðum hans. Sjá, ég er sá, sem ^afærði þér þau.

16 Og sjá. Ég hef verið sendur til að bjóða þér að snúa aftur til Ammóníaborgar og prédika á ný fyrir borgarbúum; já, prédika fyrir þeim og segja þeim, að Drottinn Guð muni ^atortíma þeim, ef þeir iðrist ekki.

17 Því að sjá. Á þessari stundu kanna þeir leið til að svipta fólk þitt lýðfrelsi (því að svo segir Drottinn), en það er andstætt þeim reglum, ákvæðum og boðum, sem hann hefur gefið fólki sínu.

18 Nú bar svo við, að þegar Alma hafði tekið við boðunum frá engli Drottins, sneri hann í skyndi aftur til Ammóníalands. Og hann hélt inn í borgina eftir annarri leið, já, eftir leið, sem liggur sunnan við Ammóníaborg.

19 Og þegar hann hélt inn í borgina, var hann hungraður og sagði við mann nokkurn: Vilt þú gefa auðmjúkum þjóni Guðs eitthvað að borða?

20 Og maðurinn svaraði honum: Ég er Nefíti, og ég veit, að þú ert heilagur spámaður Guðs, því að þú ert sá maður, sem ^aengillinn sagði um í sýn: Honum skalt þú taka á móti. Fylgdu mér því

10a Al 17:5.
b Enos 1:1–12.
c 3 Ne 27:1.
LR Bæn.

12a Al 4:20.
14a LR Andstreymi.
b Al 10:7–10, 20.
LR Englar.

15a Mósía 27:11–16.
16a Al 9:12, 18, 24.
20a Al 10:7–9.

heim í hús mitt, og ég mun gefa þér af mat mínum. Ég veit, að þú munt verða mér og húsi mínu blessun.

21 Og svo bar við, að maðurinn tók á móti honum í húsi sínu, og maðurinn var nefndur „Amúlek, og hann bar fram brauð og kjöt og setti fyrir Alma.

22 Og svo bar við, að Alma át brauð og varð mettur. Og hann „blessaði Amúlek og hús hans og færði Guði þakkir.

23 Og þegar hann hafði etið og var mettur orðinn, sagði hann við Amúlek. Ég er Alma og er „æðsti prestur kirkju Guðs um gjörvallt landið.

24 Og sjá. Ég hef verið kallaður til að boða orð Guðs meðal alls þessa fólks samkvæmt opinberunar- og spádómsandanum. Og ég var í þessu landi, en þeir vildu ekki taka við mér, heldur „vísuðu mér burtu og við lá, að ég sneri baki við þessu landi að eilífu.

25 En sjá. Mér var boðið að snúa aftur og spá fyrir þessu fólki, já, vitna gegn því um misgjörðir þess.

26 Og þar eð þú, Amúlek, hefur nú gefið mér að borða og veitt mér húsaskjól, hvílir blessun yfir þér, því að hungraður var ég og hafði fastað í marga daga.

27 Og Alma dvaldi marga daga hjá Amúlek, áður en hann tók að prédika fyrir fólkinu.

28 Og svo bar við, að misgjörðir fólksins jukust stórlega.

29 Og orðið barst Alma, og sagði: Far þú, og seg einnig þjóni mínum Amúlek, farið og spáið fyrir þessu fólki og segið: „Iðrist, því að svo segir Drottinn: Ef þér iðrist eigi, mun ég vitja þessa fólks í reiði minni. Já, ég mun ekki snúa brennandi reiði minni frá því.

30 Og Alma gekk ásamt Amúlek út á meðal fólksins til að boða því orð Guðs, og þeir fylltust heilögum anda.

31 Og þeim veittist „kraftur, þannig að ekki var hægt að bygja þá inni í dýflissum, né heldur gat nokkur maður deytt þá. Þó beittu þeir ekki ^bkrafti sínum fyrir en þeir voru hnepttir í fjötra og þeim varpað í fangelsi. En þetta gjörðist, svo að Drottinn gæti sýnt kraft sinn í þeim.

32 Og svo bar við, að þeir gengu fram og tóku að prédika og spá fyrir fólkinu samkvæmt andanum og kraftinum, sem Drottinn hafði gefið þeim.

Orð Alma ásamt orðum Amúleks, sem boðuð voru íbúum Ammóníalands. Þeim er varpað í fangelsi, en þeir frelsast fyrir yfirnáttúrligan kraft Guðs, sem í þeim var, samkvæmt heimildum Alma.

Nær yfir 9. til og með 14. kapitula.

21a LR Amúlek.
22a Al 10:11.
23a Al 5:3, 44, 49;

13:1–20.
24a Al 8:13.
29a Al 9:12, 18.

LR Iðrast, iðrun.
31a 1 Ne 1:20.
b Al 14:17–29.

9. KAPÍTULI

Alma býður íbúum Ammónía að iðrast — Drottinn verður Lamanítum miskunnsamur á síðustu dögum — Ef Nefítar brjóta gegn ljósinu munu Lamanítar tortíma þeim — Sonur Guðs kemur brátt — Hann mun endurleysa þá sem iðrast, láta skírast og trúa á nafn hans. Um 82 f.Kr.

ÞEGAR ég, Alma, hafði fengið fyrir-mæli frá Guði um að taka Am-úlek með mér og fara og prédika á ný fyrir þessu fólki, eða íbúum Ammóníaborgar, þá bar svo við, þegar ég tók að prédika fyrir þeim, að þeir hófu að mótmæla mér og sögðu:

2 Hver ert þú? Heldur þú, að við leggjum trúnað á vitnisburð “eins manns, jafnvel þótt hann segi okkur, að jörðin muni líða undir lok?

3 En þeir skildu ekki orðin, sem þeir mæltu, því að þeir vissu ekki, að jörðin mundi líða undir lok.

4 Og þeir sögðu einnig: Og við trúum heldur ekki orðum þínum, ef þú spáir, að þessari miklu borg verði tortímt á “einum degi.

5 En þeir vissu ekki, að Guð gat gjört slík undur, því að þeir voru harðbrjósta og þrjóskir.

6 Og þeir sögðu: “Hver er Guð, að hann sendi ^beigi meira yfirvald en einn mann til þessa fólks til að boða því sannleik svo mikinn og undursamlegan?

7 Og þeir stigu fram til að leggja á mig hendur, en sjá. Þeir létu það ógert. Og ég stóð með djörfungu við að boða þeim, já, ég gaf þeim vitnisburð djarflega og sagði:

8 Sjá, ó þú rangláta og rangsnúna “kynslóð, hve gjörsamlega þér hafið gleymt erfikenningum feðra yðar. Já, hve fljótt þér hafið gleymt boðorðum Guðs.

9 Munið þér ekki, að “hönd Guðs leiddi föður vorn, Lehí, út úr Jerúsalem? Munið þér ekki, að hann leiddi þá alla í gegnum óbyggðirnar?

10 Og hafið þér gleymt svo fljótt, hve oft hann bjargaði feðrum vorum úr höndum fjandmanna sinna og verndaði þá frá tortímingu, já, jafnvel af völdum sinna eigin bræðra?

11 Já, og væri það ekki fyrir óviðjafnanlegan kraft hans og miskunn og langlundargeð hans í vorn garð, hefðum vér óhjákvæmilega verið þurrkaðir út af yfirborði jarðar, löngu fyrir þennan tíma, og “óendanleg vansæld og volæði hefði ef til vill orðið hlutskipti vort.

12 Sjá. Nú segi ég yður, að hann býður yður að iðrast, og ef þér iðrist ekki, getið þér á engan hátt erft Guðs ríki. En sjá. Þetta er ekki allt — hann hefur boðið yður að iðrast eða hann muni algjörlega “tortíma yður af yfirborði jarðar. Já, hann mun vitja yðar í reiði

9 2a 5 Mós 17:6.

4a Al 16:9–10.

6a 2 Mós 5:2; Mósía 11:27;

HDP Móse 5:16.

b Al 10:12.

8a Al 10:17–25.

9a 1 Ne 2:1–7.

11a Mósía 16:11.

12a Al 8:16; 10:19, 23, 27.

sinni, og í ^bbrennandi reiði sinni mun hann ekki frá hverfa.

13 Sjá. Munið þér ekki orðin, sem hann mælti til Lehis, er hann sagði: “Sem þér haldið boðorð mín, svo mun yður vegna vel í landinu? Og enn fremur, að sagt er: Sem þér haldið ekki boðorð mín, svo munuð þér útilokast úr návist Drottins.

14 Nú vildi ég, að þér minntust þess, að svo sem Lamanítar hafa ekki haldið boðorð Guðs, svo hafa þeir “útilokast úr návist Drottins. Nú sjáum vér, að orð Drottins hafa sannast í þessu og Lamanítar hafa útilokast úr návist hans frá upphafi lögmálsbrota þeirra í landinu.

15 Engu að síður segi ég yður, að “bærilegra verður þeim á degi dómsins en yður, ef þér haldið áfram í syndum yðar; já, og jafnvel bærilegra í þessu lífi en yður, nema þér iðrist.

16 Því að mörg fyrirheit “ná til Lamaníta, því að ^barfsagnir feðra þeirra hafa valdið því, að ^cvanþekking þeirra hefur haldist. Þess vegna mun Drottinn verða þeim miskunnsamur og ^dlengja tilveru þeirra í landinu.

17 En einhvern tíma munu þeir “leiddir til trúar á orð hans og fá að vita hve rangar arfsagnir feðra þeirra eru. Og margir þeirra munu frelsaðir, því að Drottinn mun

miskunnsamur öllum þeim, sem ^bákalla nafn hans.

18 En sjá. Ég segi yður, að dagar yðar eru taldir í landinu, ef þér haldið fast við ranglæti yðar, því að “Lamanítar munu sendir gegn yður. Og ef þér iðrist ekki, munu þeir koma, er yður síst varir, og ^balgjör tortíming sækir yður heim. Og það mun verða í samræmi við brennandi reiði Drottins.

19 Því að hann mun ekki líða, að þér lifið í misgjörðum yðar og tortímið fólki hans. Ég segi yður, nei. Heldur mun hann líða Lamanítum að “tortíma öllum þeim, sem kallast fólk Nefís, ef mögulegt er að þeir ^bfalli í synd og gjörist lögmálsbrjótar, eftir að Drottinn Guð þeirra hafði veitt þeim svo mikið ljós og svo mikla þekking —

20 Já, eftir að hafa notið svo mikillar hylli Drottins; já, meiri hylli en nokkrar aðrar þjóðir, kynkvísli, tungur og lýðir; eftir að hafa verið “leidd til þekkingar á öllu, sem verið hefur, er og verða mun, í samræmi við óskir þeirra, trú og bænir —

21 Eftir að andi Guðs hefur vitjað þeirra; eftir að englar höfðu rætt við þá og eftir að rödd Drottins hafði talað til þeirra. Eftir að þeir höfðu hlotið anda spádóms og anda opinberunar ásamt mörgum gjöfum; gjöf til að tala

12b Al 8:29.

13a 2 Ne 1:20;

Mósía 1:7;

Al 37:13.

14a 2 Ne 5:20–24; Al 38:1.

15a Matt 11:22, 24.

16a Al 17:15.

b Mósía 10:12 (sjá

vers 11–17).

c Mósía 3:11.

d He 15:10–12.

17a Enos 1:13.

b Al 38:5;

K&S 3:8.

18a Al 16:2–3.

b Al 16:9.

c Al 8:29.

19a 1 Ne 12:15, 19–20;

Al 45:10–14.

b Al 24:30.

20a LR Opinberun.

tungum, gjöf til að prédika, gjöf heilags anda og gjöf til að “túlka tungum —

22 Já, eftir að Guð hafði “bjargað þeim úr landi Jerúsalem með hendi Drottins, eftir að hafa verið bjargað frá hungursneyð, veikindum og alls kyns sjúkdómum, eftir að hafa eflst í orrustum svo þeim yrði ekki tortímt. Eftir að hafa verið leystir úr “ánauð hvað eftir annað, og eftir að þeir höfðu verið verndaðir og varðveittir fram á þennan tíma, og þeim vegnað svo vel, að þeir eru orðnir auðugir að alls kyns hlutum —

23 Og sjá, ég segi yður, að ef þetta fólk, sem hlotið hefur svo margar blessanir af Drottins hendi, bryti gegn ljósinu og þekkingunni, sem það hefur, þá segi ég yður, að færi svo, að það gjörðist lögmálsbrjótur, þá yrði mun “bæri-legra fyrir Lamaníta en þá.

24 Því að sjá. “Fyrirheit Drottins ná til Lamaníta, en þau ná ekki til yðar, ef þér brjótið gegn lögmálinu. Því að hefur Drottinn ekki greinilega heitið því og ákveðið sagt, að yður muni með öllu tortímt af yfirborði jarðar, ef þér rísið gegn honum?

25 Og í þeim tilgangi að yður verði ekki tortímt, hefur Drottinn sent engil sinn til að vitja margra

af sínu fólki og boðið þeim að ganga fram og hrópa af miklum mætti til þessa fólks og segja: “Iðrist, því að himnaríki er í nánd —

26 Og “innan tíðar mun sonur Guðs koma í dýrð sinni, og dýrð hans verður dýrð hins ^beingetna föðurins. Hann mun fullur ‘náðar, réttýni og sannleika, fullur þolinmæði, ^dmiskunnar og langlundargeðs, fljótur til að ‘heyra áköll fólks síns og svara bænum þess.

27 Og sjá. Hann kemur til að “endurleysa þá, sem vilja láta ^bskírast iðrunarskírni í trú á nafn hans.

28 Greiðið Drottni þess vegna veg, því að sá tími nálgast, að allir menn uppskera ávöxt “verka sinna samkvæmt því, sem þau hafa verið — hafi þau verið réttlát, munu þeir ^buppskera frelsun sálna sinna, samkvæmt krafti og frelsun Jesú Krists, en hafi þau verið ill, munu þeir uppskera ‘fordæmingu sálna sinna, í samræmi við kraft og helsi djöfulsins.

29 Sjá, þetta er rödd engilsins, sem hrópar til fólksins.

30 Og nú, “ástkæru bræður mínir, því að bræður mínir eruð þér, og þér ættuð að vera hjartfólgni og þér ættuð að bera fram verk samboðin iðrun, sé ég, að þér hafið hert mjög hjörtu yðar

21a Om 1:20;
Mósía 8:13–19;
28:11–17.

22a 2 Ne 1:4.
b Mósía 27:16.

23a Matt 11:22–24.

24a 2 Ne 30:4–6;
K&S 3:20.

25a Al 7:9;
He 5:32.

26a Al 7:7.
b LR Eingetinn.

c LR Náð.

d LR Miskunnssamur,
miskunnsemi.

e 5 Mós 26:7.

27a LR Endurleysa,
endurleystur,
endurlausn.

b LR Skírni, skíra.

28a K&S 1:10; 6:33.

b Sálmi 7:17.

c LR Fordæming.

30a 1 Jóh 4:11.

gagnvart Guði, og ég sé, að þér eruð ^bglataðir og fallnir.

31 Og nú bar svo við, að þegar ég, Alma, hafði mælt þessi orð, sjá, þá reiddist fólkið mér vegna þess, að ég sagði því, að það væri harðbrjósta og ^aþrjóskt.

32 Og einnig vegna þess, að ég sagði því, að það væri glatað og fallið, og það reyndi að leggja á mig hendur til að varpa mér í fangelsi.

33 En svo bar við, að Drottinn leyfði því ekki að taka mig á þeim tíma og varpa mér í fangelsi.

34 Og svo bar við, að Amúlek sté fram og hóf einnig að prédika fyrir fólkinu. En ^aorð Amúleks eru ekki öll færð í letur, en þó hafa nokkur orða hans verið letruð í þessa bók.

10. KAPÍTULI

Lehí er af Manasse kominn — Amúlek segir frá því er engillinn bauð honum að annast Alma — Fólkinu hlíft vegna bæna hinna réttlátu — Ranglátir lögfræðingar og dómáram leggja grunninn að tortímingu fólksins. Um 82 f.Kr.

HÉR eru ^aorðin, sem ^bAmúlek prédikaði fyrir íbúum Ammóníalands, en hann sagði:

2 Ég er Amúlek, sonur Giddóna, sem var sonur Ísmaels, afkomanda Amínadís. En það var hinn

sami Amínadí, sem túlkaði áletranirnar á musterisveggnum, sem letraðar voru með fingri Guðs.

3 Og Amínadí var afkomandi Nefís, sonar Lehís, þess sem kom frá landi Jerúsalem og var afkomandi ^aManasse, en hann var sonur ^bJósefs, þess sem ^cseldur var til Egyptalands af bræðrum sínum.

4 Og sjá. Ég er einnig maður í dagóðu álit meðal allra þeirra, sem þekja mig. Já, sjá. Ég á marga frændur og ^avini, og iðni mín hefur fært mér mikil auðæfi.

5 Þrátt fyrir allt þetta hef ég engu að síður aldrei þekkt mikið til vege Drottins, ^aleyndardóma hans eða undursamlegs kraftar. Ég sagði, að ég hefði aldrei vitað mikið um þessa hluti. En sjá, mér skjátlást, því að ég hef séð mikið af leyndardómum hans og undursamlegum krafti, já, jafnvel hvernig hann hefur varðveitt líf þessarar þjóðar.

6 Engu að síður herti ég hjarta mitt, því að ég var ^akallaður mörgum sinnum, en ég vildi ekki ^bheyra. Þess vegna vissi ég um þetta, samt vildi ég ekki vita það. Þess vegna hélt ég áfram að rísa gegn Guði í ranglæti hjarta míns, já, allt fram á fjórða dag þessa sjöunda mánaðar, sem er á tíunda stjórnarári dómáramna.

7 Þegar ég var á ferð til að hitta náskyldan ættingja, sjá, þá

30b Al 12:22.
31a 2 Ne 25:28;
Mósía 3:14.
34a Al 10.
10 1a Al 9:34.

b Al 8:21–29.
3a 1 Mós 41:51;
1 Kro 9:3.
b LR Jósef, sonur Jakobs.
c 1 Mós 37:29–36.

4a Al 15:16.
5a LR Leyndardómar
Guðs.
6a Al 5:37.
b K&S 39:9.

birtist mér ^aengill Drottins, sem sagði: Amúlek, hverf þú aftur til húss þíns, því að þú skalt næra spámann Drottins, já, heilagan mann, útvalinn mann af Guði. Hann hefur ^bfastað dögum saman vegna synda þessa fólks, og hann er hungraður, og þú skalt ^ctaka á móti honum í húsi þínu og næra hann, og hann mun blessa þig og hús þitt, og blessun Drottins mun hvíla yfir þér og húsi þínu.

8 Og svo bar við, að ég hlýddi rödd engilsins og sneri aftur að húsi mínu. Og á leiðinni þangað fann ég ^amanninn, sem engillinn hafði talað við mig um og sagt: Þú skalt taka á móti honum í húsi þínu — Og sjá. Það var sá sami maður, sem hefur nú talað við yður um málefni Guðs.

9 Og engillinn sagði við mig: Hann er ^aheilagur maður. Þess vegna veit ég, að hann er heilagur maður, þar eð engill Guðs hefur sagt það.

10 Og enn fremur veit ég, að það, sem hann hefur vitnað um, er sannleikur. Því að sjá. Ég segi yður, að svo sannarlega, sem Drottinn lifir, hefur hann sent ^aengil til að opinbera mér þessa hluti. Og þetta gjörði hann, á meðan þessi Alma ^bdvaldi í húsi mínu.

11 Því að sjá. Hann hefur ^ablessað hús mitt, kvenfólk mitt, börn mín, föður minn og ættfólk

mitt. Já, hann hefur meira að segja blessað allt ættfólk mitt, og blessun Drottins hefur hvílt á okkur í samræmi við þau orð, sem hann mælti.

12 Þegar Amúlek hafði mælt þessi orð, undraðist fólkið, er það sá, að ^afleiri en eitt vitni vitnaði um það, sem því var borið á brýn, sem og um það, sem í vændum væri, samkvæmt spádómsand-anum, sem í þeim var.

13 Þó voru nokkrir meðal þeirra, sem hugðust leggja fyrir þá spurningar, svo að þeir gætu með ^akænsku sinni gripið þá á orðum þeirra og þannig vitnað gegn þeim og afhent þá dómurum sínum, svo að þeir yrðu dæmdir lögum samkvæmt og teknir af lífi eða varpað í fangelsi fyrir þann glæp, eða það, sem þeir gátu bent á eða vitnað um gegn þeim.

14 En þeir menn, sem reyndu að tortíma þeim, voru ^alögvitringar, leigðir eða skipaðir af fólkinu til að framfylgja lögnum við réttarhöld eða við yfirheyrslur fyrir dómur-unum vegna lögbrota fólksins.

15 Þessir lögfræðingar voru vel að sér í öllum mannlegum klækjum og kænskubrögðum og það til þess að geta orðið færir í starfi.

16 Og svo bar við, að þeir tóku að spyrja Amúlek og vonuðust þar með eftir að gjöra hann tví-saga eða koma honum í mótsögn við sjálfan sig.

7a Al 8:20.

b Al 5:46; 6:6. LR Fasta.

c Post 10:30–35.

8a Al 8:19–21.

9a LR Helgur.

10a Al 11:30–31.

b Al 8:27.

11a Al 8:22.

12a Al 9:6.

13a Al 11:21.

14a Al 10:24; 11:20–21;

14:18.

17 En þeir vissu ekki, að Amúlek gæti vitað um áform þeirra. En svo bar við, að þegar þeir tóku að spyrja hann, “skynjaði hann hugsun þeirra og sagði við þá: Ó, þú rangláta og rangsnúna ^bkynslóð, þér lögfróðu menn og hræsnarar! Þér leggið djöflinum grundvöll, því að þér leggið ^cgildir og snörur fyrir hina heilögu Guðs.

18 Þér leggið á ráðin um að “rangsnúa vegum hinna réttlátu og kalla heilaga reiði Guðs yfir yðar eigin höfuð og það til algjörar tortímingar þessa fólks.

19 Já, Mósía, síðasta konungi vorum, mæltist vel, um það bil er hann afsalaði sér konungdómi og hafði engan er tæki við af honum, sem leiddi til þess að rödd þjóðarinnar réð — Já, með réttu sagði hann, að ef sá tími kæmi, að rödd þjóðarinnar kysi yfir sig “misgjörðir, það er að segja, ef sá tími kæmi, að þessi þjóð gjörðist lögmálsbrjótur, þá væri tími tortímingarinnar upp runninn.

20 Og nú segi ég yður: Vel ferst Drottinn að dæma um misgjörðir yðar. Vel ferst honum að hrópa til þessarar þjóðar með rödd “engla sinna: Iðrist þér, iðrist, því að himnaríki er í nánd.

21 Já, vel ferst honum að hrópa með rödd engla sinna: “Ég mun niður stíga til fólks míns, tygjaður sannsýni og réttvísi.

22 Já, og ég segi yður, að væri það ekki vegna “bæna hinna réttlátu, sem nú eru í landinu, mundi algjör tortíming þegar hafa vitjað yðar; þó ekki með ^bflóði eins og á dögum Nóa, heldur með hungursneyð, drepsóttum og sverði.

23 En það er vegna “bæna hinna réttlátu, sem yður er hlíft. Þess vegna mun Drottinn ekki halda að sér höndum, ef þér vísið hinum réttlátu burtu frá yður, heldur mun hann koma gegn yður í brennandi reiði sinni. Og þá mun hungursneyð, drepsóttir og sverð ljósta yður. Og ^btíminn er ekki langt undan, ef þér iðrist eigi.

24 Og nú bar svo við, að fólkið gjörðist enn reiðara Amúlek, og það hrópaði og sagði: Þessi maður smánar réttvís lög okkar og vitra lögfræðinga okkar, sem við höfum sjálf valið.

25 En Amúlek rétti fram hönd sína, hrópaði til þeirra þeim mun kröftugar og sagði: Ó, þú rangláta og rangsnúna kynslóð! Hví hefur Satan náð svo sterku taki á hjörtum yðar? Hví viljið þér verða honum undirgefin, svo að hann hafi vald yfir yður til að “blinda augu yðar og þér skiljið ekki þau orð, sem töluð eru sannleikanum samkvæmt?

26 Því að sjá. Hef ég borið vitni gegn lögum yðar? Þér skiljið ekki. Þér segið, að ég hafi talað gegn

17a Al 12:3; 18:20, 32;
K&S 6:16.

b Matt 3:7; Al 9:8.

c K&S 10:21–27.

18a Post 13:10.

19a Mósía 29:27;

Al 2:3–7; He 5:2.

20a Al 8:14–16; 13:22.

21a Mósía 13:34.

22a Jakbr 5:16;

Mósía 27:14–16.

b 1 Mós 8:21;

3 Ne 22:8–10.

LR Flóðið á dögum
Nóa.

23a LR Bæn.

b Al 34:32–35.

25a 2 Kor 4:4; Al 14:6.

lögum yðar, en það hef ég ekki, heldur hef ég talað máli laga yðar, yður til fordæmingar.

27 En sjá. Ég segi yður, að óréttlæti "lögvitringa yðar og dómara er farið að leggja grundvöllinn að tortímingu þessarar þjóðar.

28 Og nú bar svo við, að þegar Amúlek hafði mælt þessi orð, hrópaði fólkið gegn honum og sagði: Nú vitum við, að þessi maður er barn djöfulsins, því að hann hefur "logið að okkur; hann hefur mælt gegn lögum okkar. Og nú segist hann ekki hafa mælt gegn þeim.

29 Og enn fremur hefur hann smánað lögvitringa okkar og dómara.

30 Og svo bar við, að lögvitringarnir lögðu þetta á minnið til að geta notað það gegn honum.

31 En einn þeirra nefndist Seesrom. Hann hafði forgöngu um að "ákæra Amúlek og Alma, þar eð hann var einn hinna færustu þeirra á meðal og stóð í miklum viðskiptum meðal fólksins.

32 En það, sem fyrir lögvitringunum vakti, var að hagnast, og hagnaður þeirra fór eftir verkfnum þeirra.

11. KAPÍTULI

Skýringar á mynt Nefíta — Amúlek deilir við Seesrom — Kristur frelsar ekki menn í syndum þeirra — Aðeins þeir sem erfa himnaríki munu hólpnir — Allir menn munu rísa upp í ódauðleika — Enginn dauði er til eftir upprisuna. Um 82 f.Kr.

Nú var það í lögum Mósía, að hver sá maður, sem var laganna dómari, eða þeir, sem voru skipaðir dómara, skyldu þiggja laun í samræmi við þann tíma, sem þeir ynnu að því að dæma þá, sem fyrir þá voru færðir til dóms.

2 Ef einhver maður var í skuld við annan, en vildi ekki greiða það, sem hann skuldaði, var kvartað yfir honum við dómarrann, og dómarrinn beitti þá embættisvaldi sínu og sendi embættismenn til að leiða manninn til sín. Og hann felldi dóm yfir mannum samkvæmt lögum og þeim sönnunum, sem lagðar voru fram gegn honum. Á þennan hátt var maðurinn neyddur til að greiða skuldir sínar, ella var hann sviptur öllu eða honum vísað burtu sem þjófi og ræningja.

3 Og dómarrarnir þágu laun samkvæmt vinnutíma sínum — senín gulls fyrir hvern dag eða senum silfurs, sem er jafngildi seníns af gulli. Og þetta var samkvæmt gildandi lögum.

4 En hér eru skráð nöfnin á hinni mismunandi gullmynt þeirra og silfurmynt, samkvæmt verðgildi. En nöfnin notuðu Nefítar, því að þeir töldu ekki á sama hátt og Gyðingar í Jerúsalem, né heldur mældu þeir á sama hátt og Gyðingar, heldur færðu þeir reikning sinn og mælingar til samræmis við hugarfar og aðstæður fólksins með hverri kynslóð, fram að

stjórnartíð dómaranna, en Mósía konungur “lagði grundvöll þeirra.

5 En svona er reikningur þeirra — Senín af gulli, seon af gulli, súm af gulli og limna af gulli.

6 Senum af silfri, amnor af silfri, esrom af silfri og ontí af silfri.

7 Senum af silfri var jafngildi seníns af gulli, en hvort tveggja var ígildi einnar mælieiningar af byggi og einnig einnar mælieiningar af hvaða korntegund sem vera skal.

8 Eitt seon af gulli var tvisvar sinnum gildi eins seníns.

9 Eitt súm af gulli hafði tvöfalt gildi eins seons.

10 Eitt limna af gulli var jafngildi alls þessa.

11 Eitt amnor af silfri var jafn mikið og tvö senum.

12 Eitt esrom af silfri var jafnmikið og fjögur senum.

13 Og eitt ontí var jafngildi þeirra allra.

14 En minni talnagildin í reikningsaðferðum þeirra eru þessi —

15 Eitt siblon er hálf tvennum. Því var eitt siblon ígildi hálf mælis af byggi.

16 Eitt siblum er helmingur eins siblons.

17 Eitt lea er helmingur af siblum.

18 Þetta eru þeirra tölur í samræmi við útreikninga þeirra.

19 Eitt antíon af gulli er jafngildi þriggja siblona.

20 En það var aðeins í hagnað-

arskyni, þar eð þeim var launað samkvæmt afköstum, að þeir æstu fólkið til uppþota, hvers kyns óspekta og ranglætis, til þess að fá meiri vinnu og fá “fé fyrir þau mál, sem þeim voru fengin. Þess vegna æstu þeir fólkið upp gegn Alma og Amúlek.

21 Og Seesrom þessi tók að spyrja Amúlek og sagði: Viltu svara mér nokkrum spurningum, sem ég legg fyrir þig? En Seesrom var snillingur í “brögðum djöfulsins við að tortíma því, sem gott var. Þess vegna sagði hann við Amúlek: Viltu svara þeim spurningum, sem ég mun leggja fyrir þig?

22 Og Amúlek sagði við hann: Já, ef það samræmist anda “Drottins, sem í mér er, því að ég mun ekkert segja sem er andstætt anda Drottins. Og Seesrom sagði við hann: Sjá, hér eru sex ontí silfurs, og allt þetta mun ég gefa þér, ef þú vilt afneita tilvist æðri veru.

23 Og Amúlek svaraði: Ó, þú “afsprengi heljar, hví freistar þú mín? Vita skaltu, að réttlátir láta eigi undan neinni slíkri freistingu.

24 Trúir þú, að enginn Guð sé til? Nei, segi ég þér, þú veist, að Guð er til, en ást þín á “gróða er meiri en ást þín til hans.

25 Og nú hefur þú logið að mér frammi fyrir Guði. Þú sagðir við mig: Sjá, þessi sex verðmiklu ontí mun ég gefa þér — um leið og þú áformaðir í hjarta þínu að gefa mér

11 4a Mósía 29:40–44.

20a Al 10:32.

21a Al 10:13.

22a LR Heilagur andi.

23a Al 5:41.

b LR Freista, freisting.

24a 1 Tím 6:10;

Títus 1:11.

þau ekki. Þú vildir einungis fá mig til að afneita hinum sanna og lifanda Guði til að hafa átyllu til að tortíma mér. En sjá. Þú munt hljóta laun þín fyrir þetta mikla fólksuverk.

26 Og Seesrom sagði við hann: Þú segir, að til sé sannur og lifandi Guð?

27 Og Amúlek sagði: Já, til er sannur og lifandi Guð.

28 Nú sagði Seesrom: Eru til fleiri Guðir en einn?

29 Og hann svaraði: Nei.

30 Nú spurði Seesrom aftur: Hvernig veist þú þetta?

31 Og hann svaraði: „Engill hefur kunngjört mér það.

32 Og Seesrom sagði enn: Hver er sá, er koma mun? Er það sonur Guðs?

33 Og hann sagði við hann: Já.

34 Og Seesrom spurði enn: Mun hann frelsa fólk sitt ^aí syndum þess? Og Amúlek svaraði og sagði við hann: Ég segi þér, að það mun hann ekki gjöra, því að ógerlegt er honum að afneita orði sínu.

35 Nú sagði Seesrom við fólkið: Gætið þess að muna þetta, því að hann sagði, að aðeins væri til einn Guð, en samt segir hann, að sonur Guðs muni koma, en hann muni ekki frelsa fólk sitt — rétt eins og hann hefði vald til að skipa Guði fyrir verkum.

36 Nú segir Amúlek enn við

hann: Sjá, þú segir ósatt, því að þú segir mig tala eins og ég hefði vald til að skipa Guði fyrir verkum, þar eð ég sagði, að hann mundi ekki frelsa fólk sitt í syndum þess.

37 En ég segi yður enn, að hann getur ekki frelsað það í „syndum þess. Orðum hans get ég ekki afneitað, en hann hefur sagt, að ^bekkert óhreint geti erft ^críki himins. Hvernig getið þér þá frelsast, ef þér hafið ekki himnaríki? Þess vegna getið þér ekki frelsast í syndum yðar.

38 Nú sagði Seesrom aftur við hann: Er sonur Guðs hinn eilífi faðir sjálfur?

39 Og Amúlek sagði við hann: Já, hann er sjálfur ^aeilífur faðir himins og jarðar, sem og ^balls, sem þar er. Hann er upphafið og endirinn, hinn fyrsti og hinn síðasti —

40 Og hann mun koma í ^aheiminn til að ^bendurleysa fólk sitt. Og hann mun ^ctaka á sig brot þeirra, sem á nafn hans trúa. Og það eru þeir, sem hljóta munu eilíft líf, en til annarra nær hjálpræðið ekki.

41 Þess vegna verða hinir ranglátu eftir, rétt eins og engin ^aendurlausn hefði átt sér stað, að því undanskildu að bönd dauðans eru leyst. Því að sjá. Sá dagur mun koma, að ^ballir munu rísa upp frá dauðum og standa frammi

31 *a* Al 10:7–10.

34 *a* He 5:10–11.

37 *a* 1 Kor 6:9–10.

b 1 Ne 15:33;

Al 40:26; 3 Ne 27:19.

LR Óguðlegur.

c LR Ríki Guðs eða ríki

himna.

39 *a* Jes 9:6.

b Kól 1:16; Mósía 4:2.

40 *a* LR Heimur.

b Róm 11:26–27.

c 2 Mós 34:6–7;

Jes 53:5;

1 Jón 2:2;

Mósía 14:5; 15:12;

K&S 19:16–19.

41 *a* Al 12:18;

K&S 88:33.

b Op 20:12–13;

Al 42:23.

fyrir Guði og verða ‘dæmdir af verkum sínum.

42 En til er dauði, sem kallast stundlegur dauði. Dauði Krists mun leysa “viðjar þessa stundlega dauða, þannig að allir munu endurreistir frá þessum stundlega dauða.

43 Andinn og líkaminn munu aftur “sameinast í fullkominni mynd sinni, bæði limir og liðir skulu endurreistir í sinni réttu mynd, já, eins og við erum nú á þessari stundu, og við munum leidd fram fyrir Guð og standa þar með alveg sömu vitund og við höfum nú og ljósa ^bendurminning um alla ‘sekt okkar.

44 Þessi endurreisn skal öllum hlotnast, bæði öldnum og ungum, bæði ánauðugum og frjálsum, bæði körlum og konum, bæði ranglátum og réttlátum. Og ekki svo mikið sem eitt hár á höfði þeirra mun glatast, heldur mun sérhver hlutur “endurreistir til sinnar fullkomnu umgjarðar, rétt eins og hann er nú, eða í líkamanum, og mun leiddur til ábyrgðar við dómgrindur Krists, sonarins og Guðs ^bföðurins og hins heilaga anda, sem er ‘einn eilífur Guð, til að hljóta ^ddóm af verkum sínum, hvort heldur þau eru góð eða ill.

45 Sjá, ég hef talað við yður um dauða hins dauðlega líkama og einnig um “upprisu hins

dauðlega líkama. Ég segi yður, að þessi dauðlegi líkami ^brís upp í ‘óðauðlegum líkama, það er að segja frá dauðum, já, frá hinum fyrsta dauða til lífsins, þannig að þeir geta ekki ^ddaíð fram. Andar þeirra sameinast líkómum þeirra, og þeir verða aldrei framur sundur skildir. Þannig verður það hvorttveggja ‘andlegt og ódauðlegt og getur aldrei framur orðið eyðingunni að bráð.

46 Þegar Amúlek hafði lokið máli sínu, undraðist fólkið enn, og Seesrom tók að skjálfa. Og þannig lauk Amúlek orðum sínum, eða þetta er allt, sem ég hef fært í letur.

12. KAPÍTULI

Alma ræðir við Seesrom — Aðeins hinum trúföstu er gefið að þekkja leyndardóma Guðs — Menn eru dæmdir af hugsunum sínum, trú, orðum og verkum — Hinir ranglátu munu líða andlegan dauða — Þetta dauðlega lífer reynslutími — Endurlausnarátunin gjörir upprisuna að veruleika og einnig fyrirgefningu syndanna fyrir trú — Sá sem iðrast á rétt á miskunn fyrir hinn eingetna son. Um 82 f.Kr.

Nú, þegar Alma sá, að orð Amúleks höfðu þaggað niður í Seesrom, þar eð hann sá, að Amúlek hafði séð í gegnum “lygar hans og blekkingar, ætlaðar honum til

41 c LR Lokadómur.

42 a Al 12:16.

43 a 2 Ne 9:13; Al 40:23.

b 2 Ne 9:14; Mósía 3:25;

Al 5:18.

c LR Sekt.

44 a Al 41:12–15.

b LR Guð, guðdómur — Guð faðirinn.

c 3 Ne 11:27, 36.

LR Guð, guðdómur.

d Op 20:12–13.

45 a Al 40:23;

K&S 88:16.

b LR Upprisa.

c LR Ódauðlegur, ódauðleiki.

d Op 21:4;

K&S 63:49; 88:116.

e 1 Kor 15:44.

12 1 a Al 11:20–38.

tortímingar, og sá, að hann var tekinn að skjálfa af ^bsektarkennd, þá lauk hann upp munni sínum, tók að tala til hans og staðfesta orð Amúleks, skýra málin eða útskýra ritningarnar enn frekar en Amúlek hafði gjört.

2 Fólkið umhverfis heyrði orðin, sem Alma mælti við Seesrom, því að mannfjöldinn var mikill, en honum fórust orð á þessa leið:

3 Nú sérð þú Seesrom, að þú hefur verið gripinn í lygum þínum og slægð, því að þú hefur ekki einungis logið að mönnum, heldur hefur þú og logið að Guði. Því að sjá. Hann þekkir allar ^ahugsanir þínar, og þú sérð, að andi hans hefur gjört okkur hugsanir þínar kunnar —

4 Og þú sérð, að við vitum, að áform þitt var mjög slóttugt og í samræmi við kænsku djöfulsins, til þess gjört að egna þetta fólk á móti okkur með lygum og prettum og fá það til að smána okkur og vísa okkur burtu —

5 En þetta var áform ^aandstæðings þíns, og hann hefur beitt valdi sínu í þér. Nú vil ég, að þú hafir hugfast, að það, sem ég segi við þig, það segi ég til allra.

6 Og sjá. Ég segi yður öllum, að þetta var snara andstæðingsins, sem hann ætlaði sér að veiða þetta fólk í, svo að honum tækist að beygja yður undir vilja sinn og

umlykja yður ^ahlekkjum sínum og fjötra yður til ævarandi tortímingar í samræmi við kröftuga fjötra sína.

7 En þegar Alma hafði mælt þessi orð, tók Seesrom að nötra enn meira, því að hann sannfærðist enn frekar um vald Guðs. Og hann var einnig sannfærður um, að Alma og Amúlek þekktu hann, því að hann sannfærðist um, að þeir þekktu hugsanir hans og áform, því að spádómsandinn hafði gefið þeim kraft til að vita það.

8 Og Seesrom tók að spyrja þá ákaft til þess að fá að vita meira um Guðs ríki. Og hann sagði við Alma: Hvað þýðir þetta, sem Amúlek sagði um upprisu dauðra, að allir muni rísa upp frá dauðum, bæði réttlátir og ranglátir, og verða leiddir fyrir Guð til að verða dæmdir af verkum sínum?

9 Og nú tók Alma að útskýra þetta fyrir honum og sagði: Mörgum er gefið að þekkja ^aleyndardóma Guðs, en samt sem áður hafa þeir ströng boð um að láta ekki ^buppi nema þann hluta orðs hans, sem hann birtir manna börnum, í samræmi við þann gaum, sem þau gefa honum og þá kostgæfni, sem þau auðsýna honum.

10 Og þess vegna mun sá, sem ^aherðir hjarta sitt, meðtaka ^blítinn

1 *b* LR Samviska.

3 *a* Jakob 2:5;

Al 10:17;

K&S 6:16.

5 *a* LR Djöfull.

6 *a* Al 5:7–10.

9 *a* Al 26:22.

LR Leyndardómar

Guðs.

b Jóh 16:12; Al 29:8;

3 Ne 26:8–11;

Et 4:7.

10 *a* 2 Ne 28:27;

Et 4:8.

b K&S 93:39.

hluta orðsins, en þeim, sem ‘ekki herðir hjarta sitt, honum mun ^aveitast stærri hluti orðsins, þar til honum er gefið að kynnast leyndardómum Guðs, þar til hann þekkir þá til fulls.

11 En þeim, sem vilja herða hjörtu sín, er gefinn minni ^ahluti orðsins, þar til þeir vita ^bekkert um leyndardóma hans, og þá hneppir djöfullinn þá í ánauð og leiðir þá að vilja sínum til tortím-ingar. Þetta er það, sem átt er við með ^chlekkjum ^avítis.

12 Og Amúlek hefur sagt á skýran og einfaldan hátt frá ^adauðanum og upprisunni frá því dauðlega til hins ódauðlega, og að vér verðum leidd fyrir dóm-grindur Guðs til að verða ^bdæmd af verkum vorum.

13 En ef hjörtu vor hafa forherst, já, ef vér höfum hert svo hjörtu vor gegn orðinu, að það hefur ekki fundist í oss, þá mun hlutskipti vort verða skelfilegt, því að þá munum vér fordæmd.

14 Því að ^aorð vor munu dæma oss, já, öll verk vor munu dæma oss. Vér munum ekki flekklaus fundin. Og hugsanir vorar munu einnig dæma oss, og í þessu skelfilega ástandi munum vér ekki dirfast að líta upp til Guðs vors og yrðum því fegnust, ef vér gætum skipað hömrum og ^bfjöllum að

falla yfir oss og ^chylja oss fyrir návist hans.

15 En þetta getur ekki orðið. Vér verðum að ganga fram og standa frammi fyrir honum í dýrð hans, veldi, mætti, tign og yfirráðum og viðurkenna, oss til ævarandi ^ahneisu, að allir ^bdómar hans eru réttvísir, að hann er réttvís í öllum verkum sínum og að hann er miskunnsamur manna-anna börnum, að hann hefur allt vald til að frelsa sérhvern mann, sem trúir á nafn hans og ber ávöxt samboðinn iðruninni.

16 Og sjá. Nú segi ég yður, að þá tekur við dauði, já, hinn ^aannar dauði, sem er andlegur dauði. Þá mun sá, sem deyr í syndum sínum, hvað stundlegan ^bdauða áhrærir, einnig ^cdeyja andlegum dauða. Já, hann mun deyja gagnvart öllu, sem réttlætið varðar.

17 Þá er sá tími kominn, að kvalir þeirra verði sem ^adíki elds og brennisteins, þar sem logarnir stíga upp, alltaf og að eilífu, og þá er sú stund upp runnin, að þeir hlekkjast ævarandi tortím-ingu, í samræmi við vald Satans og ánauð, þar eð hann hefur undirokað þá vilja sínum.

18 Ég segi yður, að þá munu þeir verða rétt eins og ^aengin endurlausn hafi átt sér stað, því að samkvæmt réttvísi Guðs er ekki unnt

10c LR Auðmjúkur, auðmýkt.
d 2 Ne 28:30; K&S 50:24.
11a Matt 25:29.
b LR Fráhvarf.
c Jóh 8:34; 2 Ne 28:19.
d Okv 9:18;
2 Ne 2:29. LR Helja.

12a Al 11:41–45.
b LR Lokadómur.
14a Matt 12:36; Jakbr 3:6;
Mósía 4:29–30.
b Hós 10:8; 2 Ne 26:5.
c Job 34:22; 2 Ne 12:10.
15a Mósía 3:25.
b 2 Pét 2:9.

LR Réttvísi.
16a LR Dauði, andlegur.
b Al 11:40–45.
c 1 Ne 15:33;
Al 40:26.
17a Op 19:20; 21:8;
Mósía 3:27.
18a Al 11:41.

að endurleysa þá. Og þeir geta ekki ^bdáið, því að ekkert er lengur forgengilegt.

19 Nú bar svo við, að þegar Alma hafði mælt þessi orð, varð fólkið enn meira undrandi —

20 En einn þeirra, Antíóna nokkur, foringi meðal þeirra, gekk fram og spurði hann: Hvað þýðir það, sem þú hefur sagt, að maðurinn muni rísa upp frá dauðum og breytast úr dauðlegu ástandi yfir í ^aódaðlegt ástand, þannig að sálin geti aldrei dáið?

21 Og hvað merkir sú ritning, sem segir, að Guð hafi sett ^akerúb og logandi sverð austan við aldingaröðinn ^bEden, til að fyrstu foreldrar okkar skyldu ekki komast þar inn og neyta af ávexti lífsins trés og lifa að eilífu? En á því sjáum við, að útilokað var, að þau mundu lifa að eilífu.

22 Þá sagði Alma við hann. Þetta er það, sem ég ætlaði að fara að útskýra. Vér sjáum nú, að Adam ^aféll með því að neyta af hinum forboðna ^bávexti, samkvæmt orði Guðs. Og þannig sjáum vér, að með falli hans varð allt mannkyn ^cglatað og fallið.

23 Og sjá. Ég segi yður, að hefði Adam verið mögulegt að ^aneyta af ávexti lífsins trés á þeim tíma,

hefði enginn dauði verið til, og orðið hefði verið innihaldslaust og gjört Guð að lygara, því að hann sagði: ^bEf þú neytir þess, munt þú vissulega deyjja.

24 Og vér sjáum, að ^adauðinn kemur yfir mannkynið, já, sá dauði, sem Amúlek talaði um og er stundlegur dauði. En engu að síður var ^bmanninum veitt svigrúm til að iðrast. Þess vegna varð þetta líf reynslutími, tími til að ^cbúa sig undir að mæta Guði, tími til að búa sig undir það óendanlega ástand, sem vér höfum talað um og fylgir í kjölfar upprisu hinna dauðu.

25 Án ^aendurlausnaráætlunarinnar, sem lögð var við grundvöllun veraldar, hefði engin ^bupprisa dauðra getað átt sér stað. En endurlausnaráætlunin var lögð fram, sem gjöra skal þá upprisu dauðra að veruleika, sem talað hefur verið um.

26 Og sjá nú. Ef fyrstu foreldrar vorir hefðu getað gengið fram og neytt af ^alífsins tré, hefðu þeir orðið vansælir alla tíð, þar eð þeir hefðu engan reynslutíma hlotið og ^bendurlausnaráætlunin þar með orðið ógild og orð Guðs innan-
tómt og ekkert gildi haft.

27 En sjá, svo fór ekki, heldur

18b Op 21:4; Al 11:45; K&S 63:49.

20a LR Ódaðlegur, ódaðleiki.

21a 1 Mós 3:24; Al 42:2; HDP Móse 4:31. LR Kerúb. b LR Eden.

22a LR Fall Adams og Evu.

b 1 Mós 3:6; 2 Ne 2:15–19; Mósía 3:26. c Mósía 16:4–5.

23a Al 42:2–9.

b 1 Mós 2:17.

24a LR Dauði, líkamlegur. b 2 Ne 2:21;

HDP Móse 5:8–12.

c Al 34:32–35.

25a LR Endurlausnaráætlunin.

b 2 Ne 2:8; Al 7:12; 42:23.

26a 1 Mós 2:9;

1 Ne 15:36; Al 32:40.

b Al 34:8–16; 42:6–28; HDP Móse 6:59–62.

varð mönnum ^aáskilið að verða að deyja. Og eftir dauðann verða þeir að gangast undir dóm, já, þann sama ^bdóm, sem vér höfum rætt um, sem er endalokin.

28 Og þegar Guð hafði ákvarðað, að þetta skyldi henda manninn, sjá, þá sá hann, að ráðlegt var að maðurinn vissi deili á því, sem hann hafði búið þeim.

29 Þess vegna sendi hann ^aengla til að tala við þá, og þannig sáu menn dýrð hans.

30 Og frá þeim tíma tóku þeir að ákalla nafn hans. Guð ^atalaði því við menn og kynnti þeim ^bendurlausnaráætlunina, sem fyrirbúin hafði verið allt frá ^cgrundvöllun veraldar, og þetta kunngjörði hann þeim í samræmi við trú þeirra og iðrun og heilagleika verka þeirra.

31 Þess vegna gaf hann mönnum ^aboðorð, en áður höfðu þeir brotið fyrstu ^bboðorðin, sem snertu hið stundlega, og orðið sem guðir, þar eð þeir ^cþekktu gott frá illu, sem aftur gjörði þeim mögulegt að ^aframkvæma eða breyta að vilja sínum og geðþótta, hvort heldur var illt eða gott —

32 Guð gaf þeim þess vegna boðorð, eftir að hafa ^akunngjört þeim endurlausnaráætlunina, um að þeir skyldu ekkert illt gjöra, en

refsingin við slíku var hinn annar ^bdauði, sem var ævarandi dauði gagnvart því sem réttlætið varðar, því að yfir slíka náði endurlausnaráætlunin ekki, því að ekki er hægt að tortíma verkum ^créttvísinnar, samkvæmt æðri gæsku Guðs.

33 En Guð ávarpaði mennina í nafni sonar síns (því að þetta var endurlausnaráætlunin, sem lögð var) og sagði: Ef þér iðrist og herðið ekki hjörtu yðar, þá mun ég sýna yður miskunn fyrir minn eingetna son —

34 Hver sem þess vegna iðrast og herðir ekki hjarta sitt, mun eiga kröfu til ^amiskunnar, fyrir minn eingetna son, til ^bfyrirgefningar synda sinna, og hann mun ganga inn til ^chvíldar minnar.

35 En hver sem herðir hjarta sitt og misgjörir, sjá, ég sver í heilagri reiði minni, að hann skal eigi inn ganga til hvíldar minnar.

36 Og sjá nú, bræður mínir. Ég segi yður, að ef þér herðið hjörtu yðar, þá munuð þér ekki ganga inn til hvíldar Drottins. Misgjörðir yðar munu því stýggja hann, svo að hann sendir heilaga reiði sína yfir yður eins og í hinni ^afyrstu ögrun, já, samkvæmt orði hans, jafnt í hinni síðustu ögrun sem í hinni fyrstu, sálum yðar til

27a Job 7:1; Hebr 9:27;
K&S 42:48.

b LR Lokadómur.

29a Moró 7:25, 31;
K&S 29:42.

30a HDP Móse 5:4–5; 6:51.
b LR Endurlausnaráætlunin.

c Mósía 18:13;

Al 13:3, 5, 7–8.

31a LR Boðorð Guðs.

b 1 Mós 2:16–17;

2 Ne 2:18–19.

c 1 Mós 3:22–23;

HDP Móse 4:11.

d 2 Ne 2:16.

LR Sjálfræði.

32a HDP Móse 5:4–9.

b LR Dauði, andlegur.

c Mósía 15:27;

Al 34:15–16; 42:15.

34a LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

b LR Fyrirgefning synda.

c LR Hvíld.

36a Jakob 1:7–8;

Al 42:6, 9, 14.

ævarandi ^btortímingar, eða samkvæmt orði hans, til hins síðasta dauða sem til hins fyrsta.

37 Og bræður mínir. Iðrumst nú, þegar vér vitum þetta, og það er sannleikur, og herðum ekki hjörtu vor, svo að vér ^aögrum ekki Drottni Guði vorum og köllum yfir oss heilaga reiði hans í þessum síðari boðorðum, sem hann hefur gefið oss, heldur göngum inn til ^bhvíldar Guðs, sem fyrirbúin er, samkvæmt orði hans.

13. KAPÍTULI

Menn fá köllun æðstu presta vegna mikillar trúar sinnar og góðra verka — Þeir eiga að kenna boðorðin — Vegna réttlætis eru þeir helgaðir og ganga inn til hvíldar Drottins — Melkisedek var einn þeirra — Englar boða gleðitíðindi um landið — Þeir munu kunngjöra hina eiginlegu komu Krists. Um 82 f.Kr.

Og enn fremur, bræður mínir, vil ég beina hugum yðar til þess tíma, er Drottinn Guð gaf börnum sínum þessi boðorð. Og ég vil, að þér minnst þess, að Drottinn Guð ^avígði presta eftir sinni heilögu reglu, sem var eftir reglu sonar hans, til að kenna fólkinu þessa hluti.

2 Og prestar þessir voru vígðir eftir ^areglu sonar hans, á þann

^bhátt að fólkið mætti þannig vita, á hvern hátt það ætti að biða sonar hans til að hljóta endurlausn.

3 Og á þennan hátt voru þeir vígðir — en í samræmi við ^aforþekkingu Guðs voru þeir ^bkallaðir og ^cundirbúin frá ^dgrundvöllun veraldar vegna mikillar trúar sinnar og góðra verka. Í fyrstu var þeim frjálst að ^evelja milli góðs og ills, og þegar þeir hafa valið hið góða og auðsýnt mjög sterka ^ftrú, eru þeir ^gkallaðir heilagri köllun, já, þeirri heilögu köllun, sem fyrirbúin var með og í samræmi við undirbúning að endurlausn slíkra.

4 Og þannig hafa þeir verið ^akallaðir til að þjóna þessari heilögu köllun vegna trúar sinnar, á meðan aðrir, sem að öðrum kosti kynnu að hafa notið sömu ^bréttinda og bræður þeirra, afneita anda Guðs vegna hörkunnar í hjörtum sínum og blindunnar í hugum sínum.

5 Eða að lokum: Í fyrstu voru þeir í ^asömu aðstöðu og bræður þeirra. Þannig var þessi heilaga köllun fyrirbúin frá grundvöllun veraldar fyrir þá, sem ekki hertu hjörtu sín, og var það í og fyrir friðþægingu hins eingetna sonar, sem fyrirbúin var —

6 Og þannig voru þeir kallaðir þessari heilögu köllun og vígðir til hins háa prestdæmis hinnar

36 *b* LR Fordæming.
37 *a* 1 Ne 17:30;
Jakob 1:8; He 7:18.
b Al 13:6–9.
13 *1a* Abr 2:9, 11.
2a K&S 107:2–4.
b Al 13:16.

3 *a* K&S 38:2.
b K&S 127:2.
LR Forvígsla; Kjör.
c K&S 138:55–56.
d Al 12:25, 30.
LR Fortilvera.
e LR Sjálfræði.

f LR Átrúnaður.
g LR Köllun, kallaður af Guði;
Prestdæmi.
4 *a* Et 12:10.
b 1 Ne 17:32–35.
5 *a* 2 Ne 26:28.

heilögu reglu Guðs, til að kenna mannanna börnum boðorð hans, svo að þau geti einnig gengið inn til "hvíldar hans —

7 Þetta háa prestdæmi er eftir reglu sonar hans, en sú regla var til frá grundvöllun veraldar, eða er með öðrum orðum "án upphafs daganna eða loka áranna, þar eð hún var fyrirbúin frá eilífð til allrar eilíðar, samkvæmt ^bforþekkingu hans á öllum hlutum —

8 En þeir voru "vígðir á þennan hátt — kallaðir heilagri köllun og vígðir heilagri vígslu, og tóku á sig hið háa prestdæmi hinnar heilögu reglu, en sú köllun og vígsla og það háa prestdæmi er án upphafs eða endis —

9 Þannig urðu þeir "æðstu prestar að eilífu eftir reglu sonarins, hins eingetna föðurins, sem er án upphafs daganna eða loka áranna, sem er fullur ^bnáðar, rétt-sýni og sannleika. Þannig er það. Amen.

10 En eins og ég sagði varðandi hina heilögu reglu, eða þetta "háa prestdæmi, þá voru margir vígðir og urðu æðstu prestar Guðs. Og það var vegna mikillar trúar þeirra, ^biðrunar og réttlætis fyrir Guði, þar eð þeir kusu að iðrast

og vinna réttlætisverk fremur en farast —

11 Þess vegna voru þeir kallaðir samkvæmt þessari heilögu reglu og "helgaðir og ^bklæði þeirra hvítþvegin með blóði lambsins.

12 En þegar þeir höfðu verið "helgaðir af ^bheilögum anda og klæði þeirra orðin hvít og þeir ^chreinir og flekklausir fyrir Guði, gátu þeir einungis litid á "synd með ^eviðbjóði, og margir, já, ákaflega margir, urðu hreinir og gengu inn til hvíldar Drottins Guðs síns.

13 Og nú vil ég, bræður mínir, að þér auðmýkið yður fyrir Guði og berið "ávöxt samboðinn iðruninni, svo að þér megid einnig ganga inn til þeirrar hvíldar.

14 Já, auðmýkið yður, rétt eins og fólkid á dögum "Melkisedeks, sem einnig var æðsti prestur eftir þeirri sömu reglu, sem ég hef rætt um, og sem einnig tók á sig hið háa prestdæmi að eilífu.

15 Og "Abraham galt þessum sama Melkisedek ^btíund. Já, meira að segja faðir vor Abraham galt tíund, sem nam einum tíunda hluta alls, sem hann átti.

16 En þessar "helgiathafnir voru veittar á þennan hátt, svo að

6a Al 12:37; 16:17.

LR Hvíld.

7a Hebr 7:3.

b LR Guð, guðdómur.

8a K&S 84:33–42.

LR Melkisedeksprest-dæmi.

9a LR Háprestur.

b 2 Ne 2:6. LR Náð.

10a K&S 84:18–22.

b LR Iðrast, iðrun.

11a HDP Móse 6:59–60.

b 1 Ne 12:10;

Al 5:21–27;

3 Ne 27:19–20.

12a Róm 8:1–9.

LR Lausn frá synd.

b LR Heilagur andi.

c LR Hreinn, hreinleiki.

d Mósía 5:2;

Al 19:33.

e Okv 8:13;

Al 37:29.

13a Lúk 3:8.

14a ÞJS 1 Mós 14:25–40

(Viðauki);

K&S 84:14.

LR Melkisedek.

15a LR Abraham.

b 1 Mós 14:18–20;

Mal 3:8–10. LR Tíund,

tíundargreiðslur.

16a LR Helgiathafnir.

þannig mætti fólkið vænta Guðssonar, því að það var að ^bfyrirmynd reglu hans, eða var hans regla, til þess að þeir gætu vænt hans til fyrirgefningar synda sinna og gætu gengið inn til hvíldar Drottins.

17 Þessi Melkisedek var konungur yfir Salemslandi, og fólk hans var djúpt sokkið í misgjörðir og viðurstyggð. Já, allt var það afvegaleitt og fullt af hvers kyns ranglæti —

18 En Melkisedek, sem hafði sýnt mikla trú og tekið við embætti hins háa prestdæmis, samkvæmt hinni ^aheilögu reglu Guðs, prédikaði iðrun fyrir fólki sínu. Og sjá. Það iðraðist, og Melkisedek kom á friði í landinu á sínum dögum. Því var hann nefndur friðarhöfðingi, því að hann var konungur Salem, og hann ríkti undir föður sínum.

19 En ^amargin voru á undan honum, og margin komu einnig á eftir honum, en ^benginn var honum fremri. Þess vegna hafa þeir minnst hans sérstaklega.

20 Óþarft er, að ég endurtaki þetta. Það, sem ég hef sagt verður að nægja. Sjá, ^aritningarnar eru fyrir framan yður. Ef þér viljið ^brangsnúa þeim, verður það yður til tortímingar.

21 En nú bar svo við, að þegar Alma hafði mælt þessi orð til

þeirra, rétti hann fram hönd sína og hrópaði völdugri röddu og sagði: Nú er tíminn til að ^aiðrast, því að dagur hjálpræðisins nálgastr —

22 Já, og fyrir ^amun engla boðar raust Drottins það öllum þjóðum, já, boðar þeim gleðitíðindi um mikinn fögnuð. Já, og hann lætur þessi gleðitíðindi hljóma meðal alls síns fólks, já, jafnvel meðal þeirra, sem dreifðir eru víðsvegar um allt yfirborð jarðar. Þess vegna hafa þau borist oss.

23 Og oss veitist þekking á þeim í ^askýrum orðum, þannig að ekki verði misskilið. En þetta er svo, vegna þess að vér erum ^bferðamenn í ókunnu landi. Þess vegna njótum vér mikillar hylli, því að þessi gleðitíðindi eru oss boðuð á öllum svæðum víngarðs vors.

24 Því að sjá. ^aEnglar boða þau mörgum á þessum tíma í landi voru í þeim tilgangi að búa hjörtu mannanna barna undir að taka við orði hans, þegar hann kemur í dýrð sinni.

25 Og nú bíðum vér einungis eftir að heyra fagnaðartíðindin um komu hans boðuð oss af vörum engla. Því að tíminn kemur, en hve fljótt ^avitum vér ekki. Ég vildi, að Guð gæfi, að það yrði á mínum dögum, en hvort sem það verður fyrir eða síðar, þá fagna ég því.

26 Og af englavörum mun það

16b LR Táknaæn merking.

18a LR Melkisedeksprestdæmi.

19a He 8:18;
K&S 84:6–16;
107:40–55.

b K&S 107:1–4.

20a LR Ritningar.

b 2 Pét 3:16; Al 41:1.

21a LR Iðrast, iðrun.

22a Al 10:20.

23a 2 Ne 25:7–8; 31:3; 32:7;

Jakob 4:13;

Et 12:39.

b Jakob 7:26.

24a Al 10:10; 39:19.

25a 1 Ne 10:4;

3 Ne 1:13.

opinberast ^aréttvísuð og heilögum mönnum, þegar hann kemur, til þess að orð feðra vorra um það rætist, samkvæmt því sem þeir hafa sagt um hann, sem var í samræmi við spádómsandann, sem í þeim var.

27 Og nú ^aóska ég þess, bræður mínir, af innstu hjartans rótum, já, af svo heitri þrá, að það veldur mér sársauka, að þér hlýðið á orð mín og varpið syndum yðar frá yður og sláið ekki iðrun yðar á frest —

28 Heldur að þér auðmýkið yður fyrir Drottni og ákallið hans heilaga nafn, ^avakið og biðjið án afláts, svo að þér ^bfreistist ekki um megn fram, heldur látið þannig leiðast af hinum heilaga anda, auðmjúkir, ^chógværir, undirgefni, þolinmóðir, fullir af elsku og langlundargeði —

29 Að þér ^ahafið trú á Drottin og von um að hljóta eilíft líf, með ^belsku Guðs stöðugt í hjörtum yðar, svo að yður verði lyft upp á efsta degi og þér gangið inn til ^chvíldar hans.

30 Og megi Drottinn gefa að þér iðrist, svo að þér kallið ekki heilaga reiði hans yfir yður og fjötrist ekki viðjum ^avítis og þurfið ekki að þola hinn annan ^bdauða.

31 Og Alma mælti mörg fleiri orð til fólksins, en þau eru ekki letruð í þessa bók.

14. KAPÍTULI

Alma og Amúlek settir í fangelsi og barðir — Hinir trúðu eru brenndir á báli ásamt heilögum ritningum þeirra — Drottinn tekur á móti þessum fórnarlömbum í dýrð — Veggir fangelsisins klofna og hrynja — Alma og Amúlek bjargast, og ofsóknarmenn þeirra láta lífið. Um 82–81 f.Kr.

OG svo bar við, að þegar hann hafði lokið máli sínu til fólksins, trúðu margir orðum hans og tóku að iðrast og kanna ^aritningarnar.

2 En meiri hlutinn vildi tortíma þeim Alma og Amúlek, því að þeir voru reiðir Alma, vegna þess hversu ^aopinskár hann var við Seesrom. Þeir sögðu einnig, að Amúlek hefði ^blogið að þeim, smánað lög þeirra, og einnig lögfræðinga þeirra og dómara.

3 Og þeir voru einnig reiðir þeim Alma og Amúlek. Og vegna þess að þeir höfðu vitnað svo opinskátt um ranglæti þeirra, reyndu þeir að losa sig við þá í laumi.

4 En svo bar við, að þeir gjörðu það ekki, heldur tóku þeir þá og bundu þá sterkum böndum og færðu fyrir æðsta dómara landsins.

5 Og fólkið gekk fram og bar vitni gegn þeim — vitnaði um,

26a Amos 3:7; Lúk 2:8–11.

27a Mósía 28:3.

28a LR Bæn; Vaka, vera á verði, verðir.

b 1 Kor 10:13.

c LR Hógvær, hógværð;

Polinmæði, þolgæði.

29a Al 7:24.

b K&S 20:31; 76:116.

LR Kærleikur.

c K&S 84:24.

30a LR Fordæming;

Helja.

b LR Dauði, andlegur.

14 1a 2 Kon 22:8–13.

LR Ritningar.

2a Al 12:3–7.

b Al 10:27.

að þeir hefðu smánað lögin, lögfræðinga þeirra og dómara landsins, sem og allt fólkið í landinu, og vitnaði einnig, að aðeins væri einn Guð, og hann mundi senda son sinn meðal fólksins, en hann mundi ekki frelsa það. Og margt því líkt vitnaði fólkið gegn Alma og Amúlek. En vitnaleiðslan fór fram fyrir æðsta dómara landsins.

6 Og svo bar við, að Seesrom undraðist orðin, sem mælt höfðu verið. Hann vissi einnig um blinduna, sem hann hafði valdið í hugum fólksins með lygum sínum, og sál hans varð ^ahrjáð af ^bmeðvitundinni um eigin sekt. Já, hann leið vítiskvalir.

7 Og svo bar við, að hann tók að hrópa til fólksins og segja: Sjá, ég er ^asekur, en þessir menn eru flekklausir fyrir Guði. Og hann tók að tala máli þeirra upp frá því, en þeir smánuðu hann og sögðu: Ert þú einnig haldinn djöflinum? Og þeir hræktu á hann og ^bvísuðu honum burtu frá sér, ásamt öllum þeim, sem trúðu orðunum, sem Alma og Amúlek höfðu mælt. Og þeir vísuðu þeim burtu og sendu út menn til að grýta þá.

8 Og þeir söfnuðu konum þeirra og börnum saman, og öllum þeim, sem trúðu eða hafði verið kennt að trú á orð Guðs, létu þeir kasta á bál. Þeir tóku einnig fram heimildir þeirra, sem höfðu

að geyma hin helgu rit, og köstuðu þeim einnig á bálið, til þess að eldurinn mætti brenna þær og tortíma.

9 Og svo bar við, að þeir tóku Alma og Amúlek og leiddu þá fram til píslavættisstaðarins, til þess að þeir yrðu vitni að tortímingu þeirra, sem eldurinn gleypti.

10 Þegar Amúlek sá kvalir kvennanna og barnanna, sem eldurinn gleypti, leið hann einnig kvalir og sagði við Alma: Hvernig getum við horft á þessa hræðilegu sjón? Réttum fram hendur okkar og beitum ^akrafti Guðs, sem í okkur er, og björgum þeim úr logunum.

11 En Alma sagði við hann: Andinn aftrar mér frá því að rétta fram hönd mína. Því að sjá. Drottinn tekur þau til sín í ^adýrð, og hann leyfir, að þeir gjöri þetta eða að fólkið megi gjöra þeim þetta í samræmi við hörkuna í hjörtum þeirra, svo að ^bdómarnir, sem hann fellir yfir þeim í heilagri reiði sinni, verði réttvísir, og ^cblóð hinna ^dsaklausu mun standa sem vitnisburður gegn þeim, já, hrópa hástöfum gegn þeim á efsta degi.

12 Þá sagði Amúlek við Alma: Ef til vill brenna þeir okkur einnig.

13 Og Alma svaraði: Verði vilji Drottins. En sjá, verkum okkar er ekki lokið, þess vegna brenna þeir okkur ekki.

6a Al 15:5.
b LR Samviska.
7a Al 11:21–37.
b Al 15:1.

10a Al 8:30–31.
11a LR Dýrð.
b Sálm 37:8–13;
Al 60:13; K&S 103:3.

LR Réttvísi.
c LR Píslarvottur,
píslarvætti.
d Mósía 17:10.

14 Nú bar svo við, að þegar eldurinn gleypti líkama þeirra, sem kastað hafði verið á hann, og heimildaritin, sem kastað var á hann um leið, kom yfirdómari landsins og staðnæmdist frammi fyrir Alma og Amúlek, þar sem þeir voru í fjötrum. Hann laust þá kinnhest og sagði við þá: Viljið þið enn, eftir að hafa horft á þetta, boða þessu fólki, að því verði kastað í “díki elds og brennisteins?

15 Þið sjáið, að þið höfðuð ekki kraft til að bjarga þeim, sem kastað hefur verið á eldinn, né heldur hefur Guð bjargað þeim, þótt þau tilheyri trú ykkar. Og dómariinn laust þá aftur kinnhest og spurði: Hvað hafið þið fram að færa fyrir ykkur sjálfa?

16 Dómari þessi tilheyrði reglu og trú “Nehors, sem réði Gídeon af dögum.

17 Og svo bar við, að þeir Alma og Amúlek svöruðu honum engu, og hann laust þá aftur og fékk þá fangavörðunum í hendur og lét varpa þeim í fangelsi.

18 Og þegar þeim hafði verið varpað í fangelsi og þeir dvalið þar í þrjá daga, komu margir “lögvitringar, dómara, prestar og kennarar, sem játuðu Nehors-trú, til þeirra í fangelsið og spurðu þá um margt, en þeir svöruðu þeim engu.

19 Og svo bar við, að dómariinn staðnæmdist frammi fyrir þeim og sagði: Hví svarið þið ekki þessum

mönnum? Vitið þið ekki, að það er á mínu valdi að kasta ykkur á logana? Og hann skipaði þeim að tala, en þeir svöruðu engu.

20 Og svo bar við, að þeir gengu út og héldu leiðar sinnar, en komu aftur næsta dag. Og dómariinn sló þá kinnhest enn einu sinni, og margir gengu einnig fram, lustu þá og sögðu: Ætlið þið enn að standa og dæma þetta fólk og for-dæma lög okkar? Ef þið hafið svo mikið vald, hvers vegna “bjargið þið ekki sjálfum ykkur?

21 Og margt þvílíkt sögðu þeir við þá, gnistu tönnum, hræktu á þá og sögðu: Hvernig verðum við útlits, þegar búið er að dæma okkur?

22 Og margt þess háttar, já, alls konar hluti sögðu þeir við þá. Og þannig hæddu þeir þá í marga daga. Og þeir létu þá vera án matar, svo að þá mætti hungra, og án vatns, svo að þá mætti þyrsta. Og þeir tóku einnig af þeim fötin, svo að þeir væru naktir. Og þannig voru þeir fjöttraðir sterkum böndum og haldið föngnum.

23 Og svo bar við, að eftir að þeir höfðu þjáðst þannig í marga daga (og það var á tólfta degi tíunda mánaðar, tíunda stjórnarárs dóm-aranna yfir Nefíþjóðinni) fór yfirdómari Ammóníalands og margir kennarar þeirra og lögfræðingar í fangelsið, þar sem Alma og Amúlek voru fjöttraðir böndum.

24 Og yfirdómariinn stóð fyrir

14a Al 12:17.
16a Al 1:7–15.

18a Al 10:14; 11:20.
20a Matt 27:39–43.

framan þá og laust þá á ný og sagði við þá: Ef þið hafið kraft Guðs, skuluð þið losa ykkur úr þessum fjötrum, og þá munum við trúa, að Drottinn tortími þessu fólki, eins og þið segið.

25 Og svo bar við, að allir gengu þeir fram og lustu þá og höfðu yfir sömu orðin, allt til síðasta manns. En þegar hinn síðasti hafði talað til þeirra, kom ^akraftur Guðs yfir Alma og Amúlek, og þeir risu á fætur.

26 Og Alma hrópaði og sagði: Hve lengi eigum vér að þola þessar miklu ^aþrengingar, ó Drottinn? Ó Drottinn, veit oss styrk til að losna, fyrir trú vora á Krist. Og þeir sprengdu af sér böndin, sem þeir voru fjötraðir. Þegar mennirnir sáu þetta, lögðu þeir á flotta, því að óttinn við tortímingu hafði gripið þá.

27 Og svo bar við, að svo mikill var ótti þeirra, að þeir féllu til jarðar og komust ekki að ytri dyrum ^afangelsisins. Og jörðin nötraði af miklum krafti, og veggir fangelsisins klofnuðu í tvennt og hrundu til jarðar. Og yfirdómarinn, lögfræðingarnir, prestarnir og kennararnir, sem lostið höfðu Alma og Amúlek, létu lífið við hrun þeirra.

28 Og Alma og Amúlek komu út úr fangelsinu ómeiddir, því að Drottinn hafði veitt þeim kraft í samræmi við trú þeirra á Krist. Og þeir gengu beint út úr fangelsinu, ^alausir úr fjötrum sínum. Og

fangelsið hafði hrunið til jarðar, og hver sála innan veggja þess hafði látið lífið, nema Alma og Amúlek. Og þeir héldu beina leið inn í borgina.

29 En fólkið, sem heyrnt hafði mikinn hávaða, kom hlaupandi hópum saman til að vita, af hverju hann stafaði, og þegar það sá Alma og Amúlek koma út úr fangelsinu og að veggir þess höfðu hrunið til jarðar, var það slegið miklum ótta og flúði undan Alma og Amúlek, eins og geit með afkvæmi sín undan tveim ljónum. Og þannig flúði það undan þeim Alma og Amúlek.

15. KAPÍTULI

Alma og Amúlek fara til Sídom og stofna þar kirkju — Alma læknar Seesrom, sem gengur í kirkjuna — Margir láta skírast og kirkjan eflist — Alma og Amúlek fara til Sarahemla. Um 81 f.Kr.

Og svo bar við, að Alma og Amúlek var skipað að hverfa úr borginni, og þeir lögðu af stað og héldu alla leið inn í Sídomsland, og sjá, þar fundu þeir alla þá, sem yfirgefið höfðu ^aAmmóníaland og grýttir höfðu verið og gjörðir ^bútrækir, vegna þess að þeir trúðu orðum Alma.

2 Og þeir sögðu þeim frá öllu, sem komið hafði fyrir ^aeiginkonur þeirra og börn, sem og fyrir þá sjálfa, og frá þeim ^bkrafti, sem bjargaði þeim.

25a Al 8:31.

26a Jakbr 5:10–11;
Mósía 17:10–20;
K&S 121:7–8.

27a Post 16:26;

Et 12:13.

28a Jakob 4:6;
3 Ne 28:19–22.

15 1a Al 16:2–3, 9, 11.

b Al 14:7.

2a Al 14:8–14.

b Al 14:28.

3 Og Seesrom var einnig í Sídom og lá sjúkur með brennandi hita, sem stafaði af því mikla sálarstríði, sem hrjáði huga hans vegna “ranglætis hans, því að hann taldi, að Alma og Amúlek væru ekki lengur á lífi, og hann gjörði ráð fyrir, að þeir hefðu verið líflátnir vegna misgjörða hans sjálfs. Og þessi mikla synd, ásamt mörgum syndum hans öðrum, hrjáði huga hans, þar til hann engdist af kvölum, sem hvergi linnti. Þess vegna þjáðist hann af brennandi hita.

4 Þegar hann heyrði, að Alma og Amúlek væru í Sídomslandi, fylltist hann hugrekki. Og hann sendi þeim strax boð um að koma til sín.

5 Og svo bar við, að þeir fóru samstundis og hlýddu boði því, sem hann sendi þeim. Og þeir fóru inn í húsið til Seesroms og fundu hann í rúmi sínu sjúkan, og mjög af honum dregið, með brennandi sótthita. Og hugur hans var einnig kvalinn vegna misgjörða hans. En þegar hann sá þá, rétti hann fram hönd sína og bað þá um að lækna sig.

6 Og svo bar við, að Alma tók í hönd hans og sagði: “Trúir þú á kraft Jesú Krists til sáluhjálpar?”

7 Og hann svaraði og sagði: Já, ég trúi öllu því, sem þú hefur kennt.

8 Og Alma sagði: Ef þú trúir á endurlausn Krists, þá er hægt að “lækna þig.

9 Og hann sagði: Já, ég trúi í samræmi við orð þín.

10 Og þá ákallaði Alma Drottin og sagði: Ó, Drottinn Guð vor, haf miskunn með þessum manni og “lækna hann samkvæmt trú hans á Krist.

11 Og þegar Alma hafði mælt þessi orð, “spratt Seesrom á fætur og tók að ganga, og olli þetta fólki mikilli undrun, og fréttin um það barst um gjörvallt Sídomsland.

12 Og Alma skírði Seesrom Drottni, en hann tók upp frá því að prédika fyrir fólkinu.

13 Og Alma stofnaði kirkju í Sídomslandi og vígði presta og kennara í landinu til að skíra Drottni hvern þann, sem vildi láta skíra sig.

14 Og svo bar við, að þeir voru margir, því að þeir hópuðust að frá öllum svæðunum umhverfis Sídom og létu skírast.

15 En íbúar Ammóníalands héldu áfram að vera harðbrjósta og þrjóskir, og þeir iðruðust ekki synda sinna, heldur eignuðu djöflinum allt vald Alma og Amúleks, því að þeir játuðu “Nehorstrú og höfðu ekki trú á iðrun vegna synda sinna.

16 Og svo bar við, að hvað Alma og Amúlek viðvék, þá hafði Amúlek “yfirgefið allt gull sitt og silfur og önnur verðmæti sín í Ammóníalandi vegna orðs Guðs, og fyrrum vinir hans, ásamt föður hans og ættmennum, höfðu “afneitað honum —

17 Og þess vegna — eftir að Alma hafði stofnað söfnuðinn í

3a Al 14:6–7.

6a Mark 9:23.

8a LR Lækna, lækningar.

10a Mark 2:1–12.

11a Post 3:1–11.

15a Al 1:2–15.

16a Lúk 14:33;

Al 10:4.

b LR Ofsækja, ofsókn.

Sídom og séð mikil ^astraumhvörf, já, séð fólkið láta af hroka sínum og ^bauðmýkja sig fyrir Guði og koma saman í helgidómum sínum til að ^ctilbiðja Guð frammi fyrir altarinu, ^dvaka og biðja án afláts um að mega frelsast frá Satan, frá ^edauða og tortímingu —

18 Eftir að Alma hafði séð allt þetta, tók hann því Amúlek með sér og fór til Sarahemlalandis og tók hann inn í sitt eigið hús, veitti honum huggun í andstreymi hans og styrkti hann í Drottni.

19 Þannig lauk tíunda stjórnarári dómaraanna yfir Nefíþjóðinni.

16. KAPÍTULI

Lamanítar eyða íbúum Ammónía — Sóram leiðir Nefíta til sigurs yfir Lamanítum — Alma og Amúlek og margir aðrir boða orðið — Þeir boða að Kristur muni birtast Nefítum eftir upprisu sína. Um 81–77 f.Kr.

Og svo bar við, að á ellefta stjórnarári dómaraanna yfir Nefíþjóðinni, á fimmta degi annars mánaðarins, eftir að mikill friður hafði ríkt í Sarahemlalandi og engin stríð eða illdeilur verið árum saman, allt til fimmta dags annars mánaðarins á ellefta árinu, að heróp heyrðist um gjörvallt landið.

2 Því að sjá. Herir Lamaníta höfðu ráðist inn yfir landamærin, er snúa að óbyggðunum, og allt

inn í ^aAmmóníaborg og tóku að drepa fólkið og tortíma borginni.

3 Og nú bar svo við, að áður en Nefítarnir gátu náð saman nógu miklu liði til að reka þá út úr landinu, höfðu þeir ^atortímt íbúum Ammóníaborgar og einnig nokkrum nærri landamærum Nóa, en flutt aðra fanga út í óbyggðirnar.

4 Nú bar svo við, að Nefítar höfðu hug á að ná þeim, sem fluttir höfðu verið sem fangar út í óbyggðirnar.

5 Sá, sem skipaður hafði verið yfirhershöfðingi herja Nefíta (en nafn hans var Sóram, og hann átti tvo syni, Lehí og Aha) — Sóram og synir hans tveir, en þeir vissu, að Alma var æðsti prestur kirkjunnar og höfðu heyrt, að hann væri gæddur spádómsanda, fóru þess vegna til hans og leit-uðu fregna hjá honum, hvert út í óbyggðirnar Drottinn æskti að þeir færu í leit að bræðrum sínum, sem Lamanítar höfðu tekið til fanga.

6 Og svo bar við, að Alma ^aspurði Drottin um þetta atriði. Og Alma sneri aftur og sagði við þá: Sjá, Lamanítar munu fara yfir Síðonsfljót í suðuróbyggðunum, handan landamæra Mantílands. Og sjá. Þið skuluð mæta þeim austan við Síðonsfljót, og þar mun Drottinn fá ykkur í hendur bræðurna, sem Lamanítar tóku til fanga.

17a Al 16:21.
b LR Auðmjúkur,
auðmýkt.
c LR Tilbeiðsla.

d LR Bæn; Vaka, vera á
verði, verðir.
e LR Dauði, andlegur.
16 2a Al 15:1, 15–16.

3a Al 9:18.
6a Al 43:23–24.

7 Og svo bar við, að Sóram og synir hans fóru yfir Sídonsljót með heri sína og fóru yfir landamæri Mantí inn í suðurhluta óbyggðanna, sem voru að austanverðu við Sídonsljót.

8 Og þeir réðust á hersveitir Lamaníta, og Lamanítum var tvístrað og þeir hraktir út í óbyggðirnar. En þeir náðu bræðrum sínum, sem Lamanítar höfðu tekið til fanga, og ekki eina sálu meðal þeirra, sem teknir höfðu verið til fanga, höfðu þeir misst. Og bræður þeirra fluttu þá til eigin landa þeirra.

9 Og þannig lauk ellefta stjórnarári dómara, og Lamanítar höfðu verið hraktir úr landinu, en íbúum Ammónía verið ^atortímt. Já, sérhverri lifandi sál meðal Ammóníta var ^btortímt og einnig hinni miklu borg þeirra, sem þeir sögðu Guð ekki geta tortímt, vegna þess hve mikil hún væri.

10 En sjá. Á ^aeinum degi var hún lögð í eyði, og hundar og villidýr úr óbyggðunum rifu hræin í sig.

11 Lengi síðan lágu samt líkin í hrúgum á yfirborði jarðar, aðeins þakin örþunnu lagi. Og svo sterkur var fnykur þeirra, að í mörg ár fór enginn inn í Ammóníaland til að setjast þar að. Og það var kallað Nehorsauðn, því að þeir, sem drepnir höfðu verið,

voru ^aNehorstrúar, og land þeirra hélst áfram í eyði.

12 Og Lamanítar komu ekki aftur til að berjast við Nefíta fyrr en á fjórtánda stjórnarári dómara yfir Nefíþjóðinni. Og þannig naut Nefíþjóðin viðvarandi friðar í öllu landinu í þrjú ár.

13 Og Alma og Amúlek fóru um og prédikuðu iðrun fyrir fólkinu í ^amusterum þess og helgistöðum, sem og í ^bsamkunduhúsum þess, sem byggð voru að hætti Gyðinga.

14 Og öllum þeim, sem heyra vildu orð þeirra, létu þeir í té orð Guðs án afláts og fóru ekki í ^amanngreinaralit.

15 Og þannig fóru þeir Alma og Amúlek um ásamt fjölmörgum öðrum, sem útvaldir höfðu verið til verksins, og boðuðu orðið um gjörvallt landið. Og kirkjan var almennt stofnuð um allt land, í öllum nærliggjandi héruðum, meðal allrar Nefíþjóðarinnar.

16 Og ekkert ^amisrétti var meðal þeirra. Drottinn úthellti anda sínum um allt landið til að búa hugi manna barna, eða búa ^bhjörtu þeirra undir að meðtaka orðið, sem kennt skyldi meðal þeirra á komutíma hans —

17 Til þess að þeir skyldu ekki herðast gegn orðinu og ekki verða vantrúaðir og ganga á vit tortímingar, heldur mættu taka við orðinu með gleði og verða græddir

9a Al 8:16; 9:18–24;

Morm 6:15–22.

b Al 25:1–2.

10a Al 9:4.

11a Al 1:15; 24:28–30.

13a 2 Ne 5:16.

b Al 21:4–6, 20.

14a Al 1:30.

16a Mósía 18:19–29;

4 Ne 1:3.

b LR Sundurkramið hjarta.

sem “grein á hinn sanna ^bvínvið og mættu ganga inn til ‘hvíldar Drottins Guðs síns.

18 En “prestar þessir, sem fóru um meðal fólksins, prédikuðu gegn lygum, ^bblekkingum, ‘öfund, deilum, illgirni, lastmælum, stuldi, ránum, gripdeildum, manndrápum, hórdómi og hvers kyns losta og hrópuðu, að slíkt ætti ekki að eiga sér stað —

19 Og þeir sögðu fyrir um það, sem brátt mundi verða. Já, þeir sögðu fyrir um “komu Guðssonar, þjáningar hans og dauða, sem og upprisu hinna dauðu.

20 Og margir spurðu, hvar sonur Guðs mundi birtast. Og þeim var kennt, að hann mundi “birtast þeim ^beftir upprisu sína, og á þetta hlustuðu þeir með miklum fögnuði og gleði.

21 En eftir að kirkjan hafði verið stofnsett um gjörvallt landið — og hafði unnið “sigur yfir djöflinum og orð Guðs var boðað hreint og ómengað um allt land og Drottinn úthellti blessunum sínum yfir þjóðina — lauk þannig fjórta ánda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

Frásögn af sonum Mósía, sem höfnuðu rétti sínum til konungdóms fyrir Guðsorð og fóru upp til Nefílands til að prédika fyrir

Lamanítum. Um þjáningar þeirra og frelsun — samkvæmt heimildaskrá Alma.

Nær yfir 17. til og með 27. kapitula.

17. KAPÍTULI

Synir Mósía hafa anda spádóms og opinberunar — Þeir fara hver í sína átt til að boða Lamanítum orðið — Ammon fer til lands Ísmæls og verður þjónn Lamonís konungs — Ammon ver hjarðir konungs og drepur óvini hans við Sebusvatn. Vers 1–3 um 77 f.Kr., vers 4 um 91–77 f.Kr. og vers 5–39 um 91 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Alma var á leið frá Gídeonslandi suður til Mantílands, sjá, þá “hitti hann sér til undrunar ^bsyni Mósía, sem voru á leið til Sarahemlalandis.

2 Þessir synir Mósía voru með Alma, þegar engillinn birtist honum “fyrst, og þess vegna fylltist Alma áköfum fögnuði yfir að hitta bræður sína. Það jók á gleði hans, að þeir voru enn bræður hans í Drottni. Já, þeir höfðu styrkst í þekkingu sinni á sannleikanum, því að þeir voru menn gæddir heilbrigðum skilningi og höfðu ^bkynnt sér ritningarnar af kostgæfni til þess að öðlast þekkingu á orði Guðs.

17a Jakob 5:24.

b LR Víngarður Drottins.

c Al 12:37; 13:10–13.

18a Al 15:13.

b LR Blekking, blekkja.

c LR Öfund.

19a LR Jesús Kristur —

Spádómar um fæðingu og dauða Jesú Krists.

20a 2 Ne 26:9;

3 Ne 11:7–14.

b 1 Ne 12:4–6.

21a Al 15:17.

17 1a Al 27:16.

b Mósía 27:34.

2a Mósía 27:11–17.

b LR Ritningar.

3 En þetta var ekki allt. Þeir höfðu “beðið mikið og fastað, og höfðu þar af leiðandi anda spádóms og anda opinberunar, og þegar þeir ^bkenndu, þá kenndu þeir með krafti og valdi Guðs.

4 Og í fjórtán ár höfðu þeir kennt orð Guðs meðal Lamaníta og höfðu með góðum ^aarangri ^bleitt marga til þekkingar á sannleikanum. Já, fyrir kraft orða þeirra voru margir leiddir fyrir altari Guðs til að ákalla nafn hans og játa syndir sínar fyrir honum.

5 Þannig voru aðstæður þeirra. Þeir liðu miklar þrengingar á ferðum sínum. Þeir þjáðust mikið, bæði hugur og líkami, af hungri, þorsta, þreytu og miklu andlegu ^aálagi.

6 Ferðum þeirra var þannig háttað: Þegar þeir höfðu ^akvatt föður sinn, Mósía, á fyrsta stjórnarári dómaranna, og eftir að hafa ^bhafnað konungdóminum, sem faðir þeirra hafði hug á að veita þeim og einnig var vilji þjóðarinnar —

7 Þá yfirgáfu þeir Sarahemland, tóku sverð sín, spjót sín, boga sína, örvar og slöngur. Og þetta gjörðu þeir til að geta séð sér fyrir fæðu, meðan þeir væru í óbyggðunum.

8 Og þannig héldu þeir út í óbyggðirnar með það lið, sem

þeir höfðu valið, til Nefílands til að boða Lamanítum orð Guðs.

9 Og svo bar við, að þeir voru marga daga á ferð í óbyggðunum, föstuðu mikið og ^abáðu Drottin heitt um að veita sér hlutdeild í anda sínum, svo að hann mætti fylgja þeim og vera með þeim og þeir gætu orðið ^bverkfæri í höndum Guðs til að leiða bræður sína, Lamaníta, til þekkingar á sannleikanum, ef hægt væri, og koma þeim í skilning um, hve marklausar og rangar ^carfsagnir feðra þeirra væru.

10 Og svo bar við, að Drottinn ^avitjaði þeirra með ^banda sínum og sagði við þá: Látið ^chuggast! Og þeir létu huggast.

11 Og Drottinn sagði einnig við þá: Farið meðal Lamaníta, bræðra yðar, og staðfestið orð mitt. Verið ^aþolinmóðir í þjáningum yðar og þrengingum og sýnið þeim þannig gott fordæmi í mér, og ég mun gjöra yður að verkfæri í höndum mínum til hjálpraedis margri sál.

12 Og svo bar við, að hjörtu sona Mósía og einnig þeirra, sem þeim fylgdu, fylltust hugrekki til að ganga fram meðal Lamaníta og boða þeim orð Guðs.

13 Og svo bar við, að þegar þeir voru komnir að landamærum Lamaníta, ^askildu þeir, og héldu

3a LR Bæn; Fasta.

b LR Kenna, kennari —
Kennsla með
andanum.

4a Al 29:14.

b LR Trúboðsverk.
c LR Játa, jätning.

5a Al 8:10.

6a Mósía 28:1, 5–9.

b Mósía 29:3.

9a Al 25:17.

LR Bæn.

b Mósía 23:10;
Al 26:3.

c Al 3:10–12.

10a K&S 5:16.

b LR Heilagur andi.

c Al 26:27.

11a Al 20:29.

LR Þolinmæði, þolgæði.
13a Al 21:1.

hver sína leið og treystu Drottni, að þeir mundu hittast aftur við lok ^buppskeru sinnar, því að þeir töldu verkið mikið, sem þeir höfðu tekist á hendur.

14 Og vissulega var verkið mikið, því að þeir höfðu tekist á hendur að boða ^avilltri þjóð Guðs orð, þjóð, sem var full af hörku og grimmd, þjóð, sem naut þess að myrða Nefíta, ræna þá og rupla. Og hjörtu þeirra girntust auðæfi, gull, silfur og dýrmæta steina, en þeir reyndu að afla sér þessara hluta með því að drepa og ræna og losna þannig við að vinna fyrir þeim með eigin höndum.

15 Þannig voru þeir duglaus þjóð, og margir þeirra tilbáðu skurðgoð, og ^abölvun Guðs hafði komið yfir þá vegna ^barfsagna feðra þeirra. Engu að síður náðu fyrirheit Drottins til þeirra, gegn því að þeir iðruðust.

16 Og af þeirri ^aástæðu höfðu synir Mósía tekið þetta verk að sér, að þeir gætu ef til vill leitt þá til iðrunar og veitt þeim þekkingu á endurlausnaráætluninni.

17 Þess vegna skildu þeir hver við annan og héldu einir síns liðs meðal þeirra í samræmi við orð og kraft Guðs, sem sérhverjum þeirra var gefinn.

18 En Ammon, sem var foringi þeirra, eða réttara sagt leiddi þá, skildi við þá eftir að hafa ^bblessað þá í samræmi við hinar ýmsu stöður þeirra og veitt þeim orð

Guðs eða leitt þá, áður en hann lagði af stað. Og þannig lögðu þeir upp í ferðir sínar um landið.

19 Og Ammon fór til lands Ísmaels, en landið var nefnt eftir sonum ^aÍsmaels, sem einnig urðu Lamanítar.

20 Og þegar Ammon kom inn í Ísmaelsland, tóku Lamanítar hann og fjötruðu hann, eins og þeir voru vanir að fjötra alla Nefíta, sem féllu þeim í hendur og bera þá fram fyrir konunginn. Það var því eftirlátið vilja og geðþótta konungs, hvort honum þóknaðist að drepa þá, halda þeim í ánaud, varpa þeim í fangelsi eða vísa þeim úr landi.

21 Og á þennan hátt var Ammon færður fyrir konunginn, sem var yfir Ísmaelslandi, en nafn hans var Lamoní, og hann var afkomandi Ísmaels.

22 Og konungur spurði Ammon, hvort hann hefði löngun til að dvelja í landinu meðal Lamaníta eða meðal þjóðar hans.

23 Og Ammon sagði við hann: Já, mig langar að dvelja meðal þessa fólks um tíma, já, ef til vill til dauðadags.

24 Og svo bar við, að Lamoní konungi líkaði vel við Ammon og lét leysa fjötra hans. Og hann vildi, að Ammon gengi að eiga eina af dætrum sínum.

25 En Ammon sagði við hann: Nei, en ég vil vera þjónn þinn. Þess vegna gjörðist Ammon þjónn Lamonís konungs. Og svo bar

13b Matt 9:37.

14a Mósía 10:12.

15a Al 3:6–19;

3 Ne 2:15–16.

b Al 9:16–24; 18:5.

16a Mósía 28:1–3.

18a LR Blessa, blessaður,

blessun.

19a 1 Ne 7:4–6.

við, að hann var settur til að gæta hjarða Lamonís ásamt öðrum þjónum, að hætti Lamaníta.

26 Og þegar hann hafði verið í þjónustu konungs í þrjá daga, var hann, ásamt Lamanítaþjónum, á leið með hjarðir þeirra að vatnsbóli, sem kallað var Sebusvatn, en þangað ráku allir Lamanítar hjarðir sínar til að brynna þeim —

27 En er Ammon og þjónar konungs ráku hjarðir sínar að vatnsbóli þessu, sjá, þá voru þar nokkrir Lamanítar fyrir, sem höfðu verið að brynna hjörðum sínum, og tvístruðu þeir hjörðum Ammons og þjóna konungs, og þeir tvístruðu þeim svo rækilega, að þær flúðu í allar áttir.

28 Nú tóku þjónar konungs að kvarta og segja: Nú mun konungurinn drepa okkur eins og hann gjörði við bræður okkar, vegna þess að hjörðum þeirra var tvístrað fyrir ranglæti þessara manna. Og það setti að þeim ákafan grát, og þeir sögðu: Sjá, það er þegar búið að tvístra hjörðum okkar.

29 Og þeir grétu af ótta við að verða drepnir. En þegar Ammon sá þetta, gladdist hann ákaft í hjarta sér, því að, sagði hann, ég mun sýna þessum samþjónum mínum kraft minn, eða þann kraft, sem í mér er, með því að koma þessum hjörðum aftur til konungs, svo að ég fái unnið hjörtu þessara samþjóna minna og geti leitt þá til trúar á orð mín.

30 Og þetta voru hugsanir

Ammons, þegar hann sá þrengingar þeirra, sem hann nefndi bræður sína.

31 Og svo bar við, að hann skjallaði þá með orðum sínum og sagði: Bræður mínir, verið vonglaðir. Við skulum fara og leita að hjörðunum og ná þeim saman og leiða þær aftur að vatnsbólinu, og þannig munum við varðveita hjarðirnar fyrir konunginn, og hann lætur ekki drepa okkur.

32 Og svo bar við, að þeir fóru að leita hjarðanna, og þeir héldu á eftir Ammon og hlupu allt hvað af tók, komust fyrir hjarðir konungs og smöluðu þeim aftur saman að vatnsbólinu.

33 Og sömu menn ætluðu aftur að tvístra hjörðum þeirra, en Ammon sagði við bræður sína: Sláið hring um hjarðirnar, svo að enginn komist undan, og ég ætla að fara og takast á við þessa menn, sem tvístra hjörðum okkar.

34 Þeir gjörðu eins og Ammon bauð, og hann gekk fram, reiðubúinn að takast á við þá, sem stóðu við Sebusvötn, en þeir voru ófáir.

35 Þess vegna óttuðust þeir Ammon ekki, því að þeir gjörðu ráð fyrir, að einn af þeirra mönnum gæti drepíð hann, ef þeim svo þóknaðist, því að þeir vissu ekki, að Drottinn hafði heitið Mósía að "bjarga sonum hans úr höndum þeirra. Og þeir vissu heldur ekki neitt um Drottin. Þess vegna höfðu þeir ánægju af því

að tortíma bræðrum sínum, og af þeirri ástæðu stóðu þeir og tvístruðu hjörðum konungs.

36 En Ammon gekk fram og tók að kasta að þeim steinum með slöngu sinni. Já, hann slöngvaði að þeim steinum af feikna krafti og varð þannig nokkrum þeirra að bana, svo að þeir tóku að undrast afl hans. Engu að síður reiddust þeir vegna dauða bræðra sinna og voru ákveðnir í, að hann skyldi falla. Þegar þeir sáu, að þeir gátu ekki hitt hann með steinum sínum, tóku þeir fram kylfur til að drepa hann með.

37 En sjá. Með sverði sínu hjó Ammon handlegginn af hverjum þeim, sem lyfti kylfu sinni til að ljósta hann, því að hann stóðst högg þeirra með því að höggva af handleggi þeirra með sverðsegg sinni, og þeir tóku að undrast og lögðu á flóttu undan honum. Já, og þeir voru ófáir. Með krafti arms síns stökkti hann þeim á flóttu.

38 En sex þeirra féllu fyrir slöngunni, en með sverði sínu tók hann engan af lífi nema foringja þeirra. Og hann hjó af hvern þann handlegg, sem lyft var gegn honum, en þeir voru ófáir.

39 Og þegar hann hafði rekið þá langt í burtu, sneri hann aftur og þeir brynntu hjörðum sínum og sneru þeim aftur til beitilands konungs. Því næst fóru þeir inn til konungs og tóku með sér handleggina, sem með sverði Ammons höfðu verið höggvir af þeim, er

leituðust við að drepa hann. Og þeir voru bornir inn til konungs til vitnis um það, sem þeir höfðu gjört.

18. KAPÍTULI

Lamoní konungur heldur, að Ammon sé hinn mikli andi — Ammon fræðir konunginn um sköpunina og samskipti Guðs við menn og endurlausnina sem fæst fyrir tilstilli Krists — Lamoní trúir og fellur til jarðar sem dauður sé. Um 90 f.Kr.

Og svo bar við, að Lamoní konungur lét þjóna sína stíga fram og vitna um allt, sem þeir höfðu séð, varðandi þetta.

2 Og þegar þeir höfðu allir borið vitni um það, sem þeir höfðu séð, og hann hafði frétt af trúmennsku Ammons við að verja hjarðir hans og einnig af þeim miklu kröftum, sem hann beitti í viðureign við þá, sem leituðust við að drepa hann, undraðist hann stórlega og sagði: Vissulega er þetta meira en maður. Sjá, er ekki þetta hinn mikli andi, sem sendir svo mikla refsingu yfir þetta fólk vegna manndrápa þess?

3 Og þeir svöruðu konunginum og sögðu: Hvort hann er hinn mikli andi eða mennskur, vitum við ekki, en svo mikið vitum við, að óvinir konungs geta ekki drepið hann, né heldur geta þeir tvístrað hjörðum konungs, þegar hann er með okkur, vegna snilli hans og ofurafis. Við vitum þess vegna, að hann er

36a Et 12:15.
b Al 18:16.

c Al 18:3.
18 3a Al 17:34–38.

vinur konungsins. Ó konungur, við trúum ekki, að maður búi yfir svo miklu afli, því að við vitum, að ekki er hægt að drepa hann.

4 Og þegar konungur nú heyrði þessi orð, sagði hann við þá: Nú veit ég, að þetta er hinn mikli andi. Hingað niður hefur hann komið á þessum tíma til að vernda líf ykkar, svo að ég gæti ekki "drepjið ykkur eins og bræður ykkar. Þetta er hinn mikli andi, sem feður okkar hafa talað um.

5 En það var arfsögn, sem Lamóní hafði hlotið frá föður sínum, að til væri "mikill andi. En þótt þeir tryðu á mikinn anda, töldu þeir samt, að allt, sem þeir gjörðu, væri rétt. Þó greip ákafur ótti Lamóní, ótti um að hann hefði breytt rangt með því að taka þjóna sína af lífi —

6 Því að hann hafði drepjið marga þeirra, vegna þess að bræður þeirra höfðu tvístrað hjörðum þeirra við vatnsbólíð. Og vegna þess að hjörðum þeirra hafði verið tvístrað þannig, voru þeir líflátnir.

7 En þessir Lamanítar lögðu það í vana sinn að standa við Sebusvötn og tvístra hjörðum fólksins til þess að geta á þann hátt rekið mörg dýr, sem tvístrað var, inn í sitt eigið land, og var slíkt rán algengt meðal þeirra.

8 Og svo bar við, að Lamóní konungur spurði þjóna sína og sagði: Hvar er þessi maður, sem slíkt afl hefur?

9 Og þeir sögðu við hann: Sjá,

hann er að gefa hestum þínum. Nú hafði konungur gefið þjónum sínum þau fyrirmæli, áður en hjörðunum var brynnt, að þeir skyldu tygja hesta hans og vagna og fylgja honum til Nefílands, því að faðir Lamónís hafði ákveðið að halda mikla hátíð í Nefílandi, en hann var konungur yfir öllu landinu.

10 Þegar nú Lamóní konungur heyrði, að Ammon væri að gjöra hesta hans og vagna til reiðu, undraðist hann enn meir hollustu Ammons og sagði: Sannlega hefur enginn meðal þjóna minna verið jafn trúur og þessi maður, því að hann er minnugur allra fyrirmæla minna og framkvæmir þau.

11 Nú veit ég með vissu, að þetta er hinn mikli andi, og mig langar til, að hann komi til mín, en ég þori það ekki.

12 Og svo bar við, að þegar Ammon hafði lokið við að tygja hesta og vagna fyrir konung og þjóna hans, fór hann inn til konungs og sá, að svipur konungs var breyttur. Hann ætlaði því að hafa sig á brott úr návist hans.

13 En einn af þjónum konungs sagði við hann: Rabbana — en það er útlagt, máttugur eða mikill konungur, þar eð konungar þeirra voru álitnir máttugir — og því sagði hann við hann: Rabbana, konungurinn æskir þess, að þú verðir kyrr.

14 Ammon sneri sér þess vegna

að konungi og sagði við hann: Hvers æskir þú af mér, ó konungur? Og konungur svaraði honum ekki um einnar stundar bil að tímaútreikningi þeirra, því að hann vissi ekki, hvað hann ætti að segja við hann.

15 Og svo bar við, að Ammon sagði á ný við hann: Hvers æskir þú af mér? En konungur svaraði honum ekki.

16 Og svo bar við, að Ammon var fullur af anda Guðs og gat því skynjað “hugsanir konungs. Og hann sagði við hann: Er það vegna þess, að þú hefur heyrt, að ég varði þjóna þína og hjarðir, varð sjö bræðra þeirra að bana með slöngu og sverði og hjó handleggina af öðrum til að verja hjarðir þínar og þjóna? Sjá, er það þetta, sem veldur undrun þinni?

17 Ég spyr þig: Hvað veldur því, að undrun þín er svo mikil? Sjá, ég er maður, og ég er þjónn þinn. Hvers sem þú þess vegna æskir, sem rétt er, það mun ég gjöra.

18 En þegar konungur heyrði þessi orð, undraðist hann enn, því að hann sá, að Ammon gat “skynjað hugsanir hans, en þrátt fyrir það lauk Lamoní konungur upp munni sínum og sagði við hann: Hver ert þú? Ert þú sá mikli andi, sem ^bveit alla hluti?

19 Ammon svaraði og sagði við hann: Það er ég ekki.

20 Og konungur sagði: Hvernig veist þú, hvað ég hugsa í hjarta mínu? Þér leyfist að tala djarft og

segja mér frá þessum hlutum og einnig að segja mér, hvaða kraftur gjörði þér kleift að fella bræður mína og höggva handleggina af þeim, sem tvístruðu hjörðum mínum —

21 Og ef þú vilt segja mér frá þessu, mun ég gefa þér hvað svo sem þú æskir. Og ef þörf gerist, mun ég halda vörð um þig með herjum mínum, en ég veit, að þú ert þeim öllum völdugri. Engu að síður mun ég veita þér allt, sem þú æskir.

22 Ammon, sem var vitur, en meinlaus, sagði við Lamoní: Vilt þú hlýða á orð mín, ef ég segi þér frá því, með hvaða krafti ég gjöri þessa hluti? En þetta er það, sem ég bið þig um.

23 Og konungur svaraði og sagði: Já, ég mun trúá öllum orðum þínum. Og þannig var hann veiddur með kænsku.

24 Og Ammon tók að tala “djarflega við hann og sagði: Trúir þú, að til sé Guð?

25 Og hann svaraði og sagði við hann: Ég veit ekki, hvað það merkir.

26 Og þá sagði Ammon: Trúir þú, að til sé mikill andi?

27 Og hann svaraði: Já.

28 Og Ammon sagði: Það er Guð. Og Ammon spurði hann enn: Trúir þú, að þessi mikli andi, sem er Guð, hafi skapað alla hluti á himni og jörðu?

29 Og hann svaraði: Já, ég trúi, að hann hafi skapað alla hluti, sem á jörðunni eru, en ég þekki ekki til himnanna.

16a Al 12:3.

18a LR Dómgreind,

dómgreindargáfa.

b LR Guð, guðdómur.

24a Al 38:12.

30 Og Ammon sagði við hann: Himnarnir eru sá staður, þar sem Guð dvelur ásamt öllum sínum heilögu englum.

31 Og Lamóni konungur spurði: Er hann ofar jörðu?

32 Og Ammon svaraði: Já, og hann lítur niður til allra manna barna, og hann þekkir allar hugsanir og öll áform hjartans, því að með hans hendi voru þau öll sköpuð frá upphafi.

33 Og Lamóni konungur sagði: Ég trúi öllu því, sem þú hefur sagt. Ert þú sendur af Guði?

34 Ammon sagði við hann: Ég er maður, og „maðurinn var í upphafi skapaður í Guðs mynd, og hans heilagi andi kallar mig til að þfræða þetta fólk um þessa hluti, til að það megi öðlast þekkingu á því, sem rétt er og satt —

35 Og hluti af þessum „anda dvelur í mér og veitir mér þþekkingu og jafnframt kraft, í samræmi við trú mína á Guð og þrá til hans.

36 Þegar Ammon hafði þetta mælt, byrjaði hann við sköpun heimsins og einnig við sköpun Adams og sagði honum allt um fall mannsins, og hann „sagði frá heimildaritunum og lagði þau fyrir hann ásamt þheilögum ritningum fólksins, sem „spámennirnir höfðu talað, allt fram til þess tíma, að faðir þeirra, Lehí, yfirgaf Jerúsalem.

37 Og einnig sagði hann þeim (það er konungi og þjónum hans) frá öllum ferðum feðra þeirra í óbyggðunum og öllum þjáníngum þeirra af hungri og þorsta, og öllum sársauka þeirra og öðru.

38 Og hann sagði einnig frá uppreisn Lamans og Lemúels og sona Ísmaels. Já, hann sagði þeim frá öllum uppreisnum þeirra. Og hann skýrði fyrir þeim allar heimildir og ritningar frá þeim tíma, er Lehí yfirgaf Jerúsalem og til líðandi stundar.

39 En þar með er ekki allt talið, því að hann útskýrði fyrir þeim „endurlausnaráætlunina, sem fyrirbúið var frá grundvöllun veraldar. Og hann fræddi þá einnig um komu Krists, og hann kynnti þeim öll verk Drottins.

40 Og svo bar við, að þegar hann hafði sagt þeim allt þetta og skýrt það fyrir konungi, fór svo, að konungurinn trúði hverju orði.

41 Og hann tók að ákalla Drottin og sagði: Ó Drottinn, vertu mér og þjóð minni „miskunnssamur í samræmi við þá ríkulegu miskunn, sem þú hefur sýnt Nefíþjóðinni.

42 Og þegar hann hafði mælt þetta, féll hann til jarðar sem dauður væri.

43 Og svo bar við, að þjónar hans tóku hann og báru hann til

32a Amos 4:13;
3 Ne 28:6; K&S 6:16.

34a Mósía 7:27;
Et 3:13–16.
b LR Kenna, kennari —
Kennsla með

andanum.
35a LR Innblástur, guðleg
andagift.
b LR Þekking.
36a Mósía 1:4;
Al 22:12; 37:9.

b LR Ritningar.
c Post 3:18–21.
39a LR Endurlausnaráætlunin.
41a LR Miskunnssamur,
miskunnsemi.

eiginkonu hans og lögðu hann í rúmið. Og hann lá sem lífvana í tvo daga og tvær nætur. En eiginkona hans, synir hans og dætur syrgðu hann að hætti Lamaníta og hörmuðu hann mjög.

19. KAPÍTULI

Lamoní tekur á móti ljósi ævarandi lífs og sér lausnarann — Heimilisfólk hans fellur í dá og margir sjá engla — Líf Ammons varðveitt á undursamlegan hátt — Hann skírir marga og stofnar kirkju meðal þeirra. Um 91 f.Kr.

Og svo bar við, að eftir tvo daga og tvær nætur voru þeir að því komnir að taka líkama hans og leggja hann í grafhýsi, sem þeir höfðu gjört í þeim tilgangi að grafa hina dauðu.

2 En þar eð drottningin hafði heyrt um frægð Ammons, lét hún senda honum boð um að koma til sín.

3 Og svo bar við, að Ammon gjörði eins og honum var boðið og fór til drottningar og óskaði eftir að vita, hvað hún vildi láta hann gjöra.

4 Og hún sagði við hann: Þjónar eiginmanns míns hafa sagt mér, að þú sért „spámaður heilags Guðs og að þú hafir kraft til að gjöra mörg máttarverk í hans nafni —

5 Ef svo er, vil ég þess vegna, að þú farir inn og lítir á eiginmann minn, því að hann var lagður í rúm sitt og hefur legið þar í tvo daga og tvær nætur. Sumir segja,

að hann sé ekki látinn, en aðrir segja hann látinn og að óðaun leggi af honum og koma ætti honum fyrir í grafhýsinu, en hvað mig áhrærir, þá finn ég engan óðaun af honum.

6 En þetta var það, sem Ammon vildi, því að hann vissi, að Lamoní konungur var undir áhrifavaldi Guðs. Hann vissi, að verið var að svipta hinni myrku „hulu trúleysisins frá huga hans og að ^bljósið, sem lýsti upp huga hans, var ljós dýrðar Guðs, hið undursamlega ljós gæsku hans — Já, þetta ljós hafði fyllt sál hans slíkri gleði, að skýjum myrkursins hafði verið svipt burtu og ljós ævarandi lífs verið tendrað í sálu hans. Já, hann vissi, að þetta hafði yfirbugað hina náttúrlegu umgjörð hans og að hann var burt numinn í Guði —

7 Þess vegna var það hans heitasta löngun, að uppfylla ósk drottningar. Hann fór því inn til konungsins, eins og drottningin vildi, að hann gjörði, og hann leit á konunginn og sá, að hann var ekki látinn.

8 Og hann sagði við drottninguna: Hann er ekki látinn, heldur sefur hann í Guði, og næsta dag mun hann rísa aftur á fætur. Greftrið hann þess vegna ekki.

9 Og Ammon spurði hana: Trúir þú þessu? Og hún sagði við hann: Ég hef engin önnur vitni en orð þín og orð þjóna okkar. Ég trúi engu að síður, að svo verði sem þú mælir.

10 Og Ammon sagði við hana:

19 4a LR Spámaður.
6a 2 Kor 4:3–4.

LR Hula.
b LR Ljós, Ljós Kristis.

Blessuð ert þú vegna mikillar trúar þinnar. Ég segi þér kona, svo mikil trú hefur ekki verið til meðal allra Nefíta.

11 Og svo bar við, að hún vakti yfir rúmi eiginmanns síns frá þeim tíma og fram að þeim tíma næsta dag, er Ammon hafði sagt hann mundu rísa á fætur.

12 Og svo bar við, að hann reis á fætur samkvæmt orðum Ammons. Og um leið og hann reis á fætur, rétti hann fram hönd sína til konunnar og sagði: Blessað sé nafn Guðs og blessuð ert þú.

13 Því að svo sannarlega sem þú lifir, sjá, þá hef ég séð lausnara minn. Hann mun koma fram, og kona mun ^bala hann, og hann mun endurleysa allt það mannkyn, sem trúir á nafn hans. Og þegar hann hafði mælt þessi orð, svall honum móður, og hann hné aftur út af í fögnuði, en drottningin hné einnig niður, ofurliði borin af andanum.

14 En þegar Ammon sá, að samkvæmt bænnum hans komandi Drottins yfir Lamaníta, bræður hans, sem valdið höfðu svo mikilli sorg meðal Nefíta, eða meðal alls fólks Guðs, vegna misgjörða sinna og ^barfsagna, þá féll hann á kné og tók að opna sál sína í bæn og þakkargjörð til Guðs fyrir það, sem hann hafði gjört fyrir bræður hans. Og einnig hann var ofurliði borinn

af gleði. Og þannig höfðu þau öll þrjú ^ahnigið til jarðar.

15 En þegar þjónar konungs sáu, að þau höfðu hnigið til jarðar, tóku þeir einnig að ákalla Guð, því að ótti við Drottin kom einnig yfir þá, því að það voru ^aþeir, sem staðið höfðu frammi fyrir konungi og vitnað fyrir honum um hinn mikla kraft Ammons.

16 Og svo bar við, að þeir ákölluðu nafn Drottins af öllum mætti sínum, þar til þeir höfðu allir hnigið til jarðar utan ein Lamanítakvennanna, sem bar nafnið Abis, en hún hafði snúist til Drottins fyrir mörgum árum vegna merkilegrar sýnar, sem faðir hennar hafði séð —

17 Þar eð hún hafði snúist til Drottins án þess að hafa nokkru sinni látið það uppi, vissi hún, þegar hún sá, að allir þjónar Lamonís höfðu hnigið til jarðar og húsmóðir hennar, drottningin, konungur og Ammon lágu endilöng á jörðunni, að þar var kraftur Guðs að verki. Hún taldi, að þetta tækifæri, að kunngjöra fólkinu, hvað gjörst hefði meðal þess, mundi ^afá það til að trúa á kraft Guðs, ef það yrði áhorfendur að þessum viðburði. Þess vegna hljóp hún hús úr húsi til að gjöra fólki kunnugt um þetta.

18 Og fólkið tók að safnast að húsi konungs. Og mikill mannföldi kom, og sér til undrunar sáu

10a Lúk 7:9. LR Átrúnaður.
13a 1 Ne 11:13–21.
b LR Jesús Kristur —
Spádómar um

fæðingu og dauða
Jesú Krists.
14a K&S 42:14.
b Mósía 1:5.

c LR Gleði.
d Al 27:17.
15a Al 18:1–2.
17a Mósía 27:14.

þeir konung, drottingu og þjóna þeirra liggja endilöng á jörðunni, og öll lágu þau þar eins og þau væru lífvana. Og fólkið sá einnig Ammon og sjá, hann var Nefíti.

19 Og nú tók fólkið að mögla sín á meðal. Sumir sögðu, að mikið böll hefði komið yfir þá, eða yfir konung og hús hans, vegna þess að hann hefði látið það viðgangast, að Nefíti væri um “kyrrt í landinu.

20 Aðrir átöldu þá og sögðu: Konungur hefur kallað þetta böll yfir hús sitt, af því að hann lét lífláta þjónana, sem létu tvístra hjörðum sínum við “Sebusvötn.

21 Og þeir, sem staðið höfðu við Sebusvötn og “tvístrað hjörðunum, sem voru í eigu konungs, átöldu þá einnig, því að þeir voru reiðir Ammon fyrir það, hve marga bræður þeirra hann hafði drepið við Sebusvötn, þegar hann varði hjarðir konungs.

22 En einn þeirra, sem var ákaflega reiður Ammon, því að bróðir hans hafði “fallið fyrir sverði hans, dró sverð sitt úr slíðrum og gekk fram til að láta það falla á Ammon og drepa hann, en þegar hann lyfti sverðinu til að ljósta hann, sjá, þá datt hann dauður niður.

23 Nú sjáum við, að ekki var hægt að ráða Ammon af dögum, því að “Drottinn hafði sagt við Mósía, föður hans: Ég mun hlífa honum, og honum mun farnast í samræmi við trú þína — þess

vegna ^bfól Mósía hann umsjá Drottins.

24 Og svo bar við, að þegar mannfjöldinn sá, að maðurinn datt dauður niður, er hann lyfti sverði til að drepa Ammon, greip þá alla hræðsla, og þeir þorðu ekki að rétta fram hönd til að snerta hann eða neinn þann, sem hnigið hafði niður. Og þeir tóku enn að undrast sín á milli, hver orsök þessa mikla máttar gæti verið eða hvað allt þetta gæti þýtt.

25 Og svo bar við, að margir þeirra á meðal sögðu, að Ammon væri hinn “mikli andi, en aðrir sögðu, að hinn mikli andi hefði sent hann —

26 En aðrir átöldu þá alla og sögðu, að hann væri ófreskja, sem Nefítar hefðu sent til að kvelja þá.

27 Og nokkrir sögðu, að andinn mikli hefði sent Ammon til að þrengja að þeim vegna misgjörða þeirra. Þeir sögðu, að það væri hinn mikli andi, sem alltaf hefði fylgt Nefítum og ætíð bjargað þeim úr höndum þeirra. Og þeir sögðu, að það væri þessi mikli andi, sem hefði tortímt svo mörgum bræðra þeirra, Lamanítum.

28 Og þannig tóku deilurnar mjög að harðna meðal þeirra. Og á meðan þeir deildu, kom “þjónustustúlkan, sem safnað hafði mannfjöldanum saman, og þegar hún heyrði deilurnar meðal

19a Al 17:22–23.

20a Al 17:26; 18:7.

21a Al 17:27; 18:3.

22a Al 17:38.

23a Mósía 28:7;

Al 17:35.

b LR Treysta.

25a Al 18:2–5.

28a Al 19:16.

mannfjöldans, fylltist hún svo djúpri hryggð, að hún táraðist.

29 Og svo bar við, að hún tók í hönd drottningar í von um að geta reist hana frá jörðu. Og jafn-skjótt og hún snerti hönd hennar, reis hún á fætur og hrópaði hárrí röddu og sagði: Ó, blessaður Jesús, sem hefur frelsað mig frá “skelfilegu víti! Ó, blessaður Guð, haf ^bmiskunn með þessu fólki!

30 Og þegar hún hafði mælt þetta, spennti hún greipar, full gleði, og mælti mörg orð, sem skildust ekki. Og að því loknu tók hún í hönd Lamoní konungi, og sjá, hann reis upp og stóð á fætur.

31 Og þegar hann varð var við deilurnar meðal þegna sinna, gekk hann umsvifalaust fram og tók að ávíta þá og kenna þeim “orðin, sem hann hafði heyrt af vörum Ammons, og allir, er hlýddu á orð hans trúðu og sneru til Drottins.

32 En margir meðal þeirra vildu ekki heyra orð hans og fóru þess vegna leiðar sinnar.

33 Og svo bar við, að þegar Ammon reis á fætur, kenndi hann þeim einnig og svo gjörðu og allir þjónar Lamonís. Og allir boðuðu þeir fólkinu það sama — að þeir hefðu “umbreyt í hjarta og vildu ekkert ^billt gjöra framar.

34 Og sjá. Margir lýstu því yfir við fólkið, að þeir hefðu séð “engla og átt við þá samræður, og þannig

hefðu þeir sagt þeim frá Guði og réttlæti hans.

35 Og svo bar við, að þeir voru margir, sem trúðu orðum þeirra, og allir, sem trúðu voru “skírðir, og þeir urðu réttlátt fólk og stofnuðu kirkju sín á meðal.

36 Og þannig hófst verk Drottins meðal Lamaníta. Þannig tók Drottinn að úthella af anda sínum yfir þá. Og við sjáum, að armur hans nær til “allra, sem vilja iðrast og trúa á nafn hans.

20. KAPÍTULI

Drottinn sendir Ammon til Middóní til að bjarga bræðrum hans úr fangelsi — Ammon og Lamoní hitta föður Lamonís, sem er konungur yfir öllu landinu — Ammon fær gamla konunginn til að samþykkja að bræður hans verði látnir lausir. 91 f.Kr.

Og svo bar við, að þegar þeir höfðu stofnað kirkju í landinu, langaði Lamoní konung, að Ammon færi með sér til Nefílands, svo að hann gæti kynnt hann fyrir föður sínum.

2 Og rödd Drottins barst til Ammons og sagði: Þú skalt ekki fara til Nefílands. Því að sjá. Konungurinn mun sitja um líf þitt. En þú skalt fara til Middónílands. Því að sjá. Bróðir þinn Aron, sem og Múlokí og Amma eru í fangelsi.

3 Nú bar svo við, að þegar Ammon heyrði þetta, sagði hann

29a 1 Ne 14:3.

b LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

31a Al 18:36–39.

33a LR Endurfæddur,

fæddur af Guði.

b Mósía 5:2;

Al 13:12.

34a LR Englar.

35a LR Skírín, skíra.

36a 2 Ne 26:33;

Al 5:33.

við Lamoní: Sjá, bróðir minn og trúbræður eru í fangelsi í Middóní, og ég fer til að leysa þá.

4 En Lamoní sagði við Ammon: Ég veit, að í "krafti Drottins getur þú gjört alla hluti. En sjá. Ég ætla með þér til Middónílands, því að konungurinn í Middónílandi, sem ber nafnið Antíomnó, er vinur minn. Ég fer því til Middónílands og reyni með blíðmælum að fá konung landsins til að leysa bræður þína úr fangelsi. Nú spurði Lamoní hann: Hver sagði þér, að bræður þínir væru í fangelsi?

5 Og Ammon sagði við hann: Enginn hefur sagt mér það annar en Guð, og hann sagði við mig: Far þú að leysa bræður þína, því að þeir eru í fangelsi í Middónílandi.

6 En þegar Lamoní heyrði þetta, lét hann þjóna sína hafa til "hesta sína og vagna.

7 Og hann sagði við Ammon: Komdu, ég mun fara með þér niður til Middónílands, og þar mun ég biðja konunginn að leysa bræður þína úr fangelsi.

8 Og svo bar við, að á leiðinni þangað hittu Ammon og Lamoní föður Lamonís, sem var konungur "yfir öllu landinu.

9 Og sjá. Faðir Lamonís sagði við hann: Hvers vegna komst þú ekki til "hátíðarinnar á þeim mikla degi, sem ég gjörði sonum mínum og þjóð minni hátíð?

10 Og hann sagði einnig: Hvert ert þú að fara með þessum Nefíta, sem er eitt af börnum "lyginnar?

11 Og svo bar við, að Lamoní skýrði fyrir honum, hvert hann væri að fara, því að hann óttaðist að móðga hann.

12 Og hann sagði honum einnig ástæðuna fyrir því, að hann hélt kyrru fyrir í sínu eigin konungdæmi, en hélt ekki til föður síns og hátíðarinnar, sem hann hafði undirbúið.

13 Og nú þegar Lamoní hafði skýrt allt þetta fyrir honum, sjá, honum til undrunar varð faðir hans reiður honum og sagði: Lamoní, þú ætlar að bjarga þessum Nefítum, sem eru synir lyginnar. Sjá, hann rændi feður okkar, og nú eru börn hans einnig komin okkar á meðal til þess að blekkja okkur með kænsku sinni og lygum, til að geta rænt okkur eigum okkar.

14 Faðir Lamonís skipaði honum að drepa Ammon með sverði sínu. Og hann skipaði honum einnig að fara ekki til Middónílands, heldur snúa aftur og fylgja sér til "Ísmaelslands.

15 En Lamoní sagði við hann: Ég vil ekki ráða Ammon af dögum, og ég vil ekki heldur hverfa aftur til Ísmaelslands, heldur fer ég til Middónílands til að leysa bræður Ammons, því að ég veit, að þeir eru réttvísir menn og heilagir spámennt hins sanna Guðs.

16 En þegar faðir hans heyrði þessi orð, varð hann honum reiður og dró sverð sitt úr slíðrum til að ljósta hann til jarðar.

20 4a Al 26:12.
b Al 20:28–30.
6a Al 18:9–10.

8a Al 22:1.
9a Al 18:9.
10a Mósía 10:12–17.

14a Al 17:19.

17 En Ammon gekk fram og sagði við hann: Sjá, þú skalt ekki drepa son þinn. Þó væri ^abetra, að hann félli en þú, því að sjá. Hann hefur ^biðrast synda sinna, en ef þú féllir á þessari stundu í reiði þinni, gæti sál þín ekki frelsast.

18 Og enn fremur er þér ráðleg-ast að sýna stillingu, því að ef þú réðir syni þínum ^abana, mundi blóð hans hrópa upp úr jörðunni til Drottins Guðs hans um hefnd yfir þér, þar eð hann er saklaus maður, og þú kynnr að glata ^bsálu þinni.

19 Þegar Ammon hafði mælt þessi orð við hann, svaraði hann honum og sagði: Ég veit, að ég úthellti saklausu blóði, ef ég réði syni mínum bana, því að það ert þú, sem hefur setið um að tortíma honum.

20 Og hann lyfti hendi til að drepa Ammon, en Ammon stóð högg hans af sér og laust einnig handlegg hans þannig, að hann gat ekki notað hann.

21 Þegar konungur nú sá, að Ammon gat drepið hann, tók hann að biðja Ammon um að þyrma lífi sínu.

22 En Ammon lyfti sverði sínu og sagði við hann: Sjá, ég mun ljósta þig, nema því aðeins að þú heitir því, að bræður mínir verði leystir úr fangelsi.

23 En konungurinn, sem óttað-ist um líf sitt, sagði: Ef þú hlífir mér, mun ég veita þér hvað sem þú vilt, allt að helmingi konung-
dæmis míns.

24 Þegar Ammon sá, að hann hafði haft þau áhrif á gamla kon-
unginn, sem hann óskaði sér, sagði hann við hann: Ef þú heitir því, að bræður mínir verði leystir úr fangelsi og einnig að Lamoní haldi konungdæmi sínu og þú sýnir honum ekki vanþóknun, heldur leyfir honum að gjöra í ^aöllu eins og honum sjálfum þókn-
ast, þá mun ég hlífa þér, ella mun ég ljósta þig til jarðar.

25 En þegar Ammon hafði mælt þessi orð, tók konungurinn að fagna því að halda lífi.

26 En þegar hann sá, að Ammon hafði enga löngun til að tortíma honum, og þegar hann sá einnig þá miklu elsku, sem hann bar til sonar hans, Lamonís, varð hann ákaflega undrandi og sagði: Vegna þess að þú hefur ekki óskað ann-
ars en að ég leysi bræður þína úr fangelsi og leyfi syni mínum, Lamoní, að halda konungdæmi sínu, sjá, þá mun ég veita þér það, að sonur minn haldi kon-
ungdæmi sínu frá líðandi stundu og ávallt. Og ég mun ekki drottna yfir honum lengur —

27 Og ég mun einnig veita þér það, að bræður þínir verði leystir úr fangelsi, en þú og bræður þínir komi til mín, í ríki mitt, því að mig langar mjög að hitta þig. En konungur undraðist mjög það, sem hann hafði mælt, og einnig það, sem Lamoní sonur hans hafði mælt, og hafði þess vegna ^ahug á að læra það.

17a Al 48:23.
b Al 19:12–13.

18a LR Morð.
b K&S 42:18.

24a Al 21:21–22.
27a LR Auðmjúkur, auðmykt.

28 Og svo bar við, að Ammon og Lamoní héldu áfram ferð sinni til Middónílands. Og Lamoní fann náð fyrir augum konungs landsins. Þess vegna voru bræður Ammons leystir úr fangelsi.

29 En þegar Ammon hitti þá, varð hann ákaflega hryggur, því að sjá, þeir voru naktir og þaktir fleiðrum, þar eð þeir höfðu verið reyrdír sterkum böndum. Og þeir höfðu einnig þolað hungur, þorsta og alls kyns þrengingar. Engu að síður auðsýndu þeir “þolinmæði í öllum þjáningum sínum.

30 Og það hafði orðið hlutskipti þeirra að falla í hendur harðlyndra og þrjóskufullra manna, sem ekki vildu hlusta á orð þeirra, heldur höfðu vísað þeim burtu, barið þá og rekið þá hús úr húsi og stað úr stað, þar til þeir komu til Middónílands. En þar voru þeir teknir og fjötraðir með “sterkum böndum og þeim varpað í fangelsi og haldið þar dögum saman, uns Lamoní og Ammon leystu þá.

Frásögn af prédikunum Arons, Múlokís og bræðra þeirra fyrir Lamanítum.

Nær yfir 21. til og með 25. kapitula.

21. KAPÍTULI

Aron segir Amalekítum frá Kristi og friðþægingu hans — Aron og bræður hans eru hnepptir í fangelsi

í Middóní — Þegar þeir losna þaðan kenna þeir í samkunduhúsum og margir snúast til trúar — Lamoní veitir fólkinu trúfrelsi í Ísmaelslandi. Um 90–77 f.Kr.

ÞEGAR Ammon og bræður hans “skildu á landamærum Lamanítalands, sjá, þá lagði Aron leið sína í átt að landi, sem þeir Lamanítar nefndu Jerúsalem eftir föðurlandi sínu, og var það langt í burtu og lá að landamærum Mormóns.

2 En Lamanítar og Amalekítar og fólk “Amúlons höfðu reist stóra borg, sem nefnd var Jerúsalem.

3 Lamanítar voru sjálfir nægilega harðlyndir, en Amalekítar og Amúlonítar voru enn harðlyndari. Þess vegna urðu þeir þess valdandi, að Lamanítar hertu enn hjörtu sín og efldust í ranglæti sínu og viðurstygð.

4 Og svo bar við, að Aron kom til Jerúsalemborgar og hóf fyrst að prédika fyrir Amalekítum. Og hann tók að prédika fyrir þeim í samkunduhúsum þeirra, en þeir höfðu reist sér samkunduhús að “hætti Nehors, því að margir Amalekítar og Amúlonítar tilheyrðu reglu Nehors.

5 Þegar Aron þess vegna kom inn í samkunduhús þeirra til að prédika fyrir fólkinu og á meðan hann var að tala við það, sjá, þá reis Amalekíti nokkur á fætur og tók að deila við hann og sagði: Hvað er þetta, sem þú hefur verið

að vitna um? Hefur þú séð “engil? Hvers vegna birtast englar ekki okkur? Sjá, er þetta fólk ekki eins gott og þitt fólk?

6 Þú segir einnig, að ef við iðrumst ekki, munum við farast. Hvernig þekkir þú hugsanir og áform hjartna okkar? Hvernig veist þú, að við höfum ástæðu til að iðrast? Hvernig veist þú, að við séum ekki réttlátt fólk? Sjá, við höfum byggt helgistaði, og við komum saman til að tilbiðja Guð. Við trúum því, að Guð muni frelsa alla menn.

7 Nú sagði Aron við hann: Trúir þú, að sonur Guðs komi til að endurleysa mannkynið frá syndum þess?

8 Og maðurinn sagði við hann: Við trúum ekki, að þú vitir neitt um slíka hluti. Við trúum ekki þessum heimskulegu erfikenninum. Við trúum ekki, að þú vitir neitt um “óorðna hluti, og við trúum því heldur ekki, að feður þínir og einnig feður okkar hafi vitað um það, sem þeir töluðu um, að verða myndi.

9 Og nú lauk Aron upp fyrir þeim ritningunum um komu Krists og einnig um upprisu dauðra og að “endurlausn mannkyns gæti ekki átt sér stað nema fyrir dauða og þjáningar Krists og ^bfriðþægingu blóðs hans.

10 Og svo bar við, að þegar hann tók að gjöra þeim grein fyrir þessu, reiddust þeir honum og tóku að hæða hann. Og þeir vildu ekki hlýða á orð hans.

11 Þegar hann þess vegna sá, að þeir vildu ekki hlýða á orð hans, fór hann út úr samkunduhúsi þeirra og yfir til þorps, sem kallað var Aní-Antí, og þar fann hann Múlokí, sem var að boða þeim orðið, og einnig Amma og bræður hans. Og þeir deildu við marga um orðið.

12 Og svo bar við, að þeir sáu, að folkið mundi herða hjörtu sín og fóru þess vegna yfir til Middónílands. Og þeir boðuðu mörgum orðið, en fáir trúðu orðunum, sem þeir kenndu.

13 Engu að síður voru Aron og nokkrir bræðra hans teknir og þeim varpað í fangelsi, en þeir, sem eftir voru, flýðu Middóníland og fóru til nærliggjandi héraða.

14 Og þeir, sem í fangelsi fóru, urðu að “þola margt, en Lamoní og Ammon leystu þá úr haldi, og þeir voru fæddir og klæddir.

15 Og þeir héldu enn af stað til að boða orðið. Þannig hafði þeim verið bjargað í fyrsta sinn úr fangelsi, og þannig höfðu þeir þjáðst.

16 Og þeir héldu hvert sem “andi Drottins leiddi þá og boðuðu orð Guðs í sérhverju samkunduhúsi Amalekíta eða á hverri samkomu Lamaníta, sem þeir fengu aðgang að.

17 Og svo bar við, að Drottinn tók að blessa þá, svo að þeir leiddu marga til þekkingar á sannleikanum. Já, þeir “sannfærðu marga um eigin syndir og að arfsagnir feðra þeirra væru ekki réttar.

5a Mósía 27:11–15.

8a Jakob 7:1–8.

9a Mósía 5:8;

Al 38:9.

^b LR Friðþægja, friðþæging.

14a Al 20:29.

16a Al 22:1.

17a K&S 18:44.

18 Og svo bar við, að Ammon og Lamoní sneru aftur frá Midd-onúlandi til Ísmaelslands, sem var erfðaland þeirra.

19 Og Lamoní konungur vildi ekki leyfa, að Ammon þjónaði honum eða væri þjónn hans.

20 En hann lét byggja samkunduhús í Ísmaelslandi. Og hann lét þegna sína eða þá, sem undir hans stjórn voru, safnast saman.

21 Og hann gladdist vegna þeirra og kenndi þeim margt. Og hann sagði þeim, að þeir væru þjóð, sem væri undir hans stjórn og væri frjáls þjóð, laus undan áþján konungsins, föður síns, því að faðir sinn hefði veitt sér leyfi til að ríkja yfir íbúum Ísmaelslands og nærliggjandi landsvæða.

22 Og hann sagði þeim einnig, að þeir hefðu “frelsi til að tilbiðja Drottin Guð sinn að eigin ósk, hvar sem þeir væru staddir, ef það væri á því landi, sem undir stjórn Lamonís konungs væri.

23 Og Ammon prédikaði fyrir þegnum Lamonís konungs. Og svo bar við, að hann kenndi þeim allt varðandi réttlætið. Og hann áminnti þá daglega af mikilli kostgæfni, og þeir gáfu gaum að orðum hans og lögðu sig fram við að halda boðorð Guðs.

22. KAPÍTULI

Aron fræðir föður Lamonís um sköpunina, fall Adams og áætlunina um

endurlausn fyrir Krist — Konungurinn og allt heimilisfólk hans snúast til trúar — Skýringar á skiptingu lands milli Nefíta og Lamaníta. Um 90–77 f.Kr.

EN á meðan Ammon kennir þannig þegnum Lamonís látlaust, skulum við nú hverfa aftur að frásögnum af Aroni og bræðrum hans. Eftir að hann yfirgaf Midd-onúland, “leiddi andinn hann til Nefílands, allt til húss konungsins, sem réð yfir landinu öllu^b utan Ísmaelslands, og hann var faðir Lamonís.

2 Og svo bar við, að hann hélt til hans inn í konungshöllina ásamt bræðrum sínum, laut konungi og sagði við hann: Sjá, ó konungur. Við erum þeir bræður Ammons, sem þú hefur “leyst úr fangelsi.

3 Og nú, ó konungur, ef þú vilt þyrma lífi okkar, munum við verða þjónar þínir. Og konungurinn sagði við þá: Rísið á fætur, því að ég mun gefa ykkur líf, en ég leyfi ekki, að þið verðið þjónar mínir, heldur gjöri ég kröfu til þess, að þið fræðið mig, því að nokkurt rót hefur verið á huga mínum vegna veglyndis bróður ykkar Ammons og mikilleika orða hans. Og mig langar til að vita ástæðuna fyrir því, að hann kom ekki með ykkur frá Middóní.

4 Og Aron sagði við konung: Sjá, andi Drottins hefur kallað hann annað. Hann er farinn til

22a K&S 134:1–4;
TA 1:11.

LR Lýðfrelsi.
22 1a Al 21:16–17.

b Al 21:21–22.
2a Al 20:26.

Ísmaelslands til að kenna þegnum Lamónís.

5 Nú sagði konungur við þá: Hvað er það, sem þið voruð að segja um anda Drottins? Sjá, þetta er það, sem veldur mér hugarróti.

6 Og jafnframt, hvað tákna það, sem Ammon sagði: “Ef þið iðrist, munuð þið frelsast, og ef þið iðrist ekki, mun ykkur vísað frá á efsta degi?”

7 Og Aron svaraði honum og sagði við hann: Trúir þú, að til sé Guð? Og konungur sagði: Ég veit, að Amalekítar segja, að til sé Guð, og ég hef veitt þeim heimild til að byggja helgidóma, svo að þeir geti komið saman til að tilbiðja hann. Og ef þú segir nú, að Guð sé til, sjá, þá mun ég “trúa því.

8 En þegar Aron heyrði þetta, fylltist hjarta hans gleði, og hann sagði: Sjá, svo sannarlega sem þú lifir, ó konungur, þá er Guð til.

9 Og konungur sagði: Er Guð sá “mikli andi, sem leiddi feður okkar út úr landi Jerúsalem?”

10 Og Aron sagði við hann: Já, hann er sá mikli andi, og hann “skapaði alla hluti, bæði á himni og á jörðu. Trúir þú þessu?”

11 Og hann sagði: Já, ég trúi, að hinn mikli andi hafi skapað alla hluti, og mig langar til, að þú segir mér frá öllu þessu, og ég mun “trúa orðum þínum.

12 Og svo bar við, að þegar Aron

sá, að konungurinn myndi trúa orðum hans, tók hann að “lesa ritningarnar fyrir konunginn og hóf lesturinn við sköpun Adams — hvernig Guð skóp manninn í sinni eigin mynd, Guð hafi gefið honum boðorð og vegna brots síns hafi maðurinn fallið.

13 Og Aron útlagði ritningarnar fyrir hann frá “sköpun Adams, útskýrði fyrir honum fall mannsins, holdlegt ásigkomulag hans og ^bendurlausnaráætlunina, sem fyrirbúin var frá ‘grundvöllun veraldar með Kristi, fyrir hvern þann, sem trúa vildi á nafn hans.

14 Og vegna “falls síns hafi maðurinn ekkert ^bverðskuldað sjálfur, en þjáningar og dauði Krists “friðþægi fyrir syndir mannanna fyrir trú þeirra, iðrun og svo framvegis, og að hann rjúfi viðjar dauðans, svo að “gröfin njóti einskis sigurs og broddur dauðans hverfi í dýrðarvoninni. Aron útskýrði allt þetta fyrir konunginum.

15 Og svo bar við, að þegar Aron hafði útskýrt þetta fyrir honum, sagði konungur: “Hvað ber mér að gjöra til þess að geta öðlast þetta eilífa líf, sem þú hefur talað um? Já, hvað á ég að gjöra til að geta ^bfæðst af Guði og fengið þennan illa anda upp-rættan úr brjósti mér og tekið á móti anda hans og fyllst gleði, þannig að mér verði ekki vísað

6a Al 20:17–18.

7a K&S 46:13–14.

9a Al 18:18–28.

10a LR Skapa, sköpun.

11a LR Trú, trúa.

12a 1 Ne 5:10–18; Al 37:9.

13a 1 Mós 1:26–28.

b LR Endurlausnaráætlunin.

c 2 Ne 9:18.

14a LR Fall Adams og Evu.

b 2 Ne 25:23; Al 42:10–25.

c Al 34:8–16.

LR Friðþægja, friðþæging.

d Jes 25:8; 1 Kor 15:55.

15a Post 2:37.

b Al 5:14, 49.

frá á efsta degi? Sjá, sagði hann. Ég vil fórna ‘öllu, sem ég á. Já, ég vil láta ríki mitt af hendi til þess að hljóta þessa miklu gleði.

16 En Aron sagði við hann: Ef þú þráir þetta, ef þú vilt beygja þig fyrir Guði, já, ef þú vilt iðrast allra synda þinna, lúta Guði og ákalla nafn hans í trú og trúa því, að þér muni gefast, þá mun rætast sú ^bvon, sem þú þráir.

17 Og svo bar við, að þegar Aron hafði mælt þessi orð, “kraup konungur á kné fyrir Drottni, og hann lagðist meira að segja fram á ásjónu sína, ^bhrópaði hástöfum og sagði:

18 Ó Guð! Aron hefur sagt mér, að til sé Guð, og ef Guð er til, og ef þú ert Guð, vilt þú þá láta mig vita af þér, og ég mun láta af öllum syndum mínum til að þekkja þig og til þess að ég verði reistur upp frá dauðum og frelist á efsta degi. En þegar konungur hafði mælt þessi orð, var hann lostinn, rétt eins og dauður væri.

19 Og svo bar við, að þjónar hans hlupu til og sögðu drottningunni frá öllu, sem komið hafði fyrir konung. Og hún kom inn til konungsins, og þegar hún sá hann liggjandi, sem dauður væri, og jafnframt Aron og bræður hans standa þar, eins og þeir væru valdir að falli hans, reiddist hún þeim og skipaði þjónum sínum,

eða þjónum konungs, að taka þá og drepa þá.

20 En þjónarnir höfðu séð, hvers vegna konungur féll, og þorðu því ekki að leggja hendur á Aron og bræður hans, og þeir grátbáðu drottninguna og sögðu: Hví skipar þú okkur að drepa þessa menn? Sjá, hver þeirra er ^a“máttugri en við allir til samans. Þess vegna munum við falla fyrir þeim.

21 Þegar drottningin sá skelfingu þjónanna, greip hana einnig ofsahræðsla við, að eitthvað illt kynni að henda hana. Og hún bauð þjónunum að fara og kalla fólkið saman, svo að það gæti drepíð Aron og bræður hans.

22 Þegar Aron sá einurð drottningar, en hann þekkti einnig harðlyndi fólksins, óttaðist hann, að mannfjöldi safnaðist saman og miklar deilur og órói yrði meðal þeirra. Þess vegna rétti hann fram hönd sína, reisti konung frá jörðu og sagði við hann: Stattu! Og hann stóð á fætur og endurheimti styrk sinn.

23 En þetta gjörðist í návist drottningar og margra þjónanna. Og þegar þau sáu þetta, undruðust þau mjög, og ótti greip þau. Og konungur sté fram og tók að ^a“kenna þeim. Og hann kenndi þeim, þannig að allt heimilisfólk hans ^bsnerist til trúar á Drottin.

15c Matt 13:44–46;
19:16–22.

16a LR Trúskipti,
trúskiptingur.

^b Et 12:4.
17a K&S 5:24.
^b LR Bæn.
20a Al 18:1–3.

23a LR Kenna, kennari;
Prédika; Þjónn.
^b LR Trúskipti,
trúskiptingur.

24 Nú hafði mannfjöldi safnast saman að fyrirmælum drottningar, og mikil óánægja braust út á meðal þeirra vegna Arons og bræðra hans.

25 En konungur sté fram meðal þeirra og talaði til þeirra. Og þeir sefuðust gagnvart Aroni og þeim, sem með honum voru.

26 Og svo bar við, að þegar konungur sá, að fólkið hafði látið friðast, lét hann Aron og bræður hans stíga fram mitt á meðal mannfjöldans og boða honum orðið.

27 Og svo bar við, að konungur sendi „yfirlýsingu um gjörvallt landið, meðal allra þegna sinna í landinu öllu, og meðal þeirra, sem byggðu héruðin umhverfis og lágu alveg að hafinu í austri og vestri, en aðskilin voru frá ^bSarahemlalandi af þröngri óbyggðri landspildu, sem lá frá hafinu í austri allt að hafinu í vestri og meðfram sjávarströndinni og meðfram óbyggðunum, sem liggja að Sarahemlalandi í norðri og yfir landamæri Mantí við uppsprettu Símonsfljóts frá austri til vesturs — og þannig var skiptingin milli Lamaníta og Nefíta.

28 En hinir „latari af Lamanítum bjuggu í tjöldum í óbyggðunum. Og þeir voru dreifðir um óbyggðirnar í vestanverðu Nefílandi, já, og einnig um vestanvert Sarahemlaland við sjávarströndina, og vestanvert Nefíland, á því landsvæði, sem feður þeirra fyrst byggðu og lá þannig eftir strandlengjunni.

29 Og margir Lamanítar voru einnig að austanverðu við sjávarströndina, en Nefítar höfðu rekið þá þangað. Og þannig voru Nefítar nærri umkringdir af Lamanítum. Nefítar höfðu samt slegið eign sinni á allan norðurhluta landsins, sem lá að óbyggðunum við upptök Símonsfljóts, frá austri til vesturs, og landsvæðið þar um kring, óbyggðamegin, til norðurs, allt þar til þeir komu að landinu, sem þeir nefndu „Nægtarbrunn.

30 En það landsvæði lá að landi, sem þeir nefndu „Auðnina og lá svo langt í norðri, að það náði inn til þess lands, sem hafði verið byggt, en lagt í eyði — við höfum talað um ^bbein íbúanna — Fólk Sarahemla fann þetta land, en á þeim stað stigu þeir ^cfyrst á land.

31 Og þaðan fóru þeir inn í suðuróbyggðirnar. Þannig var landið í norðri kallað „Auðnin, en landið í suðri kallað Nægtarbrunnur, en þær óbyggðir voru fullar af alls kyns villidýrum, en nokkur hluti þeirra var kominn frá landinu í norðri í fæðuleit.

32 Og það var einungis hálf önnur „dagleið fyrir Nefíta eftir mörkum Nægtarbrunnis og Auðnarinnar, frá austursjó til vestursjávar. Og þannig voru Nefíland og Sarahemlaland nær umkringd vatni, þar eð einungis mjótt ^beiði lá á milli landsins í norðri og landsins í suðri.

27a Al 23:1–4.

b Om 1:13–17.

28a 2 Ne 5:22–25.

29a Al 52:9; 63:5.

30a Al 50:34;

Morm 4:1–3.

b Mósía 8:7–12;

28:11–19.

c He 6:10.

31a He 3:5–6.

32a He 4:7.

b Al 50:34.

33 Og svo bar við, að Nefítar höfðu byggt landið Nægtarbrunn, já, frá austursjó til vestursjávar, og þannig höfðu Nefítar í visku sinni, með vörðum sínum og herjum, lokað Lamaníta af í suðri, þannig að þeir ættu ekkert land í norðri lengur og gætu ekki yfirtekið landið í norðri.

34 Lamanítar gátu þess vegna ekki eignast land nema í Nefílandi og óbyggðunum umhverfis. En þetta var skynsamlegt af Nefítum — þar eð Lamanítar voru óvinir þeirra, vildu þeir ekki láta þá þrengja að sér úr öllum áttum, og einnig vildu þeir tryggja sér land, sem þeir gætu flúið til að vild sinni.

35 Og þegar ég hef nú mælt þetta, sný ég mér aftur að frásögn Ammons og Arons, Omners og Himnís og bræðra þeirra.

23. KAPÍTULI

Lýst yfir trúfrelsi — Lamanítar í sjö löndum og borgum snúast til trúar — Þeir kalla sig Antí-Nefí-Lehíta og losna undan bölvuninni — Amalekítar og Amúlonítar hafna sannleikanum. Um 90–77 f.Kr.

SJÁ. Nú bar svo við, að konungur Lamaníta sendi út “yfirlýsingu meðal allra þegna sinna um að leggja ekki hendur á Ammon, Aron, Omner, Himní né neinn bræðra þeirra, sem færu um og boðuðu orð Guðs, hvar sem þeir kynnu að vera í landinu.

2 Já, hann sendi út tilskipan meðal þeirra, að þeir skyldu ekki leggja hendur á þá til að fjötra þá eða varpa þeim í fangelsi, né heldur skyldu þeir hrækja á þá, ljósta þá, reka þá út úr samkundu-húsum sínum, húðstrýkja þá né skyldu þeir grýta þá. Heldur skyldu þeir eiga frjálsan aðgang að húsum þeirra, musterum og helgidómum.

3 Og þannig gátu þeir farið og boðað orðið að eigin lyst, því að konungur og allt hans heimilis-fólk hafði snúist til trúar á Drottin. Þess vegna sendi hann tilskipan sína út um allt landið til þegna sinna, svo að orð Guðs mætti ekki neinni hindrun, heldur bærist um allt landið, og þjóð hans gæti sannfærst um ranglæti “arfsagna feðra sinna og sannfærðist um, að allir væru bræður og ættu ekki að fremja morð, stunda rán eða stela, né drýgja hór eða leggja stund á nokkurt ranglæti.

4 Og nú bar svo við, að þegar konungur hafði sent út þessa yfirlýsingu, fóru Aron og bræður hans borg úr borg og frá einu bænhúsi til annars, stofnuðu söfnuði og vígðu presta og kennara um landið meðal Lamaníta til að prédika og kenna orð Guðs meðal þeirra. Og þannig varð árangur mikill af starfi þeirra.

5 Og þúsundir voru leiddir til þekkingar á Drottni. Já, þúsundir voru leiddir til trúar á “erfikenningar Nefíta, og þeim

voru kenndar ^bheimildir og spádómar, sem gengið höfðu mann fram af manni, allt fram til líðandi stundar.

6 Og svo sannarlega sem Drottinn lifir, svo sannarlega sem margir trúðu, eða jafn margir og leiddir voru til þekkingar á sannleikanum fyrir prédikanir Ammons og bræðra hans, samkvæmt anda opinberunar og spádóms, fyrir kraft Guðs, sem gjörði kraftaverk á þeim — já, ég segi ykkur, að svo sannarlega sem Drottinn lifir, þá gjörðust þeir Lamanítar, sem trúðu á prédikanir þeirra og ^asnerust til Drottins, ^baldrei fráhverfir.

7 Því að þeir urðu réttlát þjóð. Þeir lögðu niður uppreisnarvopn sín, svo að þeir berðust aldrei frammar gegn Guði, né heldur gegn nokkrum bræðra sinna.

8 En þetta eru ^aþeir sem snerust til trúar á Drottin:

9 Lamanítar þeir, sem voru í Ísmaelslandi —

10 Einnig hluti þeirra Lamaníta, sem bjuggu í Middonílandi —

11 Og einnig hluti þeirra Lamaníta, sem bjuggu í Nefíborg —

12 Og einnig hluti þeirra Lamaníta, sem bjuggu í ^aSílomslandi og Semlonslandi og í Lemúelsborg og í Simnílomsborg.

13 En þetta eru nöfn borga þeirra Lamaníta, sem ^asnerust til trúar á Drottin. Þetta eru þeir, sem lögðu

niður uppreisnarvopn sín, já, öll stríðsvopn sín, og allt voru þetta Lamanítar.

14 En Amalekítarnir ^asnerust ekki til trúar, að einum undanskildum, né heldur ^bAmúlonítar, heldur hertu þeir hjörtu sín og einnig hjörtu Lamaníta, hvar sem þeir dvöldu, já, í öllum þorpum þeirra og borgum.

15 Þess vegna höfum við nefnt með nafni allar borgir þeirra Lamaníta, sem iðruðust og öðluðust þekkingu á sannleikanum og snerust til trúar.

16 Og nú bar svo við, að konungur og þeir, sem snúist höfðu, óskuðu eftir að taka sér nafn, sem aðgreindi þá frá bræðrum sínum. Þess vegna ráðgaðist konungur við Aron og marga presta þeirra um nafnið, sem þeir skyldu taka sér til aðgreiningar.

17 Og svo bar við, að þeir tóku sér nafnið ^aAntí-Nefí-Lehítar. Þessu nafni nefndust þeir, en kölluðust ekki lengur Lamanítar.

18 Og þeir gjörðust mjög iðjúsamir, já, og voru vingjarnlegir við Nefíta. Þess vegna tóku þeir upp samskipti við þá, og ^abölvun Guðs fylgdi þeim ekki lengur.

24. KAPÍTULI

Lamanítar halda gegn fólki Guðs — Antí-Nefí-Lehítar fagna í Kristi og englar vitja þeirra — Þeir vilja heldur

5b Al 63:12. LR Ritningar.

6a LR Trúskipti, trúskiptingur.

b Al 27:27.

8a Al 26:3, 31.

12a Mósía 22:8, 11.

13a Al 53:10.

14a Al 24:29.

b Mósía 23:31–39.

17a LR Antí-Nefí-Lehítar.

18a 1 Ne 2:23; 2 Ne 30:5–6;

3 Ne 2:14–16.

líða dauða en verja sig — Fleiri Lamanítar snúast til trúar. Um 90–77 f.Kr.

Og svo bar við, að Amalekítar og Amúlonítar og Lamanítar, sem voru í Amúlonlandi og einnig þeir, sem voru í Helamslandi og í Jerúsalemlandi og loks í öllum nærliggjandi héruðum, sem ekki höfðu snúist til trúar og ekki tekið sér nafn ^bAntí-Nefí-Lehíta, létu Amalekíta og Amúloníta egna sig til reiði gegn bræðrum sínum.

2 Og hatur þeirra varð ákaflega biturt gegn þeim og það svo mjög, að þeir tóku að rísa gegn konungi sínum og vildu ekki hafa hann fyrir konung sinn. Þess vegna tóku þeir upp vopn gegn Antí-Nefí-Lehítum.

3 Nú lét konungur syni sínum eftir konungdóminn, og hann tók sér nafnið Antí-Nefí-Lehí.

4 Og konungurinn lést sama árið og Lamanítar tóku að undirbúa stríð gegn fólki Guðs.

5 Þegar Ammon og bræður hans og allir þeir, sem höfðu fylgt honum, sáu nú viðbúnað Lamaníta til að tortíma bræðrum þeirra, héldu þeir til Midíanlands, og þar hitti Ammon alla bræður sína. Þaðan héldu þeir til Ísmaelslands til að ^aráðgast um við Lamoní og einnig við bróður hans, Antí-Nefí-Lehí, hvað þeir ættu að taka til bragðs til að verjast Lamanítum.

6 Ekki ein einasta sál meðal allra þeirra, sem snúist höfðu

til Drottins, vildi taka upp vopn gegn bræðrum sínum. Nei, þeir vildu ekki einu sinni búa sig undir stríð. Já, og konungur þeirra skipaði svo fyrir, að þeir skyldu ekki gjöra það.

7 En þetta eru orðin, sem hann mælti til fólksins um þetta mál: Ég þakka Guði mínum, ástkær þjóð mín, að hinn mikli Guð vor hefur í gæsku sinni sent þessa bræður vora, Nefíta, til vor til að prédika fyrir oss og sannfæra oss um ^aarf-sagnir ranglátra feðra vorra.

8 Og sjá. Ég þakka mínum mikla Guði, að hann hefur veitt oss hluta af anda sínum til að milda hjörtu vor, svo að vér höfum tekið upp samskipti við þessa bræður vora, Nefíta.

9 Og sjá. Ég þakka Guði mínum einnig fyrir, að með þessum samskiptum höfum vér sannfærst um ^asyndir vorar og um þau mörgu morð, sem vér höfum framið.

10 Og ég þakka Guði mínum, já, mínum mikla Guði, einnig fyrir að hann hefur veitt oss tækifæri til að iðrast þessa og einnig, að hann hefur ^afyrirgefið oss þær mörgu syndir vorar og morð, sem vér höfum framið, og létt ^bsektinni af hjörtum vorum fyrir verðleika sonar síns.

11 Og sjáið nú, bræður mínir. Þar eð allt, sem vér gátum gjört (þar eð vér vorum öllum fremur glataðir), var að iðrast allra synda vorra og fjölda morða, sem vér

24 1a Al 21:1.
b Al 25:1, 13.
5a Al 27:4–13.

7a Mósía 1:5.
9a K&S 18:44.
10a Dan 9:9.

b LR Sekt.

höfum framið, og fá Guð til að “fjarlægja þau úr hjörtum vorum, því að allt, sem vér gátum gjört, var að iðrast nægilega fyrir Guði, svo að hann afmáði smánina, sem á oss var —

12 Nú, ástkæru bræður mínir. Úr því að Guð hefur fjarlægt smánina og sverð vor eru orðin hrein, þá skulum vér aldrei framar ata sverð vor blóði bræðra vorra.

13 Sjá, ég segi yður: Nei, vér skulum geyma sverð vor, svo að þau atist ekki blóði bræðra vorra, því að ef vér flekkum sverð vor á ný, er ef til vill ekki framar hægt að “hreinsa þau með blóði sonar vors mikla Guðs, sem úthellt mun til friðþægingar fyrir syndir vorar.

14 Og hinn mikli Guð hefur auðsýnt oss miskunn og fært oss þekkingu á þessum hlutum, til þess að vér förumst ekki. Og hann hefur kunngjört oss þetta fyrirfram, því að hann elskar “sálin vorar eins og hann elskar börn vor. Þess vegna vitjar hann oss í miskunn sinni með englum sínum, svo að ^bendurlausnaráætlunin verði kunngjörð oss, jafnt og komandi kynslóðum.

15 Ó, hve miskunnssamur er Guð vor! Og sjáið nú, þar eð þetta er allt, sem vér gátum gjört, til að afmá smánina af oss og sverð vor eru orðin skínandi hrein, þá skulum vér fela þau, svo að þau megi haldast skínandi hrein, sem vitnisburður

fyrir Guði vorum á efsta degi, eða á þeim degi, þegar vér verðum færð fyrir hann til að standa frammi fyrir honum og hljóta dóm, um að vér höfum ekki flekkað sverð vor í blóði bræðra vorra, síðan hann miðlaði oss af orði sínu og gjörði oss þar með hrein.

16 Og nú, bræður mínir. Ef bræður vorir reyna að tortíma oss, sjá, þá munum vér fela sverð vor. Já, vér munum jafnvel grafa þau djúpt í jörðu, svo að þau haldist hrein, sem vitnisburður á efsta degi um, að vér höfum aldrei notað þau. Og ef bræður vorir tortíma oss, sjá, þá munum vér “fara til Guðs vors og vera frelsuð.

17 Og nú bar svo við, að þegar konungur hafði lokið máli sínu og allir voru samankomnir, tóku þeir sverð sín og öll vopn, sem notuð voru til að úthella mannsblóði, og “gröfu þau djúpt í jörðu.

18 Og þetta gjörðu þeir, þar eð það var í þeirra augum vitnisburður þess fyrir Guði og einnig fyrir mönnum, að þeir mundu “aldrei framar nota vopn til að úthella mannsblóði. Og þetta gjörðu þeir um leið og þeir hétu Guði — og gjörðu við hann ^bsáttmála — að fremur en úthella blóði bræðra sinna mundu þeir “fórna sínu eigin lífi, frekar en taka frá bróður sínum mundu þeir gefa honum og fremur en eyða dögum sínum í iðjuleysi mundu þeir

11a Jes 53:4–6.

13a Op 1:5.

14a LR Sál — Verðmæti
sálna.

b LR Endurlausnaráætlunin.

16a Al 40:11–15.

17a He 15:9.

18a Al 53:11.

b LR Sáttmáli.

c LR Förn.

erfiða kappsamlega með höndum sínum.

19 Og þannig sjáum við, að þegar þessir Lamanítar voru leiddir til trúar og þekkingar á sannleikanum, voru þeir “fastir fyrir og reiðubúnir að þola dauða fremur en drýgja synd. Og þannig sjáum við, að þeir grófu friðarvopn sín, eða þeir grófu stríðsvopn sín fyrir friðinn.

20 Og svo bar við, að bræður þeirra, Lamanítar, hófu stríðsundirbúning og fóru til Nefílands í þeim tilgangi að ráða konungi bana og setja annan í hans stað og einnig til að eyða Antí-Nefí-Lehítum úr landinu.

21 Þegar fólkið sá þá koma gegn sér, gekk það til móts við þá, “varpaði sér til jarðar frammi fyrir þeim og tók að ákalla nafn Drottins. Og í þeirri stöðu var fólkið, þegar Lamanítar réðust að því og tóku að drepa það með sverðum.

22 Og án þess að mæta nokkurri mótstöðu drápu þeir þannig eitt þúsund og fimm þeirra. Og við vitum, að þeir eru blessaðir, því að þeir eru farnir til dvalar hjá Guði sínum.

23 Þegar Lamanítar nú sáu, að bræður þeirra flúðu ekki undan sverðinu, viku hvorki til hægri né vinstri, heldur lögðust niður og “létu lífið og lofuðu Guð jafnvel á þeirri stundu sem þeir létu lífið fyrir sverðinu —

24 Þegar Lamanítar sáu þetta, “hættu þeir að drepa þá, og hjórtu margra þeirra ^bkomust við vegna bræðra þeirra, sem fallið höfðu fyrir sverði, því að þeir iðruðust gjörða sinna.

25 Og svo bar við, að þeir hentu frá sér stríðsvopnum sínum og vildu ekki taka þau upp á ný, því að morðin, sem þeir höfðu framið, nístu þá. Þeir lögðust eins og bræður þeirra og treystu á miskunn þeirra, sem lyftu armi til að drepa þá.

26 Og svo bar við, að á þessum degi gengu fleiri í lið með fólki Guðs en ráðnir höfðu verið af dögum. En þeir, sem ráðnir höfðu verið af dögum, voru réttlátt fólk. Við höfum því enga ástæðu til að efa, að þeir hafi “frelst.

27 Og enginn ranglátur var meðal þeirra, sem ráðnir voru af dögum, en meira en þúsund voru leiddir til þekkingar á sannleikanum. Þannig sjáum við, að Drottinn vinnur eftir mörgum “leiðum til að veita fólki sínu sáluhjálp.

28 En flestir þeirra Lamaníta, sem réðu svo marga af bræðrum sínum af dögum, voru Amalekítar og Amúlonítar, og flestir þeirra tilheyrðu ^breglu Nehors.

29 En meðal þeirra, sem gengu í lið með fólki Drottins, voru “engir Amalekítar eða Amúlonítar né neinir, sem tilheyrðu reglu Nehors, heldur voru þeir

19a LR Átrúnaður.

21a Al 27:3.

23a Al 26:32.

24a Al 25:1.

b LR Samúð,

meðaumkun.

26a Op 14:13.

27a Jes 55:8–9;

Al 37:6–7.

28a Al 21:4.

b Al 1:15; 2:1, 20.

29a Al 23:14.

raunverulegir afkomendur Lamans og Lemúels.

30 Og þannig getum við glögglega séð, að þegar andi Guðs hefur einu sinni „upplýst menn og þeir hafa öðlast djúpa ^bþekkingu á því, sem réttlætið varðar, en ^cfalla síðan í synd og afbrot, þá verða þeir enn harðari, og því verður ásigkomulag þeirra ^dverra en verið hefði, ef þeir hefðu aldrei kynnst þessum hlutum.

25. KAPÍTULI

Árásir Lamaníta aukast — Niðjar presta Nóa farast eins og Abinadí hafði spáð — Margir Lamanítar snúast til trúar og sameinast Antí-Nefí-Lehítum — Þeir trú á Krist og halda lögmál Móse. Um 90–77 f.Kr.

Og sjá, nú bar svo við, að þessir Lamanítar urðu enn reiðari, vegna þess að þeir höfðu drepit bræður sína. Þess vegna sóru þeir að hefna sín á Nefítum. Og þeir gjörðu engar frekari tilraunir til að drepa fólk ^aAntí-Nefí-Lehís á þeim tíma.

2 En þeir fóru með hersveitir sínar yfir landamærin inn í Sarahemlaland og réðust á þá, sem voru í Ammóníalandi og ^ator-tímdu þeim.

3 Og eftir það háðu þeir margar orrustur við Nefíta, þar sem þeir voru hraktir og drepnir.

4 Og á meðal þeirra Lamaníta,

sem drepnir voru, voru nærri allir ^aafkomendur Amúlons og bræðra hans, sem voru prestar Nóa, og Nefítar réðu þá af dögum —

5 Og þeir, sem eftir voru og flúit höfðu inn í austuróbyggðirnar og hrifsað til sín völd og ráð yfir Lamanítum, urðu þess valdandi, að margir Lamanítar ^afórust á báli vegna trúar sinnar —

6 En eftir að hafa þolað mikið tap og miklar þrengingar tóku margir ^aþeirra að minnast þeirra ^borða, sem Aron og bræður hans höfðu prédikað fyrir þeim í landi þeirra. Þess vegna fór trú þeirra á ^carfsagnir feðra sinna þverrandi, og þeir fóru að trúa á Drottin og að hann veitti Nefítum mikinn kraft. Þannig létu margir þeirra snúast til trúar í óbyggðunum.

7 Og svo bar við, að þeir stjórnendur, er tilheyrðu þeim, sem eftir voru af börnum ^aAmúlons, létu ^btaka þá af lífi, já, alla þá, sem á þetta trúðu.

8 En þetta píslarvætti varð til þess að vekja marga bræður þeirra til reiði, og illdeilur urðu í óbyggðunum. En Lamanítar tóku að ^aelta uppi niðja Amúlons og bræðra hans og drepa þá, en þeir flúðu inn í austuróbyggðirnar.

9 Og sjá. Enn í dag elta Lamanítar þá. Þannig rættust orð Abinadís, sem hann viðhafði um niðja

30a Matt 12:45.
b Hebr 10:26;
Al 47:36.
c 2 Ne 31:14;
Al 9:19.
LR Fráhvarf.

d 2 Pét 2:20–21.
25 1a LR Antí-Nefí-Lehítar.
2a Al 8:16; 16:9.
4a Mósía 23:35.
5a Mósía 17:15.
6a Þ.E. Lamanítarnir.

b Al 21:9.
c Al 26:24.
7a Al 21:3; 24:1, 28–30.
b LR Píslarvottur,
píslarvætti.
8a Mósía 17:18.

prestanna, sem ollu því, að hann leið dauða á báli.

10 Því að hann sagði við þá: Það, sem þið „gjörði mér, verður sem forboði þess, sem koma skal.

11 Og Abinadí varð hinn fyrsti, sem „leið dauða á báli vegna trúar sinnar á Guð. En þetta er það, sem hann átti við, að margir mundu láta lífið á báli á sama hátt og hann.

12 Og hann sagði við presta Nóa, að niðjar þeirra yrðu þess valdandi, að margir yrðu teknir af lífi á líkan hátt og hann sjálfur og þeir mundu dreifast um ókunnar slóðir og verða drepnir eins og sauðir, sem engan hirði hafa, og eru hraktir og drepnir af villidýrum. Og sjá nú, þessi orð sönnuðust, því að Lamanítar hröktu þá, eltu og lustu.

13 Og svo bar við, að þegar Lamanítar sáu, að þeir gátu ekki borið Nefíta ofurliði, sneru þeir aftur til síns eigin lands. Margir þeirra komu yfir til dvalar í Ísmaelslandi og Nefílandi og gengu í lið með fólki Guðs, en það var þjóð „Antí-Nefí-Lehís.

14 Og þeir „grófu einnig stríðsvopn sín á sama hátt og bræður þeirra höfðu gjört, og þeir gjörðust réttlátt fólk og gengu á Drottins vegum og gættu þess að halda boðorð hans og reglur.

15 Já, og þeir héldu lögmál Móse, því að enn var æskilegt, að þeir héldu „lögmál Móse, því

að það var ekki allt fullkomnað. En þrátt fyrir lögmál Móse væntu þeir komu Krists, því að lögmál Móse var þeim ^bforboði komu hans, og þeir trúðu því, að þeir yrðu að halda sig við ^cytri framkvæmd þess, þar til sú stund rynni upp, að hann birtist þeim.

16 En þeir töldu ekki, að ^asáluhjálp veittist fyrir ^blögmál Móse, heldur að lögmál Móse þjónaði þeim tilgangi að styrkja trú þeirra á Krist. Og í trú varðveittu þeir þannig ^cvon sína um eilífa sáluhjálp og treystu á spádómsandann, sem sagði frá því, sem koma skyldi.

17 Og sjá nú. Ammon og Aron og Omner og Himní og bræður þeirra fögnuðu ákaft þeim góða árangri, sem þeir höfðu náð meðal Lamaníta, og sáu, að Drottinn hafði ^abænheyrt þá og einnig sannað þeim orð sitt að öllu leyti.

26. KAPÍTULI

Ammon miklast í Drottinni — Drottinn styrkir hina staðföstu og þeir öðlast þekkingu — Í trú geta menn leitt þúsundir sálna til iðrunar — Guð hefur allt vald og allan skilning. Um 90–77 f.Kr.

EN þetta eru orð Ammons til bræðra sinna, sem hljóða þannig: Bræður mínir, trúbræður mínir. Sjá, ég vil benda ykkur á, hve mikla ástæðu við höfum til að

10a Mósía 13:10.

11a Mósía 17:13.

13a Al 23:16–17.

14a Al 24:15;
26:32.

15a Jakob 4:5;

Jar 1:11.

LR Mósélögmál.

b Mósía 3:14–15; 16:14.

c Mósía 13:29–32.

16a Mósía 12:31–37;

13:27–33.

b 2 Ne 11:4.

c 1 Þess 5:8–9.

17a Al 17:9.

fagna, því að hvernig hefðum við átt að gjöra okkur í hugarlund, þegar við ^ahéldum frá Sarahemlandi, að Guð mundi veita okkur svo miklar blessanir?

2 Og nú spyr ég: Hvaða miklar blessanir hefur hann veitt okkur? Vitið þið það?

3 Sjá, ég svara fyrir ykkur. Bræður okkar, Lamanítar, voru í myrkri, já, í svartasta hyldýpi, en sjá, hve ^amarginir þeirra hafa nú fengið að sjá hið dýrðlega ljós Guðs! Og þetta er blessunin, sem okkur hefur hlotnast; við höfum orðið ^bverkfæri í höndum Guðs til að vinna þetta mikla verk.

4 Sjá ^aþúsundir þeirra fagna og hafa verið leiddar inn í hjörð Guðs.

5 Sjá, ^asáðlandið var fullþroskað, og blessaðir eruð þið, því að þið beittuð ^bsigðinni og hafið uppskorið af öllum mætti ykkar. Já, allan daginn hafið þið erfiðað. Og lítið á fjölda ^ckornbinda ykkar, og öll munu þau flutt í kornhlöðuna, svo að þau fari ekki forgörðum.

6 Já, stormurinn mun ekki lemja þau til jarðar á efsta degi, né heldur mun hvirfilvindurinn rífa þau upp. En þeim mun safnað saman á sinn stað, þegar ^astormurinn kemur, svo að hann nái ekki til þeirra. Já, ekki munu þau heldur feykjast fyrir ofsavindi,

hvert sem óvininum þóknast að bera þau.

7 En sjá. Þeir eru í höndum herra ^auppskerunnar, þeir eru hans, og hann mun ^breisa þá upp á efsta degi.

8 Blessað sé nafn Guðs okkar! ^aSyngjum honum lof, já, færum hans heilaga nafni ^bþakkir, því að hann vinnur réttlætisverk að eilífu.

9 Ef við hefðum ekki farið frá Sarahemlandi, væru þessir ástæru bræður okkar, sem hafa unnað okkur svo innilega, enn gegnsýrðir ^ahatri í okkar garð, já, þeir hefðu einnig verið ókunnugir Guði.

10 Og svo bar við, að þegar Ammon hafði mælt þessi orð, átalði bróðir hans, Aron, hann og sagði: Ammon, ég óttast, að gleði þín komi þér til að miklast.

11 En Ammon sagði við hann: Ég ^amiklast ekki af eigin styrk, né af minni eigin visku. En sjá. ^bGleði mín er algjör, já, hjarta mitt er barmafullt af gleði, og ég vil fagna í Guði mínum.

12 Já, ég veit, að ég er ekkert, styrkur minn er veikur. Þess vegna ^amiklast ég ekki af sjálfum mér, en ég miklast af Guði mínum, því að með hans ^bstyrk get ég gjört allt. Já, sjá, mörg stórkostleg kraftaverk höfum við unnið í

26 1a Mósía 28:9;
Al 17:6–11.

3a Al 23:8–13.

b 2 Kor 4:5;
Mósía 23:10.

4a Al 23:5.

5a Jóh 4:35–37; K&S 4:4.

b Jóel 3:18.

c K&S 33:7–11; 75:2, 5.

6a He 5:12;

3 Ne 14:24–27.

7a LR Uppsæra.

b Mósía 23:22;
Al 36:28.

8a K&S 25:12.

b LR Þakklátur, þakkir,

þakkargjörð.

9a Mósía 28:1–2.

11a 2 Kor 7:14.

b K&S 18:14–16.

LR Gleði.

12a Jer 9:24; Al 29:9.

b Sálm 18:33–41;

Fil 4:13; 1 Ne 17:3.

Þessu landi, og fyrir það munum við lofa nafn hans að eilífu.

13 Sjá, hve margar þúsundir bræðra okkar hann hefur leyst undan kvölum ^aheljar, og þeir fara að ^bsyngja endurleysandi elsku, og allt er þetta fyrir kraft orðs hans, sem í okkur er. Höfum við því ekki fulla ástæðu til að fagna?

14 Jú, við höfum ástæðu til að syngja honum lof að eilífu, því að hann er hinn æðsti Guð og hefur frelsað bræður okkar frá ^ahlekkjum vítis.

15 Já, þeir voru umkringdir ævarandi myrkri og tortímingu. En sjá, hann leiddi þá inn í ævarandi ^aljós, já, til ævarandi sálhjálp, og þeir eru umkringdir óviðjafnanlegri gnægð elsku hans. Já, og við höfum verið verkfæri í höndum hans við að framkvæma þetta mikla og dásamlega verk.

16 Þess vegna skulum við ^amiklast, já, ^bmiklast í Drottni. Já, við skulum fagna, því að gleði okkar er algjör. Já, við skulum lofsyngja Guð okkar að eilífu. Sjá, hver getur miklast of mikið í Drottni? Já, hver getur sagt of mikið um hans mikla vald og ^amiskunn og langlundargeð hans gagnvart mannanna börnum? Sjá, ég segi ykkur, að ég get aðeins lýst broti af því, sem mér býr í brjósti.

17 Hver hefði getað ímyndað

sér, að Guð okkar yrði svo miskunnsamur að rífa okkur upp úr skelfilegu, syndugu og óhreinu ástandi okkar?

18 Sjá, við gengum fram í reiði, með voldugum hótunum um að ^atortíma kirkju hans.

19 Ó, hví ofurseldi hann okkur þá ekki skelfilegri tortímingu? Já, hví lét hann ekki sverð réttvísinnar falla yfir okkur og dæmði okkur til eilífrar örvæntingar?

20 Ó, sál mín hvíkar nánast undan þeirri hugsun. Sjá, hann beitti ekki réttvísi sinni við okkur, heldur lyfti okkur í mikilli miskunn sinni yfir hið ævarandi ^ahlyddýpi dauða og vansældar, já, sálum okkar til hjálpraðis.

21 Og sjáið nú, bræður. Hver er sá ^anáttúrlegi maður, er viti þetta? Ég segi ykkur, að enginn ^bveit þessa hluti, nema hinn iðrandi syndari.

22 Já, þeim, sem ^aiðrast, ástundar ^btrú, vinnur góð verk og biðst fyrir án afláts — honum er gefið að þekkja ^aleyndardóma Guðs. Já, slíkur mun gefið að opinbera það, sem aldrei fyrr hefur verið opinberað. Já, slíkur mun gefið að leiða þúsundir sálna til iðrunar á sama hátt og okkur hefur verið gefið að leiða þessa bræður okkar til iðrunar.

23 En munið þið eftir því, bræður

13a LR Helja.

b Al 5:26.

14a Al 12:11.

15a LR Ljós, ljós Krists.

16a Róm 15:17;

1 Kor 1:31.

b 2 Kor 10:15–18;

K&S 76:61.

c Sálm 36:6–7.

18a Mósía 27:8–10.

20a 2 Ne 1:13;

He 3:29–30.

21a LR Hinn náttúrlegi maður.

b 1 Kor 2:9–16;

Jakob 4:8.

22a Al 36:4–5.

LR Iðrast, iðrun.

b LR Átrúnaður.

c LR Leyndardómar Guðs.

mínir, að við sögðum við bræður okkar í Sarahemlalandi, að við mundum halda upp til Neflands og prédika fyrir bræðrum okkar, Lamanítum, og þeir hlógu háðslega að okkur?

24 Því að þeir sögðu við okkur: Ímyndið þið ykkur, að þið getið leitt Lamaníta til þekkingar á sannleikanum? Gjörði þið ykkur í hugarlund, að þið getið sannfært Lamaníta um það, hve rangsnúnar ^aarfsagnir fedra þeirra eru, jafn ^bþrjóskir og þeir eru? Lamanítar njóta þess að úthella blóði og hafa eytt ævidögum sínum í grófustu misgjörðum og hafa brotið gegn lögmálinu frá fyrstu tíð — Minnst þess nú, bræður mínir, að svo töluðu þeir.

25 Og þeir sögðu enn fremur: Við skulum taka upp vopn gegn þeim og tortíma þeim og misgjörðum þeirra úr landinu, annars ráðast þeir á okkur og tortíma okkur.

26 En sjá, ástkæru bræður mínir. Við héldum ekki út í óbyggðirnar með þeim ásetningi að tortíma bræðrum okkar, heldur með þeim ásetningi að geta ef til vill bjargað fáeinum sálum þeirra.

27 En þegar við vorum niður-beygðir í hjarta og að því komnir að snúa við, sjá, þá ^a“hughreysti Drottinn okkur og sagði: Farið meðal bræðra yðar, Lamaníta, og berið með ^bþolinmæði ^cþrengingar yðar, og ég mun sjá um að vel takist.

28 Og sjá nú. Við fórum og höfum verið meðal þeirra, og við höfum sýnt þolinmæði í þjáningum okkar, og við höfum þolað hvers kyns skort. Já, við höfum farið hús úr húsi og treyst á miskunnsemi heimsins — ekki aðeins á miskunnsemi heimsins, heldur á miskunnsemi Guðs.

29 Og við höfum farið inn í hús þeirra og kennt þeim, og við höfum kennt þeim á götum þeirra. Já, og við höfum kennt þeim á hæðum þeirra, og við höfum einnig farið inn í musteri þeirra og samkunduhús og kennt þeim. Og okkur hefur verið vísað út og við hæddir, hrækt hefur verið á okkur og við löðrungaðir og grýttir, teknir og fjötraðir sterkum böndum, og okkur hefur verið varpað í fangelsi. En vegna krafts og visku Guðs, höfum við aftur orðið frjálisir.

30 Og við höfum þolað alls kyns þrengingar, og allt þetta til að geta ef til vill stuðlað að frelsun nokkurra sálna. Og við töldum, að ^a“gleði okkar yrði algjör, ef við gætum stuðlað að frelsun nokkurra þeirra.

31 Sjá, nú getum við litið fram og séð ávöxt erfiðis okkar — Er hann lítill? Nei, segi ég ykkur, hann er ^a“mikill! Já, og við getum vitnað um einlægni þeirra vegna elsku þeirra til bræðra sinna og einnig til okkar.

24a Mósía 10:11–17.

b Mósía 13:29.

27a Al 17:9–11.

b LR Polinmæði, þolgæði.

c Al 20:29–30.

LR Andstreymi.

30a K&S 18:15–16.

31a Al 23:8–13.

32 Því sjá. Þeir vildu heldur “fórna lífi sínu en svipta óvin sinn lífi. Og þeir hafa ^bgrafið stríðs-vopn sín djúpt í jörðu vegna elsku sinnar til bræðra sinna.

33 Og sjá. Nú spyr ég ykkur, hvort svo heit elska hafi nokkru sinni verið til í öllu landinu. Sjá, ég segi ykkur, nei — svo hefur ekki verið, ekki einu sinni meðal Nefíta.

34 Því að sjá. Þeir mundu taka upp vopn gegn bræðrum sínum, þeir væru ekki reiðubúnir að láta deyða sig. En sjá, hve margir af þessum hafa fórnað lífi sínu. Og við vitum, að þeir eru farnir til Guðs síns vegna elsku sinnar og haturs á synd.

35 Höfum við ekki ástæðu til að fagna? Jú, ég segi ykkur, að frá upphafi veraldar hafa aldrei verið menn, sem jafn mikla ástæðu höfðu til að fagna og við. Já, gleði mín tekur völdin, og ég miklast í Guði, því að hans er allt ^avald, öll viska og allur skilningur. Hann ^bskilur alla hluti, og hann er ^cmiskunnssöm vera, og miskunn hans nær til að frelsa þá, sem vilja iðrast og trú á nafn hans.

36 Nú, ef þetta er að miklast, já, þá miklast ég, því að þetta er líf mitt og ljós mitt, gleði mín og sáluhjálp og endurlausn mín frá ævarandi eynd. Já, blessað er nafn Guðs míns, sem minnst hefur þessa fólks, sem er ^agrein af meiði Ísraels og horfið hefur af

stofninum í ókunnu landi. Já, ég segi, blessað sé nafn Guðs míns, sem minnst hefur okkar, ^bförmanna í ókunnu landi.

37 Bræður mínir, nú sjáum við, að Guð man sérhverja ^amannveru, í hvaða landi sem hún er. Já, hann hefur tölu á fólki sínu, og hjartans miskunnsemi hans er yfir allri jörðinni. En þetta er gleði mín og hin mikla þakkargjörð mín. Já, og ég mun færa Guði mínum þakkir að eilífu. Amen.

27. KAPÍTULI

Drottinn býður Ammon að fara með Antí-Nefí-Lehíta í öruggt skjól — Þegar Ammon hittir Alma yfirbugar gleðin hann — Nefítar gefa Antí-Nefí-Lehítum Jersonsland — Þeir eru kallaðir fólk Ammons. Um 90–77 f.Kr.

Nú bar svo við, að þegar þeir Lamanítar, sem lagt höfðu út í stríð gegn Nefítum, sáu, eftir ítrekaðar tilraunir, að árangurslaust var að reyna að tortíma þeim, sneru þeir aftur heim til Nefílands.

2 Og svo bar við, að Amalekítar voru ofsareidir yfir miklu tapi sínu, og þegar þeir sáu, að þeir gátu ekki komið fram hefndum á Nefítum, tóku þeir að egna menn til reiði gegn ^abræðrum sínum, fólki ^bAntí-Nefí-Lehís. Þess vegna tóku þeir á ný að tortíma þeim.

32a Al 24:20–24.

b Al 24:15.

35a LR Kraftur.

b K&S 88:41.

c LR Miskunnssamur,

miskunnsemi.

36a 1 Mós 49:22–26;

Jakob 2:25; 5:25.

b Jakob 7:26.

37a Post 10:34–35;

2 Ne 26:33.

27 2a Al 43:11.

b Al 25:1.

LR Antí-Nefí-Lehítar.

3 En þeir neituðu “enn að taka upp vopn og leyfðu óvinum sínum að drepa sig að vild.

4 Þegar Ammon og bræður hans sáu þessa tortímingu þeirra, sem voru þeim svo hjartfólgnir, þeirra sem unnu þeim svo einlæglega — því að farið var með þá eins og þeir væru englar, útsendir af Guði til að bjarga þeim frá ævarandi tortímingu — þegar Ammon og bræður hans sáu því þessa miklu tortímingu, fylltust þeir samúð og “sögðu við konunginn:

5 Við skulum safna þessu fólki Drottins saman og halda niður til Sarahemlalands til bræðra okkar Nefíta og flýja land óvinanna, svo að okkur verði ekki tortímt.

6 En konungur sagði við þá: Sjá. Nefítar munu tortíma okkur vegna allra þeirra morða, sem við höfum framið meðal þeirra og þeirra synda, sem við höfum drýgt gegn þeim.

7 Og Ammon sagði: Ég mun fara og spyrja Drottin, og segi hann okkur að fara til bræðra okkar, viljið þið þá fara?

8 Og konungur sagði við hann: Já, ef Drottinn segir okkur að fara, þá munum við halda til bræðra okkar og verða þrælur þeirra, þar til við höfum bætt þeim öll hin miklu morð, sem við höfum framið meðal þeirra, og allar þær syndir, sem við höfum drýgt gegn þeim.

9 En Ammon sagði við hann: Það er andstætt lögum bræðra

okkar, sem faðir minn setti, að “þrælur séu meðal þeirra. Þess vegna skulum við fara og treysta á miskunn bræðra okkar.

10 En konungur sagði við hann: Spurðu Drottin, og ef hann segir okkur að fara, þá förum við, að öðrum kosti verðum við kyrr og förumst í landinu.

11 Og svo bar við, að Ammon fór og spurði Drottin, og Drottinn sagði við hann:

12 Kom þú þessu fólki úr landi, til að það farist ekki, því að Satan hefur sterk tök á hjörtum Amalékíta, sem egna Lamaníta til reiði gegn bræðrum sínum, svo að þeir drepa þá. Farið því úr þessu landi. Og blessuð er þessi kynslóð, því að ég mun varðveita hana.

13 Og nú bar svo við, að Ammon fór og sagði konungi allt, sem Drottinn hafði við hann mælt.

14 Og þeir söfnuðu saman öllu fólki sínu, já, öllu fólki Drottins, og öllum hjörðum sínum og öðrum búpeningi og héldu af landi brott og út í óbyggðirnar, sem skilja Nefíland frá Sarahemlalandi, og komust að landamærunum.

15 Og svo bar við, að Ammon sagði við þá: Sjá, við bræður mínir munum halda inn í Sarahemlaland, en þið skuluð halda kyrru fyrir hér, þar til við komum aftur. Og við munum kanna hjörtu bræðra okkar, hvort þeir vilji, að þið komið inn í land sitt.

16 Og svo bar við, að þegar

3a Al 24:21–26.

4a Al 24:5.

9a Mósía 2:13;

29:32, 38, 40.

Ammon var á leið inn í landið, hittu þeir bræður Alma “á þeim stað, sem áður hefur verið getið. Og sjá, þetta urðu fagnaðarfundir.

17 En “gleði Ammons var svo mikil, að hann var frá sér num-inn. Já, hann var svo gagntekinn gleði til Guðs síns, að máttur hans þvarr, og hann féll ‘enn til jarðar.

18 Var þetta ekki hin algjöra gleði? Sjá, þetta er gleði, sem enginn hlýtur nema sá, sem leitar hamingjunnar í sannri iðrun og sannri auðmýkt.

19 En gleði Alma yfir að hitta bræður sína var vissulega mikil og eins gleði Arons, Omners og Himnís. En sjá, gleði þeirra bar þá ekki ofurliði.

20 Og nú bar svo við, að Alma leiddi bræður sína aftur til Sarahemlalands, allt til sinna eigin húsakynna. Og þeir fóru og sögðu “yfirmómaranum frá öllu, sem komið hafði fyrir þá í Nefílandi meðal bræðra þeirra, Lamaníta.

21 Og svo bar við, að yfirmómarinn sendi boð um gjörvallt landið til að kanna vilja þjóðarinnar til að hleypa bræðrum þeirra, sem voru fólk Antí-Nefí-Lehís, inn í landið.

22 Og svo bar við, að rödd þjóðarinnar barst og sagði: Sjá, við viljum eftirláta þeim Jersonsland, sem er í austri við hafið og liggur að landi Nægtarbrunnis og er sunnan við Nægtarbrunn. Þetta Jersonsland er það land, sem við

viljum gefa bræðrum okkar til eignar.

23 Og sjá. Við munum staðsetja heri okkar milli Jersonslands og Nefílands, svo að við getum varið bræður okkar í Jersonslandi. Og þetta gjörum við fyrir bræður okkar vegna ótta þeirra við að syndga, ef þeir taka upp vopn gegn bræðrum sínum. En þessi mikli ótti þeirra stafar af djúpri iðrun yfir hinum mörgu morðum, sem þeir hafa framið og hræðilegu ranglæti þeirra.

24 Og sjá nú, þetta viljum við gjöra fyrir bræður okkar, til að þeir geti eignast Jersonsland. Og við munum verja þá fyrir óvinum þeirra með hersveitum okkar, gegn því að þeir veiti okkur hluta í eignum sínum, okkur til aðstoðar við að halda uppi herjum okkar.

25 Nú bar svo við, að þegar Ammon hafði heyrt þetta, sneri hann aftur til fólks Antí-Nefí-Lehís, og fór Alma með honum út í óbyggðirnar, þar sem það hafði reist tjöld sín, og hann fræddi það um allt þetta. Og Alma sagði þeim einnig frá því, hvernig hann, ásamt Ammon, Aroni og bræðrum hans, “snerist til trúar.

26 Og svo bar við, að þetta olli miklum fögnuði meðal þeirra. Og þeir fóru niður til Jersonslands og tóku það til eignar. En Nefítar kölluðu þá fólk Ammons, og þeir voru því auðkenndir með því nafni þaðan í frá.

16a Al 17:1–4.
17a LR Gleði.

b 1 Ne 1:7.
c Al 19:14.

20a Al 4:16–18.
25a Mósía 27:10–24.

27 Og þeir voru meðal Nefíþjóðarinnar, og voru einnig taldir til þeirra, sem tilheyrðu kirkju Guðs. Og þeir einkenndust einnig af guðrækni sinni og ræktarsemi við menn, því að þeir voru fullkomlega ^aheiðarlegir og grandvarir í öllu, og þeir voru ^bstaðfastir í trú sinni á Krist, allt til enda.

28 Og þeir litu á það með mesta viðbjóði að úthella blóði bræðra sinna, og ógjörningur var að fá þá til að taka upp vopn gegn bræðrum sínum. En þeir skelfdust aldrei dauðann, svo mikil var von þeirra og trú á Krist og upprisuna. Þess vegna hvarf dauðinn þeim við sigur Kristis yfir honum.

29 Þess vegna vildu þeir heldur þola ^adauðann í þeirri þungbærustu og hroðalegustu mynd, sem bræður þeirra gátu á þá lagt, en taka upp sverð eða sveðju til að ljósta þá.

30 Og þannig voru þeir árvökul og elskuð þjóð, mikils metin þjóð Drottins.

28. KAPÍTULI

Lamanítar bornir ofurliði í ógurlegum bardaga — Tugir þúsunda láta lífið — Hinir ranglátu dæmdir til óendanlegrar eyndar; hinir réttlátu hljóta óendanlega hamingju. Um 77–76 f.Kr.

Og nú bar svo við, að eftir að fólk Ammons hafði komið sér fyrir í ^aJersonslandi — og kirkja hafði

auk þess verið stofnuð í Jersonslandi — og eftir að herir Nefíta voru komnir á tilskilda staði umhverfis Jersonsland, já, við öll landamærin umhverfis Sarahemland — sjá, þá höfðu hersevitir Lamaníta veitt bræðrum sínum eftirför út í óbyggðirnar.

2 Þess vegna kom til ógurlegs bardaga. Já, til þvílíks bardaga kom, að annað eins hafði aldrei þekkt meðal íbúa landsins frá því að Lehí yfirgaf Jerúsalem. Já, tugir þúsunda Lamaníta voru felldir eða þeim tvístrað.

3 Já, en einnig varð gífurlegt mannfall meðal Nefíþjóðarinnar. Þó voru Lamanítar ^ahraktir burtu og þeim tvístrað, og Nefíþjóðin hvarf aftur til lands síns.

4 Og nú rann upp mikill sorgartími meðal allrar Nefíþjóðarinnar, og heyra mátti mikla kveinstafi um gjörvallt landið —

5 Já, kveinstafi ekkna, sem syrgðu eiginmenn sína, og einnig feðra, sem syrgðu syni sína, og dóttir syrgði bróður, já, og bróðir föður. Og harmagrátur heyrðist þannig meðal þeirra allra, grátur þeirra, sem syrgðu fallna ástvini sína.

6 Og sannarlega var þetta dagur sorgarinnar. Já, þetta voru alvörutímar, tímar mikillar ^aföstu og mikils bænahalds.

7 Og þannig lauk fimmtánda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni —

8 Og þetta er frásögnin um

27a LR Heiðarlegur,
heiðarleiki.
b Al 23:6.

29a Al 24:20–23.
28 1a Al 27:22;
30:1, 19.

3a Al 30:1.
6a Al 30:2.

Ammon og bræður hans, ferðir þeirra um Nefíland, þjáningar þeirra í landinu, sorgir þeirra og þrengingar, “ólýsanlega gleði þeirra og um viðtöku og öryggi bræðranna í Jersonslandi. Og megi nú Drottinn, lausnari allra manna, blessa sálir þeirra að eilífu.

9 Og þetta er frásögn um stríð og illdeilur meðal Nefíta og einnig um stríð milli Nefíta og Lamaníta — Fimmtánda stjórnarari dóm-aranna lýkur.

10 Og frá fyrsta til fimmtánda árs hefur mörg þúsund lífum verið eytt. Já, og hræðilegar blóðs-úthellingar hafa átt sér stað.

11 Og líkamar margra þúsunda eru lagðir í jörðu, á meðan lík margra þúsunda “rotna í dyngjum á yfirborði jarðar. Já, margar þúsundir ^bsyrgja ættingja, því að samkvæmt fyrirheitum Drottins hafa þeir ástæðu til að óttast, að þeir séu dæmdir til óendanlegrar eymdar.

12 Á meðan þúsundir annarra sannlega syrgja ástvini sína, fagna þeir samt og gleðjast innilega í voninni og vita jafnvel, samkvæmt “fyrirheitum Drottins, að þeir eru upp reistir til að dveljast til hægri handar Guði í óendanlegri hamingju.

13 Og þannig sjáum við, hve mikið “misræmi er meðal manna vegna syndar og lögmálsbrota og valds djöfulsins, sem birtist með

slæg ^báform sín til að veiða hjörtu mannanna í tálsnöru.

14 Og á þennan hátt skiljum við hið mikla kall til mannanna um að erfiða af kostgæfni í “víngarði Drottins. Og þannig skiljum við hina miklu rökhyggju að baki sorg og einnig fögnuði — sorg vegna dauða og tortímingar meðal mannanna og fögnuði vegna ^bljóss Krists til lífsins.

29. KAPÍTULI

Alma þráir að kalla menn til iðrunar með krafti engla — Drottinn sér öllum þjóðum fyrir kennurum — Alma miklast af verki Drottins og velgengni Ammons og bræðra hans. Um 76 f.Kr.

Ó, AÐ ég væri engill og sú ósk hjarta míns mætti uppfyllast, að mér leyfðist að stíga fram og tala með gjallarhorni Guðs, með röddu, sem kæmi jörðinni til að nötra og veki alla menn til iðrunar!

2 Já, með þrumuraust mundi ég boða sérhverri sál iðrun og endurlausnaráætlunina — boða, að þær skuli iðrast og “koma til Guðs, þannig að engin sorg yrði framar til á yfirborði jarðar.

3 En sjá. Ég er maður, og í ósk minni syndga ég, því að ég ætti að vera ánægður með það, sem Drottinn hefur úthlutað mér.

4 Ég ætti ekki að láta þrá mína haggja fastri ákvörðun réttviss Guðs, því að ég veit, að hann veitir mönnum — já, ákveður

8a Al 27:16–19.

11a Al 16:11.

b Al 48:23;

K&S 42:45–46.

12a Al 11:41.

13a 1 Ne 17:35.

b 2 Ne 9:28.

14a LR Víngarður

Drottins.

b LR Ljós, ljós Krists.

29 2a Om 1:26;

3 Ne 21:20.

mönnum með óumbreytanlegri ákvörðun — í samræmi við “þrá þeirra, hvort heldur er til dauða eða lífs. Já, ég veit, að hann útlutar mönnum að ^bvilja þeirra, hvort sem sá vilji leiðir til sáluhjalpar eða tortímingar.

5 Já, og ég veit, að allir menn hafa staðið frammi fyrir illu jafnt sem góðu. Sá, sem ekki þekkir gott frá illu, er án sektar, en sá, sem ^aþekkir gott og illt, fær það, sem hann þráir, hvort sem hann þráir gott eða illt, líf eða dauða, gleði eða kvalir ^bsamviskunnar.

6 En þar sem ég veit allt þetta, hví skyldi hugur minn þá standa til annars en vinna það verk, sem ég hef verið kallaður til?

7 Hví skyldi ég þrá að vera engill og geta talað svo, að heyrst til allra heimshorna?

8 Því að sjá. Drottni þóknast að leyfa “öllum þjóðum að kenna sinni eigin þjóð orð hans á sinni eigin ^btungu. Já, kenna allt það, sem hann í visku sinni “telur hæfa að þeir viti. Þess vegna skiljum við, að Drottinn veitir viturleg ráð samkvæmt því, sem satt er og rétt.

9 Ég þekki það, sem Drottinn hefur boðið mér, og miklast í því, en ég ^amiklast ekki af sjálfum mér, heldur af því, sem Drottinn hefur boðið mér. Já, dýrð mín er sú, að ég verði ef til vill verkfæri

í höndum Guðs til að vekja einhverja sál til iðrunar. Í því er gleði mín fólgin.

10 Og sjá. Þegar ég sé marga bræður mína iðrast af einlægni og snúa til Drottins Guðs síns, fyllist sál mín gleði. Þá minnst ég ^aþess, sem Drottinn hefur gjört fyrir mig, já, að hann hefur heyrt bænir mínar. Já, þá minnst ég hans miskunnsama arms, sem hann hefur rétt mér.

11 Já, ég minnst einnig ánauðar feðra minna, því að ég veit með vissu, að ^aDrottinn leysti þá úr ánauð og stofnaði þar með kirkju sína. Já, Drottinn Guð, Guð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs, leysti þá úr ánauð.

12 Já, ég hef ávallt minnst ánauðar feðra minna, og sá hinn sami Guð, sem ^bbjargaði þeim úr höndum Egyppta, leysti þá úr ánauð.

13 Já, og hinn sami Guð stofnaði kirkju sína meðal þeirra. Já, hinn sami Guð hefur kallað mig heilagri köllun til að boða þessari þjóð orðið og hefur veitt mér mikla velgengni, og í henni er ^agleði mín algjör.

14 En ég gleðst ekki einungis yfir mínum eigin árangri, heldur er gleði mín enn fyllri yfir ^avelgengni bræðra minna, sem hafa verið í Nefílandi.

15 Sjá, þeir hafa lagt mjög hart að sér og hafa uppskorið rikulegan

4a Sálm 37:4.

b LR Sjálfræði.

5a 2 Ne 2:18, 26;

Moró 7:15–19.

LR Dómgreind,

dómgreindargáfa.

b LR Samviska.

8a 2 Ne 29:12.

b K&S 90:11.

c Al 12:9–11.

9a Al 26:12.

10a Mósía 27:11–31.

11a Mósía 24:16–21;

Al 5:3–5.

12a 2 Mós 14:30–31.

13a K&S 18:14–16.

14a Al 17:1–4.

ávöxt. Hve mikil munu ekki laun þeirra verða!

16 Þegar ég nú hugsa um árangur bræðra minna, er sál mín svo upp numin, að hún skilst næstum frá líkamanum, ef svo má að orði komast, svo mikil er gleði mín.

17 Og megi Guð veita þessum bræðrum mínum, að þeir öðlist sess í Guðs ríki — já, og að enginn þeirra, sem eruávöxtur erfiðis þeirra, hverfi frá, heldur lofsyngi hann að eilífu. Og megi Guð gefa, að svo verði samkvæmt þeim orðum, sem ég hef mælt. Amen.

30. KAPÍTULI

Andkristurinn Kóríhor hæðist að Kristi, friðþægingunni og spádómsandanum — Hann kennir að enginn Guð sé til, ekkert fall mannsins, engin refsing fyrir syndir og enginn Kristur — Alma ber vitni um að Kristur muni koma og að allir hlutir sýni, að Guð sé til — Kóríhor heimtar tákni og missir málið — Djöfullinn hafði birst Kóríhor í líki engils og kennt honum hvað segja átti — Kóríhor er fótum troðinn og deyr. Um 76–74 f.Kr.

SJÁ, nú bar svo við, að þegar fólk Ammons hafði komið sér fyrir í Jersonslandi, já, og einnig eftir að Lamanítar höfðu verið^breknir úr landinu og íbúar landsins höfðu grafið hina föllnu —

2 Nú var ekki tölu kastað á hina föllnu, vegna þess hve fjöldinn

var mikill, né heldur var tölu kastað á hina föllnu Nefíta — þá bar svo við, að þegar þeir höfðu lokið við að grafa hina föllnu og einnig að loknum föstu-, sorgar- og bænadögum (og það var á sextánda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni), tók að komast á stöðugur friður um allt landið.

3 Já, og fólkíð gætti þess að halda boðorð Drottins og virtu stranglega “helgiathafnir Guðs, samkvæmt lögmáli Móse, þar eð því var kennt að^bhalda lögmál Móse, þar til það uppfylltist.

4 Og þannig voru engar óeirðir meðal þjóðarinnar á sextánda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

5 Og svo bar við, að í upphafi sautjándra stjórnarárs dómaranna ríkti áframhaldandi friður.

6 En svo bar við, að á síðari hluta sautjándra ársins kom maður nokkur til Sarahemlalands, og var hann “andkristur, því að hann tók að prédika fyrir fólkinu gegn spádómum spámannanna um komu Krists.

7 Nú voru engin lög, sem mæltu gegn “trú nokkurs manns, því að það var með öllu andstætt boðum Guðs, að til væru lög, sem gjörðu mönnum misjafnlega hátt undir höfði.

8 Því að ritningin segir svo: “Kjösið í dag, hverjum þér viljið þjóna.

9 En ef einhver vildi þjóna Drottni, þá voru það forréttindi

30 1a Al 27:25–26.
LR Antí-Nefí-Lehítar.
b Al 28:1–3.

3a LR Móselögmál.
b 2 Ne 25:24–27;
Al 25:15.

6a LR Andkristur.
7a Al 1:17.
8a Jós 24:15. LR Sjálfræði.

hans, eða öllu heldur, ef hann trúði á Guð, þá voru það forréttindi hans að þjóna honum. En ef einhver trúði ekki á hann, voru engin lög um að refsa honum.

10 En ef einhver framdi morð, var honum refsað með „dauða, og ef hann rændi, var honum einnig refsað. Og ef maður stal, var honum einnig refsað, og ef hann drýgði hór, var honum einnig refsað. Já, fyrir allt slíkt ranglæti var mönnum refsað.

11 Því að lög voru um, að menn skyldu dæmdir samkvæmt brotum sínum. Þó voru engin lög gegn trúarskoðunum nokkurs manns. Þess vegna var manni refsað einungis fyrir afbrot, sem hann hafði framið. Og þannig var öllum mönnum gjört „jafnt undir höfði.

12 Og þessi andkristur, sem bar nafnið Kóríhor (en lögin náðu ekki til hans), tók að prédika fyrir fólkinu, að enginn Kristur væri til. Og á þennan hátt prédikaði hann og sagði:

13 Ó, þér sem fjötruð eru heimskulegri og fánýtri von, hví ánetjist þér slíkri fávisku? Hví væntið þér Krists? Enginn maður getur vitað neitt um það, sem í vændum er.

14 Sjá. Þetta, sem þér kallið spádóma, sem þér segið heilaga spámennt hafa gefið yður, sjá, það eru heimskulegar erfikenningar feðra yðar.

15 Hvernig vitið þér, að þeim sé treystandi? Sjá, þér getið ekkert

vitað um það, sem þér getið ekki „séð. Þess vegna getið þér ekki vitað, að Kristur muni koma.

16 Þér væntið þess og segið, að þér sjáið fyrirgefningu synda yðar. En sjá. Þetta eru órar truflaðrar hugsunar, og þessir hugarórar eiga rót sína að rekja til erfikenninga feðra yðar, sem afvegaleiða yður til trúar á það sem ekki er.

17 Og margt slíkt fleira sagði hann við þá. Og hann sagði þeim, að ekki væri hægt að friðþægja fyrir syndir mannanna, heldur færi fyrir hverjum og einum í þessu lífi, samkvæmt breytni hans. Þess vegna væri velgengni sérhvers manns bundin náttúrugáfum hans, og sigur sérhvers manns væri bundinn við styrk hans og ekkert, sem maðurinn tæki sér fyrir hendur, væri glæpur.

18 Og þannig prédikaði hann fyrir þeim og leiddi hjörtu margra afvega og fékk þá til að hreykja sér í ranglæti sínu, já, fékk margar konur og einnig karla til að drýgja hór — þar eð hann sagði þeim, að þegar maðurinn væri dáinn, væru það endalokin.

19 En þessi maður fór einnig yfir til Jersonslands til að prédika þetta fyrir fólki Ammons, sem áður var Lamanítar.

20 En sjá. Þeir voru vitrari en margir Nefítanna, því að þeir tóku hann og fjötruðu og báru hann fyrir Ammon, sem var æðsti prestur þeirrar þjóðar.

21 Og svo bar við, að hann lét flytja hann úr landi. Og hann fór

yfir til Gídeonslands og tók einnig að prédika fyrir þeim. En þar gekk honum ekki vel, því að hann var tekinn, fjötraður og leiddur fyrir æðsta prestinn og einnig yfirdómara landsins.

22 Og svo bar við, að æðsti presturinn sagði við hann: Hvers vegna ferð þú um og rangsnýrð vegum Drottins? Hvers vegna kennir þú þessu fólki, að enginn Kristur komi og spillir þannig gleði þess? Hvers vegna talar þú gegn öllum spádómum hinna heilögu spámanna?

23 En nafn æðsta prestsins var Gíddóna. Og Kóríhor sagði við hann: Vegna þess að ég kenni ekki heimskulegar erfikenningar feðra ykkar, og vegna þess að ég kenni ekki þessu fólki að láta fjötrast af fávísimum fyrir mælum og athöfnum, sem fornir prestar hafa boðið, til að ná völdum og ráðum yfir þeim og halda þeim í fáfræði, svo að þeir geti ekki lyft höfði, heldur séu undirokaðir í samræmi við orð þín.

24 Þið segið, að þetta fólk sé frjálst. Sjá. Ég segi, að það sé í fjötrum. Þið segið, að þessir fornu spádómar séu sannir. Sjá. Ég segi, að þið vitið ekki, hvort þeir eru sannir.

25 Þið segið, að þetta fólk sé sekt og fallið vegna lögmálsbrota foreldris. Sjá. Ég segi, að barn sé ekki sekt vegna foreldra sinna.

26 Og þið segið einnig, að Kristur muni koma. En sjá. Ég segi, að þið vitið ekki, hvort Kristur kemur.

Og þið segið einnig, að hann muni deyddur fyrir „syndir heimsins —

27 Og þannig afvegaleiðið þið þetta fólk eftir heimskulegum erfikenningum feðra ykkar og að ykkar eigin óskum. Og þið haldið því niðri rétt eins og það sé í ánaud, svo að þið getið rifið í ykkur erfiði handa þess, svo að það þori ekki að líta upp með djörfung og þori ekki að njóta réttar síns og réttinda.

28 Já, það þorir ekki að notfæra sér það, sem er þeirra eigið, af hræðslu við að móðga presta sína, sem undiroka það að eigin geðþótta og hafa komið því til að trúa því í samræmi við þeirra eigin erfikenningar, drauma, duttlunga, hugsýnir og uppgerðar leyndardóma, að ef það fari ekki eftir orðum þeirra, muni það móðga einhverja óþekktu veru, sem þeir segja vera Guð — veru, sem enginn hefur séð eða þekkt, sem aldrei hefur verið til og aldrei verður til.

29 En þegar æðsti presturinn og yfirdómarinn sáu hörkuna í hjarta hans, já, þegar þeir sáu, að hann mundi jafnvel úthúða Guði, svöruðu þeir orðum hans engu. En þeir létu fjöttra hann og afhentu hann fangavörðunum og sendu hann til Sarahemlalands, svo að hægt væri að leiða hann fyrir Alma og yfirdómarann, sem var landstjóri alls landsins.

30 Og svo bar við, að þegar hann var leiddur fyrir Alma og yfirdómarann, hélt hann áfram á

sama hátt og í Gídeonslandi, já, hann hélt áfram að „guðlasta.

31 Og hann reis upp með mörgum „fjálglefum orðum frammi fyrir Alma og atyrta prestana og kennarana og ásakaði þá um að afvegaleiða fólkið með heimskulegum erfikenningum feðra sinna til að geta satt sig af erfiði fólksins.

32 En nú sagði Alma við hann: Þú veist, að við seðjum okkur ekki af erfiði þessa fólks. Því að sjá. Ég hef erfiðað frá upphafi stjórnar dómara og fram að þessu með mínum eigin höndum mér til framfæris, þrátt fyrir margar ferðir mínar um landið til að boða þjóðinni orð Guðs.

33 Og þrátt fyrir þá miklu vinnu, sem ég hef á mig lagt fyrir kirkjuna, hef ég aldrei tekið svo mikið sem eitt „senín fyrir erfiði mitt, og slíkt hefur heldur enginn bræðra minna gjört, nema ef vera skyldi í dómarasætinu, og þá höfum við aðeins fengið laun samkvæmt lögum, fyrir tíma okkar.

34 Og úr því að við fáum engin laun fyrir erfiði okkar í kirkjunni, hvaða hagnað höfum við þá af því að erfiða í kirkjunni, annan en þann að boða sannleikann, svo að við getum „samglaðst bræðrum okkar?

35 Hvers vegna segir þú þá, að við prédikum fyrir þessu fólki til að hagnast, þegar þú veist sjálfur, að við tökum ekki við hagnaði? Og trúir þú nú, að blekkingar frá

okkur veiti þessu fólki svo mikla gleði í hjarta?

36 Og Kóríhor svaraði honum: Já.

37 Og þá sagði Alma við hann: Trúir þú, að til sé Guð?

38 Og hann svaraði: Nei.

39 Nú sagði Alma við hann: Vilt þú enn neita því, að til sé Guð, og einnig afneita Kristi? Því að sjá. Ég segi þér, að ég veit, að Guð er til, og einnig, að Kristur kemur.

40 Og hvaða sönnun hefur þú nú fyrir því, að enginn „Guð sé til eða að Kristur komi ekki? Ég segi þér, að þú hefur enga aðra en þín eigin orð.

41 En sjá. Allt er mér „vitnisburður um, að þessir hlutir séu sannir. Og þú hefur líka allt til að bera vitni um, að þeir séu sannir, en vilt þú afneita þeim? Trúir þú, að þessir hlutir séu sannir?

42 Sjá, ég veit, að þú trúir, en þú ert á valdi anda lyginna, og þú hefur úthýst anda Guðs, þannig að hann hefur ekkert rúm í þér, en djöfullinn hefur vald yfir þér, og hann leiðir þig áfram og gjörir áform um að tortíma börnum Guðs.

43 Og nú sagði Kóríhor við Alma: Ef þú vilt sýna mér „tákn, sem sannfæra mig um, að Guð sé til, já, sýna mér, að hann hefur vald, þá mun ég sannfærast um sannleik orða þinna.

44 En Alma sagði við hann: Þú hefur fengið næg tákn. Vilt þú

30 a LR Guðlasta, guðlast.

31 a He 13:22.

33 a Al 11:3.

34 a LR Gleði.

40 a Sálm 14:1.

41 a LR Vitni.

43 a Jakob 7:13–21;

K&S 46:8–9.

LR Tákn.

freista Guðs þíns? Vilt þú segja, sýn mér tákn, þegar þú hefur vitnisburð ^aallra þessara bræðra þinna og einnig vitnisburð allra hinna heilögu spámanna? Ritningarnar liggja frammi fyrir þér, og ^ballir hlutir sýna fram á, að Guð er til. Já, jafnvel ^cjörðin og allt, sem á henni er, já, og ^dsnúningur hennar, já, og einnig öll ^ehimintunglin, sem snúast á sinn reglubundna hátt, bera því vitni, að til er æðri skapari.

45 En samt ferð þú um og afvegaleiðir hjertu þessa fólks og berð því vitni, að enginn Guð sé til? Og vilt þú enn afneita öllum þessum vitnum? Og hann sagði: Já, ég mun afneita öllu, nema þú sýnir mér tákn.

46 Og nú bar svo við, að Alma sagði við hann: Sjá, ég harma hörku hjarta þíns, já, að þú stendur enn gegn anda sannleikans, svo að sál þín tortímist.

47 En sjá. ^aBetra er að sál þín glatist en þú verðir til þess að leiða margar sálir til tortímingar með lygum og fagurgala. Ef þú þess vegna afneitar á ný, sjá, þá mun Guð ljósta þig, svo að þú missir málið og getir aldrei framar upp lokið vörum þínum til þess að blekkja þetta fólk.

48 Nú sagði Kóríhor við hann: Ég afneita ekki tilveru Guðs, en ég trúi ekki, að Guð sé til. Og ég segi einnig, að þú vitir ekki, að Guð sé

til. Aðeins ef þú sýnir mér tákn, mun ég trúa.

49 Nú sagði Alma við hann: Ég mun gefa þér það tákn, að þú verðir ^agjörður mállaus samkvæmt orðum mínum, og ég segi þetta í nafni Guðs, þú munt verða mállaus og aldrei framar geta komið upp orði.

50 Þegar Alma hafði lokið þessum orðum, varð Kóríhor mállaus og gat ekki komið upp nokkru orði, í samræmi við orð Alma.

51 Og þegar yfirdómarinn nú sá þetta, rétti hann fram hönd sína, skrifaði til Kóríhor og sagði: Ert þú sannfærður um kraft Guðs? Og á hverjum vildir þú, að Alma sýndi tákn sitt? Hefðir þú viljað, að hann þrengdi að öðrum til að sýna þér tákn? Sjá, hann hefur sýnt þér tákn, og vilt þú nú enn andmæla?

52 Og Kóríhor rétti fram hönd sína og skrifaði og sagði: Ég veit, að ég er mállaus, því að ég get ekki talað. Og ég veit, að ekkert nema kraftur Guðs hefði getað leitt þetta yfir mig. Já, og ég ^avissi einnig, að til var Guð.

53 En sjá. Djöfullinn hefur ^ablekkt mig, því að hann ^bbirtist mér í engilslíki og sagði við mig: Far þú og endurheimtu þetta fólk, því að það hefur allt vikið af réttu braut í leit að óþekktum Guði. Og hann sagði við mig: ^cEnginn Guð er til. Já, og hann kenndi mér, hvað ég ætti að segja. Og ég hef

44a Mósía 13:33–34.

b Sálm 19:2; K&S 88:47.

c Job 12:7–10.

d He 12:11–15.

e HDP Móse 6:63.

47a 1 Ne 4:13.

49a 2 Kro 13:20.

52a Al 30:42.

53a Jakob 7:14.

b 2 Kor 11:14;

2 Ne 9:9.

c Sálm 10:4.

kennt hans orð. Ég kenndi þau, vegna þess að þau voru ^dholdlegu hugarfari geðþekk. Og ég kenndi þau með miklum árangri, svo að ég trúði í raun og veru, að þau væru sönn. Og af þessari ástæðu stóð ég gegn sannleikanum, allt þar til ég kallaði þessa miklu bölvun yfir mig.

54 Þegar hann nú hafði sagt þetta, sárþændi hann Alma um að biðja Guð um að létta bölvuninni af sér.

55 En Alma sagði við hann: Ef þessari bölvun væri af þér létt, mundir þú aftur afvegaleiða hjörtu þessa fólks. Þess vegna mun fyrir þér fara eins og Drottinn vill.

56 Og svo bar við, að bölvuninni létti ekki af Kóríhor, en honum var vísað burtu, og hann fór hús úr húsi til að betla sér mat.

57 En fregnin um það, sem kom fyrir Kóríhor, barst umsvifalaust um gjörvallt landið. Já, yfirdómarrinn sendi strax tilkynningu til allra í landinu og tilkynnti þeim, sem trúað höfðu orðum Kóríhors, að þeir yrðu að iðrast hið fyrsta, ef sami dómur ætti ekki að koma yfir þá.

58 Og svo bar við, að þeir sannfærðust allir um ranglæti Kóríhors. Þess vegna snerust þeir allir aftur til trúar á Drottin. Og þetta batt enda á misgjörðir að hætti Kóríhors. Og Kóríhor gekk hús úr húsi og betlaði mat, sér til viðurværis.

59 Og svo bar við, að þegar hann fór enn meðal fólksins, já, meðal þeirra, sem höfðu skilið við Nefítana og nefndu sig Sóramíta og voru undir stjórn manns, sem kallaður var Sóram — þegar hann fór um meðal þeirra, sjá, þá var ruðst þar á hann, og hann fótum troðinn til dauða.

60 Og þannig sjáum við endalok þess, sem rangsnýr vegum Drottins. Og þannig sjáum við, að ^ddjöfullinn ^bstendur ekki með börnum sínum á efsta degi, heldur dregur þau hratt niður til ^cheljar.

31. KAPÍTULI

Alma stjórnar trúboði til að endurheimta Sóramíta sem fallið hafa frá — Sóramítar afneita Kristi, trúa á falskenningu um útvalningu og tilbeiðslu með ákveðnu bænahaldi — Trúboðarnir fyllast af hinum heilaga anda — Þrengingar þeirra hverfa í fögnuði Krists. Um 74 f.Kr.

Nú bar svo við, að eftir endalok Kóríhors frétti Alma, að Sóramítar væru að rangsnúa vegum Drottins og að Sóram, sem var leiðtogi þeirra, afvegaleiddi hjörtu manna og fengi þá til að ^alúta dumbum ^bskurðgoðum, og enn ^cfann hann til í hjarta sínu vegna misgjörða fólksins.

2 Því að það olli Alma mikilli ^asorg að vita af misgjörðum meðal þjóðar sinnar. Þess vegna

53d LR Holdlegur.

60a LR Djöfull.

b Al 3:26–27; 5:41–42;

K&S 29:45.

c LR Helja.

31 1a 2 Mós 20:5;

Mósía 13:13.

b 2 Ne 9:37.

LR Falskuðadýrkun.

c Al 35:15.

2a Mósía 28:3; 3 Ne 17:14;

HDP Móse 7:41.

var sorgin í hjarta hans mjög sár yfir aðskilnaði Sóramíta frá Nefítum.

3 Sóramítar höfðu safnast saman á landsvæði, sem þeir nefndu Antíónum og var austan við Sarahemlaland og lá næstum að ströndinni fyrir sunnan Jersonsland, en að því lágu einnig óbyggðirnar í suðri, en þær óbyggðir voru þétt settar Lamanítum.

4 Nefítar óttuðust nú mjög, að Sóramítar tækju upp samskipti við Lamaníta og að það yrði Nefítum mikill missir.

5 Og þar eð ^aboðun ^borðsins hafði mikla tilhneigingu til að ^cleiða fólkið í réttlætisátt — já, það hafði haft kröftugri áhrif á huga fólksins en sverðið eða nokkuð annað, sem fyrir það hafði komið — þá áleit Alma ráðlegast að þér létu reyna á kraft Guðs orðs.

6 Þess vegna fór hann með Ammon, Aron og Omner með sér, en skildi Himní eftir hjá söfnuðinum í Sarahemla. En hina þrjá fyrst nefndu tók hann með sér, sem og Amúlek og Seesrom, sem voru í Melek. Og hann tók einnig tvo syni sína með sér.

7 En hann tók ekki elsta son sinn með sér, sem hét ^aHelaman. En nöfn þeirra, sem hann tók með sér, voru Síblon og Kóríanton. Og þetta eru nöfn þeirra, sem með honum fóru til að boða ^bSóramítum orðið.

8 En Sóramítar höfðu ^ahorfið frá Nefítum, og þess vegna hafði þeim verið boðað orð Guðs.

9 En þeir höfðu ^alent í mikilli villu, því að þeir vildu ekki gæta þess að halda boðorð og reglur Guðs, samkvæmt lögmáli Móse.

10 Né heldur vildu þeir virða hátt kirkjunnar, að biðja stöðugt til Guðs og ákalla hann daglega, til að þeir féllu ekki í freistni.

11 Já, þegar allt er talið, rangsneru þeir vegum Drottins á margan hátt. Og af þeirri ástæðu héldu Alma og bræður hans inn í landið til að boða þeim orðið.

12 En sjá. Þegar þeir komu inn í landið, þá sáu þeir sér til mikillar undrunar, að Sóramítar höfðu reist samkunduhús og söfnuðust saman einn dag vikunnar, og þennan dag kölluðu þeir Drottinsdag. Og bænahald þeirra var með þeim hætti, sem Alma og bræður hans höfðu aldrei áður kynnst —

13 Því að í samkunduhúsinu miðju létu þeir reisa pall, sem var vel yfir höfuðhæð, og á honum gat aðeins einn maður staðið.

14 Þess vegna varð hver sá, sem vildi ^atilbiðja, að standa þar uppi, rétta hendur sínar til himins og hrópa hárrí röddu og segja:

15 Heilagi, heilagi Guð! Við trúum, að þú sért Guð, og við trúum, að þú sért heilagur og að þú hafir verið andi og að þú sért andi og munir verða andi að eilífu.

5a Enos 1:23; Al 4:19.

LR Prédika.

b Hebr 4:12;

Jakob 2:8;

Al 36:26.

c Jar 1:11–12; K&S 11:2.

7a LR Helaman, sonur

Alma.

b Al 30:59.

8a Al 24:30.

9a LR Fráhvarf.

14a Matt 6:1–7.

16 Heilagur Guð! Við trúum, að þú hafir skilið okkur frá bræðrum okkar. Og við trúum ekki á erfi-kenningar bræðra okkar, sem feður þeirra í barnskap sínum afhentu þeim. En við trúum, að þú hafir “útvalið okkur til að vera þín ^bheilögu börn og að þú hafir einnig gjört okkur kunnugt um, að enginn Kristur muni koma.

17 En þú ert hinn sami í gær, í dag og að eilífu. Og þú hefur “útvalið okkur, svo að við megum hólpnir verða, á meðan heilagri reiði þinni er ætlað að varpa öllum umhverfis okkur niður til vítis. Og fyrir þann heilagleika þökkum við þér, ó Guð. Og við þökkum þér einnig fyrir að hafa útvalið okkur, svo að við verðum ekki afvegaleiddir af fávísun erfi-kenningum bræðra okkar, sem binda þá við trú á Krist og leiða hjörtu þeirra langt frá þér, Guði okkar.

18 Og enn þökkum við þér, ó Guð, að við erum útvalið og heil-agt fólk. Amen.

19 Nú bar svo við, að þegar Alma, bræður hans og synir höfðu heyrð þessar bænir, urðu þeir yfir sig undrandi.

20 Því að sjá. Sérhver maður gekk fram og hafði yfir þessar sömu bænir.

21 En þeir nefndu staðinn Ram-eumptom, sem í þýðingu merkir hinn heilagi pallur.

22 Frá þessum palli hafði hver maður yfir sömu bænina til Guðs og þakkaði Guði fyrir að útvelja þá og leiða þá ekki í villu, samkvæmt erfikenningum bræðra þeirra, og að hjörtu þeirra væru ekki tæld til að trúa á það, sem koma mundi og þeir vissu ekkert um.

23 Þegar allir höfðu fært fram þakkir á þennan hátt, sneru þeir aftur til heimila sinna og minnt-ust “aldrei aftur á Guð sinn fyrr en þeir söfnuðust aftur saman við hinn heilaga pall til að færa þakkir á sinn hátt.

24 En þegar Alma sá þetta, varð honum “þungt um hjarta, því að hann sá, að þeir voru ranglátir og á villigötum. Já, hann sá, að hjörtu þeirra girntust gull og silfur og alls konar verðmæta hluti.

25 Já, og hann sá einnig, að þeir “hreyktu sér upp í hjörtum sínum með sjálfshóli og drambi.

26 Og hann hóf rödd sína til him-
ins, “hrópaði og sagði: Ó, hversu lengi, ó Drottinn, ætlar þú að þola, að þjónar þínir dvelji hér á jörðu niðri í holdinu og horfi upp á svo mikið ranglæti meðal mannanna barna?

27 Sjá, ó Guð! Þeir “hrópa til þín, en þó eru hjörtu þeirra altekin hroka! Sjá, ó Drottinn! Þeir ákalla þig með vörum sínum, meðan þeir eru ^buppfyllir af hégóma heimsins!

28 Sjá, ó Guð minn, dýrindis klæði þeirra, hringi þeirra og

16a Al 38:13–14.

b Jes 65:3, 5.

17a LR Hégómlegur,
hégómi.

23a Jakbr 1:21–25.

24a 1 Mós 6:5–6.

25a Jakob 2:13;
Al 1:32.

26a HDP Móse 7:41–58.

27a Jes 29:13.

b LR Drambsemi.

“armbönd, gullskraut þeirra og dýrgripi, sem þeir skreyta sig með! Og sjá! Þeir girnast það í hjörtum sér, en þó hrópa þeir til þín og segja! Við þökkum þér, ó Guð, því að við erum þínir útvöldu, meðan aðrir munu farast.

29 Já, og þeir segja, að þú hafir kunngjört þeim, að enginn Kristur verði til.

30 Ó, Drottinn Guð! Hve lengi munt þú þola slíkt ranglæti og trúleysi meðal þessa fólks? Ó Drottinn, gef mér styrk til að umbera ófullkomleika minn, því að ég er ófullkominn, og slíkt ranglæti meðal þessa fólks kvelur sál mína.

31 Ó Drottinn! Hjarta mitt er mjög sorgbitið. Vilt þú veita sál minni huggun í “Kristi. Ó Drottinn! Vilt þú veita mér styrk til að bera með þolinmæði þessar þrengingar, sem yfir mig koma vegna misgjörða þessa fólks.

32 Ó Drottinn! Veit sálu minni huggun og gef, að mér gangi vel, sem og samverkamönnum þeim, sem með mér eru — já, Ammon, Aroni, Omner og einnig Amúlek og Seesrom, og “tveimur sonum mínum — já, veit þeim öllum huggun, ó Drottinn. Já, veit sálum þeirra huggun í Kristi.

33 Veit þeim styrk til að bera þrengingar sínar, sem yfir þá munu koma vegna misgjörða þessa fólks.

34 Ó Drottinn! “Gef að okkur lánist að leiða þá aftur til þín í Kristi.

35 Sjá, ó Drottinn! “Sálir þeirra eru dýrmætar, og margir þeirra eru bræður okkar. Veit okkur þess vegna styrk og visku, ó Drottinn, til að leiða þessa bræður okkar aftur til þín.

36 Nú bar svo við, að þegar Alma hafði mælt þessi orð, “lagði hann ^bhendur yfir alla þá, sem með honum voru. Og sjá. Þegar hann lagði yfir þá hendur, fylltust þeir af hinum heilaga anda.

37 Og eftir þetta skildu þeir “án þess að hugsa nokkuð um sjálfa sig, hvað þeir ættu að eta eða drekka eða hverju þeir skyldu klæðast.

38 Og Drottinn sá fyrir þeim, að þeir liðu hvorki hungur né þorsta. Já, og hann veitti þeim einnig styrk, svo að allar “þrengingar þeirra hyrfu í fögnuði Krists. En svo varð vegna bænna Alma, því að hann baðst fyrir í ^btrú.

32. KAPÍTULI

Alma kennir hinum fátæku, en þrengingarnar höfðu gjört þá auðmjúka — Trúin er von um það sem ekki sést en er sannleikur — Alma ber því vitni, að englar þjóni körlum, konum og börnum — Alma líkir orðinu við sáðkorn — Það verður að gróðursetja og næra — Þá vex það og verður að tré, sem ber ávöxt eilífs lífs. Um 74 f.Kr.

28a Jes 3:16–24.

31a Jóh 16:33.

32a Al 31:7.

34a 2 Ne 26:33.

35a LR Sál —

Verðmæti sálna.

36a 3 Ne 18:36–37.

b LR Handayfirlagning.

37a Matt 6:25–34;

3 Ne 13:25–34.

38a Matt 5:10–12;

Mósía 24:13–15;

Al 33:23.

b LR Átrúnaður.

Og svo bar við, að þeir héldu af stað og tóku að boða fólkinu orð Guðs og fóru inn í samkunduhús og inn á heimili þess, já, og þeir boðuðu jafnvel orðið á götum úti.

2 Og svo bar við, að eftir mikið erfiði tóku þeir að ná árangri meðal hinna "fátækari stétta. Því að sjá. Þeim var vísað út úr samkunduhúsunum, vegna þess hve klæði þeirra voru gróf —

3 Þess vegna var þeim ekki hleypt inn í samkunduhúsin til að tilbiðja Guð, þar eð þeir voru álitnir óhreinir, vegna þess að þeir voru hátækir. Já, bræður þeirra litu á þá sem úrhrak, og þeir voru "fátækir að þessa heims gæðum, og þeir voru einnig hátækir í hjarta.

4 En þegar Alma var að kenna og tala til fólksins uppi á Ónídahæð, kom mikill mannfjöldi til hans, sem tilheyrði þeim hópi, sem við höfum verið að ræða um, þeim sem voru "fátækir í hjarta, vegna þess hve hátækir þeir voru að þessa heims gæðum.

5 Og þeir komu til Alma, og sá, sem fór fyrir þeim, sagði við hann: Sjá, "hvað eiga þessir bræður mínir að gjöra, því að allir menn fyrirliða þá vegna hátæktar þeirra. Já, sérstaklega fyrirliða prestar okkar þá, því að þeir hafa ^bvísað okkur út úr samkunduhúsum

okkar, sem við höfum lagt hart að okkur að koma upp með eigin höndum. Og þeir hafa vísað okkur út vegna mikillar hátæktar okkar, og við getum hvergi tilbeiðið Guð okkar. Sjá, "hvað eigum við að gjöra?

6 Og þegar Alma heyrði þetta, sneri hann sér við og horfði beint framan í hann og sá sér til mikillar gleði, að "þrengingar þeirra höfðu í raun gjört þá ^bauðmjúka og að þeir voru "undir það búnir að heyra orðið.

7 Þess vegna sagði hann ekkert frekar við hina í mannfjöldanum, heldur rétti hann fram höndina og hrópaði til þeirra, sem hann sá og sem voru raunverulega iðrandi, og sagði við þá:

8 Ég sé, að þið eruð af hjarta "lítillátir, og blessaðir eruð þið, ef svo er.

9 Sjá. Bróðir ykkar hefur sagt: Hvað eigum við að gjöra? — Því að okkur er vísað út úr samkunduhúsunum, og við getum því ekki tilbeiðið Guð okkar.

10 Sjá, ég spyr ykkur: Halðið þið, að þið getið hvergi "tilbeiðið Guð nema í samkunduhúsum ykkar?

11 Og enn fremur spyr ég: Halðið þið, að ekki eigi að tilbiðja Guð nema einu sinni í viku?

12 Ég segi ykkur, það er gott að ykkur er vísað út úr

32 2a LR Fátækur.

3a Al 34:40.

4a LR Fátækur —
Fátækur í anda.

5a Okv 18:23.

b Al 33:10.

c Post 2:37–38.

6a LR Andstreymi.

b LR Auðmjúkur,
auðmýkt.

c Al 16:16–17;

K&S 101:8.

8a Matt 5:3–5.

10a LR Tilbeiðsla.

samkunduhúsum ykkar, svo að þið yrðuð auðmjúkir og mættuð “læra visku, því að ykkur er nauðsynlegt að læra visku. Og vegna þess að bræður ykkar hafa úthýst ykkur og fyrirliðið ykkur vegna sárrar ^bfátæktar ykkar, hafið þið kynnst lítillæti hjartans, því að þið eruð neyddir til auðmýktar.

13 Og blessaðir eruð þið, vegna þess að þið neyðist til auðmýktar, því að maðurinn leitar stundum iðrunar, ef hann er neyddur til auðmýktar. Og víst er, að hver sá, sem iðrast, mun finna miskunn. Og sá, sem finnur miskunn og “stendur stöðugur allt til enda, hann mun frelsast.

14 Og vegna þess, að þið neyddust til auðmýktar, voruð þið blessaðir, eins og ég sagði við ykkur. Teljið þið ekki, að þeir séu ríkulegar blessaðir, sem auðmýkja sig í sannleika orðsins vegna?

15 Já, sá sem sannlega auðmýkir sig og iðrast synda sinna og stendur stöðugur allt til enda, sá hinn sami mun blessaður — já, miklu ríkulegar blessaður en þeir, sem neyðast til auðmýktar vegna sárrar fátæktar sinnar.

16 Blessaðir eru þess vegna þeir, sem “auðmýkja sig án þess að vera neyddir til auðmýktar. Eða með öðrum orðum, blessaður er sá, sem trúir á orð Guðs og lætur skírast án þrjósku í hjarta, já, án þess að hafa öðlast þekkingu á

orðinu eða jafnvel hafa neyðst til að kynnast því, áður en þeir vilja trúa.

17 Já, margir eru þeir, sem segja: Ef þú vilt sýna okkur “tákn frá himni, þá munum við vita með vissu, þá munum við trúa.

18 Nú spyr ég. Er þetta trú? Sjá, ég segi ykkur, nei, því að viti maðurinn eitthvað hefur hann ekkert tilefni til “trúar, þar eð hann veit það.

19 Og nú, hversu miklu þyngri bölvun hvílir ekki yfir þeim, sem “þekkir vilja Guðs og fer ekki eftir honum, en þeim, sem einungis trúir, eða aðeins hefur tilefni til að trúa, og fellur í synd?

20 En um þetta verðið þið að dæma. Sjá. Ég segi ykkur, að það er sama hvert liðið er — hverjum manni mun farnast samkvæmt verkum sínum.

21 Og nú, eins og ég sagði um trúna — “trú er ekki að eiga fullkomna þekking. Ef þið þess vegna eigið trú, þá hafið þið ^bvon um það, sem ‘eigi er auðið að sjá, en er sannleikur.

22 Og sjá. Ég segi ykkur, og ég vona, að þið hafið það hugfast, að Guð er öllum miskunnsamur, sem á nafn hans trúa. Þess vegna óskar hann þess í fyrsta lagi, að þið trúiið, já, á orð hans.

23 Og fyrir meðalgöngu engla færir hann mönnunum orð sitt, já, “ekki einungis körlum, heldur

12a Préd 4:13.

b Okv 16:8.

13a Al 38:2.

16a LR Auðmjúkur,

auðmýkt.

17a LR Tákn.

18a Et 12:12, 18.

19a Jóh 15:22–24.

21a Jóh 20:29; Hebr 11.

b LR Von.

c Et 12:6.

23a Jóel 3:1–2.

einnig konum. En ekki aðeins það, heldur er ^bsmábörnum oft og einatt gefin orð, sem valda hinum vitru og lærðu kinnroða.

24 Og nú, ástkæru bræður mínir! Þið óskið þess að fá að vita hjá mér, hvað þið eigið að gjöra, þar eð þið eruð aðþrengdir og ykkur er vísað burtu — Nú vil ég ekki, að þið álítið, að ég hafi í hyggju að dæma ykkur, nema samkvæmt því, sem satt er —

25 Því að það er ekki skoðun mín, að þið hafið öll neyðst til auðmýktar. Því að vissulega trúi ég, að sumir meðal ykkar myndu auðmýkja sig, hvernig sem aðstæður þeirra væru.

26 En eins og ég sagði um trú — að hún væri ekki fullkomin þekking — þannig er það og með orð mín. Í fyrstu getið þið ekki vitað um sannleik þeirra með vissu, ekki fremur en trú er fullkomin þekking.

27 En sjá. Ef þið viljið vakna og vekja hæfileika ykkar til lífs með því að gjöra tilraun með orð mín og sýna örlitla trú, jafnvel þótt ekki sé nema “löngun til að trúa, látið þá undan þessari löngun, þar til þið trúið nægilega til að gefa hluta orða minna rúm.

28 Nú skulum við líkja orðinu við “sáðkorn. Ef þið gefið rúm í ^bhjarta ykkar, þannig að gróðursetja megi “sáðkorn þar, sjá, sé það sáðkorn sannleikans, eða gott sáðkorn, og þið varpið því eigi

burt vegna “vantrúar ykkar, og standið eigi gegn anda Drottins, sjá, þá mun það fara að þenjast út í brjóstum ykkar. Og þegar þið finnið þessar vaxtarhræringar, munuð þið segja með sjálfum ykkur: Þetta hlýtur að vera gott sáðkorn — eða að orðið sé gott — því að það er farið að víkka sálarsvið mitt. Já, það er farið að upplýsa “skilning minn, já, það er farið að verða mér unun.

29 Sjá. Mundi þetta ekki auka trú ykkar? Ég segi ykkur, jú. Samt er það ekki orðið að fullkominni þekkingu.

30 En sjá. Eftir því sem sáðkornið þenst út og spírar og tekur að vaxa, þá hljótið þið að segja, að sáðkornið sé gott, því að sjá, það þenst út, það spírar og það tekur að vaxa. Og sjá nú. Mun þetta ekki styrkja trú ykkar? Jú, það mun styrkja trú ykkar, því að þið munuð segja: Ég veit, að þetta er gott sáðkorn, því að sjá, það spírar og tekur að vaxa.

31 Og sjá nú. Eruð þið vissir um, að þetta sé gott sáðkorn? Ég segi ykkur, já, því að vöxtur sérhvers sáðkorns fer eftir “gæðum þess.

32 Ef því sáðkorn vex, þá er það gott, en ef það vex ekki, sjá, þá er það ekki gott. Þess vegna er því varpað burt.

33 Og sjá nú. Vegna þess að þið hafið gjört tilraun og gróðursett sáðkornið og það þenst út

23b Matt 11:25;
Lúk 10:21;
3 Ne 26:14–16;
K&S 128:18.

27a Mark 11:24.
28a Al 33:1.
b LR Hjarta.
c Lúk 8:11.

d Matt 17:20.
e LR Skilningur.
31a 1 Mós 1:11–12.

og spírar og er tekið að vaxa, þá hljótið þið að vita, að þetta er gott sáðkorn.

34 Og sjá nú. Er þekking ykkar fullkomin? Já, þekking ykkar er fullkomin á þessu, en ^btrú ykkar blundar. Og það er vegna þess að þið vitið, því að þið vitið, að orðið hefur þanið út sálir ykkar, og þið vitið einnig, að það hefur spírað og er farið að upplýsa skilning ykkar og víkka ^chugarheim ykkar.

35 Og er þetta þá ekki raunverulegt? Ég segi ykkur, jú, vegna þess að það er ^aljós, og allt, sem er ljós er gott, vegna þess að hægt er að greina það, þess vegna hljótið þið að vita, að það er gott. Og sjá nú, er þekking ykkar fullkomin, eftir að þið hafið reynt þetta ljós?

36 Sjá, ég segi ykkur, nei. Og þið megið heldur ekki leggja trú ykkar til hliðar, því að þið hafið einungis reynt trú ykkar við að gróðursetja sáðkorn til að láta reyna á, hvort sáðkornið sé gott.

37 Og sjá. Þegar tréð tekur að vaxa, munuð þið segja: Við skulum næra það af mikilli umhyggju, svo að það skjóti rótum, vaxi upp og beri okkur ávöxt. Og sjá nú. Ef þið nærði það af mikilli umhyggju, mun það skjóta rótum, vaxa upp og bera ávöxt.

38 En ef þið ^avanrækið tréð og hugsíð ekkert um næringu þess, sjá, þá mun það ekki festa rætur. Og þegar sólarhitinn kemur og

breiskjar það, visnar það upp, vegna þess að það hefur engar rætur, og þið rífið það upp og varpið því burt.

39 En þetta er ekki vegna þess, að sáðkornið var ekki gott, og það er heldur ekki vegna þess, að ávöxturinn yrði ekki girnilegur, heldur er það vegna þess, að ^ajarðvegur ykkar er ófrjór og þið viljið ekki næra tréð. Þess vegna getið þið ekki uppskorið ávöxt þess.

40 Og ef þið viljið ekki næra orðið og vænta ávaxtar þess með augum trúarinnar, þá getið þið aldrei uppskorið ávextina af ^alífsins tré.

41 En ef þið viljið næra orðið, já, næra tréð með trú ykkar af mikilli kostgæfni og ^aþolinmæði, þegar það tekur að vaxa, og vænta ávaxtar þess, þá mun það festa rætur. Og sjá, það verður að tré, sem ^bvex upp til ævarandi lífs.

42 Og vegna ^akostgæfni ykkar, trúar ykkar og þolinmæði við að næra orðið, svo að það festi rætur í ykkur, sjá, þá munuð þið senn uppskera ^bávöxt þess, sem er mjög dýrmætur, sem er ljúffengari en allt, sem ljúffengt er, og hvítari en allt, sem hvítt er, já, og tærari en allt, sem tært er. Og þið munuð endurnæra ykkur á þessum ávexti, þar til þið eruð mettuð orðin, og þá mun ykkur hvorki hungra né þyrsta.

34a LR Þekking.

b Et 3:19.

c LR Hugur.

35a Jóh 3:18–21.

LR Ljós, ljós Kristis.

38a LR Fráhvarf.

39a Matt 13:5.

40a 1 Mós 2:9;

1 Ne 15:36.

41a LR Polinmæði,

þolgæði.

b Al 33:23;

K&S 63:23.

42a LR Kostgæfni.

b 1 Ne 8:10–12.

43 Þá, bræður mínir, munuð þið uppskera laun trúar ykkar, kostgæfni, þolinmæði og langlundargeðs við að bíða eftir, að tréð færði ykkur ávöxt.

33. KAPÍTULI

Senos kenndi að menn ættu að biðja og tilbiðja alls staðar og að dómunum sé snúð frá vegna sonarins — Senokk kenndi að miskunnin veitist vegna sonarins — Móse reisti táknmynd um son Guðs í óbyggðunum. Um 74 f.Kr.

ÞEGAR Alma hafði mælt þessi orð, sendu þeir til hans og óskuðu eftir að vita, hvort þeir ættu að trúa á “einn Guð til þess að öðlast þann ávöxt, sem hann hafði talað um, eða hvernig þeir ættu að gróðursetja ^bsáðkornið, eða orðið, sem hann hafði talað um og sagt, að yrði að gróðursetja í hjörtum þeirra. Eða á hvern hátt þeir ættu að byrja að iðka trú sína.

2 Og Alma sagði við þá: Sjá, þið hafið sagt, að þið getið “ekki tilbeðið Guð ykkar, vegna þess að ykkur hafi verið vísað út úr samkunduhúsum ykkar. En sjá. Ég segi ykkur, að ef þið haldið, að þið getið ekki tilbeðið Guð ykkar, skjátlást ykkur hrapallega, og þið ættuð að kanna ^britningarnar. Ef þið álitíð, að þær hafi kennt ykkur þetta, þá skiljið þið þær ekki.

3 Minnist þið þess að hafa lesið það, sem hinn forni spámaður “Senos sagði um bænir og ^btilbeiðslu?

4 Því að hann sagði: Þú ert miskunnsamur, ó Guð, því að þú hefur heyrt bænir mínar, jafnvel þegar ég var úti í óbyggðunum. Já, þú varst miskunnsamur, þegar ég bað fyrir þeim, sem voru “óvinir mínir, og þú snerir þeim til mín.

5 Já, ó Guð, og þú varst mér miskunnsamur, þegar ég ákallaði þig á “akri mínum, þegar ég ákallaði þig í bæn minni, og þú heyrðir til mín.

6 Og enn fremur, ó Guð, þegar ég sneri til hífýla minna, heyrðir þú til mín.

7 Og þegar ég sneri til “herbergis míns, ó Drottinn, og bað til þín, þá heyrðir þú til mín.

8 Já, þú ert börnum þínum miskunnsamur, þegar þau ákalla þig, til að þú heyrir til þeirra en ekki mennirnir, og þú munt heyra til þeirra.

9 Já, ó Guð, þú hefur verið mér miskunnsamur og heyrt hróp mín, þegar ég hef ákallað þig mitt á meðal safnaðar þíns.

10 Já, og þú hefur einnig heyrt til mín, þegar mér hefur verið “vísað burt og óvinir mínir hafa fyrirliðið mig. Já, þú heyrðir hróp mín og reiddist óvinum mínum og vitjaðir þeirra í reiði þinni með bráðri tortímingu.

33 1a 2 Ne 31:21;
Mósía 15:2–4.
b Al 32:28–43.
2a Al 32:5.
b Al 37:3–10.

3a LR Ritningar —
Glataðar ritningar;
Senos.
b LR Tilbeiðsla.
4a Matt 5:44.

5a Al 34:20–25.
7a Matt 6:5–6;
Al 34:26.
10a Al 32:5.

11 Og þú heyrðir til mín vegna þrenginga minna og einlægni minnar. Og það er vegna sonar þíns, sem þú hefur verið mér svo miskunnsamur. Þess vegna mun ég ákalla þig í öllum þrengingum mínum, því að í þér er gleði mín, því að þú hefur snúið dómum þínum frá mér vegna sonar þíns.

12 Og nú sagði Alma við þá: Trúið þið þessum ritningum, sem þeir til forna skráðu?

13 Sjá. Ef þið gjörðið það, hljótið þið að trúá því, sem ^aSenos sagði, því að sjá, hann sagði: Vegna sonar þíns hafa dómur þínir eigi verið upp kveðnir.

14 Sjá, bræður mínir. Nú spyr ég, hvort þið hafið lesið ritningarnar? Ef svo er, hvernig getið þið þá verið vantrúaðir á son Guðs?

15 Því að ^aekki er ritað, að Senos einn hafi talað um þessa hluti, heldur talaði ^bSenokk einnig um þá —

16 Því að sjá, hann sagði: Ó Drottinn, þú ert reiður þessu fólki, því að það vill ekki skilja miskunn þína, sem þú hefur veitt því vegna sonar þíns.

17 Og bræður mínir, nú sjáið þið, að annar forn spámaður hefur vitnað um son Guðs, og vegna þess að fólkið vildi ekki skilja orð hans, ^agrýtti það hann til dauða.

18 En sjá, þetta er ekki allt. Þetta

eru ekki þeir einu, sem talað hafa um son Guðs.

19 Sjá, ^aMóse talaði um hann. Já, og sjá. ^bTáknmynd var ^creist í óbyggðunum, svo að hver, sem á hana liti, mætti lifa. Og margir litu á hana og lifðu.

20 En fáir skildu merkingu þessara hluta vegna hörkunnar, sem í hjörtum þeirra var. En margir voru svo forhertir, að þeir vildu ekki líta á táknmyndina og fórust þess vegna. Og ástæða þess, að þeir vildu ekki líta myndina, var sú, að þeir trúðu því ekki, að það mundi gjöra þá ^aheila.

21 Ó, bræður mínir. Ef þið gætuð orðið heilbrigðir fyrir augnatillitið eitt, munduð þið þá ekki líta upp skjótt, eða munduð þið frekar herða hjörtu ykkar í vantrú og vera svo skeytingarlausir, að þið lyftuð ekki augum ykkar og færust?

22 Ef svo er, mun illa fyrir ykkur fara, en ef svo er ekki, þá lítið í kringum ykkur og ^afarið að trúá á son Guðs, að hann komi til að endurleysa fólk sitt, og að hann muni þjást og deyja til að ^bfriðþægja fyrir syndir þess. Að hann muni aftur ^crísa frá dauðum, sem gjörir ^dupprisuna að veruleika, að allir menn muni standa frammi fyrir honum og verða dæmdir á efsta og dómsins degi eftir ^everkum sínum.

23 Og nú, bræður mínir, óska ég

12a LR Ritningar.

13a Al 34:7.

15a Jakób 4:4.

b 1 Ne 19:10;

Al 34:7.

17a LR Þíslarvottur,

þíslarvætti.

19a 5 Mós 18:15, 18;

Al 34:7.

b 4 Mós 21:9; 2 Ne 25:20;

Mósía 3:15.

c Jóh 3:14; He 8:14–15.

20a 1 Ne 17:40–41.

22a Al 32:27–28.

b Al 22:14; 34:8–9.

c LR Upprisa.

d Al 11:44.

e LR Verk.

þess, að þið ^agróðursetjið þetta orð í hjörtum ykkar, og þegar það tekur að vaxa, þá nærði það með trú ykkar. Og sjá. Það mun verða að tré og ^bvaxa í ykkur til ævarandi lífs. Og megi þá Guð gefa, að ^cbyrðar ykkar verði léttar fyrir gleðina yfir syni hans. Og allt þetta getið þið gjört, ef þið viljið. Amen.

34. KAPÍTULI

Amúlek ber því vitni, að orðið sé í Kristi til sáluhjálpar — Ef engin friðþæging er gjörð, hlýtur allt mannkyn að farast — Allt Móselögmálið bendir til fórnar Guðssonarins — Hin eilífa endurlausnaráætlun er byggð á trú og iðrun — Biðja um stundlegar og andlegar blessanir — Þetta líf er tími mannanna til að búa sig undir að mæta Guði — Vinnið að sáluhjálpar ykkar með ótta frammi fyrir Guði. Um 74 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Alma hafði mælt þessi orð til þeirra, settist hann á jörðina, en ^aAmúlek reis á fætur, hóf að kenna þeim og sagði:

2 Bræður mínir. Ég tel útilokað, að þið séuð ófróðir um það, sem sagt hefur verið um komu Krists, sem við kennum, að sé sonur Guðs. Já, ég veit, að ykkur var kennt allt ^aþetta í ríkum mæli, áður en þið klufuð ykkur frá okkur.

3 En þar eð þið hafið farið fram á það við bróður minn elskulegan, að hann segði ykkur, hvað þið ættuð að gjöra í þrengingum ykkar, þá hefur hann mælt nokkur orð til ykkar til að undirbúa hug ykkar. Já, og hann hefur hvatt ykkur til trúar og þolinmæði —

4 Já, hann hefur brýnt fyrir ykkur að hafa næga trú til að ^agróðursetja orðið í hjörtum ykkar, svo að þið fáið sannreynt gæði þess.

5 Og við höfum séð, að hin stóra spurning í hjörtum ykkar er, hvort orðið sé í syni Guðs, eða hvort einginn Kristur verði til.

6 Og þið sáuð einnig, að bróðir minn hefur í mörgum tilvikum sannað fyrir ykkur, að ^aorðið er í Kristi til hjálpræðis.

7 Bróðir minn hefur vitnað í orð Senosar um, að endurlausn verði fyrir son Guðs, og einnig í orð Senokks. Og hann hefur líka vísað máli sínu til Móse til að sanna, að þetta er sannleikur.

8 Og sjá nú. Ég mun sjálfur ^avitna fyrir ykkur, að þetta er sannleikur. Sjá, ég segi ykkur, að ég veit, að Kristur mun koma meðal mannanna barna til að taka á sig lögmálsbrot fólks síns, og hann mun ^bfriðþægja fyrir syndir heimsins, því að Drottinn Guð hefur sagt það.

9 Og nauðsynlegt er, að ^afriðþæging verði gjörð, því að samkvæmt hinum miklu ^báformum

23a Al 33:1; 34:4.

b Al 32:41;

K&S 63:23.

c Al 31:38.

34 1a Al 8:21.

2a Al 16:13–21.

4a Al 33:23.

6a Jóh 1:1, 14.

8a LR Vitna, bera vitni.

b LR Friðþægja,

friðþæging.

9a Al 33:22.

b Al 12:22–33;

HDP Móse 6:62.

eilífs Guðs verður friðþæging að eiga sér stað, því að annars hlýtur allt mannkyn óhjákvæmilega að farast. Já, allir eru forhertir. Já, allir eru ^afallnir og glataðir og hljóta að farast án friðþægingar, sem nauðsynlegt er að eigi sér stað.

10 Því að nauðsynlegt er, að mikil ^alokafórn eigi sér stað, já, en ekki þó svo, að manni sé fórnað, né heldur dýrum eða nokkurri fuglategund. Því að mannleg fórn skal það ekki vera, heldur skal það vera ^balgjör og eilíf ^cfórn.

11 En ekki getur nokkur maður friðþægt fyrir syndir annars manns með sínu eigin blóði. Ef maður fremur morð, sjá, munu þá lög okkar, sem ^aréttvís eru, taka líf bróður hans? Ég segi ykkur, nei.

12 Heldur krefjast lögín lífs þess, sem ^amorðið framdi. Þess vegna nægir ekkert minna en algjör friðþæging til að friðþægja fyrir syndir heimsins.

13 Hin mikla og síðasta fórn er þess vegna nauðsynleg, og þá mun, eða æskilegt er að þá ^alinni öllum blóðsúthellingum. Þá mun ^bMóselögmálinu fullnægt. Já, þá mun því öllu fullnægt, hverjum smástaf og stafkrók, og ekkert er undanskilið.

14 Og sjá. Þetta er allur ^atilgangur ^blög málsins, hvert

smáatriði bendir til hinnar miklu og síðustu ^cfórnar. Og hin mikla og síðasta fórn verður sonur Guðs, já, algjör og eilíf.

15 Og þannig mun hann færa ^ahjálp þæði öllum þeim, sem á nafn hans trúa, en það er tilgangur hinnar síðustu fórnar, að hjartans miskunnsemin, sem sigrar réttvísina, nái fram að ganga, og opni manningnum leið til að öðlast trú til iðrunar.

16 Og þannig getur ^amiskunnsemin fullnægt kröfum ^bréttvísinnar og umvefur þá örmum öryggisins, á meðan sá, sem ekki iðkar trú til iðrunar, er varnarlauð gagnvart öllu lögmálinu um kröfur ^créttvísinnar. Þess vegna kemur hin mikla og eilífa ^dendurlausnaráætlun einungis þeim til góða, sem á trú til iðrunar.

17 Megi því Guð gefa, bræður mínir, að þið takið að iðka ^atrú, sem leiðir til iðrunar, og takið að ^bákalla hans heilaga nafn, svo að hann auðsýni ykkur miskunn —

18 Já, ákallið hann og biðjið um miskunn, því að hann hefur máttinn til að frelsa.

19 Já, auðmýkið sjálfa ykkur og haldið áfram að biðja til hans.

20 Ákallið hann, þegar þið eruð úti á ökrunum, já, vegna allra hjarða ykkar.

9c LR Fall Adams og Evu.

10a HDP Móse 5:6–7.

b 2 Ne 9:7.

c LR Fórn.

11a 5 Mós 24:16; Mósía 29:25.

12a LR Dauðarefsing;
Morð.

13a 3 Ne 9:17, 19–20.

b 3 Ne 15:5.

14a Al 30:3.

b LR Móselögmál.

c K&S 138:35.

15a LR Sáluhjál, hjálþæði.

16a LR Miskunnssamur,

miskunnsemi.

b LR Réttvísi.

c Al 12:32.

d LR Endurlausnaráætlunin.

17a LR Átrúnaður.

b LR Bæn.

21 “Ákallið hann í húsum ykkar, já, vegna alls heimilisfólks ykkar, jafnt kvölds og morgna sem um miðjan dag.

22 Já, ákallið hann gegn mætti óvina ykkar.

23 Já, “ákallið hann gegn ^bdjöflinum, sem er óvinur alls ‘réttlætis.

24 Ákallið hann vegna uppskerunnar á ökrum ykkar, svo að hún verði ykkur góð.

25 Ákallið hann vegna hjarðanna úti á mörkum ykkar, svo að þeim megi fjölga.

26 En þetta er ekki allt. Þið verðið að opna sálir ykkar í “herbergjum ykkar og í fylgsnum ykkar og í óbyggðum ykkar.

27 Já, og þegar þið ákallið ekki Drottin, látið þá “hjörtu ykkar vera ^bþrungin og í stöðugri bæn til hans um velferð ykkar og einnig velferð þeirra, sem umhverfis ykkur eru.

28 Og sjá nú, ástkæru bræður mínir. Ég segi ykkur, ætlið ekki að þetta sé allt. Því að ef þið, eftir að hafa gjört allt þetta, snúið hinum “þurfandi frá eða hinum klæðlausu og vitjið ekki hinna sjúku og aðþrengdu, og ^bgefið ekki af því, sem þið eigið, til þeirra, sem þurfandi eru — ég segi ykkur, ef þið gjörið ekkert af þessu, sjá, þá er “bæn ykkar til ^deinskis og gjörir ykkur ekkert gagn, og þið eruð sem hræsningar, er afneita trúnni.

29 Ef ykkur þess vegna gleymist að auðsýna “kærleika, eruð þið sem gjallið, er málmbræðslumaðurinn kastar burt og er fótum troðið (þar eð það hefur ekkert gildi).

30 Bræður mínir. Eftir að þið hafið móttakið svo marga vitnisburði og séð, að heilagar ritningar bera þessu vitni, þá er það ósk mín, að þið stigið fram og berið fram “ávöxt, sem leiðir til iðrunar.

31 Já, ég vildi, að þið stigjuð fram og hertuð eigi hjörtu ykkar lengur. Því að sjá, nú er tíminn og “dagur hjálpræðis ykkar. Og ef þið þess vegna iðrist og herðið ekki hjörtu ykkar, þá mun hin mikla endurlausnaráætlun samstundis ná til ykkar.

32 Því að sjá. Þetta líf er tími mannanna til að “búa sig undir að mæta Guði. Já, sjá. Dagur þessa lífs er dagurinn, sem menn hafa til að leysa verk sitt af hendi.

33 Og eins og ég sagði við ykkur áður, þar eð þið hafið fengið svo marga vitnisburði, grátbið ég ykkur um að skjóta ekki degi “iðrunar ykkar á ^bfrest til hins síðasta. Því að eftir þennan lífsdag, sem okkur er gefinn til að búa okkur undir eilífðina, sjá, ef við nýtum ekki betur tíma okkar hér í þessu lífi, þá kemur “nótt ^dmyrkursins, en þá er ekkert verk hægt að vinna.

21a Sálm 5:2–4; 3 Ne 18:21.

23a 3 Ne 18:15, 18.

b LR Djöfull.

c LR Réttlátur, réttlæti.

26a Matt 6:5–6.

27a LR Hjarta.

b LR Íhuga, ígrunda.

28a LR Fátækur.

b LR Ölmusa.

c Matt 15:7–8.

d Moró 7:6–8.

29a LR Kærleikur.

30a Matt 3:8; Al 13:13.

31a Róm 13:11–12.

32a 2 Ne 2:21;

Al 12:24; 42:4–6.

33a LR Iðrast, iðrun.

b He 13:38; K&S 45:2.

c Jóh 9:4; K&S 45:17.

d LR Dauði, andlegur; Myrkur, andlegt.

34 Þið getið ekki sagt þegar kemur að þeirri hræðilegu og “afgerandi stundu: Nú ætla ég að iðrast, nú ætla ég að snúa mér til Guðs míns. Nei, þið getið ekki sagt þetta, því að hinn sami andi, sem ræður líkómum ykkar á þeim tíma, sem þið hverfið úr þessu lífi, sá hinn sami andi mun hafa vald yfir líkama ykkar í þeim eilífa heimi.

35 Því að sjá. Ef þið hafið skotið degi iðrunar ykkar á frest fram að dánardægri, sjá, þá eruð þið orðin “undirgefin anda djöfulsins, og hann “innsiglar ykkur sér til handa. Þess vegna hefur andi Drottins dregið sig í hlé frá ykkur og hefur ekkert rúm í ykkur, en djöfullinn hefur allt vald yfir ykkur. Þetta er lokahlutskipti hinna ranglátu.

36 Og þetta veit ég, vegna þess að Drottinn hefur sagt, að hann dvelji ekki í “vanhelgum musterum, heldur dvelur hann í hjörtum hinna ^bréttlátu. Já, og hann hefur einnig sagt, að hinir réttlátu muni taka sér sæti í ríki hans og aldrei hverfa þaðan aftur, heldur skuli klæði þeirra hvít-þvegin með blóði lambsins.

37 Og nú, ástkæru bræður mínir, þrái ég, að þið hafið þetta hugfast og að þið “vinnið að sáluhjálpi ykkar í ótta frammi fyrir Guði og að þið afneitið ekki lengur komu Krists —

38 Að þið “berjist ekki lengur gegn heilögum anda, heldur takið við honum og takið á ykkur ^b nafn Krists, auðmýkið ykkur niður í duftið og “tilbiðjið Guð í anda og í sannleika, hvar sem þið kunnið að vera. Að þið lifið í daglegri “þakkargjörð fyrir hina miklu miskunn og þær mörgu blessanir, sem hann veitir ykkur.

39 Já, og ég hvet ykkur einnig, bræður mínir, að vera “vökulir í stöðugri bæn, svo að ^bfreistingar djöfulsins leiði ykkur ekki afvega, að hann yfirbugi ykkur eigi, að þið verðið ekki þegnar hans á efsta degi. Því að sjá. Hann launar ykkur í “engu góðu.

40 Og nú, ástkæru bræður mínir, langar mig að brýna fyrir ykkur að sýna “þolinmæði og umbera hvers kyns þrengingar og ^bstríða ekki gegn þeim, sem vísa ykkur burt vegna sárrar fátæktar ykkar, því að þá yrðuð þið syndarar eins og þeir —

41 Sýnið heldur þolinmæði og umberið þessar þrengingar í staðfastri von um, að sá dagur komi, að þið hljótið hvíld frá þrengingum ykkar.

35. KAPÍTULI

Boðun orðsins gjörir slægð Sóramíta að engu — Þeir vísa trúskiptingum

34a Al 40:13–14.

35a 2 Ne 28:19–23.

b 2 Ne 9:9.

36a Mósía 2:37;

Al 7:21; He 4:24.

b LR Réttlátur, réttlæti.

37a Fil 2:12.

38a LR Deilur.

b Mósía 5:8;

Al 5:38.

c LR Tilbeiðsla.

d Sálm 69:31;

K&S 59:7.

LR Pakklátur, þakkir,

þakkargjörð.

39a LR Vaka, vera á verði, verðir.

b LR Freista, freisting.

c Al 30:60.

40a LR Þolinmæði, þolgæði.

b K&S 31:9.

úr landi, sem síðan sameinast fólki Ammons í Jerson — Alma harmar ranglæti fólksins. Um 74 f.Kr.

Nú bar svo við, að þegar Amúlek hafði lokið þessum orðum, drógu þeir sig í hlé frá mannföldanum og fóru yfir í Jersonsland.

2 Já, og þeir, sem eftir voru af bræðrunum, fóru einnig yfir í Jersonsland, þegar þeir höfðu lokið við að boða Sóramítum orðið.

3 Og svo bar við, að þegar sá hluti Sóramíta, sem í meiri metum var, hafði ráðgast sín á milli um orðin, sem prédíkuð höfðu verið fyrir þeim, urðu þeir reiðir vegna orðsins, því að það gerði að engu “slægð þeirra. Þess vegna gáfu þeir orðunum engan gaum.

4 Og þeir sendu og söfnuðu öllum saman um gjörvallt landið og ráðguðust við þá um orðin, sem töluð höfðu verið.

5 En stjórnendur þeirra, prestar og kennarar létu ekki uppi við fólkið, hvað þeim bjó í brjósti, heldur komust þeir einslega að skoðunum þess.

6 Og svo bar við, að þegar þeim var orðið ljóst, hver hugur fólksins var í heild, var þeim, sem hölluðust að því, sem Alma og bræður hans höfðu talað, vísað úr landi. Og þeir voru margir, og fóru þeir einnig yfir til Jersonslands.

7 Og svo bar við, að Alma og bræður hans veittu þeim þjónustu.

8 Sóramítar voru reiðir fólki

Ammons, sem var í Jerson, og æðsti stjórnandi Sóramíta, sem var mjög ranglátur maður, sendi til fólks Ammons og óskaði eftir því, að þeir vísuðu úr landi öllum þeim, sem frá þeim höfðu komið inn í land þeirra.

9 Og hann hafði mjög í hótunum við þá. En fólk Ammons óttaðist ekki orð þeirra. Þess vegna vísaði það þeim ekki burt, heldur tók við öllum hinum fátæku meðal Sóramíta, sem komu yfir til þeirra. Og fólkið “fæddi þá og klæddi og gaf þeim land til eignar. Og það veitti þeim þá þjónustu, sem þeir þörfuðust.

10 En þetta egndi Sóramíta til reiði gegn fólki Ammons, og þeir tóku að gefa sig að Lamanítum og eigna þá einnig til reiði gegn því.

11 Og þannig tóku Sóramítar og Lamanítar að undirbúa stríð gegn fólki Ammons og einnig gegn Nefítum.

12 Og þannig lauk sautjándi stjórnarari dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

13 Og fólk Ammons hélt úr Jersonslandi og fór yfir í Meleksland og eftirlét Nefítum svæði í Jersonslandi fyrir heri sína, svo að þeir gætu tekist á við heri Lamaníta og heri Sóramíta. Og þannig hófst stríð á milli Lamaníta og Nefíta á átjándi stjórnarari dómaranna, en “frásögn mun gefin af styrjöldum þeirra síðar.

14 Og Alma, Ammon og bræður þeirra og einnig báðir synir Alma sneru aftur til Sarahemlalandis eftir að hafa verið verkfæri í höndum Guðs við að leiða “marga Sóramíta til iðrunar. Og allir þeir, sem leiddir voru til iðrunar, voru gjörðir útrækir úr landi sínu. En þeir eiga land í Jersonslandi, og þeir hafa gripið til vopna til að verja sig, eiginkonur sínar, börn sín og lönd.

15 En Alma harmaði mjög misgjörðir fólks síns, já, stríðin, blóðsúthellingarnar og illdeilurnar, sem meðal þess voru. Og þar eð hann hafði boðað orðið eða verið sendur til að boða orðið meðal íbúa allra borga og þar eð hann sá, að hjörtu þeirra tóku að fyllast hörku og þeir “reiddust vegna strangleika orðsins, þá varð hann mjög sorgmæddur í hjarta sínu.

16 Hann lét því kalla saman syni sína, svo að hann gæti gjört hverjum þeirra um sig grein fyrir “ábyrgð sinni varðandi það sem réttlætinu tilheyrir. Og við höfum frásögn af fyrirmælum þeim, sem hann gaf þeim, samkvæmt hans eigin heimildum.

Fyrirmæli Alma til sonar síns, Helamans.

Nær yfir 36. og 37. kapitula.

36. KAPÍTULI

Alma ber Helaman vitni um það að hann hafi snúist til trúar eftir að hafa séð engil — Hann mátti þola kvalir fordæmdirar sálar; hann ákallaði nafn Jesú og var þá fæddur af Guði — Ljúf gleði fyllti sál hans — Hann sá herskara engla lofa Guð — Margir trúskiptingar hafa fundið og séð eins og hann hefur fundið og séð. Um 74 f.Kr.

“SONUR minn. Ljá þú orðum mínum eyra, því að ég vinn þér eið, að sem þú heldur boðorð Guðs, svo mun þér vegna vel í landinu.

2 Það er ósk mín, að þú gjörir eins og ég hef gjört, minnst ánaugar feðra okkar. Því að þeir voru í “ánaud, og enginn gat leyst þá nema ^bGuð Abrahams, Guð Ísaks og Guð Jakobs. Og hann bjargaði þeim svo sannarlega úr þrengingum þeirra.

3 Og nú, ó Helaman, sonur minn. Sjá, þú ert ungur að árum, og þess vegna sárþæni ég þig að hlusta á orð mín og læra af mér, því að ég veit, að hver, sem setur traust sitt á Guð, hlýtur stuðning í “raunum sínum, erfiðleikum og þrengingum, og honum mun ^blyft upp á efsta degi.

4 En ég vil ekki, að þú haldir, að ég “viti þetta af sjálfum mér — ekki af hinu stundlega, heldur hinu andlega, ekki af hinum ^bholdlega huga, heldur af Guði.

5 Sjá, ég segi þér, að ef ég hefði

14a Al 35:6.
15a LR Fráhrvarf.
16a LR Ráðsmaður,
ráðsmennska.

36 1a He 5:9–14.
2a Mósía 23:23; 24:17–21.
b 2 Mós 3:6; Al 29:11.
3a Róm 8:28.

b Mósía 23:21–22.
4a 1 Kor 2:11; Al 5:45–46.
LR Þekking.
b LR Holdlegur.

ekki “fæðst af Guði, hefði ég ^bekki vitað þessa hluti. En Guð hefur af vörum heilags engils síns kunngjört mér þá, án þess að ég hafi á nokkurn hátt verið þess “verður —

6 Því að ég fór um með sonum Mósía og reyndi að “tortíma kirkju Guðs. En sjá, Guð sendi heilagan engil til að stöðva okkur á þeirri braut.

7 Og sjá. Hann talaði til okkar, eins og með þrumuraust, og öll jörðin “nötraði undir fótum okkar, og við féllum allir til jarðar, því að ^bótti við Drottin kom yfir okkur.

8 En sjá. Röddin sagði við mig: Rís á fætur. Ég reis og stóð á fætur og sá engilinn.

9 Og hann sagði við mig: Þó að þú viljir tortíma sjálfum þér, skalt þú ekki lengur reyna að tortíma kirkju Guðs.

10 Og svo bar við, að ég féll til jarðar, og í “þrjá daga og þrjár nætur gat ég hvorki lokið upp vörum mínum né hreyft limi mína.

11 Og engillinn sagði fleira við mig, sem bræður mínir heyrðu, en ég ekki. Því að þegar ég heyrði orðin — þó að þú viljir tortíma sjálfum þér, skalt þú ekki lengur reyna að tortíma kirkju Guðs — þá greip mig svo mikil hræðsla og skelfing um að mér yrði ef til vill tortímt, að ég féll til jarðar og heyrði ekki meira.

12 En ég leið “eilífa kvöl, því að sál mín var hrjáð til hins ýtrasta og kvalin af öllum syndum mínum.

13 Já, ég minntist allra synda minna og misgjörða og var þeirra vegna “altekinn kvölum vítis. Já, ég sá, að ég hafði risið gegn Guði mínum og hafði ekki haldið heilög boðorð hans.

14 Já, og ég hafði myrt mörg börn hans, eða öllu heldur leitt þau til tortímingar. Já, og svo miklar höfðu misgjörðir mínar allar verið, að hugsunin ein um að komast í návist Guðs míns fyllti sál mína ólýsanlegri skelfingu.

15 Ó, hugsaði ég. Einungis að mér “yrði vísað frá og ég að engu gjörður, bæði á líkama og sál, svo að ég yrði ekki leiddur fyrir auglit Guðs míns til að verða dæmdur af ^bverkum mínum.

16 Og í þrjá daga og þrjár nætur kvaldist ég, já, kvölum “dæmdrar sálar.

17 Og svo bar við, að meðan ég þannig leið nístandi kvöl og “hrjáðist af endurminningunni um hinar mörgu syndir mínar, sjá, þá minntist ég einnig þess að hafa heyrt föður minn spá fyrir fólkinu, að Jesús nokkur Kristur, sonur Guðs, mundi koma og friðþægja fyrir syndir heimsins.

18 Þegar hugur minn náði nú tókum á þessari hugsun, hrópaði

5a LR Endurfæddur, fæddur af Guði.

b Al 26:21–22.

c LR Verðugur, verðleiki.

6a Mósía 27:10.

7a Mósía 27:18.

b LR Ótti — Ótti við Guð.

10a Mósía 27:19–23.

12a K&S 19:11–15.

13a LR Sekt.

15a Op 6:15–17; Al 12:14.

b Al 41:3;

K&S 1:9–10.

16a LR Fordæming.

17a 2 Kor 7:10.

ég í hjarta mínu: Ó Jesús, þú sonur Guðs, vertu mér miskunnsamur, sem fastur er í “beiskjugalli og reyrður ævarandi ^bhlekkjum dauðans.

19 Og sjá. Þegar ég hugleiddi þetta, gleymdi ég kvölum mínum. Já, minningin um syndir mínar “hrjáði mig ekki lengur.

20 Og ó, hvílík “gleði, hve undursamlegt ljós ég sá! Já, sál mín fylltist gleði, jafn yfirpyrmandi og kvalir mínar höfðu áður verið.

21 Já, ég segi þér, sonur minn, að ekkert getur verið jafn óviðjafnanlegt og biturt og sársauki minn var. Já, og enn fremur segi ég þér, sonur minn, að hins vegar getur ekkert verið jafn óviðjafnanlegt og ljúft og gleði mín var.

22 Já, mér þótti jafnvel sem ég sæi Guð sitja í háseti sínu — á sama hátt og faðir okkar “Lehí sá hann — umkringdan óteljandi herskörungum engla, sem sungu og lofuðu Guð sinn. Já, og sál mín þráði að vera þar.

23 En sjá. Limir mínir endurheimtu “styrk sinn, og ég stóð á fætur og sýndi fólkinu, að ég hafði ^bfæðst af Guði.

24 Já, og allt frá þeirri stundu og til þessa dags hef ég erfiðað viðstöðulaust til að geta leitt sálir til iðrunar, til að geta gefið þeim “hlutdeild í hinni yfirpyrmandi

gleði, sem ég kynntist, svo að þær gætu einnig fæðst af Guði og ^bfyllst heilögum anda.

25 Já, og sjá nú, ó, sonur minn. Drottinn færir mér mikla gleði yfir ávöxtum erfiðis míns —

26 Því að vegna “orðsins, sem hann hefur gefið mér, sjá, þá hafa margir fæðst af Guði og upplifað, eins og ég hef upplifað, og hafa séð augliti til auglitis eins og ég hef séð. Þess vegna er þeim það ljóst, sem ég hef talað um, á sama hátt og mér er það ljóst. En sú þekking, sem ég hef, er frá Guði.

27 Og ég hef notið stuðnings í raunum mínum og hvers konar erfiðleikum, já, og í alls kyns þrengingum. Já, Guð hefur leyst mig úr fangelsi og úr fjötrum og bjargað mér frá dauða. Já, ég legg traust mitt á hann, og hann mun enn “bjarga mér.

28 Og ég veit, að hann mun “reisa mig upp á efsta degi til að dvelja hjá sér í ^bdýrð. Já, og ég mun lofa hann að eilífu, því að hann “leiddi feður okkar út úr Egyptalandi, og hann lét Rauðahafið gleypa “Egyptana. Og hann leiddi feður okkar með krafti sínum inn í fyrirheitna landið. Já, og hann leysti þá aftur og aftur úr fjötrum og ánaud.

29 Já, og hann leiddi einnig feður okkar út úr landi Jerúsalem, og

18a Þ.E. með sáru samviskubiti.
b 2 Ne 9:45; 28:22;
Al 12:11;
HDP Móse 7:26.
19a LR Sekt.
20a LR Gleði.

22a 1 Ne 1:8.
23a HDP Móse 1:10.
b Al 5:14.
LR Endurfæddur,
fæddur af Guði.
24a 1 Ne 8:12; Mósía 4:11.
b 2 Ne 32:5; 3 Ne 9:20.

LR Heilagur andi.
26a Al 31:5.
27a Sálm 34:18.
28a 3 Ne 15:1.
b LR Dýrð.
c 2 Mós 12:51.
d 2 Mós 14:26–27.

með ævarandi krafti sínum leysti hann þá aftur og aftur úr “fjötrum og ánauð, allt til þessa dags. En ég hef alltaf varðveitt minninguna um ánauð þeirra, og þú ættir einnig að geyma minninguna um ánauð þeirra, eins og ég hef gjört.

30 En sjá, sonur minn. Þetta er ekki allt, því að þú ættir að vita, eins og ég veit, að “sem þú heldur boðorð Guðs, svo mun þér vegna vel í landinu. Og þú ættir einnig að vita, að svo sem þú heldur ekki boðorð Guðs, svo útilokast þú úr návist hans. En þetta er samkvæmt orðum hans.

37. KAPÍTULI

Látúnstöflurnar og aðrar ritningar eru varðveittar til að leiða sálir til hjálpræðis — Jaredítum var tortímt vegna ranglætis þeirra — Halda verður leynilegum eiðum þeirra og sáttmálum frá fólkinu — Ráðgastu við Drottin um allt, sem þú tekur þér fyrir hendur — Á sama hátt og Líahóna leiðbeindi Nefítum, þannig leiðir orð Krists menn til eilífs lífs. Um 74 f.Kr.

Og nú, sonur minn Helaman, býð ég þér að taka við “heimildaskránum, sem mér hefur verið ^btrúað fyrir —

2 Og ég býð þér einnig að skrá heimildasögu þessarar þjóðar á sama hátt og ég hef gjört á töflur Nefís og varðveita alla þá helgu

hluti, sem ég hef geymt, eins og ég hef gjört, því að þeim er haldið til haga í “viturlegum tilgangi.

3 En þessar “látúnstöflur, sem áletranir þessar hafa verið greypar á, eru heimildir hinna heilögu ritninga og ættartala forfedra okkar, allt frá upphafi —

4 Sjá, fedur okkar hafa spáð því, að þær yrðu varðveittar og afhentar mann fram af manni og Drottinn mundi geyma þær og varðveita, þar til þær bærust til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða, svo að þeim yrði kunnugt um “leyndardómana, sem á þær eru skráðir.

5 Og sjá nú. Ef þær eru varðveittar, verða þær að haldast skírar — já, og þær munu halda gljóa sínum. Og svo mun og verða um allar þær töflur, sem á er ritað það, sem heilagt er.

6 Nú kannt þú að álíta þetta “fávísku mína, en sjá, ég segi þér, að fyrir hið ^bsmáa og einfalda verður hið stóra að veruleika. Og oft gjörir hið smáa hina vitru ráðþrota.

7 Og Drottinn Guð hefur sínar “aðferðir við að koma til leiðar sínum miklu og eilífu áformum. Með hinu ^börsmáa gjörir hann hina vitru ráðþrota og kemur til leiðar hjálpræði margra sálna.

8 Og fram að þessu hefur það verið víska Guðs, að þessir hlutir

29a Mósía 24:17; 27:16;
Al 5:5–6.

30a 2 Ne 1:9–11;
Al 50:19–22.

37 1a Al 45:2–8.
b Mósía 28:20.

2a Enos 1:13–18;
OMorm 1:6–11;
Al 37:9–12.

3a 1 Ne 5:10–19.
LR Látúnstöflur.

4a LR Leyndardómar

Guðs.
6a 1 Kor 2:14.
b 1 Ne 16:28–29;
K&S 64:33; 123:15–17.

7a Jes 55:8–9.
b 2 Kon 5:1–14.

séu varðveittir. Því að sjá, þeir hafa “skerpt vitund þessa fólks, já, sannfært marga um villu síns vegar og veitt þeim þekkingu á Guði sínum, þeim til sáluhjálpar.

9 Já, ég segi ykkur, að “væri það ekki vegna þeirra hluta, sem heimildirnar geyma og sem á þessum töflum eru, hefðu Ammon og bræður hans ekki getað ^bsannfært svo margar þúsundir Lamaníta, að arfsagnir feðra þeirra væru rangar. Já, þessar heimildir og “orð þeirra leiddu þá til iðrunar, það er, leiddu þá til þekkingar á Drottni Guði sínum og til fagnaðar í Jesú Kristi, lausnara sínum.

10 Og hver veit nema þær verði til að leiða margar þúsundir þeirra, já einnig margar þúsundir okkar þrjúskufullu bræðra, Nefíta, sem nú herða hjörtu sín í synd og misgjörðum, til þekkingar á lausnara sínum?

11 En mér hafa ekki að fullu verið kunngjörðir þessir leyndardómar. Ég mun þess vegna sýna umburðarlyndi.

12 Það nægir, að ég segi einungis, að þær eru varðveittar í viturlegum tilgangi, en þann tilgang þekkir Guð, því að hann “ræður í visku öllum verkum sínum, og vegir hans eru beinir og braut hans ^bein eilíf hringrás.

13 Ó, minnstu þess og haf það hugfast, sonur minn, Helaman,

hve “ströng boðorð Guðs eru. Og hann segir: ^bEf þú heldur boðorð mín, mun þér “vegna vel í landinu — en ef þú heldur ekki boðorð hans, þá útilokast þú úr návist hans.

14 Og minnstu þess, sonur minn, að Guð hefur “treyst þér fyrir þessum hlutum, sem eru ^bheilagir, og sem hann hefur haldið heilögum og mun geyma og varðveita í “viturlegum tilgangi sínum, til að geta sýnt komandi kynslóðum kraft sinn.

15 Og sjá nú. Með spádómsanda segi ég þér, að ef þú brýtur gegn boðorðum Guðs, sjá, þá verða þessir hlutir, sem heilagir eru, frá þér teknir með krafti Guðs, og þú munt ofurseldur Satan, svo að hann geti sáldað þig frá eins og hismið, sem vindurinn feykir burtu.

16 En ef þú heldur boðorð Guðs og meðhöndlar þessa heilögu hluti í samræmi við fyrirmæli Drottins (því að þú verður að leggja allt fyrir Drottin, sem þú gjörir við þá), sjá, þá getur ekkert vald hvorki á jörðu né í helju “tekið þá frá þér, því að Guð hefur vald til að uppfylla öll sín orð.

17 Því að hann mun uppfylla öll þau heit sín, sem hann gefur þér, því að hann hefur uppfyllt heit sín, sem hann gaf feðrum okkar.

18 Því að hann hét þeim því, að “varðveita þessa hluti í viturlegum

8a 2 Tím 3:15–17;

Mósía 1:3–5.

9a Mósía 1:5.

b Al 18:36; 22:12.

c LR Fagnaðarerindi.

12a 2 Ne 9:28; Jakob 4:10.

b 1 Ne 10:19;

Al 7:20.

13a 2 Ne 9:41.

b Al 9:13;

3 Ne 5:22.

c Mósía 1:7;

Al 50:20.

14a K&S 3:5.

b LR Helgur.

c 1 Ne 9:3–6.

16a JS — S 1:59.

18a K&S 5:9.

tilgangi sínum, svo að hann gæti sýnt komandi kynslóðum kraft sinn.

19 Og sjá nú. Einu áformi hefur hann hrundið í framkvæmd, að leiða ^amargar þúsundir Lamaníta aftur til þekkingar á sannleikanum. Og hann hefur sýnt kraft sinn í þeim, og hann mun einnig sýna ^bkomandi kynslóðum kraft sinn í þeim. Þess vegna munu þeir varðveitast.

20 Þess vegna býð ég þér, Helaman, sonur minn, að uppfylla öll orð mín af kostgæfni og kappkosta að halda boðorð Drottins eins og þau eru skráð.

21 En nú vil ég ræða við þig um þessar ^atuttugu og fjórar töflur, svo að þú geymir þær, til þess að leyndardómar, myrkraverk og ^blaumuverk þeirra, eða laumuverk þessa fólks, sem tortímt hefur verið, verði augljós þessu fólki. Já, að öll morð þeirra og rán, rupl þeirra, ranglæti og viðurstyggð verði augljós þessu fólki. Já, og þú varðveitir þessa ^cútleggjara.

22 Því að sjá. Drottinn sá, að fólk hans tók að starfa í myrkri, já, fremja launmorð og viðurstyggð. Þess vegna sagði Drottinn, að ef þeir iðruðust ekki, yrði þeim tortímt af yfirborði jarðar.

23 Og Drottinn sagði: Ég mun gjöra ^astein fyrir þjón minn, Gaslem, sem lýsa mun í myrkri eins og ljós, svo að ég megi sýna fólki mínu, sem mér þjónar, að ég megi sýna því verk bræðra þeirra, já,

sem þeir vinna í leynum, myrkraverk þeirra, ranglæti og viðurstyggð.

24 Og nú, sonur minn, þessir útleggjarar voru gjörðir, til þess að orð Guðs mætti uppfyllast, þegar hann mælti og sagði:

25 Ég mun ^aleiða öll laumuverk þeirra og alla viðurstyggð þeirra úr myrkrinu fram í ljósið, og iðrist þeir ekki, mun ég ^btortíma þeim af yfirborði jarðar. Ég mun leiða öll leyndarmál þeirra og viðurstyggð fram í ljósið, til sérhverrar þjóðar, sem hér eftir mun eignast þetta land.

26 Og við sjáum nú, sonur minn, að þeir iðruðust ekki. Þess vegna hefur þeim verið tortímt, og fram að þessu hefur orð Guðs uppfyllst. Já, hin leynda viðurstyggð þeirra hefur verið leidd úr myrkrinu og kunnngjörð okkur.

27 Og nú, sonur minn, býð ég þér að halda leyndum öllum eiðum þeirra og sáttmálum og samráðum þeirra í viðbjóðslegu leynimakki sínu. Já, og öllum ^atáknum þeirra og undrum skalt þú halda leyndum fyrir þessari þjóð, svo að hún viti ekki um þau og verði ekki á sama hátt myrkrinu að bráð og tortímt.

28 Því að sjá. Sú ^abölvun er yfir öllu þessu landi, að tortíming kemur yfir alla þessa þjóna myrkraverkanna, samkvæmt krafti Guðs, þegar mælir þeirra er fullur. Þess vegna óska ég, að þessari þjóð verði ekki tortímt.

19a Al 23:5.
b Enos 1:13;
Morm 7:8–10.
21a Et 1:1–5.

b LR Leynisamtök,
samsæri.
c LR Úrím og Túmmím.
23a Mósía 8:13.

25a K&S 88:108–110.
b Mósía 21:26.
27a He 6:22.
28a Al 45:16; Et 2:7–12.

29 Þess vegna skalt þú halda þessum leyniáformum, “eiðum þeirra og sáttmálum frá þessari þjóð, en kunngjöra henni einungis ranglæti þeirra, morð og viðurstyggð. Og þú skalt innræta henni ^bviðbjóð á slíku ranglæti, viðurstyggð og morðum, og þú skalt einnig kenna henni, að þessum mönnum var tortímt vegna ranglætis þeirra, viðurstyggðar og morða.

30 Því að sjá. Þeir myrtu alla spámennt Drottins, sem fram komu meðal þeirra til að segja þeim frá misgjörðum þeirra. Og blóð þeirra, sem þeir myrtu, hrópaði til Drottins Guðs þeirra um hefnd yfir morðingjum þeirra, og þannig féllu dómar Guðs yfir þessa þjóna myrkurs og leynisamtaka.

31 Já, og bölvað sé þetta land alltaf og að eilífu þessum þjónum myrkurs og leynisamtaka, já, þeim til tortímingar, ef þeir iðrast ekki, áður en mælir þeirra er fullur.

32 Og nú, sonur minn, hafðu það hugfast, sem ég hef sagt við þig. Trúðu þessari þjóð ekki fyrir þessum leyniáformum, heldur kenndu henni ævarandi “hatur á synd og misgjörðum.

33 “Boðaðu henni iðrun og trú á Drottin Jesú Krist. Kenndu henni að vera auðmjúk og ^bhógvær og af hjarta lítillát. Kenndu henni að standast allar ‘freistingar

djöfulsins, með trú sinni á Drottin Jesú Krist.

34 Kenndu henni að þreytast aldrei á góðum verkum, heldur vera hógvær og af hjarta lítillát, því að slíkir finna sálu sinni “hvíld.

35 Ó, haf þú þetta hugfast, sonur minn, og lærðu “visku á unga aldri. Já, lærðu á unga aldri að halda boðorð Guðs.

36 Já, og “ákallaðu Guð, þér til stuðnings í öllu. Já, helgaðu Drottin allar gjörðir þínar og lát Drottin stjórna ferðum þínum. Já, lát allar hugsanir þínar beinast til Drottins. Já, lát elsku hjarta þíns beinast til Drottins að eilífu.

37 “Ráðgastu við Drottin um allt, sem þú tekur þér fyrir hendur, og hann mun leiðbeina þér til góðs. Já, þegar þú leggst til hvílu að kvöldi, hvílstu þá í Drottin, svo að hann megi vaka yfir þér, meðan þú sefur. Og þegar þú ríst á fætur að morgni, lát þá hjarta þitt vera fullt af ^bþakklæti til Guðs. Og ef þú gjörir svo, mun þér lyft upp á efsta degi.

38 Og sonur minn. Nú hef ég nokkuð að segja um það, sem feður okkar nefna kúluna, eða leiðarvísinn — eða feður okkar nefndu “Líahóna, sem útleggst áttaviti, en hann var af Drottin gjörður.

39 Og sjá. Slík furðusmíð er ekki á færi nokkurs manns. Og

29a He 6:25.

b Al 13:12.

32a 2 Ne 4:31.

33a LR Prédika.

b LR Hógvær, hógværð.

c LR Freista, freisting.

34a Sálm 37:4–7;

Matt 11:28–30.

35a LR Viska.

36a LR Bæn.

37a Jakob 4:10;

K&S 3:4.

b K&S 46:32.

38a 1 Ne 16:10; 18:12;

K&S 17:1.

sjá, hann var gjörður til að sýna feðrum okkar í hvaða átt þeir skyldu halda í óbyggðunum.

40 En hann starfaði samkvæmt trú þeirra á Guð. Ef trú þeirra nægði þess vegna til að trúa því, að Guð léti vísana sýna leiðina, sem þeir ættu að fylgja, sjá, þá varð svo. Þess vegna urðu þeir þessa kraftaverks aðnjótandi og einnig margra annarra kraftaverka, sem kraftur Guðs var valdur að, dag eftir dag.

41 Enda þótt þessi kraftaverk væru „smá, sýndu þau þeim samt undur. Þeir voru hysknir og gleymdu að sýna trú sína og eljusemi og þá linnti þessum undrum, og þeim miðaði ekkert áfram á ferðum sínum —

42 Þess vegna töfðust þeir í óbyggðunum eða héldu ekki rétttri stefnu og voru aðþrengdir af hungri og þorsta, vegna brota sinna.

43 Og nú, sonur minn, vil ég að þú skiljir, að þetta er ekki án líkingar, því að þegar feður okkar voru of hysknir til að gefa þessum áttavita gaum (þetta er veraldlegs eðlis), vegnaði þeim ekki vel. En það sama má segja um það, sem er andlegs eðlis.

44 Því að sjá. Jafnauðvelt er að gefa gaum að „orði Krists, sem mun vísa þér beina braut til eilífrar alsælu, og það var fyrir

feður okkar að gefa þessum áttavita gaum, sem vísaði þeim á beina leið til fyrirheitna landsins.

45 Og nú spyr ég, hvort þetta sé ekki táknrænt. Því að jafnörugglega og þessi leiðarvísir leiddi feður okkar til fyrirheitna landsins, þá er þeir fylgdu þeirri leið, sem hann vísaði, eins munu orð Krists, ef við fylgjum stefnu þeirra, leiða okkur úr þessum sorgardal inn í hið framúrskarandi land fyrirheitinsins.

46 Ó, sonur minn. Verum ekki „hysknir, vegna þess hve sá ^bvegur er auðveldur, því að þannig var feðrum okkar farið. Því að þannig var því hagað fyrir þá, að ef þeir litu upp, þá héldu þeir „lífi. Og þannig er okkur einnig farið. Vegurinn er ruddur, og ef við lítum upp, þá munum við lifa að eilífu.

47 Og nú, sonur minn, gættu þess að varðveita þessa heilögu hluti. Já, gættu þess að beina sjónum þínum til Guðs og lifa. Far þú til þessarar þjóðar og boðaðu orðið, og ver árvakur. Far heill sonur minn.

Fyrirmæli Alma til sonar síns, Síblons.

Nær yfir 38. kápítula.

38. KAPÍTULI

Síblon ofsóttur fyrir réttlætis sakir — Hjálpraðið er í Kristi, sem

40a 1 Ne 16:28.

41a Al 37:6–7.

44a Sálms 119:105;

1 Ne 11:25;

He 3:29–30.

46a 1 Ne 17:40–41.

b Jóh 14:5–6;

2 Ne 9:41; 31:17–21;

K&S 132:22, 25.

c Jóh 11:25;

He 8:15;

3 Ne 15:9.

er líf og ljós heimsins — Haf taumhald á öllum ástriðum þínum. Um 74 f.Kr.

SONUR minn. Ljá orðum mínum eyra, því að ég segi þér, eins og ég sagði Helaman, að sem þú heldur boðorð Guðs, svo mun þér vegna vel í landinu. Og sem þú heldur ekki boðorð Guðs, svo munt þú útilokast úr návist hans.

2 Og nú, sonur minn, treysti ég því, að þú munir færa mér mikla gleði, vegna þess hve staðfastur þú ert og trúr gagnvart Guði. Því að eins og þú hefur byrjað ungur að árum að beina sjónum þínum til Drottins Guðs þíns, svo vona ég, að þú ^ahaldir áfram að halda boðorð hans. Því að blessaður er sá, sem ^bstendur stöðugur allt til enda.

3 Ég segi þér, sonur minn, að þú hefur þegar fært mér mikla gleði vegna staðfestu þinnar og kostgæfni, þolinmæði og langlundargeðs meðal ^aSóramíta.

4 Því að ég veit, að þú varst í fjötrum, og ég veit einnig, að þú varst grýttur orðsins vegna. Og þú barst allt þetta með ^aþolinmæði, vegna þess að Drottinn var ^bmeð þér. Og nú veist þú, að Drottinn bjargaði þér.

5 Og nú, Síblon, sonur minn, vildi ég, að þú minntist þess, að í beinu hlutfalli við ^atraust þitt

á Guði munt þú ^bleystur undan raunum þínum, ^cerfiðleikum og þrengingum, og þér mun lyft upp á efsta degi.

6 Sonur minn. Nú vil ég ekki, að þú haldir, að ég viti þetta af sjálfum mér, heldur er það andi Guðs, sem í mér er, sem kunngjörir mér það, því að hefði ég ekki ^afæðst af Guði, hefði ég ekki vitað það.

7 En sjá. Í sinni miklu miskunn sendi Drottinn ^aengil til að boða mér, að ég yrði að hætta ^btortímingarstarfi mínu meðal fólks hans. Já, og ég hef séð engil augliti til auglitis, og hann talaði til mín, og rödd hans var sem þruma, er kom allri jörðinni til að nötra.

8 Og svo bar við, að ég var þrjá daga og þrjár nætur í sárustu kvöl og sálarangist, og ég fékk ekki ^aeftirgjöf synda minna fyrr en ég ákallaði Drottin Jesú Krist um miskunn. En sjá. Ég ákallaði hann og hlaut þá frið í sálu minni.

9 Og nú, sonur minn, ég hef sagt þér þetta, til að þú öðlist visku og megir læra af mér, að fyrir manninn er ^aengin önnur leið eða ráð til frelsunar, nema í og fyrir Krist. Sjá, hann er líf og ^bljós heimsins. Sjá, hann er orð sannleikans og réttlætisins.

10 Og eins og þú ert nú tekinn að kenna orðið, þannig óska ég,

38 2a Al 63:1–2.

b 2 Ne 31:15–20;

3 Ne 15:9; 27:6, 16–17.

3a Al 31:7.

4a LR Þolinmæði, þolgæði.

b Róm 8:35–39.

5a Al 36:27. LR Treysta.

b Matt 11:28–30.

c K&S 3:8; 121:7–8.

6a Al 36:26; K&S 5:16.
LR Endurfæddur,

fæddur af Guði.

7a Mósía 27:11–17.

b Al 26:17–18; 36:6–11.

8a LR Fyrirgefning synda.

9a He 5:9.

b Mósía 16:9.

að þú haldir áfram að kenna. Og ég vildi, að þú sýndir kostgæfni og hófsemi í öllum hlutum.

11 Gættu þess að miklast ekki í hroka, og gættu þess að „guma ekki af þinni eigin visku eða miklum styrk.

12 Vertu djarfur, en þó ekki hrokafullur, og gættu þess að hafa taumhald á ástríðum þínum, svo að þú fyllist elsku. Gættu þess að forðast iðjuleysi.

13 Þú skalt ekki biðjast fyrir eins og Sóramítar gjöra, því að þú hefur séð, að þeir biðjast fyrir til þess að menn heyri til þeirra og þeim sé hrósað fyrir visku sína.

14 Þú skalt ekki segja: Ó Guð, ég þakka þér, að við erum „betri en bræður okkar. Segðu heldur: Ó Drottinn, fyrirgef mér, hversu ^bóverðugur ég er, og minnstu bræðra minna í miskunn — Já, viðurkenndu ávallt fyrir Drottni, hve óverðugur þú ert.

15 Og megi Drottinn blessa sál þína og taka við þér á efsta degi í ríki sitt, og megir þú sitja þar í friði. Far nú, sonur minn, og kenndu þessari þjóð orðið. Ver árvakur. Sonur minn, far heill.

Fyrirmæli Alma til sonar síns, Kóriantons.

Nær yfir 39. til og með 42. kapitula.

39. KAPÍTULI

Kynlífssynd er viðurstyggð — Syndir Kóriantons komu í veg fyrir að Sóramítar tækju á móti orðinu — Endurlausn Kristis er afturvirk og frelsar hina staðföstu sem áður voru uppi. Um 74 f.Kr.

Og nú, sonur minn, nokkuð fleira þarf ég að segja við þig en bróður þinn. Því að sjá. Hefur þú ekki tekið eftir staðfestu bróður þíns, trúmennsku hans og kostgæfni við að halda boðorð Guðs? Sjá, hefur hann ekki gefið þér gott fordæmi?

2 Því að þú hefur ekki gefið orðum mínum jafnmikinn gaum og bróðir þinn gjörði meðal „Sóramíta. En þetta er það, sem ég færi gegn þér. Þú fóst að miklast af styrk þínum og visku.

3 Og ekki aðeins það, sonur minn. Þú gjörðir það, sem mér féll þungt, því að þú yfirgafst hina helgu þjónustu og fóst yfir í Síronsland við landamæri Lamaníta að elta „skækjuna Ísabellu.

4 Já, hún „stal hjörtum margra, en það var þér engin afsökun, sonur minn. Þú hefðir átt að stunda þá helgu þjónustu, sem þér hafði verið falin.

5 Veistu ekki, sonur minn, að „þetta er viðurstyggð í augum Drottins? Já, synd, sem er öllum öðrum syndum viðurstyggilegri að því undanskildu að úthella saklausu blóði eða afneita heilögum anda?

11a LR Drambsemi.
14a Al 31:16.
b Lúk 18:10–14.

39 2a Al 38:3.
3a LR Munúðarfullur,
munúð.

4a Okv 7:6–27.
5a LR Kynferðislegt
siðleysi.

6 Því að sjá. Ef þú „afneitar heilögum anda, eftir að hann hefur einu sinni dvalið í þér, og þú veist, að þú afneitar honum, sjá, þá er það ^bóafsakanleg synd. Já, og hverjum þeim, sem myrðir gegn ljósi og þekkingu á Guði, er ekki auðvelt að öðlast „fyrirgefningu. Já, ég segi þér, sonur minn, að ekki er auðvelt fyrir hann að hljóta fyrirgefningu.

7 Og nú, sonur minn, vildi ég, að Guð gæfi, að þú hefðir ekki gjörst „sekur um svo stórt brot. Ég dveldi ekki við afbrot þín til að hrjá sálu þína, ef það væri þér ekki til góðs.

8 En sjá. Þú getur ekki dulið afbrot þín fyrir Guði. Og ef þú iðrast ekki, munu þau standa sem vitnisburður gegn þér á efsta degi.

9 Sonur minn, ég vildi, að þú iðraðist og létir af syndum þínum og værir ekki lengur að eltast við það, sem augu þín „girnast, heldur ^bneitaðir þér um allt slíkt. Því að án þess að gjöra það getur þú á engan hátt erfð Guðs ríki. Ó, haf þetta hugfast, og legg það á þig að neita þér um þessa hluti.

10 Og ég býð þér að leita ráða hjá eldri bræðrum þínum í því, sem þú tekur þér fyrir hendur, því að sjá, þú ert ungur að árum og þarft á hjálp eldri bræðra þinna að halda. Gefðu gaum að ráðum þeirra.

11 Láttu ekki leiða þig afvega vegna nokkurs fánýts og heimskulegs hlutar. Leyfðu ekki djöflinum að afvegaleiða hjarta þitt aftur eftir þessum ranglátu skækjum. Sjá, ó, sonur minn. Hve mikla misgjörð hefur þú ekki leitt yfir „Sóramíta, því að þegar þeir sáu ^bhegðun þína, trúðu þeir ekki orðum mínum.

12 Og nú segir andi Drottins við mig: „Bjód þú börnum þínum að gjöra gott, að öðrum kosti gætu þau leitt hjörtu margra til glötunar. Þess vegna býð ég þér, sonur minn, í Guðs ótta, að halda þig frá misgjörðum þínum —

13 Að þú snúir þér til Drottins af öllum huga þínum, mætti og styrk, svo að þú leiðir ekki fleiri hjörtu til ranglátrar breytni, heldur snúir þú aftur til þeirra og „viðurkennir bresti þína og það, sem þú hefur gjört rangt.

14 „Leitaðu ekki eftir auðæfum eða hégóma þessa heims, því að sjá. Þú getur ekki tekið slíkt með þér.

15 Og sonur minn. Nú langar mig til að segja nokkur orð við þig um komu Krists. Sjá, ég segi þér, að það er hann, sem örugglega kemur til að bera burtu syndir heimsins. Já, hann kemur og boðar fólki sínu fagnaðartíðindi um hjálpraði.

16 Og sonur minn. Til þessarar helgu þjónustu varst þú kallaður,

6a K&S 76:35–36.
b LR Ófyrirgefanleg synd.
c K&S 64:10.
LR Fyrirgefa.
7a LR Sekt.

9a LR Holdlegur.
b 3 Ne 12:30.
11a Al 35:2–14.
b Róm 2:21–23;
14:13; Al 4:11.
12a LR Boðorð Guðs;

Kenna, kennari.
13a Mósía 27:34–35.
14a Matt 6:25–34;
Jakob 2:18–19;
K&S 6:6–7;
68:31–32.

að boða þessu fólki þessi fagnaðartíðindi, til að undirbúa hugi þeirra, eða öllu heldur til að hjálpraðið megi ná til þeirra og þeir búi hugi “barna sinna undir að heyra orðið á komutíma hans.

17 Og nú ætla ég að létta örlítið á huga þínum varðandi þetta mál. Sjá, þú undrast, hvernig hægt sé að vita um þessa hluti svo löngu fyrirfram. Sjá, ég spyr þig. Er ekki hver sál jafn dýrmæt Guði nú á tímum og hver sál verður á komutíma hans?

18 Er ekki jafn nauðsynlegt að endurlausnaráætlunin sé kunngjörð þessu fólki og börnum þess?

19 Er ekki jafn auðvelt fyrir Drottin nú á tímum að senda engil til að boða okkur þennan fagnaðarboðskap eins og börnum okkar eða eins og eftir komu hans?

40. KAPÍTULI

Kristur gjörir upprisu allra manna að veruleika — Hinir réttlátu dánur fara til paradísar og hinir ranglátu í ysta myrkur og bíða þar upprisu sinnar — Allt verður endurreist í sinni réttu og fullkomnu umgjörð í upprisunni. Um 74 f.Kr.

Nú, sonur minn, hér er nokkuð, sem ég vil auk þess segja þér, því að ég skynja, að hugsunin um upprisu dauðra íþyngir huga þínum.

2 Sjá, ég segi þér, að engin upprisa verður — eða ég segi með öðrum orðum, að hið dauðlega íklæðist ekki “ó dauðleika, né hið forgengilega íklæðist “óforgengileika — “fyrir en eftir komu Krists.

3 Sjá, hann kemur til leiðar “upprisu dauðra. En sjá, sonur minn, enn er engin upprisa. Nú afhjúpa ég fyrir þér leyndardóm, en engu að síður eru margir ^bleyndardómar “geymdir, sem enginn veit neitt um nema Guð einn. En ég sýni þér einn þeirra, sem ég hef beðið Guð af kostgæfni að leyfa mér að vita — það er varðandi upprisuna.

4 Sjá, sá tími hefur verið ákvarðaður, þegar allir “hverfa úr greipum dauðans. Hvenær sá tími verður, veit enginn, en Guð veit, hvaða tími hefur verið ákvarðaður.

5 En hvort um verður að ræða eitt skipti, “tvö skipti eða þrjú skipti, sem menn hverfa úr greipum dauðans, skiptir ekki máli, því að Guð ^bveit þetta allt, og það nægir mér að vita, að svo verður — að tími er ákvarðaður, er allir munu rísa frá dauðum.

6 Nú hlýtur að líða tími á milli dauðastundarinnar og upprisunnar.

7 Og nú vil ég spyrja: Hvað verður um “sálir manna frá dauðastundinni fram að þeim

16a LR Fjölskylda —
Ábyrgð foreldra.
40 2a Mósía 16:10–13.
LR Ódauðlegur,
ó dauðleiki.
b 1 Kor 15:53–54.

c 1 Kor 15:20.
3a LR Upprisa.
b LR Leyndardómar
Guðs.
c K&S 25:4; 124:41.
4a Jóh 5:28–29.

5a Mósía 26:24–25;
K&S 43:18; 76:85.
b LR Guð, guðdómur.
7a Al 40:21;
K&S 138.
LR Sál.

tíma, sem ákvarðaður er fyrir upprisuna?

8 Ekki skiptir máli, hvort einn eða fleiri vitjunartímar hafa verið ákveðnir fyrir upprisu manna, því að ekki deyjja allir samtímis, og því skiptir það ekki máli. Allt er sem einn dagur hjá Guði, og tími er aðeins mældur manningum.

9 Þess vegna hefur verið ákvarðað, hvenær menn rísa upp frá dauðum, og tími líður á milli dauðastundar og upprisu. Og nú hef ég einmitt beðið Drottin af kostgæfni um að fá vitneskju um þetta tímabil og hvað um sálir manna verður, meðan á því stendur, og þetta er það, sem ég veit.

10 Og þegar sá tími kemur, að allir rísa upp, þá munu þeir vita, að Guð þekkir alla "ákvörðunartíma mannsins.

11 En varðandi ástand sálarinnar frá "dauða og fram að upprisu — sjá! Engill hefur kunngjört mér, að um leið og andar allra manna yfirgefa þennan dauðlega líkama, séu þeir, já, andar allra manna, hvort sem þeir eru góðir eða illir, fluttir ^bheim til þess Guðs, sem gaf þeim líf.

12 Og þá ber svo við, að tekið er við öndum þeirra, sem réttlátir eru, inn í "sæluríki, sem nefnist ^bparadís, ríki ^chvíldar og ^dfriðar, þar sem þeir hvílast frá öllu erfiði, áhyggjum og sorgum.

13 Og þá ber svo við, að andar hinna ranglátu, já, þeirra, sem illir eru — því að sjá, þeir eiga engan hlut eða hlutdeild í anda Drottins, því að sjá, þeir kusu hin illu verk frammar hinum góðu, þess vegna komst andi djöfulsins í þá og náði eignarhaldi á húsi þeirra — þeim verður vísað út í "ystu myrkur, og þar verður ^bgrátur og kvein og gnístran tanna, og það vegna þeirra eigin misgjörða, því að þeir eru fjötr- aðir vilja djöfulsins.

14 En þetta er ástand sálna hinna "ranglátu, já, í myrkri, skelfingu og ^bötta bíða þeir þess, að brennandi og heilög reiði Guðs komi yfir þá. Þannig haldast þeir í þessu "ástandi eins og hinir réttlátu í paradís, fram að upprisutíma sínum.

15 En sumir hafa skilið það svo, að þetta sæluástand og vansældarástand sálarinnar fyrir upprisuna sé hin fyrsta upprisa. Já, ég viðurkenni, að hægt er að kalla það upprisu, þegar anda eða sálu er lyft upp og ráðstafað til sælu eða vansældar, í samræmi við orðin, sem töluð hafa verið.

16 En sjá. Enn fremur hefur verið sagt, að til sé hin "fyrsta ^bupprisa, upprisa allra þeirra, sem verið hafa, eru og munu verða til, allt fram að upprisu Krists frá dauðum.

10a Post 17:26.

11a Lúk 16:22–26;

1 Pét 3:18–19; 4:6;

K&S 76:71–74; 138.

b Préd 12:7; 2 Ne 9:38.

12a LR Gleði.

b LR Paradís.

c LR Hvíld.

d K&S 45:46. LR Friður.

13a LR Helja.

b Matt 8:12; Mósía 16:2.

14a K&S 138:20.

b Jakob 6:13;

HDP Móse 7:1.

c Al 34:34.

16a Jakob 4:11;

Mósía 15:21–23.

b LR Upprisa.

17 En við gjörum ekki ráð fyrir, að þessi fyrsta upprisa, sem talað er um á þennan hátt, geti verið upprisa sálnanna og ^aráðstöfun þeirra til sælu eða vansældar. Þú getur ekki gjört ráð fyrir, að þetta sé það, sem átt er við.

18 Sjá, ég neita því. Heldur er átt við sameiningu sálar og líkama allra þeirra, sem lifað hafa frá dögum Adams fram að ^aupprisu Krists.

19 En hvort sálir og líkamar þeirra, sem rætt hefur verið um, verða sameinaðir samtímis, hinna ranglátu jafnt sem hinna réttlátu, læt ég ósagt. En látum nægja, að ég segi, að þeir komi allir fram, eða með öðrum orðum, upprisa þeirra á sér stað á ^aundan upprisu þeirra, sem deyja eftir upprisu Krists.

20 En sonur minn. Ég segi ekki, að upprisa þeirra verði við upprisu Krists. En sjá, ég læt það í ljós sem skoðun mína, að sálir og líkamar hinna réttlátu séu sameinaðir við upprisu Krists og ^auppstigningu hans til himins.

21 En hvort það verður við upprisu hans eða á eftir, læt ég ósagt. En svo mikið segi ég, að ^atími er milli dauða og upprisu líkamans, og sálin lifir í ^bsælu eða ^cvansæld fram til þess tíma, er Guð hefur ákvarðað, að hinir dauðu skuli fram ganga og sameinast, bæði

sál og líkami, og verða ^dleiddir fram fyrir Guð og hljóta þar dóm samkvæmt verkum sínum.

22 Já, þetta gjörir að veruleika þá endurreisn, sem talað hefur verið um af vörum spámanna.

23 ^aSálin mun ^bsameinuð líkamnum og ^clíkaminn sálunni. Já, hver limur og hver liðamót munu aftur endurreist á líkamann. Já, og ekki svo mikið sem eitt höfuðhár mun glatast, heldur mun allt endurreist í sína réttu og fullkomnu umgjörð.

24 Og nú, sonur minn, þetta er endurreisnin, sem ^atalað hefur verið um af munnri spámanna —

25 Og þá mun stafa ljóma af hinum réttlátu í Guðs ríki.

26 En sjá. Hræðilegur ^adauði kemur yfir hina ranglátu, því að þeir deyja gagnvart því, sem réttlátt er, því að þeir eru óhreinir, og ekkert ^bóhreint getur erft Guðs ríki. En þeim verður vísað burtu, og þeir verða að neyta ávaxtanna af erfiði sínu eða verkum sínum, sem ill hafa verið. Og þeir drekka hinn beiska bikar í botn.

41. KAPÍTULI

Í upprisunni eru menn endurreistir til óendanlegrar hamingju eða óendanlegrar eymdar — Hamingjan hefur aldrei falist í ranglæti — Menn

17a K&S 76:17, 32, 50–51.

18a Matt 27:52–53.

19a Mósía 15:26.

20a LR Uppstigningin.

21a Lúk 23:39–43.

b LR Paradís.

c LR Helja.

d Al 42:23.

23a Þ.E. andi.

K&S 88:15–17.

LR Sál.

b 2 Ne 9:12–13;

Al 11:40–45.

c LR Líkami.

24a Jes 26:19.

26a 1 Ne 15:33;

Al 12:16.

b Al 11:37.

holdlegs eðlis eru án Guðs í heiminum — Í endurreisninni öðlast allir menn á ný sama persónuleika og viðhorf og þeir höfðu tileinkað sér hér á jörðu. Um 74 f.Kr.

Og nú, sonur minn, vil ég ræða nokkuð um endurreisnina, sem talað hefur verið um. Því að sjá. Sumir hafa ^arangfært ritningarnar og ^bvikið langt af rétttri braut þess vegna. Og ég skynja, að þetta atriði hefur einnig valdið þér hugarangi. En sjá. Ég mun skýra þetta fyrir þér.

2 Ég segi þér, sonur minn, að réttvísi Guðs krefst áætlunar um endurreisn. Þess er krafist, að hver einasti hlutur verði settur aftur á sinn stað. Sjá, nauðsynlegt er og réttvíst, samkvæmt krafti og upprisu Krists, að sál mannsins sé aftur færð í líkama sinn og hver einstakur ^alíkamshluti aftur til sinnar réttu myndar.

3 En ^aréttvísi Guðs krefst þess, að menn séu ^bdæmdir eftir ^cverkum sínum, og hafi verk þeirra verið góð í þessu lífi og það, sem þeir þráðu í hjarta sínu, verið gott, þá séu þeir einnig á efsta degi ^aendurreistir til hins góða.

4 En séu verk þeirra ill, þá munu þau ^aendurreist þeim til ills. Hver hlutur mun því endurreistur á sinn stað, öllu komið

aftur fyrir í sinni náttúrlegu umgjörð — hið ^bdauðlega reist til ódauðleika, hið ^cforgengilega til óforgengileika — reist til ^dóendanlegrar sælu og til að erfa Guðs ríki, eða til óendanlegrar vansældar og til að erfa ríki djöfulsins, annar til þeirrar handar, hinn til hinnar —

5 Einn er reistur til sælu í samræmi við þrá sína eftir sælu, eða til góðs í samræmi við þrá sína eftir því góða, en annar til ills í samræmi við þrá sína eftir því illa. Því að þar eð hann hefur daglangt þráð að gjöra illt, já, þá mun hann og hljóta laun sín í illu, þegar náttu tekur.

6 En þannig er það hins vegar. Hafi hann iðrast synda sinna og þráð réttlæti til enda sinna ævinda, þá mun hann hljóta réttlæti að launum.

7 ^aÞetta eru þeir, sem Drottinn endurleysir. Já, þetta eru þeir, sem teknir eru út og eru leystir undan hinni óendanlegu nótt myrkursins. Og þannig standa þeir eða falla. Því að sjá. Þeir fella sjálfir sinn ^beigin dóm, hvort heldur að gjöra gott eða gjöra illt.

8 Ákvarðanir Guðs eru ^aóumbreytanlegar. Þess vegna er vegurinn fyrirbúinn, þannig að hver sá, sem vill, má á honum ganga og láta frelsast.

41 1a 2 Pét 1:20; 3:16;

Al 13:20.

b LR Fráhvarf.

2a Al 40:23.

3a LR Réttvísi.

b LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda;

Dómari, dómur.

c LR Verk.

d He 14:31.

4a Al 42:28.

b 2 Ne 9:12–13;

K&S 138:17.

LR Upprisa.

c 1 Kor 15:51–55.

d LR Eilíft líf.

7a K&S 76:50–70.

b 2 Ne 2:26; Al 42:27;

He 14:30.

LR Sjálfraði.

8a K&S 1:38.

9 Og sjá nú, sonur minn. Taktu ekki áhættuna af að misbjóða Guði þínum “frekar vegna þeirra kenningaratriða, sem þú hefur hingað til vogað að syndga gegn.

10 En vegna þess, sem sagt hefur verið um endurreisnina, skalt þú ekki álykta, að þú verðir reistur frá synd til sælu. Sjá, ég segi þér, að aldrei hefur hamingjan falist í “ranglæti.

11 En sonur minn, allir “náttúrlegir menn, eða öllu heldur ^bholdlegir, eru í beiskjugalli og bundnir viðjum misgjörða. Þeir eru “án Guðs í heiminum, og þeir hafa orðið andstæðir eðli Guðs. Þess vegna er ástand þeirra andstætt eðli hamingjunnar.

12 Og sjá nú. Er merking orðsins endurreisn sú að taka hlut í náttúrlegu ástandi og setja hann í ónáttúrlegt ástand eða ástand, sem gagnstætt er eðli hans?

13 Ó, sonur minn, svo er ekki, heldur er merking orðsins endurreisn að skila aftur illu fyrir illt, holdlegu fyrir holdlegt, eða djöfullegu fyrir djöfullegt — góðu fyrir gott, réttlátu fyrir réttlátt, réttvísu fyrir réttvíst og miskunnsömu fyrir miskunnsamt.

14 Gjör þér þess vegna far um, sonur minn, að vera miskunnsamur við bræður þína. Ver

“réttvís, ^bdæm af réttlæti og gjör ^cgott án afláts. Og gjörir þú allt þetta, þá munt þú hljóta þín laun. Já, þá mun ^amiskunnsemin endurreist þér, þá mun réttvísinn endurreist þér, þá mun réttlátur dómur endurreistur þér, og hið góða mun þér endurgoldið.

15 Því að það, sem þú sendir frá þér, mun snúa aftur til þín og verða endurreist. Þess vegna dæmir orðið endurreisn syndarann enn frekar, en réttlætir hann alls ekki.

42. KAPÍTULI

Jarðlífíð er reynslutími sem gjörir mannum mögulegt að iðrast og þjóna Guði — Fallið leiddi stundlegan og andlegan dauða yfir allt mannkyn — Endurlausn fæst með iðrun — Guð sjálfur friðþægði fyrir syndir heimsins — Miskunnin er ætluð þeim sem iðrast — Allir aðrir eiga allt undir réttvísi Guðs — Miskunnin er möguleg vegna friðþægingarinnar — Aðeins þeir sem sannlega iðrast eru hólpnir. Um 74 f.Kr.

Og nú, sonur minn, skynja ég, að eitthvað fleira, sem þú skilur ekki, veldur þér hugarangri — en það varðar “réttvísi Guðs við refsingu syndarans. Því að þú reynir að líta á það sem óréttlæti, að hlutskipti syndarans verði vansæld.

9a K&S 42:23–28.

10a Sálm 32:10;
Jes 57:20–21; He 13:38.

11a Mósaía 3:19.
LR Hinn náttúrlegi maður.

b LR Holdlegur.

c Ef 2:12.

14a LR Heiðarlegur,
heiðarleiki.

b Jóh 7:24;
K&S 11:12.

c K&S 6:13; 58:27–28.

d LR Miskunnsamur,
miskunnsemi.

42 1a 2 Ne 26:7;
Mósaía 15:26–27.
LR Réttvísi.

2 Sjá nú, sonur minn. Ég mun útskýra þetta fyrir þér. Því að sjá. Þegar Drottinn ^avísaði fyrstu foreldrum okkar út úr aldingarðinum ^bEden til að yrkja jörðina, sem þau voru upprunnin frá — já, þá gjörði hann manninn útrækan, og við austurenda aldingarðsins Eden setti hann ^ckerúb og logandi sverð, sem sneri í allar áttir, til að gæta ^dlífsins trés —

3 Nú sjáum við, að maðurinn var orðinn eins og Guð, þekkti gott og illt. Og til þess að hann rétti ekki fram hönd sína og tæki einnig af lífsins tré, æti af því og lifði að eilífu, setti Drottinn kerúb og logandi sverð, til þess að hann neytti ekki af ávextinum —

4 Og þannig sjáum við, að mannum var gefinn tími til að iðrast, já, ^areynslutími, tími til að iðrast og þjóna Guði.

5 Því að sjá. Ef Adam hefði rétt fram hönd sína strax og etið af lífsins tré, þá hefði hann lifað að eilífu, samkvæmt orði Guðs, og ekkert ráðrúm haft til iðrunar. Já, og orð Guðs hefði einnig að engu orðið og hin mikla sálhjálparáætlun farið forgörðum.

6 En sjá. Manninum var gjört að ^adeyja — og á sama hátt og þeir voru útilokaðir frá lífsins tré, þannig skyldu þeir einnig

útilokaðir frá yfirborði jarðar — og maðurinn varð glataður að eilífu, já, þeir voru ^bfallnir.

7 Og af þessu sérð þú nú, að fyrstu foreldrar okkar voru ^aútilokaðir, bæði stundlega og andlega, úr návist Drottins. Og þannig sjáum við, að þeir urðu tilneyddir til að fara eftir sínum eigin ^bvilja.

8 En sjá. Ekki var æskilegt, að maðurinn yrði heimtur úr greipum hins stundlega dauða, því að það hefði gert að engu hina miklu ^asæluáætlun.

9 Þar eð sálin var ódauðleg og ^afallið hafði leitt jafnt andlegan sem stundlegan dauða yfir allt mannkyn, það er að segja þeir voru útilokaðir úr návist Drottins, þá var nauðsynlegt að heimta mannkyn aftur úr greipum hins andlega dauða.

10 Þess vegna varð þessi ^areynslutími þeim tími til undirbúnings. Það var reynslutími, vegna þess að ^beðli þeirra var orðið ^choldlegt, munúðarfullt og djöfullegt.

11 Og mundu nú, sonur minn, að án endurlausnaráætlunarinnar (væri hún lögð til hliðar) yrðu sálir þeirra ^avansælar, um leið og þeir dæju, þar eð þær væru útilokaðar úr návist Drottins.

12 Og nú var engin leið til að

2a 1 Mós 3:23–24;
HDP Móse 4:28–31.

b LR Eden.

c LR Kerúb.

d 1 Mós 2:9.

4a Al 34:32–33.

6a LR Dauði, líkamlegur.

b Mósía 16:3–5.

LR Fall Adams og Evu.

7a 2 Ne 2:5; 9:6; He 14:16.

LR Dauði, andlegur.

b LR Sjálfræði.

8a Al 34:9;

HDP Móse 6:62.

9a LR Fall Adams og Evu.

10a LR Dauðlegur,
dauðleiki.

b LR Hinn náttúrlegi

maður.

c LR Holdlegur.

11a 2 Ne 9:7–9.

endurheimta menn úr þessu fallna ástandi, sem maðurinn hafði kallað yfir sig með eigin óhlýðni —

13 Samkvæmt réttvísinni gat “endurlausnaráætlunin ekki orðið að veruleika nema með því skilyrði, að menn gjörðu ^biðrun á þessum reynslutíma, já, í þessu undirbúningsástandi. Því að án þessara skilmála gat miskunnin engin áhrif haft án þess að tortíma jafnframt verki réttvísinnar. En verki réttvísinnar mátti ekki tortíma. Ef það yrði gjört, mundi Guð ^chætta að vera Guð.

14 Og þannig sjáum við, að allt mannkyn var ^afallið og í greipum ^bréttvísinnar, já, réttvísi Guðs, sem útilokaði þá að eilífu úr návist hans.

15 En nú var ekki hægt að gjöra miskunnaráætlunina að veruleika án friðþægingar. Þess vegna ^afriðþægði Guð sjálfur fyrir syndir heimsins, til þess að ^bmiskunnaráætlunin næði fram að ganga og kröfum ^créttvísinnar yrði fullnægt og Guð væri ^dfullkominn, réttvís Guð og einnig miskunnssamur Guð.

16 En iðrun gat ekki fallið í hlut mannanna nema til væri refsing, sem einnig væri ^aeilíf á sama hátt og líf sálarinnar yrði, fasttengd, andstæða sæluáætlunarinnar,

sem einnig var jafn eilíf og líf sálarinnar.

17 En hvernig gat maðurinn iðrast án þess að ^asyndga? Hvernig gat hann syndgað, ef ekkert ^blög-mál var til? Hvernig gat lög-mál verið til, án þess að til væri refsing?

18 En refsing var ákvörðuð og réttvís lög-mál sett, sem færðu mannum ^asamviskubit.

19 Ef ekkert lög-mál hefði verið gefið — að fremji maður ^amorð, skuli hann deyja — yrði hann þá hræddur við að deyja fyrir að fremja morð?

20 Og jafnframt ef ekkert lög-mál væri gegn syndinni, þá yrðu menn ekki hræddir við að syndga.

21 Og ef ^aekkert lög-mál hefði verið gefið og menn syndguðu, hvað gæti þá réttvísinnar tekið til bragðs, eða miskunnsemin, þar eð hvorugt hefði nokkra kröfu til skepnunnar?

22 En lög-mál er gefið, refsing ákveðin og ^aiðrun veitt, og miskunnin gjörir kröfur til þeirrar iðrunar, því að án hennar gjörir réttvísinnar kröfur til skepnunnar og framfylgir lög-málinu, en lög-málið leggur á refsingu. Ef svo væri ekki, yrði verki réttvísinnar tortímt og Guð hætta að vera Guð.

23 En Guð hætta ekki að vera

13a LR Endurlausnaráætlunin.

b LR Iðrast, iðrun.

c 2 Ne 2:13–14.

14a Al 22:13–14.

b 2 Ne 2:5.

15a 2 Ne 9:7–10;

Mósía 16:7–8.

LR Friðþægja, friðþæging.

b LR Miskunnssamur, miskunnsemin.

c LR Réttvísi.

d 3 Ne 12:48.

16a K&S 19:10–12.

17a LR Synd.

b Róm 4:15.

18a LR Samviska.

19a LR Morð.

21a 2 Ne 9:25–26; Mósía 3:11.

22a LR Iðrast, iðrun.

Guð, og “miskunnsemin krefst hins iðrandi, og miskunnsemin kemur með friðþægingunni, og ^bfriðþægingin gjörir “upprisu dauðra að veruleika. Og upprisa dauðra leiðir menn “aftur í návist Guðs. Og á þennan hátt eru þeir endurreistir til návistar hans til að verða “dæmdir af verkum sínum, samkvæmt lögmálinu og réttvísinni.

24 Því að sjá. Réttvísinn leggur fram allar sínar kröfur, og miskunnsemin krefst einnig alls, sem henni ber. Því frelsast engir aðrir en þeir, sem raunverulega iðrast.

25 Eða telur þú, að miskunnsemin geti rænt “réttvísina? Ég segi þér: Nei — í alls engu. Ef svo væri, mundi Guð hætta að vera Guð.

26 Og þannig gjörir Guð að veruleika hin miklu og eilífu “áform sín, sem fyrirbúin voru ^bfrá grundvöllun veraldar. Og þannig kemur sáluhjálp og endurlausn manna fram, en einnig tortíming þeirra og vansæld.

27 Þess vegna, ó, sonur minn, má “hver, sem vill, koma og drekka frjálst af vatni lífsins, en hver, sem ekki vill koma, er ekki til þess neyddur. En á efsta degi mun honum ^bendurgoldið samkvæmt “verkum sínum.

28 Ef hann hefur þráð að gjöra

“illt og ekki iðrast á ævidögum sínum, sjá, þá verður honum illt gjört samkvæmt endurreisn Guðs.

29 Og nú, sonur minn, þrái ég, að þú látir þetta ekki angra þig lengur, heldur látir einungis syndir þínar angra þig með því hugarangri, sem leiðir þig til iðrunar.

30 Ó, sonur minn! Ég þrái, að þú afneitir ekki framar réttvísi Guðs. Reyndu ekki að afsaka sjálfan þig hið minnsta vegna synda þinna með því að afneita réttvísi Guðs. Láttu heldur réttvísi Guðs, miskunn hans og umburðarlyndi ná fullu valdi á hjarta þínu, og lát það fella þig í duftið í “auðmýkt.

31 Og nú, sonur minn, hefur Guð kallað þig til að boða þessu fólki orðið. Og far þú nú leiðar þinnar, sonur minn, og boða orðið af sannleika og alvöru, svo að þú megir leiða sálir til iðrunar og hin mikla áætlun miskunnarinnar eigi kröfu til þeirra. Og megi Guð blessa þig í samræmi við orð mín. Amen.

43. KAPÍTULI

Alma og synir hans boða orðið — Sóramítar og aðrir, sem horfið hafa frá Nefítum, verða Lamanítar — Lamanítar ráðast á Nefíta — Moróni býr

23a LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

b LR Friðþægja, friðþæging.

c 2 Ne 2:8; 9:4; Al 7:12; 11:41–45; 12:24–25; He 14:15–18;

Morm 9:13.

d Al 40:21–24.

e LR Lokadómur.

25a LR Réttvísi.

26a 2 Ne 2:14–30;

HDP Móse 1:39.

b Al 13:3; 3 Ne 1:14.

27a Al 5:34;

He 14:30.

LR Sjálfræði.

b Al 41:15.

c Jes 59:18;

Op 20:12.

28a Al 41:2–5.

30a LR Auðmjúkur, auðmýkt.

menn sína varnarvopnum — Drottinn opinberar Alma herbrögð Lamaníta — Nefítar verja heimili sín, lýðfrelsi, fjölskyldur og trú — Herir Morónís og Lehís umkringja Lamaníta. Um 74 f.Kr.

Og nú bar svo við, að synir Alma fóru út meðal fólksins til að boða því orðið. Og Alma sjálfur unni sér engrar hvíldar, heldur hélt einnig af stað.

2 Nú munum við ekki segja neitt fleira um prédikanir þeirra nema það, að þeir boðuðu orðið og sannleikann samkvæmt anda spádóms og opinberunar. Og þeir prédikuðu eftir ^aheilagri reglu Guðs, en til hennar voru þeir kallaðir.

3 Og nú hverf ég aftur að frásögn um stríðin milli Nefíta og Lamaníta á átjándasta stjórnaári dómaraanna.

4 Því að sjá. Svo bar við, að ^aSóramítar urðu Lamanítar. Í upphafi átjándasta ársins sá Nefítaþjóðin, að Lamanítar ætluðu að ráðast á þá. Þess vegna bjuggu þeir sig undir stríð. Já, þeir söfnuðu saman herjum sínum í Jersonslandi.

5 Og svo bar við, að Lamanítar komu með sínar þúsundir, og þeir héldu inn í Antíónumland, sem er land Sóramíta. Og maður að nafni Serahemna var foringi þeirra.

6 Og þar eð Amalekítar voru í eðli sínu hneigðari til ranglætis og manndrápa en Lamanítar, skipaði Serahemna liðsforingja yfir

Lamaníta, og voru þeir allir Amalekítar og Sóramítar.

7 En þetta gjörði hann til að viðhalda hatri þeirra til Nefíta og beygja þá til hlýðni við framkvæmd áforma sinna.

8 Því að sjá. Áform hans var að reita Lamaníta til reiði gegn Nefítum. Þetta gjörði hann til þess að ná miklu valdi yfir þeim og einnig til þess að geta náð Nefítum á sitt vald með því að hneppa þá í ánaud.

9 En áform Nefíta var hins vegar að gæta landa sinna, húsa sinna, ^akvenna sinna og barna, svo að þeir gætu verndað þau fyrir óvinunum. Og einnig að geta varðveitt rétt sinn og réttindi, já, og einnig ^blýðfrelsi sitt, að þeir gætu tilbeið Guð á þann hátt, sem þeir þráðu.

10 Því að þeir vissu, að féllu þeir í hendur Lamanítum, mundu þeir tortíma hverjum þeim, sem ^atilbað Guð í ^banda og sannleika, hinn sanna, lifandi Guð.

11 Já, þeir þekktu og hið öfgafulla hatur Lamaníta á ^abræðrum sínum, þeim, sem tilheyrðu þjóð Antí-Nefí-Lehís og nefndust fólk Ammons — en þeir vildu ekki taka upp vopn. Já, þeir höfðu gjört sáttmála, og þeir vildu ekki rjúfa hann — þess vegna hlytu þeir að tortímast, ef þeir féllu í hendur Lamanítum.

12 En Nefítar vildu ekki láta það viðgangast, að þeim væri tortímt. Þess vegna gáfu þeir þeim land til eignar.

43 2a LR Melkisedeksprestdæmi.
4a Al 35:2–14; 52:33.

9a Al 44:5; 46:12.
b LR Lýðfrelsi.
10a LR Tilbeiðsla.

b Jóh 4:23–24.
11a Al 24:1–3, 5, 20; 25:1, 13; 27:2, 21–26.

13 Og fólk Ammons gaf Nefítum stóran hluta af eigum sínum til upphalds herjum þeirra. Og þannig voru Nefítar knúnir til að sporna einir gegn Lamanítum, sem voru sambland af Laman og Lemúel og sonum Ísmaels, og öllum þeim, sem horfið höfðu frá Nefítum, en það voru Amalekítar og Sóramítar og „afkomendur presta Nóa.

14 En þessir afkomendur voru jafn fjölmennir og Nefítar, eða því sem næst. Og þannig voru Nefítar knúnir til illdeilna við bræður sína, jafnvel blóðsúthellinga.

15 Og svo bar við, að þegar herir Lamaníta höfðu safnast saman í Antíónumlandi, sjá, þá voru herir Nefíta reiðubúnir að taka á móti þeim í Jersonslandi.

16 En fyrirliði Nefíta, eða sá, sem skipaður hafði verið yfirhershöfðingi Nefíta — en yfirhershöfðinginn tók nú við stjórn allra herja Nefíta — bar nafnið Moróní —

17 Og Moróní tók við allri stjórn og yfirráðum í styrjöldum þeirra. Og hann var aðeins tuttugu og fimm ára gamall, þegar hann var skipaður hershöfðingi yfir herjum Nefíta.

18 Og svo bar við, að hann mætti Lamanítum við landamæri Jersons, og menn hans voru vopnaðir sverðum og sveðjum og alls konar stríðsvopnum.

19 En herir Lamaníta sáu, að Nefímenn eða Moróní hafði búið menn sína brynjum og skjöldum,

já, og einnig hjálmum til að verja höfuð sín, og að þeir klæddust einnig þykkum fötum —

20 En herir Serahemna voru ekki búnir neinu slíku. Þeir höfðu einungis sverð sín og sveðjur, boga sína og örvar, steina sína og slöngur. Og þeir voru „naktir, nema hvað þeir voru girtir skinum um lendar sér. Já, allir voru naktir nema Sóramítar og Amalekítar —

21 En þeir voru hvorki vopnaðir brynjum né skjöldum — þess vegna voru þeir yfir sig hræddir við heri Nefíta vegna hertygja þeirra, þrátt fyrir að þeir væru miklu fjölmennari en Nefítar.

22 Sjá, nú bar svo við, að þeir þorðu ekki gegn Nefítum á landamærum Jersons. Þess vegna héldu þeir út úr Antíónumlandi inn í óbyggðirnar og fóru um óbyggðirnar, allt að upptökum Síðonsfljóts, svo að þeir gætu komist inn í Mantíland og lagt landið undir sig, því að þeir gjörðu ekki ráð fyrir, að herir Morónís mundu vita, hvert þeir hefðu haldið.

23 En svo bar við, að strax og þeir voru farnir út í óbyggðirnar, sendi Moróní njósna út í óbyggðirnar til að njósna um herbúðir þeirra. Og Moróní, sem einnig vissi um spádóma Alma, sendi einnig nokkra menn til hans, er báðu hann um að spyrja Drottin, „hvert herir Nefíta skyldu halda til að verjast Lamanítum.

24 Og svo bar við, að orð Drottins

barst til Alma, og Alma upplýsti sendiboða Morónís um það, að herir Lamaníta færu um óbyggðirnar til að komast til Mantílands og hefja árás á veikari hluta þjóðarinnar. Og þessir sendiboðar fóru og færðu Moróní skilaboðin.

25 Nú skildi Moróní hluta af her sínum eftir í Jersonslandi, ef svo kynni á einhvern hátt að fara, að hluti Lamaníta kæmi inn í það land og legði borgina undir sig, en tók hinn hluta hersins og hélt til Mantílands.

26 Og hann lét alla í þeim landshluta safnast saman til að berjast við Lamaníta til “verndar landareignum sínum og landi, rétti sínum og frelsi. Þess vegna yrðu þeir viðbúinir, þegar Lamanítarnir kæmu.

27 Og svo bar við, að Moróní leyndi herjum sínum í dalnum, sem var nálægt bökkum Síðonsfljóts og var vestan við Síðonsfljót í óbyggðunum.

28 Og Moróní setti njósnara hér og þar umhverfis, til að hann gæti vitað, þegar herir Lamaníta nálguðust.

29 Og þar eð Moróní vissi nú um fyrirætlanir Lamaníta — en ætlun þeirra var að tortíma bræðrum hans eða ná þeim á sitt vald og hneppa þá í ánauð, svo að þeir gætu komið ríki sínu á fót um gjörvallt landið —

30 Og þar eð hann vissi einnig, að eina þrá Nefíta var að vernda lönd sín, “lýðfrelsi sitt og kirkju sína — þá áleit hann það enga

synd að verja þá með herbrögðum. Þess vegna komst hann að því með njósnurum sínum, hvaða leið Lamanítar ætluðu að fara.

31 Hann skipti þess vegna herjum sínum og fór með hluta yfir í dalinn og faldi þá austan við og sunnan við Riplahæð —

32 En þann hluta, sem eftir var, faldi hann í vesturdalnum, vestan við Síðonsfljót og niður með landamærum Mantílands.

33 Og þegar hann hafði komið herjum sínum fyrir á þann hátt, sem hann óskaði, var hann viðbúinn að taka á móti þeim.

34 Og svo bar við, að Lamanítar fóru norðan við hæðina, þar sem hluti herja Morónís leyndist.

35 Og þegar Lamanítar voru komnir fram hjá Riplahæð, komu niður í dalinn og tóku að fara yfir Síðonsfljót, kom herinn, sem leyndist sunnan við hæðina og var undir forystu manns að nafni “Lehí, fram úr fylgsnum sínum að baki þeim austanvert og umkringdi Lamanítana.

36 Og svo bar við, að þegar Lamanítar sáu Nefíta koma aftan að sér, sneru þeir sér við og tóku að berjast við heri Lehís.

37 Og dauðinn herjaði á báða bóga, en var enn hræðilegri Lamaníta megin, því að í “nekt sinni voru þeir varnarlausir gegn hinum þungu höggum Nefíta, sem þeir veittu með sverðum sínum og sveðjum, og nærri hvert högg leiddi til dauða.

26a K&S 134:11.
30a Al 46:12, 35.

35a Al 49:16.
37a Al 3:5.

38 En hins vegar féll aðeins maður öðru hverju meðal Nefíta fyrir sverðum þeirra eða af blóðmissi, þar eð ^a“brynjur þeirra, armhlífar og hjálmur vörðu mikilvæga líkamshluta þeirra, eða mikilvægir líkamshlutar þeirra voru varðir fyrir höggum Lamaníta. Og þannig héldu Nefítar áfram verki dauðans meðal Lamaníta.

39 Og svo bar við, að Lamanítar urðu óttaslegnir vegna hinnar miklu tortímingar meðal þeirra, allt þar til þeir lögðu á flóttu í átt að Síðonsfljóti.

40 En Lehí og menn hans veittu þeim eftirför, og Lehí hrakti þá út í vötn Síðonsfljóts, og þeir fóru yfir vötn Síðonsfljóts. En Lehí hélt herjum sínum á bökkum Síðonsfljóts svo að þeir kæmust ekki yfir.

41 Og svo bar við, að Moróni og herir hans mættu Lamanítum í dalnum hinum megin Síðonsfljóts, réðust á þá og drápu þá.

42 Og Lamanítar lögðu enn á flóttu undan þeim í átt að Mantílandi. Og enn mættu þeim herir Morónís.

43 En að þessu sinni börðust Lamanítar ákaft, já, ekki var til þess vitað, að Lamanítar hefðu nokkru sinni áður barist með þvílíkum feiknarkrafti og hugrekki, nei, aldrei frá upphafi.

44 Og þeir hlutu uppörvun frá ^a“Sóramítum og Amalekítum, sem voru yfirföngjar þeirra og leiðtogar, og frá Serahemna, sem var

yfirföngi þeirra, eða aðalleiðtogi og stjórnandi. Já, þeir börðust eins og drekar, og margir af Nefítunum létu lífið fyrir þeim. Já, því að þeir klufu í tvennt marga hjálma þeirra, og þeir hjuggu í gegnum margar brynjur þeirra, og þeir hjuggu margan handlegg þeirra af. Og þannig börðust Lamanítar í ofsareiði sinni.

45 Engu að síður knúði betri málstaður Nefíta, því að þeir ^a“börðust ekki fyrir einveldi eða valdi, heldur börðust þeir fyrir heimilum sínum og ^bfrelsi sínu, konum sínum og börnum, og öllu sínu, já, fyrir trúarsíðum sínum og kirkju sinni.

46 Og þeir gjörðu það, sem þeir töldu ^a“skyldu sína gagnvart Guði, því að Drottinn hafði sagt við þá og einnig við feður þeirra: ^b“Séuð þér ekki sekir um ^c“fyrstu áreitnina, né heldur hina síðari, þá skuluð þér ekki leyfa óvinum yðar að ráða yður af dögum.

47 Og enn fremur hefur Drottinn sagt: Þér skuluð ^a“verja fjölskyldur yðar, jafnvel með blóðsúthellingum. Af þeirri ástæðu börðust Nefítar við Lamaníta til að verja sig og fjölskyldur sínar, landareignir sínar og lönd, sem og rétt sinn og trú sína.

48 Og svo bar við, að þegar menn Morónís sáu, hve ævareiðir Lamanítar voru, lá við, að þeir hörfuðu og flýðu undan þeim, en Moróni, sem skynjaði ætlan

38a Al 44:8–9.

44a Al 43:6.

45a Al 44:5.

b LR Lýðfrelsi.

46a LR Skylda.

b Al 48:14; K&S 98:33–36.

c 3 Ne 3:21;

K&S 98:23–24.

47a K&S 134:11.

þeirra, sendi fram og lét uppörva þá með þessum hugsunum — já, hugsunum um lönd þeirra, lýðfrelsi þeirra, já, frelsi þeirra frá ánaud.

49 Og svo bar við, að þeir snerust gegn Lamanítum og “ákölluðu Drottin Guð sinn einum rómi fyrir lýðfrelsi sínu og lausn frá ánaud.

50 Og þeir tóku að veita Lamanítum mótstöðu af miklum krafti. Og á sömu stundu og þeir ákölluðu Drottin og báðu fyrir frelsi sínu, tóku Lamanítar að flýja undan þeim, og þeir flúðu allt til vatna Sídonis.

51 Nú voru Lamanítar fjölmennari, já, meira en tvöfalt fleiri en Nefítar. Engu að síður voru þeir gjörðir afturreka þar til þeir sameinuðust í einn hóp í dalnum við bakka Sídonisfljóts.

52 Þess vegna umkringdu herir Morónis þá, já, báðum megin árinna, því að sjá, austan við hana voru menn Lehís.

53 Þegar Serahemna því sá menn Lehís austan við Sídonisfljót og heri Morónis vestan við Sídonisfljót, að þeir voru umkringdir Nefítum, urðu þeir skelfingu lostnir.

54 En þegar Moróni sá skelfingu þeirra, skipaði hann mönnum sínum að hætta öllum blóðsúthellingum.

44. KAPÍTULI

Moróni fyrirskipar Lamanítum að gjöra friðarsáttmála, ella verði þeim tortímt — Serahemna neitar boði

hans og stríðið heldur áfram — Herir Morónis vinna sigur á Lamanítum. Um 74–73 f.Kr.

Og svo bar við, að þeir staðnæmdust og gengu nokkur skref frá þeim. Og Moróni sagði við Serahemna: Sjá, Serahemna. Við erum “ekki blóðþyrstir menn. Þú veist, að þið eruð í okkar höndum, en þó höfum við enga löngun til að drepa ykkur.

2 Sjá, við gengum ekki til orrustu gegn ykkur til að úthella blóði ykkar og ná völdum. Okkur langar heldur ekki til að hneppa neinn undir ok ánauðar. En þetta er einmitt ástæðan fyrir því, að þið hafið ráðist gegn okkur. Já, og þið eruð reiðir okkur vegna trúar okkar.

3 En nú sjáið þið, að Drottinn er með okkur. Og þið sjáið, að hann hefur selt ykkur í hendur okkar. Og ég vildi, að þið gætuð skilið, að svo er vegna trúarbragða okkar og trúar á Krist. Og nú sjáið þið, að þið getið ekki tortímt þessari trú okkar.

4 Nú sjáið þið, að þetta er hin sanna trú Guðs. Já, þið sjáið, að Guð mun styðja, vernda og varðveita okkur, á meðan við erum trygg honum, trú okkar og trúarbrögðum, og Drottinn mun aldrei leyfa, að okkur sé tortímt, nema því aðeins að við gjörumst lögmálsbrjótar og afneitum trú okkar.

5 Og nú, Serahemna, býð ég ykkur í nafni Guðs hins alvalda — sem styrkt hefur arma okkar, svo að við næðum valdi

yfir ykkur með trú okkar, trúarbrögðum og “trúarsíðum, kirkju okkar og heilögum stuðningi, sem við eigum að þakka konum okkar og börnum, með því ^blýðfrelsi, sem bindur okkur við lönd okkar og fósturjörð, já, og einnig með hlýðni okkar við hið heilaga orð Guðs, en því eigum við alla hamingju okkar að þakka, og með öllu, sem okkur er kærast —

6 Já, og þar með er ekki allt talið. Ég býð ykkur með skírskotun til allrar þeirrar lífsþrár, sem í ykkur er, að afhenda okkur stríðsvopn ykkar, og við munum ekki sækjast eftir blóði ykkar, heldur þyrma lífi ykkar, ef þið hverfið á brott og komið ekki aftur til að heyja stríð við okkur.

7 Og ef þið gjörði þetta ekki — sjá, þið eruð í okkar höndum, og ég mun skipa mönnum mínum að ráðast á ykkur og veita ykkur banasár, svo að þið líðið undir lok. Og þá munum við sjá, hverjir hafa vald yfir þessu fólki, já, við munum sjá, hverjir verða hneptir í ánaud.

8 Og nú bar svo við, að þegar Serahemna hafði hlýtt á þessi orð, gekk hann fram og afhenti sverð sitt og sveðju og boga sinn í hendur Morónís og sagði við hann: Sjá, hér eru stríðsvopn okkar, við munum afhenda ykkur þau, en við viljum ekki sverja ykkur “eið, sem við vitum, að við munum rjúfa og einnig börn okkar. En tak þú stríðsvopn okkar

og leyfðu okkur að hverfa á brott út í óbyggðirnar. Að öðrum kosti munum við halda sverðum okkar og farast eða sigra.

9 Sjá, við erum ekki ykkar trúar. Við trúum ekki, að það sé Guð, sem hefur selt okkur í ykkar hendur, heldur trúum við, að það sé kænsla ykkar, sem hefur verndað ykkur fyrir sverðum okkar. Sjá, það eru “brynjur ykkar og skildir, sem hafa verndað ykkur.

10 Og þegar Serahemna hafði lokið þessum orðum, skilaði Moróní Serahemna aftur sverðinu og stríðsvopnunum, sem hann hafði tekið við, og sagði: Sjá, við munum ljúka bardaganum.

11 Ég get ekki tekið orð mín aftur. Og svo sannarlega sem Drottinn lifir munuð þið ekki hverfa á brott nema með eiði um að snúast ekki aftur gegn okkur í stríði. Þar eð þið eruð nú í okkar höndum, munum við annaðhvort úthella blóði ykkar á jörðina eða þið beygið ykkur undir þá skilmála, sem ég hef sett.

12 En þegar Moróní hafði mælt þessi orð, reiddist Serahemna honum, tók sverð sitt aftur og þaut fram til að drepa Moróní. En þegar hann lyfti sverði sínu, sjá, þá sló einn af hermönnum Morónís það til jarðar, og það brotnaði við meðalkaflann. Og hann hjó einnig til Serahemna, svo að af tók höfuðleðrið, og það féll til jarðar. En Serahemna dró sig í hlé

5a LR Helgiathafnir.
b LR Lýðfrelsi.

8a LR Eiður.
9a Al 43:38.

frá þeim inn í miðjan hóp hermanna sinna.

13 Og svo bar við, að hermaðurinn, sem stóð hjá og flett hafði höfuðleðrinu af Serahemna, tók höfuðleðrið upp af jörðunni á hárinu og setti það á sverðsodd sinn. Og rétti það fram til þeirra og sagði hárrí röddu:

14 Á sama hátt og þetta höfuðleður féll til jarðar, en það er höfuðleður fyrirliða ykkar, þannig munuð þið og falla til jarðar, nema því aðeins, að þið látið stríðsvopn ykkar af hendi og hverfið á brott eftir að hafa gjört friðarsáttmála.

15 Nú urðu margir óttaslegnir, þegar þeir heyrðu þessi orð og sáu höfuðleðrið á sverðsoddinum, og margir gengu fram og hentu stríðsvopnum sínum að fótum Morónís og gjörðu “friðarsáttmála. Og þeim, sem gjörðu sáttmálann, var leyft að hverfa á brott út í óbyggðirnar.

16 Nú bar svo við, að Serahemna varð æfareiður, og hann æsti þá hermenn sína, sem eftir voru, til reiði og til að berjast af enn auknum krafti við Nefíta.

17 En nú var Moróní reiður vegna þrjúsku Lamaníta. Þess vegna fyrirskipaði hann mönnum sínum að ráðast á þá og drepa þá. Og svo bar við, að þeir tóku að drepa þá. Já, og Lamanítar börðust með sverðum sínum af öllum mætti.

18 En sjá. Nakið hörund þeirra og nakin höfuð voru óvarin gegn beittum sverðum Nefíta. Já, sjá sverð Nefítanna gengu á hol og

þeir voru höggðir niður. Já, og þeir féllu mjög hratt fyrir sverðum Nefíta og voru stráfelldir eins og hermaður Morónís hafði spáð.

19 En þegar Serahemna sá nú, að þeim yrði brátt öllum tortímt, hrópaði hann hátt til Morónís og lofaði, að ef hann vildi þyrma þeim, sem eftir lifðu, mundi hann og einnig menn hans gjöra við hann sáttmála um að heyja “aldrei stríð við þá framar.

20 Og svo bar við, að Moróní lét aftur stöðva drápin meðal manna. Og hann tók stríðsvopnin af Lamanítum. Og þegar þeir höfðu gjört “friðarsáttmála við hann, var þeim leyft að hverfa á brott út í óbyggðirnar.

21 En fjöldi hinna föllnu varð ekki í tölum talinn, vegna þess hve mikill hann var. Já, fjöldi hinna föllnu var mjög mikill, bæði meðal Nefíta og Lamaníta.

22 Og svo bar við, að þeir köstuðu hinum föllnu í vötn Síðons, og líkin bárust fram og eru grafin í djúpum sjávar.

23 Og herir Nefíta, eða Morónís, sneru til heimila sinna og landareigna.

24 Og þannig lauk átjándasta stjórnarári dómara yfir Nefíþjóðinni. Og þannig lauk heimildum Alma, sem letraðar voru á töflur Nefís.

Frásögn um Nefíþjóðina, styrjaldir hennar og óeirðir á dögum Helamans samkvæmt heimildum

hans sjálfs, sem hann færði á ævi-
dögum sínum.

Nær yfir 45. til og með 62. kapitula.

45. KAPÍTULI

*Helaman trúir orðum Alma — Alma spáir tortímingu Nefíta — Hann blessar og fordæmir landið — Alma kann að hafa verið hrifinn upp í and-
anum, rétt eins og Móse — Sund-
urþykkja vex innan kirkjunnar. Um
73 f.Kr.*

SJÁ, nú bar svo við, að Nefí-
þjóðin fagnaði ákaft, vegna þess
að Drottinn hafði á ný bjargað
henni úr höndum óvina þeirra.
Þeir færðu þess vegna Drottni
Guði sínum þakkir. Já, og þeir
“föstuðu mikið og báðust mikið
fyrir, og þeir tilbáðu Guð í djúpri
gleði.

2 Og svo bar við, að á nítjándra
stjórnaári dómaranna yfir Nefí-
þjóðinni fór Alma til Helamans,
sonar síns, og sagði við hann:
Trúir þú orðum mínum um
“heimildirnar, sem skráðar hafa
verið?

3 Og Helaman sagði við hann:
Já, ég trúi þeim.

4 Og Alma spurði enn: Trúir þú
á Jesú Krist, sem koma mun?

5 Og hann svaraði: Já, ég trúi
hverju orði, sem þú hefur sagt.

6 Og enn spurði Alma hann:
Munt þú fara að “boðum mínum?

7 Og hann svaraði: Já, ég mun
halda boð þín af öllu hjarta.

8 Þá sagði Alma við hann: Bless-
aður ert þú. Drottinn mun veita
þér “gengi í landi þessu.

9 En sjá, “spádóm nokkurn kynni
ég þér, en það, sem ég spái fyrir
þér, skalt þú ekki gjöra kunnugt.
Já, það sem ég spái fyrir þér, skal
ekki gjört kunnugt fyrr en spá-
dómurinn rætist. Færðu því í letur
þau orð, sem ég mæli.

10 En þetta eru orðin: Sjá, ég
skynja með opinberunarand-
anum, sem í mér er, að þessari
þjóð, sjálfri Nefíþjóðinni, mun
hnigna í “vantrú, ^bfjögur hundruð
árum eftir að Jesús Kristur opin-
berar sig þeim.

11 Já, og þá munu þeir sjá stríð
og drepsóttir, já, hungursneyð og
blóðsúthellingar, allt þar til Nefí-
þjóðinni er “gjöreytt —

12 Já, og svo verður, vegna þess
að þeim hnignar í vantrú og þeir
falla í myrkraverk, “saurlifnað og
alls kyns misgjörðir. Já, ég segi þér,
vegna þess að þeir syndga gegn
svo skæru ljósi og svo mikilli þekk-
ingu, já, ég segi þér, að frá þeim
degi, mun jafnvel ekki öll fjórða
kynslóðin líða undir lok, áður en
þessar miklu misgjörðir verða.

13 Og sjá, þegar sá mikli
dagur kemur — sjá, sá tími
kemur mjög brátt, að þeir sem
nú eru, eða niðjar þeirra, sem
nú teljast til Nefíþjóðarinnar,

45 1a LR Fasta.

2a Al 37:1–5; 50:38.

6a LR Boðorð Guðs;
Hlýðni, hlýðinn,
hlýða.

8a 1 Ne 4:14;

Al 48:15–16, 25.

9a LR Spádómur, spá.

10a LR Fráhvarf; Vantrú.

b 1 Ne 12:10–15;

He 13:9;

Morm 8:6–7.

11a Jar 1:10;

Morm 8:2–3, 6–7.

12a LR Losti.

munu “ekki lengur teljast til Nefíþjóðarinnar.

14 En hver, sem eftir verður, og ekki er tortímt á þeim mikla og skelfilega degi, mun “teljast til Lamaníta og mun verða eins og þeir, allir nema fáeinir, sem kalladír verða lærisveinar Drottins. Og þá munu Lamanítar elta uppi, þar til þeim verður gjöreytt. Og vegna misgjörða mun þessi spádómur rætast.

15 Og nú bar svo við, að þegar Alma hafði sagt þetta við Helaman, veitti hann honum blessun og einnig öðrum sonum sínum. Og hann blessaði einnig jörðina, fyrir sakir hinna “réttlátu.

16 Og hann sagði: Svo segir Drottinn Guð — “Bölvun sé yfir landinu, já, þessu landi, til tortímingar hverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð, sem ranglátlega breytir, þegar mælir þeirra er fullur. Og það, sem ég hef sagt, mun og verða, því að þetta er bölvun og ^bblessun Guðs yfir landinu, því að Drottinn getur ekki litið á synd með ‘minnsta votti af undanlátssemi.

17 En þegar Alma hafði mælt þessi orð, blessaði hann “kirkjuna, já, alla þá, sem staðfastir yrðu í trúnni þaðan í frá.

18 Og þegar Alma hafði lokið þessu, hvarf hann á brott frá Sarahemlandi, eins og hann ætlaði að halda til Melekslands. Og svo

bar við, að aldrei heyrðist neitt af honum meir. Um dauða hans og greftrun vitum við ekkert.

19 Sjá, við vitum, að hann var réttlátur maður. En sá orðrómur gekk innan kirkjunnar, að hann hefði orðið uppnuminn í andanum eða “grafinn með höndum Drottins, eins og Móse. En sjá. Ritningarnar segja, að Drottinn hafi tekið Móse til sín, og við ætlum, að hann hafi einnig tekið Alma til sín í andanum. Sökum þessa og af þeirri ástæðu vitum við ekkert um dauða hans eða greftrun.

20 Og nú bar svo við, að í upphafi níjtjándra stjórnarárs dómaraanna yfir Nefíþjóðinni fór Helaman út á meðal fólksins til að boða því orðið.

21 Því að sjá. Vegna styrjaldanna við Lamaníta og margs konar smáagreinings og óróa, sem verið hafði með þjóðinni, var æskilegt, að “orð Guðs væri boðað meðal þeirra, já, og að komið yrði föstu skipulagi á alla kirkjuna.

22 Þess vegna fóru Helaman og bræður hans til að skipuleggja söfnuðina á ný um allt landið, já, í hverri borg um gjörvallt landið, sem Nefíþjóðin átti. Og svo bar við, að þeir skipuðu presta og kennara um gjörvallt landið yfir alla söfnuðina.

23 Og nú bar svo við, að þegar Helaman og bræður hans höfðu skipað presta og kennara yfir

13a He 3:16.

14a Moró 9:24.

b Moró 1:1–3.

15a Al 46:10; 62:40.

16a 2 Ne 1:7;

Al 37:31;

Et 2:8–12.

b K&S 130:21.

c K&S 1:31.

17a LR Kirkja Jesú Krists.

19a LR Umbreyttar verur.

21a Al 31:5.

söfnuðina, kom upp ^aágreiningur meðal þeirra, og þeir vildu ekki gefa gaum að orðum Helamans og bræðra hans —

24 Heldur gjörðust þeir drambsamir og hreyktu sér upp vegna mikilla ^aauðæfa sinna. Þeir urðu því auðugir í ^beigin augum og vildu ekki gefa gaum að orðum þeirra að ganga grandvarir frammi fyrir Guði.

46. KAPÍTULI

Amalikkía gjörir samsæri til að verða konungur — Moróní dregur upp frelsistáknið — Hann safnar fólkinu saman til að verja trú sína — Sannir trúendur nefnast kristnir — Leifar af niðjum Jósefs munu varðveittar — Amalikkía og utankirkjumenn flýja Nefíland — Þeir sem ekki vilja styðja frelsið eru líflátnir. Um 73–72 f.Kr.

Og svo bar við, að allir þeir, sem ekki vildu gefa gaum að orðum Helamans og bræðra hans, sam-einuðust gegn bræðrum sínum.

2 Og sjá. Þeir voru svo heiftarlega reiðir, að þeir voru staðráðnir í að drepa þá.

3 Leiðtogi þeirra, sem reiðir voru bræðrum sínum, var stór og sterkur maður, en nafn hans var Amalikkía.

4 En Amalikkía vildi verða konungur, og þeir, sem reiðir voru, vildu einnig, að hann yrði konungur þeirra, en meiri hluti þeirra var úr flokki ^alægri dómara

landsins, og þeir sóttust eftir völdum.

5 Og þeir létu leiðast af fagurgala Amalikkía þess efnis, að ef þeir styddu hann og gjörðu hann að konungi sínum, þá myndi hann gjöra þá að stjórnendum þjóðarinnar.

6 Þannig leiddi Amalikkía þá til sundurþykkju, þrátt fyrir prédikanir Helamans og bræðra hans, já, þrátt fyrir mikla umhyggju þeirra fyrir kirkjunni, því að þeir voru æðstu prestar kirkjunnar.

7 Og margir í kirkjunni trúðu faguryrðum Amalikkía, og þess vegna hurfu þeir jafnvel frá kirkjunni. Og þannig var málefnum Nefíþjóðarinnar teflt í tvísýnu og hættu, þrátt fyrir hinn mikla ^asigur, sem þeir höfðu unnið yfir Lamanítum, og þá miklu gleði, sem þeir höfðu notið, vegna þess að hönd Drottins hafði varðveitt þá.

8 Þannig sjáum við, hve ^afljótt mannanna börn gleyma Drottni Guði sínum, já, hve fljót þau eru til misgjörða og fljót að láta hinn illa leiða sig afvega.

9 Já, og við sjáum einnig, hve miklu ^aranglæti einn mjög ranglátur maður getur komið til leiðar meðal mannanna barna.

10 Já, við sjáum, að vegna þess að Amalikkía var slægvitur maður og blíðmáll, þá leiddi hann hjörtu margra til ranglátrar breytni, já, til að leitast við að tortíma kirkju Guðs

23a 3 Ne 11:28–29.

24a LR Auðugur, auður.

b LR Drambsemi.

46 4a Mósía 29:11, 28–29.

7a Al 44:19–20.

8a He 12:2, 4–5.

9a Mósía 29:17–18.

og tortíma grundvelli ^alýðfrelsisins, sem Guð hafði gefið þeim, eða þeirri blessun, sem Guð hafði sent yfir landið vegna hinna ^bréttlátu.

11 Og nú bar svo við, að þegar Moróní, sem var ^ayfirhershöfðingi Nefíta, heyrði um þessa sundrung, reiddist hann Amalikkía.

12 Og svo bar við, að hann reif kyrtil sinn og tók pjötlu úr honum og skrifaði á hana — ^{Í minningu um Guð vorn, trúarbrögð vor og frelsi, og frið vorn, eiginkonur vorar og börn vor —} Og hann festi þetta á stöng.

13 Og hann setti á sig hjálminn, brynjuna og armhlífarnar og girti vopn sín um lendar sér. Og hann tók stöngina, sem klæðisbúturinn var festur á (og hann kallaði það frelsistákn), og hann laut til jarðar og bað heitt til Guðs um það, að blessun lýðfrelsisins mætti hvíla yfir bræðrum sínum, meðan enn væri til hópur kristinna manna, sem ætti landið —

14 Því að þeir, sem ekki töldust til kirkju Guðs, nefndu svo alla þá, sem sannlega trúðu á Krist og tilheyrðu kirkju Guðs.

15 En þeir, sem tilheyrðu kirkjunni, voru stöðugir í trúnni. Já, allir, sem raunverulega trúðu á Krist, tóku fúslega á sig ^anafn Krists, eða nafnið ^bkristnir menn, eins og þeir nefndust vegna trúar sinnar á Krist, sem koma mundi.

16 Og þess vegna bað Moróní að þessu sinni þess, að málstaður

hinna kristnu og frelsi landsins nyti náðar.

17 Og svo bar við, að þegar hann hafði opnað sál sína fyrir Guði, nefndi hann allt landið, sem var sunnan við ^aAuðnina, já, og loks allt landið, bæði til norðurs og suðurs — útvalið land, land lýðfrelsis.

18 Og hann sagði: Vissulega mun Guð ekki leyfa, að við sem fyrir-litnir erum fyrir að hafa tekið á okkur nafn Krists, verðum fótum troðnir og okkur tortímt fyrr en við köllum það sjálf yfir okkur með eigin lögmálsbrotum.

19 Og þegar Moróní hafði mælt þessi orð, hélt hann út meðal fólksins og veifaði hinum afrifna ^aklæðisbút sínum hátt á loft, svo að allir gætu séð það, sem hann hafði letrað á hinn afrifna bút, og hrópaði hárrí röddu og sagði:

20 Sjá, allir þeir, sem vilja, að landið beri þetta tákn, gangi fram með styrk frá Drottni og gjöri sáttmála þess efnis, að þeir vilji varðveita rétt sinn og trúarbrögð sín, svo að Drottinn Guð megi blessa þá.

21 Og svo bar við, að þegar Moróní hafði gjört þetta heyrinkunnugt, sjá, þá komu menn hlaupandi með vopn sín girt um lendar sér og rifu klæði sín, sem tákn eða sem sáttmála, að þeir mundu ekki bregðast Drottni Guði sínum, eða með öðrum orðum, að ef þeir brytu gegn boðum Guðs eða

10a 2 Ne 1:7;
Mósía 29:32.
b 2 Ne 1:7.

11a Al 43:16–17.
12a Nehem 4:14; Al 44:5.
15a Mósía 5:7–9.

b Post 11:26; 1 Pét 4:16.
17a Al 22:30–31.
19a LR Merki.

fremdu lögmálsbrot og ^ablygð-uðust sín fyrir að taka á sig nafn Krists, þá mundi Drottinn rífa þá niður á sama hátt og þeir hefðu rífið niður klæði sín.

22 En þetta var sáttmálinn, sem þeir gjörðu, og þeir vörpuðu klæðum sínum að fótum Morónis og sögðu: Við gjörum sáttmála við Guð þess efnis, að ef við fremjum lögmálsbrot, þá verði okkur tortímt eins og bræðrum okkar í landinu í norðri. Já, hann má varpa okkur fyrir fætur óvina okkar, á sama hátt og við höfum varpað klæðum okkar fyrir fætur þína til að verða fótum troðin, ef við fremjum lögmálsbrot.

23 Moróni sagði við þá: Sjá, við erum leifar af niðjum Jakobs. Já, við erum leifar af ^aniðjum ^bJósefs, en bræður hans rifu ^ckyrtil hans í marga hluta. Já, og sjá. Við skulum hafa hugfast að halda boðorð Drottins, ella munu bræður okkar rífa klæði okkar, og okkur verður varpað í fangelsi, eða við verðum seldir eða drepnir.

24 Já, sem ^aleifar Jósefs skulum við varðveita lýðfrelsi okkar. Já, við skulum minnst orða Jakobs, sem hann mælti rétt fyrir dauða sinn, því að sjá. Hann sá, að hluti af kyrtli Jósefs hafði varðveist og ekki látið á sjá. Og hann sagði — Á sama hátt og þessar leifar af klæðum sonar míns hafa varðveist, þannig mun og hönd Guðs

varðveita ^bleifar af niðjum sonar míns og taka þær til sín, meðan aðrar leifar af niðjum Jósefs munu farast, á sama hátt og leifarnar af klæðum hans.

25 En sjá. Þetta veldur sálu minni sorg. Samt sem áður gleðst sál mín í syni mínum vegna þeirra niðja hans, sem Guð tekur að sér.

26 En sjá. Þetta voru orð Jakobs.

27 Og hver veit nema leifarnar af niðjum Jósefs, sem farast munu eins og klæði hans, séu þeir, sem horfið hafa frá okkur? Já, og það gæti jafnvel verið við sjálfir, ef við stöndum ekki staðfastir í trúnni á Krist.

28 Og nú bar svo við, að þegar Moróni hafði mælt þessi orð, hélt hann af stað og lét einnig senda til allra landshluta, þar sem ágreiningur var, og safnaði öllum saman, sem vildu varðveita lýðfrelsi sitt og standa gegn Amalikkía og þeim, sem horfið höfðu frá og nefndir voru Amalikkítar.

29 Og svo bar við, að Amalikkía sá, að fylgjendur Morónis voru fjölmennari en Amalikkítar — og hann sá einnig, að hans eigin fylgjendur voru í vafa um réttmæti þess málstaðar, sem þeir höfðu aðhyllt — og af ótta við, að hann mundi ekki vinna mál sitt, tók hann þá af fylgjendum sínum, sem það vildu, og hélt inn í Nefíland.

30 En Moróni áleit ekki æskilegt,

21a 1 Ne 8:25–28;
Morm 8:38.
23a 1 Mós 49:22–26;

1 Ne 5:14–15.
b LR Jósef, sonur Jakobs.
c 1 Mós 37:3, 31–36.

24a Amos 5:15;
3 Ne 5:21–24; 10:17.
b 2 Ne 3:5–24; Et 13:6–7.

að Lamanítum bættist styrkur, og þess vegna hugðist hann loka leiðinni fyrir fólki Amalíkkía eða taka það á sitt vald og flytja það til baka og taka Amalíkkía af lífi, því að hann vissi, að hann mundi egna Lamaníta til reiði gegn þeim og fá þá til orrustu gegn þeim. Og þetta vissi hann, að Amalíkkía mundi gjöra til að ná marki sínu.

31 Þess vegna hugði Moróní ráðlegast að fara með heri sína, sem safnast höfðu saman og vopnast og gjört sáttmála um að varðveita friðinn — Og svo bar við, að hann hélt með hersveitir sínar og tjöld út í óbyggðirnar til að loka leið Amalíkkía í óbyggðunum.

32 Og svo bar við, að hann gjörði eins og hugur hans stóð til og hélt fótgangandi út í óbyggðirnar og varð á undan herjum Amalíkkía.

33 Og svo bar við, að Amalíkkía flúði ásamt fáeinum manna sinna, en hinir voru afhentir Moróní, og þeir fluttu þá aftur til Sarahemlalands.

34 Nú hafði Moróní verið "tilnefndur af yfirdómurinum og með rödd fólksins og þess vegna hafði hann vald yfir herjum Nefíta og gat kallað þá saman og beitt þeim að vild sinni.

35 Og svo bar við, að hann lét taka af lífi hvern þann Amalíkkíta, sem ekki vildi gjöra sáttmála um að styðja málstað frelsisins, svo að þeir gætu varðveitt frjálsa stjórn. En það voru aðeins fáir, sem höfnuðu frelsissáttmálanum.

36 Og svo bar við, að hann lét einnig draga frelsistáknið að húni á hverjum þeim turni, sem til var í öllu því landi sem Nefítar áttu. Og þannig festi Moróní frelsistákn meðal Nefíta.

37 Og friður komst aftur á í landinu, og þannig hélst friður í landinu nærri því til loka nítjándra stjórnarárs dómara.

38 Og Helaman og "æðstu prestarnir héldu einnig góðri reglu í kirkjunni. Já, þeir nutu friðar og mikillar gleði í kirkjunni í fjögur ár.

39 Og svo bar við, að margir dóu í öruggri "trú á það, að Jesús Kristur endurleysti sálir þeirra. Þannig yfirgáfu þeir heiminn fagnandi.

40 En nokkrir létust af sótt-hita, sem var mjög algengur í landinu á vissum árstímum — en þó létust ekki mjög margir af sótt-hita vegna ágætis hinna mörgu "jurta og róta, sem Guð hafði gjört til að lækna sjúkdóma, sem mönnum hætti til að fá vegna loftslagsins —

41 En margir dóu úr elli, og þeir, sem dóu í trú á Krist, eru "sælir í honum, eins og við óhjákvæmlega ætlum.

47. KAPÍTULI

Amalíkkía beitir svikum og brögðum og fremur morð til að verða konungur Lamaníta — Nefítar sem horfið hafa frá eru ranglátari

og grimmari en Lamanítar. Um 72 f.Kr.

EN nú hverfum við í heimildum okkar aftur til Amalíkkía og þeirra, sem „flúið höfðu með honum út í óbyggðirnar. Því að sjá. Hann hafði tekið þá, sem með honum fóru, upp til ^bNefílands til Lamaníta. Og hann egndi Lamaníta svo til reiði gegn Nefíþjóðinni, að konungur Lamaníta sendi boð um allt land sitt og til allra þegna sinna, að þeir skyldu safnast saman á ný til orrustu gegn Nefítum.

2 Og svo bar við, að þegar boðin bárust þeim, urðu þeir mjög óttaslegnir. Já, þeir óttuðust að gjöra konungi gramt í geði, og þeir óttuðust einnig um líf sitt, ef þeir héldu til orrustu gegn Nefítum. Og svo bar við, að þeir vildu ekki eða meiri hluti þeirra vildi ekki hlýða skipunum konungs.

3 Og nú bar svo við, að konungurinn reiddist óhlýðni þeirra. Þess vegna fól hann Amalíkkía stjórn þess hluta hers síns, sem hlýddi fyrir mælum hans, og bauð honum að halda af stað og neyða hina til að grípa til vopna.

4 En sjá. Þetta var það, sem Amalíkkía vildi, því að hann var mjög slóttugur við að koma illu til leiðar og hafði þess vegna í hjarta sínu lagt áform um að velta konungi Lamaníta af valdastóli.

5 Og nú hafði hann náð stjórn yfir þeim hluta Lamaníta, sem

hlíðhollur var konunginum. Og hann reyndi að ávinna sér hylli þeirra, sem ekki voru hlýðnir. Þess vegna hélt hann til staðar, sem nefndist „Óníða, því að þangað höfðu allir Lamanítarnir flúið, því að þeir vissu, að herinn var á leiðinni. Og þar eð þeir gjörðu ráð fyrir, að hann kæmi til að tor-tíma þeim, þá flúðu þeir til Óníða, vopnastaðarins.

6 Og þeir höfðu skipað mann sem konung sinn og leiðtoga með þá föstu ákvörðun í huga, að þeir yrðu ekki neyddir til að ráðast aftur gegn Nefítum.

7 Og svo bar við, að þeir sameinuðust á fjalli nokkru, sem nefnt var Antípas, og bjuggu sig undir bardaga.

8 Nú var það ekki áform Amalíkkía að fylgja fyrir mælum konungs og leggja til orrustu gegn þeim. En sjá, áform hans var að ná hylli hersveita Lamaníta, verða foringi þeirra, velta konunginum af valdastóli og taka sjálfur við konungdómnum.

9 Og sjá. Svo bar við, að hann lét her sinn reisa tjöld í dal einum, nálægt Antípasfjalli.

10 Og svo bar við, að þegar náttu tók, sendi hann leyniboða upp á Antípasfjall og óskaði þess, að leiðtogi þeirra, sem á fjallinu voru og bar nafnið Lehontí, kæmi niður að fjallsrótunum, því að hann langaði til að ræða við hann.

11 Og svo bar við, að þegar Lehontí fékk skilaboðin, þorði

47 1a Al 46:33.
b 2 Ne 5:5–8;

Om 1:12–13.
5a Al 32:4.

hann ekki að fara niður að fjallsrótunum. Og svo bar við, að Amalíkkía gjörði út sendiboða öðru sinni og það hann koma niður. Og svo bar við, að Lehontí vildi það ekki. Og enn gjörði hann út sendiboða í þriðja sinn.

12 Og svo bar við, að þegar Amalíkkía sá, að hann fékk Lehontí ekki til að koma niður af fjallinu, fór hann upp á fjallið, nærri alla leið að herbúðum Lehontís. Og enn sendi hann boð, í fjórða sinn, til Lehontís og það hann um að koma niður, og skyldi hann hafa varðmenn sína með sér.

13 Og svo bar við, að þegar Lehontí var kominn niður til Amalíkkía, ásamt varðmönnum sínum, óskaði Amalíkkía eftir því, að hann kæmi niður með her sinn að næturlagi og umkringdi þá menn í herbúðum sínum, sem konungur hafði veitt honum forystu fyrir, og skyldi hann selja þá í hendur Lehontís, ef hann vildi gjöra hann (Amalíkkía) að undirforingja yfir öllum hernum.

14 Og svo bar við, að Lehontí kom niður með menn sína og umkringdi menn Amalíkkía, svo að áður en þeir vöknudu í dagrenningu voru þeir umkringdir af herjum Lehontís.

15 Og svo bar við, að þegar þeir sáu, að þeir voru umkringdir, sárþændu þeir Amalíkkía að leyfa þeim að sameinast bræðrum sínum, svo að þeim yrði ekki tortímt. En þetta var einmitt það, sem Amalíkkía vildi.

16 Og svo bar við, að hann framseldi menn sína „andstætt fyrirskipunum konungs. En þetta var það, sem Amalíkkía vildi, svo að hann kæmi í kring áformi sínu um að velta konungi af stóli.

17 En það var siður Lamaníta, ef foringi þeirra var drepinn, að gjöra undirforingjann að aðalleiðtoga sínum.

18 Og svo bar við, að Amalíkkía lét einn af þjónum sínum byrja Lehontí eitru, smátt og smátt, þar til hann lét lífið.

19 En þegar Lehontí var fallinn frá, tilnefndu Lamanítar Amalíkkía sem leiðtoga sinn og yfirstjórnanda.

20 Og svo bar við, að Amalíkkía hélt með heri sína (því að hann hafði fengið vilja sínum framgengt) inn í Nefíland, til Nefíborgar, sem var aðalborgin.

21 Og konungur kom út með varðmönnum sínum til að taka á móti honum, því að hann hélt, að Amalíkkía hefði fylgt fyrir mælum hans og að Amalíkkía hefði safnað saman svo miklum her til að halda til orrustu gegn Nefítum.

22 En sjá, þegar konungur kom út til að taka á móti honum, lét Amalíkkía þjóna sína ganga fram til móts við konung. Og þeir gengu fram og lutu konungi, eins og til að sýna honum lotningu, vegna þess hve mikill hann væri.

23 Og svo bar við, að konungur rétti fram hönd sína til að reisa þá á fætur, eins og siður var meðal

Lamaníta, sem friðartákn, en þann sið höfðu þeir tekið eftir Nefítum.

24 Og svo bar við, að þegar hann hafði reist á fætur þann fyrsta, sjá, þá stakk hann konung í hjartastað, og hann féll til jarðar.

25 En þjónar konungsins flúðu, og þjónar Amalíkkía ráku upp óp og sögðu:

26 Sjá, þjónar konungs hafa stungið hann í hjartastað, og hann er fallinn og þeir flúnir. Sjá, komið og lítið á!

27 Og svo bar við, að Amalíkkía fyrirskipaði herjum sínum að leggja af stað og kanna, hvað fyrir konung hefði komið. Og þegar þeir komu á staðinn og fundu konung liggjandi í blóði sínu, lést Amalíkkía verða reiður og sagði: Hver sá, sem elskaði konunginn, leggi af stað og veiti þjónum konungs eftirför, svo að hægt sé að lífláta þá.

28 Og svo bar við, að allir, sem elskuðu konunginn, lögðu af stað, þegar þeir höfðu heyrt þessi orð, og veittu þjónum konungs eftirför.

29 En þegar þjónar konungs sáu her veita sér eftirför, urðu þeir aftur óttaslegnir og flúðu út í óbyggðirnar og yfir í Sarahemlaland og sameinuðust "fólki Ammons.

30 Og herinn, sem veitti þeim eftirför, sneri aftur, þar eð eftirför þeirra var árangurslaus. Og þannig vann Amalíkkía hjörtu fólksins með brögðum sínum.

31 Og svo bar við, að á degi komanda hélt hann inn í Nefíborg með heri sína og tók borgina á sitt vald.

32 Og nú bar svo við, að þegar drottningin heyrði, að konungur hefði verið tekinn af lífi — því að Amalíkkía hafði sent sendiboða til drottningar til að segja henni frá því, að þjónar konungs hefðu drepið hann, en hann sjálfur hefði veitt þeim eftirför með herjum sínum, en án árangurs, því að þeir hefðu komist undan —

33 Þegar drottningin þess vegna fékk þessi boð, sendi hún til Amalíkkía og óskaði eftir, að hann hlífði íbúum borgarinnar, og hún bað hann einnig um að koma til sín. Og hún bað hann einnig að koma með vitni til að votta um dauða konungsins.

34 Og svo bar við, að Amalíkkía fór með sama þjóninn og drap konung og alla, sem með honum voru, til drottningarinnar, þar sem hún sat. Og þeir báru henni allir vitni, að konungurinn hefði verið drepinn af sínum eigin þjónum. Og einnig sögðu þeir: Þeir eru flúnir. Vitnar það ekki gegn þeim? Og þannig fullvissuðu þeir drottninguna um tildrögin að dauða konungs.

35 Og svo bar við, að Amalíkkía leitaði hylli drottningar og gjörði hana að eiginkonu sinni. Og þannig tókst honum með svikum sínum og aðstoð slægvitra þjóna sinna að ná konungdómnum. Já,

hann var viðurkenndur konungur um gjörvallt landið, meðal allra Lamaníta, en til þeirra “töldust Lamanítar og Lemúelítar og Ísmaelítar og allir, sem horfið höfðu frá Nefítum, allt frá stjórnartíð Nefís til líðandi stundar.

36 En þessir “fráhverfingar höfðu hlotið sömu leiðsögn og sömu uppfræðslu og Nefítar, já, þeir höfðu hlotið sömu ^bþekkingu á Drottni, en þótt einkennilegt sé, urðu þeir engu að síður, skömmu eftir fráhrarf sitt, harðari og ‘iðrunarlausari, villtari, ranglátari og grimvari en Lamanítar — þeir drukku í sig arfsagnir Lamaníta, lögðust í leti og alls konar lostasemi, já, og þeir gleymdu Drottni Guði sínum með öllu.

48. KAPÍTULI

Amalikkía eignir Lamaníta gegn Nefítum — Moróni býr fólk sitt undir að verja málstað hinna kristnu — Hann ann lýðfrelsi og frelsi og er máttugur guðsmaður. Um 72 f.Kr.

Og nú bar svo við, að jafnskjótt og Amalikkía hafði sölsað undir sig konungdóminn, tók hann að egna Lamaníta gegn Nefíþjóðinni. Já, hann tilnefndi menn til að tala úr turnum sínum til Lamaníta gegn Nefítum.

2 Og þannig egndi hann þá svo mjög gegn Nefítum, að á síðari hluta nítjándra stjórnarárs dómanna leitaðist hann einnig við að

ráða yfir öllu landinu, já, og öllu fólkinu, sem í landinu var, bæði Nefítum og Lamanítum, þar eð honum hafði fram að þessu tekst að ná markmiði sínu, já, hann hafði verið gjörður að konungi yfir Lamanítum.

3 Því hafði hann náð marki sínu, að hann hafði hert hjörtu Lamaníta og blindað hugi þeirra og egnt þá svo til reiði, að hann hafði safnað saman fjölmönnum her til að leggja til orrustu gegn Nefítum.

4 Og vegna þess hve fjölmennt fólk hans var, var hann ákveðinn í því að yfirbuga Nefíta og hneppa í ánauð.

5 Og því skipaði hann “herforingja úr hópi Sóramíta, þar eð þeir þekktu best styrk Nefíta og vissu um varnarvirki þeirra og hvar borgir þeirra voru veikastar fyrir. Þess vegna skipaði hann þá yfirmenn herja sinna.

6 Og svo bar við, að þeir tóku upp herbúðir sínar og fluttu sig í óbyggðunum í átt að Sarahemlandi.

7 Nú bar svo við, að meðan Amalikkía hafði þannig náð völdum með svikum og prettum, hafði Moróni hins vegar “búið hugi fólksins undir staðfestu við Drottin Guð sinn.

8 Já, hann hafði verið að styrkja heri Nefíta og reisa smá virki eða skansa. Hann hrúgaði upp bökkum umhverfis heri sína, þeim til varnar, og byggði einnig vegg

35a Jakób 1:13–14.
36a LR Fráhrarf.

b Hebr 10:26–27; Al 24:30.
c Jer 8:12.

48 5a Al 43:6.
7a Al 49:8.

úr steinum til að umlykja þá, umhverfis borgir þeirra og landamæri, já, um allt landið.

9 Og í veikbyggðustu virki þeirra setti hann flesta menn, og þannig viggirti hann og styrkti það land, sem Nefitar byggðu.

10 Og þannig bjóst hann til að “vernda lýðfrelsi þeirra, lönd þeirra, konur þeirra, börn þeirra og frið þeirra, svo að þau gætu lifað Drottni Guði sínum og gætu varðveitt það, sem óvinir þeirra kölluðu málstað hinna kristnu.

11 Og Moróní var sterkur maður og voldugur. Hann var maður með fullkominn “skilning, já, maður, sem hafði enga ánægju af blóðsúthellingum, maður, sem átti sál er gladdist yfir frelsi og lausn lands síns og bræðra sinna frá ánaud og þrældómi —

12 Já, maður, sem átti hjarta, er var þrungið af þakklæti til Guðs fyrir þau miklu forréttindi og þær miklu blessanir, sem hann hafði veitt fólki sínu. Maður, sem vann baki brotnu fyrir “velferð og öryggi þjóðar sinnar.

13 Já, og hann var maður, sem var staðfastur í trú sinni á Krist, og hann hafði “svarið þess eið að verja þjóð sína, rétt sinn og land sitt og trú sína, jafnvel þótt það kostaði blóð hans.

14 En Nefítum var kennt að verja sig gegn óvinum sínum, jafnvel með blóðsúthellingum, ef nauðsyn krefði. Já, og þeim var einnig

kennt að sýna “aldrei áreitni, já, og að lyfta aldrei sverði nema gegn óvini, og þá aðeins til að verja sitt eigið líf.

15 Og það var trú þeirra, að með því að gjöra svo mundi Guð veita þeim gengi í landinu, eða með öðrum orðum, ef þeir héldu boðorð Guðs staðfastlega, mundi hann veita gengi í landinu. Já, hann mundi gjöra þeim viðvart um að flýja eða búa sig undir stríð, allt eftir þeirri hættu, sem að þeim steðjaði —

16 Og enn fremur, að Guð mundi láta þá vita, hvert þeir ættu að fara til að verja sig gegn óvinum sínum, og með því að gjöra það mundi Drottinn varðveita þá. Og þetta var trú Morónís, og í henni fagnaði hann í hjarta sínu, “ekki í því að úthella blóði, heldur í að gjöra gott, í því að varðveita þjóð sína, já, í því að halda boðorð Guðs, já, og standa gegn misgjörðum.

17 Já, sannlega, sannlega segi ég ykkur, ef allir menn hefðu verið, væru og mundu ætíð verða eins og Moróní, sjá, þá hefði sjálfu valdi vítis verið ógnað að eilífu. Já, “djöfullinn mundi aldrei hafa vald yfir hjörtum mannanna barna.

18 Sjá, hann var maður líkur Ammon, syni Mósía, já, og jafnvel öðrum sonum Mósía, já, og einnig Alma og sonum hans, því að þeir voru allir Guðs menn.

19 En sjá. Helaman og bræður

10a Al 46:12–13.
11a LR Skilningur.
12a LR Velferð.
13a Al 46:20–22.

14a Al 43:46–47;
3 Ne 3:20–21;
Morm 3:10–11;
K&S 98:16.

16a Al 55:19.
17a 1 Ne 22:26;
3 Ne 6:15.

hans voru ekki síður hjálplegir þjóðinni en Moróní, því að þeir boðuðu orð Guðs, og þeir skírðu alla menn til iðrunar, sem hlustuðu á orð þeirra.

20 Og þannig fóru þeir um, og fólkið „auðmýkti sig vegna orða þeirra, svo að þeir nutu mikillar ^bnáðar Drottins, og þannig voru þeir lausir við stríð og illdeilur sín á milli, já, um fjögurra ára skeið.

21 En, eins og ég hef sagt, á síðari hluta nítjándra ársins, neyddust þeir gegn vilja sínum, þrátt fyrir friðinn, sem ríkti þeirra á meðal, til að berjast við Lamaníta, bræður sína.

22 Já, og stríð þeirra við Lamaníta hélst í raun um margra ára skeið, þótt það væri þeim þvert um geð.

23 En þeim þótti „leitt að taka upp vopn gegn Lamanítum, því að þeir höfðu enga ánægju af blóðsúthellingum. Já, og þetta var ekki allt — þeim þótti leitt að verða til þess að senda svo marga af bræðrum sínum, sem ekki voru undir það búnir að mæta Guði sínum, út úr þessum heimi og inn í eilífan heim.

24 Engu að síður gátu þeir ekki unað því að fórna lífi sínu, að „konur þeirra og börn yrðu brytjuð niður af miskunnarlausri grimmd þeirra, sem eitt sinn voru bræður þeirra, já, og höfðu ^bhorfið frá kirkju þeirra og yfirgefið þá og reynt að tortíma þeim með því að ganga í lið með Lamanítum.

25 Já, þeir gátu ekki þolað, að

bræður þeirra fögnuðu yfir blóði Nefíta, svo lengi sem nokkrir væru til, er héldu boðorð Guðs, því að loforð Drottins var, að ef þeir héldu boðorð hans, mundi þeim vegna vel í landinu.

49. KAPÍTULI

Innrásarher Lamaníta tekst ekki að ná víggirtu borgunum, Ammónía og Nóa, á sitt vald — Amalikkía bölvar Guði og sver þess eið að drekka blóð Morónís — Helaman og bræður hans halda áfram að efla kirkjuna. Um 72 f.Kr.

Og nú bar svo við, að í ellefta mánuði nítjándra ársins, tíunda degi mánaðarins, sáust herir Lamaníta nálgast Ammóníaland.

2 Og sjá. Borgin hafði verið endurbyggð, og Moróní hafði sett her við útjaðar borgarinnar og hrúgað hafði verið upp mold umhverfis til verndar fyrir örvum og steinum Lamaníta, því að sjá, þeir börðust með steinum og örvum.

3 Sjá, ég sagði, að „Ammóníaborg hefði verið endurbyggð. Ég segi við ykkur, já, hún var endurbyggð að hluta. Og vegna þess að Lamanítar höfðu tortímt henni einu sinni vegna misgjörða fólksins, töldu þeir, að hún yrði þeim á ný auðveld bráð.

4 En sjá. Mikil urðu vonbrigði þeirra. Því að sjá. Nefítar höfðu rótað upp hrygg af mold

20a LR Auðmjúkur,
auðmýkt.
b 1 Ne 17:35.

23a K&S 42:45.
24a Al 46:12.
b LR Fráhvarf.

49 3a Al 16:2–3, 9, 11.

umhverfis sig, sem var svo hár, að Lamanítar gátu ekki slöngvað steinum sínum og örvum að þeim, þannig að árangur hlytist af, né heldur gátu þeir ráðist að þeim nema á inngöngustað þeirra.

5 En þessu sinni urðu yfirforingjar Lamaníta ákaflega undrandi yfir því, hve viturlega Nefítar höfðu búið virki sín.

6 Vegna fjölmennis síns höfðu foringjar Lamaníta gjört ráð fyrir því, að þeir gætu ráðist að þeim á sama hátt og þeir höfðu hingað til gjört. Og þeir höfðu einnig búið sig skjöldum og brynjum. Og þeir höfðu einnig búið sig skinnklæðum, já, mjög þykkum klæðum til að hylja nekt sína.

7 Og þannig útbúnir gjörðu þeir ráð fyrir að yfirbuga auðveldlega bræður sína og hneppa þá undir ok ánaugar eða drepa þá og brytja niður að eigin geðþótta.

8 En sjá. Þeim til mikillar undrunar voru þeir „viðbúnir þeim á þann hátt, sem aldrei hafði áður þekkt meðal barna Lehís. Nú voru þeir viðbúnir að taka á móti Lamanítum og berjast eftir fyrir-mælum Morónís.

9 Og svo bar við, að Lamanítar, eða Amalikkítar, voru ákaflega undrandi yfir stríðsundirbúningi þeirra.

10 En ef Amalikkía konungur hefði nú komið niður frá „Nefílandi í fararbroddi hersveita sinna, hefði hann ef til vill látið Lamaníta

ráðast á Nefíta við Ammóníaborg. Því að sjá. Honum stóð á sama um blóð þjóðar sinnar.

11 En sjá. Amalikkía kom ekki sjálfur niður til orrustu. Og sjá, yfirforingjar hans þorðu ekki að ráðast á Nefíta við Ammóníaborg, því að Moróni hafði breytt stjórn mála meðal Nefíta svo mjög, að Lamanítar urðu vonsviknir í vari sínu og gátu ekki ráðist á þá.

12 Þess vegna héldu þeir undan út í óbyggðirnar, tóku upp herbúðir sínar og héldu í átt að Nóalandi, sem þeir töldu vera næstbesta staðinn til að ráðast gegn Nefítum.

13 Því að þeir vissu ekki, að Moróni hafði víggirt eða reist „varnarvirki umhverfis sérhverja borg í öllu landinu. Þess vegna héldu þeir áfram til Nóalands ákveðnir í huga. Já, yfirforingjar þeirra gengu fram og sóru þess eidd að tortíma íbúum þeirrar borgar.

14 En sjá. Þeim til undrunar var Nóaborg, sem fram að þessu hafði verið veikur punktur, orðin sterk fyrir tilstilli Morónís. Já, hún var jafnvel sterkari en Ammóníaborg.

15 Og sjá. Í þessu fólst viska Morónís, því að hann hafði gjört ráð fyrir, að þeir yrðu hræddir hjá Ammóníaborg, og þar eð Nóaborg hafði fram að þessu verið veikasti hlekkurinn í landinu, þá mundu þeir halda þangað til orrustu, og þannig fór, eins og hann ætlaði.

16 Og sjá. Moróni hafði skipað

Lehí foringja yfir mönnum borgarinnar, en það var hinn „sami Lehí, sem barðist við Lamaníta í dalnum austan við Sídonstíjót.

17 Og sjá. Nú bar svo við, að þegar Lamanítar höfðu uppgötvað, að Lehí réð yfir borginni, urðu þeir aftur fyrir vonbrigðum, því að þeir óttuðust Lehí ákaflega. Engu að síður höfðu yfirforingjar þeirra svarið þess eidd að ráðast á borgina, og þess vegna leiddu þeir fram hersveitir sínar.

18 En sjá. Lamanítar gátu aðeins komist inn fyrir varnarmirki þeirra gegnum innganginn, vegna þess hve moldarhryggirnir voru háir og skurðirnir, sem grafnir höfðu verið í kring, voru djúpir, alls staðar nema við innganginn.

19 Og á þennan hátt voru Nefítar reiðubúnir að tortíma öllum, sem reyndu að klífra upp til að komast inn í virkið eftir nokkurri annarri leið, með því að slöngva steinum yfir og skjóta örvum að þeim.

20 Þannig voru þeir viðbúnir, já, hópur af sterkustu mönnum þeirra, með sverð sín og slöngur, til að ljósta alla þá, sem reyndu að komast inn í varnarmirki þeirra við innganginn. Og þannig voru þeir við því búnir að verja sig gegn Lamanítum.

21 Og svo bar við, að foringjar Lamaníta leiddu heri sína fram að innganginum og tóku að berjast við Nefíta til að komast inn í virki þeirra. En sjá. Þeir voru hraktir til

baka mörgum sinnum og voru felldir í gífurlegu mannfalli.

22 Þegar þeir sáu, að þeir gátu ekki náð valdi yfir Nefítum við innganginn, tóku þeir að rífa niður moldarbakka þeirra til að fá inngönguleið fyrir heri sína, svo að þeir hefðu jafnari aðstöðu til að berjast. En sjá. Við þessar tilraunir var þeim sópað niður með steinum og örvum, sem varpað var og skotið að þeim. Og í stað þess að fylla skurði Nefíta með moldarhryggjunum, fylltust þeir í sama mæli af dauðum og særðum líkómum þeirra sjálfra.

23 Þannig höfðu Nefítar allt vald yfir óvinum sínum. Og þannig reyndu Lamanítar að tortíma Nefítum, þar til yfirforingjar þeirra höfðu allir verið drepnir, já, yfir þúsund Lamanítar voru drepnir. Hins vegar var ekki ein einasta sál drepin meðal Nefíta.

24 Um það bil fimmtíu særðust frá örvum Lamaníta við innganginn, en skildir þeirra, brynjur og hjálmar vörðu þá svo vel, að sár þeirra voru á fótleggjum þeirra, en mörg þeirra voru alvarleg.

25 Og svo bar við, að þegar Lamanítar sáu, að yfirforingjar þeirra voru allir fallnir, flúðu þeir út í óbyggðirnar. Og svo bar við, að þeir sneru aftur til Nefílands til að segja Amalíkkía konungi sínum, en hann var fæddur Nefíti, frá hinu mikla manntjóni sínu.

26 Og svo bar við, að hann varð ákaflega reiður mönnum

sínum, vegna þess að hann hafði ekki fengið vilja sínum framgengt gagnvart Nefítum. Hann hafði ekki hneppt þá undir ok ánauðar.

27 Já, hann var ákaflega reiður, og hann “formælti Guði og einnig Moróni og sór þess ^beið, að hann skyldi drekka blóð hans. Og þetta var vegna þess að Moróni hafði fylgt boðum Guðs við að tryggja öryggi þjóðar sinnar.

28 Og svo bar við, að hins vegar “þakkaði Nefíþjóðin Drottni Guði sínum fyrir óviðjafnanlegan kraft hans við að bjarga þeim úr höndum óvinanna.

29 Og þannig lauk nítjándra stjórnarári dómaraanna yfir Nefíþjóðinni.

30 Já, og samfelldur friður ríkti meðal þeirra og ákaflega mikil velmegun í kirkjunni vegna þeirrar umhyggju og kostgæfni, sem þeir sýndu orði Guðs, sem Helaman, Síblon, Kóríanton og Ammon og bræður hans boðuðu þeim, já, og allir þeir, sem vígðir höfðu verið eftir hinni “heilögu reglu Guðs, skírðir höfðu verið til iðrunar og sendir út til að prédika meðal fólksins.

50. KAPÍTULI

Moróni víggirðir lönd Nefíta — Þeir reisa margar nýjar borgir — Ranglæti og viðurstyggð kallaði tortímingu yfir Nefíta — Teankúm vinnur sigur á Moríanton og mönnum hans — Nefía andast og Pahóran

sonur hans sest í dómaraætið. Um 72–67 f.Kr.

Og nú bar svo við, að Moróni hætti ekki stríðsundirbúningi eða að verja þjóð sína gegn Lamanítum, því að í byrjun tuttugasta stjórnarárs dómaraanna lét hann heri sína grafa upp hauga af mold umhverfis allar borgir um allt land í eigu Nefíta.

2 Og ofan á þessa moldarhryggi lét hann setja timbur, já, mannhæðarhátt timburverk umhverfis borgirnar.

3 Og ofan á þetta timburverk lét hann reisa girði úr sterkum og háum staurum allt í kring.

4 Og hann lét reisa turna með útsýni yfir þessi girði, og hann lét gjöra byrgi uppi á þessum turnum, svo að steinar og örvar Lamaníta gætu ekki sært þá.

5 Og þeir voru viðbúnir því að kasta steinum ofan úr þeim að eigin geðþótta og styrk og drepa hvern þann, sem reyndi að nálgast borgarmúrana.

6 Þannig reisti Moróni virki gegn komu óvinanna umhverfis hverja einustu borg í landinu.

7 Og svo bar við, að Moróni lét heri sína fara út í austur-óbyggðirnar. Já, og þeir lögðu af stað og hröktu alla Lamaníta í austuróbyggðunum inn í þeirra eigið land, sem var sunnan við Sarahemland.

8 Og Nefíland lá beint frá sjónum í austri til vesturs.

9 Og svo bar við, að þegar Moróni

hafði hrakið alla Lamaníta út úr austuróbyggðunum, sem voru norðan við þeirra eigið land, lét hann íbúa Sarahemlalands og landsins umhverfis það fara út í austuróbyggðirnar, allt að sjávarströndinni, og taka landið til eignar.

10 Og hann setti einnig heri í suðri, á yfirráðasvæði þeirra, og lét þá reisa “virki til að tryggja heri sína og þjóð sína fyrir óvinunum.

11 Og þannig einangraði hann öll virki Lamaníta í austuróbyggðunum, já, einnig í vestri, og víggirti landamærin milli Nefíta og Lamaníta, milli Sarahemlalands og Nefílands, frá sjónum í vestri og meðfram upptökum Sídonfjólts — en Nefítar höfðu eignarhald á öllu landi fyrir norðan, já, meira að segja öllu landi norðan við landið Nægtarbrunn að vild sinni.

12 Þannig leitaðist Moróní við með herjum sínum, sem uxu daglega vegna fullvissunnar um þá vernd, sem verk hans færðu þeim, að útiloka styrk og vald Lamaníta úr landi þeirra, þannig að þeir hefðu ekkert vald yfir löndum í þeirra eigu.

13 Og svo bar við, að Nefítar tóku að leggja grundvöll að borg, sem þeir nefndu Moróníborg, og var hún við austursjóinn, í suðri við landamæri Lamaníta.

14 Og þeir tóku einnig að grundvalla borg milli Moróníborgar og Aronsborgar, beggja vegna við landamæri Arons og Morónís. Og þeir nefndu borgina eða landið Nefía.

15 Og þeir tóku einnig á þessu sama ári að reisa margar borgir í norðri. Eina reistu þeir á sérstakan hátt og nefndu Lehí, og var hún í norðri við sjávarströndina.

16 Og þannig lauk tuttugasta árinu.

17 Og hagur Nefíþjóðarinnar stóð í þessum blóma í upphafi tuttugasta og fyrsta stjórnarárs dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

18 Og þeim vegnaði sérlega vel, og þeir urðu stórauðugir. Já, og þeim fjölgaði, og þeir urðu sterkir í landinu.

19 Og þannig sjáum við, hve miskunnsamur og réttvís Drottinn er í öllu og uppfyllir öll orð sín við mannanna börn. Já, við sjáum, að jafnvel á þessum tíma sannast orð hans, sem hann mælti við Lehí, er hann sagði:

20 Blessaður ert þú og börn þín. Og þau munu blessuð, og sem þau halda boðorð mín, svo mun þeim vegna vel í landinu. En haf þú hugfast, að sem þau halda ekki boðorð mín, svo munu þau “útilokuð úr návist Drottins.

21 Og við sjáum, að þessi fyrirheit hafa sannast á Nefíþjóðinni. Því að það hafði verið innbyrðis sundurlyndi þeirra og illdeilur, já, morð þeirra og rán, falsguðadýrkun og hórdómur og viðurstygð, sem kallað hafði yfir þá stríð þeirra og tortímingu.

22 En þeim, sem staðfastir héldu boðorð Drottins, var ávallt borgið, meðan þúsundir ranglátra bræðra þeirra hafa verið hnepptar í

ánaud, fallið fyrir sverði eða þeim hnignað í vantrú og þeir blandast Lamanítum.

23 En sjá. Meðal Nefíþjóðarinnar gat ekki “hamingjuríkari tíma síðan á dögum Nefís en á dögum Morónís, já, á þessum tíma, á tuttugasta og fyrsta stjórnarári dómaranna.

24 Og svo bar við, að tuttugasta og öðru stjórnarári dómaranna lauk einnig í friði og einnig tuttugasta og þriðja árinu.

25 Og svo bar við, að í upphafi tuttugasta og fjórða stjórnarárs dómaranna hefði einnig ríkt friður meðal Nefíþjóðarinnar, ef ekki hefðu átt sér stað “deilur meðal þeirra um Lehíland og Moríantonland, en þau lönd tengdust hvort öðru á landamærum Lehís og lágu bæði að sjávarströndinni.

26 Því að sjá. Íbúar Moríantonslands gjörðu kröfur til hluta af Lehílandi, og upphófust þess vegna heitar deilur þeirra á milli, þannig að íbúar Moríantons tóku upp vopn gegn bræðrum sínum og voru ákveðnir í að drepa þá með sverði.

27 En sjá. Íbúar Lehílands flúðu til herbúða Morónís og leituðu aðstoðar hans. Því að sjá. Þeir höfðu ekki rangt fyrir sér.

28 Og svo bar við, að þegar fólk Moríantons, undir forystu manns að nafni Moríanton, uppgötvaði, að íbúar Lehís voru flúnir til herbúða Morónís, óttuðust þeir mjög,

að her Morónís réðist á þá og tortímdi þeim.

29 Þess vegna taldi Moríanton fólkið á að flýja til landsins í norðri — en það var þakið víðáttumiklum vötnum — og taka það til eignar.

30 Og sjá. Þeir hefðu framkvæmt þessa áætlun (sem ástæða hefði verið til að harma). En sjá. Moríanton, sem var mjög skapheitur maður, varð reiður við eina þjónustustúlku sína og réðst á hana og barði hana illa.

31 Og svo bar við, að hún flúði og fór yfir í herbúðir Morónís og sagði honum frá öllu þessu og einnig frá ásetningi þeirra um að flýja inn í landið í norðri.

32 En sjá. Íbúar landsins Nægtarbrunnis, eða öllu heldur Moróní, óttuðust að fólkið mundi hlýða á orð Moríantons og sameinast fólki hans og þannig næði hann eignarhaldi á þessum hluta landsins, sem gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir Nefíþjóðina, já, afleiðingar, sem leiða mundu til þess, að hún glataði “lýðfrelsi sínu.

33 Þess vegna sendi Moróní tygiaðan her til að verða á undan fólki Moríantons og stöðva flóttu þess inn í landið í norðri.

34 Og svo bar við, að þeir náðu þeim ekki fyrir en þeir komu að landamærum “Auðnarinnar, en þar komust þeir fram fyrir þá á hinu þrönga eiði, sem lá inn í landið í norðri, meðfram sjónum, já, með sjónum bæði að vestan og austan.

23a Mósía 2:41.
25a LR Deilur.

32a LR Lýðfrelsi.
34a Al 46:17.

35 Og svo bar við, að herinn, sem Moróni sendi og var undir forystu manns að nafni Teankúm, mætti fólki Moríantons. En svo þrjóskt var fólk Moríantons undir áhrifum ranglætis hans og fagurgala, að í bardaga sló á milli þeirra, og í honum drap Teankúm Moríanton og sigraði her hans og tók þá til fanga og sneri aftur til herbúða Morónís. Og þannig lauk tuttugasta og fjórða stjórnarári dómaraanna yfir Nefíþjóðinni.

36 En á þennan hátt var fólk Moríantons flutt til baka. Og eftir að það hafði gjört sáttmála um að halda frið, var það aftur flutt til Moríantonslands, og samkomulag náðist við íbúa Lehís, og þeir voru einnig fluttir aftur til lands síns.

37 Og svo bar við, að á sama ári og Nefíþjóðin hafði endurheimt friðinn, dó Nefía, annar aðaldómarrinn, og hafði hann setið í dómarasætinu, fullkomlega grandvar fyrir Guði.

38 Engu að síður hafði hann neitað Alma um að taka við þeim heimildum og munum, sem að mati Alma og feðra hans voru taldir helgastir. Þess vegna hafði Alma fengið þær syni sínum Helaman í hendur.

39 Sjá. Svo bar við, að sonur Nefía var skipaður í dómarsætið í stað föður síns. Já, hann var skipaður yfirdómari og stjórnandi þjóðarinnar, með eiði og helgri athöfn til að dæma réttlátlega og varðveita frið og frelsi þjóðarinnar og vernda þau helgu

réttindi þeirra að tilbiðja Drottin Guð sinn, já, og styðja og varðveita málstað Guðs alla sína daga og láta hina ranglátu sæta réttvísi, í samræmi við brot þeirra.

40 En sjá. Nafn hans var Pahóran. Og Pahóran settist í sæti föður síns og hóf stjórnartíð sína yfir Nefíþjóðinni í lok tuttugasta og fjórða ársins.

51. KAPÍTULI

Konungssinnar reyna að breyta lögunum og koma á konungsveldi — Þjóðin styður Pahóran og frelsissinna — Moróni neyðir konungssinna til að verja land sitt eða deyja ella — Amalíkkía og Lamanítar ná mörgum víggirtum borgum á sitt vald — Teankúm hrindir innrás Lamaníta og drepur Amalíkkía í tjaldi hans. Um 67–66 f.Kr.

EN nú bar svo við í upphafi tuttugasta og fimmta stjórnarárs dómaraanna yfir Nefíþjóðinni, að þeir höfðu komið á friði milli íbúa Lehís og Moríantons um lönd sín og höfðu hafið tuttugasta og fimmta stjórnarárið í friði —

2 Engu að síður hélt ekki lengi fullkominn friður í landinu, því að deilur hófust meðal manna um yfirdómaraann Pahóran. Því að sjá. Hluti fólks óskaði eftir, að nokkrum ákveðnum lagagreinum yrði breytt.

3 En sjá. Pahóran vildi hvorki breyta lögunum né leyfa, að þeim væri breytt. Þess vegna hlustaði hann ekki á þá, sem sent höfðu beiðni um breytingar á lögunum.

4 Af þessum sökum voru þeir, sem vildu láta breyta lög-unum, honum reiðir og vildu, að hann yrði ekki lengur yfir-dómari landsins. Þess vegna reis upp djúpur ágreiningur um þetta mál, en þó kom ekki til blóðsúthellinga.

5 Og svo bar við, að þeir, sem koma vildu Pahóran úr valdastóli dómaraembættisins, nefndust konungssinnar, því að þeir vildu, að lögnum yrði breytt þannig, að hin frjálsa stjórn yrði afnumin og konungur settur yfir landið.

6 En þeir, sem vildu, að Pahóran yrði áfram dómari yfir landinu, tóku sér nafnið frelsissinnar, og þannig varð klofningur meðal þeirra, því að frelsissinnar höfðu unnið þess eið eða gjört sáttmála um að varðveita rétt sinn og rétt-indi trúar sinnar með frjálsri stjórn.

7 Og svo bar við, að rödd þjóð-arinnar var látin jafna ágreining þeirra. Og svo bar við, að rödd þjóðarinnar reyndist hliðholl frels-issinum, og Pahóran hélt dóm-arasætinu, en það vakti mikinn fögnuð meðal bræðra Pahórans og einnig meðal frelsissinna og þaggaði einnig niður í konungs-sinum, svo að þeir þorðu ekki að mótmæla og neyddust til að styðja málstað lýðfrelsisins.

8 En þeir, sem aðhylltust kon-ungsstjórn voru hinir "aðalbornu, og þeir sóttust eftir að verða kon-ungar. Og þeir voru studdir af

þeim, sem sóttust eftir völdum og yfirráðum yfir fólkinu.

9 En sjá. Áhættusamt var fyrir Nefíþjóðina að eiga í slíkum inn-byrðis deilum á þessum tíma, því að sjá, Amalikkía hafði enn á ný egnt hjörtu Lamaníta gegn Nefítum, og hann safnaði saman hermönnum úr öllu landi sínu og vopnaði þá og bjó þá undir styrjöld af mestu elju, því að hann hafði "svarið þess eið, að hann skyldi drekka blóð Morónís.

10 En sjá. Við munum sjá, að þetta heit, sem hann gaf, var van-hugsað. Engu að síður bjó hann sig og heri sína undir orrustu gegn Nefítum.

11 En herir hans voru ekki eins fjölmennir og þeir höfðu verið fram að þessu vegna hinna mörgu þúsunda, sem Nefítar höfðu fellt. En þrátt fyrir hið mikla tap þeirra hafði Amalikkía safnað saman furðu miklum her, svo miklum, að hann óttaðist ekki að halda niður í Sarahemland.

12 Já, jafnvel Amalikkía sjálfur hélt þangað í fararbroddi Lamaníta. En þetta var á tuttugasta og fimmta stjórnarári dómara, og það var á sama tíma og þeir tóku að jafna ágreiningsmál sín varð-andi yfirdómarann Pahóran.

13 Og svo bar við, að þegar mennirnir, sem nefndust kon-ungssinnar, heyrðu, að Laman-ítar væru að koma niður til að berjast gegn þeim, glöddust þeir í hjörtum sínum. Og þeir neituðu

að taka upp vopn, því að þeir voru svo reiðir yfirdómara sínum og einnig “frelsissinum, að þeir vildu ekki taka upp vopn til að verja land sitt.

14 Og svo bar við, að þegar Moróni sá þetta og sá einnig, að Lamanítar voru að koma inn yfir landamæri landsins, varð hann ákaflega reiður vegna þrjósku þessa fólks, sem hann hafði lagt svo mikið á sig við að vernda. Já, hann varð ákaflega reiður, sál hans fylltist reiði gegn þeim.

15 Og svo bar við, að hann sendi bænaskrá með rödd þjóðarinnar til stjórnanda landsins og óskaði eftir því, að hann læsi hana og veitti sér (Moróni) vald til að neyða þessa fráhverfinga til að verja land sitt, eða taka þá af lífi ella.

16 Því að fyrsta hugsun hans var að binda enda á þess háttar deilur og ágreining meðal þjóðarinnar. Því að sjá. Slíkt hafði fram að þessu verið orsök allrar tortímingar þeirra. Og svo bar við, að það var heimilað samkvæmt rödd þjóðarinnar.

17 Og svo bar við, að Moróni skipaði her sínum að halda gegn konungssinum til að lækka í þeim hrokann og ættardrambið og jafna þá við jörðu — eða þeir tækju að öðrum kosti upp vopn til stuðnings lýðfrelsinu.

18 Og svo bar við, að herirnir héldu fram gegn þeim. Og þeir lækkuðu hroka þeirra og

ættardramb, þannig að þegar þeir lyftu stríðsvopnum sínum til að berjast gegn mönnum Morónis, voru þeir högggnir niður og jafnaðir við jörðu.

19 Og svo bar við, að fjögur þúsund þessara “fráhverfinga voru högggnir niður með sverði. Og þeir af forsprökkum þeirra, sem ekki voru drepnir í bardaga, voru teknir og þeim varpað í fangelsi, því að enginn tími var fyrir réttarhöld yfir þeim á þessum tíma.

20 Og þeir, sem eftir voru af þessum fráhverfingum, beygðu sig fyrir frelsistákninu — frekar en að vera felldir til jarðar með sverði — og neyddust til að draga “frelsiáknina að húni á turnum sínum og í borgum sínum og taka upp vopn til varnar landi sínu.

21 Og þannig batt Moróni enda á tilvist þessara konungssinna, svo að engir þekktust undir nafngiftinni konungssinni. Og þannig batt hann enda á þrjósku og hroka þeirra, sem þóttust hafa aðalsblóð í æðum. En þeir voru látnir auðmýkja sig eins og bræður þeirra og urðu að berjast hraustlega fyrir frelsi sínu undan ánaud.

22 Sjá. Svo bar við, að meðan “Moróni var þannig að brjóta á bak aftur stríð og illdeilur meðal sinnar eigin þjóðar og beygja hana til friðar og siðmenningar og var að setja reglur um stríðsundirbúning gegn Lamanítum, sjá, þá voru Lamanítar komnir inn í Moróni-land, sem var við sjávarströndina.

13a Al 46:10–16.
19a Al 60:16.

20a Al 46:12–13.
22a LR Moróni,

hershöfðingi.

23 Og svo bar við, að Nefítar voru ekki nægilega sterkir í Moróniborg. Þess vegna hrakti Amalíkkía þá burtu og varð mörgum að bana. Og svo bar við, að Amalíkkía hertók borgina, já, hertók öll virki þeirra.

24 Og þeir, sem flúðu út úr Moróniborg, komu til Nefíaborgar. Og íbúar Lehíborgar söfnuðust einnig saman og hófu viðbúnað og voru undir það búnir að taka á móti Lamanítum í orrustu.

25 En svo bar við, að Amalíkkía vildi ekki leyfa Lamanítum að herja á Nefíaborg, heldur hélt þeim við sjávarströndina og skildi eftir menn í hverri borg til að halda henni og verja hana.

26 Og þannig hélt hann áfram og lagði undir sig margar borgir. Nefíaborg, Lehíborg, Moríantonborg, Omnerborg, Gídborg og Múlekborg, sem allar voru að austanverðu við sjávarströndina.

27 Og þannig höfðu Lamanítar náð, með slægð Amalíkkía og ótal hersveitum, öllum þessum borgum, sem allar voru vígbúnar samkvæmt „vígbúnaði Morónís, og allar urðu þær Lamanítum sterk vígi.

28 Og svo bar við, að þeir héldu til landamæra Nægtarbrunnis og hröktu Nefíta á undan sér og réðu marga af dögum.

29 En svo bar við, að Teankúm, sem „drepið hafði Moríanton, bauð þeim birginn, en hann hafði stöðvað flóttu fólks síns.

30 Og svo bar við, að hann stöðvaði einnig Amalíkkía, þegar hann

var á leið með fjölmennan her sinn til að hertaka landið Nægtarbrunn og einnig landið í norðri.

31 En sjá. Amalíkkía varð fyrir vonbrigðum, því að Teankúm og menn hans hröktu hann til baka, en þeir voru miklir hermenn. Og sérhver maður Teankúms var Lamanítum fremri að styrk og hernaðarlist, þannig að þeir náðu undirtökum í viðureign sinni við Lamaníta.

32 Og svo bar við, að þeir þreyttu þá og héldu áfram að drepa þá til myrkurs. Og svo bar við, að Teankúm og menn hans tjölduðu á landamærum Nægtarbrunnis. En Amalíkkía tjaldaði við sjávarströndina, og þannig voru þeir reknir brott.

33 Og svo bar við, að þegar náttá tók, læddust Teankúm og þjónn hans út og fóru um nóttina inn í tjaldbúðir Amalíkkía. Og sjá. Svefninn hafði borið þá ofurliði vegna mikillar þreytu eftir erfiði og hita dagsins.

34 Og svo bar við, að Teankúm laumaðist inn í tjald konungs og lagði spjót í hjarta hans. Og lét þannig konungur lífið samtundis, án þess að þjónar hans vöknudu.

35 Og hann sneri með leynd aftur til sinna eigin búða. Og sjá. Menn hans voru sofandi, en hann vakti þá og sagði þeim allt, sem hann hafði gjört.

36 Og hann lét heri sína vera viðbúna, ef Lamanítarnir skyldu vakna og ráðast að þeim.

37 Og þannig lauk tuttugasta

og fimmta stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni. Og þannig lauk ævidögum Amalíkkía.

52. KAPÍTULI

Ammorón tekur við af Amalíkkía sem konungur Lamaníta — Moróní, Teankúm og Lehi leiða Nefíta til sigurs í stríði við Lamaníta — Múlekborg er endurheimt og Sóramítinn Jakob veginn. Um 66–64 f.Kr.

Og nú bar svo við, að á tuttugasta og sjötta stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni, sjá, þegar Lamanítar vöknudú á fyrsta morgni hins fyrsta mánaðar, sjá, þá fundu þeir Amalíkkía dauðan í tjaldi sínu. Og þeir sáu einnig að Teankúm var reiðubúinn að leggja til orrustu við þá á þeim degi.

2 En þegar Lamanítar sáu þetta, urðu þeir óttaslegnir, og þeir hættu við áform sitt um að fara inn í landið í norðri og hörfuðu með allan her sinn inn í Múlekborg og leituðu verndar í víggirðingum sínum.

3 Og svo bar við, að bróðir Amalíkkía var skipaður konungur fólksins, en nafn hans var Ammorón. Þannig var Ammorón konungur, bróðir Amalíkkía konungs, skipaður til að ríkja í hans stað.

4 Og svo bar við, að hann skipaði mönnum sínum að halda þeim borgum, sem þeir höfðu tekið með blóðsúthellingum, en þeir höfðu engar borgir tekið án þess að missa mikið blóð.

5 Og nú sá Teankúm, að Lamanítar voru staðráðnir í að halda þeim borgum, sem þeir höfðu tekið, og þeim hlutum landsins, sem þeir höfðu lagt undir sig. Og þar eð hann sá einnig, hve gífurlega fjölmennir þeir voru, áleit hann ekki ráðlegt að reyna að ráðast á þá í virkjum þeirra.

6 En hann hélt mönnum sínum umhverfis, eins og hann væri að undirbúa stríð. Já, en hann var í raun að undirbúa vörn gegn þeim með því að "hrúga upp veggjum umhverfis og reisa byrgi.

7 Og svo bar við, að hann hélt þannig áfram stríðsundirbúningi, þar til Moróní hafði sent mikinn fjölda manna til að styrkja her hans.

8 Og Moróní sendi honum einnig fyrirmæli um að halda öllum föngum, sem féllu honum í hendur, því að þar eð Lamanítar höfðu tekið marga fanga, skyldi hann halda öllum föngum Lamaníta sem lausnar gjaldi fyrir þá, sem Lamanítar höfðu tekið.

9 Og hann sendi honum einnig fyrirmæli um að víggirða landið Nægtarbrunn og tryggja hið "þrönga eiði, sem lægi inn í landið í norðri, að öðrum kosti gætu Lamanítar náð þeim stað og hefðu þá afl til að sækja að þeim frá öllum hliðum.

10 Og Moróní sendi einnig til hans boð og óskaði þess, að hann verði af trúmennsku þann

landshluta og leitaði eftir megni sérhvers færís til að hegna Lamanítum í þeim landshluta, svo að hann gæti ef til vill með herbrögðum, eða á einhvern annan hátt, náð aftur þeim borgum, sem teknar höfðu verið úr þeirra höndum. Einnig, að hann víggirti og styrkti nálægar borgir, sem ekki höfðu fallið í hendur Lamanítum.

11 Og hann sagði einnig við hann: Ég væri fús til að koma til þín, en sjá, Lamanítar hafa ráðist á okkur við landamærin við vestursjóinn. Og sjá. Ég held gegn þeim og get því ekki komið til þín.

12 En konungurinn (Ammorón) hafði farið frá Sarahemlalandi og kunnngjört drottningunni dauða bróður síns og hafði safnað saman miklum fjölda manna og haldið gegn Nefítum við vestursjóinn.

13 Og þannig reyndi hann að klekkja á Nefítum og draga burtu hluta af herstyrk þeirra til þessa landshluta, en samtímis hafði hann skipað þeim, sem hann hafði skilið eftir til að halda þeim borgum, sem hann hafði tekið, að þrengja einnig að Nefítum við austursjóinn og leggja undir sig land þeirra, eftir því sem í þeirra valdi stæði og herstyrkur þeirra leyfði.

14 Og í þessari hættulegu stöðu voru Nefítar við lok tuttugasta og sjötta stjórnarárs dómara yfir Nefíþjóðinni.

15 En sjá. Svo bar við á tuttugasta og sjöunda stjórnarári dómara, að Teankúm, samkvæmt

skipun Morónís — sem hafði komið á fót herjum til að vernda suður- og vesturlandamæri landsins og hóf hergöngu sína að landinu Nægtarbrunni til þess að aðstoða Teankúm með mönnum sínum við að ná aftur borgunum, sem þeir höfðu tapað —

16 Og svo bar við, að Teankúm hafði fengið fyrirmæli um að ráðast á Múlekborg og taka hana aftur, ef mögulegt væri.

17 Og svo bar við, að Teankúm bjó sig undir að ráðast á Múlekborg og leiða her sinn fram gegn Lamanítum, en hann sá, að ekki var hægt að yfirbuga þá, meðan þeir væru í virkjum sínum. Þess vegna lét hann af áformum sínum og sneri aftur til borgarinnar Nægtarbrunnis til að bíða komu Morónís og aukins liðsstyrks.

18 Og svo bar við, að Moróní kom með her sinn til landsins Nægtarbrunnis síðari hluta tuttugasta og sjöunda stjórnarárs dómara yfir Nefíþjóðinni.

19 Og í upphafi tuttugasta og áttunda ársins héldu Moróní, Teankúm og margir yfirföngjar þeirra herstjórnarráðstefnu — hvað þeir skyldu taka til bragðs til að fá Lamanítana til að koma út og berjast við sig, eða hvort þeir gætu með einhverjum ráðum lokkað þá út úr virkjum sínum, svo að þeir gætu náð yfirhöndinni yfir þeim og tekið aftur Múlekborg.

20 Og svo bar við, að þeir sendu sendiboða til hers Lamaníta, sem varði Múlekborg, til leiðtoga þeirra, sem bar nafnið Jakob, og

óskuðu þess, að hann kæmi út fyrir með heri sína til móts við þá úti á sléttunum milli hinna tveggja borga. En sjá. Jakob, sem var Sóramíti, vildi ekki koma út fyrir með her sinn til móts við þá á sléttunum.

21 Og svo bar við, að Moróní, sem var orðinn vonlaus um, að þeir mættust á jöfnum grundvelli, lagði á ráðin um að ginna Lamaníta út úr virkjum sínum.

22 Þess vegna lét hann Teankúm fara með nokkra menn niður með ströndinni. En Moróní og her hans fóru að næturlagi út í óbyggðirnar vestan við Múlekborg. Næsta dag, þegar verðir Lamaníta urðu varir við Teankúm, hlupu þeir til og sögðu Jakob, foringja sínum, frá því.

23 Og svo bar við, að herir Lamaníta héldu fram gegn Teankúm, og töldu sig geta yfirbugað hann með mannfjölda sínum, vegna þess hve lið hans var fámennt. En þegar Teankúm sá heri Lamaníta koma út gegn sér, hörfaði hann undan niður með ströndinni í norðurátt.

24 Og svo bar við, að þegar Lamanítar sáu, að hann lagði á flóttu, jókst þeim kjarkur, og þeir eltu þá af kappi. En meðan Teankúm þannig leiddi burtu Lamanítana, sem eltu þá árangurslaust, skipaði Moróní hluta af her sínum, sem með honum var, að halda inn í borgina og hertaka hana.

25 Og þetta gjörðu þeir og drápu alla, sem skildir höfðu verið eftir til að verja borgina, já, alla, sem vildu ekki láta af hendi stríðsvopn sín.

26 Og þannig hafði Moróní náð Múlekborg á sitt vald með hluta af her sínum, en samtímis hélt hann með þá, sem eftir voru, til móts við Lamaníta, þegar þeir sneru aftur frá því að hafa veitt Teankúm eftirför.

27 Og svo bar við, að Lamanítar veittu Teankúm eftirför, þar til þeir komu í nánd við borgina Nægtarbrunn, en þar hittu þeir fyrir Lehi ásamt smáher, sem skilinn hafði verið eftir til að vernda borgina Nægtarbrunn.

28 Og sjá nú. Þegar yfirforingi Lamaníta sá Lehi með her sinn koma á móti þeim, flúðu þeir í ofboði af ótta við að ná ekki til Múlekborgar, áður en Lehi næði þeim, því að þeir voru þreyttir af hergöngunni, en menn Lehis voru óþreyttir.

29 En Lamanítar vissu ekki, að Moróní hafði verið að baki þeim með her sinn. Allt, sem þeir óttuðust, var Lehi og menn hans.

30 En Lehi hafði enga löngun til að ráðast á þá fyrr en þeir mættu Moróní og her hans.

31 Og svo bar við, að áður en Lamanítar höfðu hörfað langt undan, voru þeir umkringdir Nefítum, af mönnum Morónís annars vegar og mönnum Lehis hins vegar, sem allir voru óþreyttir og fullir þrótti, en Lamanítar voru þreyttir af sinni löngu hergöngu.

32 Og Moróní skipaði mönnum sínum að ráðast á þá, þar til þeir létu af hendi stríðsvopn sín.

33 Og svo bar við, að Jakob, sem var foringi þeirra og einnig var

“Sóramíti og gæddur var ósigrandi anda, leiddi Lamaníta til orrustu gegn Moróni með feikna ofsa.

34 Og þar eð Moróni stóð í vegi fyrir þeim, var Jakob staðráðinn í að drepa þá og höggva sér leið til Múlekborgar. En sjá. Moróni og menn hans voru kraftmeiri og létu því ekki undan síga fyrir Lamanítum.

35 Og svo bar við, að þeir börðust á báðar hendur af mikilli heift, og margir voru drepnir á báða bóga. Já, og Moróni særðist og Jakob var drepinn.

36 Og Lehi réðst að þeim aftan frá með sínum sterku mönnum, af slíkum ofsa, að Lamanítar þeir, sem aftastir voru, létu af hendi stríðsvopn sín, en hinir, sem voru mjög ráðvilltir, vissu ekki, hvert þeir ættu að fara né hvar þeir ættu að berjast.

37 Þegar Moróni sá ringulreiðina, sagði hann við þá: Ef þið viljið koma með stríðsvopn ykkar og láta þau af hendi, sjá, þá munum við ekki úthella blóði ykkar.

38 Og svo bar við, að þegar Lamanítar heyrðu þessi orð, gengu yfirforingjar þeirra fram, allir sem ekki höfðu verið drepnir, og köstuðu stríðsvopnum sínum til jarðar að fótum Morónis og buðu einnig mönnum sínum að gjöra hið sama.

39 En sjá. Margir vildu það ekki. Og þeir, sem vildu ekki láta af hendi sverð sín, voru teknir og fjötraðir, og stríðsvopn þeirra

voru tekin af þeim og þeir neyddir til að halda með bræðrum sínum til landsins Nægtarbrunn.

40 Og fjöldi þeirra, sem teknir voru til fanga, var meiri en fjöldi þeirra, sem drepnir höfðu verið, já, fleiri en þeir, sem drepnir höfðu verið úr báðum liðum.

53. KAPÍTULI

Lamanítafangar eru notaðir til að víggirða borgina Nægtarbrunn — Misklið meðal Nefíta verður til að veita Lamanítum sigur — Helaman verður foringi tvö þúsund ungliða af fólki Ammons. Um 64–63 f.Kr.

Og svo bar við, að þeir settu verði yfir Lamanítafangana og neyddu þá til að fara og grafa sína dauðu, já, og einnig hina dauðu meðal Nefíta, sem drepnir höfðu verið. Og Moróni setti menn yfir þá til að gæta þeirra, meðan þeir ynnu störf sín.

2 Og Moróni fór til Múlekborgar ásamt Lehi og tók við stjórn borgarinnar og gaf hana Lehi. En sjá. Lehi þessi var maður, sem hafði verið með Moróni í flestum orrustum hans, og hann var maður líkur Moróni, og þeir glöddust yfir velgengni hvor annars. Já, þeir voru hvor öðrum hjartfólgnir og einnig hjartfólgnir allri Nefíþjóðinni.

3 Og svo bar við, að eftir að Lamanítar höfðu lokið við að grafa sína dauðu og einnig hina dauðu Nefíta, voru þeir látnir halda aftur til Nægtarbrunn. En

samkvæmt fyrirmælum Morónís, lét Teankúm þá hefja vinnu við að grafa skurð umhverfis landið, eða borgina Nægtarbrunn.

4 Og hann lét þá reisa “brjóstvirki úr timbri á innri bakka skurðarins, og þeir hlóðu mold úr skurðinum upp að timburvirkinu. Og þannig létu þeir Lamaníta erfiða, þar til þeir höfðu lokið við að girða borgina Nægtarbrunn sterkum og afar háum vegg úr viði og mold.

5 Og þessi borg varð mjög sterkt vígi upp frá því, og í þessari borg geymdu þeir Lamanítafangana, já, innan veggjar, sem þeir höfðu látið þá reisa eigin höndum. En Moróni neyddist til að láta Lamaníta vinna, því að auðvelt var að gæta þeirra, meðan þeir voru við vinnu, og hann vildi hafa allt lið sitt, þegar hann réðist á Lamaníta.

6 Og svo bar við, að Moróni hafði þannig unnið sigur á einum mesta her Lamaníta og náð yfirráðum í Múlekborg, sem var eitt af sterkustu virkjum Lamaníta í Nefílandi, og á þann hátt hafði hann einnig byggt sterkt vígi til að halda föngum sínum.

7 Og svo bar við, að hann reyndi ekki frekar að berjast við Lamaníta það árið, en hélt mönnum sínum önnum köfnum við stríðsundirbúning. Já, og við að gjöra víggirðingar til að verjast Lamanítum, já, og einnig við að bjarga eiginkonum sínum og börnum frá hungursneyð og þrengingum og sjá herjum sínum fyrir matvælum.

8 Og nú bar svo við, að í fjarveru Morónís og vegna óeiningar meðal Nefíta og deilna höfðu herir Lamaníta við vestursjóinn að sunnanverðu náð nokkru landi af Nefítum. Já, þeir höfðu náð yfirráðum í nokkrum borgum þeirra í þeim hluta landsins.

9 Og vegna misgjörða þeirra sjálfra, já, vegna sundurþykkju og óeiningar þeirra á meðal, voru þeir komnir í mjög hættulega stöðu.

10 En sjá nú. Ég vil ræða nokkuð um “fólk Ammons, sem voru Lamanítar í upphafi. En fyrir Ammon og bræður hans eða réttara sagt fyrir mátt og orð Guðs höfðu þeir ^bsnúist til trúar á Drottin, og þeir höfðu verið fluttir niður til Sarahemlalands og ávallt síðan notið verndar Nefíta.

11 Og vegna eiðs síns gátu þeir ekki tekið upp vopn gegn bræðrum sínum, því að þeir höfðu unnið þess eið að úthella “aldrei framar blóði. Og vegna eiðs síns hefðu þeir farist, já, þeir hefðu látið það viðgangast að falla í hendur bræðra sinna, hefðu þeir ekki notið samúðar og mikillar elsku Ammons og bræðra hans.

12 Og vegna þessa voru þeir fluttir niður til Sarahemlalands, og Nefítar höfðu ávallt “verndað þá.

13 En svo bar við, að þegar þeir sáu hættuna og þær miklu þrengingar og andstreymi, sem Nefítar báru þeirra vegna, fylltust þeir

4a Al 50:2–3.
10a Al 27:24–26.

b Al 23:8–13.
11a Al 24:17–19.

12a Al 27:23.

samúð og “vildu taka upp vopn, landi sínu til varnar.

14 En sjá. Þegar þeir ætluðu að grípa til stríðsvopna sinna, voru þeir yfirbugaðir af fortölum Helamans og bræðra hans, því að þeir voru að því komnir að “rjúfa ^beiðinn, sem þeir höfðu svarið.

15 En Helaman óttaðist, að með því að gjöra svo mundu þeir glata sálum sínum. Og þess vegna voru allir, sem gjört höfðu þennan sáttmála, neyddir til að horfa á bræður sína ganga gegnum þrengingar sínar við þær hættulegu aðstæður, sem ríktu á þeim tíma.

16 En sjá. Svo bar við, að þeir áttu marga syni, sem ekki höfðu gjört sáttmála um að grípa ekki til vopna til að verja sig gegn óvinum sínum. Þess vegna söfnuðust þeir saman á þessum tíma, allir sem vopni fengu valdið, og þeir kölluðu sig Nefíta.

17 Og þeir gjörðu sáttmála um að berjast fyrir lýðfrelsi Nefíta, já, að verja land sitt, þótt það kostaði líf þeirra. Já, þeir gjörðu jafnvel sáttmála um að láta “lýðfrelsi sitt aldrei af hendi, heldur berjast í öllum tilvikum til að vernda Nefíta og sjálfa sig frá ánauð.

18 Og sjá. Tvær þúsundir þessara ungu manna gjörðu þennan sáttmála og tóku upp stríðsvopn sín til að verja land sitt.

19 Og sjá nú. Vissulega höfðu þeir fram að þessu aldrei verið

Nefítum til trafala, en nú urðu þeir á þessari stundu þeim mikil stoð, því að þeir tóku stríðsvopn sín og vildu, að Helaman gjörðist foringj sinn.

20 Og allir voru þeir ungir menn og voru sérlega hugdjarfir og “kjarkmiklir, sterkir og athafnasamir. En sjá. Þetta var ekki allt — þetta voru menn, sem alltaf voru ^btrúir því, sem þeim var treyst fyrir.

21 Já, þeir voru menn sannleika og árvekni, því að þeim hafði verið kennt að halda boðorð Guðs og “ganga grandvarir frammi fyrir honum.

22 Og nú bar svo við, að Helaman hélt í fararbroddi hinna “tvö þúsund ungliða sinna, til stuðnings fólkinu á landamærum landsins í suðri við vestursjóinn.

23 Og þannig lauk tuttugasta og áttunda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

54. KAPÍTULI

Ammorón og Moróni í samningum um fangaskipti — Moróni krefst þess að Lamanítar dragi sig til baka og láti af morðárásum sínum — Ammorón krefst þess að Nefítar leggi niður vopn og verði þegnar Lamaníta. Um 63 f.Kr.

Og nú bar svo við í upphafi tuttugasta og níunda árs dóm-aranna, að “Ammorón sendi

13a Al 56:7.
14a 4 Mós 30:2.
b LR Eiður.
17a Al 56:47.

LR Lýðfrelsi.
20a LR Hugrekki,
hugrakkur.
b LR Ráðvendni.

21a LR Ganga, ganga með
Guði.
22a Al 56:3–5.
54 1a Al 52:3.

boð til Morónis og óskaði eftir fangaskiptum.

2 Og svo bar við, að Moróni gladdist ákaft við þá beiðni, því að hann æskti þess, að þau matvæli, sem föngunum voru úthlutuð, kæmu hans eigin fólki til góðs. Og hann óskaði einnig eftir sínu eigin fólki til að styrkja her sinn.

3 Nú höfðu Lamanítar tekið margar konur og börn, en hvorki konur né börn voru meðal allra fanga Morónis eða fanganna, sem Moróni hafði tekið. Þess vegna greip Moróni til herbragðs til að ná eins mörgum Nefítáföngum og mögulegt væri frá Lamanítum.

4 Hann skrifaði því bréf og sendi það með þjóni Ammoróns, þeim hinum sama, sem fært hafði Moróni sjálfum bréf. En þetta eru orðin, sem hann skrifaði til Ammoróns, en þar sagði:

5 Sjá, Ammorón. Ég hef skrifað nokkuð til þín um þetta stríð, sem þú hefur háð gegn þjóð minni, eða réttara sagt, sem "bróðir þinn hefur háð gegn henni og sem þú ert enn staðráðinn í að halda áfram eftir dauða hans.

6 Sjá, mig langar að segja þér dálítið um "réttvísi Guðs og sverð hans almáttugu reiði, sem yfir þér vofir, ef þú iðrast ekki og kallar heri þína aftur til þíns eigin lands, eða landsins, sem þú átt, sem er Nefíland.

7 Já, þetta vil ég segja þér, ef þú kynnrir að fara að orðum mínum.

Já, ég vil fræða þig um hið hræðilega "vítis, sem bíður slíkra ^bmorðingja sem þú og bræður þínir hafa verið, ef þið iðrist ekki og hættið við morðáform ykkar og snúið aftur með heri ykkar til ykkar eigin lands.

8 En þar eð þú hefur einu sinni afneitað þessum hlutum og hefur barist gegn fólki Drottins, get ég eins búist við, að þú gjörir það aftur.

9 Og sjá nú. Við erum viðbúinir að taka á móti ykkur. Já, ef þú lætur ekki af áformum þínum, sjá, þá munt þú kalla yfir þig heilaga reiði þess Guðs, sem þú hefur afneitað, já, þér til algjörar tortímingar.

10 En svo sannarlega sem Drottinn lifir, munu herir okkar ráðast á ykkur, ef þið dragið ykkur ekki til baka, og dauðinn mun fljótt sækja ykkur heim, því að við munum halda borgum okkar og löndum. Já, og við munum varðveita trúarbrögð okkar og málstað Guðs okkar.

11 En sjá. Ég býst við, að árangurslaust sé að ræða við þig um þetta, eða mér virðist þú vera "afsprengi vítis. Þess vegna vil ég ljúka bréfi mínu með því að segja þér, að ég mun ekki hafa skipti á föngum, nema með þeim skilmálum, að þið afhendið mann og eiginkonu hans og börn hans fyrir hvern fanga. Fari svo, að þú gjörir þetta, þá mun ég skipta.

12 Og sjá. Ef þú gjörir þetta ekki,

5a Al 48:1.

6a LR Réttvísi.

7a LR Helja.

b Al 47:18, 22–24.

LR Morð.

11a Jóh 8:42–44.

þá mun ég ráðast gegn þér með herjum mínum. Já, ég mun meira að segja vopna kvenfólk mitt og börn mín, og ég mun ráðast gegn þér, og ég mun fylgja þér eftir allt inn í þitt eigið land, sem er okkar fyrsta erfðaland. Já, og það verður blóð fyrir blóð og líf fyrir líf. Og ég mun berjast við ykkur, allt þar til ykkur hefur verið tortímt af yfirborði jarðar.

13 Sjá, ég er reiður, og það er þjóð mín einnig. Þú hefur reynt að myrða okkur, en við höfum einungis reynt að verja okkur. En sjá. Ef þú reynir frekar að tortíma okkur, þá munum við reyna að tortíma ykkur. Já, og við munum sækjast eftir okkar landi, okkar fyrsta erfðalandi.

14 Nú læt ég bréfi mínu lokið. Ég er Moróní, ég er foringi Nefítapjóðarinnar.

15 Nú bar svo við, að þegar Ammorón hafði fengið þetta bréf í hendur, reiddist hann. Og hann skrifaði svarbréf til Morónís, en þetta eru orðin, sem hann skrifaði og sagði:

16 Ég er Ammorón, konungur Lamaníta. Ég er bróðir Amalikkía, sem þið hafið "myrt. Sjá, ég mun hefna blóðs hans á ykkur. Já, og ég mun ráðast á ykkur með herjum mínum, því að ég óttast ekki hótanir ykkar.

17 Því að sjá. Feður ykkar gjörðu bræðrum sínum rangt, þar eð þeir rændu þá "rétti sínum til stjórnunar, sem tilheyrði þeim réttilega.

18 Og sjá nú. Ef þið viljið leggja niður vopn ykkar og beygja ykkur undir stjórn þeirra, sem réttinn hafa til að stjórna, þá mun ég láta menn mína leggja niður vopnin, og þeir munu ekki heyja stríð lengur.

19 Sjá, þú hefur haft í frammi margar hótanir gegn mér og þjóð minni. En sjá. Við hræðumst ekki hótanir þínar.

20 Engu að síður mun ég með glöðu geði samþykkja fangaskiptin samkvæmt beiðni þinni, svo að ég geti varðveitt matvæli mín fyrir hermenn mína. Og við munum heyja linnulaust stríð, sem annaðhvort leiðir til þess, að Nefítar verða beygðir undir vald okkar eða þeim útrýmtil eilíflega.

21 En hvað varðar þennan Guð, sem þú segir okkur hafa afneitað, sjá, við þekkjum ekki slíka veru, og það gjörir þú ekki heldur. En ef svo skyldi vera, að hann sé til, þá vitum við ekki nema hann hafi skapað okkur jafnt og ykkur.

22 Og ef svo er, að til sé djöfull og helvíti, sjá, mun hann þá ekki senda ykkur þangað til að dveljast með bróður mínum, sem þið hafið myrt og sem þið hafið gefið í skyn, að hafi farið á slíkan stað? En sjá. Þessir hlutir skipta ekki máli.

23 Ég er Ammorón, afkomandi "Sórams, sem feður ykkar þröngvuðu í lið með sér og burt frá Jerúsalem.

24 Og sjá nú. Ég er hugdjarfur

Lamaníti. Sjá, þetta stríð hefur verið háð til að hefna þess, sem þeim hefur verið gjört rangt, og varðveita og ná stjórnunarrétti þeirra. Og hér lýk ég bréfi mínu til Morónís.

55. KAPÍTULI

Moróni neitar fangaskiptum — Verðir Lamaníta eru lokkaðir með víni og Nefitafangarnir leystir úr haldi — Borgin Gíd tekin án blóðs-úthellinga. Um 63–62 f.Kr.

Nú bar svo við, að þegar Moróni hafði fengið þetta bréf, varð hann enn reiðari, vegna þess að hann vissi, að Ammorón var sér fullkomlega meðvitandi um „svik sín. Já, hann vissi, að Ammorón var vel kunnugt um, að það var ekki réttur málstaður, sem hafði komið honum til að heyja stríð gegn Nefíþjóðinni.

2 Og hann sagði: Sjá, ég vil ekki hafa fangaskipti við Ammorón, nema hann hætti við fyrirætlanir sínar, eins og ég sagði í bréfi mínu, því að ég vil ekki leyfa, að hann fái frekara vald en hann hefur.

3 Sjá, ég þekki staðinn, þar sem Lamanítar gæta þeirra, sem þeir hafa tekið til fanga. Og þar eð Ammorón vill ekki veita mér það, sem ég bið um í bréfi mínu, sjá, þá skal hann fá það, sem ég hef sagt. Já, ég mun sækjast eftir dauða þeirra, þar til þeir biðja um frið.

4 Og nú bar svo við, að þegar Moróni hafði mælt þessi orð, lét hann leita meðal manna sinna, ef

svo vildi til, að hann fyndi meðal þeirra mann, sem kominn væri af Laman.

5 Og svo bar við, að þeir fundu mann, sem bar nafnið Laman. Og hann var „einn af þjónum þess konungs, sem Amalíkkía myrti.

6 Nú lét Moróni Laman og lítinn hóp manna sinna fara til varðanna, sem gættu Nefítanna.

7 En Nefítanna var gætt í borginni Gíd. Þess vegna hafði Moróni tilnefnt Laman og lét nokkra menn fara með honum.

8 Og þegar kvöld var komið, fór Laman til varðanna, sem gættu Nefítanna. Og sjá. Þeir sáu hann koma, og þeir kölluðu til hans, en hann sagði við þá: Óttist ekki! Sjá, ég er Lamaníti. Sjá, við höfum komist undan Nefítum, og þeir eru sofandi. Og sjá. Við höfum tekið af víni þeirra og haft það með okkur.

9 Þegar Lamanítarnir heyrðu þessi orð, tóku þeir fagnandi á móti honum. Og þeir sögðu við hann: Gefðu okkur af víni ykkar, svo að við megum drekka. Við erum fegnir, að þið hafið tekið vín með ykkur, því að við erum þreyttir.

10 En Laman sagði við þá. Við skulum geyma vín okkar, þar til við göngum til orrustu gegn Nefítum. En þessi ummæli urðu einungis til þess, að þá langaði enn meir að drekka af víninu —

11 Þeir sögðu: Þar sem við erum þreyttir, skulum við taka af víninu, og brátt fáum við vínskammt

okkar, sem mun veita okkur styrk til að ráðast gegn Nefítum.

12 En Laman sagði við þá: Þið megðið gjöra eins og ykkur langar til.

13 Og svo bar við, að þeir neyttu ótæpilega af víninu og fannst það ljúffengt. Þess vegna drukku þeir enn meir, en það var sterkt enda verið gjört sterkt.

14 Og svo bar við, að þeir drukku og gjörðust reifir, og smátt og smátt urðu þeir allir ofurölvi.

15 En þegar Laman og menn hans sáu, að þeir voru allir ofurölvi og í djúpum svefni, sneru þeir aftur til Morónís og sögðu honum allt, sem gjörst hafði.

16 En þetta var samkvæmt áformi Morónís. Og Moróní hafði búið menn sína stríðsvopnum, og hann fór til Gídborgar á meðan Lamanítarnir voru í djúpum svefni og ofurölvi, og varpaði stríðsvopnum til fanganna, þannig að þeir vopnuðust allir —

17 Já, jafnvel til kvenna þeirra og allra barna, sem valdið gátu vopni — Moróní hafði vopnað alla þessa fanga. Og allt þetta fór fram í djúpri þögn.

18 En hefðu þeir vakið Lamanítana, sjá, þá voru þeir ofurölvi og Nefítarnir hefðu getað drepið þá.

19 En sjá. Það var ekki löngun Morónís. Hann hafði enga ánægju af morðum og “blóðsúthellingum, en hann hafði ánægju af að bjarga fólki sínu frá tortímingu. Og af þeirri ástæðu, og til að kalla ekki

yfir sig óréttlætið, vildi hann ekki ráðast á Lamanítana og tortíma þeim í ölaði þeirra.

20 En hann hafði náð því, sem hann vildi, því að hann hafði vopnað þá Nefítafanga, sem innan borgarmúranna voru, og veitt þeim mátt til að ná á sitt vald þeim svæðum, sem innan múranna voru.

21 Og síðan lét hann mennina, sem með honum voru, draga sig örlítið til baka og umkringja heri Lamaníta.

22 En sjá. Þetta gjörðist að næturlagi, svo að þegar Lamanítar vöknuðu um morguninn, sáu þeir, að þeir voru umkringdir af Nefítum utan veggja og að fangar þeirra innan veggja voru vopnaðir.

23 Og þannig sáu þeir, að þeir voru á valdi Nefíta, og við þær aðstæður töldu þeir ekki ráðlegt að berjast við þá. Þess vegna kröfðust yfirforingjar þeirra stríðsvopna þeirra, og þeir komu fram með þau og vörpuðu þeim að fótum Nefíta og báðu um miskunn.

24 En sjá. Þetta var einmitt það, sem Moróní vildi. Hann tók þá sem stríðsfanga og lagði borgina undir sig og lét leysa alla fanga úr haldi, sem voru Nefítar. Og þeir gengu í her Morónís og voru honum mikill styrkur.

25 Og svo bar við, að hann lét þá Lamaníta, sem hann hafði tekið til fanga, hefja “vinnu við að styrkja víggirðingarnar í kringum borgina Gíd.

26 Og svo bar við, að þegar hann hafði víggirt borgina Gíd að vild sinni, lét hann fara með fangana til borgarinnar Nægtarbrunns, og hann gætti einnig þeirrar borgar með afarmiklum liðsstyrk.

27 Og svo bar við, að þeir héldu öllum föngum, sem þeir höfðu tekið, og gættu þeirra þrátt fyrir alla klæki Lamaníta, og héldu einnig öllum landsvæðum og feng, sem þeir höfðu endurheimt.

28 Og svo bar við, að Nefítar tóku aftur að verða sigursælir og endurheimta rétt sinn og réttindi.

29 Mörgum sinnum reyndu Lamanítar að umkringja þá að næturþeli, en í þeim tilraunum voru margir þeirra teknir til fanga.

30 Oftlega reyndu þeir að gefa Nefítum vín sitt, svo að þeir gætu tortímt þeim með eitri eða drykkjuskap.

31 En sjá. Nefítar voru ekki seinir til að „minnast Drottins Guðs síns á þessum þrengingartímum. Lamanítar gátu ekki fest þá í snörum sínum. Já, þeir vildu ekki neyta af víni þeirra, nema þeir hefðu fyrst gefið það einhverjum Lamanítafanganna.

32 Og þannig gættu þeir þess, að engu eitri væri hægt að byrja meðal þeirra, því að ef vín þeirra ylli Lamanítum eitrun, mundi það einnig valda Nefítum eitrun. Þess vegna létu þeir reyna allt áfengi þeirra.

33 Og nú bar svo við, að knýjandi varð fyrir Moróni að undirbúa árás á Moríantonborg. Því að sjá. Lamanítar höfðu unnið að því að víggirða Moríantonborg, þar til hún var orðin mjög sterkt vígi.

34 Og þeir komu stöðugt með nýjan liðsstyrk inn í þá borg og einnig nýjar matarbirgðir.

35 Og þannig lauk tuttugasta og níunda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

56. KAPÍTULI

Helaman sendir Moróni bréf og skýrir þar frá stöðunni í stríðinu við Lamaníta — Antípús og Helaman vinna mikinn sigur á Lamanítum — Tvö þúsund synir og ungliðar Helamans berjast af undursamlegum krafti og enginn þeirra er drepinn. Vers 1 um 62 f.Kr., vers 2–19 um 66 f.Kr. og vers 20–21 um 65–64 f.Kr.

Og nú bar svo við í upphafi þriðtugasta stjórnarárs dómaranna, á öðrum degi fyrsta mánaðarins, að Moróni barst bréf frá Helaman með frásögn um gang mála hjá fólkinu í þeim landsfjórðungi.

2 Og þetta eru orðin, sem hann skrifaði og sagði: Hjartkæri bróðir minn, Moróni, jafnt í Drottni sem í andstreymi styrjaldar okkar. Sjá ástkæri bróðir. Ég hef nokkuð að segja þér um hernað okkar í þessum hluta landsins.

3 Sjá. „Tvö þúsund synir þeirra manna, sem Ammon kom með

frá Nefílandi — en þú veist, að þeir voru afkomendur Lamans, sem var elsti sonur föður okkar, Lehís —

4 En ég þarf ekki að minna þig á arfsagnir þeirra eða trúleysi, því að þú veist allt um þá hluti —

5 Þess vegna nægir mér að segja þér, að tvær þúsundir þessara ungu manna hafa gripið til stríðsvopna sinna og óskað þess, að ég yrði foringi þeirra, og við erum komnir til að verja land okkar.

6 En nú veist þú einnig um „sáttmálann, sem feður þeirra gjörðu, um að þeir mundu ekki grípa til stríðsvopna gegn bræðrum sínum til að úthella blóði.

7 En á tuttugasta og sjötta árinu, þegar þeir sáu þrengingar okkar og andstreymi þeirra vegna, voru þeir komnir á fremsta hlunn með að „rjúfa sáttmálann, sem þeir höfðu gjört, og taka upp stríðsvopn okkur til varnar.

8 En ég vildi ekki leyfa þeim að rjúfa þennan sáttmála, sem þeir höfðu gjört, þar eð ég taldi, að Guð mundi veita okkur styrk, þannig að við þyrftum ekki að þjást meira af þeirri ástæðu, að þeir héldu eiðinn, sem þeir höfðu unnið.

9 En sjá, hér er eitt, sem við getum glaðst mjög yfir. Því að sjá. Á tuttugasta og sjötta árinu gekk ég, Helaman, fyrir þessum tvö þúsund ungu mönnum til Júdeuborgar til að aðstoða Antípus, sem

þú hafðir skipað leiðtoga fólksins í þeim hluta landsins.

10 Og ég lét mína tvö þúsund syni (því að þeir eru verðir þess að kallast synir) ganga í lið með herjum Antípusar, og Antípus gladdist ákaft yfir þeim styrk. Því að sjá. Mjög hafði fækkað í her hans, vegna þess að herlið Lamaníta hafði drepnið mikinn fjölda af okkar mönnum, sem við hljótum að harma.

11 Engu að síður getum við leitað huggunar í því, að þeir dóu fyrir málstað lands síns og Guðs síns, já, og þeir eru „hamingjusamir.

12 En Lamanítar höfðu einnig tekið marga fanga, og allir eru þeir yfirforingjar, því að þeir hafa ekki þyrmt lífi neinna annarra. Og við gjörum ráð fyrir, að þeir séu nú í Nefílandi, ef þeir hafa ekki verið drepnir.

13 En þetta eru þær borgir, sem Lamanítar hafa náð á sitt vald með því að úthella blóði svo margra okkar hraustu manna:

14 Mantíland eða Mantíborg, Seesromborg, Kúmeníborg og Antíparaborg.

15 En þessar borgir höfðu þeir á sínu valdi, þegar ég kom til Júdeuborgar, og ég fann Antípus og menn hans erfiða af öllum mætti við að víggirða borgina.

16 Já, og þeir voru þjakaðir bæði á sálu og líkama, því að þeir höfðu barist hraustlega á daginn og unnið á nóttunni til að halda borgum sínum. Og

þannig höfðu þeir þolað alls kyns þrengingar.

17 En nú voru þeir ákveðnir í að sigra á þessum stað eða láta lífið ella. Þú getur því gjört þér í hugarlund, að þessi litli liðsauki, sem ég kom með, þessir synir mínir, gáfu þeim miklar vonir og glöddu þá mikið.

18 Og nú bar svo við, að þegar Lamanítar sáu, að her Antípúsar hafði bæst liðsauki, neyddust þeir samkvæmt skipun Ammoróns til að hætta við að ganga til orrustu gegn Júdeuborg eða okkur.

19 Og þannig nutum við náðar Drottins, því að hefðu þeir ráðist á okkur í veikleika okkar, hefðu þeir ef til vill tortímt okkar litla her. En þannig vorum við varðveittir.

20 Ammorón skipaði þeim að halda þeim borgum, sem þeir höfðu tekið. Og þannig lauk tuttugasta og sjötta árinu. Og í upphafi tuttugasta og sjöunda ársins höfðum við búið borg okkar og okkur sjálfa til varnar.

21 Á þessum tíma vildum við, að Lamanítar réðust á okkur, því að við vildum ekki ráðast á þá í virkjum þeirra.

22 Og svo bar við, að við héldum uppi njósnum allt í kring til að fylgjast með hreyfingum Lamaníta, svo að þeir gætu hvorki farið fram hjá okkur að nóttu né degi, til að ráðast á aðrar borgir okkar, sem voru í norðri.

23 Því að við vissum, að íbúar þessara borga voru ekki nógu sterkir til að taka á móti þeim.

Þess vegna vildum við, ef þeir færu fram hjá okkur, ráðast aftan að þeim á sama tíma og tekið væri á móti þeim að framan. Við gjörðum ráð fyrir að geta borið þá ofurliði. En sjá. Þessar vonir okkar brugðust.

24 Þeir þorðu ekki að fara fram hjá okkur með allan her sinn, né heldur með hluta hans, af ótta við, að þeir yrðu ekki nægilega sterkir og mundu falla.

25 Né þorðu þeir að halda niður gegn Sarahemlaborg, né heldur þorðu þeir að fara fyrir upptök Símons, yfir til Nefiaborgar.

26 Og þannig voru þeir staðráðnir í að halda þeim borgum, sem þeir höfðu tekið með herstyrk sínum.

27 Og nú bar svo við í öðrum mánuði þessa árs, að okkur voru færðar miklar vistir frá feðrum þessara tvö þúsund sona minna.

28 Og einnig voru okkur sendir tvö þúsund menn frá Sarahemlandi. Og þannig vorum við viðbúnir með tíu þúsund manns og vistir fyrir þá og einnig fyrir eigin konur þeirra og börn.

29 En Lamanítar, sem sáu herstyrk okkar aukast þannig daglega og vistir berast okkur, tóku að óttast og tóku að sækja fram, ef mögulegt væri að koma í veg fyrir, að okkur bærast liðsauki og vistir.

30 Þegar við sáum, að Lamanítar tóku þannig að ókyrrast, langaði okkur að beita þá herbrögðum. Þess vegna skipaði Antípús, að ég skyldi halda með mína litlu

syni í átt til nágrannaborgar, eins og við værum að fara með vistir til nágrannaborgarinnar.

31 Og við áttum að ganga nærri Antíparaborg, eins og við værum að fara til næstu borgar, við sjávarströndina.

32 Og svo bar við, að við lögðum af stað, eins og við værum að fara með vistir til þeirrar borgar.

33 Og svo bar við, að Antípus hélt af stað með hluta af her sínum, en skildi hinn hlutann eftir til að halda borginni. En hann lagði ekki upp fyrr en ég var lagður af stað með minn litla her og kominn nærri Antíparaborg.

34 Og í Antíparaborg var sterkasti her Lamaníta, já, sá fjölmennasti.

35 Og svo bar við, að þegar þeir höfðu fengið upplýsingar hjá njósnurum sínum, komu þeir út með heri sína og sóttu gegn okkur.

36 Og svo bar við, að við flúðum undan þeim til norðurs. Og þannig leiddum við burtu sterkasta her Lamanítanna —

37 Já, talsverðan spöl, og þeir sneru hvorki til hægri né vinstri, jafnvel þótt þeir sæju her Antípusar, sem elti þá af öllum mætti, heldur héldu á eftir okkur beint af augum. Að okkar mati var tilgangur þeirra sá að drepa okkur, áður en Antípus næði þeim, svo að menn okkar umkringdu þá ekki.

38 En þegar Antípus sá hættuna, sem við vorum í, hraðaði hann eftirför sinni. En sjá, þetta var að

næturlagi. Þess vegna náðu þeir okkur ekki, né heldur náði Antípus þeim. Við settum þess vegna upp búðir fyrir nóttina.

39 Og svo bar við, að fyrir dögun næsta morgun, sjá, þá tóku Lamanítar að veita okkur eftirför. En við vorum ekki nógu sterkir til að berjast við þá. Já, ég vildi ekki láta viðgangast, að litlu synir mínir féllu í hendur þeirra. Þess vegna héldum við göngunni áfram og stefndum út í óbyggðirnar.

40 En þeir þorðu hvorki að snúa til hægri né vinstri af ótta við að verða umkringdir, né heldur sneri ég til hægri eða vinstri af ótta við, að þeir næðu mér, og við gætum ekki staðist þeim snúning, heldur yrðum felldir, og þeir kæmust undan. Og þannig flúðum við allan daginn út í óbyggðirnar allt fram í myrkur.

41 Og svo bar við, að þegar birta tók af morgni, sáum við Lamanítana koma að okkur aftur, og við flúðum undan þeim.

42 En svo bar við, að þeir veittu okkur ekki lengi eftirför, áður en þeir létu staðar numið. Og þetta var að morgni þriðja dags sjöunda mánaðarins.

43 Og nú vissum við ekki, hvort Antípus hefði náð þeim, en ég sagði við menn mína. Sjá, við vitum ekki nema þeir hafi látið staðar numið í þeim tilgangi, að við réðumst gegn þeim, svo að þeir gætu veitt okkur í gildru sína —

44 Hvað segið þið því, synir

mínir? Viljið þið halda gegn þeim til orrustu?

45 Og nú segi ég þér, hjartkæri bróðir Moróní, að aldrei hef ég séð þvílíkt "hugrekki, nei, ekki meðal allra Nefíta.

46 Því að á sama hátt og ég hafði alltaf kallað þá syni mína (því að þeir voru allir mjög ungir) sögðu þeir við mig: Faðir, sjá, Guð er með okkur, og hann mun ekki leyfa, að við föllum. Sækjum því fram! Við mundum ekki drepa bræður okkar, ef þeir létu okkur í friði. Förum þess vegna, ella gætu þeir borið her Antípúsar ofurliði.

47 Nú höfðu þeir aldrei áður barist, en samt óttuðust þeir ekki dauðann, og þeim var "frelsi feðra sinna hugleiknara en eigið líf. Já, ^bmæður þeirra höfðu kennt þeim, að ef þeir efuðust ekki, mundi Guð varðveita þá.

48 Og þeir endurtóku fyrir mér orð mæðra sinna og sögðu: Við efum ekki, að mæður okkar vissu það.

49 Og svo bar við, að ég sneri aftur með mína tvö þúsund menn gegn þessum Lamanítum, sem höfðu veitt okkur eftirför. Og sjá nú. Herir Antípúsar höfðu náð þeim og hræðileg orrusta var hafin.

50 Við lá, að her Antípúsar, sem var þreyttur eftir svo langa göngu á svo skömmum tíma, félli í hendur Lamaníta. Og hefði ég ekki snúið við með mín tvö þúsund, hefðu þeir náð tilgangi sínum.

51 Því að Antípus hafði fallið fyrir sverði og margir af leiðtogum hans, vegna þess hve þreyttir þeir voru eftir svo hraða göngu — Þess vegna tóku menn Antípúsar, sem voru ráðvilltir vegna falls foringja síns, að láta undan síga fyrir Lamanítum.

52 Og svo bar við, að Lamanítum jókst kjarkur, og þeir tóku að veita þeim eftirför. Og þannig veittust Lamanítar að þeim af miklum krafti, þegar Helaman kom aftan að þeim með sín tvö þúsund og tók að fella þá ákaft, svo mjög, að allur her Lamaníta lét staðar numið og snerist gegn Helaman.

53 En þegar menn Antípúsar sáu, að Lamanítar höfðu snúið við, söfnuðu þeir mönnum sínum saman og réðust aftur aftan að þeim.

54 Og nú bar svo við, að við Nefítarnir, menn Antípúsar og ég með mín tvö þúsund, umkringdum Lamaníta og drápum þá. Já, þar til þeir neyddust til að láta af hendi stríðsvopn sín og gefa sjálfa sig fram sem stríðsfanga.

55 Og nú bar svo við, að þegar þeir höfðu gefist upp fyrir okkur, sjá, þá taldi ég hina ungu menn, sem barist höfðu með mér, þar eð ég óttaðist, að margir þeirra hefðu fallið.

56 En sjá. Mér til mikillar gleði hafði "ekki ein einasta sála af þeim fallið á foldu. Já, og þeir höfðu barist eins og með styrk Guðs. Já, aldrei var vitað til þess,

45a Al 53:20–21.
47a Al 53:16–18.

b Al 57:21.
LR Móðir.

56a Al 57:25; 58:39.

að menn hefðu barist af því líkum undrakrafti, og með slíku ofurafli réðust þeir á Lamaníta, að þeir hræddu þá. Og af þeirri ástæðu gáfust Lamanítar upp sem stríðsfangar.

57 Og þar eð við höfðum engan stað fyrir fanga okkar, þannig að við gætum gætt þeirra og haldið þeim frá herjum Lamaníta, sendum við þá til Sarahemlalands, og nokkrir manna Antípusar, sem ekki létu lífið, fóru með þeim. En þá, sem eftir voru, tók ég og sameinaði hinum ungu Ammonítum mínum. Og við héldum aftur til Júdeuborgar.

57. KAPÍTULI

Helaman segir frá töku Antípara og uppgjöf og síðar vörn Kúmenís — Ammoníta ungliðarnir hans berjast hreystilega; allir særast, en enginn lætur þar líf sitt — Gíd segir frá drápi og flótta Lamanítafanga. Um 63 f.Kr.

Og nú bar svo við, að mér barst bréf frá Ammorón konungi, en í því lýsir hann yfir, að láti ég af hendi stríðsfangana, sem við höfðum tekið, muni hann eftirláta okkur Antíparaborg.

2 En ég sendi bréf til konungs þess efnis, að við værum þess fullvissir, að liðsstyrkur okkar nægði til að taka borgina Antípara og því teldum við það óviturlegt að afhenda fangana fyrir þá borg og að við létum einungis af hendi fanga okkar í skiptum.

3 En Ammorón hafnaði erindi mínu, því að hann vildi ekki fangaskipti. Þess vegna tókum við að búa okkur undir árás á Antíparaborg.

4 En íbúar Antípara yfirgáfu borgina og flúðu til annarra borga, sem þeir áttu, til að víggirða þær. Og þannig féll Antíparaborg okkur í hendur.

5 Og þannig lauk tuttugasta og áttunda stjórnarári dómara.

6 Og svo bar við, að í upphafi tuttugasta og níunda ársins fengum við birgðir af vistum, og einnig bættist okkur liðsauki frá Sarahemlalandi og frá landinu í kring, allt að sex þúsund manns, auk sextíu sona Ammoníta, sem komið höfðu til að ganga í lið með bræðrum sínum, mínum smáa tvö þúsund manna flokki. Og sjá nú. Við vorum sterkir, já, og okkur var einnig færður mikill matarforði.

7 Og svo bar við, að ósk okkar var að heyja orrustu við herinn, sem settur var til að vernda borgina Kúmení.

8 Og sjá nú. Ég ætla að sýna þér, að ósk okkar rættist bráðlega. Já, með okkar mikla liðsstyrk, eða með hluta af okkar mikla liðsstyrk, umkringdum við að næturlagi borgina Kúmení, skömmu áður en þeir áttu von á birgðum af vistum.

9 Og svo bar við, að við höfðumst við í búðum umhverfis borgina í margar nætur. En við sváfum með sverð okkur við hlið og héldum vörð, svo að Lamanítar

gætu ekki ráðist að okkur að næturlagi og drepið okkur, en það reyndu þeir mörgum sinnum. En alltaf þegar þeir reyndu það, var blóði þeirra úthellt.

10 Loks bárust vistir þeirra, og þeir voru á leið inn í borgina að næturlagi. En við vorum Nefítar en ekki Lamanítar. Þess vegna tókum við þá og birgðir þeirra.

11 Og þrátt fyrir það, að Lamanítar væru þannig skornir frá vistum sínum, voru þeir enn staðráðnir í að halda borginni. Þess vegna kom okkur best að taka þessar vistir og senda þær til Júdeu og fanga okkar til Sarahemlалands.

12 Og svo bar við, að innan fárra daga tóku Lamanítar að missa alla von um hjálp. Þess vegna létu þeir borgina af hendi við okkur, og þannig náðum við takmarki okkar að taka borgina Kúmení.

13 En svo bar við, að fangar okkar voru svo fjölmennir, að þrátt fyrir gífurlegan fjölda okkar, urðum við að nota allt okkar lið til að gæta þeirra eða þá að taka þá af lífi.

14 Því að sjá. Þeir brutust út í stórum hópum og börðust með steinum og kylfum, eða með hverju því, sem þeir gátu hönd á fest, þannig að við drápum nærri tvær þúsundir þeirra, eftir að þeir höfðu gefist upp sem stríðsfangar.

15 Þess vegna varð ekki hjá því komist að binda enda á líf þeirra eða gæta þeirra með sverð í hendi á leiðinni niður til Sarahemlалands. Auk þess rétt nægðu vistir okkar fyrir okkar eigið fólk, þrátt

fyrir það sem við höfðum tekið frá Lamanítum.

16 Og við þessar hættulegu aðstæður varð það nú mjög alvarlegt mál að taka ákvörðun varðandi þessa stríðsfanga. Engu að síður ákváðum við að senda þá til Sarahemlалands, og völdum þess vegna hluta af mönnum okkar og fólum þeim ábyrgð á að flytja fanga okkar til Sarahemlалands.

17 En svo bar við, að næsta dag komu þeir aftur. Og sjá. Við spurðum þá ekki um fangana. Því að sjá. Lamanítar voru að ráðast á okkur, en sendimennirnir komu aftur í tæka tíð til að bjarga okkur frá því að falla þeim í hendur. Því að sjá. Ammorón, hafði sent þeim til stuðnings nýjar birgðir af vistum og einnig fjölmennan her manna.

18 Og svo bar við, að þessir menn, sem við sendum með fangana, komu í tæka tíð til að stöðva þá, þegar þeir voru að því komnir að bera okkur ofurliði.

19 En sjá. Minn litli tvö þúsund og sextíu manna flokkur barðist ákafast allra. Já, þeir stóðu staðfastir frammi fyrir Lamanítum og veittu bana öllum þeim, sem lögðust gegn þeim.

20 Og þegar aðrir í her okkar voru um það bil að gefast upp fyrir Lamanítum, sjá, þá voru þessir tvö þúsund og sextíu staðfastir og óbugaðir.

21 Já, og þeir hlýddu hverri skipun og gættu þess að framkvæma hana af nákvæmni. Já, og þeim varð að trú sinni, og ég

minntist orðanna, sem þeir sögðu mér, að “mæður þeirra hefðu kennt þeim.

22 Og sjá nú. Það var þessum sonum mínum og þeim mönnum, sem valdir höfðu verið til að fara með fangana, sem við eigum þennan mikla sigur að þakka. Því að það voru þeir, sem sigruðu Lamaníta og þess vegna voru þeir hraktir aftur til borgarinnar Mantí.

23 En við höldum borg okkar, Kúmení, og okkur var ekki öllum tortímt með sverði. Engu að síður höfðum við orðið fyrir miklu tjóni.

24 Og svo bar við, að eftir að Lamanítar höfðu lagt á flóttu, gaf ég umsvifalaust fyrirskipun um, að menn mínir, sem særðir höfðu verið, skyldu aðskildir frá hinum dauðu og búið yrði um sár þeirra.

25 Og svo bar við, að um tvö hundruð af mínum tvö þúsund og sextíu höfðu fallið í ómegin vegna blóðmissis, en samt sem áður og í samræmi við gæsku Guðs og okkur til mikillar undrunar, og einnig öllum her okkar til mikillar gleði, fórst “ekki ein einasta sál þeirra. Já, og það var heldur ekki ein einasta sála meðal þeirra, að ekki væri særð mörgum sárum.

26 En að þeir skyldu varðveittir varð öllum her okkar undrunarefni, já, að þeim skyldi hlíft, meðan þúsundir bræðra okkar voru drepnar. Og við þökkum

það réttilega undraverðum ^akrafti Guðs, vegna hinnar miklu ^btrúar þeirra á það, sem þeim hafði verið kennt að trúa — að til væri réttvís Guð og að undursamlegur kraftur hans mundi varðveita hvern þann, sem efaðist ekki.

27 En þetta var trú þeirra, sem ég hef talað um. Þeir eru ungir og hugir þeirra eru staðfastir, og þeir leggja traust sitt stöðugt á Guð.

28 Og nú bar svo við, að eftir að við höfðum þannig annast okkar særðu og grafið okkar dauðu og einnig hina dauðu meðal Lamaníta, sem voru margir, sjá, þá spurðum við Gíd um fangana, sem þeir höfðu lagt af stað með niður til Sarahemlalands.

29 En Gíd var yfirforingi þess flokks, sem skipaður hafði verið til að gæta þeirra á leið til landsins.

30 Og þetta eru orðin, sem Gíd mælti við mig: Sjá, við lögðum af stað niður til Sarahemlalands með fanga okkar. Og svo bar við, að við mættum njósnurum herja okkar, sem sendir höfðu verið út til að fylgjast með herbúðum Lamaníta.

31 Og þeir hrópuðu til okkar og sögðu: Sjá, herir Lamaníta eru á leið til Kúmeníborgar. Og sjá. Þeir munu ráðast á þá, já, og tortíma fólki okkar.

32 Og svo bar við, að þegar fangar okkar heyrðu hróp þeirra, en þau hleyptu í þá kjarki, gjörðu þeir uppreisn gegn okkur.

33 Og svo bar við, að vegna

21a Al 56:47–48.
25a Al 56:56.

26a LR Kraftur.
b LR Átrúnaður.

uppreisnar þeirra gripum við til sverða okkar gegn þeim. Og svo bar við, að þeir hlupu allir sem einn á sverð okkar, og varð það flestum þeirra að bana, en þeir, sem eftir voru, brutust í gegn og flúðu frá okkur.

34 Og sjá. Þegar þeir voru flúnir og við gátum ekki náð þeim, héldum við í skyndi í átt til Kúmeníborgar. Og sjá, við komum í tæka tíð til að aðstoða bræður okkar við að verja borgina.

35 Og sjá. Enn hefur okkur verið bjargað úr höndum óvinanna. Og blessað er nafn Guðs okkar. Því að sjá. Hann hefur bjargað okkur. Já, hann hefur unnið þetta mikla afrek fyrir okkur.

36 Nú bar svo við, að þegar ég, Helaman, hafði heyrt þessi orð Gíds, fylltist ég heitri gleði yfir gæsku Guðs við að vernda okkur, þannig að við færumst ekki allir. Já, og ég treysti því, að sálir þeirra, sem drepnir hafa verið, hafi ^agengið inn til hvíldar Guðs síns.

58. KAPÍTULI

Helaman, Gíd og Teomner taka borgina Mantí með brögðum — Lamanítar hörfa til baka — Synir Ammoníta varðveittir er þeir verja staðfastlega lýðfrelsi sitt og trú. Um 63–62 f.Kr.

Og sjá. Nú bar svo við, að næsta takmark okkar var að ná borginni Mantí. En sjá. Engin leið var fyrir okkur að leiða þá út úr borginni með smáflokkum okkar. Því að

sjá. Þeir voru minnugir þess, sem við höfðum gjört fram að þessu. Þess vegna gátum við ekki ^aginnt þá út úr virkjum þeirra.

2 Og þeir voru svo miklu fjölmennari en her okkar, að við þorðum ekki að ráðast á þá í virkjum sínum.

3 Já, og okkur varð ráðlegast að nota menn okkar til að varðveita þá hluta landsins, sem við höfðum endurheimt. Þess vegna kom okkur best að bíða, þar til við fengjum liðsauka frá Sarahemlandi, ásamt nýjum birgðum af vistum.

4 Og svo bar við, að ég sendi sendiboða til landstjórans til að kynna honum málefni fólks okkar. Og svo bar við, að við biðum eftir vistum og liðsauka frá Sarahemlandi.

5 En sjá. Þetta gagnaði okkur lítið, því að Lamanítar fengu mikinn liðsauka dag eftir dag og einnig miklar vistir. Og þannig var staða okkar á þessum tíma.

6 En Lamanítar sóttu fram gegn okkur öðru hverju, ákveðnir í að tortíma okkur með herbrögðum. Engu að síður gátum við ekki lagt til orrustu gegn þeim vegna virkja þeirra og víggirðinga.

7 Og svo bar við, að við biðum við þessar erfiðu aðstæður mánuðum saman, þar til að við lá, að við færumst af matarskorti.

8 En svo bar við, að við fengum mat, sem barst okkur með tvö þúsund manna her, sem sendur var okkur til aðstoðar. Og þetta er

öll sú aðstoð, sem við fengum til að verja okkur og land okkar frá því að falla í hendur óvina okkar, já, til að berjast við óteljandi fjölda óvina.

9 En ástæðuna fyrir þessum vandræðum okkar, eða ástæðuna fyrir því, að þeir sendu ekki meiri liðsauka, vissum við ekki. Þess vegna vorum við hryggir og einnig fullir ótta um, að dómur Guðs kæmi á einhvern hátt yfir land okkar, okkur til falls og algjörRAR tortímingar.

10 Þess vegna opnuðum við sálir okkar í bæn til Guðs, að hann styrkti okkur og bjargaði úr höndum óvina okkar, já, og gæfi okkur einnig styrk til að halda borgum okkar og löndum og eignum til framdráttar fólki okkar.

11 Já, og svo bar við, að Drottinn Guð okkar vitjaði okkar með fullvissu um, að hann mundi varðveita okkur. Já, og orð hans veittu okkur sálarfrið og mikla trú og von um, að við mundum bjargast í honum.

12 Og okkur jókst kjarkur fyrir hið litla lið, sem við höfðum fengið, og vorum staðráðnir í að sigra óvini okkar og “varðveita lönd okkar og eigur og eiginkonur okkar og börn og ^blýðfrelsi okkar.

13 Og þannig lögðum við upp með allt okkar lið gegn Lamanítum, sem voru í borginni Mantí. Og við tjölduðum óbyggðamegin, nærri borginni.

14 Og svo bar við, að daginn

eftir, þegar Lamanítar sáu að við vorum við óbyggðirnar í grennd við borgina, sendu þeir njósnara allt umhverfis til að komast að fjölda og styrk hers okkar.

15 Og svo bar við, að þegar þeir sáu, að við vorum ekki sterkir að mannfjölda — og þar eð þeir óttuðust, að við mundum skera á aðflutningsleiðir þeirra nema þeir kæmu út og berðust gegn okkur og dræpu okkur, og þar eð þeir gjörðu einnig ráð fyrir, að þeir gætu auðveldlega tortímt okkur með sínum mannmörgu herjum — þá bjuggu þeir sig undir að koma út til orrustu við okkur.

16 Og þegar við sáum, að þeir voru að búa sig undir að koma út og berjast við okkur, sjá, þá lét ég Gíd ásamt litlum hóp manna fela sig í óbyggðunum og einnig Teomner og lítinn hóp manna.

17 En Gíd og hans menn voru til hægri, en hinir til vinstri. Og þegar þeir höfðu falið sig, sjá, þá varð ég eftir, ásamt öðrum í her mínum á sama stað og við höfðum fyrst slegið upp tjöldum, og beið eftir því, að Lamanítar kæmu fram til orrustu.

18 Og svo bar við, að Lamanítar komu út með sinn fjölmenna her gegn okkur. Og þegar þeir voru komnir og voru um það bil að ráðast á okkur með vopnavaldi, lét ég menn mína, sem með mér voru, draga sig til baka út í óbyggðirnar.

19 Og svo bar við, að Lamanítar

héldu á eftir okkur með miklum hraða, því að þeim var mikið áhugamál að ná okkur og drepa okkur. Þeir veittu okkur þess vegna eftirför út í óbyggðirnar. En við komumst fram hjá Gíd og Teomner, mitt á milli þeirra, án þess að Lamanítar uppgötvuðu þá.

20 Og svo bar við, að þegar Lamanítar voru komnir fram hjá, eða þegar herinn var farinn hjá, komu Gíd og Teomner fram úr fylgsnum sínum og einangruðu njósnara Lamaníta, svo að þeir héldu ekki aftur til borgarinnar.

21 Og svo bar við: Þegar þeir höfðu skorið þá frá, hlupu þeir til borgarinnar og réðust á verðina, sem skildir höfðu verið eftir til að gæta borgarinnar, og þeir tortímdu þeim og hertóku borgina.

22 En þetta gjörðist vegna þess, að Lamanítar létu allan her sinn, að undanskildum fáeinum varðmönnum, fara út í óbyggðirnar.

23 Og svo bar við, að Gíd og Teomner höfðu þannig náð virkjum þeirra á sitt vald. Og svo bar við, að við tókum stefnu í átt að Sarahemlalandi eftir að hafa farið víða um óbyggðirnar.

24 Og þegar Lamanítar sáu, að þeir voru á leið til Sarahemlalands, óttuðust þeir mjög, að ætlunin væri að leiða þá til tortímingar. Þess vegna drógu þeir sig í hlé og héldu aftur út í óbyggðirnar, já, aftur sömu leið og þeir komu.

25 Og sjá. Komin var nótt, og

þeir reistu tjöld sín, því að yfirforingjar Lamaníta gjörðu ráð fyrir, að Nefítar væru þreyttir af gönguunni. Og þar eð þeir töldu sig hafa rekið allan her þeirra, leiddu þeir ekki hugann að borginni Mantí.

26 Nú bar svo við, að þegar náttá tók lét ég menn mína ekki fara að sofa, heldur halda áfram, eftir annarri leið, í átt að Mantílandi.

27 Og vegna þessarar göngu okkar að næturlagi, sjá, þá vorum við næsta dag komnir fram fyrir Lamanítana, þannig að við komum á undan þeim til Mantíborgar.

28 Og þannig bar svo við, að með þessu herbragði náðum við Mantíborg án blóðsúthellinga.

29 Og svo bar við, að þegar herir Lamaníta komu að borginni og sáu, að við vorum viðbúnir því að taka á móti þeim, urðu þeir ákaflega undrandi og svo skelfingu lostnir, að þeir flúðu út í óbyggðirnar.

30 Já, og svo bar við, að herir Lamaníta flúðu úr öllum þessum landshluta. En sjá. Þeir fluttu með sér margar konur og börn út úr landinu.

31 En „þær borgir, sem Lamanítar höfðu tekið, eru allar á þessari stundu á okkar valdi, og feður okkar og eiginkonur okkar og börn eru að snúa heim, öll utan þeirra, sem Lamanítar hafa tekið til fanga og flutt burt.

32 En sjá. Herir okkar eru smáir til að verja svo margar borgir og svo miklar eignir.

33 En sjá. Við treystum Guði okkar, sem hefur veitt okkur sigur yfir þessum löndum, svo mikinn sigur, að við höfum endurheimt þessar borgir og landareignir, sem voru okkar eigin eign.

34 En við vitum ekki, hvers vegna stjórnin veitir okkur ekki aukinn styrk. Né heldur vita þeir menn, sem komu upp til okkar, hvers vegna við höfum ekki fengið aukinn styrk.

35 Sjá. Við vitum ekki nema þér hafi vegnað illa og þú hafir kallað herstyrkinn inn í annan landshluta. Ef svo er, þá mögulum við ekki.

36 En ef svo er ekki, sjá, þá óttumst við, að einhver "flokka-dráttur sé í stjórninni, svo að þeir sendi ekki fleiri menn okkur til aðstoðar, því að við vitum, að fleiri eru til en þeir, sem sendir hafa verið.

37 En sjá. Þetta skiptir ekki máli — við treystum, að Guð "bjargi okkur, þrátt fyrir veikleika herja okkar, já, bjargi okkur úr höndum óvina okkar.

38 Sjá, þetta er á síðari hluta tuttugasta og níunda ársins, og við höfum lönd okkar á okkar valdi, og Lamanítar eru flúnir til Nefílands.

39 Og þeir synir Ammoníta, sem ég hef farið svo lofsamlegum orðum um, eru með mér í Mantíborg. Og Drottinn hefur stutt þá, já, og verndað þá frá að falla fyrir

sverði, já, jafnvel svo, að ekki "ein einasta sál hefur verið drepin.

40 En sjá. Þeir hafa hlotið mörg sár. Engu að síður eru þeir staðfastir í því "lýðfrelsi, sem með Guðs hjálp hefur gjört þá frjálssa. Og þeir gæta þess stranglega að minnast Drottins Guðs síns dag frá degi. Já, þeir gæta þess að halda stöðugt reglur hans og ákvæði og boð hans, og trú þeirra er sterk á spádómana um það, sem koma mun.

41 Og nú, ástkæri bróðir Moróní. Megi Drottinn Guð okkar, sem hefur endurleyst okkur og gjört okkur frjálssa, halda þér ætíð í návist sinni. Já, megi hann vera þessari þjóð náðugur, já, svo að þér takist að endurheimta allt, sem Lamanítar hafa frá okkur tekið og sem var okkur til viðurværis. Og sjá. Nú læt ég bréfi mínu lokið. Ég er Helaman, sonur Alma.

59. KAPÍTULI

Moróní biður Pahóran um að styrkja herlið Helamans — Lamanítar ná borginni Nefía — Moróní er yfirvöldum reiður. Um 62 f.Kr.

Nú bar svo við á þrítugasta stjórnarári dómaraanna yfir Nefíþjóðinni, þegar Moróní hafði fengið og lesið "bréf Helamans, að þá gladdist hann mjög yfir velfarnaði Helamans, já, hinni miklu velgengni hans við að ná þeim landsvæðum, sem þeir höfðu misst.

36a Al 61:1–5.
37a 2 Kon 17:38–39.

39a Al 56:56.
40a LR Lýðfrelsi.

59 1a Al 56:1.

2 Já, og hann kunngjörði það öllum í þeim landshluta, þar sem hann var, svo að þeir gætu einnig glaðst.

3 Og svo bar við, að hann sendi “Pahóran strax ^bbréf, þar sem hann óskaði þess, að hann léti safna mönnum til að styrkja lið Helamans eða heri Helamans, svo að hann gæti auðveldlega haldið þeim hluta landsins, sem hann hafði á svo undursamlegan hátt náð aftur.

4 Og svo bar við, að þegar Moróní hafði sent þetta bréf til Sarahemlalands, tók hann enn á ný að leggja á ráðin, hvernig hann fengi náð því aftur, sem eftir var af þeim svæðum og borgum, sem Lamanítar höfðu tekið frá þeim.

5 Og svo bar við, að á meðan Moróní var þannig að undirbúa árás á Lamaníta, sjá, þá réðust þeir á fólkið í Nefía, sem hafði safnast saman úr Moróniborg, Lehiborg og Moríantonborg.

6 Já, jafnvel þeir, sem höfðu neyðst til að flýja frá Mantílandi og frá nærliggjandi landi, voru komnir á vettvang og höfðu gengið í lið með Lamanítum í þessum hluta landsins.

7 Og þar eð þeir voru mjög fjölmennir, já, og þeim bættist daglega liðsstyrkur, réðust þeir að skipun Ammoróns gegn fólkinu í Nefía, og þeir tóku að fella það í feiknarlegu mannfalli.

8 Og herir þeirra voru svo fjölmennir, að þeir, sem eftir voru af

íbúum Nefía, neyddust til að flýja undan þeim. Og þeir komu jafnvel og slógust í lið með her Morónís.

9 Og þar eð Moróní hafði gjört ráð fyrir, að menn yrðu sendir til Nefíaborgar til að aðstoða fólkið við að halda borginni og þar eð hann vissi, að auðveldara var að verja borgina því að falla í hendur Lamanítum en ná henni af þeim aftur, gjörði hann ráð fyrir, að þeir mundu auðveldlega halda henni.

10 Þess vegna hélt hann eftir öllu liði sínu til að halda þeim stöðum, er þeir höfðu endurheimt.

11 Og þegar Moróní sá nú, að Nefíaborg var töpuð, varð hann afar hryggur, og hann tók að velta fyrir sér, hvort þeir mundu ekki falla í hendur bræðra sinna vegna ranglætis fólksins.

12 En sama gilti um alla yfirforingja hans. Á þá sótti efi, og einnig furðuðu þeir sig á ranglæti fólksins, en þessu olli velgengni Lamaníta í viðureign við þá.

13 Og svo bar við, að Moróní var reiður stjórninni vegna “áhuga-leysis hennar um frelsi landsins.

60. KAPÍTULI

Moróní kvartar við Pahóran um að yfiroöld vanræki herina — Drottinn leyfir að hinir réttlátu séu drepnir — Nefítar verða að nota alla orku sína og eigur til að losna undan óvinum sínum — Moróní hótar að berjast við yfiroöld ef hjálp berist ekki herjum hans. Um 62 f.Kr.

OG svo bar við, að hann skrifaði aftur til landstjórans, sem var Pahóran, en þetta eru orðin, sem hann skrifaði og sagði: Sjá. Ég beini orðum mínum til Pahórans í Sarahemlaborg, sem er “yfir-dómari og landstjóri landsins, og einnig til allra þeirra, sem þessi þjóð hefur valið til að stjórna og sjá um málefni þessarar styrjaldar.

2 Því að sjá. Ég hef nokkuð að segja þeim til sakfellingar. Því að sjá. Þið vitið sjálfir, að þið hafið verið skipaðir til að safna saman mönnum og vopna þá með sverðum og sveðjum og alls konar tegundum stríðsvopna og senda gegn Lamanítum, hvar svo sem þeir kynnu að ráðast inn í land okkar.

3 Og sjá nú. Ég segi ykkur, að ég sjálfur, einnig menn mínir svo og Helaman og hans menn, höfum þolað mjög miklar þjáningar, já, jafnvel hungur, þorsta og þreytu og alls kyns þrengingar.

4 En sjá. Væri þetta allt og sumt, sem við höfum mátt þola, mundum við hvorki mögla né kvarta.

5 En sjá. Manndrápið meðal þjóðar okkar hefur verið mikið. Já, þúsundir hafa fallið fyrir sverði, sem hefði mátt koma í veg fyrir, ef þið hefðuð léð herjum okkar nægan styrk og næga liðveislu. Já, mikil hefur vanræksla ykkar gagnvart okkur verið.

6 Og sjá nú. Við æskjum að vita ástæðuna fyrir þessari miklu

vanrækslu. Já, við æskjum að vita, hvers vegna þið eruð svo hugsunarlausir.

7 Hvernig getið þið hugsað ykkur að sitja hugsunarlausir og sljóir í hásætum ykkar, meðan dauðinn herjar allt í kringum ykkur af völdum óvinanna? Já, meðan þeir myrða þúsundir bræðra ykkar —

8 Já, einmitt þá, sem leitað hafa til ykkar um vernd og hafa sett ykkur í þá stöðu að geta liðsinnt sér, já, geta sent sér heri til að styrkja sig og bjarga þúsundum þeirra frá því að falla fyrir sverði.

9 En sjá. Þetta er ekki allt — þið hafið haldið vistum ykkar fyrir þeim, jafnvel þótt margir hafi barist og þeim hafi blætt til dauða, vegna þess hve ákaflega annt þeim var um velferð þessarar þjóðar. Já, og þetta hafa þeir gjört, á sama tíma og þeir voru um það bil að “farast úr hungri vegna hinnar miklu vanrækslu ykkar gagnvart þeim.

10 Og nú, ástkæru bræður mínir — því að þið ættuð að vera ástkærir. Já, og þið hefðuð átt að vinna af meiri elju að velferð og frelsi þessarar þjóðar. En sjá. Þið hafið vanrækt hana svo mikið, að blóð þúsunda mun koma yfir höfuð ykkar og kalla á hefnd. Já, því að Guði voru kunn öll hróp þeirra og allar þjáningar þeirra —

11 Sjá. Hvernig gátuð þið búist við að geta setið í hásætum ykkar og að Guð mundi með

takmarkalausri gæsku sinni varðveita ykkur, þó að þið gerðuð ekki neitt? Sjá, hafi það verið trú ykkar, þá er sú trú til einskis.

12 “Ímyndið þið ykkur, að svo margir bræðra ykkar hafi verið drepnir, vegna þess hve ranglátir þeir hafi verið? Ég segi ykkur, hafi það verið trú ykkar, þá er sú trú til einskis. Því að ég segi ykkur: Margir hafa fallið fyrir sverði, en sjá, það er ykkur til fordæmingar —

13 Því að Drottinn leyfir, að hinir réttlátu séu drepnir, til þess að réttvísi hans og dómur megi koma yfir hina ranglátu. Þess vegna þurfið þið ekki að ætla, að hinir réttlátu séu glataðir, vegna þess að þeir hafa verið drepnir, heldur sjá, þeir ganga inn til hvíldar Drottins Guðs síns.

14 Og sjá nú. Ég segi ykkur, ég óttast mjög, að dómur Drottins komi yfir þessa þjóð vegna mikillar hyskni hennar, já, vegna hirðuleysis stjórnar okkar og stórkostlegrar vanrækslu gagnvart bræðrum sínum, já, gagnvart þeim, sem drepnir hafa verið.

15 Því að væri það ekki vegna þess “ranglætis, sem hófst fyrst meðal hinna æðstu okkar, hefðum við getað staðist óvini okkar, og þeir hefðu ekki getað náð valdi yfir okkur.

16 Já, hefði það ekki verið vegna “stríðsins, sem braust út meðal okkar sjálfra. Já, hefði það ekki verið vegna ^bkonungssinna, sem

ollu svo mikilli blóðsúthellingu meðal okkar sjálfra. Já, ef við hefðum sameinað krafta okkar — eins og við gerðum fram að því — í stað þess að berjast innbyrðis. Já, hefði þessi þrá konungssinna eftir valdi og yfirráðum yfir okkur ekki skotið rótum. Hefðu þeir aðeins verið trúir málstað frelsis okkar og sameinast okkur og haldið gegn óvinunum í stað þess að taka upp sverð sín gegn okkur, sem varð orsök mikilla blóðsúthellinga meðal okkar sjálfra. Já, ef við hefðum haldið gegn þeim í styrk Drottins, hefðum við stökkt óvinum okkar á dreif, því að svo hefði verið gjört, í samræmi við uppfyllingu orða hans.

17 En sjá. Nú ráðast Lamanítar á okkur og leggja undir sig lönd okkar, já, og þeir myrða fólk okkar með sverði, já, konur okkar og börn og flytja þau einnig á brott sem fanga og láta þau þola alls konar þrengingar, og það vegna hins mikla ranglætis þeirra, sem sækjast eftir völdum og yfirráðum, já, einmitt þessara konungssinna.

18 En hvers vegna skyldi ég eyða svo mörgum orðum í þetta mál? Því að við vitum ekki nema þið sjálfir sækist eftir völdum. Við vitum ekki nema þið kunnið einnig að vera svikarar við land ykkar.

19 Eða er það vegna þess, að þið eruð í hjarta lands okkar og umkringdir öryggi, að þið vanrækið

12a Lúk 13:1–5.
13a Al 14:10–11;

K&S 42:46–47.
15a Al 51:9, 13.

16a Al 51:16–19.
b Al 51:5, 8.

okkur og sendið okkur hvorki vistir né menn til að styrkja heri okkar?

20 Hafið þið gleymt boðorðum Drottins Guðs ykkar? Já, hafið þið gleymt ánaud feðra okkar? Hafið þið gleymt hversu oft okkur hefur verið bjargað úr höndum óvina okkar?

21 Eða gjörið þið ráð fyrir, að Drottinn varðveiti okkur, meðan við sitjum í hásetum okkar og notum ekki það, sem Drottinn hefur séð okkur fyrir?

22 Já, ætlið þið að sitja í aðgjörðarleysi, umkringdir þúsundum þeirra, já, tugum þúsunda þeirra, sem einnig sitja í aðgjörðarleysi, meðan aðrar þúsundir, allt í kring á landamærum landsins, falla fyrir sverði, já, særðir og blæðandi?

23 Gjörið þið ráð fyrir, að Guð muni líta á ykkur sem saklausa, meðan þið sitjið kyrrir og horfið á þessa hluti? Sjá, ég segi ykkur, nei. Nú vil ég, að þið minnist þess, að Guð hefur sagt, að fyrst verði að hreinsa keridið að “innan og síðan einnig að hreinsa keridið að utan.

24 Og því aðeins að þið iðrist þess, sem þið hafið gjört, og rísið á fætur og takið til höndum og sendið okkur mat og menn, og einnig Helaman, svo að hann geti haldið þeim landshlutum okkar, sem hann hefur unnið aftur, og svo að við getum einnig endurheimt önnur landsvæði okkar í þessum landshlutum, sjá, þá

verður við hæfi, að við berjumst ekki aftur við Lamaníta, fyrr en við höfum hreinsað okkar eigið ker að innan, já, jafnvel hið mikla höfuð stjórnar okkar.

25 Og ef þið verðið ekki við bréfi mínu og komið fram og sýnið mér hinn sanna “frelsisanda og leitist við að styrkja og treysta heri okkar og veitið þeim fæði sér til viðurværis, sjá, þá mun ég skilja eftir hluta af mínum frjálsum mönnum til að varðveita þennan landshluta okkar, og styrk og blessanir Guðs mun ég skilja eftir hjá þeim, svo að ekkert annað afl fái unnið gegn þeim —

26 Og það vegna hinnar sterku trúar þeirra og þolgæðis í andstreymi sínu —

27 Og ég mun koma til ykkar, og ef einhver meðal ykkar þráir frelsið, já, þó ekki sé nema frelsisneisti eftir, sjá, þá mun ég stofna til andspyrnu gegn ykkur, þar til þeim, sem þrá að hrifsa til sín völd og yfirráð, verður útrýmt.

28 Já, sjá. Ég óttast hvorki vald ykkar né yfirráð, en “Guð minn óttast ég. Og það er samkvæmt boðum hans, að ég grip til sverðs míns til að verja málstað lands míns, og það er vegna misgjörða ykkar, að við höfum mátt þola svo mikið tap.

29 Sjá. Það er tími til kominn, já, sá tími er nú kominn, að “sverð réttvísinnar vofi yfir ykkur, ef þið snúist ekki nú til varnar landi ykkar og börnum. Já, og það mun

23a Matt 23:25–26.
25a Al 51:6; 61:15.

28a Post 5:26–29.
29a He 13:5;

3 Ne 2:19.

falla á ykkur og vitja ykkar, ykkur til algjörRAR tortímingar.

30 Sjá. Ég bíð eftir aðstoð frá ykkur, en ef þið komið okkur ekki til hjálpar, sjá, þá mun ég koma til ykkar, já, til Sarahemlalands og ljósta ykkur með sverði, þannig að þið hafið ekki lengur vald til að hindra framsókn þessarar þjóðar til frelsis.

31 Því að sjá. Drottinn mun ekki líða, að þið lifið og magnist í misgjörðum ykkar til þess að tortíma hans réttláta fólki.

32 Sjá. Teljið þið að Drottinn hlífi ykkur, en láti dóm sinn falla yfir Lamaníta, þegar það eru arfsagnir feðra þeirra, sem hafa orsakað hatur þeirra? Já, og það hefur margfaldast vegna þeirra, sem horfið hafa frá okkur. En misgjörðir ykkar eru aftur á móti vegna metnaðar ykkar og hégómagirni.

33 Þið vitið, að þið brjótið lögmál Guðs, og þið vitið, að þið fótumtroðið þau. Sjá, Drottinn segir við mig: Ef þeir, sem þið hafið skipað landstjóra, iðrast ekki synda sinna og misgjörða, þá skuluð þið ganga til orrustu gegn þeim.

34 Og sjá nú. Ég, Moróní, er bundinn þeim sáttmála, sem ég hef gjört um að halda boðorð Guðs míns. Þess vegna óska ég, að þið haldið fast við orð Guðs og sendið fljótt til mín af vistum ykkar og mönnum, og einnig til Helamans.

35 Og sjá. Ef þið gjörið þetta ekki, kem ég í skyndi til ykkar.

Því að sjá. Guð mun ekki leyfa, að við förumst úr hungri. Þess vegna mun hann gefa okkur af matvælum ykkar, jafnvel þó að það verði með hjálp sverðsins. Sjáið nú um að uppfylla orð Guðs.

36 Sjá, ég er Moróní, yfirforingi ykkar. Ég "sækist ekki eftir valdi, heldur eftir að rífa það niður. Ég leita ekki eftir heiðri heimsins, heldur eftir dýrð Guðs míns og frelsi og velfarnaði lands míns. Og þannig læt ég bréfi mínu lokið.

61. KAPÍTULI

Pahóran segir Moróní frá andspyrnu og uppreisn gegn stjórniinni — Konungsmenn taka Sarahemla og gjöra bandalag við Lamaníta — Pahóran biður um hjálp hersins gegn uppreisnarmönnum. Um 62 f.Kr.

SJÁ. Nú bar svo við, að fljótlega eftir að Moróní hafði sent bréf sitt til yfirlandstjórans, fékk hann bréf frá "Pahóran, yfirlandstjóranum. Og þetta eru orðin, sem hann fékk:

2 Ég, Pahóran, sem er yfirlandstjóri þessa lands, sendi þessi orð mín til Morónís, yfirforingja hersins. Sjá, ég segi þér, Moróní, að ég gleðst ekki yfir hinum miklu "þrengingum ykkar, heldur hryggja þær sál mína.

3 En sjá. Þeir eru til, sem gleðjast yfir þrengingum þínum, já, svo mjög, að þeir hafa gjört uppreisn gegn mér, og einnig þeim þegna

minna, sem eru ^afrelsissinnar, og þeir, sem gjört hafa uppreisn, eru afar fjölmennir.

4 Og það eru þeir, sem reynt hafa að svipta mig dómarasætinu, sem eru orsök þessara miklu misgjörða. Því að þeir hafa talað fagurlega og hafa afvegaleitt hjörtu margra, sem valda mun sárum þrengingum meðal okkar. Þeir hafa haldið fyrir okkur vistum okkar og hafa sljóvgað frelsissinna okkar, svo að þeir hafa ekki farið til þín.

5 Og sjá. Þeir hafa rekið mig frá sér, og ég er flúinn til Gídeonslands með alla þá menn, sem ég gat mögulega fengið.

6 Og sjá. Ég hef sent yfirlýsingu út um þennan landshluta. Og sjá. Fólkið flykkist til okkar daglega og vopnast til verndar landi sínu og ^afrelsi og til að hefna þeirra ranginda, sem við höfum verið beittir.

7 Og svo margir hafa komið til okkar, að þeim, sem uppreisn gjörðu gegn okkur, er ógnað, já, svo mjög, að þeir óttast okkur og þora ekki að leggja til orrustu gegn okkur.

8 Þeir hafa lagt undir sig landið eða Sarahemlaborg. Þeir hafa tekið sér konung, og hann hefur skrifað til konungs Lamaníta og gjört bandalag við hann. Og í þessu bandalagi er samþykkt, að hann haldi Sarahemlaborg, en sú vörn gjörir Lamanítum kleift að leggja undir sig það, sem eftir er

af landinu, og mun hann gjörður konungur yfir þessari þjóð, þegar Lamanítar hafa sigrað hana.

9 En í bréfi þínu átaldir þú mig, en það skiptir ekki máli. Ég er ekki reiður, heldur fagna ég yfir mikilleik hjarta þíns. Ég, Pahóran, sækist ekki eftir valdi, heldur aðeins eftir að halda dómarasæti mínu, svo að ég geti varðveitt rétt og lýðfrelsi þjóðar minnar. Sál mín er staðföst í því lýðfrelsi, sem með Guðs hjálp hefur gjört okkur ^afrjáls.

10 Og sjá nú. Við munum standa gegn ranglætinu, jafnvel þótt það kosti blóðsúthellingar. Við mundum ekki úthella blóði Lamaníta, ef þeir vildu halda kyrru fyrir í sínu eigin landi.

11 Við mundum ekki úthella blóði bræðra okkar, ef þeir gjörðu ekki uppreisn og gripu til sverðs gegn okkur.

12 Við mundum gangast undir ok ánauðar, ef það væri nauðsynlegt, samkvæmt réttvísi Guðs, eða ef hann byði okkur að gjöra það.

13 En sjá. Hann býður okkur ekki að gjörast undirgefin óvinum okkar, heldur að við setjum ^atraust okkar á hann, og hann mun varðveita okkur.

14 Þess vegna skulum við, ástkæri bróðir minn Moróní, standa gegn hinu illa. En gegn öllu því illa, sem við getum ekki staðið gegn með orðum okkar, já, eins og uppreisnum og illdeilum, því skulum við ^aspyrna

3a Al 51:6–7.

6a LR Frjáls, frelsi;

Lýðfrelsi.

9a Jóh 8:31–36; K&S 88:86.

13a LR Átrúnaður; Treysta.

14a Al 43:47.

gegn með sverðum okkar, svo að við fáum haldið frelsi okkar og getum glaðst yfir hinum miklu forréttindum kirkju okkar og málstað lausnara okkar og Guðs okkar.

15 Komdu þess vegna fljótt til mín með nokkra af mönnum þínum, en skildu hina eftir undir stjórn Lehís og Teankúms. Gefðu þeim vald til að haga stríðinu í þeim hluta landsins samkvæmt “anda Guðs, sem einnig er andi frelsisins, sem í þeim er.

16 Sjá. Ég hef sent þeim nokkrar vistir, svo að þeir farist ekki, áður en þú getur komist til mín.

17 Safnið saman öllu því liði, sem þið getið á leið ykkar hingað, og við munum í styrk Guðs okkar, samkvæmt þeirri trú, sem í okkur er, halda í skyndi gegn þessum fráhverfingum.

18 Og við munum ná Sarahemlaborg á okkar vald, svo að við getum fengið aukin matvæli til að senda til Lehís og Teankúms. Já, við munum halda gegn þeim í styrk Drottins, og við munum binda enda á þessi miklu rangindi.

19 Og nú, Moróní, ég gleðst yfir bréfi þínu, því að ég hafði nokkrar áhyggjur af því, hvað við ættum að gjöra, hvort rétt væri af okkur að leggja gegn bræðrum okkar.

20 En þú hefur sagt, að ef þeir iðrist ekki, hafi Drottinn boðið þér að leggja gegn þeim.

21 “Styrk þú Lehí og Teankúm í

Drottni. Seg þeim að óttast ekki, því að Guð mun varðveita þá, já, og einnig alla þá, sem standa stöðugir í því lýðfrelsi, sem með Guðs hjálp gjörði þá frjálssa. Og nú læt ég bréfi mínu til míns ástkæra bróður, Morónís, lokið.

62. KAPÍTULI

Moróní fer til hjálpar Pahóran í Gídeonslandi — Konungsmenn, sem neita að verja land sitt, eru teknir af lífi — Pahóran og Moróní ná aftur Nefía — Margir Lamanítar sameinast fólki Ammons — Teankúm drepur Ammorón en lætur lífið um leið — Lamanítar reknir úr landi og friður kemst á — Helaman snýr sér aftur að kirkjustörfum og byggir upp kirkjuna. Um 62–57 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Moróní hafði borist þetta bréf, fylltist hann hugrekki og gladdist í hjarta sér yfir trúmennsku Pahórans, að hann var ekki einnig “svikari við frelsi og málstað lands síns.

2 En sjá, hann hryggðist einnig mjög vegna misgjörða þeirra, sem rekið höfðu Pahóran úr dómarsætinu, já, sem sagt vegna þeirra, sem risið höfðu gegn landi sínu og einnig Guði sínum.

3 Og svo bar við, að Moróní fór með nokkurn hóp manna að ósk Pahórans og veitti Lehí og Teankúm stjórn yfir þeim, sem eftir voru af her hans, og hélt í átt að Gídeonslandi.

4 Og hann reisti “frelsistáknið,

hvar sem hann kom, og fékk allan þann liðsauka, sem hann gat, á leið sinni til Gídeonslands.

5 Og svo bar við, að þúsundur flyktust undir merki hans og tóku upp sverð sín til varnar frelsi sínu, til þess að þeir yrðu ekki hneptir í ánaud.

6 Og þegar Moróní hafði þannig safnað saman öllum þeim mönnum, sem hann gat, á leið sinni, kom hann til Gídeonslands. Og er hann hafði sameinað lið sitt liði Pahórans, urðu þeir ákaflega sterkir, sterkari en menn Pakusar, en hann var "konungur þessara fráhverfinga, sem rekið höfðu^b frelsissinna frá Sarahemla og lagt höfðu landið undir sig.

7 Og svo bar við, að Moróní og Pahóran fóru með heri sína til Sarahemlalands og héldu gegn borginni og mættu mönnum Pakusar, svo að í bardaga sló.

8 Og sjá. Pakus var drepinn og menn hans teknir til fanga, og Pahóran var aftur settur í dóm-
arasæti sitt.

9 En menn Pakusar voru leiddir fyrir rétt samkvæmt lögum og sömu-
leiðis þeir konungssinnar, sem teknir höfðu verið og settir í fangelsi, og voru þeir "teknir af lífi samkvæmt lögum. Já, þessir menn Pakusar og þessir konungssinnar, allir þeir, sem ekki vildu taka upp vopn til varnar landi sínu, heldur vildu berjast gegn því, voru teknir af lífi.

10 Og þannig varð brýnt, vegna öryggis lands þeirra, að þessi lög væru stranglega virt. Já, og hver

sá, sem staðinn var að því að afneita frelsi þeirra, var skjótt tekinn af lífi samkvæmt lögum.

11 Og þannig lauk þrítugasta stjórnarári dómara yfir Nefíþjóðinni. Moróní og Pahóran höfðu komið á friði í Sarahemlandi meðal sinnar eigin þjóðar og refsað með dauða öllum þeim, sem ekki voru trúir málstað frelsisins.

12 Og í upphafi þrítugasta og fyrsta stjórnarárs dómara yfir Nefíþjóðinni bar svo við, að Moróní lét strax senda vistir og einnig sex þúsund manna her til Helamans til að aðstoða hann við að vernda þann hluta landsins.

13 Og hann lét einnig senda sex þúsund manna her og nægilegt magn matvæla til herja Lehís og Teankúms. Og svo bar við, að þetta var gjört til að styrkja landið gegn Lamanítum.

14 Og svo bar við, að Moróní og Pahóran skildu eftir stóran hóp manna í Sarahemlandi, en héldu síðan með fjölmennan hóp manna í átt að Nefíalandi, þar eð þeir voru staðráðnir í að sigrast Lamaníta í þeirri borg.

15 Og svo bar við, að á leið sinni til landsins tóku þeir höndum mikinn hóp Lamaníta og drápu marga þeirra og tóku vistir þeirra og stríðsvopn.

16 Og svo bar við, að eftir að þeir höfðu tekið þá höndum, létu þeir þá gjöra sáttmála um að grípa ekki framfar til stríðsvopna gegn Nefítum.

17 Og þegar þeir höfðu gjört

6a Al 61:4–8.

b Al 51:5–7.

9a LR Dauðarefning.

þennan sáttmála, sendu þeir þá til dvalar meðal fólks Ammons, og þeir voru um það bil fjögur þúsund að tölu, sem ekki höfðu verið drepnir.

18 Og svo bar við, að þegar þeir höfðu sent þá burt, héldu þeir áfram í átt að Nefíalandi. Og svo bar við, að þegar þeir voru komnir til Nefíaborgar, reistu þeir tjöld sín á Nefíasléttum, sem eru nærri Nefíaborg.

19 Nú vildi Moróní, að Lamanítar kæmu og berðust við þá á sléttunum. En Lamanítar, sem þekktu hið mikla hugrekki þeirra og sáu, hve fjölmennir þeir voru, þorðu ekki að leggja gegn þeim. Þess vegna sló ekki í bardaga þann dag.

20 Og þegar náttá tók, lagði Moróní af stað í húmi nætur og klifraði upp á múrinn til að njósna um, hvar í borginni Lamanítar hefðu sett upp herbúðir sínar.

21 Og svo bar við, að þeir voru að austanverðu, við innganginn, og þeir voru allir sofandi. Og nú sneri Moróní aftur til hers síns og lét þá í skyndi gjöra sterka kaðla og stiga til að láta falla niður ofan af múrnum að innanverðu.

22 Og svo bar við, að Moróní lét menn sína fara og klifra upp á múrinn og síga niður þeim megin borgarinnar, já, vestanvert, þar sem Lamanítar höfðu ekki herbúðir sínar.

23 Og svo bar við, að þeim var öllum komið inn í borgina að næturlagi, með hjálp sterkra kaðla

sinna og stiga, þannig að þegar morgna tók, voru þeir allir innan borgarmúranna.

24 Og þegar nú Lamanítar vökn-uðu og sáu, að herir Morónís voru innan múranna, urðu þeir svo ofsahræddir, að þeir flúðu út um hliðið.

25 Og þegar Moróní sá, að þeir flúðu undan honum, lét hann menn sína fara gegn þeim, og þeir drápu marga, en umkringdu aðra og tóku þá til fanga. En þeir, sem eftir voru, flúðu inn í Moróníland, sem var við sjávarströndina.

26 Þannig náðu Moróní og Pahóran Nefíaborg á sitt vald án þess að missa eina einustu sál. En margir Lamanítar voru drepnir.

27 Nú bar svo við, að margir þeirra Lamaníta, sem voru fangar, óskuðu að sameinast “fólki Ammons og verða frjálst fólk.

28 Og svo bar við, að öllum, sem höfðu hug á þessu, varð að ósk sinni.

29 Þess vegna sameinuðust allir Lamanítafangarnir fólki Ammons og tóku að erfiða af kappi, yrkja jörðina, rækta alls konar korntegundir, búpening og alls konar hjarðir. Og þannig var mikilli byrði létt af Nefítum, já, allri byrði af Lamanítaföngunum var af þeim létt.

30 Nú bar svo við, að þegar Moróní hafði náð Nefíaborg á sitt vald og tekið marga fanga, en við það fækkaði mjög í liði Lamaníta, og náð mörgum Nefítum, sem höfðu verið teknir til fanga, en við það styrktist mjög lið Morónís, þá

fór hann burt úr Nefíalandi til Lehílands.

31 Og svo bar við, að þegar Lamanítar sáu Moróní koma gegn sér, urðu þeir enn á ný óttaslegnir og flúðu undan her Morónís.

32 Og svo bar við, að Moróní og her hans veittu þeim eftirför frá einni borg til annarrar, þar til þeir mættu Lehí og Teankúm, og Lamanítar flúðu undan Lehí og Teankúm alla leið niður að sjávarströndinni, þar til þeir komu til Morónílands.

33 En herir Lamaníta voru allir sameinaðir, þannig að þeir voru allir í einum hóp í Morónílandi. Nú var Ammorón, konungur Lamaníta, einnig með þeim.

34 Og svo bar við, að Moróní, Lehí og Teankúm settu upp búðir með herjum sínum meðfram landamærum Morónílands, þannig að Lamanítar voru umkringdir við óbyggðirnar að sunnan og við óbyggðirnar að austan.

35 Og þannig settu þeir upp búðir sínar fyrir nóttina. Því að sjá. Nefítar og einnig Lamanítar voru þreyttir eftir langa hergöngu. Þess vegna gripu þeir ekki til neinna herbragða að næturlagi, nema Teankúm, því að hann var ákaflega reiður Ammorón, þar eð hann áleit, að Ammorón og Amalíkkía, bróðir hans, hefðu verið "valdir að þessu mikla og langvarandi stríði milli þeirra og Lamaníta, sem hafði orsakað svo mikla

bardaga og blóðsúthellingar, já, og svo mikla hungursneyð.

36 Og svo bar við, að Teankúm hélt í reiði sinni inn í búðir Lamaníta og lét sig síga niður yfir múra borgarinnar. Og hann hélt frá einum stað til annars með aðstoð kaðals, þar til hann fann konunginn. Og hann "varpaði kastspjóti að honum, og það smaug í gegnum hann nærri hjartanu. En sjá. Konungur vakti þjóna sína, áður en hann dó, svo að þeir eltu Teankúm og drápu hann.

37 Nú bar svo við, að þegar Lehí og Moróní vissu, að Teankúm var látinn, urðu þeir mjög sorgmæddir. Því að sjá. Hann hafði barist hraustlega fyrir land sitt, já, hann var sannur frelsisvinur. Og hann hafði þolað margar mjög sárar þrengingar. En sjá. Hann var látinn og genginn veg allrar veraldar.

38 Nú bar svo við, að næsta dag réðst Moróní að Lamanítum, og þeir drápu þá í miklu blóðbaði. Og þeir ráku þá úr landinu, og þeir flúðu, já, þeir sneru ekki aftur í þetta sinn gegn Nefítum.

39 Og þannig lauk þrítugasta og fyrsta stjórnarári dómara yfir Nefíþjóðinni. Og þannig höfðu þeir átt í stríði og þolað blóðsúthellingar, hungursneyð og þrengingar um margra ára bil.

40 Og það höfðu verið morð og illdeilur og sundrung og alls kyns misgjörðir meðal Nefíþjóðarinnar, en vegna hinna "réttlátu, já, sakir

bæna hinna réttlátu, var þeim samt sem áður hlíft.

41 En sjá. Vegna þess hve langvarandi stríðið milli Nefíta og Lamaníta hafði verið, voru margir orðnir harðir, vegna hins langa stríðs. En margir höfðu mildast vegna „þrenginga sinna, þannig að þeir auðmýktu sig fyrir Guði, já, í dýpstu auðmýkt.

42 Og svo bar við, að þegar Moróní hafði víggirt þá hluta landsins, sem lágu opnastir fyrir Lamanítum, þar til þeir voru nægilega sterkir, sneri hann aftur til Sarahemlaborgar. Og Helaman sneri einnig aftur til heimalands síns. Og enn einu sinni var kominn á friður meðal Nefíþjóðarinnar.

43 Og Moróní eftirlét syni sínum stjórn herja sinna, en sá hét Morónía. Og hann dró sig í hlé til síns eigin heimilis, svo að hann gæti eytt því, sem eftir var ævi sinnar, í friði.

44 Og Pahóran sneri aftur til dómarsætis síns. Og Helaman tók enn á sig að flytja fólkinu orð Guðs, því að vegna margra styrjalda og illdeilna reyndist óhjákvæmilegt að koma aftur skipulagi á kirkjunna.

45 Þess vegna héldu þeir Helaman og bræður hans af stað til að kunngjöra orð Guðs af miklum krafti, og þeim tókst að „sannfæra marga um ranglæti þeirra, en það leiddi þá til iðrunar synda sinna, og þeir létu skírast til Drottins Guðs síns.

46 Og svo bar við, að þeir komu kirkju Guðs aftur á stofn um gjörvallt landið.

47 Já, og reglu var komið á um lögin. Og „dómarar þeirra og yfirdómarar voru kjörnir.

48 Og Nefíþjóðinni tók aftur að „vegna vel í landinu, og hún tók að margfaldast og styrkjast á ný í landinu. Og hún gjörðist ákaflega auðug.

49 En þrátt fyrir auðæfin, styrk sinn og velmegun, hreyktu þeir sér ekki hátt í eigin augum, né voru þeir heldur tregir til að minnast Drottins Guðs síns, heldur auðmýktu þeir sig mjög frammi fyrir honum.

50 Já, þeir minntust þess, hve mikið Guð hafði fyrir þá gjört, að hann hafði bjargað þeim frá dauða og ánauð og úr fangelsum og alls kyns þrengingum, og hann hafði bjargað þeim úr höndum óvina sinna.

51 Og þeir báðu til Drottins Guðs síns án afláts, þannig að Drottinn blessaði þá í samræmi við orð sín, svo að þeir urðu sterkir og þeim vegnaði vel í landinu.

52 Og svo bar við, að allt þetta varð. Og Helaman lést á þrítugasta og fimmta stjórnarári dómaraanna yfir Nefíþjóðinni.

63. KAPÍTULI

Síblon og síðan Helaman taka við helgum heimildum — Margir Nefítar fara til landsins í norðri — Hagot

smíðar skip sem leggur út á vestur-sjóinn — Morónía sigrar Lamaníta í orrustu. Um 56–52 f.Kr.

Og svo bar við, að í upphafi þrítugasta og sjötta stjórnarárs dómaraanna yfir Nefíþjóðinni tók ^aSíblon við hinum ^bhelgu munum, sem Alma hafði afhent Helaman.

2 Og hann var réttvís maður og gekk grandvar fyrir Guði, og hann gætti þess að gjöra gott án afláts og halda boðorð Drottins Guðs síns. Og hið sama gjörði bróðir hans.

3 Og svo bar við, að Moróni lést einnig. Og þannig lauk þrítugasta og sjötta stjórnarári dómaraanna.

4 Og svo bar við, að á þrítugasta og sjöunda stjórnarári dómaraanna fór stór hópur manna, allt að fimm þúsund og fjögur hundruð manns, ásamt eiginkonum sínum og börnum frá Sarahemlalandi til landsins í ^anorðri.

5 Og svo bar við, að Hagot, sem var mjög hagur maður, smíðaði afar stórt skip við landið Nægtarbrunn, við Auðnina, og sjósetti það í vestursjóinn við ^aþrönga eiðið, sem lá til landsins í norðri.

6 Sjá. Margir Nefítar stigu um borð og sigldu af stað með miklar vistir og einnig margar konur og börn. Og þau stefndu í norðurátt. Og þannig lauk þrítugasta og sjöunda árinu.

7 Og á þrítugasta og áttunda

árinu smíðaði þessi maður önnur skip. Og fyrsta skipið kom einnig til baka, og margir fleiri fóru um borð. Og þeir tóku einnig miklar vistir og lögðu aftur af stað til landsins í norðri.

8 Og svo bar við, að aldrei heyrðist frá þeim framar. En við gjörum ráð fyrir, að þeir hafi drukknað í djúpi sjávar. Og svo bar við, að enn eitt skip lagði af stað, en hvert það fór, vitum við ekki.

9 Og svo bar við, að á þessu ári fóru margir til landsins í ^anorðri. Og þannig lauk þrítugasta og áttunda árinu.

10 Og svo bar við, að á þrítugasta og níunda stjórnarári dómaraanna dó Síblon einnig og Kóríanton hafði farið til landsins í norðri á skipi til að flytja vistir til þeirra, sem farið höfðu til þess lands.

11 Þess vegna varð óhjákvæmlegt fyrir Síblon að fela þessa helgu muni, fyrir dauða sinn, í vörslu sonar ^aHelamans, sem nefndur var Helaman, eftir föður sínum.

12 En sjá. Allar þær ^aáletranir, sem voru í vörslu Helamans, utan þær, sem Alma hafði mælt fyrir, að ^bekki skyldu sendar út, voru skráðar og sendar út á meðal mannanna barna um gjörvallt landið.

13 Engu að síður voru þessir munir áfram heilagir og þeir ^aafhentir mann fram af manni. Af

63 1a Al 38:1–2.
b Al 37:1–12.
LR Helgur.
4a Al 22:31.

5a Al 22:32;
Et 10:20.
9a He 3:11–12.
11a Sjá formála að Bók

Helamans.
12a Al 18:36.
b Al 37:27–32.
13a Al 37:4.

þeirri ástæðu höfðu þeir verið settir í vörslu Helamans á þessu ári fyrir dauða Síblons.

14 Og svo bar við, að á þessu ári höfðu einnig nokkrir fráhringingar farið yfir til Lamaníta. Og þeir voru enn egndir til reiði gegn Nefítum.

15 Og á þessu sama ári réðust þeir einnig með fjölmennan her

gegn fólki Morónía, eða gegn her “Morónía, en í þeim bardaga voru þeir sigraðir og reknir aftur til síns eigin lands og biðu mikið tjón.

16 Og þannig lauk þrítugasta og níunda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

17 Og þannig lauk frásögn Alma og sonar hans Helamans og einnig Síblons, sem var sonur hans.

BÓK HELAMANS

Heimildaskrá um Nefíta. Styrjaldir þeirra, deilur og sundurlyndi. Einnig spádómar margra heilagra spámannanna fram að komu Krists, samkvæmt heimildum Helamans, sem var sonur Helamans, og einnig samkvæmt heimildum sona hans, allt fram til komu Krists. Margir Lamanítar snúast einnig til trúar. Frásögn af trúskiptum þeirra. Frásögn af réttlæti Lamaníta og ranglæti og viðurstyggð Nefíta, samkvæmt heimildum Helamans og sona hans, sem ná allt fram að komu Krists, en þær nefnast Bók Helamans, og áfram.

1. KAÞÍTULI

Pahóran annar verður yfirdómari en er myrtur af Kiskúmen — Pakúmení sest í dómarasætið — Kóríantumr stjórnar herjum Lamaníta, hertekur Sarahemla og drepur Pakúmení — Morónía sigrar Lamaníta og nær aftur Sarahemla, og Kóríantumr er veginn. Um 52–50 f.Kr.

OG sjá. Nú bar svo við, að í Upphafi fertugasta stjórnarárs dómaranna yfir Nefíþjóðinni hófust alvarlegir erfiðleikar meðal Nefíþjóðarinnar.

2 Því að sjá. “Pahóran hafði látist og var genginn veg allrar veraldar. Alvarlegar deilur hófust þess vegna meðal bræðranna, sona Pahórans, um það, hver þeirra skyldi hljóta dómarasætið.

3 Þetta eru nöfn þeirra, sem kepptu um dómarasætið, og ollu einnig deilum meðal þjóðarinnar: Pahóran, Paankí og Pakúmení.

4 Þetta voru ekki einu synir Pahórans, (því að hann átti marga), en þetta eru þeir, sem kepptu um dómarasætið og skiptu þar af leiðandi þjóðinni í þrjá hópa.

5 Þó fór svo, að með “rödd þjóðarinnar var Pahóran tilnefndur dómari og stjórnandi Nefíþjóðarinnar.

6 Og svo bar við, að þegar Pakúmení sá, að hann gæti ekki hreppt dómarasætið, beygði hann sig fyrir vilja þjóðarinnar.

7 En sjá. Paankí og sá hluti þjóðarinnar, sem vildi, að hann yrði stjórnandi, var ákaflega reiður. Við lá, að honum tækist þess vegna með fagurgala að telja þá á að rísa gegn bræðrum sínum.

8 Og svo bar við, að þegar hann vann að þessu, sjá, þá var hann tekinn höndum og yfirheyrdur, samkvæmt rödd þjóðarinnar, og dæmdur til dauða, því að hann hafði gjört uppreisn og leitast við að tortíma “lýðfrelsi þjóðarinnar.

9 Þegar þeim, sem vildu, að hann yrði stjórnandi þeirra, varð ljóst, að hann hafði verið dæmdur til dauða, urðu þeir reiðir. Og sjá. Þá sendu þeir Kiskúmen nokkurn til sjálfs dómarasætis Pahórans, og myrti hann Pahóran, þar sem hann sat í dómarasætinu.

10 Og þjónar Pahórans eltu hann, en sjá, svo hratt flúði Kiskúmen, að enginn gat náð honum.

11 Og hann fór til þeirra, sem sendu hann, og þeir gjörðu allir sáttmála, já, unnu þess eida við ævarandi skapara sinn, að þeir mundu engum manni segja, að Kiskúmen hefði myrt Pahóran.

12 Þess vegna þekktist Kiskúmen ekki meðal Nefíþjóðarinnar, þar eð hann var í dulargervi, þegar hann myrti Pahóran. Og Kiskúmen og lið hans, þeir sem höfðu gjört sáttmála við hann, dreifðu sér þannig meðal þjóðarinnar, að ekki var unnt að finna þá alla, en þeir, sem fundust, voru dæmdir til “dauða.

13 Og sjá. Samkvæmt rödd þjóðarinnar var Pakúmení tilnefndur sem yfirdómari og stjórnandi hennar til að ríkja í stað bróður síns Pahórans, og var það samkvæmt rétti hans. En allt þetta gjörðist á fertugasta stjórnarári dómaranna, og það rann skeið sitt á enda.

14 Og svo bar við á fertugasta og fyrsta stjórnarári dómaranna, að Lamanítar höfðu safnað saman ótölulegum fjölda hermanna og vopnað þá sverðum og sveðjum, bogum og örvum, hjálmum og brynjum og alls kyns skjöldum.

15 Og þeir komu aftur til að berjast við Nefíta. Og maður að nafni Kóríantumr stjórnaði þeim, en hann var afkomandi Sarahemla og hafði sagt skilið við Nefíta. Og hann var maður mikill vexti og kröftugur.

16 Konungur Lamaníta, sem hét Túbalot og var sonur “Ammoróns, taldi þess vegna, að Kóríantumr, sem var kröftugur maður, gæti með öllum krafti sínum ásamt mikilli visku staðið gegn Nefítum, þannig að með því að

5a Mósía 29:26–29.
8a LR Lýðfrelsi.

12a LR Dauðarefsing.
16a Al 52:3.

senda hann gæti hann náð valdi yfir Nefítum —

17 Þess vegna egndi hann þá til reiði og safnaði saman herjum sínum og fól Kóríantumr stjórn þeirra og lét þá halda til Sarahemlalands til orrustu gegn Nefítum.

18 Og svo bar við, að vegna mikilla deilna og erfiðleika við stjórn landsins voru þeir ekki nægilega á verði í Sarahemlalandi, því að þeir töldu ekki, að Lamanítar dirfðust að koma inn í hjarta landsins og ráðast á hina miklu borg Sarahemla.

19 En svo bar við, að Kóríantumr sótti fram í fararbroddi fjölda hersveita sinna og réðst til atlögu gegn íbúum borgarinnar, og sókn þeirra var svo hröð, að Nefítum gafst enginn tími til að safna herjum sínum saman.

20 Kóríantumr drap því verðina við innganginn í borgina og hélt fram með allan her sinn inn í hana, og þeir drápu hvern þann, sem réðst gegn þeim, þannig að þeir náðu allri borginni á sitt vald.

21 Og svo bar við, að Pakúmení, sem var yfirdómari, flúði undan Kóríantumr allt til borgarmúranna. Og svo bar við, að Kóríantumr laust hann við múrinn, svo að hann lést. Og þannig lauk ævi Pakúmenís.

22 Og þegar nú Kóríantumr sá, að hann hafði Sarahemlaborg á sínu valdi og sá, að Nefítar flúðu undan þeim og voru drepnir eða teknir höndum og þeim varpað í fangelsi og að hann hafði náð

sterkasta vígi landsins, jókst honum svo kjarkur, að við lá, að hann herjaði gegn öllu landinu.

23 Og hann hélt ekki kyrru fyrir í Sarahemlalandi, heldur hélt áfram með mikinn her í átt að borginni Nægtarbrunni, því að ætlun hans var að brjóta sér leið með sverðinu og ná haldi á norðurhluta landsins.

24 Og þar eð hann taldi, að styrkur þeirra væri mestur um miðbik landsins, hélt hann áfram og gaf þeim engan tíma til að sameinast, nema í smáhópa. Og þannig réðst hann að þeim og felldi þá í valinn.

25 En sjá. Þessi aðför Kóríantumrs um miðbik landsins veitti Morónía mikla yfirburði yfir þeim, þrátt fyrir þann mikla fjölda Nefíta, sem drepnir höfðu verið.

26 Því að sjá. Morónía hafði talið, að Lamanítar dirfðust ekki að fara inn í miðbik landsins, heldur að þeir mundu ráðast á borgirnar hér og þar á útjöðrunum, eins og þeir höfðu hingað til gjört. Morónía hafði því látið sterkustu heri sína verja ystu svæðin.

27 En sjá. Lamanítar voru ekki óttaslegnir eins og hann hafði vonað, heldur voru þeir komnir inn í miðbik landsins og höfðu tekið höfuðborgina, sem var Sarahemlaborg, og héldu áfram gegnum aðalhluta landsins, stráfelldu íbúana, bæði karla, konur og börn, og tóku margar borgir og mörg virki herskildi.

28 En þegar Morónía varð þetta ljóst, sendi hann samstundis Lehí

með her manns í veg fyrir þá, áður en þeir næðu til Nægtarbrunns.

29 Og þetta gjörði hann og komst í veg fyrir þá, áður en þeir náðu til Nægtarbrunns, og veitti þeim það harða atlögu, að þeir tóku að hörfa undan til Sarahemlalands.

30 Og svo bar við, að Morónía komst í veg fyrir þá á undanhaldi þeirra og gjörði svo harða atlögu að þeim, að úr varð mjög blóðugur bardagi. Já, margir voru drepnir, og á meðal þeirra, sem féllu í valinn, fannst einnig "Kóríantumr.

31 Og sjá. Engin undankomu-leið var fyrir Lamaníta, hvorki til norðurs, suðurs, austurs né vesturs, því að Nefítar umkringdu þá gjörsamlega.

32 Og þannig hafði Kóríantumr keyrt Lamaníta mitt á meðal Nefíta, svo að þeir voru á valdi þeirra, og hann var sjálfur drepinn. Og Lamanítar gáfust upp fyrir Nefítum.

33 Og svo bar við, Morónía náði aftur Sarahemlaborg og leyfði þeim Lamanítum, sem teknir höfðu verið til fanga, að hverfa á brott úr landinu í friði.

34 Og þannig lauk fertugasta og fyrsta stjórnarári dómaranna.

2. KAPÍTULI

Helaman, sonur Helamans, verður yfirdómari — Gadíanton verður leiðtogi flokks Kiskúmens — Þjónn Helamans drepur Kiskúmen og flokkur

Gadíantons flýr út í óbyggðirnar. Um 50–49 f.Kr.

Og á fertugasta og öðru stjórnarári dómaranna, eftir að Morónía hafði komið aftur á friði milli Nefíta og Lamaníta, bar svo við, sjá, að þá var enginn til að skipa dómarasætið. Upphófust þess vegna að nýju deilur meðal þjóðarinnar um það, hver skyldi skipa dómarasætið.

2 Og svo bar við, að Helaman, sem var sonur Helamans, var tilnefndur í dómarasætið með rödd þjóðarinnar.

3 En sjá. "Kiskúmen, sem myrt hafði Pahóran, beið færís eftir að tortíma einnig Helaman. Og flokkur hans, sem gjört hafði sáttmála við hann þess efnis, að engum skyldi kunnugt um ranglæti hans, studdi hann.

4 En maður var nefndur "Gadíanton, sem var mikill mælsku maður og einnig leikinn í þeirri iðju að vinna myrkraverk, morð og rán. Hann varð því leiðtogi flokks Kiskúmens.

5 Hann smjaðraði þess vegna fyrir þeim og einnig fyrir Kiskúmen, og sagði, að ef þeir vildu koma honum í dómarasætið, þá mundi hann tryggja þeim, sem tilheyrðu flokki hans, valdaaðstöðu meðal þjóðarinnar. Þess vegna leitaðist Kiskúmen við að tortíma Helaman.

6 Og svo bar við, að þegar hann hélt í átt að dómarasætinu til að tortíma Helaman, sjá, þá hafði

30a He 1:15.

2 3a He 1:9.

4a LR Gadíanton
ræningjarnir.

einn af þjónum Helamans, sem verið hafði úti um nóttina, komist vegna dulargervis að áformi þessa flokks um að tortíma Helaman —

7 Og svo bar við, að hann mætti Kiskúmen og gaf honum merki, og fræddi Kiskúmen hann þá um ósk sína og takmark og bað hann leiða sig að dómarsætinu, svo að hann gæti myrt Helaman.

8 Og þegar þjónn Helamans vissi um öll áform Kiskúmens og að takmarkið var að myrða, og að það var einnig takmark allra þeirra, sem tilheyrðu flokki hans, að myrða og ræna og ná völdum (og þetta voru ^aleyniáform þeirra og samsæri), þá sagði þjónn Helamans við Kiskúmen: Förum til dómarsætisins.

9 En þetta gladdi Kiskúmen mjög, því að hann taldi, að áform sitt næði fram að ganga. En sjá. Þegar þeir gengu í átt að dómarsætinu, stakk þjónn Helamans Kiskúmen beint í hjartað, svo að hann féll dauður niður án þess að gefa frá sér hljóð. Og hann hljóp og sagði Helaman frá öllu því, sem hann hafði séð, heyrt og gjört.

10 Og svo bar við, að Helaman sendi lið til að taka ræningjaflokkinn og þessa launmorðingja fasta, svo að hægt væri að lífláta þá að lögum.

11 En sjá. Þegar Gadíanton komst að því, að Kiskúmen sneri ekki aftur, óttaðist hann um líf sitt og bauð því flokki sínum að fylgja sér. Og þeir flúðu úr landinu eftir

leynistigum út í óbyggðirnar. Og þegar því Helaman sendi menn út til að taka þá fasta, fundust þeir hvergi.

12 En meira verður rætt um Gadíanton þennan síðar. En þannig lauk fertugasta og öðru stjórnarári dómaraanna yfir Nefíþjóðinni.

13 Og sjá. Í lok þessarar bókar munuð þið sjá, að ^aGadíanton þessi átti sök á falli Nefíþjóðarinnar, já, næstum algjörri tortímingu hennar.

14 Sjá. Ég á ekki við lok bókar Helamans, heldur á ég við bók Nefís, en úr henni eru allar þær frásagnir, sem ég hef fært í letur.

3. KAPÍTULI

Margir Nefítar flytja til landsins í norðri — Þeir byggja hús úr steinsteypu og skrá margar heimildir — Tugir þúsunda snúast til trúar og láta skírast — Orð Guðs leiðir menn til sáluhjálpar — Nefí, sonur Helamans, sest í dómarsætið. Um 49–39 f.Kr.

Og nú bar svo við, að á fertugasta og þriðja stjórnarári dómaraanna voru engar deilur meðal Nefíþjóðarinnar, utan smá hroki innan kirkjunnar, sem olli örlítilli sundrungu meðal fólksins, en þau mál voru jöfnuð í lok fertugasta og þriðja ársins.

2 Og engar deilur voru með þjóðinni á fertugasta og fjórða árinu, né heldur voru miklar deilur á fertugasta og fimmta árinu.

3 En svo bar við, að á fertugasta

og sjötta ári urðu miklar deilur og mikil sundrung, sem leiddi til þess, að mikill fjöldi hvarf á brott úr Sarahemlandi og fór til landsins í "norðri til að setjast þar að.

4 Og þeir ferðuðust óravegu og komu að "stórum vötnum og mörgum fljótum.

5 Já, og þeir dreifðust meira að segja um allt landið, til allra þeirra staða, sem ekki höfðu verið lagðir í auðn og rúnir trjáviði, af völdum þeirra mörgu, sem áður höfðu byggt landið.

6 En nú var enginn hluti landsins algjörlega í auðn, nema að trjáviði. En vegna mikillar "eyðingar þeirra, sem áður höfðu búið í landinu, nefndu þeir landið ^bAuðn.

7 En þar sem í landinu var aðeins lítið timbur að finna, urðu þeir, sem þangað fóru, mjög lagnir við að vinna úr steinsteypu. Þess vegna reistu þeir hús úr steinsteypu, og í þeim bjuggu þeir.

8 Og svo bar við, að þeim fjölgaði, og þeir dreifðu sér og fóru frá landinu í suðri til landsins í norðri og dreifðust svo, að þeir tóku að byggja gjörvallt yfirborð landsins, frá hafinu í suðri til hafsins í norðri og frá "hafinu í vestri til hafsins í austri

9 Og þeir, sem voru í landinu í norðri, dvöldu í tjöldum og í húsum úr steinsteypu, og þeir létu öll þau tré, sem í landinu uxu, vaxa í friði, svo að þeir hefðu

með tímanum timbur til húsbygginga sinna, já, til að byggja borgir sínar og musteri, samkunduhús og helgidóma, og alls kyns byggingar.

10 Og svo bar við, að þar sem timbur var af mjög skornum skammti í landinu í norðri, sendu þeir þangað mikið með "skipum.

11 Og þannig gjörðu þeir fólkinu í landinu í norðri kleift að reisa margar borgir, bæði úr timbri og steinsteypu.

12 Og svo bar við, að margir af "fólki Ammons, sem voru Lamanítar að ætt, fóru einnig til þessa lands.

13 Og margar heimildir eru til um þetta fólk, sem margir þeirra skráðu, og eru þær mjög miklar og nákvæmar.

14 En sjá. Hundraðasti hluti af lífi og starfi þessa fólks, já, frásagnir af Lamanítum og Nefítum og styrjöldum þeirra, og deilum og sundrung, og prédikunum þeirra, og spádómum þeirra, og siglingum þeirra og skipasmíði þeirra, og byggingu "musteris þeirra, og samkunduhúsa þeirra og helgidóma, og réttlæti þeirra og ranglæti þeirra, og morðum þeirra, og gripdeildum þeirra, og ránum þeirra, og alls kyns viðurstygð og hórdómi, rúmast ekki í þessu verki.

15 En sjá. Fjöldi bóka og heimilda af öllum gerðum eru til, og þær hafa Nefítar að mestu skráð.

3 *a* Al 63:4.

4 *a* Mósía 8:8; Morm 6:4.

6 *a* Mósía 21:25–27.

b Al 22:31.

8 *a* Al 22:27, 32.

10 *a* Al 63:5–8.

12 *a* Al 27:21–26.

14 *a* 2 Ne 5:16;

Jakob 1:17; 3 Ne 11:1.

16 Og Nefítar hafa “skilað þeim frá einni kynslóð til annarrar, já, allt þar til þeir hafa fallið í synd og hafa verið myrtir, rændir og eltir og reknir áfram, drepnir og þeim tvístrað um jörðina, blandast Lamanítum, þar til þeir kallast ^bekki lengur Nefítar og hafa orðið ranglátir, villtir og grimmir, já, orðið Lamanítar.

17 En nú sný ég mér aftur að frásögn minni — Það, sem ég hef sagt frá, hafði orðið eftir miklar deilur og uppþot, styrjaldir og sundrung meðal Nefíþjóðarinnar.

18 Fertugasta og sjötta stjórnarári dómaraanna lauk.

19 Og svo bar við, að enn voru miklar deilur í landinu, já, bæði á fertugasta og sjöunda ári og einnig á fertugasta og áttunda ári.

20 Helaman ríkti í dómarsætinu í réttvísi og sannsýni. Já, hann gætti þess að virða reglur, ákvæði og boð Guðs. Og hann gjörði stöðugt það, sem rétt var í augum Guðs. Og hann fetaði í fótspor föður síns, og því vegnaði honum vel í landinu.

21 Og svo bar við, að hann átti tvo sonu. Hann gaf hinum eldra nafnið “Nefí, en hinum yngra nafnið ^bLehí. Og þeir tóku að vaxa í Drottni.

22 Og svo bar við, að í lok fertugasta og áttunda stjórnarárs dómaraanna yfir Nefíþjóðinni tók

styrjöldum og deilum að linna nokkuð meðal Nefíþjóðarinnar.

23 Og svo bar við, að á fertugasta og níunda stjórnarári dómaraanna hélst varanlegur friður í landinu, ef undan eru skilin leynisamtökin, sem ræninginn “Gadíanton hafði stofnað til í þéttbýlli hlutum landsins, en yfirstjórn landsins var ekki kunnugt um þau á þeim tíma, og var þeim þess vegna ekki útrýmt úr landinu.

24 Og svo bar við, að þetta sama ár var mikil velgengni í kirkjunni, þannig að þúsundir gengu í kirkjuna og hlutu iðrunarskírni.

25 Og svo mikil var velgengni kirkjunnar og svo miklar blessanirnar, sem úthellt var yfir lýðinn, að jafnvel æðstu prestarnir og kennararnir undruðust stórlega.

26 Og svo bar við, að verk Drottins gekk svo vel, að margar sálir skírðust og sameinuðust kirkju Guðs, já, tugir þúsunda.

27 Þannig getum við séð, að Drottinn er miskunnsamur öllum þeim, sem af einlægu hjarta vilja ákalla hans heilaga nafn.

28 Já, þannig sjáum við, að “hlið himins stendur ^böllum opið, einkum þeim sem vilja trúá á nafn Jesú Krists, sem er sonur Guðs.

29 Já, við sjáum, að hver sem vill, getur höndlað “orð Guðs, sem er ^blifandi og kröftugt og tætir

16a 1 Ne 5:16–19; Al 37:4.

b Al 45:12–14.

21a LR Nefí, sonur Helamans.

b LR Lehí, trúboði Nefíta.

23a He 2:4.

28a 2 Ne 31:9, 17.

b Post 10:28;

Róm 2:10–11.

29a LR Orð Guðs.

b Hebr 4:12;

K&S 11:2.

sundur alla klæki og snörur og brögð djöfulsins og leiðir mann Krists á hina kröppu og þröngu “braut yfir það ævarandi “djúp vansældar, sem ætlað er að gleypa hina ranglátu —

30 Og skipar sálum þeirra, já, hinum óauðlegu sálum þeirra, Guði til “hægri handar í ríki himins, til að setjast hjá Abraham og Ísak, og hjá Jakob, og hjá öllum heilögum feðrum okkar, til að hverfa þaðan aldrei framár.

31 Og þetta ár var stöðugur fögnuður í Sarahemlandi og nærliggjandi héruðum, já, jafnvel í öllu landi Nefíta.

32 Og svo bar við, að friður hélst og mikil gleði, það sem eftir var fertugasta og níunda ársins. Já, og einnig hélst áfram friður og mikil gleði á fimmtugasta stjórnarári dómaraanna.

33 Og á fimmtugasta og fyrsta stjórnarári dómaraanna hélst einnig friður, að undanskildum nokkrum hroka, sem tók að bera á í kirkjunni — ekki í kirkju Guðs, heldur í hjörtum þeirra, sem töldu sig til kirkju Guðs —

34 Og “hroki þeirra varð slíkur, að þeir ofsóttu jafnvel marga bræður sína. Þetta var mikið böll, sem varð til þess, að auðmjúkari hluti þjóðarinnar mátti líða miklar ofsóknir og ganga gegnum miklar þrengingar.

35 Engu að síður “fastaði það

og “baðst oft fyrir og varð sífellt styrkara í “auðmýkt sinni og stöðugt ákveðnara í trúnni á Krist, þar til sálir þess fylltust gleði og huggun, já, sem “hreinsaði og “helgaði hjörtu þess, þeirri helgun, sem fæst með því að ‘gefa hjörtu sín Guði.

36 Og svo bar við, að fimmtugasta og öðru árinu lauk einnig í friði fyrir utan þann mikla hroka, sem náð hafði tökum á hjörtum fólksins, en hann stafaði af hinum miklu “auðæfum þess og velgengni í landinu. Og hann óx með þeim dag frá degi.

37 Og svo bar við, að á fimmtugasta og þriðja stjórnarári dómaraanna andaðist Helaman, og elsti sonur hans, Nefí, ríkti í hans stað. Og svo bar við, að hann ríkti í dómaraasetinu í réttvísi og sannsýni. Já, hann hélt boðorð Guðs og fetaði í fótspor föður síns.

4. KAPÍTULI

Fráhverfingar meðal Nefíta sameinast Lamanítum og ná Sarahemla á sitt vald — Ósigur Nefíta er afleiðing ranglætis þeirra — Kirkjan lamast, og fólkið verður máttvona líkt og Lamanítar. Um 38–30 f.Kr.

Og svo bar við, að á fimmtugasta og fjórða ári var mikil sundrung í kirkjunni og einnig svo miklar “deilur meðal manna, að það leiddi til mikilla blóðsúthellinga.

29 c 2 Ne 9:41; 33:9.

d 1 Ne 15:28–30.

30 a Matt 25:33–34.

34 a LR Drambsemi.

35 a LR Fasta.

b LR Bæn.

c LR Auðmjúkur, auðmýkt.

d LR Hreinn, hreinleiki.

e LR Lausn frá synd.

f 2 Kro 30:8;

Mósía 3:19.
36 a LR Auðugur, auður.

4 1 a 3 Ne 11:29.

2 En uppreisnarmennirnir voru drepnir eða reknir úr landi, og þeir gengu konungi Lamaníta á hönd.

3 Og svo bar við, að þeir reyndu að egna Lamaníta til styrjaldar gegn Nefítum. En sjá. Lamanítar voru svo hræddir, að þeir vildu ekki hlusta á orð þessara fráhverfinga.

4 En svo bar við, að á fimmtugasta og sjötta stjórnarári dómaraanna yfirgáfu nokkrir "fráhverfingar Nefíta og fóru til Lamaníta. Og þeim tókst ásamt hinum að egna þá til reiði gegn Nefítum. Og allt það ár bjuggu þeir sig undir styrjöld.

5 Og á fimmtugasta og sjöunda ári réðust þeir gegn Nefítum og hófu eyðingarstarf sitt, já slíkt, að á fimmtugasta og áttunda stjórnarári dómaraanna tókst þeim að leggja Sarahemlaland undir sig, já, og einnig öll lönd allt að landinu, sem næst var Nægtarbrunni.

6 Og Nefítar og herir Morónía voru hraktir inn í land Nægtarbrunnis —

7 En þar víggirtu þeir sig gegn Lamanítum, frá vestursjónum og allt til austurs. Það var ein dagleið fyrir Nefíta eftir þeirri línu, sem þeir víggirtu og settu heri sína til varnar landi sínu í norðri.

8 Og þannig höfðu þessir fráhverfingar Nefíta með hjálp fjölmenns hers Lamaníta náð undir sig öllum landsvæðum Nefíta í suðurhluta landsins. Og allt

þetta gjörðist á fimmtugasta og áttunda og níunda stjórnarári dómaraanna.

9 Og svo bar við, að á sextugasta stjórnarári dómaraanna tókst Morónía ásamt herjum sínum að ná mörgum landshlutum. Já, þeir unnu aftur margar borgir, sem fallið höfðu í hendur Lamanítum.

10 Og svo bar við, að á sextugasta og fyrsta stjórnarári dómaraanna tókst þeim að ná aftur helmingi landsvæða sinna.

11 En Nefítar hefðu ekki orðið fyrir þessu mikla tapi og því mikla mannfalli, sem varð meðal þeirra, ef ekki hefði verið vegna ranglætisins og viðurstyggðarinnar, sem meðal þeirra var, já, einnig meðal þeirra, sem töldu sig til kirkju Guðs.

12 Og það var vegna "drambsins í hjörtum þeirra yfir sínum miklu ^bauðæfum. Já, það var vegna þess, að þeir kúguðu hina "fátæku, en þeir héldu mat sínum frá hinum hungruðu, héldu klæðum sínum frá hinum nöktu og lustu hina auðmjúku kinnhest, drógu dár að því, sem heilagt var, afneituðu anda spádóms og opinberunar, myrtu, rændu, lugu, stálu, drýgðu hór, vöktu miklar deilur og sneru til Nefílands til Lamaníta —

13 Og vegna þessa mikla ranglætis þeirra og vegna þess að þeir "hældust um af eigin mætti, voru þeir upp á sinn eigin styrk komnir. Þess vegna vegnaði þeim ekki vel, heldur þrengdu Lamanítar

4a He 5:17.
12a Óbad 1:3–4;

K&S 101:42.
b 1 Tím 6:17; 2 Ne 9:42.

c K&S 42:30–31.
13a LR Drambsemi.

að þeim, lustu þá og hröktu, þar til þeir höfðu glatað eignarhaldi á nærri öllu landi sínu.

14 En sjá. Morónía prédikaði margt fyrir fólkinu vegna misgjörða þess, og ^aNefí og Lehí, sem voru synir Helamans, prédikuðu einnig margt fyrir fólkinu. Já, þeir spáðu mörgu varðandi misgjörðir fólksins og hvað biði þess, ef það iðraðist ekki synda sinna.

15 Og svo bar við, að fólkið iðraðist, og sem það iðraðist, svo tók því að vegna vel.

16 Því að þegar Morónía sá, að fólkið iðraðist, vogaði hann sér að leiða það stað úr stað og borg úr borg, þar til það hafði endurheimt helming eigna sinna og helming allra landa sinna.

17 Og þannig lauk sextugasta og fyrsta stjórnarári dómaranna.

18 Og svo bar við, að á sextugasta og öðru stjórnarári dómaranna tókst Morónía ekki að endurheimta fleiri lönd af Lamanítum.

19 Þess vegna létu þeir af því áformi sínu að ná því, sem eftir var af löndum sínum, því að svo mikill var fjöldi Lamaníta, að útilokað var fyrir Nefíta að ná frekara valdi yfir þeim. Þess vegna setti Morónía alla heri sína til varnar þeim landshlutum, sem hann hafði tekið.

20 Og svo bar við, að vegna þess hve Lamanítar voru fjölmennir, voru Nefítar haldnir miklum ótta

um, að þeir yrðu sigraðir, troðnir niður og drepnir og þeim tortímt.

21 Já, þeir tóku að minnast spádóma Alma og einnig orða Mósía. Og þeir sáu, að þeir höfðu verið þrjúskufullir og haft boðorð Guðs að engu —

22 Og þeir sáu, að þeir höfðu breytt ^alögum Mósía og troðið undir fótum sér þau lög, sem Drottinn hafði boðið honum að færa lýðnum. Og þeir sáu, að lög þeirra voru spillt orðin og þeir orðnir ranglátir, jafnvel svo ranglátir, að þeir líktust Lamanítum.

23 Og vegna misgjörða þeirra tók kirkjunni að ^ahnigna, og að þeim sótti efi um spádómsandann og anda opinberunar. Og dómar Guðs blöstu við þeim.

24 Og þeir sáu, að þeir voru orðnir ^amáttvana, líkt og bræður þeirra, Lamanítar, og að andi Drottins varðveitti þá ekki lengur. Já, hann hafði dregið sig í hlé frá þeim, vegna þess að ^bandi Drottins dvelur ekki í ^cvanhelgum musturum —

25 Þess vegna hætti Drottinn að vernda þá með undursamlegum og óviðjafnanlegum krafti sínum, því að þeir voru orðnir ^atrúlausir og hörmulega ranglátir. Og þeir sáu, að Lamanítar voru miklu fjölmennari en þeir og að ef þeir ^bhéldu ekki fast við Drottin Guð sinn, hlytu þeir óhjákvæmilega að farast.

26 Því að sjá. Þeir sáu, að styrkur Lamaníta var eins mikill og þeirra

14a He 3:21.

22a Al 1:1.

23a LR Fráhvarf.

24a Mósía 1:13.

b LR Heilagur andi.

c Mósía 2:37;

Al 7:21; 34:36.

25a LR Vantrú.

b Jakob 6:5.

eigin styrkur, jafnvel maður á móti manni. Og þannig höfðu þeir brotið stórlega af sér. Já, vegna lögmálsbrota sinna voru þeir þannig á “fáum árum orðnir máttvana.

5. KAPÍTULI

Nefí og Lehí helga sig prédikun — Nöfn þeirra verða þeim hvatning til að sníða líf sitt eftir forfeðrum sínum — Kristur frelsar þá sem iðrast — Nefí og Lehí snúa mörgum til trúar en þeim er varpað í fangelsi og eldslogar umlykja þá — Skýsorti yfirskyggir þrjú hundruð manns — Jörðin skelfur, og rödd býður mönnum að iðrast — Nefí og Lehí tala við engla og mannfjöldinn er umlukur eldi. Um 30 f.Kr.

Og svo bar við, að þetta sama ár, sjá, þá eftirlét “Nefí dómarasætið manni að nafni Sesóram.

2 Þar eð “rödd þjóðarinnar réð lögum og lofum og þeir, sem ^bkusu hið illa, voru fjölmennari en þeir, sem kusu hið góða, voru þeir á góðri leið til tortímingar, því að lögin voru spillt orðin.

3 Já, og þetta var ekki allt. Þetta var þrjóskufull þjóð, svo að ekki var unnt að stjórna henni með lögum eða réttvísi, nema henni til tortímingar.

4 Og svo bar við, að Nefí var orðinn þreyttur á misgjörðum þeirra. Og hann “vék úr dómarasæti og tók að sér að boða orð Guðs, það

sem eftir var ævi sinnar, og einnig bróðir hans, Lehí, það sem hann átti eftir ólifað —

5 Því að þeir minntust orðanna, sem faðir þeirra, Helaman, hafði mælt til þeirra. Og þetta eru orðin, sem hann mælti:

6 Sjá, synir mínir. Ég vil, að þið hafið hugfast að halda boðorð Guðs, og ég vil, að þið boðið þjóðinni þessi orð. Sjá, ég hef gefið ykkur nöfn “forfeðra okkar, sem komu frá landi Jerúsalem. Og þetta hef ég gjört, til þess að þið minnst þeirra, er nöfn ykkar koma upp í huga ykkar. Og þegar þið minnst þeirra, þá minnst þið verka þeirra. Og þegar þið minnst verka þeirra, þá megið þið vita, að sagt er og einnig ritað, að þau voru ^bgóð.

7 Þess vegna vil ég, synir mínir, að þið gjörið það, sem gott er, svo að um ykkur verði sagt og einnig ritað einmitt það sama og sagt var og ritað um þá.

8 Og sjá nú, synir mínir. Ég æski enn meira af ykkur, en það er, að þið gjörið þetta ekki til að geta miklast af því, heldur gjörið það til að safna ykkur “fjárjóði á himni, já, eilífum fjársjóði, sem ekki máist burtu. Já, svo að þið megið eignast hina ^bdýrmætu gjöf eilífs lífs, sem við höfum ástæðu til að ætla, að feður okkar hafi hlotið.

9 Og synir mínir. Hafið hugföst og munið “orðin, sem Benjamín konungur mælti til þjóðar sinnar.

26a Al 46:8;
He 12:3–4.

5 1a He 3:37.
2a Mósía 29:25–27.

b Al 10:19.
4a Al 4:15–20.

6a 1 Ne 1:1, 5.
b 2 Ne 33.

8a 3 Ne 13:19–21.

b K&S 14:7.
9a Mósía 2:9.

Já, hafið hugfast, að hvorki er til önnur leið né aðferð til frelsunar mannsins, nema með ^bfriðþægingarblóði Jesú Krists, sem koma mun. Já, hafið hugfast, að hann kemur til að ^cendurleysa ^dheiminn.

10 Og minnst einnig ^aorðanna, sem Amúlek talaði til Seesroms í borginni Ammónía, en hann sagði við hann, að Drottinn mundi vissulega koma og endurleysa lýð sinn, en að hann kæmi ekki til að endurleysa þá í syndum þeirra, heldur endurleysa þá frá syndum þeirra.

11 Og hann hefur fengið vald frá föðurnum til að endurleysa þá frá syndum þeirra vegna iðrunar. Þess vegna hefur hann ^asent engla sína til að boða tíðindin um skilyrði þeirrar iðrunar, sem leiðir menn undir vald lausnarans til hjálpræðis sálum sínum.

12 Og nú synir mínir. Munið og hafið hugfast, að það er á ^bbjargi lausnara okkar, sem er Kristur, sonur Guðs, sem þið verðið að byggja ^bundirstöðu ykkar. Að þegar djöfullinn sendir sína völdugu storma, já, spjót sín í hvirfilvindinum, já, þegar allt hans hagl og voldugur ^cstormur bylur á ykkur, mun það ekkert vald hafa til að draga ykkur niður í djúp vansældar og óendanlegs volæðis, vegna þess að það bjarg, sem þið byggðið á, er öruggur grundvöllur,

og ef menn byggja á þeim grundvelli, geta þeir ekki fallið.

13 Og svo bar við, að þetta voru þau orð, sem Helaman ^akenndi sonum sínum. Já, hann kenndi þeim margt, sem ekki er fært í letur, og einnig margt, sem fært er í letur.

14 Og þeir höfðu orð hans í huga, og þess vegna héldu þeir boðorð Guðs og fóru um og kenndu Guðs orð meðal allrar Nefíþjóðarinnar og byrjuðu í borginni Nægtarbrunni —

15 Og þaðan fóru þeir til borgarinnar Gíd, og frá borginni Gíd til borgarinnar Múlek —

16 Og jafnvel frá einni borg til annarrar, þar til þeir höfðu farið um meðal allrar Nefíþjóðarinnar, sem var í landinu í suðri. Og þaðan fóru þeir inn í Sarahemland, meðal Lamaníta.

17 Og svo bar við, að þeir prédikuðu af svo miklum krafti, að margir þeirra ^afráhverfinga, sem yfirgefið höfðu Nefíta, blygðuðust sín, stigu fram og játuðu syndir sínar og voru skírðir iðrunarskírni, og þeir sneru samstundis aftur til Nefíta og reyndu að bæta þeim það ranglæti, sem þeir höfðu framið.

18 Og svo bar við, að Nefí og Lehí prédikuðu fyrir Lamanítum með svona miklum krafti og valdi, því að þeim veittist kraftur og

9b Mósía 3:17–18.

LR Friðþægja, friðþæging.

c LR Endurleysa, endurleysstur, endurlausn.

d LR Heimur — Fólk sem

ekki heldur boðorð Guðs.

10a Al 11:34.

11a Al 13:24–25.

12a Matt 7:24–27;

K&S 6:34;

HDP Móse 7:53.

LR Bjarg;

Hyrningarsteinn.

b Jes 28:16;

Jakob 4:16.

c 3 Ne 14:25, 27.

13a Mósía 1:4.

17a He 4:4.

vald til að “tala, og þeim var einnig blásið í brjóst, hvað segja skyldi —

19 Þess vegna vakti mál þeirra mikla furðu Lamaníta og “sannfærði þá svo, að átta þúsund Lamanítar, sem voru í Sarahemlalandi og þar í grennd, skírðust iðrunarskírni og sannfærðust um ranglæti arfsagna fedra sinna.

20 Og svo bar við, að þaðan héldu þeir Nefí og Lehí til Nefílands.

21 Og svo bar við, að hermenn Lamaníta tóku þá og vörpuðu þeim í “fangelsi, já, í sama fangelsi og þjónar Limís höfðu varpað Ammon og bræðrum hans.

22 Og eftir að þeir höfðu verið marga daga fæðulausir í fangelsi, sjá, þá sóttu þeir þá í fangelsið til að drepa þá.

23 Og svo bar við, að Nefí og Lehí urðu sem umkringdir “eldi, jafnvel svo, að enginn vogaði sér að leggja hendur á þá af ótta við að brennast. Engu að síður hlutu Nefí og Lehí engan skaða af og stóðu sem í miðjum eldsloga og brenndust ekki.

24 Og þegar þeir sáu, að þeir voru umkringdir “eldstólpa og að hann brenndi þá ekki, jókst þeim kjarkur.

25 Því að þeir sáu, að Lamanítar dirfðust ekki að leggja hendur á þá, né voguðu þeir sér nærri þeim, heldur stóðu þeir mállausir af undrun.

26 Og svo bar við, að Nefí og Lehí stigu fram og tóku að mæla til þeirra og sögðu: Óttist ei, því að sjá. Það er Guð, sem hefur birt ykkur þetta undur, og með því er ykkur sýnt, að þið getið ekki lagt hendur á okkur og drepjið okkur.

27 Og sjá. Þegar þeir höfðu mælt þessi orð, skalf jörðin ákaflega og veggir fangelsisins nötruðu sem mundu þeir hrynja til jarðar. En sjá, þeir hrundu ekki. Og sjá. Þeir, sem í fangelsinu voru, voru Lamanítar og Nefítafráhverfingar.

28 Og svo bar við, að “skýsorti yfirskyggði þá og hræðilegur, nístandi ótti kom yfir þá.

29 Og svo bar við, að þeim barst “rödd, sem væri hún ofar skýsortanum, er sagði: Iðrist, iðrist, og reynið ei frammar að tortíma þjónum mínum, sem ég hef sent yður til að boða góð tíðindi.

30 Og svo bar við, að þegar þeir heyrðu þessa rödd og gjörðu sér ljóst, að það var ekki þrumuraust, né var það sterk og hávær rödd, en sjá, heldur var það “hljóðlát rödd, full af mildi, sem væri hún hvísl. Og hún smaug inn í sjálfa sálina —

31 En þrátt fyrir mildi raddarinnar skalf jörðin ákaflega, og veggir fangelsisins nötruðu enn, sem mundu þeir hrynja til jarðar. Og sjá. Skýsortinn, sem yfirskyggði þá, hvarf ekki —

32 Og sjá. Enn heyrðist röddin

18a K&S 100:5–8.
LR Spádómur, spá.
19a LR Trúboðsverk;
Trúskipti,
trúskiptingur.

21a Mósía 7:6–7; 21:23.
23a 2 Mós 3:2.
24a 2 Mós 14:24;
1 Ne 1:6;
K&S 29:12;

JS — S 1:16.
28a 2 Mós 14:20.
29a 3 Ne 11:3–14.
30a 1 Kon 19:12;
K&S 85:6.

og sagði: Iðrist, iðrist, því að himnaríki er í nánd. Og reynið ekki frammar að tortíma þjónum mínum. Og svo bar við, að jörðin skalf á ný og veggirnir nötruðu.

33 Og enn hið þriðja sinn heyrðist röddin og mælti fram undursamleg orð, sem enginn maður má mæla. Og enn nötruðu veggirnir og jörðin skalf, sem væri hún að klofna.

34 Og svo bar við, að Lamanítarnir gátu ekki flúið vegna skýsortans, sem yfirskyggði þá. Já, og einnig fengu þeir sig hvergi hrært vegna óttans, sem þeir voru gripnir.

35 Einn þeirra var Nefíti að kyni, sem eitt sinn hafði tilheyrt kirkju Guðs, en horfið frá henni.

36 Og svo bar við, að hann sneri sér við, og sjá! Gegnum skýsortann sá hann andlit Nefís og Lehís, og sjá! Það „geislaði af þeim sem af andlitum engla. Og hann sá, að þeir hófu augu sín til himins. Og svo virtist sem þeir töluðu eða hæfu raust sína til einhverrar veru, sem þeir sæju.

37 Og svo bar við, að þessi maður hrópaði til mannfjöldans að snúa sér við og líta á. Og sjá. Þeim veittist kraftur til að snúa sér við og líta á. Og þeir sáu andlit Nefís og Lehís.

38 Og þeir spurðu manninn: Sjá, hvað tákna allt þetta, og við hvern eru þessir menn að tala?

39 Nafn mannsins var Amínadab.

Og Amínadab svaraði þeim: Þeir eru að tala við engla Guðs.

40 Og svo bar við, að Lamanítar spurðu hann: „Hvað getum við gjört, svo að þessum skýsorta verði bægt frá oss?

41 Og Amínadab svaraði þeim: Þið verðið að „iðrast og ákalla röddina, já, þar til þið hafið ^btrú á Kristi, sem Alma, Amúlek og Seesrom sögðu ykkur frá. Og þegar þið gjörið það, mun skýsortinn hverfa frá ykkur.

42 Og svo bar við, að þeir tóku allir að ákalla rödd þess, sem hrist hafði jörðina. Já, þeir hrópuðu þar til skýsortinn var horfinn.

43 Og svo bar við, að þegar þeir litu upp og sáu, að skýsortinn var horfinn, sjá, þá sáu þeir, að þeir voru „umkringdir, já, hver sála var umkringd eldstólpa.

44 Og Nefí og Lehí voru mitt á meðal þeirra. Já, þeir voru umkringdir, já, þeir voru sem í miðjum eldsloga, en þó varð þeim ekki meint af, né heldur brenndi hann veggi fangelsisins. Og þeir voru fullir ólýsanlegrar „gleði og fullir dýrðar.

45 Og sjá. Hinn „heilagi andi Guðs kom niður frá himni og inn í hjörtu þeirra, og þeir fylltust sem af eldi, og þeir gátu ^bmælt fram undursamleg orð.

46 Og svo bar við, að rödd barst þeim sem hvísl, já, unaðsleg rödd, er sagði:

47 „Friður, friður sé með yður

36a 2 Mós 34:29–35;
Post 6:15.
40a Post 2:37–39.
41a LR Iðrast, iðrun.

b LR Átrúnaður.
43a 3 Ne 17:24; 19:14.
44a LR Gleði.
45a 3 Ne 9:20;

Et 12:14.
b LR Gjafir andans.
47a LR Friður.

vegna trúar yðar á minn heittelsk-
aða, sem var til frá grundvöllun
veraldar.

48 Og þegar þeir heyrðu þetta,
litu þeir upp eins og til að sjá
hvaðan röddin kæmi. Og sjá. Þeir
sáu “himnana opnast. Og englar
komu niður af himni og þjónuðu
þeim.

49 Og það voru um þrjú hundruð
sálir, sem sáu og heyrðu þetta, og
þeim var boðið að fara og hvorki
undrast né heldur efast.

50 Og svo bar við, að þeir fóru
og kenndu fólkinu, boðuðu um öll
nærliggjandi héruð allt, sem þeir
höfðu heyrt og séð, þar til meiri
hluti Lamaníta hafði látið sann-
færast vegna hinnar miklu sönn-
unar, sem þeim hafði hlotnast.

51 Og allir þeir, sem “sannfærð-
ust, lögðu niður stríðsvopn sín
og einnig hatur sitt og arfsagnir
feðra sinna.

52 Og svo bar við, að þeir gáfu
Nefítum aftur eignarlönd þeirra.

6. KAPÍTULI

*Réttlátir Lamanítar prédika fyrir
ranglátum Nefítum — Báðar þjóðir
eru farsælar á tímum friðar og
nægta — Lúsifer, höfundur synd-
arinnar, vekur hjörtu hinna rang-
látu og Gadíantonræningjanna til
morða og ranglætis — Ræningjarnir
hrifsa til sín öll völd meðal Nefíta.
Um 29–23 f.Kr.*

Og svo bar við, að þegar sextug-
asta og öðru stjórnarári dómár-
anna lauk, hafði allt þetta átt sér
stað og meiri hluti Lamaníta var
orðinn réttlátur, jafnvel “réttlát-
ari en Nefítar, vegna þess hve
ákveðnir og staðfastir þeir voru
í trúnni.

2 Því að sjá. Margir Nefítanna
voru orðnir svo “harðir, þverúðar-
fullir og ranglátir, að þeir höfnuðu
orði Guðs og öllum prédikunum
og spádómum meðal þeirra.

3 Engu að síður glöddust menn
í kirkjunni mjög yfir trúskiptum
Lamaníta, já, yfir kirkju Guðs,
sem stofnuð hafði verið meðal
þeirra. Og þeir áttu “samfélag
hver við annan og glöddust
hver með öðrum og nutu mik-
illar gleði.

4 Og svo bar við, að margir Lam-
anítanna komu til Sarahemlalands
og skýrðu Nefítum frá því hvernig
“trúskipti þeirra bar að og hvöttu
þá til trúar og iðrunar.

5 Já, og margir prédikuðu með
miklum krafti og valdi, sem leiddi
marga niður í djúp auðmýktar og
gjörði þá að auðmjúkum fylgj-
endum Guðs og lambsins.

6 Og svo bar við, að margir Lam-
anítanna fóru til landsins í norðri,
en Nefí og Lehí fóru einnig til
“landsins í norðri til að prédika
fyrir fólkinu. Og þannig lauk sex-
tugasta og þriðja árinu.

7 Og sjá. Friður ríkti í öllu

48a 1 Ne 1:8.
51a Al 31:5.
6 1a He 13:1.

2a Róm 1:28–32.
3a LR Samfélag.
4a LR Trúskipti,

trúskiptingur.
6a Al 63:4–9;
He 3:11–12.

landinu, þannig að Nefítar fóru hvert á land sem þeir vildu, hvort heldur var meðal Nefíta eða Lamaníta.

8 Og svo bar við, að Lamanítar fóru einnig hvert sem þeir vildu, hvort heldur var meðal Lamaníta eða Nefíta. Og þannig voru samskipti þeirra frjáls, þeir gátu keypt, selt og hagnast að eigin vild.

9 Og svo bar við, að bæði Lamanítar og Nefítar auðguðust mjög, og þeir áttu afar mikið af gulli og silfri og alls kyns dýrmætum málmum, bæði í landinu í suðri og landinu í norðri.

10 Landið í suðri nefndist Lehí, en landið í norðri nefndist "Múlek eftir syni Sedekía, því að Drottinn leiddi Múlek inn í landið í norðri, en Lehí inn í landið í suðri.

11 Og sjá. Alls kyns gull var í báðum þessum löndum og silfur og alls kyns dýrmætt málmgrýti. Og einnig voru þar hagleiksmenn á alls kyns málma og málmbræðslu. Og þannig urðu þeir auðugir.

12 Þeir ræktuðu gnægð korns, bæði í norðri og suðri, og þeim vegnaði mjög vel, bæði í norðri og suðri. Þeim fjölgaði, og þeir urðu mjög öflugir í landinu. Og þeir ólu upp búfjárhjarðir og hópa, já, fjöld alifjár.

13 Sjá, konur þeirra unnu og spunnu alls kyns klæði, fínlega ofið lín og annað klæði til að hylja nekt sína. Og þannig leið einnig sextugasta og fjórða árið í friði.

14 Og á sextugasta og fimmta árinu nutu þeir einnig mikillar gleði og friðar, já, og mikillar prédikunar og margra spádóma um það, sem koma átti. Og þannig leið sextugasta og fimmta árið.

15 Og svo bar við, að á sextugasta og sjötta stjórnarári dómaranna, sjá, þá vó einhver ókunnugur maður "Sesóram, þar sem hann sat í dómarsætinu. Og svo bar við, að þetta sama ár var sonur hans, sem þjóðin hafði tilnefnt í hans stað, einnig myrtur. Og þannig lauk sextugasta og sjötta árinu.

16 Og í byrjun sextugasta og sjöunda árs gjörðist þjóðin afar ranglát á ný.

17 Því að sjá. Drottinn hafði blessað fólkið svo lengi með auðæfum heimsins, að það hafði hvorki látið egna sig til reiði, styrjalda né blóðsúthellinga. Þess vegna beindist ást fólksins að eigin auðæfum. Já, það tók að sækjast eftir gróða og mannvirðingum og fremja "launmorð og ræna og rupla í hagnaðarskyni.

18 Og sjá. Þessir morðingjar og ræningjar tilheyrðu flokki, sem Kiskúmen og "Gadíanton höfðu stofnað. Og nú var svo komið, að margir, jafnvel meðal Nefíta, tilheyrðu flokki Gadíantons. En sjá. Þeir voru fjölmennari meðal ranglátari hluta Lamaníta, og þeir nefndust ræningjar og morðingjar Gadíantons.

19 Og það voru þeir, sem myrt höfðu Sesóram yfirdómara og son

10a Mósía 25:2–4;
He 8:21.

15a He 5:1.
17a 3 Ne 9:9.

18a He 2:4, 12–13.

hans, þar sem þeir sátu í dómara-sætinu. Og sjá, þeir fundust ekki.

20 Og nú bar svo við, að þegar Lamanítum varð ljóst, að ræningjar voru meðal þeirra, urðu þeir ákaflega hryggir. Og þeir reyndu allt, sem í þeirra valdi stóð, til að útrýma þeim af yfirborði jarðar.

21 En sjá. Satan hafði þau áhrif á meiri hluta Nefíta, að þeir sameinuðust þessum ræningjaflokki og gengust undir sáttmála þeirra og eiða þeirra um að verja og vernda hver annan, sama hve erfiðar aðstæður þeirra kynnu að verða, svo að þeir þyrftu ekki að líða fyrir morð sín, rán og gripdeildir.

22 Og svo bar við, að þeir höfðu sín tákni, já, "leynitákni, og sín leyniorð til að auðkenna hvern bróður, sem gengist hafði undir sáttmálann, svo að bróðir skyldi ekki skaða bróður né nokkurn þann, sem tilheyrði flokknum og gjört hafði sáttmálann, sama hvaða ranglæti bróðir hans fremdi.

23 Og þannig gætu þeir myrt, rænt og stolið, drýgt hór og framið alls konar ranglæti, andstætt lögum landsins og einnig lögmaum Guðs þeirra.

24 Og ef einhver þeirra, sem flokknum tilheyrði, skyldi skýra heiminum frá "ranglæti þeirra og viðurstyggð, skyldi hann dæmdur, ekki eftir lögum landsins, heldur eftir hinum ranglátu

lögum þeirra, þeim sem Gadíanton og Kiskúmen höfðu sett.

25 Og sjá. Þetta eru þeir "leynieidar og sáttmálar, sem Alma bauð syni sínum að láta ekki berast heiminum, ella yrðu þeir þjóðinni til glötunar.

26 En sjá nú. Þessir "leynieidar og sáttmálar bærust ekki Gadíanton með heimildaskrá þeim, sem Helaman voru afhentar, heldur komust þeir inn í hjarta Gadíantons fyrir atbeina þeirrar ^bsömu veru, sem tældi fyrstu foreldra okkar til að neyta hins forboðna ávaxtar —

27 Já, veran var sú sama og lagði á ráðin við "Kain um það, að ef hann myrti bróður sinn, Abel, skyldi það ekki vitnast heiminum. Og veran var í ráðum með Kain og fylgjendum hans þaðan í frá.

28 Og þetta er einnig hin sama vera og fékk menn til að "reisa turn, það háan, að nægt gæti þeim til að komast til himna. Og það var sama veran, sem afvegaleiddi þá, sem frá þessum turni komu til þessa lands, sem breiddi myrkraverk og viðurstyggð um allt landið, þar til hún dró fólkið niður til ^balgjörarr tortímingar og ævarandi vítis.

29 Já, það er þessi sama vera, sem kom því inn hjá "Gadíanton að halda áfram myrkraverkum og launmorðum, og slíkt hefur hún gjört frá upphafi mannsins til þessa tíma.

22a LR Leynisamtök, samsæri.

24a LR Ranglátur, ranglæti.

25a Al 37:27–32.

26a HDP Móse 5:29, 49–52.
b 3 Ne 6:28;

HDP Móse 4:6–12.

27a HDP Móse 5:18–33.

28a 1 Mós 11:1–4;
Et 1:3.

b Et 8:9, 15–25.

29a He 2:4–13.

30 Og sjá. Vera þessi er ^ahöfundur allrar syndar. Og sjá. Hún heldur áfram myrkraverkum sínum og launmorðum. Og samsæri þeirra og eiða, sáttmála þeirra og hræðileg og ranglát áform, lætur hún ganga frá kynslóð til kynslóðar, eftir því hve góðu taki hún nær á hjörtum mannanna barna.

31 Og sjá nú. Hún hafði náð góðu taki á hjörtum Nefíta, já, svo góðu, að þeir voru orðnir mjög ranglátir. Já, meiri hluti þeirra hafði snúið af vegi réttlætis og ^afótumtroðið boðorð Guðs og gekk sinn eigin veg og reisti sér skurðgoð úr gulli sínu og silfri.

32 Og svo bar við, að allar þessar misgjörðir þróuðust meðal þeirra á ^a“nokkrum árum, þannig að meiri hluti þeirra átti sér stað á sextugasta og sjöunda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

33 Og misgjörðir þeirra jukust einnig á sextugasta og áttunda árinu, hinum réttlátu til mikillar hryggðar og angurs.

34 Og þannig sjáum við, að Nefítum tók að hnigna í eigin vantrú og ranglæti og viðurstyggð óx, meðan Lamanítar uxu mjög í þekkingu á Guði sínum. Já, og þeir tóku að halda reglur hans og boð og ganga í sannleika og grandvarleika frammi fyrir honum.

35 Og þannig sjáum við, að andi Drottins tók að ^adraga sig í hlé frá Nefítum vegna ranglætis þeirra og hjartahörku.

36 Og þannig sjáum við, að Drottinn tók að úthella anda sínum yfir Lamaníta, vegna þess að þeir voru fúsir til og áttu auðvelt með að trúá orðum hans.

37 Og svo bar við, að Lamanítar leituðu Gadíantonræningjana uppi og boðuðu Guðs orð fyrir hinum ranglátari meðal þeirra, þannig að ræningjaflokknum var algjörlega útrýmt meðal Lamaníta.

38 Og svo bar við, að á hinn bóginn efldu Nefítar þá og studdu, í fyrstu meðal hins ranglátari hluta þeirra, þar til þeir breiddust út um allt land Nefíta og tældu meiri hluta hinna réttlátu til trúar á verk sín og þátttöku í ránum sínum og aðildar að launmorðum sínum og samsærum.

39 Og þannig hrifsuðu þeir til sín öll völd og sneru baki við hinum ^afátæku og hógværu og auðmjúku fylgjendum Guðs og tróðu þá undir fótum sér, lustu þá og sundurtættu.

40 Og þannig sjáum við, að ástand þeirra var hörmulegt, þeir voru á ^agóðri leið til ævarandi tortímingar.

41 Og svo bar við, að þannig lauk sextugasta og áttunda stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

30a Al 5:39–42;
Moró 7:12, 17;
HDP Móse 4:4.
31a 1 Ne 19:7.

32a Al 46:8.
35a Mósía 2:36;
K&S 121:37.
39a Sálm 109:16;

Al 5:54–56;
K&S 56:16.
40a He 5:2; 11:37;
K&S 18:6.

SPÁDÓMAR NEFÍS, SONAR HELAMANS — Guð hótar Nefíþjóðinni því, að hann muni vitja hennar í reiði sinni, henni til algjörRAR tortímingar, ef hún iðrist ekki ranglætis síns. Guð lýstur Nefíþjóðina með drepsótt. Hún iðrast og snýr til hans. Lamanítinn Samúel spáir fyrir Nefítum.

Nær yfir 7. til og með 16. kapitula.

7. KAPÍTULI

Í norðri er Nefí hafnað og hann snýr aftur til Sarahemla — Hann biðst fyrir úr garðturni sínum og kallar síðan fólkið til iðrunar, ella muni það farast. Um 23–21 f.Kr.

SJÁ. Nú bar svo við á sextugasta og níunda stjórnarári dómaraanna yfir Nefíþjóðinni, að Nefí, sonur Helamans, “sneri aftur til Sarahemlalands úr landinu í norðri.

2 Því að hann hafði verið á meðal fólksins í norðri og boðað því orð Guðs, og hann spáði fyrir því um margt —

3 En fólkið hafnaði öllum orðum hans, þannig að hann gat ekki dvalið meðal þess, heldur sneri aftur til ættlands síns.

4 Og hann kom að þjóðinni syndum spilltri, og Gadíantonræningjarnir sátu í dómara-sætinu — þeir höfðu sölsað undir sig alla stjórn og allt vald í landinu. Þeir virtu boðorð Guðs að vettugi og gjörðu ekkert, sem rétt var fyrir honum, og þeir

sýndu mannanna börnum enga réttvísi —

5 Þeir dæmdu hina réttlátu fyrir réttlæti þeirra, en hinum seku og ranglátu var látið óhegnt vegna peninga þeirra. Þeir héldu jafnframt valdamiklum embættum til að geta stjórnað og breytt að eigin vild, til að hagnast á því og hljóta dýrð “heimsins og enn fremur til að eiga auðveldara með að drýgja hór, stela, myrða og breyta að eigin vilja —

6 Þetta mikla siðleysi hafði komið yfir Nefíta á fáeinum árum. Og þegar Nefí sá það, fylltist hann hryggð í hjarta sínu og hrópaði í sálarangist:

7 Ó, að ég hefði mátt lifa á dögum Nefís föður míns, þegar hann fyrst kom frá landi Jerúsalem, að ég hefði mátt gleðjast með honum í fyrirheitna landinu! Þá var auðvelt að fást við fólk hans, það hélt boðorð Guðs af staðfestu og var tregt til að láta leiðast til misgjörða. Og það var fljótt til að hlýða á orð Drottins —

8 Já, hefði ég lifað á þeim dögum, hefði sál mín glaðst yfir réttlæti bræðra minna.

9 En sjá. Mér er úthlutað þessum dögum, og það er hlutskipti mitt, að sál mín fyllist hryggð yfir ranglæti bræðra minna.

10 Og sjá. Nú bar svo við, að Nefí hafði kropsið uppi á turni einum í garði sínum, sem lá að þjóðveginum til aðalmarkaðarins í Sarahemlaborg, já, hann

hafði kropið uppi á turni á garði sínum, en turninn var einnig nærri garðshliðinu, sem sneri út að þjóðveginum.

11 Og svo bar við, að nokkrir menn fóru hjá og sáu Nefí, þar sem hann opnaði Guði sál sína uppi á turninum. Og þeir hlupu og sögðu fólkinu frá því, sem þeir höfðu séð, og fólkið safnaðist saman í hópum til að fá að vita ástæðu þessarar miklu hryggðar yfir ranglæti þjóðarinnar.

12 Og þegar Nefí reis nú á fætur, sá hann mannfjöldann, sem safnast hafði saman.

13 Og svo bar við, að hann lauk upp munni sínum og sagði við þau: Sjá, "hvers vegna hafið þið safnast saman? Til þess, að ég gæti sagt ykkur frá misgjörðum ykkar?"

14 Já, því að ég hef farið upp á turn minn til að opna sál mína fyrir Guði mínum vegna djúprar hryggðar minnar yfir misgjörðum ykkar —

15 Og vegna hryggðar minnar og harmakveina hafið þið safnast saman, og þið undrist. Já, og þið hafið mikla ástæðu til að undrast. Já, þið ættuð að undrast, því að þið eruð ofurseld, þannig að djöfullinn hefur náð svo sterkum tókum á hjörtum ykkar.

16 Já, hvernig gátuð þið látið undan freistingum þess, sem leitast við að steypa sálum ykkar í ævarandi vansæld og óendanlegt volæði?

17 Ó, iðrist, iðrist. "Hví viljið þið deyrja? Snúið ykkur, snúið ykkur til Drottins Guðs ykkar. Hvers vegna hefur hann yfirgefið ykkur?"

18 Það er vegna þess, að þið hafið hert hjörtu ykkar. Já, þið viljið ekki hlusta á rödd "góða hirðisins. Já, þið hafið ^bvakið reiði hans gegn ykkur.

19 Og sjá. Í stað þess að ^asameina ykkur, sjá, þá mun hann tvístra ykkur, svo að þið verðið hundum og villidýrum að bráð, ef þið iðrist ekki.

20 Ó, hvernig gátuð þið gleymt Guði ykkar, einmitt á sama tíma og hann varðveitti ykkur?

21 En sjá. Það gerðuð þið til að hagnast á því og hljóta lof manna, já, og til að hljóta gull og silfur. Og hjörtu ykkar eru helguð auðæfum og hégóma þessa "heims, þeirra vegna myrðið þið, rænið, stelið og berið ^bljúgvitni gegn náunga ykkar og fremjið alls konar misgjörðir.

22 Og vei sé ykkur af þeim sökum, ef þið iðrist ekki. Því að ef þið iðrist ekki, sjá, þá mun þessi mikla borg og einnig allar þessar miklu borgir hér í grennd, hér á eignarlandi okkar, verða burt teknar, svo að þið finnið þar ekkert athvarf. Því að sjá. Drottinn mun ekki veita ykkur ^astyrk til að standa gegn óvinum ykkar, eins og hann hefur hingað til gjört.

23 Því að sjá. Svo segir Drottinn:

13a Matt 3:5–8.
17a Esek 18:23, 31–32.
18a Esek 34:12;
Jóh 10:14–16;

Al 5:38–41, 57–60.
LR Góði hirðirinn.
b Jakob 1:8; Al 12:36–37.
19a 3 Ne 10:4–7.

21a LR Veraldarhyggja.
b 2 Mós 20:16;
Matt 15:19–20.
22a Mósía 7:29.

Ég mun ekki sýna hinum ranglátu styrk minn, einum fremur öðrum, nema þeim, sem iðrast synda sinna og hlýða á orð mín. Þess vegna vil ég, að þið vitið, bræður mínir, að "bærilegar verður Lamanítum en ykkur, ef þið iðrist ekki.

24 Því að sjá. Þeir eru réttlátari en þið, því að þeir hafa ekki syndgað gegn þeirri miklu vitneskju, sem þið hafið hlotið, og þess vegna mun Drottinn verða þeim miskunnsamur. Já, hann mun "lengja daga þeirra og fjölga niðjum þeirra, já, á sama tíma og ykkur mun gjörsamlega ^btortímt, ef þið iðrist ekki.

25 Já, vei sé ykkur vegna hinnar miklu viðurstyggðar, sem meðal ykkar er. Og þið hafið sameinast henni, já, þessum "leyniflokki, sem Gadíanton stofnaði!

26 Já, "vei sé ykkur vegna hrokans, sem þið hafið látið ná tökum á hjörtum ykkar og sem hefur hreykt ykkur yfir það, sem gott er, vegna mikilla ^bauðæfa ykkar!

27 Já, vei sé ykkur vegna ranglætis ykkar og viðurstyggðar!

28 Og ef þið iðrist ekki, munuð þið farast. Já, jafnvel lönd ykkar verða frá ykkur tekin, og ykkur mun tortímt af yfirborði jarðar.

29 En sjá. Af sjálfum mér segi ég ekki, að svo verði, vegna þess að af sjálfum mér "veit ég þetta ekki. En sjá. Ég veit, að þetta er sannleikur, vegna þess að Drottinn

Guð hefur kunngjört mér það. Þess vegna ber ég því vitni, að þetta mun koma fram.

8. KAPÍTULI

Spilltir dómamarar reyna að egna fólkið gegn Nefí — Abraham, Móse, Senos, Senokk, Esías, Jesaja, Jeremía, Lehí og Nefí, allir vitnuðu þeir um Krist — Með innblæstri kunngjörir Nefí morð yfirdómarans. Um 23–21 f.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Nefí hafði mælt þessi orð, sjá, þá urðu nokkrir menn, sem voru dómamarar og tilheyrðu einnig leyniflokki Gadíantons, reiðir og hrópuðu gegn honum til fólksins: Hvers vegna grípið þið ekki þennan mann og leiðið hann fram, svo að hann verði dæmdur fyrir þann glæp, sem hann hefur framið?

2 Hvers vegna horfið þið og hlustið á þennan mann úthúða þessari þjóð og lögum okkar?

3 Því að sjá. Nefí hafði talað við þá um spillingu laga þeirra. Já, margt hafði Nefí sagt, sem ekki er unnt að færa í letur, en ekkert sagði hann, sem andstætt var boðorðum Guðs.

4 Og þessir dómamarar voru honum reiðir, vegna þess að hann "talaði einarðlega við þá um leynileg myrkraverk þeirra, en þó vöguðu þeir sér ekki sjálfir að leggja hendur á hann, því að þeir óttuðust, að fólkið risi gegn þeim.

5 Þess vegna hrópuðu þeir til

23a He 15:11–15.

24a Al 9:16;

K&S 5:33.

b Al 9:19.

25a He 3:23.

26a Jes 5:8–25.

b Jakob 2:13.

29a Al 5:45–46.

8 4a 1 Ne 16:2–3.

fólksins og sögðu: Hvers vegna leyfið þið þessum manni að úthúða ykkur? Því að sjá. Hann dæmir alla þjóðina, jafnvel til tortímingar. Já, hann boðar einnig, að þessar miklu borgir okkar verði frá okkur teknar og að við munum ekkert athvarf eiga í þeim.

6 Nú vitum við, að slíkt er útilokað, því að sjá. Við erum öflugir og borgir okkar stórar, og þess vegna geta óvinir okkar ekkert vald haft yfir okkur.

7 Og svo bar við, að þannig egndu þeir fólkið til reiði gegn Nefí og ollu sundrungu meðal þess, því að nokkrir hrópuðu: Látið þennan mann í friði, því að hann er góður maður og það, sem hann segir, mun vissulega koma fram, ef við iðrumst ekki —

8 Já, sjá, allir þeir dómar, sem hann hefur vitnað um, munu koma yfir okkur. Því að við vitum, að hann hefur vitnað réttilega um misgjörðir okkar. Og sjá. Þær eru margar, og hann “veit eins vel allt, sem yfir okkur mun koma og um misgjörðir okkar —

9 Já, og sjá. Væri hann ekki spámaður, hefði hann ekki getað borið þessu vitni.

10 Og svo bar við, að óttinn hélt þeim, sem vildu tortíma Nefí, frá að leggja á hann hendur. Þess vegna hóf hann aftur að tala til þeirra, er hann sá, að hann hafði

hlotið slíka hylli hjá sumum, að hinir óttuðust.

11 Hann fann sig því knúinn til að halda áfram máli sínu og sagði: Sjá, bræður mínir. Hafið þið ekki lesið, að Guð gaf einum manni kraft, einmitt Móse, til að ljósta vötn “Rauðahafsins, og þau klofnuðu í báðar áttir, þannig að Ísraelsmenn, sem voru feður okkar, komust yfir á þurru landi, en vötnin lukust yfir heri Egypta og gleyptu þá?

12 Og sjá nú. Hafi Guð gefið þessum manni slíkan kraft, hvers vegna deilið þið þá ykkar á milli og segið, að hann hafi engan kraft gefið mér til að vita um dómána, sem yfir ykkur munu kveðnir, ef þið iðrist ekki?

13 En sjá. Þið afneitið ekki aðeins orðum mínum, heldur einnig öllum þeim orðum, sem feður okkar hafa talað, og einnig orðum þessa manns, Móse, sem var veittur slíkur kraftur, já, orðunum, sem hann hefur talað um komu Messíasar.

14 Já, bar hann því ekki vitni, að Guðssonurinn kæmi? Og á sama hátt og hann “lyfti upp eirorminum í eyðimörkinni, já, þannig mun honum, sem koma skal, verða lyft upp.

15 Og eins og allir þeir, sem litu til þessa eirorms fengu “lífi að halda, einmitt þannig skyldu allir þeir, sem líta mundu til

8a He 7:29.
11a 2 Mós 14:16;
1 Ne 17:26;
Mósía 7:19;
K&S 8:2–3;

HDP Móse 1:25.
14a 4 Mós 21:6–9;
2 Ne 25:20;
Al 33:19–22.
LR Jesús

Kristur — Tákn eða merki um Krist.
15a 1 Ne 17:41;
Al 37:45–47;
3 Ne 15:9.

Guðssonarins í trú, með sáriðr-
andi anda, fá ^blifað, já, því lífi,
sem eilíft er.

16 Og sjá. Móse vitnaði ekki einn
um þetta, heldur einnig “allir hinir
heilögu spámenn frá hans dögum
til daga Abrahams.

17 Já og sjá. “Abraham sá fyrir
komu hans, fylltist gleði og
fagnaði.

18 Já, og sjá. Ég segi ykkur, að
Abraham vissi ekki aðeins um
þetta, heldur og “margir fyrir daga
Abrahams, sem kallaðir voru eftir
^breglu Guðs, já, eftir reglu sonar
hans. Og þetta varð til þess að
sýna mönnum, mörg þúsund
árum fyrir komu hans, að sjálf
endurlausnin bærast þeim.

19 Og nú vil ég, að þið vitið, að
síðan á dögum Abrahams hafa
verið margir spámenn, sem hafa
vitnað um þetta. Já, sjá, spámað-
urinn “Senos vitnaði djarflega, en
fyrir það var hann drepinn.

20 Og sjá. Einnig vitnuðu “Sen-
okk og Esías, einnig ^bJesaja og
“Jeremía (Jeremía hinn sami spá-
maður og vitnaði um tortím-
ingu “Jerúsalem), og nú vitum
við, að Jerúsalem var tortímt í
samræmi við orð Jeremía. Hvers
vegna skyldi þá Guðssonurinn
ekki koma í samræmi við spá-
dóma hans?

21 Og viljið þið nú véfengja, að
“Jerúsalem var tortímt? Viljið þið
halda því fram, að ^bsynir Sedekía
hafi ekki verið drepnir, allir nema
“Múlek? Já, og sjáið þið ekki, að
niðjar Sedekía eru með okkur og
þeir voru hraktir úr landi Jerú-
salem? En sjá. Þetta er ekki allt —

22 Faðir okkar, Lehí, var hrakinn
frá Jerúsalem, vegna þess að hann
vitnaði um þetta. Nefi vitnaði
einnig um þetta og einnig allflestir
feðra okkar, allt til þessa tíma. Já,
þeir hafa vitnað um “komu Krists
og litið til hennar og hafa fagnað
yfir hans tíma, sem koma skal.

23 Og sjá. Hann er Guð, og hann
er með þeim, og hann opinberaði
sig þeim og endurleysti þá. Og
þeir vegsömuðu hann, vegna þess
sem koma skal.

24 Og sjá. Þið vitið þetta og
getið ekki afneitað því án þess
að segja ósatt. Þess vegna hafið
þið syndgað í þessu, því að þið
hafið afneitað öllu þessu, þrátt
fyrir þær mörgu sannanir, sem þið
hafið fengið. Já, þið hafið jafnvel
meðtekið “allt, bæði það, sem er á
himni og allt sem er á jörðu, sem
vitni um, að þetta er sannleikur.

25 En sjá. Þið hafið hafnað sann-
leikanum og “risið gegn heilögum
Guði ykkar. Og á þessari stundu
safnið þið ykkur heilagri reiði

15b Jóh 11:25.

16a Jakob 4:4–5; 7:11.

17a 1 Mós 22:8–14;

Jóh 8:56.

18a Al 13:19;

K&S 84:6–16; 136:37.

b LR Melkisedeksprest-
dæmi.

19a Al 34:7.

20a 1 Ne 19:10;

3 Ne 10:15–16.

LR Ritningar —

Glataðar ritningar.

b Jes 53.

c 1 Ne 5:13; 7:14.

d Jer 26:18; 1 Ne 1:4.

21a 2 Ne 6:8; Om 1:15.

b 2 Kon 25:7;

Jer 39:6; 52:10.

c Esek 17:22–23;

He 6:10.

22a LR Jesús Kristur —

Spádómar um fæðingu
og dauða Jesú Krists.

24a Al 30:44;

HDP Móse 6:63.

25a Mósía 2:36–38; 3:12.

fyrir dag ^bdómsins í stað þess að safna ykkur ^cfjárjóði á himni, þar sem ekkert spillist og ekkert óhreint fær inn komið.

26 Já, jafnvel á þessari stundu nálgast spilling ykkar hámark, ykkur til ævarandi tortímingar, vegna morða ykkar, ^asaurlífnaðar og ranglætis. Já, og ef þið iðrist ekki, mun dómur brátt felldur yfir ykkur.

27 Já, sjá. Hann vofir nú þegar yfir ykkur. Já, farið til dómarsætisins, leitið, og sjá. Dómari ykkar hefur verið myrtur, og hann ^aliggur í blóði sínu, og ^bbróðir hans, sem sækist eftir dómarsætinu, hefur myrt hann.

28 Og sjá. Þeir tilheyra báðir leyniflokki ykkar, en ^aupphafsmaður hans er Gadíanton og hinn illi, sem leitast við að tor-tíma sálum manna.

9. KAPÍTULI

Sendimenn finna yfirdómarann látinn við dómarsætið — Þeim er varpað í fangelsi en þeir síðar látnir lausir — Með innblæstri nefnir Nefí Seantum sem morðingjann — Sumir viðurkenna að Nefí sé spámaður. Um 23–21 f.Kr.

SJÁ, nú bar svo við, að þegar Nefí hafði mælt þessi orð, hlupu nokkrir menn, sem meðal þeirra voru, til dómarsætisins. Já, þeir voru fimm, sem fóru, og þeir sögðu sín á meðal á leiðinni:

2 Sjá. Nú munum við vita með vissu, hvort þessi maður er spámaður, og hvort Guð hefur boðið honum að spá svo undarlegum hlutum í okkar eyru. Sjá, við trúum ekki, að hann hafi gjört það. Já, við trúum ekki, að hann sé spámaður. En ef það, sem hann hefur sagt um yfirdómarann, er sannleikur, að hann sé látinn, þá munum við trúa því, að allt annað, sem hann sagði, sé sannleikur.

3 Og svo bar við, að þeir hlupu sem fætur toguðu og komu að dómarsætinu. Og sjá. Yfirdóm-arinn hafði fallið til jarðar og ^alá í blóði sínu.

4 Og sjá. Þegar þeir sáu þetta, urðu þeir svo furðu lostnir, að þeir féllu til jarðar, því að þeir höfðu ekki trúað orðum þeim, sem Nefí mælti um yfirdómarann.

5 En þegar þeir sáu, þá trúðu þeir og urðu slegnir ótta um það, að dómarnir, sem Nefí hafði talað um, mundu falla yfir þjóðina. Þess vegna skulfu þeir og féllu til jarðar.

6 Strax eftir að dómarnir hafði verið myrtur — bróðir hans hafði stungið hann á laun til bana og flúið, og þjónarnir hlupu til og sögðu fólkinu, hrópuðu, að morð hefði verið framið —

7 Og sjá. Menn flykkust að dómarsætinu — og sjá, sér til undrunar sáu þeir þessa fimm menn, sem fallið höfðu til jarðar.

8 Og sjá. Menn vissu ekkert um mannfjöldann, sem safnast hafði

25b K&S 10:20–23;
121:23–25.
c He 5:8;

3 Ne 13:19–21.
26a LR Saurlífnaður.
27a He 9:3, 15.

b He 9:6, 26–38.
28a He 6:26–30.
9 3a He 8:27.

saman við "garð Nefís. Þess vegna sögðu þeir sín á meðal: Þessir menn eru morðingjar dómarans, Guð hefur lostið þá, svo að þeir gátu ekki flúið frá okkur.

9 Og svo bar við, að þeir tóku þá og bundu og vörpuðu þeim í fangelsi. Og send var út tilkynning þess efnis, að dómarrinn hefði verið drepinn og morðingjarnir hefðu verið teknir og þeim varpað í fangelsi.

10 Og svo bar við, að næsta dag safnaðist fólk saman til að syrgja og "fasta við greftrun hins mikla yfirdómara, sem drepinn hafði verið.

11 Og þeir dómarrar, sem voru í garði Nefís og hlýddu á orð hans, komu einnig til greftrunarinnar.

12 Og svo bar við, að þeir spurðust fyrir meðal fólksins og sögðu: Hvar eru þessir fimm, sem sendir voru til að spyrjast fyrir um það, hvort yfirdómarrinn væri látinn? Og fólkið svaraði og sagði: Um þá fimm, sem þið segist hafa sent, vitum við ekkert, en morðingjunum fimm hefur verið varpað í fangelsi.

13 Og svo bar við, að dómarrarnir vildu láta leiða þá fram. Og þeir voru leiddir fram, og sjá. Þetta voru þeir fimm, sem höfðu verið sendir. Og sjá. Dómarrarnir spurðu þá um málið, og þeir skýrðu frá öllu, sem þeir höfðu gjört og sögðu:

14 Við hlupum og komum að dómstaðnum, og þegar við sáum, að allt var eins og Nefí hafði

vitnað um, urðum við svo furðu lostnir, að við féllum til jarðar. Og þegar við náðum okkur eftir undrunina, sjá, þá vörpuðu þeir okkur í fangelsi.

15 En við vitum ekki, hver myrti þennan mann. En svo mikið vitum við, að við hlupum á staðinn að ykkar ósk, og sjá, hann var dauður í samræmi við orð Nefís.

16 Og nú bar svo við, að dómarrarnir skýrðu málið fyrir fólkinu og hrópuðu gegn Nefí og sögðu: Sjá, við vitum, að þessi Nefí hlýtur að hafa samið við einhvern um að drepa dómarrann til þess að geta síðan sagt okkur það og snúið okkur til trúar sinnar og gjört sig að mikilmenni, Guðs útvöldum og spámanni.

17 En sjá nú. Við munum fletta ofan af þessum manni, og hann skal játa sekt sína og segja okkur, hver hinn rétti morðingi dómarrans er.

18 Og svo bar við, að fimm-menningunum var sleppt lausum á greftrunardaginn. Engu að síður andmæltu þeir orðum dómarranna gegn Nefí og deildu við þá, hvern af öðrum, þar til dómarrarnir urðu ráðþrota.

19 Þó létu þeir taka Nefí og binda og leiða hann fyrir mannfjöldann, og þeir tóku að spyrja hann á ýmsa vegu til að flækja hann í orðum sínum, svo að þeir gætu fundið hjá honum dauðasök —

20 Þeir sögðu við hann: Þú ert samsekur. Hver er maðurinn, sem

framið hefur þetta morð? Seg þú oss það og játa sekt þína. Og þeir sögðu: Sjá, hér eru peningar. Við munum einnig gefa þér líf, ef þú segir okkur þetta og viðurkennir samsærið, sem þú hefur gjört með honum.

21 En Nefí sagði við þá: Ó, þið „heimskingjar, þið óumskornu í hjarta, þið blindu og þrjúskufullu menn! Vitið þið, hve lengi Drottinn Guð ykkar mun leyfa, að þið haldið áfram á þessum syndavegi ykkar?

22 Ó, þið ættuð að byrja að kveina og „hryggjast yfir þeirri miklu tortímingu, sem nú bíður ykkar, ef þið iðrist ekki.

23 Sjá, þið segið, að ég hafi samið við einhvern mann um að myrða Seesóram, yfirdómara okkar. En sjá, ég segi ykkur, að þetta er vegna þess, að ég hef vitnað fyrir ykkur, til að ykkur veittist vitneskja um þessa hluti. Já, það er ykkur jafnframt til vitnis um það, að ég vissi um ranglæti það og viðurstyggð, sem meðal ykkar er.

24 Og vegna þess að ég gjörði það, segið þið mig hafa samið við einhvern mann um að gjöra þetta. Já, vegna þess að ég sýndi ykkur þetta tákni, eruð þið mér reiðir og reynið að tortíma lífi mínu.

25 Og sjá. Ég mun sýna ykkur annað tákni og sjá, hvort þið reynið þess vegna að tortíma mér.

26 Sjá, ég segi ykkur. Farið til húss Seantums, sem er „bróðir Seesórams og spyrjið hann —

27 Hefur Nefí, sem segist vera spámaður og spáir svo mörgu

illu fyrir þessari þjóð, samið við þig um, að þú myrtir Seesóram, bróður þinn?

28 Og sjá. Hann mun svara því neitandi.

29 Og þið skuluð spyrja hann: Hefur þú myrt bróður þinn?

30 Og hann mun verða óttasleginn og ekki vita, hvað segja skal. Og sjá. Hann mun neita því, og hann mun látast verða undrandi. Þó mun hann segja ykkur, að hann sé saklaus.

31 En sjá. Þið skuluð rannsaka hann, og þið munuð finna blóð á skikkjufaldi hans.

32 Og þegar þið hafið séð það, skuluð þið spyrja: Hvaðan kemur þetta blóð? Vitum við ekki, að það er blóð bróður þíns?

33 Og þá mun hann nötra og fölna, já, eins og dauðinn hafi komið yfir hann.

34 Og þá skuluð þið segja: Vegna óttans og fölvans, sem yfir andlit þitt hefur breiðst, sjá, þá vitum við, að þú ert sekur.

35 Og þá mun enn meiri ótti grípa hann. Og þá mun hann játa fyrir ykkur, en ekki lengur neita að hafa framið þetta morð.

36 Og þá mun hann segja ykkur, að ég, Nefí, viti ekkert um þetta mál, nema mér hafi veist sú vitneskja fyrir kraft Guðs. Og þá munuð þið vita, að ég er heiðvirður maður og að Guð hefur sent mig til ykkar.

37 Og svo bar við, að þeir fóru og gjörðu eins og Nefí hafði sagt þeim. Og sjá, orðin, sem hann mælti, voru

21a Post 7:51.
b LR Uppreisl.

22a Mósía 7:24.
26a He 8:27.

sönn, því að í samræmi við orðin neitaði hann og í samræmi við orðin játaði hann einnig.

38 Og hann var látinn sýna, að hann var sjálfur morðinginn, en hinum fimm var gefið frelsi ásamt Nefí.

39 Og nokkrir Nefítanna trúðu orðum Nefís, og einnig trúðu nokkrir vegna vitnisburðar hinna fimm, því að þeir höfðu snúist til trúar, meðan þeir voru í fangelsinu.

40 Og nú voru nokkrir meðal þjóðarinnar, sem sögðu, að Nefí væri spámaður.

41 En aðrir sögðu: Sjá, hann er guð, því að ef hann væri ekki guð, gæti hann ekki vitað allt þetta. Því að sjá. Hann segir okkur hugsanir okkar og fleiri hluti. Já, hann hefur gefið okkur vitneskju um hinn raunverulega morðingja yfirdómara okkar.

10. KAPÍTULI

Drottinn veitir Nefí innsíglunarvaldið — Hann fær vald til að binda og leysa á jörðu og himni — Hann býður fólkinu að iðrast eða farast — Andinn hrífur hann frá einum mannfjölda til annars. Um 21–20 f.Kr.

Og svo bar við, að ágreiningur varð meðal fólksins, svo að það dreifðist hingað og þangað, fór leiðar sinnar og skildi Nefí eftir einan, þar sem hann stóð mitt á meðal þess.

2 Og svo bar við, að Nefí gekk í átt að húsi sínu og “íhugaði það, sem Drottinn hafði sýnt honum.

3 Og svo bar við, að meðan hann var þannig niðursokkinn í hugsanir sínar — mjög niðurbeygður vegna ranglætis Nefíþjóðarinnar, myrkraverka hennar og morða, gripdeilda og alls konar misgjörða — og svo bar við, að meðan hann var þannig að íhuga með sjálfum sér, sjá, þá barst honum rödd, er sagði:

4 Blessaður ert þú Nefí, fyrir það, sem þú hefur gjört. Því að ég hef séð, að þú hefur “ótrauður boðað þessari þjóð orðið, sem ég gaf þér. Og þú hefur hvorki óttast þá né hirt um ^beigið líf, heldur leitað “vilja míns og haldið boðorð mín.

5 Og vegna þess að þú hefur unnið þannig af slíkri eljusemi, sjá, þá mun ég blessa þig að eilífu. Og ég mun gjöra þig máttugan í orði og verki, í trú og í dáðum, já, jafnvel svo, að “allt verði í samræmi við ^borð þitt, því að þú munt “ekki biðja um það, sem er andstætt vilja mínum.

6 Sjá, þú ert Nefí, og ég er Guð. Sjá, ég segi þér í viðurvist engla minna, að þú skalt hafa vald yfir þessari þjóð og skalt ljósta jörðina með ^ahungursneyð og drepsótt og tortímingu í samræmi við ranglæti þessarar þjóðar.

7 Sjá, ég gef þér vald, að hvað,

10 2a LR Íhuga, ígrunda.
4a LR Kostgæfni.
b LR Förn.

c 3 Ne 11:11.
5a 3 Ne 18:20;
K&S 88:63–65.

b Enos 1:12.
c 2 Ne 4:35; K&S 46:30.
6a He 11:4–18.

sem þú "bindur á jörðu, skal bundið vera á himni, og hvað, sem þú leysir á jörðu, skal leyst á himni. Og þannig skalt þú hafa vald meðal þessarar þjóðar.

8 Og ef þú segir, að þetta musteri muni klofna í tvennt, þá mun svo verða.

9 Og ef þú segir við þetta "fjall, hrynj þú niður og verð að jafnsléttu, þá mun svo verða.

10 Og sjá. Ef þú segir, að Guð muni ljósta þessa þjóð, þá mun svo verða.

11 Og sjá. Ég býð þér að fara og boða þessari þjóð, að svo segi Drottinn Guð, sem alvaldur er: Ef þér iðrist ekki, munuð þér verða lostin, já, til "tortímingar.

12 Og sjá. Nú bar svo við, að þegar Drottinn hafði mælt þessi orð til Nefís, staðnæmdist hann og fór ekki inn í hús sitt, heldur sneri aftur til mannfjöldans, sem dreifður var, og hóf að boða honum orðið, sem Drottinn hafði mælt til hans um tortímingu þeirra, ef þeir iðruðust ekki.

13 En sjá. Þrátt fyrir hið mikla kraftaverk Nefís, er hann sagði þeim frá dauða yfirdómarans, hertu þeir hjörtu sín og hirtu ekki um orð Drottins.

14 Þess vegna boðaði Nefí þeim orð Drottins og sagði: Svo segir Drottinn, að ef þið iðrist ekki, munuð þið lostin, já, til tortímingar.

15 Og svo bar við, að eftir að Nefí hafði boðað þeim orðið, sjá, þá hertu þeir enn hjörtu sín og vildu

ekki hlýða á orð hans. Þess vegna risu þeir gegn honum og leituðust við að leggja á hann hendur til að varpa honum í fangelsi.

16 En sjá. Kraftur Guðs var með honum, og þeir gátu ekki tekið hann höndum til að varpa honum í fangelsi, því að andinn hreif hann og flutti burt frá þeim.

17 Og svo bar við, að í andanum hélt hann þannig frá einum mannfjölda til annars og boðaði orð Guðs, já, þar til hann hafði boðað það öllum eða sent það út meðal fólksins.

18 Og svo bar við, að þeir vildu ekki hlýða á orð hans. Og deilur hófust, þannig að þeir sundruðust og tóku að drepa hver annan með sverði.

19 Og þannig lauk sjötugasta og fyrsta stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

11. KAPÍTULI

Nefí fær Drottin til að láta þá heldur líða hungursneyð en styrjaldir — Margir farast — Þeir iðrast og Nefí biður Drottin um regn — Nefí og Lehí fá margar opinberanir — Gadíantonræningjarnir styrkja stöðu sína í landinu. Um 20–6 f.Kr.

Og nú bar svo við á sjötugasta og öðru stjórnarári dómaranna, að deilur jukust svo, að styrjaldir urðu meðal allrar Nefíþjóðarinnar um gjörvallt landið.

2 Og það var þessi "leyniflokkur

7a Matt 16:19.
LR Innsigli, innsiglun.
9a Matt 17:20;

Jakob 4:6;
Morm 8:24;
Et 12:30.

11a He 5:2.
11 2a He 6:18–24;
11:25–26.

ræningja, sem hélt þessari tortímingu og þessu ranglæti áfram. Og styrjöldin hélst allt þetta ár og einnig á sjötugasta og þriðja árinu.

3 Og svo bar við, að þetta ár ákallaði Nefí Drottin og mælti:

4 Ó Drottinn! Lát ekki þessa þjóð tortímast fyrir sverði. Ó Drottinn! Lát heldur "hungursneyð verða í landinu til að vekja fólkið til minningar um Drottin Guð sinn, og ef til vill iðrast það og snýr sér til þín.

5 Og svo varð sem Nefí mælti. Og mikil hungursneyð varð í landinu meðal allrar Nefíþjóðarinnar. Og hungursneyðin hélt áfram á sjötugasta og fjórða árinu, og tortímingunni fyrir sverði linnu, en hún varð tilfinnanleg af hungursneyðinni.

6 Og þetta tortímingarverk hélt áfram á sjötugasta og fimmta árinu. Því að jörðin var lostin, svo að hún var þurr og bar ekkert korn á uppskerutímanum. Og öll jörðin var lostin, já, jafnt meðal Lamaníta sem Nefíta, og þeim var refsað, svo að þúsundir fórust í hinum ranglátari hluta landsins.

7 Og svo bar við, að menn sáu, að þeir voru um það bil að farast úr hungri, og þeir tóku að "minnast Drottins Guðs síns og einnig að minnast orða Nefís.

8 Og fólkið tók að biðja yfirdómara sína og leiðtoga að segja við Nefí: Sjá, við vitum, að þú ert maður Guðs. Bið því Drottin Guð okkar um að snúa þessari

hungursneyð frá okkur, svo að ekki rætist öll þau "orð, sem þú hefur sagt um tortímingu okkar.

9 Og svo bar við, að dómaramenn sögðu við Nefí það, sem um var beðið. Og svo bar við, að þegar Nefí sá, að þjóðin hafði iðrast og lítillætt sig í sekk og ösku, hrópaði hann enn til Drottins og sagði:

10 Ó Drottinn! Sjá, þjóð þessi iðrast, og þeir hafa sópað Gadíantonflokknunum burtu, svo að þeim hefur verið útrýmt og þeir hafa grafið leyniáform sín í jörðu.

11 Ó Drottinn! Vilt þú beina reiði þinni frá vegna auðmýktar þeirra, og láta reiði þína stillast við tortímingu þeirra ranglátu manna, sem þú hefur nú þegar tortímt.

12 Ó Drottinn! Vilt þú beina reiði þinni frá, já, brennandi reiði þinni, og láta þessari hungursneyð linna í þessu landi.

13 Ó Drottinn! Vilt þú hlusta á mig og láta svo verða sem ég bið og senda "regn á yfirborð jarðar, svo að hún megi bera ávöxt sinn og korn sitt á kornskurðartímanum.

14 Ó Drottinn! Þú heyrðir "orð mín, þegar ég sagði: Lát verða hungursneyð, svo að hörmungum af sverðs völdum linni. Og ég veit, að þú munt jafnvel á þessari stundu heyra orð mín, því að þú sagðir: Ef þessi þjóð iðrast, mun ég þyrma henni.

15 Já, ó Drottinn! Og þú sérð, að þeir hafa iðrast vegna

4a 1 Kon 17:1;
He 10:6.

7a He 12:3.
8a He 10:11–14.

13a 1 Kon 18:1, 41–46.
14a He 11:4.

hungursneyðarinnar, hörmunganna og tortímingarinnar, sem yfir þá hefur komið.

16 Ó Drottinn! Vilt þú nú beina reiði þinni frá og reyna enn, hvort fólkíð vill ekki þjóna þér? Og ef svo er, ó Drottinn, þá getur þú blessað það samkvæmt þeim orðum, sem þú hefur mælt.

17 Og svo bar við, að á sjötugasta og sjötta ári sneri Drottinn reiði sinni frá þjóðinni og lét “regn falla á jörðina, þannig að hún gaf af sér ávöxt á uppskerutíma sínum. Og svo bar við, að hún gaf af sér korn á kornskurðartíma sínum.

18 Og sjá. Þjóðin fagnaði og vegsamaði Guð, og mikill fögnuður varð um allt landið. Og fólkíð reyndi ekki frammar að tortíma Nefí, heldur mat hann sem “mikinn spámann og mann Guðs, sem fengið hafði mikinn kraft og vald frá Guði.

19 Og sjá. Lehí, bróðir hans, stóð honum “ekkert að baki, hvað réttlæti snerti.

20 Og þannig bar svo við, að Nefíþjóðinni tók aftur að vegna vel í landinu og hún hóf að byggja upp eyðistaði sína, og henni tók að fjölga, og hún breiddist út, þar til hún byggði allt landið, bæði til norðurs og suðurs, frá hafinu í vestri til hafsins í austri.

21 Og svo bar við, að sjötugasta og sjötta árinu lauk í friði. Og sjötugasta og sjöunda árið hófst í friði. Og “kirkjan breiddist um allt landið, og meiri hluti

fólksins, bæði Nefítar og Lamanítar, tilheyrði kirkjunni. Og fólkíð naut mikils friðar í landinu, og þannig lauk sjötugasta og sjöunda árinu.

22 Og það naut einnig friðar á sjötugasta og áttunda árinu, að undanskildum fáeinum deilum um kenningaratriði, sem spámenirnir höfðu sett fram.

23 En á sjötugasta og níunda ári hófust miklar erjur. En svo bar við, að Nefí og Lehí og margir bræðra þeirra, sem þekktu hinar sönnu kenningar, þar eð þeir fengu daglega margar “opinberanir, prédikuðu fyrir fólkinu, og þeim tókst að binda enda á ágreining þess þetta sama ár.

24 Og svo bar við, að á áttugasta stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni var nokkur hópur fráhverfinga frá Nefíþjóðinni, sem nokkrum árum áður hafði horfið yfir til Lamaníta og tekið sér nafn þeirra, og einnig ákveðinn hópur sannættaðra Lamaníta, sem þessir fráhverfingar höfðu egnt til reiði, og þess vegna hófu þeir stríð við bræður sína.

25 Og þeir myrtu og rændu, og héldu síðan aftur upp í fjöllin og út í óbyggðirnar til felustaða sinna og duldust þar, sem ekki var unnt að finna þá, og daglega bættust í hóp þeirra fleiri fráhverfingar, sem slógust í lið með þeim.

26 Og með tímanum, já, á aðeins nokkrum árum, urðu þeir mjög öflugur ræningjaflokkur.

17a 5 Mós 11:13–17.
18a He 10:5–11.

19a He 5:36–44.
21a LR Kirkja Jesú Krists.

23a Al 26:22;
K&S 107:19.

Og þeir kynntu sér öll leyni-
áform Gadíantons og urðu þannig
Gadíantonræningjar.

27 Sjá, þessir ræningjar ollu
miklum skaða, já, mikilli tortím-
ingu meðal Nefíþjóðarinnar og
einnig meðal Lamaníta.

28 Og svo bar við, að óhjá-
kvæmilegt varð að stöðva þetta
tortímingarstarf. Þess vegna
var lið sterkra manna sent út í
óbyggðirnar og upp til fjallanna
til að leita þessa ræningjaflokks
og útrýma honum.

29 En sjá. Svo bar við, að þetta
sama ár voru þeir hraktir til baka,
já, til síns eigin lands. Og þannig
lauk áttugasta stjórnarári dóm-
aranna yfir Nefíþjóðinni.

30 Og svo bar við, að í byrjun
áttugasta og fyrsta ársins fóru
þeir enn gegn þessum ræningja-
flokki, og þeim tókst að tortíma
mörgum, en biðu einnig sjálfir
mikið afhroð.

31 Og enn neyddust þeir til að
snúa aftur úr óbyggðunum og
fjöllunum og til síns eigin lands,
vegna hins mikla fjölda ræ-
ningja, sem herjuðu í fjöllunum
og óbyggðunum.

32 Og svo bar við, að þannig
lauk þessu ári. Og enn fjölgaði
ræningjunum og óx svo styrkur,
að þeir buðu öllum herjum Nefíta
og einnig Lamaníta birginn. Og
þeir ollu mikilli skelfingu meðal
fólks um gjörvallt landið.

33 Já, þeir vitjuðu margra lands-
hluta og leiddu yfir þá mikla

tortímingu. Já, þeir drápu marga
og fluttu aðra ánauðuga út í
óbyggðirnar, já, sérstaklega konur
þeirra og börn.

34 Þessi mikla hörmung, sem
yfir þjóðina lagðist vegna mis-
gjörða þeirra, vakti hana enn til
minningar um Drottin Guð sinn.

35 Og þannig lauk áttugasta og
fyrsta stjórnarári dómara-
nna.

36 Og á áttugasta og öðru árinu
tók fólkið enn að "gleyma Drott-
ni Guði sínum. Og á áttugasta og
þriðja ári eflist það í misgjörðum.
Og á áttugasta og fjórða árinu
bætti það ekki háttu sína.

37 Og svo bar við, að á áttug-
asta og fimmta ári óx hroki þess
og ranglæti stöðugt, og þannig
var það enn á hraðri leið til
tortímingar.

38 Og þannig lauk áttugasta og
fimmta árinu.

12. KAPÍTULI

*Menn eru ótraustir, hégómlegir og
skjótir til illverka — Drottinn agar
fólk sitt — Menn eru ekkert í sam-
anburði við kraft og vald Guðs —
Á degi dómsins munu menn öðlast
ævarandi líf eða ævarandi fordæm-
ingu. Um 6 f.Kr.*

Og þannig getum við séð, hve
breysk og óstöðug hjörtu mann-
anna barna eru. Já, við getum
séð, að Drottinn, í takmarkalausri
góðvild sinni, blessar þá og veitir
þeim "gengi, sem setja ^btraust sitt
á hann.

36a Al 46:8.
12 1a 2 Kro 26:5;

Sálm 1:2–3.
b Sálm 36:8–9;

2 Ne 22:2; Mósía 4:6.
LR Treysta.

2 Já, og við getum séð, að á sama tíma og hann veitir fólki sínu gengi, já, með því að auka uppskeru þess, hjarðir þess og búpening, og gull og silfur og alls kyns dýrmæta hluti og listmuni, þyrmir lífi þess og bjargar því úr höndum óvina sinna, mildar hjörtu óvina þess, svo að þeir segi því ekki stríð á hendur, já, í stuttu máli sagt, gjörir allt fólki sínu til velfarnaðar og hamingju, já, á þeirri sömu stundu “herðir það hjörtu sín og gleymir Drottni Guði sínum og ^btreður hinn heilaga undir fótum sér — já, og það vegna meðlætis síns og afar mikillar farsældar.

3 Og á þennan hátt sjáum við, að ef Drottinn “agar ekki fólk sitt með ýmsum þrengingum, já, ef hann vitjar þess ekki með dauða og skelfingu, með hungursneyð og alls kyns fári, þá ^bgleymir það honum.

4 Ó, hversu heimsk, og hve héggómleg, og ill og djöfulleg, og hversu “fljót til misgjörða og sein til góðverka mannanna börn eru! Já, hversu fljót þau eru að hlýða orðum hins illa og beina ^bhjörtum sínum að hégóma heimsins!

5 Já, hversu fljót þau eru að “hreykja sér hátt og miklast og til alls kyns misgjörða! Hversu

treg þau eru til að minnast Drottins Guðs síns og ljá ráðum hans eyra! Já, hversu treg þau eru til að ^bganga á vegi viskunnar!

6 Sjá. Þau þrá ekki, að Drottinn Guð þeirra, sem “skapaði þau, ^bstjórni og ríki yfir þeim. Og þrátt fyrir mikla gæsku hans og miskunnsemi í þeirra garð hafa þau að engu ráð hans og þiggja ekki leiðsögn hans.

7 Ó, hversu “einskisverð manna börn eru! Já, þau eru dufti jarðar síðri.

8 Því að sjá. Duft jarðar flyst hingað og þangað og greinist í sundur að boði okkar mikla og ævarandi Guðs.

9 Já, sjá. Hæðir og fjöll skjálfa og “nötra við raust hans.

10 Við “kraft raddar hans leysast þau upp og verða að jafnsléttu, já, jafnvel að dalverpi.

11 Já, við kraft raddar hans skelfur “öll jörðin —

12 Já, við kraft raddar hans hristast undirstöðurnar inn að innstu rótum.

13 Já, og ef hann segir jörðinni að hreyfast, þá hreyfist hún.

14 Já, ef hann segir við “jörðina: ^bFar aftur á bak, svo að dagurinn “lengist um margar stundir — þá verður svo —

15 Og þannig snýst jörðin öfugt að boði hans, og mannum

2a LR Fráhrarf.
b Al 5:53; 3 Ne 28:35.
3a Mósía 23:21;
K&S 98:21; 101:8.
b Amos 4:6–11.
4a 2 Mós 32:8.
b Matt 15:19;
Hebr 3:12.

5a Okv 29:23.
LR Drambsemi.
b LR Ganga, ganga með
Guði.
6a Jes 45:9; K&S 58:30;
HDP Móse 7:32–33.
b K&S 60:4.
7a Jes 40:15, 17;

Mósía 4:19;
HDP Móse 1:10.
9a 3 Ne 22:10.
10a 1 Ne 17:46.
11a Morm 5:23; Et 4:9.
14a Jós 10:12–14.
b Jes 38:7–8.
c 2 Kon 20:8–11.

virðist sem sólin standi kyrr. Já, og sjá, svo er það, því að vissulega er það jörðin sem snýst, en ekki sólin.

16 Og sjá einnig. Ef hann segir “vötnum hins mikla dýpis: ^bÞornið þið — þá verður svo.

17 Sjá. Ef hann segir við þetta fjall: Rís þú og ^akom þú og fall yfir þessa borg, svo að hún grafist niður — sjá, þá verður svo.

18 Og sjá. “Feli einhver fjársjóð í jörðu og Drottinn segir: ^bBölvun hvíli yfir honum vegna misgjörða þess, sem fól hann — sjá, þá er hann bölvaður.

19 Og segi Drottinn: Bölvun hvíli yfir þér, svo að enginn maður finni þig héðan í frá og að eilífu — sjá, þá nær enginn maður honum héðan í frá og að eilífu.

20 Og sjá. Ef Drottinn segir við manninn: Vegna misgjörða þinna skalt þú bölvaður vera að eilífu — þá verður svo.

21 Og ef Drottinn segir: Vegna misgjörða þinna skalt þú útilokaður úr návist minni — þá mun hann láta svo verða.

22 Og vei sé þeim, sem hann segir slíkt við, því að það verður sá, sem misgjörðir drýgir, og hann getur ekki frelsast. Þess vegna og í þeim tilgangi, að maðurinn megi frelsast, hefur iðrun verið boðuð.

23 Blessaðir eru því þeir, sem vilja iðrast og gefa gaum að rödd Drottins Guðs síns, því

að þetta eru þeir sem ^ahólpnir verða.

24 Og megi Guð í sinni miklu fullkomnun gefa, að menn verði leiddir til iðrunar og góðra verka og að þeir verði með ^anáð endurreistir til náðar, samkvæmt verkum sínum.

25 Og ég vildi, að allir menn mættu frelsast. En við lesum, að á hinum mikla og efsta degi, muni sumum verða vísað burt, já, vísað úr návist Drottins.

26 Já, sumir verða dæmdir til óendanlegrar vansældar, til uppfyllingar þeim orðum, er svo hljóða: Þeir, sem gott hafa gjört, skulu hljóta ^aævarandi líf, en þeir, sem illt hafa gjört, skulu hljóta ævarandi ^bfordæmingu. Og þannig er það. Amen.

Spádómur Lamanítans Samúels til Nefíta.

Nær yfir 13. til og með 15. kapitula.

13. KAPÍTULI

Lamanítinn Samúel segir fyrir um tortímingu Nefíta, ef þeir iðrist ekki — Bölvun mun hvíla á þeim og auðæfum þeirra — Þeir hafna spámönnunum og grýta þá, þeir eru umkringdir illum öndum og hamingjunnar leita þeir í misgjörðum. Um 6 f.Kr.

Og nú bar svo við, að á áttugasta og sjötta ári viðgekkst enn ranglæti meðal Nefíta, já, mikið

16a Matt 8:27.
b Jes 44:27; 51:10.
17a 3 Ne 8:10.
18a Morm 1:18;

Et 14:1.
b He 13:17.
23a LR Sáluhjálp, hjálpraði.
24a LR Náð.

26a Matt 25:46;
Jóh 5:28–29;
Róm 6:13.
b LR Fordæming.

ranglæti, en „Lamanítar gættu þess stranglega að halda boðorð Guðs samkvæmt lögmáli Móse.

2 Og svo bar við, að á þessu ári kom Lamaníti einn, Samúel að nafni, til Sarahemlalands og hóf að prédika fyrir fólkinu. Og svo bar við, að hann prédikaði í marga daga iðrun fyrir fólkinu, en það vísaði honum á bug, og hann var að því kominn að snúa til síns eigin lands.

3 En sjá. Rödd Drottins barst til hans og sagði honum að snúa til baka og spá fyrir fólkinu því, sem í „hjarta hans kæmi.

4 Og svo bar við, að honum var ekki leyft að koma inn í borgina. Hann fór þess vegna upp á múra hennar, rétti fram hönd sína og hrópaði hárrí röddu og spáði fyrir fólkinu því, sem Drottinn blés honum í brjóst.

5 Og hann sagði við það: Sjá. Ég Samúel, Lamaníti, mæli orð Drottins, sem hann blæs mér í brjóst. Og sjá. Hann hefur blásið mér í brjóst að segja þessum lýð, að „sverð réttvísinnar hangi yfir honum. Og fjögur hundruð ár munu ekki líða, áður en sverð réttvísinnar fellur yfir þennan lýð.

6 Já, mikil „tortíming bíður þessa lýðs, og hún mun vissulega vitja þessa lýðs, og ekkert fær bjargað honum nema iðrun og trú á Drottin Jesú Krist, sem vissulega mun koma í heiminn,

þola margt og deyddur verða fyrir lýð sinn.

7 Og sjá. „Engill Drottins hefur boðað mér þetta, og hann færði sálu minni ^bgleðitíðindi. Og sjá. Ég var sendur til yðar til að boða yður það einnig, svo að þér heyrðuð gleðitíðindin. En sjá. Þér vilduð ekki taka við mér.

8 Svo segir Drottinn þess vegna: Vegna hjartahörku Nefíta mun ég taka orð mitt frá þeim, ef þeir iðrast ekki, og ég mun „draga anda minn frá þeim, og ég mun ekki umbera þá lengur, og ég mun snúa hjörtum bræðra þeirra gegn þeim.

9 Og „fjögur hundruð ár verða ekki liðin áður en ég læt ljósta þá. Já, ég mun vitja þeirra með sverði og með hungursneyð og með plágum.

10 Já, ég mun vitja þeirra í brennandi reiði minni, og „fjórði ættliður óvina yðar mun lifa það að sjá algjöra tortímingu yðar. Og þetta mun vissulega verða, ef þér iðrist ekki, segir Drottinn. Og þeir, sem tilheyra fjórðu kynslóðinni, munu valda tortímingu yðar.

11 En ef þér viljið iðrast og „snúa til Drottins Guðs yðar, mun ég beina reiði minni frá yður, segir Drottinn. Já, svo segir Drottinn: Blessaðir eru þeir, sem iðrast vilja og snúa til mín, en vei þeim, sem ekki iðrast.

12 Já, „vei sé þessari miklu borg Sarahemla. Því að sjá. Það er vegna hinna réttlátu, sem henni

13 1a He 15:4–5.

3a K&S 100:5.

5a Al 60:29; 3 Ne 2:19.

6a Al 45:10–14; He 15:17.

7a Al 13:26.

b Jes 52:7.

8a He 6:35.

9a Al 45:10–12.

10a 1 Ne 12:12;

2 Ne 26:9; 3 Ne 27:32.

11a 3 Ne 10:5–7.

12a 3 Ne 8:8, 24; 9:3.

er hlíft. Já, vei sé þessari miklu borg, því að ég sé, segir Drottinn, að margir, já, jafnvel meiri hluti þessarar miklu borgar, munu herða hjörtu sín gegn mér, segir Drottinn.

13 En blessaðir eru þeir, sem vilja iðrast, því að þeim mun ég hlífa. En sjá. Væri það ekki fyrir hina réttlátu, sem í þessari miklu borg eru, sjá, þá mundi ég senda „eld frá himni og tortíma henni.

14 En sjá. Það er sakir hinna réttlátu, að henni er hlíft. En sjá. Sá tími kemur, segir Drottinn, að þegar þér vísið hinum réttlátu burt frá yður, þá eigið þér skilið að tortímast. Já, vei sé þessari miklu borg vegna ranglætisins og viðurstyggðarinnar, sem í henni er.

15 Já, og vei sé Gídeonsborg vegna ranglætisins og viðurstyggðarinnar, sem í henni er.

16 Já, og vei sé öllum nærliggjandi borgum, sem Nefítar eiga, vegna ranglætisins og viðurstyggðarinnar, sem í þeim er.

17 Og sjá. „Bölvun mun falla yfir landið, segir Drottinn hersveitanna, sakir fólksins, sem í landinu er, já, vegna ranglætis þess og viðurstyggðar.

18 Og svo skal verða, segir Drottinn hersveitanna, já, okkar mikli og sanni Guð, að hver sá, sem „felur fjársjóði í jörðu, mun aldrei aftur finna þá vegna hinnar miklu bölvunar yfir landinu, nema sá

hinn sami sé réttlátur maður og feli þá Drottni.

19 Því að ég vil, segir Drottinn, að þeir feli mér fjársjóði sína. Og bölvandi séu þeir, sem ekki fela mér fjársjóði sína, því að enginn felur mér fjársjóði sína nema hinir réttlátu. Og bölvandi sé sá, sem ekki felur mér fjársjóði sína, og einnig fjársjóðurinn, og enginn skal endurheimta hann vegna bölvunar landsins.

20 Og sá dagur kemur, að þeir munu fela fjársjóði sína, vegna þess að þeir hafa ofurselt hjörtu sín auði. Og vegna þess að hjörtu þeirra eru bundin auðæfum þeirra og þeir fela fjársjóði sína, þegar þeir flýja undan óvinum sínum, en vilja ekki fela mér þá, þá séu þeir bölvandi og einnig fjársjóðir þeirra. Og þann dag munu þeir lostnir, segir Drottinn.

21 Sjá. „Hlýðið á orð mín, þér íbúar þessarar miklu borgar. Já, gefið gaum að þeim orðum, sem Drottinn mælir. Því að sjá. Hann segir, að þér séuð bölvandi vegna auðæfa yðar og einnig, að auðæfi yðar séu bölvuð, vegna þess að hjörtu yðar eru bundin þeim og þér hafið ekki hlýtt á orð hans, sem gaf yður þau.

22 Þér minnst ekki Drottins Guðs yðar í því, sem hann hefur blessað yður með, en þér hafið ætíð „auðæfi yðar í huga og þakkið ekki Drottni Guði yðar fyrir þau. Já, hjörtu yðar beinast

13a 1 Mós 19:24;
2 Kon 1:9–16; 3 Ne 9:11.
17a He 12:18.

18a Morm 1:18;
Et 14:1.
21a LR Hlusta og hlýða á.

22a Lúk 12:34.
LR Auðugur, auður;
Veraldarhyggja.

ekki að Drottnei, heldur belgjast út af miklum ^bhroka, svo að þér gortið og hreykið yður hátt og hneigist til “öfundar, ófriðar, illgirni, ofsókna og morða og alls kyns misgjörða.

23 Af þeim sökum hefur Drottinn Guð látið bölvun falla yfir landið og einnig yfir auðæfi yðar, og það vegna misgjörða yðar.

24 Já, vei sé þessum lýð, því að sá tími er kominn, að þér “vísíð í burtu spámönnunum, hæðið þá, grýtið og drepíð, og beitið þá alls konar misgjörðum, já, eins og gjört var fyrrum.

25 Og þegar þér talið, þá segið þér: Ef vér hefðum lifað til forna á dögum “feðra vorra, hefðum vér ekki drepíð spámennina. Vér hefðum hvorki grýtt þá né vísað þeim í burtu.

26 Sjá. Þér eruð verri en þeir, svo sannarlega sem Drottinn lifir, því að ef “spámaður kemur meðal yðar og boðar yður orð Drottins, sem vitna um syndir yðar og misgjörðir, þá eruð þér honum ^breiðir og vísíð honum í burtu og reynið á allan hátt að tortíma honum. Já, þér munuð segja, að hann sé “falsspámaður og að hann sé syndari og frá djöflinum kominn, vegna þess að hann ^avitnar um, að verk yðar séu ill.

27 En sjá. Ef maður kemur meðal yðar og segir: Gjöríð þetta, það er engin misgjörð; gjöríð þetta, það

skaðar yður ekki — Já, hann mun segja: Gangið í eigin hjartahroka, já, gangið í hroka eigin augna og gjöríð hvað eina, sem hjarta yðar þráir — og komi maður meðal yðar og segi þetta, þá munuð þér taka á móti honum og segja, að hann sé “spámaður.

28 Já, þér munuð upphefja hann og gefa honum af efnum yðar. Þér munuð gefa honum af gulli yðar og silfri og klæða hann dýrindis klæðum. Og vegna þess að hann mælir “faguryrði til yðar og segir, að allt sé gott, munuð þér ekkert rangt sjá við hann.

29 Ó, þér rangláta og rangsnúna kynslóð. Þér harða og þrjúskufulla fólk. Hve lengi haldið þér, að Drottinn muni umbera yður? Já, hve lengi munuð þér láta leiðast af “heimsku og ^bblindu? Já, hve lengi munuð þér “velja myrkrið fram yfir “ljósið?

30 Já, sjá, reiði Drottins er nú þegar tendruð gegn yður. Sjá, hann hefur lagt bölvun yfir landið vegna misgjörða yðar.

31 Og sjá, sá tími kemur, að hann leggur bölvun yfir auðæfi yðar, svo að þau verða “hverful og þér fáíð ei haldið þeim. Og á tímum fátæktar yðar helst yður ekki á þeim.

32 Og á dögum fátæktar yðar munuð þér hrópa til Drottins, en til einskis munuð þér hrópa, því að eyðingin er þegar gengin í garð

22b LR Drambsemi.

c LR Öfund.

24a 2 Kro 36:15–16;

1 Ne 1:20.

25a Post 7:51.

26a 2 Kro 18:7;

Lúk 16:31.

b Jes 30:9–10.

c Matt 13:57.

d Gal 4:16.

27a Míka 2:11.

LR Prestaslægð.

28a 2 Tím 4:3–4.

29a 2 Ne 28:9.

b Matt 15:14.

c Jóh 3:19.

d Job 24:13.

31a Morm 1:17–18.

og tortíming yðar vís. Og þann dag munuð þér gráta og kveina, segir Drottinn hersveitanna. Og þá munuð þér harma og segja:

33 Ó, “að ég hefði iðrast og ekki drepið spámennina, ^bgrýtt þá og vísað þeim burt. Já, þann dag munuð þér segja: Ó, að vér hefðum minnst Drottins Guðs vors, þegar hann gaf oss auðæfi vor, og þá hefðu þau ekki orðið oss hverful og vér ekki glatað þeim. Því að sjá. Auðæfi vor eru horfin frá oss.

34 Sjá. Vér leggjum frá oss verkfæri, en að morgni er það horfið. Og sjá. Sverð vor eru frá oss tekin þann dag, er vér leitum þeirra fyrir orrustu.

35 Já, vér höfum falið fjársjóði vora, og þeir hafa runnið oss úr greipum vegna bölvunarinnar yfir landinu.

36 Ó, að vér hefðum iðrast þann dag, er orð Drottins barst oss. Því að sjá. Landið er bölvað og allt er orðið fallvalt, og ekkert fáum vér höndlað.

37 Sjá. Vér erum umkringd illum öndum. Já, vér erum umkringd þjónum þess, sem leitast hefur við að tortíma sálum vorum. Sjá, misgjörðir vorar eru miklar. Ó Drottinn! Getur þú ekki beint reiði þinni frá oss? Þannig munuð þér mæla á þeim tíma.

38 En sjá. “Reynsludagar yðar eru liðnir. Þér hafið ^bfrestað hjálpræðisdegi yðar, þar til það er ævinlega of seint og tortíming yðar

er fullvís. Já, því að þér hafið alla yðar daga sóst eftir því, sem þér gátuð ekki öðlast. Og þér hafið leitað ‘hamingjunnar í misgjörðum, sem andstæðar eru eðli þess réttlætis, sem felst í vorum mikla og eilífa leiðtoga.

39 Ó, íbúar þessa lands, að þér vilduð hlýða á orð mín. Og ég bið þess, að reiði Drottins verði beint frá yður, og að þér iðrist og látið frelsast.

14. KAPÍTULI

Samúel spáir birtu að nóttu til og nýrri stjörnu við fæðingu Krists — Kristur endurleysir menn frá stundlegum og andlegum dauða — Táknin um dauða hans verða m.a. þriggja daga myrkur, björg klofna og mikið umrót verður í náttúrunni. Um 6 f.Kr.

Og nú bar svo við, að Lamanítinn “Samúel spáði mörgu fleira, sem ekki er unnt að færa í letur.

2 Og sjá, hann sagði við þá: Sjá, ég gef yður tákn. Fimm ár munu enn líða, en sjá, þá kemur Guðssonurinn til að endurleysa alla þá, sem á nafn hans trúa.

3 Og sjá. Þetta gef ég yður sem “tákn við komu hans. Því að sjá, mikil ljós verða á himni, svo mikil, að nóttina fyrir komu hans mun ekkert myrkur verða, þannig að manningum virðist sem dagur sé.

4 Fyrir því verður einn dagur og nótt og dagur, sem væri það einn samfelldur dagur en engin nótt.

33a Morm 2:10–15.

b Matt 23:37.

38a Morm 2:15.

b Al 34:33–34.

c Al 41:10–11.

14 1a He 13:2.

3a 3 Ne 1:15.

Og þetta verður yður tákn, því að þér munuð vita, hvenær sól rís og hvenær hún sest. Þess vegna munuð þér vita með vissu, að um er að ræða tvo daga og eina nótt. Engu að síður verður nóttin eigi myrkvuð. En þetta verður nóttina áður en ^ahann fæðist.

5 Og sjá. Ný ^astjarna mun rísa, slík sem þér hafið aldrei áður séð, og hún skal einnig verða yður tákn.

6 Og sjá. Ekki er allt upp talið, mörg tákn og undur verða á himni.

7 Og svo ber við, að þér munuð öll verða furðu lostin og undrast, já, svo að þér ^afallið til jarðar.

8 Og svo ber við, að hver sem ^atrúa mun á Guðssoninn, sá hinn sami mun öðlast ævarandi líf.

9 Og sjá. Þannig hefur Drottinn boðið mér með engli sínum að koma og segja yður þetta. Já, hann hefur boðið mér að spá fyrir yður. Já, hann hefur sagt við mig: Hrópa til þessa fólks að iðrast og greiða Drottni veg.

10 Og vegna þess að ég er Lam-aníti og hef talað til yðar þau orð, sem Drottinn hefur boðið mér, og vegna þess, að þau eru hörð í yðar garð, eruð þér mér reiðir, reynið að tortíma mér og ^avísið mér burt frá yður.

11 En þér skuluð heyra orð mín,

því að í þeim tilgangi er ég kominn upp á múra þessarar borgar, að þér megið heyra og þekkja dóma Guðs, sem bíða yðar vegna misgjörða yðar, og einnig til þess, að þér megið þekkja skilmála iðrunarinnar —

12 Og einnig að þér megið vita um komu Jesú Krists, Guðssonarins, ^aföður himins og jarðar, skapara allra hluta frá upphafi, og að þér megið vita um táknin um komu hans, þannig að þér megið trúá nafn hans.

13 Og ef þér ^atrúið á nafn hans, þá munuð þér iðrast allra synda yðar og fáið þar með fyrirgefningu þeirra, fyrir ^bverðleika hans.

14 Og sjá enn. Annað tákn gef ég yður, já, tákn um dauða hans.

15 Því að sjá. Hann hlýtur að deyja, til þess að ^ahjálpæðið fái framgang. Já, óhjákvæmilegt verður og honum þóknanlegt, að hann deyi til að gjöra ^bupp-risu dauðra að veruleika og menn verði þar með leiddir í návist Drottins.

16 Já, sjá. Þessi dauði gjörir upp-risuna að veruleika og ^aendur-leysir allt mannkyn frá hinum fyrsta dauða — andlegum dauða. Því að með ^bfalli Adams ^cútilokast allt mannkyn úr návist Drottins og telst ^ddautt, bæði gagnvart því stundlega og andlega.

4a LR Jesús Kristur —
Spádómar um fæðingu
og dauða Jesú Krists.

5a Matt 2:1–2;
3 Ne 1:21.

7a 3 Ne 1:16–17.

8a Jóh 3:16.

10a He 13:2.

12a Mósía 3:8;
3 Ne 9:15; Et 4:7.

LR Jesús Kristur.

13a Post 16:30–31.

b K&S 19:16–20.

15a LR Frelsari.

b Al 42:23.

LR Upprisa.

16a LR Endurlausnaráæt-
lunin.

b LR Fall Adams og Evu.

c Al 42:6–9.

d LR Dauði, andlegur.

17 En sjá. Upprisa Krists ^aendurleysir mannkynið, já, allt mannkyn, og leiðir það aftur í návist Drottins.

18 Já, hún gjörir skilmála iðrunarinnar að veruleika, þannig að hver sá, sem iðrast, mun ekki niður höggvinn og á eld kastað, en hver sá, sem ekki iðrast, verður niður höggvinn og á eld kastað. Og yfir þá kemur á ný hinn andlegi dauði, já, hinn annar dauði, því að þeir útilokast á ný frá öllu, sem réttlætinu tilheyri.

19 Iðrist þess vegna, iðrist, svo að þér leiðið ekki yfir yður forðæmingu og þennan síðari dauða með því að vita þessa hluti en breyta ekki eftir þeim.

20 En sjá. Ég talaði við yður um annað ^atákn, tákn um dauða hans. Sjá, þann dag, þegar hann líður dauða, mun sólin ^bmyrkvast og neita að gefa yður birtu sína og einnig tunglið og stjörnur. Og ekkert ljós verður yfir öllu þessu landi, já, frá þeirri stundu, er hann líður dauða, og í ^cþrjá daga til þess tíma, er hann rís aftur frá dauðum.

21 Já, á þeirri stundu, er hann gefur upp andann, munu verða ^aþrumur og eldingar í margar stundir, og jörðin mun nötra og skjálfa, og björgin á yfirborði jarðar, bæði þau, sem eru á jörðu og undir, sem þér á þessari stundu vitið, að eru traust eða að mestu

úr einu föstu efni, þau munu ^bmolna sundur —

22 Já, þau munu klofna í sundur, og ætíð síðan ^asjást með rifur og sprungur og í molum um allt yfirborð jarðar, já, bæði á jörðu og undir.

23 Og sjá. Miklir fellibyljir verða og mörg fjöll munu lækkuð og verða sem dalir, og margir staðir, sem nú nefnast dalir, verða að afar háum fjöllum.

24 Og margir þjóðvegir rifna sundur, og margar ^aborgir falla í auðn.

25 Og margar ^agrafir munu opnast og láta af hendi marga af sínum dauðu, og margir heilagir munu birtast mörgum.

26 Og sjá. Svo hefur ^aengill sagt mér, því að hann sagði mér, að þrumur yrðu og eldingar í margar stundir.

27 Og hann sagði mér, að þetta myndi gerast á meðan þrumurnar og eldingarnar stæðu yfir og fellibylurinn, og að ^amyrkur mundi hylja gjörvallt yfirborð jarðar í þrjá daga.

28 Og engillinn sagði mér, að margir mundu sjá stærri hluti en þessa, til þess að þeir mættu trúá, að ^aþessi tákn og undur yrðu um allt landið og engin ástæða yrði til vantrúar meðal mannanna barna —

29 Og það til þess að hver sá, sem vill trúá, megi frelsast, og hver sá, sem ekki vill trúá, megi hljóta réttlátan ^adóm. Einnig, að

17a LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

20a 3 Ne 8:5–25.

b Lúk 23:44.

c Mósía 3:10.

21a 3 Ne 8:6.

b 3 Ne 10:9.

22a 3 Ne 8:18.

24a 3 Ne 9:3–12.

25a Matt 27:50–54;

3 Ne 23:9–11.

26a Al 13:26.

27a 1 Ne 19:10;

3 Ne 8:3.

28a 1 Ne 12:4–5.

29a LR Lokadómur.

séu menn dæmdir, þá leiða þeir sjálfir yfir sig sinn eigin dóm.

30 Og nú bræður mínir. Hafið hugfast og minnst þess, að hver, sem glatast, glatast sjálfum sér, og hver, sem illt gjörir, gjörir það sjálfum sér. Því að sjá, þér eruð ^afrjálsir, yður leyfist að breyta sjálfstætt. Því að sjá, Guð hefur gefið yður ^bþekkingu, og hann hefur gjört yður frjálsa.

31 Hann hefur gefið yður það að ^aþekkja gott frá illu, og hann hefur gefið yður að ^bvelja líf eða dauða. Og þér getið gjört gott og hlotið ^cendurreisn til þess, sem gott er, eða endurheimt hið góða. Eða þér getið gjört illt og endurheimt hið illa.

15. KAPÍTULI

Drottinn agar Nefíta vegna þess að hann elskar þá — Lamanítar sem snúast til trúar eru ákvæðnir og staðfastir í trú sinni — Drottinn verður Lamanítum miskunnksamur á síðari dögum. Um 6 f.Kr.

Og sjá, ástkæru bræður mínir. Ég segi yður, að ef þér iðrist ekki, munu hús yðar leggjast í ^aauðn.

2 Já, ef þér iðrist ekki, munu konur yðar hafa ærna ástæðu til að hryggjast á þeim degi, sem þær hafa börn sín á brjósti, því að þér munuð reyna að flýja en ekkert hæli finna. Já, og vei sé þeim,

sem ^abarnshafandi eru, því að þær verða þungar á sér og geta ekki flúið. Þær verða því troðnar niður og skildar eftir og farast.

3 Já, vei sé þessari þjóð, sem nefnist Nefíþjóðin, ef hún iðrast ekki, þegar hún sér öll þessi tákni og undur, sem verða sýnd henni, því að sjá. Hún hefur verið útvalin þjóð Drottins. Já, Nefíþjóðina hefur hann elskað og hann hefur einnig ^aagað hana. Já, á dögum misgjörða þjóðarinnar hefur hann agað hana, vegna þess að hann elskar hana.

4 En sjá, bræður mínir. Hann hefur fyrirlitið Lamaníta, vegna þess að breytni þeirra hefur stöðugt verið ill og það vegna syndsamlegra ^aarfsagna fedra þeirra. En sjá. Hjálpræðið hefur borist þeim með prédikunum Nefíta, og þess vegna hefur Drottinn ^blengt daga þeirra.

5 Og ég vildi, að þér sæjuð, að ^ameiri hluti þeirra fylgir vegi skyldunnar og gengur gætilega frammi fyrir Guði, og þeir gæta þess að halda boðorð hans, reglur og ákvæði, í samræmi við lögmál Móse.

6 Já, ég segi yður, að meiri hluti þeirra gjörir svo, og þeir kappkosta af óþreytandi elju að leiða aðra bræður sína til þekkingar á sannleikanum. Þess vegna bætist daglega við fjölda þeirra.

30a 2 Ne 2:26–29;
HDP Móse 6:56.
LR Sjálfræði.
b LR Þekking.
31a Moró 7:16.

b 2 Ne 2:28–29;
Al 3:26–27.
c Al 41:3–5.
15 1a Matt 23:37–38.
2a Matt 24:19.

3a Okv 3:12; Hebr 12:5–11;
K&S 95:1.
4a LR Arfsagnir.
b Al 9:16.
5a He 13:1.

7 Og sjá. Þér vitið sjálfir, því að þér hafið orðið vitni að því, að jafn margir þeirra og leiddir hafa verið til vitneskju um sannleikann og um ranglátar og viðurstyggi- legar arfsagnir feðra sinna og hafa verið leiddir til trúar á heilagar ritningar, já, spádóma hinna heil- ögu spámanna, sem skráðir eru og sem leiða þá til trúar á Drottin og til iðrunar, þeirrar trúar og iðrunar, sem ^aumbreytir hjörtum þeirra —

8 Þér vitið þess vegna sjálfir, að þeir sem svo langt komast, eru ^aákveðnir og staðfastir í trúnni og því, sem gjört hefur þá frjálssa.

9 Og þér vitið einnig, að þeir hafa ^agrafið stríðsvopn sín og þeir óttast að syndga, ef þeir taka þau upp aftur. Já, þér getið séð, að þeir óttast að syndga — því að sjá, þeir vilja heldur leyfa óvinum sínum að troða á sér og drepa sig og vilja ekki lyfta sverðum sínum gegn þeim, og það vegna trúar sinnar á Krist.

10 Og vegna staðfestu sinnar í því, sem þeir nú trúa á, og vegna staðfestu sinnar, þegar eitt sinn er búið að upplýsa þá, sjá, þá mun Drottinn blessa þá og lengja daga þeirra, þrátt fyrir misgjörðir þeirra —

11 Já, jafnvel þótt þeim hnigni í vantrú, mun Drottinn ^alengja daga þeirra, þar til sá tími kemur,

er feður vorir hafa talað um, og einnig spámaðurinn ^bSenos og margir aðrir spámenn, um ^cendur- reisn bræðra vorra, Lamanítanna, til þekkingar á sannleikanum —

12 Já, ég segi yður, að á síðari tímum munu ^afyrirheit Drottins ná til bræðra vorra, Lamaníta, og þrátt fyrir miklar þrengingar þeirra, þrátt fyrir að þeir verði ^bhraktir fram og aftur um yfir- borð jarðar, eltir, drepnir og þeim tvístrað, og þeir eigi hvergi at- hvarf, þá mun Drottinn verða þeim ^cmiskunnsamur.

13 Og samkvæmt spádóminum munu þeir á ný ^aleiddir til sannrar þekkingar, þekkingar á lausnara sínum og hinum mikla og sanna ^bhirði og teljast meðal sauða hans.

14 Þess vegna segi ég yður, ^abærilegar verður þeim en yður, ef þér iðrist ekki.

15 Því að sjá. ^aHefði þeim verið sýnd slík máttarverk sem yður hafa verið sýnd, já, þeim, sem hnignað hefur í vantrú vegna arf- sagna feðra sinna, þá getið þér sjálfir séð, að þeim hefði aldrei aftur hnignað í vantrú.

16 Þess vegna segir Drottinn: Ég mun ekki með öllu tortíma þeim, heldur snúa þeim á ný til mín á viskudegi mínum, segir Drottinn.

17 Og sjá nú, segir Drottinn um Nefíþjóðina. Ef þeir hvorki iðrast né gæta þess að fara að

7a LR Trúskipti, trúskiptingur.

8a Al 23:6; 27:27; 3 Ne 6:14.

9a Al 24:17–19.

11a Al 9:16.

b He 8:19.

c 2 Ne 30:5–8.

12a Enos 1:12–13.

b Morm 5:15.

c 1 Ne 13:31;

2 Ne 10:18–19;

Jakob 3:5–6.

13a 3 Ne 16:12.

b LR Góði hirðirinn.

14a He 7:23.

15a Matt 11:20–23.

vilja mínum, þá mun ég "tor-tíma þeim gjörsamlega vegna vantrúar þeirra, segir Drottinn, þrátt fyrir hin mörgu máttarverk, sem ég hef unnið meðal þeirra. Og svo sannarlega sem Drottinn lifir, mun þetta koma fram, segir Drottinn.

16. KAPÍTULI

Nefítar sem trúa Samúel láta skír-ast — Ekki hægt að drepa Samúel með örvum og steinum þeirra Nefíta sem ekki iðruðust — Sumir herða hjörtu sín en aðrir sjá engla — Hinir vantrúuðu segja að ekki sé rökrétt að trúa á Krist og komu hans til Jerúsalem. Um 6-1 f.Kr.

Og nú bar svo við, að fjöldi manns hlýddi á orð Lamanítans Samúels, sem hann talaði uppi á borgarmúrnum. Og allir, sem trúðu orðum hans, fóru og leit-uðu Nefís. Og þegar þeir höfðu fundið hann, játuðu þeir syndir sínar fyrir honum og neituðu þeim ekki, heldur þráðu að verða skírðir Drottni.

2 En allir þeir, sem ekki trúðu orðum Samúels, voru honum reiðir. Og þeir köstuðu steinum að honum uppi á múrnum, og einnig skutu margir örvum að honum, þar sem hann stóð á múrnum. En andi Drottins var með honum, svo að hvorki steinar þeirra né örvar hittu hann.

3 Þegar þeir nú sáu, að þeir gátu ekki hitt hann, trúðu margir fleiri

orðum hans og fóru til Nefís til að láta skírast.

4 Því að sjá. Nefí skírði og spáði og prédikaði, hrópaði til þjóð-arinnar að iðrast, sýndi tákn og undur og vann "kraftaverk meðal fólksins, svo að það mætti vita, að Kristur hlyti ^bbráðlega að koma —

5 Hann sagði þeim það, sem brátt væri í vændum, svo að þeir gætu vitað og minnst þess, þegar það yrði, að þeim hefði verið kunngjört það áður, til þess að þeir tryðu. Þess vegna fóru allir, sem trúðu orðum Samúels, til hans til að láta skírast, því að þeir komu iðrandi og játuðu syndir sínar.

6 En meiri hluti þeirra trúði ekki orðum Samúels. Þegar þeir því sáu, að þeir gátu ekki hitt hann með steinum sínum og örvum, hrópuðu þeir til fyrirliða sinna og sögðu: Takið þennan náunga og bindið hann, því að sjá, djöf-ullinn býr í honum, og vegna máttar djöfulsins, sem í honum býr, getum við ekki hitt hann með steinum okkar og örvum. Takið hann því og bindið hann og flytjið hann í burtu.

7 En þegar þeir ætluðu að leggja hendur á hann, sjá, þá henti hann sér fram af múrnum og flúði úr löndum þeirra, já, til síns eigin lands, og tók að prédika og spá meðal sinnar eigin þjóðar.

8 Og sjá. Aldrei spurðist framar til hans meðal Nefíta. Og þannig stóðu mál þjóðarinnar.

9 Og þannig lauk áttugasta og

sjötta stjórnarári dómaranna yfir Nefíþjóðinni.

10 Og þannig leið einnig áttugasta og sjöunda stjórnarár dómaranna. Meiri hluti þjóðarinnar hélt fast við hroka sinn og ranglæti, en minni hlutinn gekk af meiri gætni frammi fyrir Guði.

11 Og þannig var ástandið einnig á áttugasta og áttunda stjórnarári dómaranna.

12 Og lítil breyting varð á málum þjóðarinnar á áttugasta og níunda stjórnarári dómaranna, nema hvað fólkið hertist í misgjörðum sínum og breytti sífellt meira gegn boðorðum Guðs.

13 En svo bar við, að á nítugasta stjórnarári dómaranna voru "mikil tákni og undur gefin þjóðinni, og orð spámanna tóku að rætast.

14 Og "englar birtust mönnum, vitrum mönnum, og boðuðu þeim mikil gleðitíðindi. Þannig tóku ritningarnar að rætast á þessu ári.

15 Engu að síður hertu menn hjörtu sín, allir nema hinir trústerkustu meðal þeirra, bæði meðal Nefíta og Lamaníta, og tóku að treysta á eigin styrk og "eigin visku og sögðu:

16 Eitthvað af öllu því, sem þeir giskuðu á, kann að vera rétt, en sjá. Við vitum, að öll þau miklu undur, sem talað hefur verið um, geta ekki orðið.

17 Og þeir tóku að rökræða og deila sín á meðal og sögðu:

18 "Ekki er rökrétt, að þess konar

vera sem Kristur er komi. En fari svo, og ef hann er sonur Guðs, föður himins og jarðar, eins og sagt hefur verið, hvers vegna mun hann þá ekki birtast okkur á sama hátt og þeim, sem í Jerúsalem verða?

19 Já, hvers vegna birtist hann ekki í þessu landi eins og í landi Jerúsalem?

20 En sjá. Við vitum, að þetta er ranglát "erfikenning, sem okkur hefur borist frá feðrum okkar til að telja okkur trú um einhver mikil undur, sem verða muni, en ekki á meðal okkar, heldur í fjarlægum landi, landi, sem við þökkjum ekki. Þess vegna geta þeir haldið okkur í fáfræði, því að við getum ekki séð með eigin augum, að þetta sé sannleikur.

21 Og þeir munu með slægð og brögðum hins illa vinna einhver mikil undur, sem við fáum ekki skilið, en sem gera okkur að þjónum orða þeirra og einnig þeirra þjónum, því að við eigum það undir þeim að kenna okkur orðið. Og þannig vilja þeir halda okkur í fáfræði, ef við erum fúsir til að beygja okkur undir þá alla okkar ævi.

22 Og margt fleira ímynduðu menn sér, heimskulegt og "fávíslegt. Og þeir urðu afar óróir, því að Satan vakti þá stöðugt til misgjörða. Já, hann fór um og breiddi orðróm og deilur út um allt landið til að herða

13a 3 Ne 1:4.
b He 14:3–7.
14a Al 13:26.

15a Jes 5:21.
18a Al 30:12–13.
20a LR Arfsagnir.

b Et 12:5–6, 19.
22a LR Hégómlegur,
hégómi.

hjórtu fólksins gegn því, sem gott var, og gegn því, sem koma skyldi.

23 Og þrátt fyrir tákni og undur, sem unnin voru meðal fólks Drottins, og þrátt fyrir mörg kraftaverk, sem það vann, náði Satan sterkum tókum á

hjórtum manna um gjörvallt landið.

24 Og þannig lauk nítugasta stjórnarári dómara yfir Nefíþjóðinni.

25 Og þannig lauk bók Helamans, samkvæmt heimildum Helamans og sona hans.

ÞRÍÐJI NEFÍ BÓK NEFÍS

SONAR NEFÍS, SEM VAR SONUR HELAMANS

Og Helaman var sonur Helamans, sem var sonur Alma, sem var sonur Alma, en hann var afkomandi Nefís, sem var sonur Lehís, sem kom frá Jerúsalem á fyrsta valdaári Sedekía, konungs Júða.

1. KAPÍTULI

Nefí, sonur Helamans, hverfur burt úr landinu og sonur hans, Nefí, sér um heimildaskrárnar — Þótt tákni og undur gerist, ráðgera hinir ranglátu að drepa hina réttlátu — Nótt fæðingar Krists rennur upp — Tákníð gefið og ný stjarna rís — Lygar og blekkingar aukast og Gadíanton ræningjarnir drepa marga. Um 1–4 e.Kr.

NÚ bar svo við, að nítugasta og fyrsta árið var liðið og liðin voru “sex hundruð ár frá því að Lehí yfirgaf Jerúsalem. Og það ár var Lakóneus yfirdómari og stjórnandi landsins.

2 Og Nefí, sonur Helamans, hafði horfið burt úr Sarahemlandi og falið elsta syni sínum,

“Nefí, umsjón með blátúnstöflunum og öllum þeim heimildum, sem skráðar höfðu verið, og öllu því helga, sem varðveitt hafði verið frá því að Lehí yfirgaf Jerúsalem.

3 Síðan hvarf hann úr landinu, en “hvert hann fór, veit enginn maður. En sonur hans, Nefí, varðveitti heimildirnar í hans stað, já, heimildir þessarar þjóðar.

4 Og svo bar við, að í byrjun nítugasta og annars árs, sjá, þá tóku spádómar spámannanna að koma betur fram, því að stærri tákni og undur urðu meðal þjóðarinnar.

5 En sumir tóku að segja, að tíminn væri liðinn, þegar orðin, sem Lamanítinn Samúel “mælti, skyldu uppfyllast.

6 Og hlakka tók í þeim gagnvart

[3 Nefí]

1 1a 2 Ne 25:19.

2a LR Nefí, sonur Nefís,

sonar Helamans.

b Al 37:3–5.

3a 3 Ne 2:9.

5a He 14:2–4.

bræðrum sínum, og þeir sögðu: Sjá. Tíminn er liðinn og orð Samúels hafa ekki uppfyllst. Gleði ykkar yfir þessu og trú ykkar á það hefur þess vegna verið fánýt.

7 Og svo bar við, að þeir ollu miklu uppnámi um allt landið. En hinir trúuðu urðu áhyggjufullir, ef svo kynni að fara, að það, sem talað hafði verið um, yrði ekki að veruleika.

8 En sjá. Staðfastir væntu þeir þess dags og þeirrar nætur og þess dags, sem verða skyldu sem einn dagur án nokkurrar nætur, er þeir fengu að vita, að trú þeirra hefði ekki verið til einskis.

9 Nú bar svo við, að trúleysingjarnir tiltóku ákveðinn dag, er allir þeir, sem trúðu þessum arfsögnum, skyldu "teknir af lífi, ef táknin, sem spámaðurinn Samúel talaði um, kæmu ekki fram.

10 Nú bar svo við, að þegar Nefí, sonur Nefís, sá ranglæti þjóðar sinnar, hryggðist hann mjög.

11 Og svo bar við, að hann gekk út, laut niður að jörðu og hrópaði kröftuglega til Guðs síns vegna fólks síns, já, vegna þeirra, sem tortíma átti vegna trúar sinnar á erfikenningar feðra sinna.

12 Og svo bar við, að hann ákallaði Drottin heitt "allan þann dag. Og sjá. Rödd Drottins barst honum og sagði:

13 Lyft höfði þínu og ver

vonglaður, því að sjá. Tíminn er í nánd og í nótt verður táknið gefið, og á "degi komanda kem ég í heiminn til að sýna heiminum, að ég mun uppfylla allt það, sem ég hef talað um fyrir munn minna heilögu spámanna.

14 Sjá. Ég "kem til minna eigin til að uppfylla allt, sem ég hef kunngjört mannanna börnum frá "grundvöllun veraldar, og til að gjöra "bæði vilja föðurins og sonarins — föðurins sjálfs mín vegna, en sonarins vegna holds míns. Og sjá. Tíminn er í nánd, og þessa nótt munu táknin gefin.

15 Og svo bar við, að orðin, sem Nefí bárust, komu fram eins og þau voru sögð. Því að sjá. Við sólsetur varð "ekkert myrkur, og fólkið varð forviða, vegna þess að albjart var, þegar nótt féll á.

16 Og margir voru þeir, sem ekki höfðu trúað orðum spámannanna, er "féllu til jarðar sem dauðir væru, því að þeir vissu, að hin mikla báætlan þeirra um að tortíma þeim, sem trúðu orðum spámannanna, var að engu gjörð. Því að táknið sem gefið hafði verið var þegar komið fram.

17 Og þeir tóku að gjöra sér ljóst, að Guðssonurinn hlyti brátt að birtast. Já, svo fór, að allt fólkið á gjörvöllu yfirborði jarðar frá vestri til austurs, bæði í landinu í norðri og í landinu í suðri, varð svo agndofa, að það féll til jarðar.

9a LR Píslarvottur, píslarvætti.
12a Enos 1:4;
Al 5:46.
13a Lúk 2:10–11.

b LR Jesús Kristur — Spádómar um fæðingu og dauða Jesú Krists.
14a Jóh 1:11.
b Matt 5:17–18.

c Al 42:26.
d K&S 93:3–4.
15a He 14:3.
16a He 14:7.
b 3 Ne 1:9.

18 Því að það vissi, að spámennirnir höfðu borið þessu vitni í mörg ár og að táknin, sem gefin höfðu verið, voru nú þegar komin fram. Og það tók að skelfast vegna misgjörða sinna og vantrúar.

19 Og svo bar við, að ekkert myrkur féll á þessa nótt, heldur var albjart sem um miðjan dag. Og svo bar við, að sólin reis upp að morgni á ný í samræmi við sinn rétta gang. Og vegna tákanna, sem gefin höfðu verið, vissu þau að þetta var “fæðingardagur Drottins.

20 Og allt hafði komið fram í samræmi við orð spámanna, já, hvert smáatriði.

21 Og svo bar einnig við, að ný “stjarna birtist í samræmi við orðið.

22 Og svo bar við, að eftir þetta tók Satan að breiða út lygar meðal fólksins til að herða hjörtu þess og fá það til að trúá ekki þeim táknum og undrum, sem það hafði séð. En þrátt fyrir þessar lygar og blekkingar trúðu flestir og sneru til Drottins.

23 Og svo bar við, að Nefí fór um á meðal fólksins ásamt mörgum öðrum og skírði iðrunarskírni og mikil “syndafyrirgefning var því samfara. Og þannig öðlaðist fólkið aftur frið í landinu.

24 Og engar erjur urðu, nema fáeinir tóku að prédika og reyna að sanna eftir ritningunni, að ekki væri lengur “nauðsynlegt að virða

lögmal Móse. En þar skjátlaðist þeim, þar eð þeir skildu ekki ritningarnar.

25 En svo bar við, að þeir snerust brátt til trúar og sannfærðust um villu sína, því að þeim var gjört ljóst, að lögmálið var enn ekki “uppfyllt og að sérhvert smáatriði þess yrði að uppfyllast. Já, þeim var sagt, að það yrði að uppfyllast og að ekki mundi einn smástafur né stafkrókur undir lok líða, uns allt væri komið fram. Þess vegna voru þeir þetta sama ár fræddir um villu sína og þjátuðu mistök sín.

26 Og þannig leið nítugasta og annað árið og flutti þjóðinni gleðitíðindi vegna tákanna, sem fram komu í samræmi við spádómsorð allra hinna heilögu spámana.

27 Og svo bar við, að nítugasta og þriðja árið leið einnig í friði, ef undan er skilinn ófriður vegna “Gadíantonræningjanna, sem héldu til í fjöllunum og herjuðu á landið. Því að svo sterk voru vígi þeirra og svo góðir felustaðir þeirra, að ekki reyndist unnt að vinna bug á þeim. Þeir frömdu þess vegna mörg morð og stóðu að miklum manndrápum meðal fólksins.

28 Og svo bar við, að á nítugasta og fjórða ári fjölgaði þeim verulega, vegna þess að margir fráhverfingar meðal Nefíta flúðu til þeirra, og olli það Nefítum, sem eftir voru í landinu, mikilli hryggð.

19a Lúk 2:1–7.

21a Matt 2:1–2;
He 14:5.

23a LR Fyrirgefning synda.

24a Al 34:13.

25a Matt 5:17–18.

b Mósía 26:29.

27a LR Gadíanton
ræningjarnir.

29 Og Lamanítar höfðu einnig ástæðu til að hryggjast. Því að sjá. Mörg börn þeirra, sem uxu upp til þroska og sjálfstæðis, létu blekkjast af lygum og fagurgala “Sór- amíta og gengu í lið með þessum Gadíantonræningjum.

30 Og þannig þrengdi einnig að Lamanítum, og trú þeirra og réttlæti minnkaði vegna ranglætis uppvaxandi kynslóðar.

2. KAPÍTULI

Ranglæti og viðurstyggð eykst meðal fólksins — Nefítar og Lamanítar sameinast um varnir gegn Gadíantonræningjunum — Lamanítar, sem snúist hafa til trúar, verða ljósir og kallast Nefítar. Um 5–16 e.Kr.

Og svo bar við, að þannig leið níttugasta og fimmta árið einnig, og fólkið tók að gleyma þeim táknum og undrum, sem það hafði heyrt, og tákni og undur frá himni fóru að vekja stöðugt minni furðu þess, svo að hjörtu þess tóku að forherðast og hugir þess að blindast, og það tók að efast um allt, sem það hafði heyrt og séð —

2 Það taldi sér trú um í hjarta sínu, að þetta væri af mannavöldum og fyrir kraft djöfulsins til þess eins að leiða fólkið afvega og “blekkja það. Og þannig náði Satan að nýju þeim tókum á hjörtum fólksins, að hann blindaði augu þess og

fékk það til að trúá því, að kenning Krists væri heimskuleg og einskis verð.

3 Og svo bar við, að ranglæti og viðurstyggð fólksins jókst, og það trúði ekki, að fleiri tákni og undur yrðu. Og Satan “fór um og afvega-leiddi fólkið og freistaði þess og fékk það til að gjöra margt ranglætt í landinu.

4 Og þannig leið níttugasta og sjötta árið, einnig níttugasta og sjöunda árið, níttugasta og áttunda og níttugasta og níunda árið —

5 Og eitt hundruð ár voru liðin frá dögum “Mósía, sem var konungur Nefítapjóðarinnar.

6 Og sex hundruð og níu ár voru liðin síðan Lehi yfirgaf Jerúsalem.

7 Og níu ár voru liðin, frá því að táknið voru gefin um komu Krists í heiminn, en um hana höfðu spámenirnir talað.

8 Nú tóku Nefítar að reikna tímatal sitt frá þeim tíma, er táknið voru gefin, eða frá komu Krists. Þess vegna voru nú níu ár liðin.

9 Og Nefí, sem var faðir Nefís, sem hafði umsjón með heimildunum, sneri “ekki aftur til Sarahemlalands og fannst hvergi í öllu landinu.

10 Og svo bar við, að þjóðin hélt enn fast við ranglæti sitt þrátt fyrir miklar prédikanir og mikla spádóma meðal hennar. Og þannig leið tíunda árið einnig, og ellefta árið leið einnig í misgjörðum.

29a Al 30:59.

2 2a LR Blekking, blekkja.

3a K&S 10:27.

5a Mósía 29:46–47.

9a 3 Ne 1:2–3.

11 Og svo bar við, að á þrettánda ári hófust styrjaldir og deilur um gjörvallt landið, því að Gadíantonræningjarnir voru orðnir svo fjölmennir, drápu svo marga, lögðu svo margar borgir í eyði og ollu svo miklum dauða og blóðsúthellingum um allt landið, að óhjákvæmilegt varð bæði fyrir Nefíta og Lamaníta að grípa til vopna gegn þeim.

12 Þess vegna sameinuðust allir Lamanítar, sem snúist höfðu til trúar á Drottin, bræðrum sínum Nefítum, og til öryggis lífi sínu, konum sínum og börnum neyddust þeir til að grípa til vopna gegn þessum Gadíantonræningjum, já, og einnig til að vernda trúarsíði sína, réttindi kirkju sinnar og guðsþjónustu, “lýðfrelsi sitt og ^bsjálfstæði.

13 Og svo bar við, að áður en þrettánda árið var liðið, ógnaði algjör tortíming Nefítum, vegna þessarar styrjaldar, sem orðin var mjög hörð.

14 Og svo bar við, að þeir Lamanítar, sem sameinast höfðu Nefítum, töldust með Nefítum —

15 Og “bölvun þeirra var tekin burt, og hörund þeirra varð ^bljóst eins og hörund Nefíta —

16 Og piltar þeirra og stúlkur urðu ákaflega fríð, og þau töldust til Nefíta og nefndust Nefítar. Og þannig lauk þrettánda árinu.

17 Og svo bar við, að í byrjun fjórtánda árs hélt styrjöldin áfram milli ræningjanna og

Nefíþjóðarinnar og varð afar hörð. Þó veitti Nefíþjóðinni nokkru betur en ræningjunum, svo að henni tókst að reka þá úr löndum sínum og upp til fjallanna til felustaða þeirra.

18 Og þannig lauk fjórtánda árinu. Og á fimmtánda árinu réðust þeir enn gegn Nefíþjóðinni, og vegna ranglætis Nefíþjóðarinnar og mikilla deilna og sundurlyndis veitti Gadíantonræningjunum mun betur.

19 Og þannig lauk fimmtánda árinu, og þjóðin leið miklar þrengingar. En “sverð tortímingar vofði yfir henni, svo að hún riðaði til falls, og það vegna misgjörða sinna.

3. KAPÍTULI

Giddíaní, foringi Gadíantonræningjanna, krefst þess að Lakóneus og Nefítar gefist upp og láti lönd sín af hendi — Lakóneus gjörir Gídgiddóní að yfirhershöfðingja — Nefítar safnast saman í Sarahemla og Nægtarbrunni, ákveðnir í að verjast. Um 16–18 e.Kr.

Og nú bar svo við, að á sextánda ári frá komu Krists fékk Lakóneus, stjórnandi landsins, bréf frá leiðtoga og stjórnanda ræningjaflokksins. En þetta eru orðin, sem rituð voru og sögðu:

2 Háttvirtur Lakóneus, yfirstjórnandi landsins. Sjá, ég rita þér þetta bréf og lofa þig hástöfum vegna festu þinnar og festu þjóðar þinnar við að varðveita það, sem þið teljið rétt ykkar og lýðfrelsi.

12a LR Frjáls, frelsi.
b LR Lýðfrelsi.

15a Al 17:15; 23:18.
b 2 Ne 5:21; 30:6;

Jakob 3:8.
19a Al 60:29.

Já, þið standið ykkur vel, líkt og hönd einhvers guðs styðji ykkur til verndar lýðfrelsi ykkar, eigum ykkar og landi ykkar eða því, sem þið kallið svo.

3 En mér þykir leitt, göfugi Lakóneus, að þið skulið vera svo heimskir og auðtrúa að telja, að þið getið staðið gegn jafn mörgum hraustum mönnum og undir stjórn minni eru, sem nú á þessari stundu standa vopnum búnir og bíða með eftirvæntingu eftir þessu boði: Farið gegn Nefítum og tortímið þeim.

4 Og ég þekki ósigrandi anda þeirra eftir að hafa reynt þá á orrustuvellinum og þekki ævarandi hatur þeirra á ykkur vegna alls þess ranglætis, sem þið hafið gjört þeim. Ef þeir þess vegna réðust gegn ykkur, yrði það ykkur til algjörrar tortímingar.

5 Þess vegna hef ég ritað þetta bréf og innsiglað það með eigin hendi með velferð ykkar í huga vegna staðfestu ykkar við það, sem þið trúið, að rétt sé, og vegna göfugmennsku ykkar á vígvellinum.

6 Þess vegna rita ég ykkur og beiðist þess, að þið látið fólki mínu eftir borgir ykkar, lönd og eigur, frekar en að það vitji ykkar með sverði og tortíming komi yfir ykkur.

7 Eða með öðrum orðum: Gefist upp fyrir okkur, sameinist okkur, kynnist „leyniverkum okkar og

verðið bræður okkar, svo að þið verðið sem við — ekki þrælar okkar, heldur bræður okkar og meðeigendur að öllum eigum okkar.

8 Og sjá. Ég „sver þess eið, að ef þið gjörið þetta, skal ykkur ekki tortímt. En ef þið viljið ekki gjöra þetta, þá sver ég þess eið, að í komandi mánuði mun ég senda heri mína gegn ykkur, og þeir munu hvorki halda að sér höndum né hlífa ykkur, heldur drepa ykkur og láta sverðið falla yfir ykkur, þar til ykkur er útrýmt.

9 Og sjá. Ég er Giddíaní, og ég er foringi þessa „leynifélags Gadíantons. Og ég veit, að þetta félag og verk þess eru ^bgóð, og þau eru frá „löngu liðnum tímum og hafa gengið áfram til okkar.

10 Og ég rita þér þetta bréf, Lakóneus, og vona, að þið afhendið lönd ykkar og eigur án blóðsúthellinga, svo að fólk mitt, sem horfið hefur frá ykkur vegna þessa ranglætis ykkar, að neita því um rétt sinn til stjórnunar, megi endurheimta rétt sinn og stjórn. Og ef þið gjörið þetta eigi, mun ég hefna þess óréttar, sem það var beitt. Ég er Giddíaní.

11 Og svo bar við, að þegar Lakóneus fékk þetta bréf, varð hann mjög undrandi yfir dirfsku Giddíanís, er hann krafðist eignarréttar yfir landi Nefíta og ógnaði fólkinu með hefnd vegna óréttar, sem þeir höfðu aldrei verið beittir, nema

3 7a He 6:22–26.

8a Et 8:13–14.

9a LR Leynisamtök,

samsæri.

b Al 30:53.

c He 6:26–30;

HDP Móse 5:29,

49–52.

þá þess ^aóréttar, sem þeir höfðu beitt sjálfa sig með því að hverfa burt til þessara ranglátu og viðurstyggilegu ræningja.

12 Sjá nú. Lakóneus, stjórnandinn, var réttvís maður og lét ekki hræðast af kröfum og hótunum ^aræningja. Þess vegna tók hann ekki mark á bréfi Giddíanís, foringja ræningjanna, heldur lét hann fólk sitt ákalla Drottin og biðja um styrk á þeim tíma, er ræningjarnir réðust gegn þeim.

13 Já, hann lét boð út ganga meðal alls fólksins, að það skyldi safna saman á einn stað konum sínum, börnum, búpeningi og öllum eigum að undanskildu landi sínu.

14 Og hann lét byggja vígi umhverfis þá, sem vera skyldu sérlega öflug. Og hann lét bæði heri Nefíta og Lamaníta, eða heri allra þeirra, sem töldust með Nefítum, vera á verði umhverfis til að vaka yfir þeim og vernda fyrir ræningjum bæði dag og nótt.

15 Já, hann mælti til þeirra: Svo sannarlega sem Drottinn lifir, munuð þér því aðeins bjargast úr höndum Gadíantonræningjanna, að þér iðrist misgjörða yðar og ákallið Drottin.

16 Og svo sterk og undursamleg voru orð og spádómar Lakóneusar, að ótta sló á alla, og þeir reyndu af öllum mætti að breyta eftir orðum Lakóneusar.

17 Og svo bar við, að Lakóneus tilnefndi herforingja yfir alla heri Nefíta til að stjórna þeim,

þegar ræningjarnir kæmu niður úr óbyggðunum gegn þeim.

18 Æðstur allra herforingjanna eða hershöfðingi Nefíta var tilnefndur, og var nafn hans ^aGídgiddóní.

19 Nú var það siður meðal Nefíta að tilnefna sem hershöfðingja sinn (nema á tímum ranglætis) einhvern þann, sem gæddur var anda opinberunar og einnig ^aspádóms. Þess vegna var nefndur Gídgiddóní mikill spámaður meðal þeirra, eins og einnig yfirdómarinn.

20 Fólkið sagði við Gídgiddóní: Bið til Drottins, og síðan skulum við halda til fjalla og út í óbyggðirnar, svo að við getum ráðist gegn ræningjunum og eytt þeim í þeirra eigin landi.

21 En Gídgiddóní sagði við fólkið: Drottinn ^abannar það. Því að ef við förum gegn þeim, mun Drottinn ^bselja okkur þeim í hendur. Þess vegna munum við undirbúa okkur mitt í löndum okkar og safna saman öllum herjum okkar, og við förum ekki gegn þeim, heldur bíðum, þar til þeir koma gegn okkur. Og svo sannarlega sem Drottinn lifir, mun hann selja þá í hendur okkar, ef við gjörum þetta.

22 Og svo bar við, að á síðari hluta sautjándra ársins hafði tilkynning Lakóneusar borist um allt landið, og fólkið hafði tekið hesta sína og vagna, nautgripi sína og allar hjarðir sínar og búpening, korn sitt og allar eigur sínar

11a He 14:30.

12a Al 54:5–11; 3 Ne 4:7–10.

18a 3 Ne 6:6.

19a LR Spádómur, spá.

21a Al 48:14.

b 1 Sam 14:12.

og farið í þúsundatali og tugþúsundatali, þar til það var allt komið til þess staðar, þar sem því hafði verið sagt að safnast saman til að verja sig gegn óvinum sínum.

23 Og landið, sem tiltekið var, var Sarahemlaland og landið sem var á milli lands Sarahemla og lands Nægtarbrunns, já, það náði að mörkum Nægtarbrunns og Auðnarinnar.

24 Og margar þúsundir þeirra manna, sem nefndust Nefítar, söfnuðust saman á þessu landi. Lakóneus lét fólkið safnast saman í landinu í suðri vegna þeirrar miklu bölvunar, sem hvíldi á “landinu í norðri.

25 Og það víggirti sig gegn óvinum sínum, og það dvaldi í einu landi og í einum hóp, og það óttaðist svo orðin, sem Lakóneus hafði mælt, að það iðraðist allra synda sinna. Og fólkið beindi bænum sínum til Drottins Guðs síns, um að hann “varðveitti það, þegar óvinir þess kæmu gegn því til orrustu.

26 En fólkið var mjög dapurt vegna óvina sinna. Og Gídgiddóni lét það gjöra alls konar “stríðsvopn, og það átti að eiga nóg af herklæðum, skjöldum og bukklurum, af þeirri gerð, sem hann sagði fyrir um.

4. KAPÍTULI

Herir Nefíta sigrá Gadíantonræningjana — Gíddíaní er drepinn og eftirmaður hans, Semnaría,

hengdur — Nefítar lofa Drottin fyrir sigra sína. Um 19–22 e.Kr.

Og svo bar við, að á síðari hluta átjándra ársins höfðu herir ræningjanna lokið við að búa sig undir orrustu og tóku að streyma ofan úr hæðunum, fjöllunum, úr óbyggðunum, virkjum sínum og felustöðum og lögðu undir sig löndin, bæði þau, sem voru í suðri, og þau, sem voru í norðri, og tóku öll þau lönd, sem Nefítar höfðu “yfirgefið, og borgirnar, sem skildar voru eftir auðar.

2 En sjá. Hvorki var að finna villt dýr né nokkra veiði í þeim löndum, sem Nefítar höfðu yfirgefið, og enga veiði var fyrir ræningjana að fá nema í óbyggðunum.

3 Og ræningjarnir gátu ekki lifað nema í óbyggðunum vegna fæðuskorts, því að Nefítar höfðu skilið lönd sín eftir auð og höfðu safnað saman hjörðum sínum og búpeningi og öllum eigum sínum og voru í einum hóp.

4 Þess vegna var engin leið fyrir ræningjana að ræna og rupla og afla sér fæðu, nema með því að leggja til orrustu gegn Nefítum. En Nefítar héldu hópinn og voru fjölmennir og höfðu birgt sig upp af vistum og hestum og nautgripum og alls konar hjörðum til að hafa nægilegt lífsviðurværi næstu sjö árin, en á þeim tíma vonuðust þeir til að geta útrýmt ræningjunum úr landinu. Og þannig leið átjándra árið.

5 Og svo bar við, að á níttjándra

árinu sá Giddíaní, að óhjákvæmi-
legt var að leggja til orrustu gegn
Nefítum, því að engin leið var
fyrir þá að halda lífi nema með
því að rupla og ræna og myrða.

6 En þeir þorðu ekki að dreifa
sér um landið til að rækta korn
af ótta við, að Nefítar kæmu og
dræpu þá. Þess vegna gaf Gidd-
íaní herjum sínum boð um, að á
þessu ári skyldu þeir leggja til
orrustu gegn Nefítum.

7 Og svo bar við, að þeir lögðu til
orrustu, og var það í sjötta mánuð-
inum. Og sjá. Mikill og hræðilegur
var sá dagur, þegar þeir lögðu til
orrustu. Þeir voru girtir að hætti
ræningja. Þeir höfðu lambskinn
um lendar sér og voru roðnir
blóði, með rökuð höfuð og notuðu
hjalma. Og miklir og ægilegir voru
herir Giddíanís ásýndum, bæði
vegna herklæða sinna og vegna
þess, að þeir voru roðnir blóði.

8 Og svo bar við, að þegar Nef-
ítar sáu heri Giddíanís, féllu þeir
til jarðar og ákölluðu Drottin Guð
sinn og báðu hann að hlífa sér og
bjarga sér úr höndum óvina sinna.

9 Og svo bar við, að þegar herir
Giddíanís sáu þetta, hrópuðu þeir
hástöfum af gleði, því að þeir
töldu Nefíta hafa fallið til jarðar
af ótta við hina ógnvekjandi heri
þeirra.

10 En þar urðu þeir fyrir von-
brigðum, því að Nefítar óttuðust
þá ekki, heldur "óttuðust þeir Guð
sinn og sárbaendu hann um vernd.
Þeir voru þess vegna reiðubúnir að
mæta þeim, þegar herir Giddíanís

þustu að þeim. Já, í styrk Drottins
tóku þeir á móti þeim.

11 Og orrustan hófst í sjötta mán-
uði. Og mikill og hræðilegur var
sá bardagi, já, mikið og hræði-
legt varð mannfallið, svo mikið,
að ekki var vitað um annað eins
mannfall meðal alls fólks Lehís,
síðan hann yfirgaf Jerúsalem.

12 En sjá. Þrátt fyrir "hótanir og
svardaga Giddíanís báru Nefítar
þá ofurliði, og þeir hörfuðu undan
þeim.

13 Og svo bar við, að "Gídgidd-
óní skipaði herjum sínum að veita
þeim eftirför allt til óbyggðanna
og hlífa engum, sem félli í hendur
þeirra á leiðinni. Og þannig eltu
þeir þá að óbyggðunum og drápu
þá, já, þar til þeir höfðu uppfyllt
boð Gídgiddónís.

14 Og svo bar við, að Giddíaní,
sem staðið hafði og barist djarf-
lega, var veitt eftirför á flóttanum,
og þar eð hann var þreyttur eftir
harða bardaga, náðist hann og
var drepinn. Og þannig lauk ævi
ræningjans Giddíanís.

15 Og svo bar við, að herir Nefíta
sneru aftur til vígis síns. Og svo
bar við, að nítjándi árið leið, og
ræningjarnir lögðu ekki til orrustu
aftur, né heldur komu þeir á tutt-
ugasta árinu.

16 Og á tuttugasta og fyrsta ár-
inu lögðu þeir ekki til orrustu,
en þeir komu að úr öllum áttum
og settust um Nefíþjóðina, því
að þeir töldu, að ef þeir útilok-
uðu Nefíta frá löndum sínum,
umkringdu þá gjörsamlega og

lokuðu þeim leið að ytri hlunnindum, þá gætu þeir neytt þá til uppgjafar að vild sinni.

17 En þeir höfðu valið sér annan foringja, að nafni Semnaría. Það var því Semnaría, sem lét gjöra þetta umsátur.

18 En sjá. Þetta varð Nefítum í hag, því að ræningjunum var ógerlegt að halda umsátrinu svo lengi áfram, að það hefði áhrif á Nefíta, vegna þess hve miklum matarbirgðum þeir höfðu safnað að sér —

19 Og sakir naumra vista ræningjanna, því að sjá, þeir höfðu ekki annað til matar en kjöt, en kjötsins öfluðu þeir sér í óbyggðunum —

20 Og svo bar við, að “villibráð varð svo torfengin í óbyggðunum, að við lá, að ræningjarnir færust úr hungri.

21 En Nefítar gjörðu stöðugt áhlaup á heri þeirra dag sem nótt og drápu þá í þúsundatali og tugþúsundatali.

22 Og vegna þeirrar miklu tortímingar, sem menn Semnaría urðu fyrir jafnt á nóttu sem degi, vildu þeir hætta við áform sín.

23 Og svo bar við, að Semnaría gaf mönnum sínum skipun um að hætta umsátrinu og hverfa til fjarlægustu hluta landsins í norðri.

24 Og Gídgiddóní, sem kunnugt var um áform þeirra og vissi, hve máttvana þeir voru orðnir vegna fæðuskorts og hins mikla mannfalls, sem þeir höfðu orðið

fyrir, sendi heri sína að nóttu til í veg fyrir þá og lokaði þeim undankomuleið.

25 Og þetta gjörðu þeir að nóttu til og héldu fram fyrir ræningjana, svo að þegar ræningjarnir hófu för sína daginn eftir, áttu þeir herjum Nefíta að mæta bæði í bak og fyrir.

26 Og ræningjarnir í suðri voru einnig einangraðir í fylgsnum sínum. En allt var þetta gjört að skipan Gídgiddónís.

27 Og mörg þúsund gáfust upp og urðu fangar Nefíta, en aðrir meðal þeirra voru drepnir.

28 En foringi þeirra, Semnaría, var tekinn og hengdur upp í tré, já, upp í trjátoppinn, og þar lét hann líf sitt. Og eftir að þeir höfðu látið hann hanga í trénu, þar til hann var dauður, felldu þeir tréð til jarðar, hrópuðu hárrí röddu og sögðu:

29 Megi Drottinn varðveita fólk sitt í réttlæti og í heilagleika hjartans, svo að allir þeir, sem leitast við að ráða það af dögum með valdi og leynisamtökum, verði felldir til jarðar á sama hátt og þessi maður hefur verið felldur til jarðar.

30 Og þeir fögnuðu og hrópuðu enn einum rómi og sögðu: Megi “Guð Abrahams og Guð Ísaks og Guð Jakobs vernda þessa þjóð í réttlæti, eins lengi og hún ^bákallar nafn Guðs síns sér til verndar.

31 Og svo bar við, að allir sem einn tóku þeir að syngja og “lofa Guð sinn fyrir allt það, sem hann

20a 1 Ne 18:25.
30a Al 29:11.

b Et 4:15.
31a Al 26:8.

LR Þakklátur, þakkir,
þakkargjörð.

hafði gjört fyrir þá, er hann verndaði þá frá því að falla í hendur óvinum sínum.

32 Já, þeir hrópuðu: “Hósanna sé æðstum Guði. Og þeir hrópuðu: Blessað sé nafn Drottins Guðs ^balmáttugs, hins æðsta Guðs.

33 Og hjarta þeirra svall af gleði, og tár flóðu vegna hinnar miklu gæsku Guðs, er hann bjargaði þeim úr höndum óvina þeirra. Og þeir vissu, að það var vegna iðrunar þeirra og auðmýktar, að þeim var bjargað frá ævarandi tortímingu.

5. KAPÍTULI

Nefítar iðrast og láta af syndum sínum — Mormón skrifar sögu þjóðar sinnar og boðar henni hið ævarandi orð — Ísrael mun safnað saman eftir langvarandi tvístrun. Um 22–26 e.Kr.

Og sjá. Engin lifandi sála meðal Nefíta var nú í minnsta vafa um orð allra hinna heilögu spámanna, sem töluð höfðu verið, því að þeir vissu, að þau hlytu að koma fram.

2 Og þeir vissu, að Kristur hlyti að hafa komið, vegna hinna mörgu tákna, sem gefin höfðu verið í samræmi við orð spámannanna. Og vegna þess, sem þegar var orðið, vissu þeir, að allt annað, sem talað hafði verið, hlyti að ræstast.

3 Þess vegna létu þeir af öllum syndum sínum, viðurstyggð og hórdómi og þjónuðu Guði af kappi dag og nótt.

4 Og nú bar svo við, að þegar þeir höfðu tekið alla ræningjana til fanga, en enginn komst undan, sem ekki var drepinn, vörpuðu þeir fongum sínum í fangelsi og létu prédika Guðs orð fyrir þeim. Og öllum þeim, sem vildu iðrast synda sinna og gjöra sáttmála um að myrða aldrei framar, var gefið ^afrelsi.

5 En allir þeir, sem ekki gjörðu sáttmála og enn báru leynda morðþrá í hjörtum sér, já, allir þeir, sem höfðu í hótunum við bræður sína, voru dæmdir og þeim refsað í samræmi við löginn.

6 Og þannig bundu þeir enda á öll þessi ranglátu, leynilegu og viðurstyggilegu samtök, en slíku hafði fylgt mikið ranglæti og fjöldi morða.

7 Og þannig leið ^atuttugasta og annað árið, einnig tuttugasta og þriðja árið og tuttugasta og fjórða og það tuttugasta og fimmta. Og þannig voru tuttugu og fimm ár liðin.

8 Og margt hafði gerst, sem í augum sumra var bæði mikið og undursamlegt. Þó er ekki unnt að skrá það allt í þessa bók. Já, þessi bók getur ekki einu sinni geymt ^ahundraðshluta af því, sem gjörðist meðal svo margra á tuttugu og fimm ára tímabili —

9 En sjá. Til eru ^aheimildir, sem geyma alla sögu þessarar þjóðar, og Nefí skráði stytta en sanna frásögn.

10 Þess vegna hef ég skráð frásögn mína af þessum atburðum í samræmi við heimild Nefís, sem

32a LR Hósianna.

b 1 Ne 1:14.

LR Guð, guðdómur.

5 4a LR Lýðfrelsi.

7a 3 Ne 2:8.

8a 3 Ne 26:6–12.

9a He 3:13–15.

letruð var á töflur þær, er nefndust töflur Nefís.

11 Og sjá. Ég skrái heimildirnar á töflur, sem ég hef gjört með eigin höndum.

12 Og sjá. Ég er nefndur ^aMormón eftir ^bMormónslandi, þar sem Alma stofnaði kirkju sína meðal fólksins, já, fyrstu kirkjuna, sem stofnsett var meðal fólksins eftir lögmálsbrot þess.

13 Sjá, ég er lærisveinn Jesú Krists, sonar Guðs. Hann hefur kallað mig til að boða orð sitt meðal fólks síns, svo að það geti öðlast ævarandi líf.

14 Og samkvæmt vilja Guðs er við hæfi, að ég skrái ^aheimild um það, sem gjört hefur verið, svo að bænir hinna heilögu, sem farnir eru héðan, uppfyllist í samræmi við trú þeirra —

15 Já, stutta heimild um það, sem átt hefur sér stað, frá því að Lehí yfirgaf Jerúsalem og fram að líðandi stundu.

16 Þess vegna skrái ég heimild mína eftir þeim frásögnum, sem fyrirrennarar mínir hafa gefið, allt fram á mína daga —

17 Og síðan skrái ég ^aheimild um það, sem ég hef séð með eigin augum.

18 Og ég veit, að sú heimild, sem ég skrái, er rétt og sönn, en þó er margt, sem við getum ekki ^askráð á tungu okkar.

19 Og nú lýk ég að segja frá sjálfum mér, en held áfram frá-sögn minni af því, sem varð fyrir mína tíð.

20 Ég er Mormón og beinn afkomandi Lehís. Ég hef ástæðu til að blessa Guð minn og frelsara minn Jesú Krist fyrir að leiða feður okkar út úr landi Jerúsalem (og ^aenginn vissi það utan hann sjálfur og þeir, sem hann leiddi úr landinu) og fyrir að veita mér og þjóð minni svo mikla þekking, sálum okkar til hjálpræðis.

21 Vissulega hefur hann blessað ^ahús ^bJakobs og verið niðjum Jósefs ^cmiskunnsamur.

22 Og ^asem börn Lehís hafa haldið boðorð hans, svo hefur hann blessað þau með auðnu og velgengni í samræmi við orð sitt.

23 Já, og vissulega mun hann enn leiða ^aleifarnar af niðjum Jósefs til ^bþekkingar á Drottni Guði sínum.

24 Og svo sannarlega sem Drottinn lifir, mun hann ^asafna saman frá öllum skautum jarðar öllum þeim leifum af niðjum Jakobs, sem dreifðar eru um gjörvallt yfirborð jarðar.

25 Og á sama hátt og hann gjörði sáttmála við allt hús Jakobs, já, þá mun sá sáttmáli, sem hann gjörði við hús Jakobs, uppfyllast þegar honum sjálfum hentar, þar til allt hús Jakobs hefur verið ^aendurreist

12a Morm 1:1–5.

b Mósía 18:4;
Al 5:3.

14a Enos 1:13–18;
K&S 3:19–20.

17a Morm 1:1.

18a Et 12:25.

20a 1 Ne 4:36.

21a LR Ísrael.

b 1 Mós 32:28.

c 5 Mós 33:13–17.

22a 2 Ne 1:20.

23a Al 46:24.

b 2 Ne 3:12.

24a LR Ísrael —

Samansöfnun
Ísraels.

25a 3 Ne 16:5.

til þekkingar á sáttmálanum, sem hann gjörði við þá.

26 Og þá skulu þeir “þekkja lausnara sinn, sem er Jesús Kristur, sonur Guðs. Og þá skulu þeir safnast frá öllum fjórum hlutum jarðar til síns eigin lands, sem þeir tvístruðust frá. Já, svo sannarlega sem Drottinn lifir, þá skal það verða. Amen.

6. KAPÍTULI

Nefítum vegnar vel — Dramb, auður og stéttaskipting vakin — Kirkjan klofnar vegna ágreinings — Satan leiðir menn til uppreisnar — Margir spámenn boða iðrun en eru myrtir — Morðingjar þeirra gera samsæri um að ná völdum. Um 26–30 e.Kr.

Og nú bar svo við, að Nefítar sneru allir aftur til landa sinna á tuttugasta og sjötta ári, hver maður með fjölskyldu sína, hjarðir sínar og búpening, hesta sína og nautpening og allt, sem honum tilheyrði.

2 Og svo bar við, að þeir höfðu ekki etið upp allar vistir sínar. Þess vegna tóku þeir með sér allt, sem þeir höfðu ekki notað, allar tegundir korns síns, gull sitt og silfur og alla dýrgripi, og sneru aftur til landa sinna og landsvæða, bæði í norðri og suðri, bæði í landinu norðanverðu og sunnanverðu.

3 Og þeim ræningjanna, sem gjört höfðu sáttmála um að halda frið í landinu og æsktu þess að verða áfram Lamanítar, gáfu þeir

lönd í samræmi við fjölda þeirra, svo að þeir gætu séð sér farborða með vinnu sinni. Og þannig komu þeir á friði í öllu landinu.

4 Og þeim tók aftur að vegna vel, og þeir tóku að eflast. Og tuttugasta og sjötta og sjöunda árið leið, og mikil regla ríkti í landinu. Og þeir höfðu sett sér lög byggð á jafnræði og réttvísi.

5 Og nú var ekkert í öllu landinu til að hindra stöðuga velmegun þjóðarinnar, nema þeirra eigin lögmálsbrot.

6 En það voru Gídgiddóni og dómarrinn Lakóneus og þeir, sem tilnefndir höfðu verið leiðtogar, sem komið höfðu á þessum mikla friði í landinu.

7 Og svo bar við, að margar borgir voru reistar að nýju og margar gamlar endurbyggðar.

8 Og margar þjóðbrautir voru lagðar og margir vegir, sem lágu frá einni borg til annarrar, frá einu landinu til annars og frá einum stað til annars.

9 Og þannig leið tuttugasta og áttunda árið, og þjóðin naut áframhaldandi friðar —

10 En svo bar við, að á tuttugasta og níunda ári hófust nokkrar deilur meðal þjóðarinnar. Og sumir fylltust “drembilæti og hroka vegna mikilla auðæfa sinna, svo að jafnvel hlutust af miklar ofsóknir.

11 Því að í landinu voru margir kaupmenn, einnig margir lögmennt og embættismenn.

12 En fólkinu varð skipt í stéttir

eftir „auði sínum og námsmögu-leikum. Já, sumir voru fáfróðir vegna fátæktar sinnar, en aðrir hlutu mikla fræðslu vegna auðæfa sinna.

13 Sumir voru hrokafullir, en aðrir afar auðmjúkir. Sumir guldu illmæli með illmæli, en aðrir þoldu illmæli, „ofsóknir og alls kyns þrengingar án þess að snúast gegn slíku á ^bsama hátt, en voru þess í stað auðmjúkir og iðrandi fyrir Guði.

14 Og þannig varð svo mikið misrétti í öllu landinu, að kirkjan tók að klofna. Já, á þrítugasta ári var kirkjan klofin í öllu landinu, nema á meðal nokkurra Lamaníta, sem snúist höfðu til hinnar sönnu trúar og vildu ekki víkja frá henni, því að þeir voru staðfastir, trúir og óhagganlegir og fúsir til að halda boðorð Drottins af fullri „kostgæfni.

15 En orsök þessara misgjörða þjóðarinnar var þessi: Satan hafði mikinn mátt til að egna fólkið til alls kyns misgjörða, fylla það drambsemi og tæla það til að leita eftir völdum og yfirráðum, auðæfum og hégóma heimsins.

16 Þannig leiddi Satan fólkið af-vega og til alls kyns misgjörða, og þess vegna naut það aðeins friðar í fáein ár.

17 Það var því í byrjun þrítugasta ársins — þegar þjóðinni hafði

um langa hríð leyfst að leiðast af „freistingum djöfulsins, hvert sem hann óskaði að leiða hana og til hvaða misgjörða sem hann vildi, að hún fremdi — já, í byrjun þessa þrítugasta árs lifði þjóðin því í hræðilegu ranglæti.

18 Nú syndgaði fólkið ekki „óafvitandi, vegna þess að það þekkti vilja Guðs gagnvart sér, því að um hann hafði það verið frætt. Þess vegna ^breis það af ráðnum hug gegn Guði.

19 En þetta var á dögum Lakón-eusar, sonar Lakóneusar, því að Lakóneus tók sæti föður síns og stjórnaði þjóðinni þetta ár.

20 En þá tók að gæta manna, „innblásinna frá himni, er sendir voru, og þeir tóku að prédika meðal fólksins um gjörvallt landið og vitna djarflega um syndir og misgjörðir þjóðarinnar, og þeir báru því vitni fyrir fólkinu, að Drottinn mundi endurleysa fólk sitt, eða með öðrum orðum, þeir vitnuðu djarflega um upprisu Krists, ^bdauða hans og þjáningar.

21 En margir meðal þjóðarinnar reiddust þeim mönnum mjög, er vitnuðu um þessa hluti. Og þeir, sem reiddust, voru aðallega yfir-dómarar og þeir, sem „höfðu verið æðstu prestar og lögmenn. Já, allir lögmenn voru reiðir þeim, sem vitnuðu um þetta.

22 En enginn lögmaður, dómari

12a 1 Tím 6:17–19;
He 4:12.

13a LR Ofsækja, ofsókn.
b Matt 5:39;
4 Ne 1:34;
K&S 98:23–25.

14a LR Kostgæfni.
17a LR Freista, freisting.
18a Mósía 3:11.
b LR Uppreism.
20a LR Innblástur, guðleg andagift;

Spámaður.
b LR Friðþægja,
friðþægning;
Krossfesting.
21a LR K&S 121:36–37.
LR Fráhvarf.

eða æðsti prestur hafði vald til að dæma neinn til dauða, án þess að landstjórinn skrifaði undir dóminn.

23 Nú létu dómarnir taka af lífi á laun marga þá sem vitnuðu djarflega um Krist, og því barst landstjóranum ekki vitneskjan um dauða þeirra fyrr en eftir lát þeirra.

24 En sjá. Það var andstætt lögum landsins, að nokkur maður væri tekinn af lífi, ef landstjórinn veitti ekki vald til þess —

25 Þess vegna barst kvörtun til Sarahemlalands til stjórnanda landsins á hendur þessum dómurum, sem dæmt höfðu spámennt Drottins til dauða andstætt lögnum.

26 Nú bar svo við, að þeir voru teknir og leiddir fyrir dómarnum til að verða dæmdir fyrir þá glæpi, sem þeir höfðu framið, eftir þeim “lögum, sem þjóðin hafði sett.

27 Nú bar svo við, að þessir dómarnir áttu marga vini og ættingja. En hinir, já, næstum allir lögmenntirnir og æðstu prestarnir, söfnuðust saman og sameinuðust ættingjum þeirra dómara, sem yfirheyrta átti í samræmi við löginn.

28 Og þeir gjörðu “sáttmála hver við annan, já, einmitt þann sáttmála, sem gjörður var til forna, sáttmála, sem ^bdjöfullinn gjörði og stjórnaði til sameiningar gegn öllu réttlæti.

29 Þess vegna bundust þeir samtökum gegn fólki Drottins

og gjörðu sáttmála um að tortíma því, en bjarga þeim, sem sekir voru um morð, úr greipum réttvísinnar, sem beitt skyldi í samræmi við löginn.

30 Og þeir virtu að vettugi lög og rétt í landi sínu. Og þeir bundust samtökum um að tortíma landstjóranum og setja “konung yfir landið, svo að landið yrði ekki lengur frjálst, heldur lyti konungum.

7. KAPÍTULI

Yfirdómarnir myrtur, stjórnin eyðilögð og fólkið skiptist í ættbálka — Andkristurinn Jakob verður konungur leynisamtaka — Nefi prédikar iðrun og trú á Krist — Englar þjóna honum dag hvern og hann reisir bróður sinn upp frá dauðum — Margir iðrast og láta skírast. Um 30–33 e.Kr.

EN sjá. Ég mun sýna yður, að þeir settu ekki konung yfir landið. En þetta sama ár, já, þrítugasta árið, réðust þeir að dómarsætinu og myrtu yfirdómara landsins.

2 Og fólkið reis hvað gegn öðru og skiptist í ættbálka, hver maður með fjölskyldu sinni, ættingjum og vinum. Og þannig eyðilögðu þeir stjórn landsins.

3 Og hver ættbálkur tilnefndi sér foringja eða leiðtoga, og þannig urðu til ættbálkar og leiðtogar yfir ættbálkum.

4 En sjá. Enginn þeirra á meðal var án stórrar fjölskyldu, margra

26a Mósía 29:25; Al 1:14.

28a LR Leynisamtök,

samsæri.

b He 6:26–30.

30a 1 Sam 8:5–7;

Al 51:5.

ættingja og vina, og urðu því ættbálkarnir mjög stórir.

5 Allt þetta gjörðist, en enn voru engar styrjaldir þeirra í milli. Og allar þessar misgjörðir urðu hjá fólkinu, vegna þess að það „gaf sig Satan á vald.

6 Og stjórnarreglur voru að engu hafðar vegna „leyndra samtaka vina og ættingja þeirra, sem myrtu spámennina.

7 Og þeir ollu miklum deilum í landinu, þannig að réttlátari hluti fólksins var nánast allur orðinn ranglátur. Já, aðeins fáeina réttlátamenn var að finna meðal þeirra.

8 Og þannig voru tæplega sex ár liðin, frá því er meiri hluti þjóðarinnar hafði snúist frá réttlæti sínu, líkt og hundurinn snýr til „spýju sinnar eða líkt og gyltan til að velta sér í saurnum.

9 Þessi leynisamtök, sem leitt höfðu svo miklar misgjörðir yfir þjóðina, söfnuðust saman og gjörðu mann að nafni Jakob að foringja sínum —

10 Og þeir kölluðu hann konung sinn, og varð hann því konungur þessa rangláta hóps, og hann var einn hinn fremsti meðal þeirra, sem hafið höfðu upp rödd sína gegn spámönnunum, sem vitnuðu um Jesú.

11 Og svo bar við, að þeir voru ekki eins fjölmennir og ættbálkar fólksins, sem sameinaðir voru að öðru leyti en því, að leiðtogar hvers ættbálks settu lög, hver fyrir sinn ættbálk, en samt voru þeir

óvinir. Þótt þeir væru ekki réttlátir sameinuðust þeir í hatri sínu á þeim, sem bundist höfðu samtökum um að tortíma stjórninni.

12 Þegar Jakob, konungur hópsins, sá, að óvinirnir voru fjölmennari, bauð hann fólki sínu að flýja til nyrsta hluta landsins og stofna þar „ríki, þar til svo margir fráhverfingar hefðu gengið í lið með þeim (því að hann stærði sig af því, að margir myndu yfirgefa ættmenn sína), að þeir yrðu nægilega öflugir til að berjast við ættbálkana. Og þeir gjörðu svo.

13 Og svo hratt fóru þeir, að fyrr en varði voru þeir komnir lengra en svo að hægt væri að hefta för þeirra. Og þannig lauk þritugasta árinu, og þannig stóðu mál Nefíþjóðarinnar.

14 Og svo bar við, að á þritugasta og fyrsta árinu var þjóðin klofin í ættbálka, hver maður með fjölskyldu sinni, ættingjum og vinum. Þó höfðu þeir komist að samkomulagi um að eiga ekki í stríði hver við annan. En þeir sameinuðust ekki um lög sín og stjórnarhætti, því að slíkt fór eftir vilja foringja þeirra og leiðtoga. En þeir settu mjög ströng lög þess efnis, að engin ættkvísl skyldi sýna annarri yfirgang, þannig að friður ríkti í landinu að nokkru leyti. Þó sneru þeir hjörtum sínum frá Drottni Guði sínum og grýttu spámennina og vísuðu þeim burt frá sér.

15 Og svo bar við, að „Nefí — en

7 5a Róm 6:13–16; Al 10:25.
6a 2 Ne 9:9.

8a Okv 26:11;
2 Pét 2:22.

12a 3 Ne 6:30.
15a 3 Ne 1:2.

hann hafði heyrt rödd Drottins og séð engla berum augum, þar sem englar höfðu vitjað hans, og hafði fengið kraft til þekkingar á hinni helgu þjónustu Krists og einnig orðið sjónarvottur að hröðu fráhrarfi þeirra frá réttlæti til ranglætis og viðurstygðar —

16 Og vegna þess að hann var hryggur vegna hörkunnar í hjörtum þeirra og blindunnar í hugum þeirra, þá fór hann um meðal þeirra þetta sama ár og tók að vitna ótrauður um iðrun og fyrirgefningu syndanna fyrir trú á Drottin Jesú Krist.

17 Og hann þjónaði þeim margvíslega, en ekki er unnt að skrá það allt. Hluti þess mundi ekki nægja, og því er það ekki skráð í þessa bók. Og Nefí þjónaði með “krafti og í miklu veldi.

18 Og svo bar við, að þeir urðu honum mjög reiðir, já, vegna þess að hann var máttugri en þeir. Og “útilokað var að efast um orð hans, því að svo mikil var trú hans á Drottin Jesú Krist, að englar þjónuðu honum dag hvern.

19 Og í nafni Jesú stökkti hann út djöflum og “óhreinum öndum og reisti jafnvel bróður sinn upp frá dauðum, eftir að fólkíð hafði grýtt hann til dauða.

20 Og fólkíð sá það, varð vitni að því og reiddist honum vegna máttar hans. Og í nafni Jesú Krists vann hann einnig “mörg fleiri kraftaverk í auglýn fólksins.

21 Og svo bar við, að þrítugasta og fyrsta árið leið, og aðeins fáir snerust til trúar á Drottin. En allir, sem snerust til trúar, sýndu fólkinu sannlega, að kraftur og andi Guðs, sem bjó í Jesú Kristi, er þeir trúðu á, hafði vitjað þeirra.

22 Og allir þeir, sem losnað höfðu við illa anda og fengið lækningu á sjúkdómum sínum og veikleikum, sýndu fólkinu sannlega, að andi Guðs hefði haft áhrif á þá og að þeir væru heilir orðnir. Og þeir sýndu einnig tákni og unnu nokkur kraftaverk meðal fólksins.

23 Þannig leið þrítugasta og annað árið einnig. Og í byrjun þrítugasta og þriðja ársins hrópáði Nefí til fólksins, og hann boðaði því iðrun og fyrirgefningu syndanna.

24 Ég vil einnig, að þið minnst þess, að allir, sem leiddir voru til iðrunar, voru “skírðir í vatni.

25 Þess vegna vígði Nefí menn til þessarar helgu þjónustu, svo að allir, sem kæmu til þeirra, skyldu skírðir í vatni, og það sem sönnun og vitnisburð þess, frammi fyrir Guði og mönnum, að þeir hefðu iðrast og fengið “fyrirgefningu synda sinna.

26 Og margir voru skírðir iðrunarskírni í upphafi þessa árs. Og þannig leið meiri hluti ársins.

8. KAPÍTULI

Fellibylur, jarðskjálftar, eldar,

17a LR Kraftur.
18a 2 Ne 33:1;
Al 4:19.

19a LR Andi — Illir andar.
20a 3 Ne 8:1.
24a LR Skírni, skíra.

25a K&S 20:37.
LR Fyrirgefning
synda.

hvirfilvindar og mikið jarðrask vottfesta krossfestingu Krists — Margir farast — Myrkur er yfir landinu í þrjá daga — Þeir sem eftir lifa harma örlög sín. Um 33–34 e.Kr.

Og nú bar svo við samkvæmt heimildum okkar, og við vitum, að heimildir okkar eru sannar, því að sjá, sá, er skráði þær var réttvís maður — því að hann vann vissulega mörg „kraftaverk í nafni Jesú, en enginn maður gat unnið kraftaverk í nafni Jesú nema sá, sem í einu og öllu var hreinsaður af misgjörðum sínum —

2 Og nú bar svo við, að hafi þessum manni ekki orðið á nein mistök í tímatali okkar, þá voru „þrjátíu og þrjú ár liðin —

3 Og fólkíð tók af mikilli alvöru að vænta táknanna, sem spámaðurinn og Lamanítinn Samúel hafði gefið, já, vænta þess tíma, er „myrkur yrði yfir öllu landinu í þrjá daga.

4 En mikilla efasemda og ágreinings tók að gæta meðal fólksins, þrátt fyrir að svo mörg „tákn hefðu verið gefin.

5 Og svo bar við, að á fjórða degi fyrsta mánaðar, þrítugasta og fjórða ársins, brast á mikill stormur, svo mikill, að enginn honum líkur hafði áður þekkt í öllu landinu.

6 Og honum fylgdi einnig mikill og ógurlegur fellibylur og skelfilegar „þrumur, svo að öll jörð „nötraði, sem væri hún að klofna.

7 Þá urðu einnig svo skarpar eldingar, að engin dæmi voru um slíkt í landinu.

8 Og eldur kviknaði í „Sara-hemlaborg.

9 Og Moróniborg sökk niður í djúp sjávar, og íbúar hennar drukknuðu.

10 Og jörðin reis yfir Moróniaborg, svo að á grunni borgarinnar reis mikið fjall.

11 Og mikil og hræðileg tortíming varð í landinu í suðri.

12 En sjá. Enn hræðilegri tortíming varð í landinu í norðri. Því að sjá. Allt yfirborð landsins tók stakkaskiptum vegna fellibyls og hvirfilvinda og þruma og eldinga og óhemju mikilla skjálfta um alla jörð —

13 Og „þjóðbrautirnar brustu sundur, og sléttir vegir spilltust, og mörg flatlendi urðu mishæðótt.

14 Og margar miklar og markverðar borgir „sukku, margar brunnu og margar skulfu, svo að byggingar þeirra hrundu til jarðar og íbúar þeirra létu lífið, en staðirnir lögðust í eyði.

15 En nokkrar borgir stóðu enn uppi, en skemmdirnar urðu mjög miklar, og margir í þeim létu þar lífið.

16 Og sumir bárust í burtu með hvirfilvindinum, en hvert þeir bárust, veit enginn maður, aðeins er vitað, að þeir bárust í burtu.

8 1a 3 Ne 7:19–20;
Morm 9:18–19.
b Post 3:6; Jakob 4:6.
2a 3 Ne 2:8.
3a 1 Ne 19:10;

He 14:20, 27;
3 Ne 10:9.
4a LR Krossfesting.
6a 1 Ne 19:11;
He 14:21.

b Matt 27:45, 50–51.
8a 4 Ne 1:7–8.
13a He 14:24;
3 Ne 6:8.
14a 1 Ne 12:4.

17 Og þannig ummyndaðist allt yfirborð jarðar vegna fellibylja, þruma, eldinga og jarðskjálfta.

18 Og sjá. “Björgin klofnuðu. Þau brustu á yfirborði allrar jarðarinnar, svo að sjá mátti brot úr þeim og rifur og sprungur um allt yfirborð landsins.

19 Og svo bar við, að þegar þrumunum og eldingunum og storminum og fellibylnum og jarðskjálftunum linnti — því að sjá, þetta stóð yfir í um það bil “þrjár stundir, en sumir sögðu það lengri tíma. En engu að síður urðu allir þessir miklu og hræðilegu hlutir á um það bil þremur stundum — og sjá, þá varð myrkur yfir landinu.

20 Og svo bar við, að svo mikið niðamyrkur grúfði yfir öllu landinu, að íbúar þess, sem uppi stóðu, gátu “fundið ^bmyrkurhjúpin —

21 Og ekki varð unnt að tendra neitt ljós vegna myrkursins, hvorki kertaljós né blys. Né heldur var unnt að kveikja eld í völdum og þurum viði þeirra, þannig að alls ekkert ljós var að hafa —

22 Og ekkert ljós var sýnilegt, hvorki eldur, leiftur, sólin, tunglið né stjörnur, svo mikill var myrkurhjúpurinn, sem grúfði yfir öllu landinu.

23 Og svo bar við, að þetta hélst í “þrjá daga, og ekkert ljós var sýnilegt. Og mikil sorg, grátur og kvein var stöðugt meðal fólksins. Já, miklar voru stunur fólksins

vegna myrkursins og þeirrar miklu tortímingar, sem yfir það hafði dunið.

24 En á einum stað heyrðist fólkíð hrópa og segja: Ó, að við hefðum iðrast fyrir þennan mikla og hræðilega dag, þá hefði bræðrum okkar verið hlíft, og þeir hefðu ekki brunnið í hinni miklu borg “Sarahemla.

25 Og á öðrum stað heyrðist fólkíð hrópa og kveina og segja: Ó, að við hefðum iðrast fyrir þennan mikla og hræðilega dag og hefðum ekki drepíð og grýtt spámennina og vísað þeim burt. Þá hefði mæðrum okkar, fögrum dætrum og börnum verið hlíft í stað þess að grafast í hinni miklu borg Morónía! Já, svo miklir og hræðilegir voru kveinstafir fólksins.

9. KAPÍTULI

Í myrkrinu heyrst rödd Krists sem boðar tortímingu margra manna og borga vegna ranglætis fólksins — Hann lýsir einnig yfir guðdómleika sínum, segir að Móselögmálið sé nú uppfyllt og býður mönnum að koma til sín og láta frelsast. Um 34 e.Kr.

Og svo bar við, að “rödd heyrðist meðal allra íbúa jarðar á gjörvöllu landinu, er hrópaði:

2 Vei, vei, vei sé þessum lýð! “Vei sé íbúum allrar jarðarinnar, ef þeir iðrast ekki, því að djöfullinn ^bhlær og englar hans fagna vegna dauða

18a He 14:21–22.

19a Lúk 23:44.

20a 2 Mós 10:21–22.

b 1 Ne 12:5; 19:11.

23a 1 Ne 19:10.

24a He 13:12.

9 1a 1 Ne 19:11; 3 Ne 11:10.

2a Matt 11:20–21.

b HDP Móse 7:26.

hinna fögru sona og dætra lýðs míns. En vegna misgjörða sinna og viðurstyggðar eru þau fallin.

3 Sjá, hina miklu borg Sarahemla hef ég brennt í eldi ásamt íbúum hennar.

4 Og sjá! Hinni miklu borg Moróní hef ég sökkt í djúp sjávar, og drekkt íbúum hennar.

5 Og sjá! Hina miklu borg Morónía hef ég hulið jörðu ásamt íbúum hennar til að hylja misgjörðir þeirra og viðurstyggð fyrir ásjónu minni, svo að blóð spámannanna og hinna heilögu berist mér ekki framur þeim til áfellis.

6 Og sjá! Borginni Gílgal hef ég sökkt, og íbúa hennar hef ég grafið í iðrum jarðar —

7 Já, ég hef sökkt borginni Ónía og íbúum hennar, borginni Mókúm og íbúum hennar og borginni Jerúsalem og íbúum hennar. Og ég hef látið ^avötn myndast, þar sem þær voru til að hylja ranglæti þeirra og viðurstyggð fyrir ásjónu minni, svo að blóð spámannanna og hinna heilögu berist mér ekki framur þeim til áfellis.

8 Og sjá, borginni Gadiándí, og borginni Gadiómna, og borginni Jakob, og borginni Gimgímnó, öllum þessum borgum hef ég sökkt og látið ^ahæðir og dali í þeirra stað. Og íbúa þeirra hef ég grafið í iðrum jarðar til að hylja ranglæti þeirra og viðurstyggð fyrir augum mínum, svo að blóð

spámannanna og hinna heilögu berist mér ekki framur þeim til áfellis.

9 Og sjá! Hina miklu borg Jakóbúgat, sem byggð var þegnum Jakobs konungs, hef ég látið brenna í eldi vegna synda fólksins og ranglætis, sem yfirgekk allt ranglæti um gjörvalla jörðina, vegna ^alaunmorða þeirra og samtaka. Því að þeir rufu frið lýðs míns og steypu stjórn landsins. Þess vegna lét ég brenna þá og ^btortíma þeim frá ásjónu minni, svo að blóð spámannanna og hinna heilögu berist mér ekki framur þeim til áfellis.

10 Og sjá! Borgina Laman, og borgina Jos, og borgina Gad, og borgina Kiskúmen hef ég látið brenna í eldi ásamt íbúum þeirra vegna ranglætis þeirra, er þeir útskúfuðu spámönnunum og grýttu þá, sem ég sendi til að skýra þeim frá ranglæti þeirra og viðurstyggð.

11 Og vegna þess að þeir vísuðu þeim öllum burt, svo að enginn var eftir réttlátur meðal þeirra, sendi ég niður ^aeld og tortímdi þeim, svo að ranglæti þeirra og viðurstyggð yrði ásjónu minni hulið, svo að blóð spámannanna og hinna heilögu, sem ég sendi á meðal þeirra, hrópaði ekki til mín upp ^búr jörðunni þeim til áfellis.

12 Og ^amikla tortímingu hef ég látið koma yfir þetta land og yfir þennan lýð vegna ranglætis hans og viðurstyggðar.

7a Esek 26:19.

8a 1 Ne 19:11.

9a He 6:17–18, 21.

b Mósía 12:8.

11a 2 Kon 1:9–16;

He 13:13.

b 1 Mós 4:10.

12a 3 Ne 8:8–10, 14.

13 Ó, allir þér, sem ^aþyrmt hefur verið, vegna þess að þér voruð réttlátari en þeir, viljið þér nú ekki snúa til mín og iðrast synda yðar og snúast til trúar, svo að ég megi gjöra yður ^bheila?

14 Já, sannlega segi ég yður, að ef þér viljið ^akoma til mín, skuluð þér öðlast ^eheilíft líf. Sjá! ^cArmur miskunnar minnar er útréttur til yðar, og ég mun taka á móti hverjum þeim, sem koma vill. Og blessaðir eru þeir, sem koma til mín.

15 Sjá! Ég er Jesús Kristur, sonur Guðs. Ég ^askapaði himnana og jörðina og allt, sem í þeim er. Ég var með föðurnum frá upphafi. ^bÉg er í föðurnum og faðirinn í mér, og í mér hefur faðirinn gjört nafn sitt dýrðlegt.

16 Ég kom til minna eigin, en mínir eigin ^atóku ekki á móti mér. Og ritningarnar um komu mína hafa uppfyllst.

17 Og öllum þeim, sem tekið hafa á móti mér, hef ég ^aveitt að verða synir Guðs. Og sama mun ég einnig veita öllum þeim, sem trúu munu á nafn mitt. Því að sjá. ^bEndurlausnin kemur með mér, og í mér uppfyllist ^clögmál Móse.

18 Ég er ^aljós og líf heimsins. Ég er ^bAlfa og Ómega, upphafið og endirinn.

19 Og ekki skuluð þér fórna mér blóðfórnum ^aframar. Já, fórnir yðar og brennifórnir skulu undir lok líða, því að ég tek ekki lengur við fórnunum yðar og brennifórnum.

20 En þér skuluð bjóða mér sem ^afórn sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda. Og hvern þann, sem kemur til mín með sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, mun ég ^bskíra með eldi og heilögum anda, á sama hátt og Lamanítar voru skírðir með eldi og heilögum anda vegna trúar sinnar, þegar þeir snerust, en þeir vissu það ekki.

21 Sjá! Ég er kominn í heiminn til að endurleysa heiminn og frelsa heiminn frá synd.

22 Þess vegna mun ég taka við hverjum þeim, sem ^aiðrast og kemur til mín sem lítið ^bbarn, því að slíkra er Guðs ríki. Sjá, fyrir slíka hef ég ^cfórnað lífi mínu og tekið það aftur. Iðrist því, komið til mín frá endimörkum jarðar og látið frelsast.

13a 3 Ne 10:12.

b Jer 3:22; 3 Ne 18:32.

14a 2 Ne 26:24–28;

Al 5:33–36.

b Jóh 3:16.

c Al 19:36.

15a Jóh 1:1–3; Kól 1:16;

He 14:12; Et 4:7;

K&S 14:9.

b Jóh 17:20–22;

3 Ne 11:27; 19:23, 29.

16a Jóh 1:11;

K&S 6:21.

17a Jóh 1:12.

LR Maður, menn —

Maður, með möguleika

til að verða líkur

himneskum föður;

Synir og dætur Guðs.

b LR Endurleysa,

endurleystur,

endurlausn.

c 3 Ne 12:19, 46–47;

15:2–9.

18a LR Ljós, ljós Krists.

b Op 1:8.

LR Alfa og Ómega.

19a Al 34:13.

20a 3 Ne 12:19;

K&S 20:37.

b 2 Ne 31:13–14.

22a LR Iðrast, iðrun.

b Mark 10:15;

Mósía 3:19;

3 Ne 11:37–38.

c Jóh 10:15–18.

10. KAPÍTULI

Þögn er yfir landinu í margar stundir — Rödd Krists lofar því að safna fólki hans saman eins og hæna safnar ungunum sínum — Réttlátari hluti fólksins hefur varðveist. Um 34 e.Kr.

Og sjá. Nú bar svo við, að allir íbúar landsins heyrðu þessi orð og urðu vitni að þeim. En að þeim mæltum grúfði þögn yfir landinu í margar stundir —

2 Því að svo mikil var undrun fólksins, að harmakveinum þess og gráti yfir missi látinna ættingja sinna linnti. Þess vegna grúfði þögn yfir öllu landinu í margar stundir.

3 Og svo bar við, að enn barst rödd til fólksins, og allir heyrðu og urðu vitni að því, að hún sagði:

4 Ó, þér íbúar þessara „miklu borga, sem fallið hafið, þér, sem eruð afkomendur Jakobs, já, sem eruð af Ísraelsætt! Hversu oft hef ég safnað yður saman, eins og hæna safnar ungunum sínum undir vængi sína, og ^bnært yður.

5 Og enn fremur, „hversu oft hefði ég viljað safna yður saman, eins og hæna safnar ungunum sínum undir vængi sína, já, yður af Ísraelsætt, sem fallið hafið, já, ó, yður, Ísraelsætt, yður, sem dveljið í Jerúsalem, og yður, sem fallið hafið. Já, hversu oft hefði ég viljað safna yður saman, eins og hæna safnar saman ungunum sínum, en þér vilduð það ekki.

6 Ó, þér Ísraelsætt, sem ég hef „hlíft! Hversu oft mun ég safna yður saman, eins og hæna safnar ungunum sínum undir vængi sína, ef þér viljið iðrast og ^bsnúa til mín af einlægu hjarta.

7 En ef ekki, ó Ísraelsætt, þá skulu dvalarstaðir yðar verða auðir fram að þeim tíma, er „sáttmálinn við feður yðar er uppfylltur.

8 Og nú bar svo við, að þegar fólkið hafði heyrt þessi orð, sjá, þá tók það að gráta og kveina aftur yfir missi ættingja sinna og vina.

9 Og svo bar við, að þannig liðu þessir þrír dagar. Og það var morgunn, og „myrkrinu létti af landinu, og jörðin hætti að skjálfa, og björgin hættu að klofna, og hinum hræðilegu stunum linnti, og hin ógnarlega háreysti hljóðnaði.

10 Og umbrotum linnti, og jörðin varð aftur föst undir fæti, og þeir, sem eftir lifðu, létu af sorg sinni, gráti og kveinstöfum. Og sorgin snerist í gleði og harmakvein þeirra í lof og þakkargjörð til Drottins Jesú Krists, lausnara þeirra.

11 Og fram að því höfðu ritningararnar „uppfyllst, sem spámennirnir höfðu fyrir mælt.

12 Og hinir „réttlátari meðal fólksins voru hólpnir, en það voru þeir, sem tekið höfðu á móti spámönnunum, en ekki grýtt þá. Og

10 4a 3 Ne 8:14.
b 1 Ne 17:3.
5a Matt 23:37;
K&S 43:24–25.

6a 3 Ne 9:13.
b 1 Sam 7:3;
He 13:11; 3 Ne 24:7.
c Esek 36:26.

7a LR Sáttmáli.
9a 3 Ne 8:19.
11a Post 3:18–20.
12a 2 Ne 26:8; 3 Ne 9:13.

þeim var hlíft, sem ekki höfðu úthellt blóði hinna heilögu —

13 Þeim var hlíft, en hvorki sökkt niður né þeir grafnir í jörðu. Þeim var hvorki drekkt í djúpi sjávar, brenndir í eldi né heldur féll neitt yfir þá og kramdi þá til dauða. Og þeir bárust ekki burt með hvirfilvindinum, né létu þeir bugast af reykjarmekki og myrkri.

14 En hver, sem þetta les, hann skilji, og sá, sem hefur ritningarnar, hann “kanni þær og sjái og komist að raun um, hvort öll þessi dauðsföll og tortíming af eldi og reyk og af fellibyljum og hvirfilvindum og af því að jörðin ^bopnaðist og gleypti þá, sé ekki til uppfyllingar spádómum margra hinna heilögu spámana.

15 Sjá, ég segi yður. Já, margir hafa vitnað um þessa hluti við komu Krists, en voru “líflátnir, vegna þess að þeir vitnuðu um það.

16 Já, spámaðurinn “Senos vitnaði um þetta, og einnig talaði Senokk um það, þar eð þeir vitnuðu sérstaklega um okkur, sem erum leifar af niðjum þeirra.

17 Sjá, faðir okkar Jakob vitnaði einnig um “leifarnar af niðjum Jósefs. Og sjá. Erum við ekki leifar af niðjum Jósefs? Og er ekki það, sem vitnað er um okkur, skráð á látunstöflurnar, sem faðir okkar Lehí kom með frá Jerúsalem?

18 Og svo bar við í lok þrítugasta og fjórða ársins, að — sjá, ég mun sýna yður, að þeim Nefítum, sem hlíft hafði verið, og einnig þeim, sem Lamanítar nefndust og hafði verið hlíft — þá var þeim auðsýnd mikil náð og þeir nutu mikilla blessana að því leyti, að fljótlega, eftir að Kristur “sté upp til himins, opinberaði hann sig þeim sannlega —

19 “Sýndi þeim líkama sinn og þjónaði þeim, en frásögnin af helgri þjónustu hans mun gefin hér á eftir. Ég lýk því máli mínu að þessu sinni.

Jesús Kristur birtist Nefíþjóðinni, þegar mannfjöldinn var samankominn í landi Nægtarbrunns, og hann veitti þeim þjónustu. Og á þennan hátt sýndi hann sig þeim.

Nær yfir 11. til og með 26. kapitula.

11. KAPÍTULI

Faðirinn ber vitni um elskaðan son sinn — Kristur birtist og boðar friðþægingu sína — Fólkið snertir örín eftir benjarnar á höndum hans, fótum og síðu — Það hrópar hósanna — Hann sýnir hvornig skírinn skuli framkvæmd — Andi sundrungar er frá djöflinum — Kenning Krists er sú, að menn skuli trúu, láta skírast og meðtaka heilagan anda. Um 34 e.Kr.

14a LR Ritningar — Gildi ritninganna.
b 1 Ne 19:11;
2 Ne 26:5.

15a LR Píslarvottur, píslarvætti.
16a He 8:19–20.
17a 2 Ne 3:4–5;

Al 46:24;
3 Ne 5:23–24.
18a Post 1:9–11.
19a 3 Ne 11:12–15.

Og nú bar svo við, að mikill fjöldi Nefíþjóðarinnar var samankominn umhverfis musteríð, sem var í landi Nægtarbrunnis. Og fólkíð lét í ljós undrun og furðu sín á milli og sýndi hvert öðru þá „miklu og undursamlegu breytingu, sem hafði átt sér stað.

2 Og það ræddi einnig um þennan Jesú Krist, en „tákn hafði verið gefið um dauða hans.

3 Og svo bar við, að meðan það ræddi þannig hvað við annað, heyrði það „rödd, sem virtist koma af himni. Og það litaðist um, því að það skildi ekki röddina, sem það heyrði. Þetta var hvorki hörð rödd né hávær, en þótt blágvær rödd væri, smaug hún inn að innstu hjartarótum þeirra, sem hana heyrðu, svo að hver taug í líkama þeirra titraði. Já, hún nísti sál þeirra, svo að hjörtu þeirra brunnu.

4 Og svo bar við, að enn heyrðu þau röddina, en þau skildu hana ekki.

5 Og enn á ný, hið þriðja sinn, heyrðu þau röddina og luku upp eyrum sínum fyrir henni. Og augu þeirra beindust í átt að hljóðinu, og þau litu beint til himins, en þaðan kom hljóðið.

6 Og sjá. Hið þriðja sinn skildu þau röddina, sem þau heyrðu, en hún sagði við þau:

7 Sjá minn „elskaða son, ^bsem ég

hef velþóknun á. Í honum hef ég gjört nafn mitt dýrðlegt — hlýðið á hann.

8 Og svo bar við, að þegar þau skildu, beindu þau augum sínum á ný til himins, og sjá. Þau „sáu mann stíga niður af himni, og var hann klæddur hvítum kyrtli, og hann sté niður og stóð mitt á meðal þeirra. Og allra augu beindust að honum, og menn þorðu ekki að mæla hver til annars og vissu ekki, hvað þetta táknaði, því að þeir héldu það vera engil, sem hefði birst þeim.

9 Og svo bar við, að hann rétti fram hönd sína, ávarpaði lýðinn og sagði:

10 Sjá, ég er Jesús Kristur, sem spámennirnir vitnuðu um, að koma mundi í heiminn.

11 Og sjá! Ég er „ljós og líf heimsins, og ég hef bergt af þeim beiska ^bbikar, sem faðirinn gaf mér, og ég hef gjört föðurinn dýrðlegan með því að „taka á mig syndir heimsins og þannig lotið „vilja föðursins í öllu, allt frá upphafi.

12 Og svo bar við, að þegar Jesús hafði mælt þessi orð, féll allur mannfjöldinn til jarðar. Því að menn minntust þess, að „spáð hafði verið meðal þeirra, að Kristur mundi opinbera sig þeim eftir uppstigningu sína til himins.

13 Og svo bar við, að Drottinn talaði til þeirra og mælti:

11 1a 3 Ne 8:11–14.

2a He 14:20–27.

3a 5 Mós 4:33–36;

He 5:29–33.

b 1 Kon 19:11–13;

K&S 85:6.

7a Matt 3:17; 17:5;

JS — S 1:17.

b 3 Ne 9:15.

8a 1 Ne 12:6; 2 Ne 26:1.

11a LR Ljós, ljós Krists.

b Matt 26:39, 42.

c Jóh 1:29;

K&S 19:18–19.

d Mark 14:36;

Jóh 6:38;

K&S 19:2.

12a Al 16:20.

14 Rísið á fætur og komið til mín, svo að þér getið ^aþrýst höndum yðar á síðu mína og einnig ^bfunduð naglaförin á höndum mínum og fótum, svo að þér megið vita, að ég er ^cGuð Ísraels og Guð allrar ^djarðarinnar og hef verið deyddur fyrir syndir heimsins.

15 Og svo bar við, að mannfjöldinn gekk fram og þrýsti höndum sínum á síðu hans og fann naglaförin á höndum hans og fótum. Og þannig hélt fólkið áfram, hver af öðrum, uns allir höfðu gengið fram, og allir sáu með augum sínum og fundu með höndum sínum og vissu með öruggri vissu og báru því vitni, að ^aþetta var sá, sem spámennirnir höfðu ritað um, að koma mundi.

16 Og þegar allir höfðu gengið fram og sannfærst, var hrópað einum rómi og sagt:

17 Hósanna! Blessað sé nafn Guðs hins æðsta! Og fólkið féll að fótum Jesú og ^atilbað hann.

18 Og svo bar við, að hann talaði til ^aNefís (því að Nefí var meðal mannfjöldans) og hann bauð honum að ganga fram.

19 Og Nefí reis á fætur og gekk fram, laut Drottinn og kyssti fætur hans.

20 Og Drottinn bauð honum að

rísa á fætur. Og hann reis á fætur og stóð frammi fyrir honum.

21 Og Drottinn sagði við hann: Ég veiti þér ^avald til að þú ^bskírir þetta fólk, þegar ég hef aftur stigið upp til himins.

22 Og enn fremur kallaði Drottinn ^aaðra til og mælti hið sama við þá. Og hann veitti þeim vald til að skíra og sagði við þá: Á þennan hátt skuluð þér skíra, og ^bengin sundrung skal vera á meðal yðar.

23 Sannlega segi ég yður, á þennan hátt skuluð þér skíra hvern þann, sem iðrast synda sinna fyrir yðar ^aorð og ^bþráir að láta skírast í mínu nafni — Sjá, þér skuluð stíga niður í vatnið og ^cstanda þar, og í mínu nafni skuluð þér skíra þá.

24 Og sjá nú! Þetta eru orðin, sem þér skuluð mæla. Þér skuluð nefna þá með nafni og segja:

25 Að fengnu ^avaldi frá Jesú Kristi skíri ég þig í nafni ^bföðurins og sonarins og hins heilaga anda. Amen.

26 Síðan skuluð þér ^adýfa þeim niður í vatnið og stíga upp úr vatninu aftur.

27 Og á þennan hátt skuluð þér skíra í mínu nafni. Því að sjá. Sannlega segi ég yður, að faðirinn og sonurinn og hinn heilagi andi eru ^aeitt og ég er í föðurnum

14a Jóh 20:27.

b Lúk 24:36–39;

K&S 129:2.

c Jes 45:3; 3 Ne 15:5.

d 1 Ne 11:6.

15a LR Jesús Kristur —
Birting Krists eftir
jarðlífið.

17a LR Tilbeiðsla.

18a 3 Ne 1:2, 10.

21a LR Kraftur.

b LR Skírín, skíra.

22a 1 Ne 12:7;

3 Ne 12:1.

b 3 Ne 18:34.

23a 3 Ne 12:2.

b LR Skírín, skíra —
Forsendur skírnar.

c 3 Ne 19:10–13.

25a Mósaía 18:13;

K&S 20:73.

LR Skírín, skíra —

Rétt vald.

b LR Guð, guðdómur.

26a LR Skírín, skíra — Skírín
með niðurdýfingu.

27a Jóh 17:20–22;

3 Ne 28:10;

Morm 7:7;

K&S 20:28.

og faðirinn í mér, og faðirinn og ég erum eitt.

28 Og eins og ég hef boðið yður, þannig skuluð þér skíra. Og engin „sundrung skal vera á meðal yðar, eins og hingað til hefur verið. Ekki skal heldur vera neinn ágreiningur meðal yðar um kenningar mínar, eins og hingað til hefur verið.

29 Því að sannlega, sannlega segi ég yður, að sá, sem haldinn er „anda ^bsundrungar er ekki minn, heldur djöfulsins, sem er faðir sundrungar og egnir menn til deilna og reiði hvern gegn öðrum.

30 Sjá! Það er ekki mín kenning að egna menn til reiði hver við annan, heldur er það kenning mín, að slíkt skuli afnumið.

31 Sjá! Sannlega, sannlega segi ég yður, að ég mun boða yður „kenningu mína.

32 Og þetta er „kenning mín, og það er sú kenning, sem faðirinn hefur gefið mér. Og ég ber föðurnum ^bvitni, og faðirinn ber vitni um mig og ^cheilagur andi ber vitni um föðurinn og mig. Og ég ber þess vitni, að faðirinn býður öllum mönnum alls staðar að iðrast og trú á mig.

33 Og hver, sem trúir á mig og hefur hlotið „skírn, mun ^bhólpinn verða. Og það eru þeir, sem ^cerfa skulu Guðs ríki.

34 En hver, sem ekki trúir á mig og ekki hefur hlotið skírn, mun fordæmdur verða.

35 Sannlega, sannlega segi ég yður, að þetta er mín kenning, og ég ber vitni um það frá föðurnum. Og hver, sem „trúir á mig, trúir einnig á föðurinn, og honum mun faðirinn bera vitni um mig, því að hann mun vitja hans með ^beldi og ^cheilögum anda.

36 Og þannig mun faðirinn bera vitni um mig, og heilagur andi mun bera honum vitni um föðurinn og mig, því að faðirinn og ég og heilagur andi erum eitt.

37 Og enn segi ég yður. Þér verðið að iðrast og „verða sem lítið barn og láta skírast í mínu nafni, ella getið þér engan veginn veitt þessu viðtöku.

38 Og enn segi ég yður. Þér verðið að iðrast og láta skírast í mínu nafni og verða sem lítið barn, ella getið þér engan veginn erft Guðs ríki.

39 Sannlega, sannlega, segi ég yður, að þetta er mín kenning, og allir þeir, sem á henni „byggja, byggja á bjargi mínu, og ^bhlið heljar munu ekki á þeim sigrast.

40 En hver sá, sem boðar meira eða minna en þetta og segir það mína kenningu, sá hinn sami kemur frá hinu illa og byggir ekki

28a 1 Kor 1:10;

Ef 4:11–14;

K&S 38:27.

29a 2 Tím 2:23–24;

Mósía 23:15.

LR Deilur.

b ÞJS Ef 4:26 (Viðauki);

Mósía 2:32–33.

31a 2 Ne 31:2–21.

32a LR Kenning Krists.

b 1 Jóh 5:7.

c 3 Ne 28:11; Et 5:4.

33a Mark 16:16.

LR Skírn,

skíra — Nauðsynleg.

b LR Sáluhjálp, hjálpraði.

c LR Himnesk dýrð.

35a Et 4:12.

b 3 Ne 9:20; 12:2.

c LR Heilagur andi.

37a Mark 10:15;

Lúk 18:17;

Mósía 3:19; 3 Ne 9:22.

39a Matt 7:24–29;

He 5:12.

LR Bjarg.

b 3 Ne 18:12–13.

á bjargi mínu, heldur byggir hann á “sendnum grunni, og hlið heljar standa upp á gátt til að taka á móti slíkum, þegar flóðin koma og vindarnir bylja á þeim.

41 Farið því út til þessa fólks og boðið orðin, sem ég hef mælt, til endimarka jarðar.

12. KAPÍTULI

Jesús kallar hina tólf lærisveina og veitir þeim valdsumboð sitt — Hann flytur Nefítum ræðu hliðstæða fjallræðunni — Hann fer með sælu-boðin — Kenningar hans eru æðri Móselögmálinu — Mönnum boðið að verða fullkomnir eins og hann og faðir hans eru fullkomnir — Samanber Matteus 5. Um 34 e.Kr.

Og svo bar við, að þegar Jesús hafði mælt þessi orð til Nefís og þeirra, sem kallaðir höfðu verið, (þeir sem kallaðir höfðu verið og hlotið kraft og vald til að skíra voru ^atólf að tölu) sjá, þá rétti hann út hönd sína til mannfjöldans og hrópaði til hans og sagði: ^bBlessaðir eruð þér, ef þér gefið gaum að orðum þessara tólf, sem ég hef ^cvalið yðar á meðal til að veita yður þjónustu og verða þjónar yðar. Og þeim hef ég gefið vald til að skíra yður með vatni, en

eftir að þér eruð skírðir með vatni, sjá, þá mun ég skíra yður með eldi og heilögum anda. Blessaðir eruð þér þess vegna, ef þér trúið á mig og látið skírast, eftir að þér hafið séð mig og vitið, að ég er.

2 En enn fremur, meira blessaðir eru þeir, sem ^atrúa munu orðum yðar, vegna þess að þér berið því vitni að hafa séð mig, og þér vitið, að ég er. Já, blessaðir eru þeir, sem trúa munu orðum yðar og ^bhverfa niður í djúp auðmýktar og láta skírast, því að þeirra mun vitjað ^cmeð eldi og með heilögum anda, og þeir munu hljóta fyrirgefningu synda sinna.

3 Já, blessaðir eru ^afátækir í anda, sem til mín ^bkoma, því að þeirra er himnaríki.

4 Blessaðir eru enn fremur allir syrgjendur, því að þeir munu huggaðir verða.

5 Og blessaðir eru ^ahógværir, því að þeir munu ^bþjörðina erfa.

6 Og blessaðir eru allir þeir, sem ^ahungrar og ^bþyrstir eftir ^créttlæti, því að þeir munu fylltir verða heilögum anda.

7 Og blessaðir eru ^amiskunn-samir, því að þeim mun misk-unnað verða.

8 Og blessaðir eru allir ^ahjarta-hreinir, því að þeir munu ^bGuð sjá.

40a 3 Ne 14:24–27.

12 1a 3 Ne 13:25.

b LR Blessa, blessaður, blessun.

c LR Köllun, kallaður af Guði.

2a K&S 46:13–14.

LR Trú, trúa.

b Et 4:13–15.

c 3 Ne 11:35; 19:13.

3a K&S 56:17–18.

LR Auðmjúkur, auðmýkt.

b Matt 11:28–30.

5a Róm 12:16; Mósía 3:19.

LR Hógvær, hógværð.

b LR Jörð.

6a 2 Ne 9:51; Enos 1:4.

b Jer 29:13.

c Okv 21:21.

7a LR Miskunn-samur, miskunnsemi.

8a LR Hreinn, hreinleiki.

b K&S 93:1.

9 Og blessaðir eru allir ^afriðflytjendur, því að þeir munu Guðs ^bbörn kallaðir verða.

10 Og blessaðir eru allir þeir, sem ^aofsóttir eru vegna nafns míns, því að þeirra er himnaríki.

11 Og blessaðir eruð þér, þá er menn smána yður, ofsækja og ljúga á yður öllu illu mín vegna —

12 Því að mikil verður gleði yðar og ákaft munuð þér fagna, því að ^alaun yðar verða mikil á himni; því að þannig ofsóttu þeir spámenntina, sem voru á undan yður.

13 Sannlega, sannlega segi ég yður, að ég fel yður að verða ^asalt jarðar. En ef saltið dofnar, með hverju skal þá jörðin söltuð? Saltið verður þá til einskis annars nýtt en fleygja því og troða undir fótum manna.

14 Sannlega, sannlega segi ég yður, að ég kalla yður til að vera ljós þessarar þjóðar. Borg, sem á fjalli stendur, fær eigi dulist.

15 Sjá. Kveikja menn ^aljós og setja það undir mæliker? Nei, það er sett á ljósastiku, og það lýsir öllum, sem í húsinu eru —

16 Látið þannig ^aljós yðar lýsa meðal þessarar þjóðar, til þess að hún sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himni.

17 Þér skuluð ekki ætla, að ég sé kominn til að tortíma lögmálinu eða spámönnunum. Ég kom

ekki til að tortíma, heldur til að uppfylla —

18 Því að sannlega segi ég yður, að hvorki hefur einn smástafur né stafkrókur fallið úr ^alögmálinu, heldur hefur allt fullkomnast í mér.

19 Og sjá. Ég hef gefið yður lög málið og boðorð föður míns, til að þér trúið á mig, iðrist synda yðar og komið til mín með ^asundurkramið hjarta og sáriðrandi anda. Sjá. Þér hafið boðorðin fyrir yður, og ^blögmálið er uppfyllt.

20 Komið þess vegna til mín og látið frelsast, því að sannlega segi ég yður, að ef þér haldið ekki boðorð mín, sem ég hef gefið yður á þessari stundu, komist þér með engu móti í himnaríki.

21 Þér hafið heyrt, að fyrrum hafi menn sagt — og það er einnig skráð fyrir framan yður — að þér skylduð ekki ^amorð fremja, og sá, sem morð fremur, hættir sér undir dóm Guðs —

22 En ég segi yður: Hver sá, sem reiðist bróður sínum, hættir sér undir dóm hans. Og sá, sem hrakyrðir bróður sinn, hættir sér undir ráðið, og hver, sem segir: Þú heimskingi, á loga vítis á hættu.

23 Ef þér þess vegna komið til mín eða þráið að koma til mín og minnst þess þá, að bróðir yðar hafi gjört eitthvað á móti yður —

9a LR Friðflytjandi.
b LR Synir og dætur
Guðs.

10a K&S 122:5–9.

LR Ofsækja, ofsókn.

12a Et 12:4.

13a K&S 101:39–40.
LR Salt.

15a Lúk 8:16.

16a 3 Ne 18:24.

18a LR Móselögmál.

19a 3 Ne 9:20.

LR Sundurkramið
hjarta.

b 3 Ne 9:17.

21a 2 Mós 20:13;

Mósía 13:21;

K&S 42:18.

24 Farið þá fyrst til bróður yðar og “sættist við hann, og komið síðan til mín með einlægum ásetningi, og ég mun taka á móti yður.

25 Verið skjóttir til sátta við andstæðing yðar, meðan þér eigið enn samleið með honum, því að annars gæti hann náð yður hvenær sem er og yður verði varpað í fangelsi.

26 Sannlega, sannlega segi ég yður, að alls eigi munuð þér komast út þaðan, fyrr en þér hafið greitt yðar síðasta senín. Og getið þér greitt svo mikið sem eitt “senín, meðan þér eruð í fangelsinu? Sannlega, sannlega segi ég yður, nei.

27 Sjá. Fyrrum var skráð: Þú skalt ekki drýgja “hór —

28 En ég segi yður: Hver sá, sem horfir á konu með “girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu.

29 Sjá. Ég gef yður boð um að leyfa engu slíku aðgang að “hjörtum yðar —

30 Því að betra er að neita sér um slíkt og taka þar með upp “kross sinn en láta varpa sér til vítis.

31 Skráð hefur verið, að hver sá, sem skilur við konu sína, skuli fá henni “skilnaðarbréf.

32 Sannlega, sannlega segi ég yður, að hver, sem “skilur við konu sína, nema fyrir ^bhórsök,

verður til þess, að hún drýgir “hór. Og hver, sem gengur að eiga fráskilda konu, drýgir hór.

33 Enn er skráð, að þú skulir ekki sverja rangan eið, heldur halda “eiða þína við Drottin —

34 En sannlega, sannlega segi ég yður, að þér skuluð alls enga eiða “sverja, hvorki við himininn, því að hann er hásaeti Guðs —

35 Né við jörðina, því að hún er fótskör hans —

36 Og eigi skuluð þér sverja við höfuðið, því að þér getið hvorki gjört eitt einasta hár hvítt né svart —

37 En tjáning yðar sé já, já og nei, nei. Það, sem er umfram það, er illt.

38 Og sjá. Skráð er: “Auga fyrir auga og tönn fyrir tönn —

39 En ég segi yður, að þér skulið ekki “rísa gegn þeim, sem gjörir yður mein. Slái einhver yður á hægri kinn, þá ^bþjóðið honum einnig hina —

40 Og vilji einhver lögsækja yður og hafa af yður kyrtil yðar, látið honum þá einnig eftir yfirhöfnina —

41 Og neyði einhver yður með sér eina mílu, þá gangið með honum tvær.

42 “Gefið þeim, sem biður yður, og snúið ekki baki við þeim, sem vill fá lán hjá yður.

43 Og enn fremur er skráð: Þú

24a LR Fyrirgefna.

26a Al 11:3.

27a 2 Ne 9:36;
K&S 59:6.

28a K&S 42:23.
LR Losti.

29a Post 8:22.

30a Matt 10:38; 16:24;
Lúk 9:23.

31a LR Skilnaður.

32a Mark 10:11–12.

b LR Saurlífnaður.

c LR Hórdómur.

33a LR Eiður.

34a LR Vanhelgun.

38a 3 Mós 24:20.

39a 3 Ne 6:13; 4 Ne 1:34;
K&S 98:23–32.

b LR Polinmæði, þolgæði.

42a Jakob 2:17–19;

Mósía 4:22–26.

skalt elska náunga þinn og hata óvin þinn —

44 En sjá. Ég segi yður: Elskið “óvini yðar, blessið þá, sem bölvu yður, gjörið þeim gott, sem hata yður og ^bbiðjið fyrir þeim, sem misnota yður og ofsækja —

45 Svo að þér megið verða börn föður yðar á himni, því að hann lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða.

46 Þess vegna uppfyllist í mér allt hið liðna, sem lögmálinu tilheyrði.

47 Hið “aldna er liðið undir lok, og allt er orðið nýtt.

48 Þess vegna vil ég, að þér séuð “fullkomnir, rétt eins og ég eða faðir yðar á himni er fullkominn.

13. KAPÍTULI

Jesús kennir Nefítum bæn Drottins — Þeir skulu safna sér fjársjóði á himnum — Lærisevinunum tólf boðið að hafa ekki áhyggjur af veraldlegum hlutum þegar þeir þjóna — Samanber Matteus 6. Um 34 e.Kr.

SANNLEGA, sannlega segi ég, að ég vil, að þér gefið hinum fátæku “ölmusu. En gætið þess að gefa ekki ölmusu yðar frammi fyrir mönnum til að sýnast fyrir þeim, því að þá eigið þér engin laun hjá föður yðar, sem er á himni.

2 En þegar þér því gefið ölmusu, látið þá ekki þeyta lúður fyrir

yður, eins og hræsnarar munu gjöra í samkunduhúsum og á strætum úti, til þess að hljóta “lof manna. Sannlega segi ég yður, þeir hafa tekið sín laun.

3 En þegar þér gefið ölmusu, þá viti vinstri höndin ekki, hvað sú hægri gjörir —

4 Svo að ölmusa yðar fari leynt, og faðir yðar, sem sér í leynum, mun sjálfur opinskátt umbuna yður.

5 Og þegar þér “biðjist fyrir, þá farið ekki að sem hræsnararnir, því að þeir vilja helst standa og biðjast fyrir í samkundum og á gatnamótum, til þess að menn sjái þá. Sannlega segi ég yður, þeir hafa tekið sín laun.

6 En þegar þér biðjist fyrir, þá gangið inn í herbergi yðar, lokið dyrunum og biðjið til föður yðar, sem er í leynum. Faðir yðar, sem sér í leynum, mun opinskátt umbuna yður.

7 Þegar þér biðjist fyrir, farið þá ekki með fánýtar endurteknningar að hætti heiðingja, en þeir hyggja, að þeir verði bænheyrðir fyrir mælgí sína.

8 Líkist þeim því ekki. Faðir yðar “veit, hvers þér þarfnist áður en þér biðjið hann.

9 En á “þennan hátt skuluð þér því ^bbiðja: “Faðir vor, þú sem ert á himnum, helgist þitt nafn.

10 Verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni.

44a Okv 24:17;
Al 48:23.
b Post 7:59–60.
47a 3 Ne 15:2, 7;
K&S 22:1.

48a Matt 5:48; 3 Ne 27:27.
LR Fullkominn.
13 1a LR Ölmusa.
2a K&S 121:34–35.
5a LR Bæn.

8a K&S 84:83.
9a Matt 6:9–13.
b LR Bæn.
c LR Guð, guðdómur —
Guð faðirinn.

11 Og fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér fyrirgefum vorum skuldunautum.

12 Og eigi "leið þú oss í freistni, heldur varðveit oss frá illu.

13 Því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Amen.

14 Því að ef þér "fyrirgefið mönnum misgjörðir þeirra, mun faðir yðar himneskur einnig fyrirgefa yður —

15 En ef þér fyrirgefið ekki mönnum misgjörðir þeirra, mun faðir yðar ekki heldur fyrirgefa misgjörðir yðar.

16 Þegar þér "fastið, þá verið ekki daprir í bragði, eins og hræsnarar. Þeir afmynda andlit sín, svo að engum dyljist, að þeir fasta. Sannlega segi ég yður, þeir hafa tekið sín laun.

17 En þér, þá er þér fastið, smyrjið höfuð yðar og laugið andlit yðar —

18 Svo að menn verði ekki varir við, að þér fastið, heldur faðir yðar, sem er í "leynum. Og faðir yðar, sem sér í leynum, mun opinskátt umbuna yður.

19 Safnið yður ekki fjársjóðum á jörðu, þar sem mölur og ryð eyðir og þjófar brjótast inn og stela —

20 Safnið yður heldur "fjársjóðum á himni, þar sem hvorki eyðir mölur né ryð og þjófar brjótast ekki inn og stela.

21 Því að þar sem fjársjóður þinn er, þar mun og hjarta þitt vera.

22 Augað er "ljós líkamans. Sé auga þitt heilt, mun allur líkami þinn fullur af ljósi.

23 En sé auga þitt spillt, myrkvast allur líkami þinn. Sé því ljósið í þér myrkur, hvílíkt myrkur verður þá! —

24 Enginn getur "þjónað tveimur herrum. Annaðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og fyrirlítur hinn. Þér getið ekki þjónað Guði og mammon.

25 Og svo bar við, að eftir að Jesús hafði mælt þessi orð, leit hann á þá tólf, sem hann hafði valið, og sagði við þá: Hafið hugföst þau orð, sem ég hefi mælt. Því að sjá. Yður hef ég valið til að "þjóna þessu fólki. Því segi ég yður: ^bVerið ekki áhyggjufullir um líf yðar, hvað þér eigið að eta eða drekka, né heldur um líkama yðar, hverju þér eigið að klæðast. Er lífið ekki meira en fæðan og líkaminn fremri en klæðin?

26 Lítið til fugla loftans. Hvorki sá þeir né uppskera né safna í hlöður, samt fæðir himneskur faðir yðar þá. Eruð þér þeim ekki miklu fremri?

27 Og hver yðar getur með áhyggjum aukið einni spönn við hæð sína?

28 Og hví eruð þér áhyggjufullir um klæði? Hyggið að liljum vallarins, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna —

29 En þó segi ég yður: Jafnvel

12a ÞJS Matt 6:14 (Viðauki).

14a Mósía 26:30–31;
K&S 64:9.

LR Fyrirgefa.

16a Jes 58:5–7.

LR Fasta.

18a K&S 38:7.
20a He 5:8; 8:25.
22a K&S 88:67.
24a 1 Sam 7:3.

25a LR Þjónn.

b Al 31:37–38;
K&S 84:79–85.

Salómon í allri sinni dýrð var ekki svo búinn sem ein þeirra.

30 Fyrst Guð skrýðir svo gras vallarins, sem í dag stendur, en á morgun verður í ofn kastað, þá mun hann einnig klæða yður, ef þér eruð ekki trúlitlir.

31 Segið því ekki áhyggjufullir: Hvað eigum vér að eta? Hvað eigum vér að drekka? Hverju eigum vér að klæðast?

32 Því að himneskur faðir yðar veit, að þér þarfnist alls þessa.

33 En leitið fyrst “ríkis Guðs og réttlætis hans, og allt þetta mun bætast yður að auki.

34 Hafið þess vegna ekki áhyggjur af morgundeginum. Morgundagurinn mun hafa sínar áhyggjur. Hverjum degi nægir sín þjáning.

14. KAPÍTULI

Jesús býður: Dæmið ekki; spyrjið Guð; varist falsspámenn — Hann lofar þeim sáluhjálpi, sem gjöra vilja föðurins — Samanber Matteus 7. Um 34 e.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Jesús hafði mælt þessi orð, sneri hann sér aftur að mannfjöldanum, lauk upp munni sínum á ný og sagði: Sannlega, sannlega segi ég yður. “Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir.

2 Því að “með þeim dómi, sem þér dæmið, munuð þér dæmdir, og með þeim mæli, sem þér

mælið, mun yður aftur mælt verða.

3 Hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í auga þínu?

4 Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Lát mig draga flísina úr auga þér — og þó er bjálki í auga sjálfs þín?

5 Hræsna. Drag fyrst “bjálkann úr auga þér, og þá séðu glögg til að draga flísina úr auga bróður þíns.

6 Gefið ekki hundum það, sem “heilagt er, og kastið eigi perlum yðar fyrir svín, svo að þau troði þær ekki undir fótum, snúi sér við og tæti yður í sundur.

7 “Biðjið, og yður mun gefið verða, leitið, og þér munuð finna, knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða.

8 Því að hver sá öðlast, sem biður, sá finnur, sem leitar, og fyrir þeim, sem á knýr, mun upp lokið verða.

9 Eða hver er sá maður meðal yðar, sem gefur syni sínum stein, er hann biður um brauð?

10 Eða höggorm, þegar hann biður um fisk?

11 Fyrst þér þá, sem eruð vondir, hafið vit á að gefa börnum yðar góðar gjafir, hve miklu fremur mun þá faðir yðar á himnum gefa þeim góðar gjafir, sem biðja hann?

12 Allt, sem þér viljið því, að aðrir menn gjöri yður, “það skuluð þér og þeim gjöra. Þetta er lög-málið og spámennirnir.

33a Lúk 12:31.
14 1a ÞJS Matt 7:1–2
(Viðauki);
Jóh 7:24.

2a Morm 8:19.
5a Jóh 8:3–11.
6a LR Helgur.
7a 3 Ne 27:29.

LR Bæn.
12a LR Samúð,
meðaumkun.

13 Gangið inn um ^aþrönga hliðið. Því að vitt er hliðið og vegurinn ^bbreiður, sem liggur til glötunar, og þeir margir, sem þar fara inn —

14 En þröngt er það ^ahlið og ^bmjór sá vegur, er liggur til lífsins, og þeir ^cfáir, sem finna hann.

15 Varist ^afalsspámenn, sem koma til yðar í sauðaklæðum, en innra eru þeir gráðugir vargar.

16 Af ávöxtum þeirra skuluð þér þekkja þá. Hvort lesa menn vínber af þyrnum eða fíkjur af þistlum?

17 Þannig ber sérhvert gott tré góðan ávöxt, en slæmt tré vondan ávöxt.

18 Gott tré getur ekki borið vondan ávöxt, ekki heldur slæmt tré góðan ávöxt.

19 Hvert það tré, sem ^aber ekki góðan ávöxt, er upp höggvið og í eld kastað.

20 Af ^aávöxtum þeirra skuluð þér því þekkja þá.

21 Ekki mun hver sá, sem við mig segir herra, herra, ganga inn í himnaríki, heldur sá einn, er gjörir vilja föður míns, sem er á himnum.

22 Margir munu ^asegja við mig á þeim degi: Herra, herra, höfum vér ekki spáð í þínu nafni, rekið út illa anda í þínu nafni og gjört margt undursamlegt í þínu nafni?

23 Þá mun ég lýsa yfir: Aldrei

^aþekkti ég yður. ^bVíkið frá mér, þér misgjörðamenn.

24 Hver sá, sem heyrir þessi orð mín og breytir eftir þeim, sá er líkur hyggnum manni, er byggði hús sitt á ^bbjargi —

25 Nú skall á ^asteypiregn og vatnið flæddi, stormar blésu og buldu á því húsi. En það ^bféll eigi, því að það var á bjargi byggt.

26 En hver, sem heyrir þessi orð mín og breytir ekki eftir þeim, sá er líkur heimskum manni, er byggði hús sitt á ^asandi —

27 Steypiregn skall á, vatnið flæddi, stormar blésu og buldu á því húsi. Það féll, og fall þess var mikið.

15. KAPÍTULI

Jesús gjörir kunnugt að Móselög-málið sé uppfyllt í honum — Nefítar eru hinir sauðirnir, sem hann talaði um í Jerúsalem — Vegna misgjörða veit fólk Drottins í Jerúsalem ekki um hina dreifðu sauði Ísraels. Um 34 e.Kr.

Og nú bar svo við, að þegar Jesús hafði lokið máli sínu, leit hann yfir mannföldann og sagði við hann: Sjá, þér hafið heyrt það, sem ég kenndi, áður en ég sté upp til föður míns, og hvern þann, sem man þessi orð mín og

13a Lúk 13:24;

3 Ne 27:33.

b K&S 132:25.

14a 2 Ne 9:41; 31:9, 17–18;

K&S 22.

b 1 Ne 8:20.

c 1 Ne 14:12.

15a Jer 23:21–32;

2 Ne 28:9, 12, 15.

19a Matt 3:10;

Al 5:36–41;

K&S 97:7.

20a Lúk 6:43–45; Moró 7:5.

22a Al 5:17.

23a Mósía 5:13; 26:24–27.

b Lúk 13:27.

24a LR Bjarg.

25a Al 26:6;

He 5:12.

b Okv 12:7.

26a 3 Ne 11:40.

“fer eftir þeim, mun ég ^bupp vekja á efsta degi.

2 Og svo bar við, að eftir að Jesús hafði mælt þessi orð, varð hann þess var, að nokkrir undruðust og furðuðu sig á, hvað hann ætlaði með ^alögmal Móse. Því að þeir skildu ekki þau orð, að hið aldna væri liðið undir lok og allt væri orðið nýtt.

3 Og hann sagði við þá: Undrist ekki, að ég sagði, að hið aldna væri liðið undir lok og allt væri orðið nýtt.

4 Sjá, ég segi yður, að ^alögmalıð, sem Móse var gefið, er uppfyllt.

5 Sjá, ^aég er sá, sem lögmalıð gaf, og ég er sá, sem gjörði sáttmála við lýð minn Ísrael. Þess vegna er lögmalıð uppfyllt í mér, því að ég er kominn til að ^buppfylla lögmalıð. Það er því á enda runnið.

6 Sjá, ég tortími ^aekki spámönnunum, því að allir spádómar þeirra, sem ekki hafa uppfyllst í mér, sannlega segi ég yður, þeir skulu allir uppfylltir verða.

7 Og þótt ég hafi sagt yður, að hið aldna sé liðið undir lok, er ég ekki að tortíma því, sem sagt hefur verið um það, sem koma skal.

8 Því að sjá. ^aSáttmálinn, sem ég hef gjört við lýð minn, er ekki að fullu kominn fram, en lögmalıð,

sem Móse var gefið, endar við komu mína.

9 Sjá, ég er ^alögmalıð og ^bljósið. Lítið til mín og standið stöðugir allt til enda, og þér skuluð ^alifa. Því að þeim, sem ^astöðugur stendur allt til enda, mun ég gefa eilíft líf.

10 Sjá, ég hef gefið yður ^aboðorðin. Haldið þess vegna boðorð mín. Og þetta er lögmalıð og spámenirnir, því að þeir ^bvitnuðu vissulega um mig.

11 Og nú bar svo við, að er Jesús hafði mælt þessi orð, sagði hann við þá tólf, sem hann hafði valið:

12 Þér eruð lærisveinar mínir, og þér eruð ljós þessa fólks, sem er leifar af húsi ^aJósefs.

13 Og sjá. Þetta er ^aerfdaland yðar, faðirinn hefur gefið yður það.

14 Og aldrei nokkru sinni hefur faðirinn boðið mér að ^asegja það bræðrum yðar í Jerúsalem.

15 Né heldur hefur faðirinn nokkru sinni boðið mér að segja þeim frá þeim ^aöðrum ættkvíslum Ísraelsættar, sem faðirinn leiddi burt úr landinu.

16 En þetta bauð faðirinn mér að segja þeim:

17 Að ég ætti aðra sauði, sem ekki væru úr þessu sauðabyrgi. Þá ber mér einnig að leiða, og þeir

15 1a Jakbr 1:22.

b 1 Ne 13:37;
K&S 5:35.

2a LR Mósélögmál.

4a Mósía 13:27–31;
3 Ne 9:17–20.

5a 1 Kor 10:1–4;

3 Ne 11:14. LR Jehóva.

b Al 34:13.

6a 3 Ne 23:1–5.

8a 3 Ne 5:24–26.

9a 2 Ne 26:1.

b LR Ljós, ljós Krists.

c Jóh 11:25; K&S 84:44.

d LR Standast.

10a 3 Ne 12:20.

b Mósía 13:33.

12a LR Jósef, sonur Jakobs.

13a 1 Ne 18:22–23.

14a 3 Ne 5:20.

15a 3 Ne 16:1–4.

LR Ísrael — Hinar tíu hornfu kynkvíslir Ísraels.

munu heyra raust mína, og það verður ein hjörð og einn "hirðir.

18 En vegna þrjósku og vantrúar "skildu þeir ekki orð mín. Þess vegna bauð faðirinn mér að segja ekkert fleira við þá um þetta.

19 En sannlega segi ég yður, að faðirinn hefur boðið mér, og ég segi yður það, að þér voruð skildir frá þeim vegna misgjörða þeirra. Það er því vegna misgjörða þeirra, að þeir vita ekki um yður.

20 Og sannlega segi ég yður enn, að faðirinn hefur skilið hinar ættkvíslirnar frá þeim. Og það er vegna misgjörða sinna, að þeir vita ekki um þær.

21 Og sannlega segi ég yður, að þér eruð þeir, sem ég talaði um, er ég sagði: "Aðra sauði á ég, sem ekki eru úr þessu sauðabyrgi. Þá ber mér einnig að leiða, og þeir skulu heyra raust mína. Og það mun verða ein hjörð og einn hirðir.

22 En þeir skildu mig ekki, því að þeir töldu, að átt væri við "Þjóðirnar. Því að þeir skildu ekki, að prédikun þeirra ætti eftir að "snúa Þjóðunum til trúar.

23 Og þeir skildu mig ekki, þegar ég sagði, að þeir skyldu heyra raust mína. Og þeir skildu mig ekki, þegar ég sagði, að "Þjóðirnar mundu aldrei heyra raust mína — að ég mundi aðeins opinberast þeim með "heilögum anda.

24 En sjá. Þér hafið bæði heyrt

"raust mína og séð mig. Og þér eruð sauðir mínir og teljist með þeim, sem faðirinn hefur "gefið mér.

16. KAPÍTULI

Jesús mun vitja annarra glataðra sauða Ísraels — Á síðari dögum mun fagnaðarerindið berast Þjóðunum og síðan Ísraelsætt — Fólk Drottins mun sjá með eigin augum þegar hann leiðir Síon fram á ný. Um 34 e.Kr.

Og sannlega, sannlega segi ég yður, að ég á "aðra sauði, sem hvorki tilheyra þessu landi né landi Jerúsalem, né nokkrum hluta nærliggjandi lands, þar sem ég hef þjónað.

2 Því að þeir, sem ég tala um, eru þeir, sem enn hafa ekki heyrt raust mína, né heldur hef ég nokkru sinni opinberað mig þeim.

3 En ég hef fengið boð frá föður mínum um að fara til "þeirra og að þeir skulu heyra raust mína og teljast meðal sauða minna, svo að það verði ein hjörð og einn hirðir. Þess vegna fer ég og birtist þeim.

4 Og ég býð yður að rita þessi "orð, eftir að ég er farinn, því að fari svo, að fólk mitt í Jerúsalem, þeir sem hafa séð mig og verið með mér í helgri þjónustu minni, biðji föðurinn ekki í mínu nafni um að öðlast vitneskju um yður

17a LR Góði hirðirinn.

18a K&S 10:59.

21a Jóh 10:14–16.

22a LR Þjóðirnar.

b Post 10:34–48.

23a Matt 15:24.

b 1 Ne 10:11.

LR Heilagur andi.

24a Al 5:38;

3 Ne 16:1–5.

b Jóh 6:37;

K&S 27:14.

16 1a 3 Ne 15:15.

LR Ísrael — Hinar tíu horfnu kynkvíslir Ísraels.

3a 3 Ne 17:4.

4a LR Ritningar.

fyrir heilagan anda, sem og um hinar ættkvíslirnar, sem þeir vita ekkert um, þá verða þau orð, sem þér ritið, varðveitt og munu opinberast ^bÞjóðunum, svo að með fyllingu Þjóðanna verði inn leiddar leifarnar af niðjum þeirra, sem dreifðar verða um allt yfirborð jarðar vegna vantrúar sinnar, eða leiddar til ^cþekkingar á mér, lausnara sínum.

5 Og þá mun ég ^asafna þeim saman frá öllum heimshornum, og þá mun ég uppfylla ^bsáttmálann, sem faðirinn hefur gjört við alla ^cÍsraelsætt.

6 Og blessaðar eru ^aÞjóðirnar vegna trúar sinnar á mig fyrir og með ^bheilögum anda, sem vitnar fyrir þeim um mig og föðurinn.

7 Sjá, vegna trúar þeirra á mig, segir faðirinn, og vegna vantrúar yðar, ó Ísraelsætt, mun sannleikurinn ^asíðari dögum berast Þjóðunum, svo að þessir hlutir verði þeim kunnir í fyllingu sinni.

8 En vei, segir faðirinn, sé hinum vantrúuðu meðal Þjóðanna — því að þrátt fyrir að þeir hafi komið til þessa lands og hafi ^atvístrað þjóð minni, sem er af Ísraelsætt. Og þjóð minni, sem er af Ísraelsætt, hafa þeir ^bvísað burt og fótumtroðið —

9 Og fyrir miskunnsemi föðursins

gagnvart Þjóðunum og einnig vegna dóma föðursins yfir þjóð minni, sem er af Ísraelsætt, sannlega, sannlega segi ég yður, að eftir allt þetta, og eftir að ég hef látið ljósta þjóð mína, sem er af Ísraelsætt, þrengja að henni, ^adrepa og útskúfa og fengið þá til að fyrirlíta hana, hæða og spotta —

10 Og svo býður faðirinn mér að segja við yður: Þann dag, er Þjóðirnar syndga gegn fagnaðarerindi mínu og hafna fyllingu fagnaðarerindis míns og ^ahreykja sér með drambi yfir allar þjóðir og yfir íbúa allrar jarðarinnar, fullar af alls kyns lygum og blekkingum, svikráðum, hvers kyns hræsni, morðum, ^bprestaslægð, hórdómi og leyndri viðurstyggð — gjöri þær allt þetta og hafni fagnaðarerindi mínu í fyllingu sinni, sjá, segir faðirinn, þá mun ég svipta þá fyllingu fagnaðarerindis míns.

11 Og þá mun ég ^aminnast sáttmálans, sem ég hef gjört við þjóð mína, ó Ísraelsætt, og færa henni fagnaðarerindi mitt.

12 Og ég mun sýna yður, ó Ísraelsætt, að Þjóðirnar skulu ekki hafa vald yfir yður, en ég mun minnast sáttmála míns við yður, ó Ísraelsætt, og þér munuð fá

4b 1 Ne 10:14;

3 Ne 21:6.

c Esek 20:42–44;

3 Ne 20:13.

5a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

b 3 Ne 5:24–26.

c 1 Ne 22:9;

3 Ne 21:26–29.

6a 1 Ne 13:30–42;

2 Ne 30:3.

b 2 Ne 32:5;

3 Ne 11:32, 35–36.

LR Heilagur andi.

7a LR Endurreisn

fagnaðarerindisins.

8a 1 Ne 13:14;

Morm 5:9, 15.

b 3 Ne 20:27–29.

9a Amos 9:1–4.

10a Morm 8:35–41.

b 2 Ne 26:29.

11a 3 Ne 21:1–11;

Morm 5:20.

“vitneskju um fagnaðarerindið í fyllingu sinni.

13 En iðrist Þjóðirnar og snúi til mín, segir faðirinn, sjá, þá munu þær “teljast með þjóð minni, ó Ísraelsætt.

14 En ég mun ekki leyfa þjóð minni, sem er af Ísraelsætt, að fara á meðal þeirra og troða þær niður, segir faðirinn.

15 En snúi þær ekki til mín og hlýði á raust mína, þá mun ég leyfa það, já, ég mun leyfa að þjóð mín, ó Ísraelsætt, fari á meðal þeirra og “troði þær niður og þær skulu verða eins og saltið, sem dofnað hefur og er til einskis annars nýtt en vera fleygt burt og fótumtroðið af þjóð minni, ó Ísraelsætt.

16 Sannlega, sannlega segi ég yður. Svo hefur faðirinn boðið mér, að ég gefi þessari þjóð þetta land til arfleifðar.

17 Og þá munu “orð spámanns-ins Jesaja uppfyllast, sem segja:

18 “Varðmenn ^bþínir munu hefja upp raust sína. Einum rómi munu þeir syngja, því að með eigin augum munu þeir sjá, þegar Drottinn leiðir Síon fram á ný.

19 Hefjið gleðisöng, syngið saman, þér eyðirústir Jerúsalem, því að Drottinn hefur huggað lýð sinn, leyst Jerúsalem.

20 Drottinn hefur gjört beran

heilagan armlegg sinn í augsyn allra þjóða, og öll endimörk jarðar skulu sjá hjálpraði Guðs.

17. KAPÍTULI

Jesús segir fólkinu að íhuga orð hans og biðja um skilning — Hann læknar sjúka — Hann biður fyrir fólkinu og notar mál, sem ekki er unnt að skrá — Englar þjóna börnunum og eldur umlykur þau. Um 34 e.Kr.

SJÁ. Nú bar svo við, að þegar Jesús hafði mælt þessi orð, leit hann enn yfir mannföldann og sagði: Sjá, “tími minn er í nánd.

2 Ég finn, að þér eruð vanmáttug og fáíð ei “skilið öll orð mín, sem faðirinn hefur boðið mér að tala til yðar nú.

3 Farið þess vegna til heimila yðar og “íhugið það, sem ég hef sagt, og biðjið föðurinn í mínu nafni að veita yður skilning og ^bbúið hugi yðar undir ‘morgundaginn, en ég kem til yðar aftur.

4 En nú fer ég til “föðursins og einnig til að ^bsýna mig hinum ‘týndu ættkvíslum Ísraels, því að þær eru ekki týndar föðurnum, þar eð hann veit, hvert hann hefur leitt þær.

5 Og svo bar við, að er Jesús hafði mælt þetta, leit hann enn yfir mannföldann og sá að fólkið

12a He 15:12–13.

13a Gal 3:7, 29;
1 Ne 15:13–17;
2 Ne 10:18;
3 Ne 30:2;
Abr 2:9–11.

15a Míka 5:8–15;
3 Ne 20:16–19;
21:12–21;

K&S 87:5.

17a 3 Ne 20:11–12.

18a Esek 33:1–7.
LR Vaka, vera á verði,
verðir.
b Jes 52:8–10.

17 1a Þ.E. að koma aftur til
föðursins. Sjá vers 4.
2a Jóh 16:12;

K&S 78:17–18.

3a LR Íhuga, ígrunda.
b K&S 132:3.
c 3 Ne 19:2.
4a 3 Ne 18:39.
b 3 Ne 16:1–3.

c LR Ísrael — Hinar
tíu horfnu kynkvíslir
Ísraels.

grét og starði á hann, eins og það vildi biðja hann að dvelja örlítið lengur hjá sér.

6 Og hann sagði við það: Sjá, hjarta mitt er fullt “samúðar með yður.

7 Eru nokkrir sjúkir yðar á meðal? Færið þá hingað. Eru einhverjir lamaðir, blindir, haltir, særðir, holdsveikir, tærðir, daufir eða þjáðir á einhvern hátt? Færið þá hingað, og ég mun gjöra þá heila, því að ég hef samúð með yður. Hjarta mitt er fullt miskunnar.

8 Því að ég finn, að þér þráið, að ég sýni yður það sama og ég gjörði bræðrum yðar í Jerúsalem, því að ég sé, að “trú yðar er ‘nægjanleg til að ég lækni yður.

9 Og svo bar við, að þegar hann hafði mælt þetta, leiddi allur mannfjöldinn sem einn fram sína sjúku og þjáðu, lömuðu og blindu, mállausu og alla þá, sem þjáðir voru á einhvern hátt. Og hann “læknaði þá, hvern og einn, er þeir voru leiddir fyrir hann.

10 Og allir, bæði þeir, sem læknaast höfðu, og þeir, sem heilir voru, lutu að fótum hans og tilbáðu hann. Og allir þeir, sem komust að fyrir mannfjöldanum, “kysstu fætur hans og lauguðu þá með tárum sínum.

11 Og svo bar við, að hann bauð, að “lítil börn þeirra skyldu leidd fyrir sig.

12 Og þeir komu með lítil börn sín og settu þau á jörðina

umhverfis hann, og Jesús stóð mitt á meðal þeirra. Og mannfjöldinn greiddi þeim veg, þar til þau höfðu öll verið leidd til hans —

13 Og svo bar við, að þegar þau höfðu öll verið leidd fram og Jesús stóð mitt á meðal þeirra, bauð hann mannfjöldanum að “krjúpa til jarðar.

14 Og svo bar við, að þegar fólkið hafði kropið til jarðar, stundi Jesús með sjálfum sér og sagði: Faðir, ég hef “áhyggjur af ranglæti Ísraelsþjóðar.

15 Og eftir að hafa mælt þessi orð kraup hann einnig sjálfur til jarðar. Og sjá. Hann bað til föðurins, en ekki er unnt að skrá bæn hans, en mannfjöldinn, sem heyrði til hans, bar um það vitni.

16 Og á þennan hátt bar það vitni: Hvorki hefur “auga séð né eyra heyrt áður jafn mikla og undursamlega hluti og við sáum og heyrðum Jesú tala til föðurins.

17 Og engin “tunga fær mælt, né nokkur maður ritað, né nokkurt mannhjarta skynjað jafn mikla og undursamlega hluti og við bæði sáum og heyrðum Jesú mæla. Og enginn fær gjört sér í hugarlund gleðina, sem fyllti sálir okkar, þegar við heyrðum hann biðja til föðurins fyrir okkur.

18 Og svo bar við, að þegar Jesús hafði lokið bæn sinni til föðurins, reis hann á fætur, en svo mikil

6a LR Samúð,
meðaumkun.

8a Lúk 18:42.

b 2 Ne 27:23; Et 12:12.

9a Mósía 3:5; 3 Ne 26:15.

10a Lúk 7:38.

11a Matt 19:13–14;

3 Ne 26:14, 16.

13a Lúk 22:41;

Post 20:36.

14a HDP Móse 7:41.

16a Jes 64:4;

1 Kor 2:9;

K&S 76:10, 114–119.

17a 2 Kor 12:4.

var „gleði fjöldans, að fólkið var yfirbugað.

19 Og svo bar við, að Jesús talaði til fólksins og bauð því að rísa á fætur.

20 Og það reis á fætur, og hann sagði við það: Blessuð eruð þér vegna trúar yðar. Og sjá, nú er gleði mín algjör.

21 Og þegar hann hafði mælt þessi orð, „grét hann, og mannfjöldinn bar því vitni, og hann tók litlu börnin þeirra, hvert af öðru, og „blessaði þau og bað til föðurins fyrir þeim.

22 Og eftir að hafa gjört það grét hann á ný —

23 Og hann talaði til fjöldans og sagði: Lítið á börn yðar.

24 Og þegar fólkið leit upp til að sjá, beindi það augum sínum til himins og sá himnana opna og engla stíga niður af himni eins og umlukta eldsloga, og þeir komu niður og „umkringdu litlu börnin, og eldur lék um þau, og englarnir þjónuðu þeim.

25 Og mannfjöldinn sá þetta og heyrði og bar því vitni. Og þau vita, að frásögnin er sönn, því að allt sáu þau og heyrðu sjálf, hver og einn, en fjöldi þess var um tvö þúsund og fimm hundruð sálir, bæði karlar, konur og börn.

18. KAPÍTULI

Jesús innleiðir sakramentið meðal Nefíta — Þeim er boðið að biðja ætíð

í hans nafni — Þeir sem neyta holds hans og drekka blóð hans óverðugir eru fordæmdir — Lærisveinunum veitt vald til veitingar heilags anda. Um 34 e.Kr.

Og svo bar við, að Jesús bauð lærisveinunum að færa sér lítið eitt af „brauði og víni.

2 Og meðan þeir fóru eftir brauði og víni, bauð hann mannfjöldanum að setjast á jörðina.

3 Og þegar lærisveinarnir komu með „brauð og vín, tók hann brauðið, braut það og blessaði, og hann gaf það lærisveinunum og bauð þeim að neyta þess.

4 Og þegar þeir höfðu neytt þess og voru mettir orðnir, bauð hann þeim að gefa mannfjöldanum.

5 Og þegar mannfjöldinn hafði neytt þess og var mettur orðinn, sagði hann við lærisveinana: Sjá, einn yðar skal vígjast, og honum gef ég vald til að „brjóta brauðið og blessa það og gefa þeim, sem til heyra kirkju minni, öllum þeim, sem trúa og eru skírðir í mínu nafni.

6 Og þér skuluð ætíð gæta þess að gjöra þetta, já, eins og ég hef gjört, eins og ég hef brotið brauðið og blessað það og gefið yður.

7 Og þetta skuluð þér gjöra til „minningar um líkama minn, sem ég hef sýnt yður. Og það skal vera vitnisburður til föðurins um, að þér hafið mig ávallt í huga. Og ef þér hafið mig ávallt

18a LR Gleði.
21a Jóh 11:35.
b Mark 10:14–16.

24a He 5:23–24, 43–45.
18 1a Matt 26:26–28.
3a LR Sakramenti.

5a Moró 4.
7a Moró 4:3.

í huga, skal andi minn ætíð vera með yður.

8 Og svo bar við, að þegar hann hafði mælt þessi orð, bauð hann lærisveinunum að taka af víninu í bikarnum og drekka af því og gefa einnig mannfjöldanum að drekka af því.

9 Og svo bar við, að þeir gjörðu þetta, drukku af því og urðu mettir, og þeir gáfu mannfjöldanum, sem drakk og varð mettur.

10 Og þegar lærisveinarnir höfðu gjört þetta, sagði Jesús við þá: Blessaðir eruð þér fyrir það, sem þér hafið gjört, því að þetta er uppfylling boðorða minna, og þetta ber því vitni fyrir föðurnum, að þér eruð fúsir til að gjöra það, sem ég hefi boðið yður.

11 Og þetta skuluð þér ætíð gjöra fyrir þá, sem iðrast og skírðir eru í mínu nafni. Og þér skuluð gjöra það til minningar um blóð mitt, sem ég hef úthellt fyrir yður, svo að þér berið því vitni fyrir föðurnum, að þér hafið mig ávallt í huga. Og ef þér hafið mig ávallt í huga, skal andi minn ætíð vera með yður.

12 Og ég gef yður boðorð um að gjöra þetta. Og blessaðir eruð þér, ef þér gjörið þetta ætíð, því að þér byggjið á "bjargi mínu.

13 En hver sá yðar á meðal, sem gjörir meira eða minna en þetta, byggir ekki á bjargi mínu, heldur byggir á sendnum grunni. Og þegar regnið fellur, flóðin koma og vindar

blása og bylja á þeim, þá munu þeir "falla og ^bhlið heljar standa þegar opin til að taka við þeim.

14 Blessaðir eruð þér því ef þér haldið boðorð mín, sem faðirinn hefur boðið mér að gefa yður.

15 Sannlega, sannlega segi ég yður, að þér verðið að halda vöku yðar og ^abiðja án afláts, svo að djöfullinn freisti yðar ekki og leiði yður ánauðug burt.

16 Og eins og ég hef beðið með yður, þannig skuluð þér og biðja í kirkju minni meðal þeirra, sem iðrast og eru skírðir í mínu nafni. Sjá ég er ^aljósið. Ég hef sýnt yður ^bfordæmi.

17 Og svo bar við, að þegar Jesús hafði mælt þessi orð til lærisveina sinna, sneri hann sér aftur að mannfjöldanum og sagði við hann:

18 Sjá, sannlega, sannlega segi ég yður, að þér verðið að halda vöku yðar og biðja án afláts, svo að þér fallið ekki í freistni. Því að "Satan þráir að eignast yður til að sálða yður eins og hveiti.

19 Þess vegna verðið þér ávallt að biðja til föðurins í mínu nafni —

20 Og "hvers sem þér biðjið föðurinn í mínu nafni, sem er rétt, og í trú, að þér hljótið það, sjá, það mun yður hlotnast.

21 "Biðjið með fjölskyldum yðar til föðurins, ætíð í mínu nafni, svo að eiginkonur yðar og börn megi blessuð verða.

12a LR Bjarg.

13a LR Fráhrvarf.

b 3 Ne 11:39.

15a Al 34:17–27. LR Bæn.

16a LR Ljós, ljós Krists.

b LR Jesús Kristur —

Fordæmi Jesú Krists.

18a Lúk 22:31;

2 Ne 2:17–18;

K&S 10:22–27.

20a Matt 21:22;

He 10:5;

Moró 7:26;

K&S 88:63–65.

21a Al 34:21.

22 Og sjá. Þér skuluð koma oft saman. Og þér skuluð ekki banna neinum manni að koma til yðar, þegar þér komið saman, heldur leyfið þeim að koma til yðar og bannið þeim það ekki —

23 Og þér skuluð “biðja fyrir þeim, en ekki vísa þeim burt. Og fari svo, að þeir komi oft, skuluð þér biðja til föðurins fyrir þeim, í mínu nafni.

24 Haldið því “ljósi yðar á loft, til að það lýsi heiminum. Sjá, ég er ^bljósið, sem þér skuluð halda á loft — það sama og þér hafið séð mig gjöra. Sjá, þér sjáið, að ég hef beðið til föðurins, þér hafið öll orðið vitni að því.

25 Og þér sjáið, að ég hef boðið, að “ekkert yðar skuli fara burt, heldur hef ég boðið yður að koma til mín, svo að þér mættuð ^bfinna og sjá. Já, slíkt hið sama skuluð þér gjöra gagnvart heiminum. Og hver sá, sem brýtur þetta boðorð, lætur leiða sig í freistni.

26 Og nú bari svo við, að þegar Jesús hafði mælt þessi orð, beindi hann augum sínum aftur að lærisveinunum, sem hann hafði valið, og sagði við þá:

27 Sjá, sannlega, sannlega segi ég yður, að ég gef yður annað boðorð, en síðan verð ég að fara til “föður míns til að uppfylla ^bönnur boðorð, sem hann hefur gefið mér.

28 Og sjá, þetta er boðorðið,

sem ég gef yður, að þér vísitandi leyfið engum “óverðugum að ^bþiggja hold mitt og blóð, þegar þér veitið það —

29 Því að hver sá, sem “óverðugur etur og drekkur hold mitt og ^bblóð, etur og drekkur sálu sinni til fordæmingar. Ef þér þess vegna vitið, að einhver er óverðugur þess að eta og drekka af holdi mínu og blóði, þá skuluð þér banna honum það.

30 Þó skuluð þér ekki “kasta honum burt frá yður, heldur skuluð þér þjóna honum og biðja til föðurins fyrir honum í mínu nafni. Og fari svo, að hann iðrist og láti skírast í mínu nafni, þá skuluð þér taka á móti honum og veita honum af holdi mínu og blóði.

31 En iðrist hann ekki, skal hann ekki teljast meðal fólks míns, svo að hann tortími ekki fólki mínu. Því að sjá. Ég þekki “sauði mína og veit tölu þeirra.

32 Þó skuluð þér ekki vísa honum út úr samkunduhúsum yðar eða bænastöðum, því að slíkum skuluð þér halda áfram að þjóna. Því að þér vitið ekki, nema þeir snúi til baka og iðrist og komi til mín í einlægum ásetningi, og ég mun gjöra þá “heila. Og þér skuluð vera tæki til að færa þeim sáluhjálp.

33 Varðveitið því þessi orð, sem ég hef gefið yður, svo að

23a 3 Ne 18:30.

24a Matt 5:16.

b Mósía 16:9.

25a Al 5:33.

b 3 Ne 11:14–17.

27a 3 Ne 16:1–3.

b LR Guð, guðdómur —

Guð faðirinn.

28a 1 Kor 11:27–30.

b Morm 9:29.

29a K&S 46:4.

b LR Blóð; Sakramenti.

30a K&S 46:3.

31a Jóh 10:14; Al 5:38;

3 Ne 15:24.

32a 3 Ne 9:13–14;

K&S 112:13.

þér verðið ekki leiddir til ^adóms. Því að vei sé þeim, sem faðirinn fordæmir.

34 Og ég gef yður þessi boðorð vegna sundurlyndisins, sem verið hefur meðal yðar. Og blessaðir eruð þér, ef ^aekkert sundurlyndi er meðal yðar.

35 Og nú fer ég til föðurins, því að ^ayðar vegna er óhjákvæmilegt, að ég fari til föðurins.

36 Og svo bar við, að þegar Jesús hafði lokið þessum orðum, snerti hann með ^ahendi sinni ^blærisveinana, sem hann hafði útvalið, einn af öðrum, já, þar til hann hafði snert þá alla, og hann talaði til þeirra, um leið og hann snerti þá.

37 En mannfjöldinn heyrði ekki orðin, sem hann mælti. Þess vegna bar hann þeim ekki vitni. En lærisveinarnir báru því vitni, að hann veitti þeim ^avald til að veita ^bheilagan anda. Og ég mun sýna yður síðar, að sú frásögn er sönn.

38 Og svo bar við, að þegar Jesús hafði snert þá alla, dró ^aský á loft og yfirskyggði mannfjöldann, svo að hann gat ekki séð Jesús.

39 Og meðan skugginn grúfði yfir fólkinu, hvarf hann því og sté upp til himins. Og lærisveinarnir sáu og báru því vitni, að hann sté aftur upp til himins.

19. KAPÍTULI

Lærisveinarnir tólf þjóna fólkinu og biðja um heilagan anda —

Lærisveinarnir eru skírðir, meðtaka heilagan anda og þjónustu engla — Jesús biðst fyrir og notar orð, sem ekki er unnt að skrá — Hann ber vitni um mikla trú þessara Nefíta. Um 34 e.Kr.

Og nú bar svo við, að eftir að Jesús var stiginn upp til himins, dreifðist mannfjöldinn, og hver maður tók konu sína og börn og sneri til heimilis síns.

2 Og það spurðist samstundis meðal fólksins, áður en dimmt var orðið, að mannfjöldinn hefði séð Jesú og hann hefði þjónað þeim og mundi einnig birtast mannfjöldanum á degi komanda.

3 Já, og fréttin um Jesú var að berast alla nóttina. Og boð var látið ganga til fólksins, þannig að margir, já, mikill fjöldi, lagði hart að sér alla nóttina til að geta verið daginn eftir á þeim stað, sem Jesús mundi birtast mannfjöldanum.

4 Og svo bar við, að næsta dag, þegar mannfjöldinn var saman kominn, sjá, Nefí og bróðir hans, sem hann hafði reist upp frá dauðum og hét Tímóteus, einnig sonur hans, sem hét Jónas, einnig Matóni og Matónía, bróðir hans, Kúmen, Kúmenóní, Jeremía, Semnon, Jónas, Sedekía og Jesaja — en þetta voru nöfn lærisveinanna, sem Jesús hafði útvalið — og svo bar við, að þeir komu og stóðu mitt á meðal fjöldans.

33a LR Fordæma, fordæming.

34a 3 Ne 11:28–30.

35a 1 Jóh 2:1; 2 Ne 2:9;

Moró 7:27–28;

K&S 29:5.

36a LR Handayfirlagning.

b 1 Ne 12:7; 3 Ne 19:4.

37a LR Kraftur.

b LR Gjóf heilags anda.

38a 2 Mós 19:9, 16.

5 Og sjá. Mannfjöldinn var svo mikill, að þeir létu skipta honum í tólf hópa.

6 Og hinir tólf kenndu mannfjöldanum. Og sjá. Þeir létu mannfjöldann krjúpa á yfirborði jarðar og biðja til föðurins í nafni Jesú.

7 Og lærisveinarnir báðu einnig til föðurins í nafni Jesú. Og svo bar við, að þeir risu á fætur og veittu fólkinu þjónustu.

8 Og þegar þeir höfðu haft yfir sömu orðin og Jesús hafði mælt — og í engu breytt frá þeim orðum, sem Jesús hafði mælt — sjá, þá krupu þeir aftur og báðu til föðurins í nafni Jesú.

9 Og þeir báðu um það, sem þeir þráðu heitast. Þeir þráðu, að ^aheilagur andi mundi veitast þeim.

10 Og er þeir höfðu þannig beðið, fóru þeir niður að vatnsbakkanum, og mannfjöldinn fylgdi þeim.

11 Og svo bar við, að Nefí sté niður ^aí vatnið og lét skírast.

12 Og hann sté upp úr vatninu og tók að skíra. Og hann skírði alla þá, sem Jesús hafði útvalið.

13 Og svo bar við, að þegar þeir voru allir ^askírðir og höfðu stigið upp úr vatninu, kom heilagur andi yfir þá, og þeir fylltust ^bheilögum anda og eldi.

14 Og sjá. Svo var sem eldur ^aumlyki þá. Og hann kom frá himni, og mannfjöldinn sá það og bar vitni um það. Og englar komu af himni ofan og þjónuðu þeim.

15 Og svo bar við, að á meðan englarnir þjónuðu lærisveinunum, sjá, þá kom Jesús og stóð mitt á meðal þeirra og þjónaði þeim.

16 Og svo bar við, að hann talaði til mannfjöldans og bauð fólkinu að krjúpa á ný til jarðar, og hann bauð einnig lærisveinum sínum að krjúpa til jarðar.

17 Og svo bar við, að þegar þau höfðu öll kropið á kné, bauð hann lærisveinunum að biðja.

18 Og sjá. Þeir tóku að biðja, og þeir báðu til Jesú og kölluðu hann Drottin sinn og Guð sinn.

19 Og svo bar við, að Jesús vék frá þeim, gekk örlítið afsíðis, laut til jarðar og sagði:

20 Faðir, ég þakka þér fyrir að hafa veitt þeim, sem ég hef útvalið, heilagan anda. Og það er vegna trúar þeirra á mig, að ég hef útvalið þá úr heiminum.

21 Faðir, ég bið þig að veita öllum þeim, sem á orð þeirra trúa, heilagan anda.

22 Faðir, þú hefur veitt þeim heilagan anda, vegna þess að þeir trúa á mig. Og þú sérð, að þeir trúa á mig, vegna þess að þú heyrir til þeirra, og þeir biðja til mín. Og þeir biðja til mín, vegna þess að ég er með þeim.

23 Og nú bið ég, faðir, til þín fyrir þeim og einnig fyrir öllum þeim, sem orðum þeirra trúa, að þeir megi trúa á mig, að ég megi vera í þeim ^aeins og þú, faðirinn,

19 9a 3 Ne 9:20.

11a 3 Ne 11:23.

13a LR Skírín, skíra.

b 3 Ne 12:2;

Morm 7:10.

LR Gjöf heilags anda.

14a He 5:23–24, 43–45;

3 Ne 17:24.

23a 3 Ne 9:15.

ert í mér, að við megum verða ^beitt.

24 Og svo bar við, að þegar Jesús hafði beðið þannig til föðurins, kom hann til lærisveina sinna. Og sjá. Þeir héldu enn áfram linnulaust að biðja til hans. Og þeir notuðu ekki óþarfa ^aendurteknningar, því að þeim var gefið, hvers skyldi ^bbiðja, og þeir voru fullir af djúpri þrá.

25 Og svo bar við, að Jesús blessaði þá, er þeir báðu til hans. Og hann brosti við þeim, og ljóminn af ^aásjónu hans geislaði yfir þá. Og sjá. Þeir voru jafn ^bhvítir og ásjóna og klæði Jesú voru. Og sjá. Það var hvítara en allt annað, sem hvítt er, já, ekkert á jörðu gat verið jafn hvítt og það.

26 Og Jesús sagði við þá: Haldið áfram að biðja, og þeir linntu ekki bæn sinni.

27 Og hann sneri frá þeim aftur og gekk örlítið afsíðis, laut til jarðar og það enn á ný til föðurins og sagði:

28 Faðir, ég þakka þér fyrir að hafa ^ahreinsað þá, sem ég hef útvalið vegna trúar þeirra, og ég bið fyrir þeim og einnig fyrir þeim, sem trúa munu orðum þeirra, að þeir megi hreinsast í mér fyrir trúna á orð þeirra, já, eins og þeir eru hreinir orðnir í mér.

29 Faðir, ég bið ekki fyrir heiminum, heldur fyrir þeim, sem

þú hefur gefið mér ^aúr heiminum vegna trúar þeirra, að þeir megi hreinir verða í mér, að ég megi vera í þeim eins og þú, faðir, ert í mér, að við megum verða eitt, að ég megi dýrðlegur verða í þeim.

30 Og þegar Jesús hafði mælt þessi orð, kom hann aftur til lærisveinanna. Og sjá. Þeir báðu enn staðfastir og án afláts til hans. Og enn brosti hann við þeim. Og sjá. Þeir voru ^ahvítir, já, eins og Jesús.

31 Og svo bar við, að hann gekk enn afsíðis og það til föðurins —

32 En engin tunga fær mælt þau orð, sem hann það, né heldur getur nokkur maður ^aritað þau orð, sem hann það.

33 Og mannfjöldinn heyrði og bar vitni. Og hjörtu fólksins voru opin, og það skildi í hjörtum sínum orðin, sem hann það.

34 En engu að síður voru þau orð, sem hann það, svo mikil og undursamleg, að ekki er unnt að skrá þau, né heldur getur maðurinn ^amælt þau af munn fram.

35 Og svo bar við, að þegar Jesús hafði lokið bæn sinni, gekk hann enn til lærisveinanna og sagði við þá: Svo mikla ^atrú hef ég aldrei séð meðal allra Gyðinga, en vegna ^bvantrúar þeirra gat ég ekki sýnt þeim jafn mikil kraftaverk.

23b Jóh 17:21–23.

LR Eining.

24a Matt 6:7.

b K&S 46:30.

25a 4 Mós 6:23–27.

b LR Ummyndun —

Ummynndaðar verur.

28a Moró 7:48;

K&S 50:28–29;

88:74–75.

LR Hreinn, hreinleiki.

29a Jóh 17:6.

30a Matt 17:2.

32a K&S 76:116.

34a 2 Kor 12:4; 3 Ne 17:17.

35a LR Átrúnaður.

b Matt 13:58.

LR Vantrú.

36 Sannlega segi ég yður, að enginn þeirra hefur séð jafn mikilfenglega hluti og þér hafið séð, né heldur hafa þeir heyrt jafn stórfenglega hluti og þér hafið heyrt.

20. KAPÍTULI

Jesús sér á undursamlegan hátt fyrir brauði og víni og veitir fólkinu enn á ný sakramentið — Leifar Jakobs munu fá vitneskju um Drottin Guð sinn og erfa Ameríku — Jesús er spámaður líkt og Móse og Nefhtar eru börn spámannanna — Öðrum af fólki Drottins mun safnað til Jerúsalem. Um 34 e.Kr.

Og svo bar við, að hann bauð mannfjöldanum og einnig lærisveinum sínum að láta af ^abænum sínum. En hann bauð þeim að biðja án afláts í hjörtum sínum.

2 Og hann bauð þeim að rísa og standa á fætur. Og þeir risu og stóðu á fætur.

3 Og svo bar við, að hann braut brauðið á ný, blessaði það og gaf lærisveinunum það að eta.

4 Og þegar þeir höfðu neytt þess, bauð hann þeim að brjóta brauð og gefa mannfjöldanum.

5 Og þegar þeir höfðu gefið mannfjöldanum, gaf hann þeim einnig vín að drekka og bauð þeim að gefa mannfjöldanum.

6 Nú höfðu hvorki lærisveinarnir

né mannfjöldinn komið með nokkurt ^abrauð eða vín —

7 En vissulega ^agaf hann þeim brauð að eta og einnig vín að drekka.

8 Og hann sagði við þá: Sá, sem ^aetur þetta brauð, etur af líkama mínum fyrir sál sína, og sá, sem drekkur þetta vín, drekkur af blóði mínu fyrir sál sína. Og sál hans mun aldrei hungra né þyrsta, heldur skal mett vera.

9 Þegar allur mannfjöldinn hafði etið og drukkið, sjá, þá fylltust þau andanum, hrópuðu einum rómi og gáfu Jesú dýrðina, sem þeir bæði sáu og heyrdðu.

10 Og svo bar við, að þegar allir höfðu gefið Jesú dýrðina, sagði hann við þá: Sjá, nú leiði ég til lykta það boðorð, sem faðirinn bauð mér varðandi þetta fólk, sem er leifar Ísraelsættar.

11 Þér munið, að ég talaði til yðar og sagði, að þegar ^aorð ^bJesaja uppfylltust — sjá, þau eru skráð, þér hafið þau fyrir yður og þess vegna skuluð þér kynna yður þau —

12 Og sannlega, sannlega segi ég yður, að þegar þau verða uppfyllt, þá uppfyllist ^asáttmálinn, sem faðirinn gjörði við þjóð sína, ó Ísraelsætt.

13 Og þá skal ^aleifunum, sem ^btvístrað verður um allt yfirborð jarðar, ^csafnað saman úr austri og

20 1a 2 Ne 32:9;
Mósía 24:12.
6a Matt 14:19–21.
7a Jóh 6:9–14.
8a Jóh 6:50–58; 3 Ne 18:7.

LR Sakramenti.
11a 3 Ne 16:17–20; 23:1–3.
b 2 Ne 25:1–5;
Morm 8:23.
12a 3 Ne 15:7–8.

13a 3 Ne 16:11–12; 21:2–7.
b LR Ísrael — Tvístrun Ísraels.
c LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

vestri og úr suðri og norðri. Og þær munu leiddar til ^aþekkingar á Drottni Guði sínum, sem hefur endurleyst þær.

14 Og faðirinn hefur boðið mér að gefa yður þetta ^aland til eignar.

15 Og ég segi yður, að ef Þjóðirnar ^aiðrast ekki eftir þá blessun, sem þær munu hljóta, eftir að þær hafa tvístrað þjóð minni —

16 Já, þá munuð þér, sem eruð leifar af húsi Jakobs, fara á meðal þeirra. Og þér skuluð vera mitt á meðal þeirra, á meðal margra. Og þér skuluð vera á meðal þeirra sem ljón á meðal skógardýra og sem ungt ^aljón í sauðahjörð, en það ^btreður niður, þar sem það veður yfir, og rífur sundur, og enginn fær nokkru bjargað.

17 Þú munt ná yfirhöndinni gagnvart mótstöðumönnum þínum, og allir óvinir þínir munu afmáðir verða.

18 Og ég mun ^asafna saman þjóð minni, eins og maðurinn safnar bindinum á þreskigólfíð.

19 Því að ég mun gjöra þjóð minni, sem faðirinn hefur gjört sáttmála við, já, ég mun gjöra henni ^ahorn úr járni og klaufir úr eiri. Og þú skalt sundur merja margar þjóðir, en ég mun helga Drottni ránsfeng þeirra, eignir þeirra helga ég Drottni allrar

jarðarinnar. Og sjá. Ég er sá, sem þetta gjörir.

20 Og svo ber við, segir faðirinn, að ^asverð réttvísi minnar mun vofa yfir þeim þann dag. Og ef þeir iðrast ekki, mun það falla yfir þá, segir faðirinn, já, yfir allar þjóðir Þjóðanna.

21 Og svo ber við, að ég mun festa ^aþjóð mína í sessi, ó Ísraelsætt!

22 Og sjá! Ég mun festa þessa þjóð í sessi í þessu landi til uppfyllingar ^asáttmálanum, sem ég gjörði við föður yðar Jakob. Og það skal vera ^bný Jerúsalem. Og kraftar himins munu vera mitt á meðal þessarar þjóðar. Já, jafnvel ^cég mun vera mitt á meðal yðar.

23 Sjá. Ég er sá, sem Móse talaði um, er hann sagði: ^aSpámánn mun Drottinn Guð þinn upp vekja meðal yðar, einn bræðra yðar, slíkan sem ég er. Á allt, sem hann segir, skuluð þér hlýða. Og svo mun verða, að sérhver sál, sem ekki hlýðir á þennan spámánn, skal útilokuð frá lýðnum.

24 Sannlega segi ég yður, já, að ^aallir spámennirnir, frá Samúel og þeir, sem á eftir komu, allir þeir, sem talað hafa, þeir hafa vitnað um mig.

25 Og sjá. Þér eruð börn spámánnanna og af húsi Ísraels, og þér tilheyrið ^asáttmálanum, sem

13d 3 Ne 16:4–5.

14a LR Fyrirheitið land.

15a 3 Ne 16:10–14.

16a Morm 5:24;

K&S 19:27.

b Míka 5:8–9;

3 Ne 16:14–15; 21:12.

18a Míka 4:12.

19a Míka 4:13.

20a 3 Ne 29:4.

21a 3 Ne 16:8–15.

22a 1 Mós 49:22–26;

K&S 57:2–3.

b Jes 2:2–5;

3 Ne 21:23–24;

Et 13:1–12;

K&S 84:2–4.

LR Nýja Jerúsalem.

c Jes 59:20–21;

Mal 3:1;

3 Ne 24:1.

23a 5 Mós 18:15–19;

Post 3:22–23;

1 Ne 22:20–21.

24a Post 3:24–26;

1 Ne 10:5; Jakob 7:11.

25a LR Sáttmáli Abrahams.

faðirinn gjörði við feður yðar, er hann sagði við Abraham: ^bAf þínu afkvæmi skulu allar ættkvíslir jarðar blessun hljóta.

26 Fyrir yður hefur faðirinn allra fyrst uppvakið mig og sent mig til að blessa yður með því að ^asnúa sérhverjum yðar frá misgjörðum sínum. Og þetta er vegna þess, að þér eruð börn sáttmálans —

27 Og eftir að þér höfðuð hlotið blessun, þá uppfyllti faðirinn sáttmálann, sem hann gjörði við Abraham, en þar segir: ^aAf þínu afkvæmi skulu allar ættkvíslir jarðar blessun hljóta — með úthellingu heilags anda yfir Þjóðirnar fyrir mitt tilstilli, og sú blessun handa ^bÞjóðunum mun gjöra þær öllum öðrum máttugri, gjöra þeim kleift að dreifa þjóð minni, ó Ísraelsætt!

28 Og þær munu verða ^asvipa á íbúa þessa lands. En ef fólkíð herðir hjörtu sín gegn mér eftir að hafa meðtekið fyllingu fagnaðarerindis míns, þá mun ég láta misgjörðir þess koma því í koll, segir faðirinn.

29 Og ég mun ^aminnast sáttmálans, sem ég gjörði við þjóð mína. Og ég hef gjört sáttmála við þá um að ég muni ^bsafna þeim saman á sínum tíma, að ég muni gefa þeim aftur ^cland feðra sinna til eignar, sem er land ^dJerúsalem,

hið fyrirheitna land þeirra að eilífu, segir faðirinn.

30 Og svo ber við, að sá tími kemur, þegar fylling fagnaðarerindis míns verður boðuð þeim —

31 Og þeir skulu ^atrúa á mig, að ég er Jesús Kristur, Guðssonurinn, og biðja til föðurins í mínu nafni.

32 Þá munu ^avarðmenn þeirra hefja upp raust sína. Einum rómi munu þeir syngja, því að þeir munu sjá með eigin augum.

33 Þá mun faðirinn safna þeim aftur saman og gefa þeim Jerúsalem sem erfðaland.

34 Þá munu þeir hefja gleðisöng — ^aSyngið saman, þér eyðirústir Jerúsalem, því að faðirinn hefur huggað lýð sinn, leyst Jerúsalem.

35 Faðirinn hefir gjört beran heilagan armlegg sinn í augsyn allra þjóða, og öll endimörk jarðar skulu sjá hjálpraði föðurins. Og faðirinn og ég erum eitt.

36 Og þá mun verða að veruleika það, sem ritað er: ^aVakna þú, vakna þú, íklæð þig styrkleik þínum, ó Síon! Klæð þig skartklæðum þínum, ó Jerúsalem, þú hin heilaga borg, því að enginn óumskorinn eða óhreinn skal frammar inn í þig ganga!

37 Hrist af þér rykið, rís upp og

25 *b* 1 Mós 12:1–3; 22:18.

26 *a* Okv 16:6.

27 *a* Gal 3:8; 2 Ne 29:14;
Abr 2:9.

b 3 Ne 16:6–7.

28 *a* 3 Ne 16:8–9.

29 *a* Jes 44:21;

3 Ne 16:11–12.

b LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

c Amos 9:14–15.

d LR Jerúsalem.

31 *a* 3 Ne 5:21–26; 21:26–29.

32 *a* Jes 52:8;

3 Ne 16:18–20.

LR Vaka, vera á verði,
verði.

34 *a* Jes 52:9.

36 *a* Jes 52:1–3;

K&S 113:7–10.

LR Síon.

sest í sæti þitt, ó Jerúsalem! Losa þú af þér hálsfjötra þína, þú hin hertekna dóttir, ó, dóttirin Síon!

38 Því að svo segir Drottinn: Þér ofurselduð yður fyrir ekkert, og þér skuluð og án silfurs leystir verða.

39 Sannlega, sannlega segi ég yður, að lýður minn skal þekkja nafn mitt. Já, á þeim degi skal hann vita, að ég er sá, sem talar.

40 Og þá munu þeir segja: “Hversu yndislegir eru á fjöllunum fætur fagnaðarboðans, sem friðinn^b kunngjörir, gleðitíðindin flytur, hjálpraðið boðar og segir við Síon: Guð þinn er sestur að völdum!

41 Og þá mun heyrast hrópað: “Farið burt, farið burt, gangið út þaðan, snertið ekkert^b óhreint! Gangið burt þaðan! “Verið hrein, þér, sem berið ker Drottins!

42 Því að “eigi skuluð þér í flýti brott ganga né fara með skyndingu, því að Drottinn fer fyrir yður og Guð Ísraels verður bakvörður yðar.

43 Sjá, þjónn minn mun giftusamur verða, hann mun verða mikill og veglegur og mjög hátt upp hafinn.

44 Á sama hátt og margir urðu furðu lostnir við að sjá þig — ásýnd hans var afskræmdari en nokkurs manns svo og mynd hans framar en nokkurs af mannanna sonum —

45 Eins mun hann “vekja undrun

margra þjóða. Konunga mun setja þögla gagnvart honum, því að þeir munu sjá það, sem þeim hefur aldrei verið sagt frá, og verða þess áskynja, er þeir hafa aldrei heyrt.

46 Sannlega, sannlega segi ég yður, að allt þetta mun vissulega verða, já, eins og faðirinn hefur boðið mér. Þá mun sá sáttmáli, sem faðirinn hefur gjört við þjóð sína, uppfyllast. Og þá mun þjóð mín byggja “Jerúsalem á ný, og hún mun verða erfðaland þeirra.

21. KAPÍTULI

Ísrael mun safnað saman þegar Mormónsbók verður birt — Þjóðirnar verða að frjálstri þjóð í Ameríku — Þær munu frelsast ef þær trúá og hlýða, ella munu þær útilokast og farast — Ísrael mun reisa nýja Jerúsalem og týndu ættkvíslirnar munu snúa aftur. Um 34 e.Kr.

Og sannlega segi ég yður, að ég gef yður tákni, svo að þér megið þekkja þann “tíma, þegar allt þetta mun eiga sér stað — þegar ég mun safna saman þjóð minni eftir langæja tvístrun, ó Ísraelsætt, og mun aftur stofnsetja mína Síon meðal þeirra —

2 Og sjá. Þessi tákni mun ég gefa yður — því að sannlega segi ég yður, að þegar þetta, sem ég boða yður og sem ég hér eftir boða yður sjálfur og sem með krafti heilags

40a Jes 52:7; Nahúm 1:15;
Mósía 15:13–18;
K&S 128:19.
b Mark 13:10; 1 Ne 13:37.

41a Jes 52:11–15.
b LR Hreint og óhreint.
c K&S 133:5.
42a 3 Ne 21:29.

45a Jes 52:15.
46a Et 13:5, 11.
21 1a LR Síðustu dagar,
síðari dagar.

anda, sem faðirinn mun veita yður, mun kunnngjört Þjóðunum, svo að þær fái vitneskju um þessa þjóð, sem er leifar af húsi Jakobs, og um þessa þjóð mína, sem þeir munu tvístra —

3 Sannlega, sannlega segi ég yður, að þegar faðirinn kunnngjörir þeim ^aþessa hluti — en frá föðurnum berst það frá þeim til yðar —

4 Því að það er samkvæmt visku föðurins, að þeir skjóta rötum í þessu landi, og fyrir kraft föðurins að þeir verði ^afrjáls þjóð, svo að þetta megi frá þeim berast til niðja yðar og ^bsáttmáli föðurins, sem hann gjörði við þjóð sína, ó Ísraelsætt, megi uppfyllast —

5 Þegar þessi verk og önnur, sem unnin verða síðar, munu því berast ^afrá Þjóðunum til ^bniðja yðar, sem hnigna mun í vantrú vegna misgjörða —

6 Því að þannig þóknast föðurnum, að það berist frá ^aÞjóðunum, svo að hann geti sýnt Þjóðunum kraft sinn, til þess að Þjóðirnar, ef þær herða ekki hjörtu sín, megi iðrast og koma til mín og láta skírast í mínu nafni og þekkja hin sönnu kenningaratriði mín og megi ^bteljast meðal þjóðar minnar, ó Ísraelsætt —

7 Og þegar þetta verður, þegar

^aniðjar þínir fá vitneskju um þetta — verður það þeim tákn, og þeir fá að vita, að verk föðurins er þegar hafið til uppfyllingar sáttmálanum, sem hann gjörði við þá þjóð, sem er af Ísraelsætt.

8 Og þegar sá dagur kemur, þá mun konunga setja hljóða, því að þeir munu sjá það, sem þeim hefur aldrei verið sagt frá, og verða þess áskynja, er þeir hafa aldrei heyrt.

9 Því að þann dag mun faðirinn, mín vegna, vinna verk meðal þeirra, sem verða mun mikið og ^aundursamlegt, en meðal þeirra verða samt þeir, sem ekki munu trúa því, þó að þeim verði boðað það.

10 En sjá. Líf þjóns míns verður í minni hendi. Þess vegna munu þeir ekki skaða hann, þó að hann verði ^aafskræmdur þeirra vegna. En ég mun gjöra hann heilan, því að ég mun sýna þeim, að ^bviska mín er meiri en slægð djöfulsins.

11 Þess vegna mun svo við bera, að allir þeir, sem ekki vilja trúa orðum mínum, sem er Jesús Kristur, en ^ahann mun faðirinn láta færa Þjóðunum þau og gefa honum kraft til að færa þau Þjóðunum, (það mun gjörast eins og Móse sagði), þeir munu

3a Et 4:17;
JS — S 1:34–36.

4a 1 Ne 13:17–19;
K&S 101:77–80.

b Morm 5:20.
LR Sáttmáli Abrahams.

5a 3 Ne 26:8.

b 2 Ne 30:4–5;

Morm 5:15;
K&S 3:18–19.

6a 1 Ne 10:14; Jakob 5:54;
3 Ne 16:4–7.

b Gal 3:7, 29;
3 Ne 16:13;
Abr 2:9–11.

7a 3 Ne 5:21–26.

9a Jes 29:14; Post 13:41;
1 Ne 22:8.

LR Endurreisin
fagnaðarerindisins.

10a K&S 135:1–3.

b K&S 10:43.

11a 2 Ne 3:6–15;
Morm 8:16, 25.

^bútilokaðir frá þjóð minni, sem sáttmálanum tilheyrir —

12 Og lýður minn, sem er leifar Jakobs, mun vera á meðal Þjóðanna. Já, mitt á meðal þeirra sem ^aljón á meðal skógardýra og sem ungt ljón í sauðahjörð, en það ^btreður niður, þar sem það veður yfir, og rífur sundur, og enginn fær nokkru bjargað.

13 Þeir munu ná yfirhöndinni gagnvart mótstöðumönnum sínum, og allir óvinir þeirra munu afmáðir verða.

14 Já, vei sé Þjóðunum, ef þær ^aiðrast ekki. Því að svo ber við á þeim degi, segir faðirinn, að ég mun eyða öllum þínum hestum mitt á meðal ykkar og tortíma vögnum þínum —

15 Og ég mun eyða borgum lands þíns og rífa niður öll virki þín.

16 Og ég mun uppræta allan galdur í landi þínu, og spásagnamenn skulu eigi frammar hjá þér vera —

17 Og ég mun einnig eyða ^askurðmyndum þínum og standmyndum þínum mitt á meðal ykkar, og þú skalt ekki frammar falla fram fyrir handaverki þínu —

18 Og ég mun slíta upp skógarlundir þína, þá er til eru, og tortíma borgum þínum.

19 Og svo mun fara, að allar

^alygar, blekkingar og öfund, eiginirni, prestaslægð og hórdómur mun hverfa.

20 Og svo mun bera við, segir faðirinn, að á þeim degi mun ég útiloka frá þjóð minni, ó Ísraelsætt, alla þá, sem ekki vilja iðrast og koma til míns elskaða sonar —

21 Og ég mun láta réttláta reiði og heift bitna á þeim eins og á heiðingjum, er eigi hafa hlýðnast.

22 En vilji þeir iðrast og hlýða á orð mín og herði þeir ekki hjörtu sín, mun ég ^astofna kirkju mína meðal þeirra, og þeir munu komast undir sáttmálann og verða ^btaldir með leifum Jakobs, sem ég hef gefið þetta land til eignar —

23 Og þeir munu aðstoða þjóð mína, leifar Jakobs ásamt öllum þeim af Ísraelsætt, sem koma munu, við að reisa borg, sem nefnd verður ^aNýja Jerúsalem.

24 Og þá munu þeir aðstoða þjóð mína við að safna saman til hinnar Nýju Jerúsalem þeim, sem dreifðir eru um allt landið.

25 Og þá munu ^akraftar himins verða á meðal þeirra. Og ^bég mun einnig verða mitt á meðal þeirra.

26 Og þann dag skal verk föðurins hefjast, já, þegar þetta fagnaðarerindi mun boðað leifum þessarar þjóðar. Sannlega segi ég yður, að þann dag skal verk

11 *b* K&S 1:14.

12 *a* Míka 5:8–15;

3 Ne 20:16.

b 3 Ne 16:13–15.

14 *a* 2 Ne 10:18; 33:9.

17 *a* 2 Mós 20:3–4;

Mósía 13:12–13;

K&S 1:16.

LR Falsguðadýrkun.

19 *a* 3 Ne 30:2.

22 *a* LR Ráðstöfunartími.

b 2 Ne 10:18–19;

3 Ne 16:13.

23 *a* 3 Ne 20:22;

Et 13:1–12.

LR Nýja Jerúsalem.

25 *a* 1 Ne 13:37.

b Jes 2:2–4; 3 Ne 24:1.

föðurins “hefjast meðal allrar hinnar dreifðu þjóðar minnar, já, jafnvel meðal hinna ^btýndu kynkvísla, sem faðirinn leiddi burt frá Jerúsalem.

27 Já, verkið skal hefjast meðal allrar hinnar “dreifðu þjóðar minnar, og faðirinn mun greiða þeim veginn til mín, til að þeir geti ákallað föðurinn í mínu nafni.

28 Já, þá skal verkið hefjast og faðirinn verður meðal allra þjóða og greiðir því veg, að þjóð hans geti “safnast heim til erfðalands síns.

29 Og þau skulu koma frá öllum þjóðum. Og þau skulu eigi í “flýti brott ganga né fara með skyndingu, því að ég fer fyrir þeim, segir faðirinn, og ég verð bakvörður þeirra.

22. KAPÍTULI

Á síðustu dögum mun Síon og stikur hennar stofnaðar og Ísrael safnað saman í miskunn og mildi — Þær munu fagna sigri — Samanber Jesaja 54. Um 34 e.Kr.

Og þá mun það, sem skráð er, verða að veruleika: Fagna, þú óbyrja, sem ekki hefur fætt. Hef upp “gleðisöng, lát við kveða fagnaðaróp, þú sem eigi hefur haft fæðingarhríðir. Því að börn hinnar yfirgefnu munu verða fleiri en giftu konunnar, segir Drottinn.

2 Vikka þú út tjald þitt, og lát þá þenja út tjaldduka búðar þinnar. Hlíf þér eigi, gjör stög þín lengri og “stikur þínar styrkari —

3 Því að þú munt útbreiðast til hægri og vinstri, og niðjar þínir munu erfa “Þjóðirnar og byggja hinar eyddu borgir.

4 Óttast eigi, því að þú skalt eigi þurfa að fyrirverða þig né verða þér til minnkunnar, því þú munt eigi “smánuð verða. Því að þú skalt gleyma blygðun æsku þinnar og hvorki álasa æsku þinni né minnast smánar ekkjudóms þíns frammar.

5 Því að skapari þinn, eiginmaður þinn, hann er nefndur Drottinn hersveitanna, og lausnari þinn, hinn heilagi Ísraels. Guð gjörvallrar jarðarinnar skal hann kallaður.

6 Því að Drottinn kallaði þig yfirgefna konu og harmþrungna, og æskunnar brúði, þegar þér var hafnað, segir Guð þinn.

7 Skamma stund yfirgaf ég þig, en með mikilli miskunnsemi sameina ég þig.

8 Með votti af reiði byrgði ég auglit mitt fyrir þér um stund, en af ævarandi gæsku “miskunna ég þér, segir endurlausnari þinn, Drottinn.

9 Því að “þetta er mér sem ^bNóaflóðið. Á sama hátt og ég hef svarið, að Nóaflóð skuli ekki

26a 1 Ne 14:17;

3 Ne 21:6–7.

b LR Ísrael — Hinar tíu horfnu kynkvíslir Ísraels.

27a 3 Ne 16:4–5.

28a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

29a Jes 52:12; 3 Ne 20:42.

22 1a LR Syngja.

2a LR Stika.

3a LR Þjóðirnar.

4a 2 Ne 6:7, 13.

8a LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

9a Jes 54:9.

b LR Flóðið á dögum Nóa.

framar ganga yfir jörðina, eins hef ég svarið að reiðast þér ekki.

10 Því að “fjöllin munu færast úr stað og hálsarnir riða, en gæska mín mun eigi ^bhverfa þér, né heldur mun friðarsáttmála mínum raskað, segir miskunnari þinn, Drottinn.

11 Ó, þú sem ert aðþrengd, veðurbarin og án huggunar. Sjá, “eðalsteina legg ég í hleðslur þínar og hleð grunnmúra þína safirsteinum.

12 Og ég gjöri glugga þína úr jaspis, hlið þín úr roðasteinum og legg útjaðra þína dýrindissteinum.

13 Og “öll börn þín verða frædd um Drottin, og mikill verður friður barna þinna.

14 Þú skalt rótföst í “réttlæti og fjarri öllu ofríki — því að þú þarft ekki að óttast — og fjarlæg skelfingu, því að hún skal ekki nærri þér koma.

15 Sjá, óvinir þínir munu vissulega safnast saman gegn þér, en ekki að mínum vilja. Hverjir þeir, sem safnast saman gegn þér, munu falla þín vegna.

16 Sjá, ég skapaði smiðinn, sem blæs að kolaeldinum og framleiðir verkfæri til sinnar notkunar, og ég skóp eyðandann sem leggur í eyði.

17 Engin vopn, sem smíðuð verða á móti þér, skulu fá þrifist, og allar tungur, sem fella yfir þig smánardóm, skalt þú kveða niður.

Þetta er arfur þjóna Drottins, og réttlæti þeirra er frá mér komið, segir Drottinn.

23. KAPÍTULI

Jesús rómar orð Jesaja — Hann býður fólkinu að kynna sér spámennina — Orðum Lamanítans Samúels um upprisuna er bætt við heimildir þeirra. Um 34 e.Kr.

Og sjá. Ég segi yður, að þér ættuð að “kanna þessa hluti. Já, ég gef yður fyrirmæli um að kanna þetta af kostgæfni, því að mikil eru orð ^bJesaja.

2 Því að vissulega talaði hann um allt, er varðaði þjóð mína, sem er af Ísraelsætt. Því hlýtur hann einnig að verða að tala til Þjóðanna.

3 Og allt, sem hann mælti, hefur gerst og “mun gerast, já, í samræmi við orð hans.

4 Gefið því gaum að orðum mínum. Skráið það, sem ég hef sagt yður, og þegar faðirinn vill, mun það berast Þjóðunum.

5 Og hver sá, sem hlýða vill orðum mínum og iðrast og lætur skírast, sá hinn sami mun frelsast. Kannið “spámennina, því að þeir eru margir, sem um þetta vitna.

6 Og nú bar svo við, að þegar Jesús hafði mælt þessi orð, hélt hann áfram og sagði við þá, eftir að hann hafði útlagt fyrir þeim allar þær ritningar, sem þeir höfðu

10a Jes 40:4.
b Sálm 94:14;
K&S 35:25.
11a Op 21:18–21.

13a Jer 31:33–34.
14a LR Réttlátur, réttlæti.
23 1a LR Ritningar.
b 2 Ne 25:1–5;

Morm 8:23.
LR Jesaja.
3a 3 Ne 20:11–12.
5a Lúk 24:25–27.

móttakið: Sjá, ég vil, að þér skráið aðrar ritningar, sem þér hafið ekki.

7 Og svo bar við, að hann sagði við Nefí: Fær þú mér heimildirnar, sem þú hefur haldið.

8 Og þegar Nefí hafði fært honum heimildirnar og lagt þær fyrir hann, leit hann á þær og sagði:

9 Sannlega segi ég yður, að ég bauð þjóni mínum, Lamanítanum "Samúel, að vitna fyrir þessari þjóð, að þann dag, er faðirinn mundi dýrðlegt gjöra nafn sitt í mér, þá mundu ^b margir "heilagir ^a rísa upp frá dauðum og birtast mörgum og þjóna þeim. Og hann spurði: Var það ekki svo?

10 Og lærisveinarnir svöruðu honum og sögðu: Jú, Drottinn, Samúel spáði í samræmi við orð þín, og þau hafa öll komið fram.

11 Og Jesús spurði þá: Hvers vegna hafið þér ekki fært það í letur, að margir heilagir risu upp og birtust mörgum og þjónuðu þeim?

12 Og svo bar við, að Nefí minntist þess, að þetta hafði ekki verið fært í letur.

13 Og svo bar við, að Jesús bauð þeim að færa það í letur. Þess vegna var það skráð, eins og hann bauð.

14 Og nú bar svo við, að þegar Jesús hafði "útlagt allar ritningararnar í einu, sem letraðar höfðu verið, bauð hann þeim að kenna það, sem hann hafði útlagt fyrir þá.

24. KAPÍTULI

Sendiboði Drottins mun greiða veginn fyrir síðari komuna — Kristur mun dæma — Ísrael boðið að greiða tíund og fórnir — Minningabók rituð — Samanber Malakí 3. Um 34 e.Kr.

Og svo bar við, að hann bauð þeim að færa í letur þau orð, sem faðirinn hafði gefið Malakí, og hann skyldi flytja þeim. Og svo bar við, að þegar þau höfðu verið færð í letur, útskýrði hann þau. En þetta eru þau orð, sem hann mælti til þeirra, er hann sagði: Svo sagði faðirinn við Malakí — Sjá, ég sendi "sendiboða minn, og hann mun greiða mér veginn. Og skyndilega mun sá Drottinn, sem þér leitið, koma til musteris síns, og engill sáttmálans, sá er þér þráið, sjá, hann kemur, segir Drottinn hersveitanna.

2 En hver fær "afborið þann dag, er hann kemur? Og hver fær staðist, þegar hann birtist? Því að hann er sem eldur ^b málmbræðslumannsins og sem lútarsalt þvottamannanna.

3 Og hann mun sitja og hreinsa og skíra silfrið, og hann mun hreinsa "syni Levís og gjöra þá skíra sem gull og silfur, til þess að þeir megi ^b færa Drottni fórn í réttlæti.

4 Og þá munu fórnir Júdamanna

9a He 13:2.
b He 14:25.
c LR Heilagur.
d Matt 27:52–53.
LR Upprisa.

14a Lúk 24:44–46.
24 1a K&S 45:9.
2a 3 Ne 25:1.
b Sak 13:9; K&S 128:24.
LR Jörð — Hreinsun

jarðar; Síðari koma
Jesú Krists.
3a 5 Mós 10:8;
K&S 84:31–34.
b K&S 13.

og Jerúsalembúa verða Drottni þóknanlegar eins og forðum daga, eins og á löngu liðnum árum.

5 En ég mun nálgast yður til að halda dóm, og ég mun skjótur til að vitna gegn seiðskróttum, hörkörlum og meinsærismönnum og gegn þeim, sem hafa af daglaunamönnum, ekkjum og ^amunadjarleysingjum og vísa ókunnum á bug, en óttast mig ekki, segir Drottinn hersveitanna.

6 Því að ég er Drottinn og breytist ekki, og þess vegna er yður, sonum Jakobs, ekki eytt.

7 Allt frá dögum feðra yðar hafið þér ^ahorfið frá helgiathöfnum mínum og ekki gætt þeirra. ^bSnúið yður til mín, þá mun ég snúa mér til yðar, segir Drottinn hersveitanna. En þér spyrjið: Hvernig eigum vér að snúa okkur?

8 Á maðurinn að pretta Guð? Þó hafið þér prettað mig. Þér spyrjið: Hvernig höfum vér prettað þig? Í ^atíund og ^bfórnum.

9 Mikil bölvun hvílir yfir yður, af því að þér hafið prettað mig, öll þjóðin.

10 Færið alla ^atíundina í forðabúrið, til þess að fæða sé til í húsi mínu, og reynið mig einu sinni á þennan hátt, segir Drottinn hersveitanna, hvort ég lýk ekki upp fyrir yður flóðgáttum himins og úthelli yfir yður slíkri ^bblessun, að þér fáið vart á móti tekið.

11 Og ég mun hasta á átvaglið fyrir yður, til þess að það tor-tími ekki fyrir yður gróðri jarðar. Ekki skulu heldur þrúgurnar falla af vínviðinum fyrir uppskerutímamann, segir Drottinn hersveitanna.

12 Þá munu allar þjóðir telja yður blessaða, því að landið er dýrindisland, segir Drottinn hersveitanna.

13 Ummæli yðar um mig hafa verið hörð, segir Drottinn. Þó spyrjið þér: Hvað höfum við þá sagt gegn þér?

14 Þér hafið sagt: Það er til einskis að þjóna Guði, eða hvaða ávinning höfum vér af því, að vér varðveittum helgiathafnir hans og gengum í sorgar-búningi fyrir augliti Drottins hersveitanna?

15 Og nú köllum vér hina hroka-fullu sæla. Já, þeim sem ranglæti fremja er hampað, já, þeir sem freista Guðs eru jafnvel látnir sleppa.

16 Þá ^aræddust þeir oft við, sem óttast Drottin, og Drottinn gaf gætur að því og heyrði, og frammi fyrir augliti hans var rituð ^bminningabók yfir þá, sem óttast Drottin og hafa nafn hans hugfast.

17 Og þeir skulu vera mín eign, segir Drottinn hersveitanna, á þeim degi, er ég ^asafna saman eðalsteinum mínum, og

5a Jakbr 1:27.

7a LR Fráhvarf.

b He 13:11; 3 Ne 10:6;

Moró 9:22.

8a LR Tíund,

tíundargreiðslur.

b LR Fómargjöf.

10a K&S 64:23; 119.

b LR Blessa, blessaður, blessun.

16a Moró 6:5.

b K&S 85:9;

HDP Móse 6:5.

LR Minningabókin.

17a K&S 101:3.

ég mun vægja þeim, eins og maður vægir syni sínum, sem þjónar honum.

18 Þá skuluð þér hverfa aftur og ^agreina á milli réttláts manns og rangláts, á milli þess, sem Guði þjónar og hins, sem ekki þjónar honum.

25. KAPÍTULI

Við síðari komuna munu hrokafullir og ranglátir brenna sem hálmleggir — Elía mun snúa aftur fyrir hinn mikla og ógurlega dag — Samanber Malakí 4. Um 34 e.Kr.

Því að sjá. Sá dagur kemur, sem mun ^aglóa sem ofn. Og allir ^bhrokafullir og allir þeir, er ranglæti fremja, munu þá vera sem hálmleggir, og dagurinn, sem upp rennur, mun brenna þá til agna, segir Drottinn hersveitanna, svo að hvorki verði eftir af þeim rót né kvistur.

2 En yfir yður, sem óttist nafn mitt, mun ^asonur réttlætisins rísa, með lækningarmátt undir vængjum sínum og þér munuð koma og ^bvaxa upp eins og ^ckálfar á bás.

3 Og þér munuð ^atroða undir hina ranglátu, því að þeir munu verða aska undir iljum yðar á þeim degi, er ég

hefst handa, segir Drottinn hersveitanna.

4 Munið eftir lögmáli Móse þjóns míns, en ég fól honum það á ^aHóreb, lögmál fyrir allan Ísrael með reglum og ákvæðum.

5 Sjá. Ég mun senda yður ^aElía spámann, áður en hinn mikli og ógurlegi ^bdagur Drottins kemur —

6 Og hann mun ^asnúa hjörtum feðranna til barnanna og hjörtum barnanna til feðra sinna, svo að ég komi ekki og ljósti jörðina banni.

26. KAPÍTULI

Jesús útskýrir allt frá upphafi til enda — Smábörn mæla undursamleg orð, sem ekki er unnt að skrá — Þeir, sem eru í kirkju Krists, eiga allt sameiginlega. Um 34 e.Kr.

Og nú bar svo við, að eftir að Jesús hafði mælt þessi orð, útskýrði hann þau fyrir mannfjöldanum. Og hann útskýrði allt fyrir fólkinu, bæði smátt og stórt.

2 Og hann sagði: ^aÞessar ritningar, sem þér höfðuð ekki hjá yður, bauð faðirinn mér að gefa yður. Því að það var viska hans, að þær yrðu gefnar komandi kynslóðum.

3 Og hann útskýrði allt, já, frá

18a LR Dómgreind, dómgreindargáfa.
25 1a Jes 24:6; 1 Ne 22:15; 3 Ne 24:2; K&S 29:9; 64:23–24; 133:64; JS — S 1:37.
LR Jörð — Hreinsun jarðar.
b 2 Ne 20:33.

LR Drambsemi.
2a Et 9:22.
b K&S 45:58.
c Amos 6:4; 1 Ne 22:24.
3a 3 Ne 21:12.
4a 2 Mós 3:1–6.
5a 2 Kon 2:1–2; K&S 2:1; 110:13–16; 128:17–18. LR Elía;

Innsigli, innsigljun; Sáluhjálpi fyrir hina dánun.
b LR Síðari koma Jesú Krists.
6a K&S 2:2.
26 2a Þ.E. Mal 3–4, sem vitnað er til í 3 Ne 24–25.

upphafi til þess tíma, er hann kæmi í “dýrð sinni — já, allt sem koma ætti á yfirborði jarðar, allt til þess tíma, er ^bfrumefnin mundu bráðna í brennandi hita, jörðin ^cvefjast saman líkt og bókfell, og himnar og jörð líða undir lok —

4 Já, allt til hins ^amikla og efsta dags, þegar allir lýðir, kynkvíslir, þjóðir og tungur munu ^bstanda frammi fyrir Guði til að verða dæmd af verkum sínum, hvort heldur þau eru góð eða ill —

5 Séu þau góð, til ^aupprisu ævarandi lífs, en séu þau ill, til upprisu fordæmingar. Báðar leiðir eru samsíða, önnur til annarrar handarinnar og hin til hinnar, samkvæmt miskunnseminni, ^bréttvísinni og heilagleikanum, sem er í Kristi, sem var ^cáður en heimurinn varð til.

6 Og ekki er unnt að letra í þessa bók einn ^ahundraðshluta þess, sem Jesús vissulega kenndi lýðnum —

7 En sjá. “Töflur Nefís geyma meiri hluta þess, sem hann kenndi lýðnum.

8 En þetta hef ég skráð, sem er minni hluti þess, sem hann kenndi fólkinu. Og ég hef letrað það í þeim tilgangi, að það berist aftur

þessari þjóð ^afrá Þjóðunum, samkvæmt orðum Jesú.

9 Og þegar fólkið hefur meðtekið þetta, en óhjákvæmilegt er, að það fái þetta fyrst til að reyna trú þess, og fari svo, að það trúi þessu, þá skulu ^astærri hlutir opinberaðir því.

10 En fari svo, að það trúi þessu ekki, þá mun hinum stærri hlutum ^ahaldið frá því, því til áfellis.

11 Sjá. Ég var að því kominn að færa í letur allt það, sem letrað er á töflur Nefís, en Drottinn bannaði það og sagði: Ég mun ^areyna trú þjóðar minnar.

12 Fyrir því færi ég, Mormón, í letur það, sem Drottinn hefur boðið mér. Og nú lýk ég, Mormón, máli mínu og held áfram að letra það, sem mér hefur verið boðið.

13 Ég vil þess vegna, að þér sjáið, að Drottinn kenndi vissulega lýðnum, í þrjá daga. Og eftir það ^abirtist hann fólkinu oft og braut oft ^bbrauðið og blessaði það og gaf því.

14 Og svo bar við, að hann kenndi og þjónaði ^abörnunum, sem í mannfjöldanum voru og talað hefur verið um. Og hann ^blosaði um tungur þeirra, og þau mæltu til feðra sinna mikla og undursamlega hluti, jafnvel

3a LR Jesús Kristur — Dýrð Jesú Kristis.

b Amos 9:13; 2 Pét 3:10, 12; Morm 9:2. LR Heimur — Heimsendir; Jörð — Hreinsun jarðar.

c Morm 5:23.

4a He 12:25; 3 Ne 28:31.

b Mósía 16:10–11.

LR Lokadómur.

5a Dan 12:2; Jóh 5:29.

b LR Réttvísi.

c Et 3:14.

LR Jesús Kristur —

Tilvist Kristis í

fortilverunni.

6a Jóh 21:25; 3 Ne 5:8.

7a LR Töflur.

8a 3 Ne 21:5–6.

9a Et 4:4–10.

10a Al 12:9–11.

11a Et 12:6.

13a Jóh 21:14.

b 3 Ne 20:3–9.

LR Sakramenti.

14a 3 Ne 17:11–12.

b Al 32:23;

3 Ne 26:16.

mikilfenglegri en hann hafði op-
inberað lýðnum. Og hann los-
aði um tungur þeirra, svo að þau
mættu mæla.

15 Og svo bar við, að eftir að
hann hafði stigið upp til himins —
hið annað sinn, er hann birtist
þeim, og hafði farið til föðurins
eftir að hafa ^alæknað alla sjúka og
lamaða, lokið upp augum hinna
blindu og eyrum hinna dauðu, já,
læknað alls kyns sjúkdóma meðal
þeirra og reist mann upp frá
dauðum og hafði sýnt þeim kraft
sinn og stigið upp til föðurins —

16 Sjá, svo bar við, að næsta dag
safnaðist mannfjöldinn saman
og bæði sá og heyrði til þessara
barna. Já, jafnvel ^aungbörn luku
upp munni sínum og mæltu af
munni fram undursamlega hluti.
En engum manni leyfðist að færa
það í letur, sem þau mæltu.

17 Og svo bar við, að ^alærisvein-
arnir, sem Jesús hafði valið, hófu
upp frá því að ^bskíra alla og kenna
öllum, sem til þeirra komu. Og
allir, sem skírðir voru í nafni Jesú,
fylltust heilögum anda.

18 Og margir þeirra sáu og
heyrðu ólýsanlega hluti, sem ^aekki
er leyfilegt að letra.

19 Og þeir kenndu og þjónuðu
hver öðrum. Og þeir áttu ^aallt
^bsameiginlega, og allir breyttu
réttlátlega hver við annan.

20 Og svo bar við, að þeir gjörðu
allt eins og Jesús hafði boðið þeim.

21 Og þeir, sem skírðir voru í
nafni Jesú, nefndust ^akirkja Krists.

27. KAPÍTULI

*Jesús býður þeim að nefna kirkjuna
nafni hans — Fagnaðarerindið bygg-
ist á ætlunarverki hans og friðþæg-
ingarförn — Mönnum er boðið að
iðrast og láta skírast, svo að þeir megi
helgast af heilögum anda — Þeir
eiga að verða alveg eins og Jesús. Um
34–35 e.Kr.*

Og svo bar við, að meðan læri-
sveinar Jesú ferðuðust um og pré-
dikuðu það, sem þeir höfðu bæði
heyrt og séð, og skírðu í nafni
Jesú, bar svo við, að þeir söfn-
uðust saman og ^asameinuðust í
máttugri bæn og ^bföstu.

2 Og Jesús ^abirtist þeim enn á
ný, því að þeir báðu til föðurins í
hans nafni. Og Jesús kom og stóð
mitt á meðal þeirra og spurði þá:
Hvers óskið þér af mér?

3 Og þeir svöruðu honum: Drott-
inn, við viljum, að þú segir okkur,
hverju nafni okkur ber að nefna
þessa kirkju, því að ágreiningur
er meðal fólksins um þetta atriði.

4 Og Drottinn sagði við þá:
Sannlega, sannlega segi ég yður!
Hvers vegna mögla menn og deila
um slíkt?

15a 3 Ne 17:9.

LR Kraftaverk;
Lækna, lækningar.

16a Matt 11:25.

17a 3 Ne 19:4–13.

b 4 Ne 1:1.

18a 3 Ne 26:11.

19a 4 Ne 1:3.

b LR Helgun,
helgunarlögmál.

21a Mósía 18:17.

LR Kirkja Jesú Krists.

27 1a K&S 29:6.

b Al 6:6.

LR Fasta.

2a 3 Ne 26:13.

LR Jesús Kristur —
Birting Krists eftir
jarðlífið.

5 Hafa þeir ekki lesið ritningarnar, sem segja, að þér verðið að taka á yður “nafn Krists, sem er mitt nafn? Því að með því nafni verðið þér kallaðir á efsta degi —

6 Og hver, sem tekur á sig mitt nafn og “stendur stöðugur allt til enda, mun hólpinn á efsta degi.

7 Hvað sem þér þess vegna gjörið, það skuluð þér gjöra í mínu nafni. Þess vegna skuluð þér nefna kirkjuna mínu nafni. Og þér skuluð ákalla föðurinn í mínu nafni og biðja hann um að blessa kirkjuna mín vegna.

8 Og hvernig getur það verið “mín ^bkirkja, sé hún ekki nefnd mínu nafni? Því að ef kirkja nefnist nafni Móse, þá er hún kirkja Móse. Eða ef hún nefnist nafni einhvers manns, þá er hún kirkja þess manns. En nefnist hún mínu nafni, þá er hún mín kirkja, ef þeir byggja á fagnaðarerindi mínu.

9 Sannlega segi ég yður, að þér byggjið á fagnaðarerindi mínu. Þess vegna skuluð þér nefna allt, sem þér nefnið, í mínu nafni. Ef þér þess vegna ákallið föðurinn vegna kirkjunnar, þá mun faðirinn heyra til yðar, sé það gjört í mínu nafni —

10 Og fari svo, að kirkjan byggist á fagnaðarerindi mínu, þá mun faðirinn opinbera sín eigin verk í henni.

11 En sannlega segi ég yður, sé hún ekki byggð á fagnaðarerindi mínu, heldur byggð á verkum manna eða á verkum djöfulsins, þá gleðjast þeir yfir verkum sínum um hríð, en smátt og smátt koma endalokin, og þeir verða “höggðir niður og þeim á eld kastað, en þaðan er engin leið til baka.

12 Því að verk þeirra “fylgja þeim, og það er vegna verka sinna, að þeir eru höggðir niður. Hafið þess vegna í huga það, sem ég hef sagt yður.

13 Sjá, ég hef gefið yður “fagnaðarerindi mitt, og þetta er fagnaðarerindið, sem ég hef gefið yður — að ég kom í heiminn til að gjöra ^bvilja föður míns, vegna þess að faðir minn sendi mig.

14 Og faðir minn sendi mig, til þess að mér yrði “lyft upp á krossinum. Til þess að ég gæti ^bdregið alla menn til mín, eftir að mér hefði verið lyft upp á krossinum, og á sama hátt og mennirnir hefðu lyft mér mundi faðirinn lyfta mönnunum upp til að standa frammi fyrir mér og verða “dæmdir af verkum sínum, hvort heldur þau eru góð eða ill —

15 Og vegna þessa hefur mér verið “lyft upp. Þess vegna mun ég draga alla menn til mín samkvæmt krafti föðurins, til að þeir verði dæmdir af verkum sínum.

5a LR Jesús Kristur —
Að taka á okkur nafn
Jesú Krists.

6a 3 Ne 15:9.

8a K&S 115:4.

^b LR Jesús Kristur —
Höfuð kirkjunnar.

11a Al 5:52.

12a Op 14:13;
K&S 59:2.

13a K&S 76:40–42.

LR Fagnaðarerindi.

^b Jóh 6:38–39.

14a 1 Ne 11:32–33;

HDP Móse 7:55.

^b Jóh 6:44; 2 Ne 9:5;
K&S 27:18.

^c LR Jesús

Kristur — Dómari.

15a LR Friðþægja,
friðþæging.

16 Og svo mun við bera, að hver sá, sem ^aiðrast og ^bskírður er í mínu nafni, mun mettur verða. Og ef hann ^cstendur stöðugur allt til enda, sjá, þá mun ég sýkna hann fyrir föður mínum á þeim degi, er ég stand og dæmi heiminn.

17 Og sá, sem ekki standur stöðugur allt til enda, sá hinn sami verður höggvinn niður og honum varpað á eldinn, og þaðan er engin leið til baka vegna ^aréttvísi föðursins.

18 Og þetta er það orð, sem hann hefur gefið mannanna börnum. Og vegna þessa uppfyllir hann orðin, sem hann hefur gefið, og hann segir ekki ósatt, heldur uppfyllir öll orð sín.

19 Og ^aekkert óhreint fær komist inn í ríki hans. Þess vegna gengur enginn inn til ^bhvíldar hans, nema þeir, sem ^claugað hafa klæði sín í blóði mínu vegna trúar sinnar og iðrunar á öllum syndum sínum og vegna staðfestu sinnar allt til enda.

20 En þetta er boðorðið: ^aIðrist, öll endimörk jarðar og komið til mín og látið ^bskírast í mínu nafni, svo að þér megið ^chelgast fyrir móttöku heilags anda og þér fáið staðið ^dfleklaus frammi fyrir mér á efsta degi.

21 Sannlega, sannlega segi ég

yður. Þetta er fagnaðarerindi mitt, og þér vitið, hvað yður ber að gjöra í kirkju minni. Því að þau verk, sem þér hafið séð mig vinna, þau skuluð þér einnig vinna. Því að það, sem þér hafið séð mig gjöra, skuluð þér og gjöra —

22 Blessaðir eruð þér þess vegna, ef þér gjörðið það, því að yður mun lyft upp á efsta degi.

23 Færið í letur það, sem þér hafið séð og heyrð, utan það, sem ^abannað er.

24 Skráið verk þessarar þjóðar, sem unnin verða, já, eins og það hefur verið skráð, sem verið hefur.

25 Því að sjá. Af bókum þeim, sem skráðar hafa verið og skráðar verða, mun þessi þjóð verða ^adæmd, því að af þeim munu ^bverk þeirra kunn mönnunum.

26 Og sjá. Faðirinn færir allt í ^aletur. Þess vegna mun heimurinn dæmdur verða af þeim bókum, sem skráðar verða.

27 Og vitið, að ^aþér verðið dóm- arar þessarar þjóðar samkvæmt þeirri dómgreind, sem ég gef yður og sem réttvís verður. Hvers ^bkonar menn ættuð þér því að vera? Sannlega segi ég yður, alveg ^ceins og ég er.

28 Og nú ^afer ég til föðursins. Og sannlega segi ég yður, að hvað,

16a LR Iðrast, iðrun.

b LR Skír, skíra.

c 1 Ne 13:37.

LR Standast.

17a LR Réttvísi.

19a Al 11:37.

b K&S 84:24.

LR Hvíld.

c Op 1:5; 7:14;

Al 5:21, 27; 13:11–13.

20a Et 4:18.

b LR Skír, skíra — Nauðsynleg.

c LR Lausn frá synd.

d K&S 4:2.

23a 3 Ne 26:16.

25a 2 Ne 33:10–15;

OMorm 1:11.

b 1 Ne 15:32–33.

26a 3 Ne 24:16.

LR Lífsins bók.

27a 1 Ne 12:9–10;

Morm 3:19.

b LR Jesús Kristur —

Fordæmi Jesú Krists.

c Matt 5:48; 3 Ne 12:48.

28a Jóh 20:17.

sem þér biðjið föðurinn um í mínu nafni, það skal yður veitast.

29 “Biðjið því, og yður mun gefast. Knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða. Því að þeim, sem biður, mun gefast. Og fyrir þeim, sem á knýr, mun upp lokið verða.

30 Og sjá. Gleði mín er mikil, næstum fullkomin, vegna yðar og einnig þessarar kynslóðar. Já, og faðirinn, ásamt öllum hinum heilögu englum, fagnar yfir yður og þessari kynslóð, því að “enginn þeirra glatast.

31 Sjá, ég vil að þér skiljið, því að ég á við þá, sem “nú eru á lífi af þessari kynslóð. Og enginn þeirra er glataður, og í þeim er gleði mín fullkomin.

32 En sjá. Ég hryggist vegna “fjórðu kynslóðar frá þessari kynslóð, því að hann mun leiða hana burtu ánauðuga, já, eins og glötunarsonurinn var leiddur brott. Því að þeir munu selja mig fyrir silfur og gull og fyrir það, sem bömölur fær grandað, og það, sem þjófar geta brotist inn í og stolið. Og þann dag mun ég vitja þeirra og snúa verkum þeirra gegn þeim sjálfum.

33 Og svo bar við, að eftir að Jesús hafði lokið þessum orðum, sagði hann við lærisveina sína: Gangið inn um “þrönga hliðið, því að þröngt er það hlið og mjór sá vegur, er liggur til lífsins, og

faír eru þeir, sem finna hann. En vítt er hliðið og vegurinn breiður, sem liggur til dauða, og margir eru þeir, sem þar fara um, þar til nóttin kemur, þegar enginn maður getur unnið.

28. KAPÍTULI

Nú af hinum tólf lærisveinum þrá arf í ríki Krists þegar þeir deyja og hljóta loforð um hann — Nefítarnir þrír þrá að öðlast vald yfir dauðanum og verða kyrrir á jörðu, þar til Jesús kemur á ný og sú ósk er þeim veitt — Þeir ummyndast og sjá það, sem ekki má segja frá og þjóna nú meðal manna. Um 34–35 e.Kr.

Og svo bar við, að eftir að Jesús hafði mælt þessi orð, beindi hann orðum sínum til lærisveina sinna, hvers og eins þeirra, og mælti: Hvers óskið þér af mér, eftir að ég er farinn til föðursins?

2 Og þeir svöruðu allir, nema þrír, og sögðu: Við óskum þess, að þegar við höfum lifað heilan mannsaldur, þá ljúki þeirri helgu þjónustu, sem þú hefur kallað okkur til, og að við fáum þá fljótlega að koma til þín í ríki þitt.

3 Og hann sagði við þá: Blessaðir eruð þér vegna þess, sem þér óskið af mér. Eftir að þér því hafið náð sjötíu og tveggja ára aldri, skuluð þér koma til mín í ríki mitt, og hjá mér skuluð þér finna “hvíld.

29a Matt 7:7;

3 Ne 14:7.

30a Jóh 17:12.

31a 3 Ne 9:11–13;

10:12.

b 3 Ne 28:23.

c LR Gleði.

32a 2 Ne 26:9–10;

Al 45:10, 12.

b Matt 6:19–21;

3 Ne 13:19–21.

33a Matt 7:13–14;

3 Ne 14:13–14;

K&S 22.

28 3a LR Hvíld.

4 Og þegar hann hafði mælt þetta, sneri hann sér að hinum þremur og spurði þá: Hvað viljið þér, að ég gjöri fyrir yður, þegar ég er farinn til föðurins?

5 En þeir hryggðust í hjörtum sínum, því að þeir þorðu eigi að segja honum, hvers þeir óskuðu.

6 Og hann sagði við þá: Sjá. Ég “þekki hugsanir yðar, og þér óskið þess sama og minn elskaði Þóhannes óskaði af mér, en hann var með mér í helgri þjónustu minni, áður en Gyðingarnir lyftu mér upp.

7 Enn blessaðri eruð þér þess vegna, því að þér skuluð “aldrei smakka^b dauðann, heldur skuluð þér lifa og sjá alla breytni föður míns við mannanna börn, já, þar til allt er uppfyllt að vilja föðurins, þegar ég kem í dýrð minni með “krafti himins.

8 Og þér skuluð aldrei líða kvalir dauðans. En þegar ég kem í dýrð minni, skuluð þér breytast á auga-bragði frá hinu “dauðlega til hins^b ódauðlega. Og þá skuluð þér blessaðir verða í ríki föður míns.

9 Og þér skuluð enn fremur engar kvalir líða, meðan þér dveljið í holdinu, né heldur sorg, nema vegna synda heimsins. Og allt þetta vil ég gjöra vegna þess, sem þér óskuðuð af mér, því að

þér þráið að “leiða sálir manna til mín, meðan heimurinn stendur.

10 Og sakir þess skal “fylling gleðinnar verða yðar, og þér skuluð setjast niður í ríki föður míns. Já, gleði yðar verður algjör, eins og faðirinn hefur veitt mér fyllingu gleðinnar. Og þér verðið eins og ég er, en ég er eins og faðirinn, og faðirinn og ég erum^b eitt —

11 Og “heilagur andi ber vitni um föðurinn og mig, og faðirinn veitir mannanna börnum heilagan anda vegna mín.

12 Og svo bar við, að er Jesús hafði mælt þessi orð, snerti hann sérhvern þeirra með fingri sínum, nema þá þrjá, sem verða skyldu um kyrrt, og hvarf síðan á braut.

13 Og sjá. Himnarnir lukust upp, og þeir voru “hrifnir upp til himins og sáu og heyrðu ólýsanlega hluti.

14 Og þeim var “bannað að mæla, og þeim var ekki veitt vald til að segja frá því, sem þeir sáu og heyrðu —

15 En hvort heldur þeir voru í líkamanum eða úr líkamanum, gátu þeir ekki greint, því að þeim virtist sem þeir “ummynduðust, breyttust úr þessum holdslíkama yfir í hið ódauðlega, svo að þeir gátu litið það, sem Guðs er.

6a Amos 4:13;
Al 18:32.

b Jóh 21:21–23;
K&S 7:1–4.

7a 4 Ne 1:14;
Morm 8:10–11;
Et 12:17.

b LR Umbreyttar verur.

c 3 Ne 20:22.
8a 3 Ne 28:36–40.
LR Dauðlegur,
dauðleiki.

b LR Ódauðlegur,
ódauðleiki.
9a Fil 1:23–24;
K&S 7:5–6.

10a K&S 84:36–38.
b Jóh 17:20–23.

11a 2 Ne 31:17–21;
3 Ne 11:32.

13a 2 Kor 12:2–4.
14a K&S 76:114–116.
15a HDP Móse 1:11.
LR Ummyndun.

16 En svo bar við, að þeir hófu aftur helga þjónustu á yfirborði jarðar, en kenndu þó ekki þá hluti, sem þeir höfðu heyrt og séð, vegna þess boðorðs, sem þeim var gefið á himni.

17 En hvort þeir voru dauðlegir eða ódauðlegir eftir þennan ummyndunardag, veit ég ekki.

18 En svo mikið veit ég af þeirri frásögn, sem gefin hefur verið, að þeir ferðuðust um landið og veittu lýðnum helga þjónustu sína og tengdu alla þá kirkjunni, sem trúa vildu boðskap þeirra, og skírðu þá, en allir þeir, sem skírðir voru, meðtöku heilagan anda.

19 Og þeir, sem ekki tilheyrðu kirkjunni, létu varpa þeim í "fangelsi, en fangelsin héldu þeim ekki, því að þau klofnuðu í tvennt.

20 Og þeim var varpað í jörðu niður, en þeir lustu jörðina með orði Guðs, þannig að fyrir "kraft hans björguðust þeir úr djúpi jarðar. Því tókst ekki að grafa gryfjur er héldu þeim.

21 Og þrisvar var þeim varpað í "brennandi ofn, en hlutu ekki mein af.

22 Og tvisvar var þeim varpað í "villidýragryfju. En sjá. Þeir léku sér við dýrin eins og barn við ung-lamb, og þá sakaði ekki.

23 Og svo bar við, að þannig fóru þeir um meðal Nefíþjóðarinnar og boðuðu "fagnaðarerindi

Krists yfir öllum í landinu. Og fólkið snerist til trúar á Drottin og sameinaðist í kirkju Krists, og þannig var ^bþessi kynslóð blessuð í samræmi við orð Jesú.

24 Og nú lýk ég, Mormón, um stund máli mínu varðandi þetta.

25 Sjá. Ég var að því kominn að letra "nöfn þeirra, sem aldrei skyldu smakka dauðann, en Drottinn bannaði það. Þess vegna færi ég þau ekki í letur, því að þau eru hulin heiminum.

26 En sjá. Ég hef séð þá, og þeir hafa veitt mér helga þjónustu sína.

27 Og sjá. Þeir munu verða á meðal Þjóðanna, en Þjóðirnar þekkja þá ekki.

28 Þeir munu einnig verða á meðal Gyðinga, en Gyðingar munu ekki þekkja þá.

29 Og svo ber við, þegar Drottinn þóknast í visku sinni, að þeir munu þjóna öllum hinum "dreifðu kynkvíslum Ísraels og öllum þjóðum, kynkvíslum, tungum og lýð og leiða margar sálir þeirra til Jesú, til að ósk þeirra uppfyllist og einnig vegna sannfæringarkrafts Guðs, sem í þeim er.

30 Og þeir eru sem "englar Guðs, og biðji þeir föðurinn um það í nafni Jesú, þá geta þeir birst hvaða manni sem þeim hentar.

31 Þess vegna munu þeir vinna mikil og undursamleg verk, áður

19a Post 16:26;
Al 14:26–28.

20a Morm 8:24.

21a Dan 3:22–27;
4 Ne 1:32.

22a Dan 6:16–23;
4 Ne 1:33.

23a LR Fagnaðarerindi.
b 3 Ne 27:30–31.

25a 3 Ne 19:4.

29a LR Ísrael — Hinar tíu horfnu kynkvíslir Ísraels; Ísrael — Tvístrun Ísraels.
30a LR Englar.

en hinn „mikli dagur kemur, þegar allir verða vissulega að standa frammi fyrir dómstóli Krists —

32 Já, þeir munu jafnvel vinna „mikið og undursamlegt verk meðal Þjóðanna fyrir þennan dag dómsins.

33 Og ef þér hefðuð allar ritningarnar, sem segja frá öllum hinum undursamlegu verkum Krists, þá munduð þér vita í samræmi við orð Krists, að þetta hlýtur vissulega að eiga sér stað.

34 En vei sé þeim, sem „ekki vill hlýða orðum Jesú og orðum ^bþeirra, sem hann hefur útvalið og sent út meðal þeirra. Því að hver sá, sem ekki tekur á móti orðum Jesú og orðum þeirra, sem hann hefur sent, tekur ekki á móti honum. Og þess vegna mun hann ekki taka á móti þeim á efsta degi —

35 Og betra hefði þeim verið að hafa ekki fæðst. Því að teljið þér, að þér fáið umflúið réttvísi þess Guðs, sem misboðið hefur verið og „troðinn undir fótum manna; að hjálpræði fáiast á þann hátt?

36 Og sjá. Þegar ég talaði um þá, sem Drottinn hafði útvalið, já, einmitt hina þrjá, sem hrifnir voru til himna, þá vissi ég ekki, hvort þeir höfðu hreinsast af hinu dauðlega til hins ódauðlega —

37 En sjá. Síðan ég færði það í letur, hef ég spurt Drottin, og hann hefur opinberað mér, að

nauðsynlegt hafi verið, að breyting yrði á líkömum þeirra, ella yrðu þeir að smakka dauðann —

38 Þess vegna varð „breyting á líkömum þeirra, svo að þeir þyrftu ekki að smakka dauðann og líða þjáningar og sorg, nema vegna synda heimsins.

39 Þessi breyting er ekki sams konar og sú, sem verða mun á efsta degi. En breyting varð á þeim, þannig að Satan gat ekkert vald haft yfir þeim og gat ekki „freistað þeirra. Og þeir ^bhelguðust í holdinu og urðu „heilagir, og kraftar jarðar gátu ekki haldið þeim.

40 Og ástand þeirra helst þannig fram að dómsdegi Krists. En þann dag munu þeir verða fyrir enn stærri breytingu, og tekið verður á móti þeim í ríki föðurins, og þaðan fara þeir aldrei framár, heldur dvelja eilíflega með Guði á himnum.

29. KAPÍTULI

Tilkoma Mormónsbókar er tákna um að Drottinn sé farinn að safna saman Ísrael og uppfylla sáttmála sína — Þeir, sem hafna síðari daga opinberunum hans og gjöfum, munu fordæmdir. Um 34–35 e.Kr.

Og sjá. Nú segi ég yður, að þegar Drottinn þóknast í visku sinni, að þessi orð „berist Þjóðunum í samræmi við orð hans, þá megið þér

31a He 12:25;
3 Ne 26:4–5.
32a 2 Ne 25:17.
34a Et 4:8–12.

b LR Spámaður.
35a He 12:2.
38a LR Umbreyttar verur.
39a LR Freista, freisting.

b LR Lausn frá synd.
c LR Heilagleiki.
29 1a 2 Ne 30:3–8.

vita, að þegar er hafin uppfylling ^bsáttmálans, sem faðirinn hefur gjört við börn Ísraels um endur-reisn þeirra til erfðalands síns.

2 Og þér megið vita, að orð Drottins, sem heilagir spámenn hafa mælt, munu öll rætast. Og þér þurfið ekki að segja, að Drottinn “fresti komu sinni til barna Ísraels.

3 Og þér þurfið ekki að halda, að orð þau, sem töluð hafa verið, séu hégómi. Því að sjá. Drottinn minnst sáttmála síns, sem hann hefur gjört við þjóð sína af Ísraelsætt.

4 Og þegar þér sjáið þessi orð rætast á meðal yðar, þá þurfið þér eigi frammar að lítilsvirða verk Drottins, því að ^asverð ^bréttvísi hans er í hægri hendi hans. Og sjá. Ef þér lítilsvirðið verk hans þann dag, mun hann fljótlega láta það falla yfir yður.

5 “Vei sé þeim, sem ^blítilsvirðir verk Drottins. Já, vei sé þeim, sem ^aafneitar Kristi og verkum hans!

6 Já, “vei sé þeim, sem afneitar opinberunum Drottins og segir, að Drottinn starfi ekki lengur með opinberunum eða spádómum eða ^bgjöfum eða tungum eða lækningum eða með krafti heilags anda!

7 Já, vei sé þeim, sem þann dag segir í ^ahagnaðarskyni, að Jesús Kristur vinni ^bengin kraftaverk. Því að sá, sem slíkt gjörir, mun

verða eins og ‘glötunarsonurinn, sem enga miskunn hlaut, samkvæmt orði Krists!

8 Já, og þér þurfið ekki lengur að “hæða, ^blítilsvirða og spotta ‘Gyðinga, né heldur nokkurn af Ísraelsætt. Því að sjá. Drottinn minnst sáttmála síns við þá, og hann mun breyta gagnvart þeim eins og hann hefur heitið.

9 Þess vegna skuluð þér ekki ætla, að þér getið snúið hægri hendi Drottins til vinstri og varnað honum að fella dóm-inn til fullkomnunar sáttmálanum, sem hann hefur gjört við Ísraelsætt.

30. KAPÍTULI

Þjóðum síðari daga er boðið að iðrast, koma til Krists og teljast með Ísraelsætt. Um 34–35 e.Kr.

HLÝÐIÐ Á, Ó ÞÉR ÞJÓÐIR, og gefið gaum að orðum Jesú Krists, sonar hins lifanda Guðs, sem hann hefur “boðið mér að mæla varðandi yður. Því að sjá. Hann býður mér að færa í letur svohljóðandi:

2 Allar þér “Þjóðir. Snúið frá yðar illu vegum, og ^biðrist illverka yðar, lyga og blekkinga, hórdóms yðar og leyndrar viðurstygðar, hjáguðadýrkunar yðar og morða, prestaslægðar yðar og öfundar, eigingirni yðar og alls ranglætis og allrar viðurstygðar yðar, og

1b Morm 5:14, 20.

2a Lúk 12:45–48.

4a 3 Ne 20:20.

b LR Réttvísi.

5a 2 Ne 28:15–16.

b Morm 8:17;

Et 4:8–10.

c Matt 10:32–33.

6a Morm 9:7–11, 15.

b LR Gjafir andans.

7a LR Prestaslægð.

b 2 Ne 28:4–6;

Morm 9:15–26.

c LR Glötunarsynirnir.

8a 1 Ne 19:14.

b 2 Ne 29:4–5.

c LR Gyðingar.

30 1a 3 Ne 5:12–13.

2a LR Þjóðirnar.

b LR Iðrast, iðrun.

komið til mín og látið skírast í mínu nafni til að hljóta fyrirgefningu synda yðar og fyllast

heilögum anda, til þess að þér megíð ^cteljast með þjóð minni, sem er af Ísraelsætt.

FJÓRÐI NEFÍ BÓK NEFÍS

SEM ER SONUR NEFÍS — EINS LÆRISVEINA JESÚ KRISTS

Frásögn af Nefíþjóðinni samkvæmt heimildum hans.

Nefítar og Lamanítar snúast allir til trúar á Drottin — Þeir eiga allt sameiginlega, vinna kraftaverk og þeim vegnar vel í landinu — Eftir tvær aldir vaknar sundrung og illvirki, falskar kirkjur rísa og ofsóknir hefjast — Eftir þrjú hundruð ár eru bæði Nefítar og Lamanítar orðnir ranglátir — Ammaron felur hinar helgu heimildir. Um 35–321 e.Kr.

OG svo bar við, að þrítugasta og fjórða árið leið og einnig þrítugasta og fimmta. Og sjá. Lærisveinar Jesú höfðu stofnað kirkju Krists í öllum nærliggjandi löndum, og allir þeir, sem komu til þeirra og iðruðust einlæglega synda sinna, voru skírðir í nafni Jesú og meðtóku einnig heilagan anda.

2 Og svo bar við, að á þrítugasta og sjötta ári höfðu allir snúið til Drottins um gjörvallt landið, bæði Nefítar og Lamanítar, og engar deilur né óeining var meðal

þeirra, heldur breyttu allir réttlátlega hverjir við aðra.

3 Og ^aallt var sameign þeirra, og því var enginn ríkur eða fátækur, ánauðugur eða frjáls, heldur var fólkið allt frjálst og hluttakendur hinnar himnesku gjafar.

4 Og svo bar við, að þrítugasta og sjöunda árið leið einnig, og enn ríkti áframhaldandi friður í landinu.

5 Og lærisveinar Jesú unnu mikil og undursamleg verk, þannig að þeir ^alæknuðu sjúka, reistu upp dauða, veittu lömuðum mátt, blindum sýn og daufum heyrn, og alls kyns ^bkraftaverk unnu þeir meðal mannanna barna, en í engu unnu þeir kraftaverkin, nema í nafni Jesú.

6 Og þannig leið þrítugasta og áttunda árið og einnig þrítugasta og níunda, fertugasta og fyrsta og fertugasta og annað, já, allt þar til fjörutíu og níu ár voru liðin og

^{2c} Gal 3:27–29;
2 Ne 10:18–19;
3 Ne 16:10–13;
21:22–25; Abr 2:10.

[4 NEFÍ]
^{1 3a} Post 4:32;
3 Ne 26:19.
LR Helgun,

helgunarlögmál.
^{5a} LR Lækna, lækningar.
^b Jóh 14:12.
LR Kraftaverk.

einnig fimmtugasta og fyrsta og annað. Já, allt þar til fimmtíu og níu ár voru liðin.

7 Og Drottinn veitti þeim ríkulega gengi í landinu, Já, svo ríkulega, að þeir endurbyggðu borgir, sem brunnið höfðu.

8 Já, þeir létu jafnvel endurreisa hina miklu ^aborg Sarahemla.

9 En margar borgir höfðu ^asokkið, og vatn var þar í þeirra stað. Þess vegna var ekki unnt að endurreisa þær.

10 Og sjá. Nú bar svo við, að Nefíþjóðinni óx styrkur, og henni fjölgaði mjög ört, og fólkið varð ^afagurt og viðfelldið.

11 Og það kvæntist og giftist og var blessað í samræmi við hin mörgu fyrirheit, sem Drottinn hafði gefið því.

12 En það fylgdi ekki lengur ^asiðum og helgiathöfnum ^bMóselögmálsins, heldur fylgdi það boðorðum þeim, sem Drottinn og Guð þeirra hafði gefið því. Fólkið var staðfast í ^cföstu og bæn og kom oft saman, bæði til bæna og til að hlýða á orð Drottins.

13 Og svo bar við, að ekkert sundurlyndi var meðal fólksins um gjörvallt landið, en meðal lærisveina Jesú voru unnin máttug kraftaverk.

14 Og svo bar við, að sjötugasta og fyrsta árið leið og einnig

sjötugasta og annað, já, allt þar til sjötugasta og níunda árið var liðið. Já, jafnvel hundrað ár voru liðin, og lærisveinar Jesú, sem hann hafði útvalið, voru allir farnir til ^aparadísar Guðs, að undanskildum þeim ^bþremur, sem kyrrir skyldu vera. Og aðrir ^clærisveinar voru ^dvígðir í þeirra stað. Og margir af þeirri kynslóð voru einnig horfnir.

15 Og svo bar við, að ^aengar deilur voru í landinu vegna elsku Guðs, sem bjó í hjörtum fólksins.

16 Og ^aengin öfund var, né erjur, róstur, hórdómur, lygar, morð eða nokkurt ^blauslæti. Og vissulega gat ekki ^chamingjusamara fólk á meðal allra þeirra, sem Guð hafði skapað.

17 Engir ræningjar voru, né morðingjar, né voru þar Lamánítar eða yfirleitt nokkrir -ítar, heldur voru allir ^aeitt, börn Krists og erfingjar að Guðsríki.

18 Og hversu blessuð þau voru. Því að Drottinn blessaði öll verk þeirra. Já, þau voru blessuð, og þeim vegnaði vel, þar til eitt hundrað og tíu ár voru liðin. Og fyrsta kynslóðin eftir Krist var liðin undir lok, og engar deilur voru í öllu landinu.

19 Og svo bar við, að Nefí, sá er gætti seinustu heimildanna, (og hann færði þær á ^atöflur Nefís) andaðist, og sonur hans

8a 3 Ne 8:8.

9a 3 Ne 9:4, 7.

10a Morm 9:6.

12a 2 Ne 25:30;

3 Ne 15:2–8.

b LR Móselögmál.

c Moró 6:5;

K&S 88:76–77.

14a LR Paradís.

b 3 Ne 28:3–9.

LR Umbreyttar verur.

c LR Lærisveinn.

d LR Vígja, vígsla.

15a LR Friður.

16a LR Eining.

b LR Losti.

c Mósía 2:41;

Al 50:23.

LR Gleði.

17a Jón 17:21.

LR Síon.

19a LR Töflur.

Amos gætti þeirra í hans stað. Og hann færði þær einnig á töflur Nefís.

20 Og hann gætti þeirra í áttatíu og fjögur ár, og enn hélst friður í landinu, ef undan er skilinn smáhöpur fólks, sem hafði risið gegn kirkjunni og tekið sér nafn Lamaníta. Lamanítar urðu því aftur til í landinu.

21 Og svo bar við, að Amos andaðist einnig (og eitt hundrað níutíu og fjögur ár voru frá komu Krists) og sonur hans, Amos, gætti heimildanna í hans stað, og hann færði þær einnig á töflur Nefís. Og þær voru einnig ritaðar í bók Nefís, sem er þessi bók.

22 Og svo bar við, að tvö hundruð ár voru liðin, og önnur kynslóðin var einnig liðin undir lok, utan örfárra.

23 Og nú vil ég, Mormón, að þér vitið, að fólkinu fjölgaði svo, að það dreifðist um gjörvallt landið, og það varð mjög auðugt vegna velmegunar sinnar í Kristi.

24 Og á tvö hundraðasta og fyrsta ári tóku nokkrir á meðal þeirra að "hreykja sér hátt og skarta dýrindis klæðum og alls kyns dýrum perlum og dýrgripum heimsins.

25 Og eftir það voru fjármunir þeirra og eigur ekki lengur "sam-eiginleg eign þeirra.

26 Og þeir tóku að skiptast í stéttir og hófu að reisa "kirkjur í

eigin ^bhagnaðarskyni og afneita hinni sönnu kirkju Krists.

27 Og svo bar við, að þegar tvö hundruð og tíu ár voru liðin, voru margar kirkjur í landinu, já, margar kirkjur, sem sögðust þekja Krist, en "afneituðu samt mestum hluta fagnaðarerindis hans og leyfðu því alls kyns ranglæti og útdeildu því, sem heilagt var, til þess, sem óverðugur var og ^bekki mátti því meðtaka það.

28 Og sú "kirkja margfaldaðist hratt vegna misgjörða sinna og valds Satans, sem náði tökum á hjörtum þeirra.

29 Og auk þess var þar enn önnur kirkja, sem afneitaði Kristi. Og þeir "ofsóttu hina sönnu kirkju Krists sakir auðmýktar þeirra og trúar á Krist og þeir fyrirlitu þá og vegna hinna mörgu kraftaverka, sem unnin voru meðal þeirra.

30 Þess vegna beittu þeir valdi sínu og yfirráðum á lærisveinum Jesú, sem eftir voru hjá þeim, og vörpuðu þeim í "fangelsi, en fyrir kraft Guðs orðs, sem í þeim var, klofnuðu fangelsin í tvennt, og þeir gengu fram og unnu máttug kraftaverk meðal þeirra.

31 En þrátt fyrir öll þessi kraftaverk herti fólkið hjörtu sín og reyndi að drepa þá, já, eins og Gyðingarnir í Jerúsalem reyndu að drepa Jesú, samkvæmt orðum hans.

32 Og þeir vörpuðu þeim í "elds-ofna, en þá sakaði ekki.

24a LR Drambsemi.

25a 4 Ne 1:3.

26a 1 Ne 22:23;

2 Ne 28:3;

Morm 8:32–38.

b K&S 10:56.

LR Prestaslægð.

27a LR Fráhvarf.

b 3 Ne 18:28–29.

28a LR Djöfull — Kirkja

djöfulsins.

29a LR Ofsækja, ofsókn.

30a 3 Ne 28:19–20.

32a Dan 3:26–27;

3 Ne 28:21.

33 Og þeir vörpuðu þeim einnig í "villidýragryfjur, en þeir léku sér við villidýrin, já, eins og barn við lamb. Og þeir komu þaðan út, án þess að þá sakaði nokkuð.

34 Samt sem áður herti fólkið hjörtu sín, því að margir prestar og falsspámenn leiddu það til að byggja upp margar kirkjur og til alls kyns misgjörða. Og það "þjarmaði að fólki Jesú, en fólk Jesú galt ekki í sömu mynt. Og þannig hnignaði fólkinu í vantrú og ranglæti ár frá ári, já, þar til tvö hundruð og þrjátíu ár voru liðin.

35 Og nú bar svo við, að á þessu ári, já, á tvö hundruð þrítugasta og fyrsta ári, varð mikil sundrung meðal fólksins.

36 Og svo bar við, að á þessu ári risu upp þeir, sem kölluðu sig Nefíta og voru sannir fylgjendur Krists. En meðal þeirra voru þeir, sem Lamanítar kölluðu Jakobíta, Jósefíta og Sóramíta —

37 Þess vegna kölluðust sannir fylgjendur Krists og sannir tilbiðjendur Krists (þar á meðal hinir "þrír lærisveinar Jesú, sem verða skyldu eftir) Nefítar, Jakobítar, Jósefítar og Sóramítar.

38 Og svo bar við, að þeir, sem afneituðu fagnaðarerindinu, nefndust Lamanítar, Lemúelítar og Ísmaelítar. Og þeim hnignaði ekki í vantrú, heldur "risu þeir vísvitandi gegn fagnaðarerindi Krists, og þeir kenndu börnum sínum að trúa ekki, rétt eins og

feður þeirra frá upphafi, sem hnignað hafði í vantrú.

39 En þetta var vegna ranglætis og viðurstygðar feðra þeirra, já, eins og í upphafi. Og þeim var "kennt að fyrirlíta börn Guðs, rétt eins og Lamanítum var kennt að fyrirlíta börn Nefís allt frá upphafi.

40 Og svo bar við, að tvö hundruð fjörtíu og fjögur ár voru liðin, og þannig stóðu mál þjóðarinnar. Og hinum ranglátari hluta þjóðarinnar óx styrkur, og hann varð miklu fjölmennari en fólk Guðs.

41 Og þeir héldu áfram að byggja sér kirkjur og skreyta þær með alls kyns dýrmætum munum. Og þannig liðu tvö hundruð og fimmtíu ár, já, einnig tvö hundruð og sextíu ár.

42 Og svo bar við, að ranglátari hluti þjóðarinnar hóf á ný að stofna til leynieða og "samtaka Gadíantons.

43 Og þeir, sem nefndust Nefíþjóðin, tóku einnig að verða hrokafullir vegna mikilla auðæfa sinna, og þeir urðu hégómafullir eins og bræður þeirra Lamanítar.

44 Og eftir það tóku lærisveinarnir að hryggjast yfir "syndum heimsins.

45 Og svo bar við, að þegar þrjú hundruð ár voru liðin, voru bæði Nefítar og Lamanítar orðnir jafn ranglátir.

46 Og svo bar við, að Gadíant-onræningjarnir breiddust út um

33a 3 Ne 28:22.

34a 3 Ne 12:39;

K&S 98:23–27.

37a 3 Ne 28:6–7;

Morm 8:10–11.

38a LR Uppreisn.

39a Mósía 10:17.

42a LR Leynisamtök,

samsæri.

44a 3 Ne 28:9.

allt landið, og enginn var réttlátur utan lærisveinar Jesú. Og þeir söfnuðu gnægð gulls og silfurs og ráku alls kyns viðskipti.

47 Og svo bar við, að þegar þrjú hundruð og fimm ár voru liðin, (og ranglæti fólksins hélst) andaðist Amos, og bróðir hans Ammaron gætti heimildanna í hans stað.

48 Og svo bar við, að þegar þrjú hundruð og tuttugu ár voru

liðin, fól Ammaron, knúinn af andanum, hinar heilögu „heimildir — já, allar hinar heilögu heimildir, sem gengið höfðu mann fram af manni — já, þar til þrjú hundruð og tuttugu árum eftir komu Krists.

49 Og hann fól þær Drottni, svo að þær mættu aftur „berast leifum Jakobsættar í samræmi við spádóma og fyrirheit Drottins. Og þannig lýkur heimild Ammarons.

BÓK MORMÓNS

1. KAPÍTULI

Ammaron gefur Mormón leiðbeiningar varðandi hinar helgu heimildir — Stríð hefst milli Nefíta og Lamaníta — Nefítarnir þrír eru teknir burtu — Ranglæti, vantrú, seiðir og galdrar eru allsráðandi. Um 321–326 e.Kr.

OG nú færi ég, „Mormón, í ^bletur það, sem ég hef séð og heyrt og nefni það Bók Mormóns.

2 Og um sama leyti og „Ammaron fól heimildirnar Drottni, kom hann til mín, (ég var þá um 10 ára að aldri og var farinn að fá nokkra ^btilsögn í fræðum þjóðar minnar) og Ammaron sagði við mig: Ég sé, að þú ert skýr og árvakur drengur —

3 Þegar þú því verður um það bil tuttugu og fjögurra ára, vil ég, að þú hafir það hugfast, sem þú hefur séð og þessa þjóð varðar. Og þegar þú hefur náð þessum aldri, skalt þú fara til Antumlands, að hæð, sem nefnd verður „Síim. En þar hef ég geymt fyrir Drottin allar heilagar áletranir, er þessa þjóð varða.

4 Og sjá. Þú skalt taka „töflur Nefís, en hinar skalt þú skilja eftir, þar sem þær eru. Og þú skalt letra á töflur Nefís allt, sem þú hefur séð og varðar þessa þjóð.

5 Og ég, Mormón, sem var afkomandi „Nefís, (en nafn föður míns var Mormón), hafði það hugfast, sem Ammaron bauð mér.

6 Og svo bar við, að þegar ég

48a He 3:13, 15–16.

49a Enos 1:13.

[MORMÓN]

1 1a LR Mormón,

spámaður Nefíta.

b 3 Ne 5:11–18.

2a 4 Ne 1:47–49.

b Mósía 1:3–5.

3a Et 9:3.

4a OMorm 1:1, 11.

LR Töflur.

5a 3 Ne 5:12, 20.

var ellefu ára, fór faðir minn með mig til landsins í suðri, allt til Sarahemlalsands.

7 Allt landið var orðið þakið byggingum, og fólksfjöldinn var næstum jafn mikill og sandkorn á sjávarströnd.

8 Og svo bar við, að á því ári hófst styrjöld meðal Nefíta, en þeir voru Nefítar, Jakobítar, Jósefítar og Sóramítar. Og þessi styrjöld var milli Nefíta annars vegar og Lamaníta, Lemúelíta og Ísmaelíta hins vegar.

9 En Lamanítar, Lemúelítar og Ísmaelítar nefndust Lamanítar og liðin tvö voru því Nefítar og Lamanítar.

10 Og svo bar við, að styrjöld hófst á milli þeirra við landamæri Sarahemla, hjá Sídonsvötnum.

11 Og svo bar við, að Nefítar höfðu safnað saman miklum fjölda manna, eða rúmlega þrjátíu þúsundum. Og svo bar við, að á þessu sama ári háðu þeir fjölda orrusta, þar sem Nefítar sigruðu Lamaníta og urðu mörgum þeirra að bana.

12 Og svo bar við, að Lamanítar létu af áformum sínum, og friður komst á í landinu. Og friður hélst í um það bil fjögur ár, og engar blóðsúthellingar urðu.

13 En svo mikið ranglæti ríkti í öllu landinu, að Drottinn tók burtu sína "elskuðu lærisveina, og fyrir kraftaverk og lækningar tók, vegna misgjörða þjóðarinnar.

14 Og "gjafir Drottins þekktust ekki, og ^bheilagur andi kom ekki yfir neinn sakir ranglætis þeirra og ^cvantrúar.

15 Og ég var fimmtán ára að aldri og nokkuð alvörugefinn. Þess vegna vitjaði Drottinn mín, og ég fann og kynntist gæsku Jesú.

16 Og ég gjörði tilraun til að prédika fyrir þessari þjóð, en munnur mínum var lokað, og mér var bannað að prédika fyrir þeim. Því að sjá. Þeir höfðu af ráðnum huga "risið gegn Guði sínum. Og hinir elskuðu lærisveinar voru ^bteknir úr landinu vegna misgjörða þeirra.

17 En ég hélt kyrru fyrir hjá þeim, en vegna harðúðar þeirra var mér bannað að prédika fyrir þeim. Og vegna forherðingarinnar í hjörtum þeirra var landið "bölvað fyrir þeirra sakir.

18 Og Gadíantonræningjarnir, sem á meðal Lamaníta voru, herjuðu svo á landið, að íbúar þess tóku að fela "fjárjóði sína í jörðu, en þeir reyndust hverfulir, vegna þess að Drottinn hafði lagt bölvun á landið, svo að fólk þetta fékk hvorki haldið þeim né fundið þá aftur.

19 Og svo bar við, að seiðar, galdrar og töfrar voru upp teknir og kraftur hins illa var að verki í gjörvöllu landinu, svo að jafnvel öll orð Abinadís og Lamanítans Samúels rættust.

13a 3 Ne 28:2, 12.

14a Moró 10:8–18, 24.

b LR Heilagur andi.

c LR Vantrú.

16a LR Upppreisn.

b Morm 8:10.

17a 2 Ne 1:7;

Al 45:10–14, 16.

18a He 13:18–20; Et 14:1–2.

2. KAPÍTULI

Mormón leiðir Nefítaherina — Blóðbað og manndráp um allt land — Nefítar trega og syrgja en hryggð þeirra er hryggð hinna for-dæmdu — Náðardagur þeirra er liðinn — Mormón fær töflur Nefís — Áframhaldandi styrjaldir. Um 327–350 e.Kr.

Og svo bar við, að sama ár hófst styrjöld milli Nefíta og Lamaníta á ný. Og þótt ég væri ungur, var ég mikill vexti, og tilnefndu Nefítar mig því sem leiðtoga sinn eða fyrirliða herja sinna.

2 Þess vegna bar svo við, að á sextánda ári mínu fór ég í fararbroddi Nefítahers gegn Lamanítum, og því voru þrjú hundruð tuttugu og sex ár liðin.

3 Og svo bar við, að á þrjú hundruð tuttugasta og sjöunda ári réðust Lamanítar gegn okkur af slíkum krafti, að herir mínir urðu slegnir ótta og vildu ekki berjast. Og þeir tóku að hörfa undan í átt til landanna í norðri.

4 Og svo bar við, að við komum að borginni Angóla og hertókum hana og þuggum okkur undir að verjast Lamanítum. Og svo bar við, að við víggirtum borgina eftir bestu getu, en þrátt fyrir varnir okkar komust Lamanítar að okkur og hröktu okkur úr borginni.

5 Og þeir hröktu okkur einnig úr landi Davíðs.

6 Og við héldum áfram og komum til Jósúalands, sem var í vestri við sjávarströndina.

7 Og svo bar við, að við söfnuðum fólki okkar saman eins fljótt og mögulegt var til að sameina það í eitt lið.

8 En sjá. Landið var fullt af ræningjum og Lamanítum. En þrátt fyrir þá miklu tortímingu, sem vofði yfir fólki mínu, iðraðist það ekki illverka sinna. Þess vegna urðu manndráp og blóðbað um allt landið, bæði meðal Nefíta og Lamaníta, og allsherjar uppreisn var um gjörvallt landið.

9 En konungur Lamaníta hét Aron, og réðst hann gegn okkur með fjörutíu og fjögur þúsund manna her. Og sjá. Ég varðist honum með fjörutíu og tvö þúsund. Og svo bar við, að ég hafði betur með her mínum, og hann hörfaði undan mér. Og sjá. Allt þetta gjörðist, en þrjú hundruð og þrjátíu ár voru liðin.

10 Og svo bar við, að Nefítar tóku að iðrast misgjörða sinna og hófu kveinstafi mikla eins og spámaðurinn Samúel hafði spáð. Því að sjá. Enginn maður var óhultur um eigur sínar vegna þjófa, ræningja, morðingja, galdra og kukls, sem í landinu var.

11 Þannig hófst grátur og harmkvein í öllu landinu vegna þessa, einkum þó meðal Nefíþjóðarinnar.

12 Og svo bar við, að þegar ég, Mormón, sá harm þeirra og hryggð og heyrði kveinstafi þeirra frammi fyrir Drottni, gladdist ég í hjarta mínu, því að ég þekkti miskunn og umburðarlyndi Drottins og trúði þess vegna, að hann

yrði þeim miskunnsamur og þeir yrðu aftur að réttlátri þjóð.

13 En sjá. Þessi gleði mín var skammvinn, því að ^ahryggð þeirra stefndi ekki að iðrun fyrir gæsku Guðs, heldur var hún frekar hryggð hinna ^bfordæmdu yfir því, að Drottinn unni þeim ekki alltaf ^chamingju í synd.

14 Og þeir komu ekki til Jesú ^asundurkrmdir í hjarta og sáriðrandi í anda, heldur ^bformæltu þeir Guði og óskuðu sér dauða. Þó börðust þeir með sverði fyrir lífi sínu.

15 Og svo bar við, að hryggðin greip mig aftur, og ég sá, að ^adagur ^bnáðarinnar ^cvar genginn fram hjá þeim, bæði stundlega og andlega, því að ég sá þúsundir þeirra höggnað niður í opinni uppreisn gegn Guði sínum og hrúgast upp sem skarn á landinu. Og þrjú hundruð fjörotíu og fjögur ár voru liðin.

16 Og svo bar við, að á þrjú hundruð fertugasta og fimmta ári tóku Nefítar að hörfa undan Lamanítum og þeim var veitt eftirför, allt þar til þeir komu að Jasonslandi, en fyrr var ekki unnt að stöðva þá á flóttanum.

17 Og bærinn Jason var í grennd við það ^aland, þar sem Ammaron hafði falið Drottni heimildirnar til að forða þeim frá tortímingu. Og sjá. Ég hafði farið að orðum Ammarons og tekið töflur Nefís og ritað heimildaskrá að boði Ammarons.

18 Og á töflur Nefís skráði ég fulla frásögn af ranglætinu og viðurstyggðinni, en á þessar ^atöflur forðaðist ég að skrá fulla frásögn af ranglæti þeirra og viðurstyggð. Því að sjá. Stöðug mynd ranglætis og viðurstyggðar hefur blasað við augum mínum, allt frá því ég varð fær um að skynja háttu mannsins.

19 Og vei sé mér vegna ranglætis þeirra, því að alla mína ævi hefur hjarta mitt verið þrungid af hryggð vegna ranglætis þeirra. Þó veit ég, að mér mun ^alyft upp á efsta degi.

20 Og svo bar við, að þetta ár var Nefiþjóðin enn hundelt og hrakin. Og svo bar við, að við vorum hrakin áfram, þar til við komum norður til lands, sem nefndist Sem.

21 Og svo bar við, að við vígirtum borgina Sem og söfnuðum saman þjóð okkar eftir bestu getu, ef verða mætti, að við gætum bjargað henni frá tortímingu.

22 Og svo bar við, að á þrjú hundruð fertugasta og sjötta ári tóku þeir enn að sækja að okkur.

23 Og svo bar við, að ég talaði til manna minna með miklum krafti og hvatti þá til að standa vasklega gegn Lamanítum og ^aberjast fyrir eiginkonum sínum, börnum, húsum og heimilum.

24 Og orð mín vöktu þá nokkuð til dáða, svo að þeir flúðu ekki

2 13a 2 Kor 7:10;

Al 42:29.

b LR Fordæming.

c Al 41:10.

14a LR Sundurkramið

hjarta.

b LR Guðlasta, guðlast.

15a He 13:38.

b LR Náð.

c Jer 8:20; K&S 56:16.

17a Morm 1:1–4.

18a LR Töflur.

19a Mósia 23:22; Et 4:19.

23a Mósia 20:11;

Al 43:45.

undan Lamanítum, heldur veittu þeim djarflega viðnám.

25 Og svo bar við, að við börðumst með þrjátíu þúsund manna her gegn fimmtíu þúsund manna her. Og svo bar við, að við veittum þeim svo vasklegt viðnám, að þeir flúðu undan okkur.

26 Og svo bar við, að þegar þeir flúðu, veittu herir okkar þeim eftirför og mættu þeim aftur og sigruðu þá. Þó var styrkur Drottins ekki með okkur. Nei, við urðum að standa einir, og andi Drottins var ekki í okkur, og því urðum við jafn máttvana og bræður okkar.

27 Og ég hryggðist í hjarta mínu yfir þessum miklu hörmungum þjóðar minnar vegna ranglætis þeirra og viðurstygðar. En sjá. Við réðumst gegn Lamanítum og ræningjum Gadíantons, þar til við höfðum aftur náð haldi á erfðalöndum okkar.

28 Og þrjú hundruð fjörutíu og níu ár voru liðin. Og á þrjú hundruð og fimmtugasta ári gjörðum við samning við Lamaníta og ræningja Gadíantons um skiptinguna á erfðalandi okkar.

29 Og Lamanítar létu okkur eftir landið í norðri, já, allt að mjóa eiðinu til landsins í suðri, en við létum Lamanítum eftir allt landið í suðri.

3. KAPÍTULI

Mormón kallar Nefíta til iðrunar — Þeir vinna mikinn sigur og miklast yfir eigin styrk — Mormón neitar að vera herforingi þeirra og bænir hans

fyrir þeim eru án trúar — Mormónsbók býður hinum tólf ættkvíslum Ísraels að trúna fagnaðarerindinu. Um 360–362 e.Kr.

Og svo bar við, að Lamanítar lögðu ekki aftur til orrustu fyrr en að tíu árum liðnum. Og sjá, ég hafði látið þjóð mína, Nefíta, búa land sitt og vopn sín undir bardagann.

2 Og svo bar við, að Drottinn mælti til mín: Hrópa þú til þessarar þjóðar — Iðrist og komið til mín, látið skírast, reisið aftur upp kirkju mína og yður mun hlíft.

3 Og ég hrópaði til þjóðarinnar, en árangurslaust. Menn gjörðu sér ekki ljóst, að það var Drottinn, sem hafði hlíft þeim og veitt þeim tækifæri til iðrunar. Og sjá, þeir hertu hjörtu sín gegn Drottni Guði sínum.

4 Og svo bar við, að að þessum tíu árum liðnum, en þá voru alls þrjú hundruð og sextíu ár frá komu Kristis, sendi konungur Lamaníta mér bréf, sem gaf mér til kynna, að þeir væru að búa sig undir bardaga gegn okkur.

5 Og svo bar við, að ég lét allt fólk mitt safnast saman í landinu Auðninni við borg, sem var á landamærunum við mjóa eiðið, sem lá til landsins í suðri.

6 Og þar staðsettum við heri okkar til að stöðva heri Lamaníta og varna þeim að ná undir sig nokkru landa okkar. Þess vegna vígbjuggumst við gegn þeim af öllum okkar mætti.

7 Og svo bar við, að á þrjú hundruð sextugasta og fyrsta ári komu Lamanítar til borgar Auðnarinnar til að berjast gegn okkur. Og svo bar við, að þetta ár sigruðum við þá, svo að þeir sneru aftur til sinna eigin landa.

8 Og á þrjú hundruð sextugasta og öðru ári komu þeir enn til orrustu. Og við sigruðum þá aftur og drápum mikinn fjölda þeirra, en hinum dauðu var varpað á haf út.

9 Og vegna afreka sinna tók þjóð mín, Nefítar, að "guma af eigin styrk, og þeir sóru við himnana, að þeir skyldu sjálfir hefna bræðra sinna, sem óvinir þeirra höfðu drepíð.

10 Og þeir sóru við himnana og einnig við háseti Guðs, að þeir "mundu ganga til orrustu gegn óvinum sínum og útrýma þeim í landinu.

11 Og svo bar við, að ég, Mormón, neitaði algjörlega þaðan í frá að vera herforingi og leiðtogi þeirra vegna ranglætis þeirra og viðurstyggðar.

12 Sjá, ég hafði leitt þá, þrátt fyrir ranglæti þeirra. Ég hafði leitt þá þá mörgum sinnum í orrustum, og ég hafði unnað þeim af öllu mínu hjarta, í samræmi við þá "elsku Guðs, sem í mér bjó. Og sál mína hafði ég opnað alla daga í bæn til Guðs míns fyrir þeim, en þó ^bán trúar vegna forherðingar þeirra.

13 Og þrisvar sinnum hef ég

bjargað þeim frá óvinum sínum, en þeir hafa ekki iðrast synda sinna.

14 Og þegar þeir höfðu svarið við allt það, sem Drottinn vor og frelsari Jesús Kristur hafði "bannað þeim, að ganga til orrustu gegn óvinum sínum og hefna sjálfir bræðra sinna, sjá, þá barst mér rödd Drottins er sagði:

15 Mitt er að "hefna, og ég mun ^bendurgjalda. Og þar eð þetta fólk iðrast ekki, eftir að ég hef bjargað því, sjá, þá mun því útrýmt af yfirborði jarðar.

16 Og svo bar við, að ég neitaði algjörlega að ganga til orrustu gegn óvinum mínum, heldur gjörði ég það, sem Drottinn hafði boðið mér. Og ég stóð hjá sem vitni til að opinbera heiminum það, sem ég sá og heyrði samkvæmt opinberun andans, sem vitnað hafði um það, sem koma skyldi.

17 Þess vegna skrifa ég "til yðar, Þjóðanna, og einnig til yðar, Ísraelsætt, svo að þér búíð yður undir að snúa aftur til erfðalands yðar, þegar verkið skal hefjast —

18 Já, sjá. Ég skrifa til allra heimshluta. Já, til yðar, þér tólf ættkvíslir Ísraels, en hinir tólf, er Jesús útvaldi sem lærisveina sína í landi Jerúsalem, munu "dæma yður af verkum yðar.

19 Og ég rita einnig til leifa þessarar þjóðar, sem hinir "tólf,

3 9a 2 Ne 4:34.
10a 3 Ne 3:20–21;
Morm 4:4.
12a LR Elska, ást.
b Morm 5:2.

14a 3 Ne 12:34–37.
15a LR Hefnd.
b K&S 82:23.
17a 2 Ne 30:3–8;
3 Ne 29:1.

18a Matt 19:28;
Lúk 22:29–30;
K&S 29:12.
19a 1 Ne 12:9–10.

er Jesús útvaldi í þessu landi, munu einnig dæma. Og þeir skulu dæmdir af hinum tólf, sem Jesús útvaldi í landi Jerúsalem.

20 Og þetta opinberar andinn mér. Þess vegna skrifa ég til yðar allra. Og í þeim tilgangi skrifa ég til yðar, að þér megið vita, að þér verðið öll að standa frammi fyrir “dómstóli Krists, já, hver sála, sem tilheyrir gjörvallri ^bmannkynsfjölskyldu Adams. Og þér verðið dæmdir af verkum yðar, hvort sem þau eru góð eða ill —

21 Og einnig, til að þér megið “trúa fagnaðarerindi Jesú Krists, sem þér munuð hafa meðal yðar. Einnig til að ^bGyðingar, sáttmálslýður Drottins, hafi annað “vitni, auk hans, sem þeir sáu og heyrðu, um að Jesús, sem þeir deyddu, var “sjálfur Kristur og sjálfur Guð.

22 Og ég vildi, að ég gæti fengið yður um “gjörvalla jörðina til að iðrast og búa yður undir að standa frammi fyrir dómstóli Krists.

4. KAPÍTULI

Áframhaldandi styrjaldir og manndráp — Hinir ranglátu refsar hinum ranglátu — Meira ranglæti ríkir en nokkru sinni fyrr í öllum Ísrael — Konur og börn færð skurðgoðum að fórn — Lamanítar taka að sópa Nefítum burt. 363–375 e.Kr.

Og nú bar svo við, að á þrjú hundruð sextugasta og þriðja

ári gengu Nefítar til orrustu gegn Lamanítum frá landi Auðnarinnar.

2 Og svo bar við, að herir Nefíta voru reknir aftur til Auðnarinnar. Og meðan þeir voru enn þreyttir, réðst óþreyttur her Lamaníta gegn þeim. Þeir áttu svo mjög í vök að verjast, að Lamanítar náðu haldi á borginni Auðn, drápu marga Nefíta og tóku fjölda til fanga.

3 En þeir, sem eftir voru, flúðu og sameinuðust íbúum borgarinnar Teankúm. Borgin Teankúm lá við sjávarströndina og var einnig nærri borginni Auðn.

4 En Nefítum tók að veita verr, “vegna þess að þeir réðust gegn Lamanítum. Hefði svo ekki verið, hefðu Lamanítar ekki náð valdi yfir þeim.

5 En sjá. Dómar Guðs falla yfir hina ranglátu, og með hinum ranglátu er hinum ranglátu “refsað. Því að það eru hinir ranglátu, sem eggja mannanna börn til blóðsúthellinga.

6 Og svo bar við, að Lamanítar bjuggu sig undir að ráðast á borgina Teankúm.

7 Og svo bar við, að á þrjú hundruð sextugasta og fjórða ári réðust Lamanítar á borgina Teankúm til að leggja hana einnig undir sig.

8 Og svo bar við, að Nefítar hröktu þá til baka. Og þegar Nefítar sáu, að þeim hafði tekist að reka Lamaníta til baka, tóku þeir

20a LR Lokadómur.
b K&S 27:11.
21a K&S 3:20.

b LR Gyðingar.
c 2 Ne 25:18.
d 2 Ne 26:12; Mósía 7:27.

22a Al 29:1.
4a Morm 3:10.
5a K&S 63:33.

enn á ný að guma af eigin styrk og réðust fram af eigin mætti og endurheimtu borgina Auðn.

9 Og allt þetta gjörðist, og þúsundir voru drepnar bæði úr liði Nefíta og Lamaníta.

10 Og svo bar við, að þrjú hundruð sextíu og sex ár voru liðin, og Lamanítar háðu enn orrustu við Nefíta, en þó iðruðust Nefítar ekki illverka sinna, heldur héldu stöðugt fast við ranglæti sitt.

11 Og ógjörningur er að lýsa gjörla, hvorki í ræðu né riti, því hræðilega blóðbaði, sem varð meðal þjóðanna, bæði Nefíta og Lamaníta. Og hvert hjarta forhertist, og þeir nutu þess að úthella blóði án afláts.

12 Og aldrei fyrr hafði ríkt jafn mikið "ranglæti meðal barna Lehís, eða jafnvel meðal allrar Ísraelsættar, samkvæmt orðum Drottins, og var meðal þessa lýðs.

13 Og svo bar við, að Lamanítar lögðu undir sig borgina Auðn, vegna þess að þeir voru "fjölmennari en Nefítar.

14 Og þeir réðust einnig gegn borginni Teankúm og hröktu íbúa hennar úr henni og tóku marga fanga, bæði konur og börn, og færðu "skurðgoðum sínum að fórn.

15 Og svo bar við, að á þrjú hundruð sextugasta og sjöunda ári réðust Nefítar af mikilli heift gegn Lamanítum, vegna þess að þeir höfðu fórnað konum þeirra og börnum, og þeir sigruðu Lamaníta að nýju og hröktu þá úr löndum sínum.

16 Og Lamanítar réðust ekki aftur gegn Nefítum fyrr en á þrjú hundruð sjötugasta og fimmta ári.

17 Og á þessu ári réðust þeir gegn Nefítum af öllum mætti sínum, og ekki varð kastað á þá tölu, vegna þess hve fjölmennir þeir voru.

18 Og "frá þeim tíma höfðu Nefítar ekkert vald yfir Lamanítum, heldur þurrkuðust þeir út af þeirra völdum eins og döggr fyrir sólu.

19 Og svo bar við, að Lamanítar réðust á borgina Auðn, og mjög hörð orrusta var háð í landi Auðnarinnar, þar sem þeir unnu sigur á Nefítum.

20 Og enn flúðu þeir undan þeim og komu til borgarinnar Bóas, og þar vörðust þeir Lamanítum af svo mikilli hreysti, að Lamanítar sigruðu þá ekki fyrr en þeir komu aftur í annað sinn.

21 Og þegar þeir komu öðru sinni voru Nefítar hraktir burtu og felldir í miklu mannfalli, og konum þeirra og börnum var enn fórnað skurðgoðunum.

22 Og svo bar við, að Nefítar flúðu enn undan þeim og tóku alla íbúana með sér bæði úr bæjum og þorpum.

23 Og þar sem ég, Mormón, sá nú, að Lamanítar voru að því komnir að leggja undir sig landið, fór ég til "Símhæðarinnar og tók allar heimildirnar, sem Ammaron hafði falið Drottni.

12a 1 Mós 6:5;
3 Ne 9:9.

13a Morm 5:6.
14a LR Falsguðadýrkun.

18a Morm 3:3.
23a Morm 1:3.

5. KAPÍTULI

Mormón leiðir Nefítaherina á ný í blóðugum orrustum — Mormónsbók mun birtast til að sannfæra allan Ísrael um að Jesús er Kristur — Vegna vantrúar sinnar mun Lamanítum dreift og andinn mun hætta að takast á við þá — Þeir munu hljóta fagnaðarerið frá Þjóðunum á síðari dögum. Um 375–384 e.Kr.

Og svo bar við, að ég fór meðal Nefíta og iðraðist þess “eiðs, sem ég hafði svarið, að veita þeim ekki framar liðsinni, og þeir fólu mér aftur stjórn herja sinna, því að þeir töldu mig geta bjargað sér úr þrengingum sínum.

2 En sjá. Ég hafði “enga von, því að mér var kunnugt um dóma Drottins, sem yfir þá skyldu falla, því að þeir iðruðust ekki misgjörða sinna, heldur börðust fyrir lífi sínu án þess að ákalla þann, sem hafði skapað þá.

3 Og svo bar við, að Lamanítar réðust gegn okkur, þegar við flúðum til Jórdanborgar. En sjá. Þeir voru gjörðir afturreka og gátu ekki náð borginni í það skipti.

4 Og svo bar við, að enn réðust þeir gegn okkur, en við héldum borginni. Og Nefítar héldu einnig öðrum borgum, og þessi sterku vígi vörnuðu Lamanítum að komast inn í landið framan við okkur og tortíma íbúum lands okkar.

5 Og svo bar við, að Lamanítar eyddu öll þau lönd, sem við fórum

yfir og þar sem íbúarnir söfnuðust ekki í okkar hóp, og bæir þeirra, þorp og borgir voru brennd með eldi. Og þrjú hundruð sjötíu og níu ár voru liðin.

6 Og svo bar við, að á þrjú hundruð og áttugasta ári háðu Lamanítar orrustu við okkur, en við vörðumst þeim hraustlega, en allt var það til einskis, því að svo fjölmennir voru þeir, að þeir tróðu Nefíta undir fótum sér.

7 Og svo bar við, að við lögðum enn á flóttu, og þeim, sem fóru hraðar en Lamanítar, tókst að komast undan, en þeim, sem fóru hægar á flóttu sínum en Lamanítar, var sópað burt og tortímt.

8 En sjá. Mig, Mormón, langar ekki til að hrella sálir manna með því að skýra frá því hræðilega blóðbaði, sem blasti við augum mínum. En þar sem ég veit, að þetta hlýtur vissulega að verða kunnugt og að allt, sem hulið er, verður gjört “heyrinkunnugt af húspökunum —

9 Og einnig, að leifar þessa fólks hljóta að “fá vitneskju um þetta og einnig Þjóðirnar, sem Drottinn hefur sagt að “tvístra mundu þessu fólki og líta á það sem einskis nýtt — þess vegna gef ég ‘stuttan útdrátt, en voga mér ekki að gefa fulla frásögn af því, sem ég hef séð, vegna þess boðs, sem ég hef fengið, og einnig til að þér fyllist ekki of mikilli hryggð vegna ranglætis þessa fólks.

5 1a Morm 3:11.
2a Morm 3:12.
8a Lúk 12:2–3;

2 Ne 27:11;
K&S 1:3.
9a 4 Ne 1:49.

b 3 Ne 16:8.
c Morm 1:1.

10 Og sjá. Ég mæli þetta til niðja þeirra og einnig til Þjóðanna, sem láta sér annt um Ísraelsætt og gjöra sér ljóst, hvaðan blessanir þeirra koma.

11 Því að ég veit, að slíkir munu hryggjast yfir hörmungum Ísraelsættar. Já, þeir munu hryggjast yfir tortímingu þessarar Þjóðar. Þeir munu hryggjast yfir því, að þessi Þjóð skyldi ekki iðrast og finna arma Jesú umlykja sig.

12 „Þetta er ritað fyrir ^bleifar Jakobsættar. Og það er ritað á þennan hátt, vegna þess að Guð veit, að ranglætið mun ekki færa þeim þetta. Og þetta skal ^cfalið Drottni, svo að það komi fram þegar honum hentar.

13 Og þetta er það boð, sem ég hef fengið. Og sjá, þetta skal birt samkvæmt boði Drottins, þegar honum í visku sinni þóknast það.

14 Og sjá. Það mun berast hinum vantrúuðu ^aGyðingum. Og í þeim tilgangi skal það birt — að það megi ^bsýna þeim, að Jesús er Kristur, sonur hins lifanda Guðs, og að faðirinn, með sínum heitt elskaða, komi til leiðar hinu mikla og eilífa áformi sínu, að endur-reisa Gyðinga eða alla Ísraelsætt til erfðalands síns, sem Drottinn Guð þeirra hefur gefið þeim til uppfyllingar ^csáttmála sínum —

15 Og einnig til þess að niðjar ^aþessarar Þjóðar megi enn betur trúa fagnaðarerindi hans, sem ^bberast mun þeim frá Þjóðunum, því að þessari Þjóð mun ^ctvístrað, og hún mun ^averða að dökku, óhreinu og viðurstygglegu fólki í ríkara mæli en nokkru sinni hefur verið meðal okkar, já, jafnvel á meðal Lamaníta, og það vegna trúleysis síns og skurðgoðadýrkunar.

16 Því að sjá. Andi Drottins hefur þegar hætt að ^atakast á við feður þeirra, og þeir eru án Krists og Guðs í heiminum. Og þeir feykjast um eins og ^bstrá fyrir vindi.

17 Eitt sinn var þetta viðfellið fólk, sem hafði Krist að ^ahirði sínum.

Já, sjálfur Guð faðirinn, leiddi það.

18 En sjá. Nú ^aleiðir Satan það. Já, það hrekst eins og strá undan vindi eða eins og skip á öldum úti, án segls eða akkeris eða án nokkurs stýribúnaðar. Já, einmitt þannig er ástand þeirra.

19 Og sjá. Þá blessun, sem þeir gætu hafa hlotið á þessari grund, geymir Guð ^aÞjóðunum, sem eignast munu þetta land.

20 En sjá. Svo mun bera við, að Þjóðirnar hrekja þá og tvístra þeim. Og er Þjóðirnar hafa hrakið þá og tvístrað þeim, sjá, þá mun Drottinn ^aminnst ^bsáttmálans,

12a Enos 1:16;
He 15:11–13.
LR Mormónsbók.
b K&S 3:16–20.
c Morm 8:4, 13–14;
Moró 10:1–2.
14a 2 Ne 29:13; 30:7–8.
LR Gyðingar.

b 2 Ne 25:16–17.
c 3 Ne 29:1–3.
15a 3 Ne 21:3–7, 24–26.
b 1 Ne 13:20–29, 38;
Morm 7:8–9.
c 1 Ne 10:12–14;
3 Ne 16:8.
d 2 Ne 26:33.

16a 1 Mós 6:3;
Et 2:15.
b Sálm 1:4.
17a LR Góði hirðirinn.
18a 2 Ne 28:21.
19a 3 Ne 20:27–28.
20a 3 Ne 16:8–12.
b LR Sáttmáli Abrahams.

sem hann gjörði við Abraham og alla Ísraelsætt.

21 Og einnig mun Drottinn minnst ^aþæna hinna réttlátu, sem honum hafa borist fyrir þeim.

22 Og þá, ó, þér Þjóðir, hvernig getið þér staðið frammi fyrir krafti Guðs án þess að iðrast og snúa frá illsku yðar?

23 Vitið þér ei, að þér eruð í hendi Guðs? Vitið þér ei, að hann hefur allt vald, og að hans mikla ^aboði mun jörðin ^bvefjast saman sem bókfell?

24 Iðrist þess vegna og auðmýkið yður fyrir honum, svo að hann komi ekki í réttvísi gegn yður — svo að leifar Jakobsættar komi ekki á meðal yðar eins og ^aljón og rífi yður í sundur og enginn verði til bjargar.

6. KAPÍTULI

Nefítar safnast saman til lokabardaga í landi Kúmóra — Mormón felur helgu heimildirnar í Kúmórahæðinni — Lamanítar sigra og Nefíþjóðinni er tortímt — Hundruð þúsunda drepnir með sverði. Um 385 e.Kr.

Og nú lýk ég frásögn minni af ^atortímingu þjóðar minnar, Nefíta. Og svo bar við, að við héldum áfram undan Lamanítum.

2 Og ég, Mormón, reit bréf til konungs Lamaníta og bað hann leyfis um að fá að safna saman þjóð okkar í ^alandinu

Kúmóra, við hæð, sem nefnd var Kúmóra, og þar gætum við barist við þá.

3 Og svo bar við, að konungur Lamaníta veitti mér það, sem ég bað um.

4 Og svo bar við, að við héldum til Kúmóralands og reistum tjöld okkar umhverfis hæðina Kúmóra. Og þetta land var ríkt að vötnum, fljótum og uppsprettum. En hér vonuðumst við til að ná yfirhöndinni yfir Lamanítum.

5 Og þegar þrjú hundruð áttatíu og fjögur ár voru liðin, höfðum við safnað saman í Kúmóralandi öllum þeim, sem eftir voru af þjóð okkar.

6 Og svo bar við, að þegar við höfðum safnað allri þjóð okkar saman í Kúmóralandi, sjá, var ég, Mormón, farinn að eldast. Og þar sem ég vissi, að þetta var lokabarátta þjóðar minnar og Drottinn hafði boðið mér að láta ekki heimildir þær, sem heilagar voru og feður okkar höfðu afhent mann fram of manni, falla í hendur Lamanítum (því að Lamanítarnir mundu tortíma þeim), já, þess vegna skráði ég ^aþessa heimild af töflum Nefís og ^bfól allar þær heimildir, sem Drottinn hafði trúað mér fyrir, í hæðinni Kúmóra, að undanskildum ^cþeim fáu töflum, sem ég afhenti syni mínum, ^dMoróní.

7 Og svo bar við, að menn mínir ásamt konum sínum og börnum

21 ^a Enos 1:12–18;
Morm 9:36–37.

23 ^a He 12:8–17.

^b 3 Ne 26:3.

24 ^a Míka 5:8;

3 Ne 20:15–16.

6 1 ^a 1 Ne 12:19;

Jar 1:10;

Al 45:9–14;

He 13:5–11.

2 ^a Et 9:3.

6 ^a LR Töflur.

^b Et 15:11.

^c OMorm 1:2.

^d Morm 8:1.

sáu nú “heri Lamaníta koma í átt til sín, og með þeim hræðilega ótta við dauðann, sem fyllir hjörtu hinna ranglátu, biðu þeir þeirra.

8 Og svo bar við, að þeir réðust gegn okkur, og hver sála var full skelfingar, vegna þess hve margir þeir voru.

9 Og svo bar við, að þeir réðust á menn mína með sverði og boga, örvum og eggjárnnum og alls kyns stríðsvopnum.

10 Og svo bar við, að menn mínir voru brytjaðir niður, já, þau tíu þúsund, sem með mér voru, og ég féll særður til jarðar mitt á meðal þeirra, en þeir fóru fram hjá mér og bundu ekki enda á líf mitt.

11 Og eftir að þeir höfðu brytjað niður “alla þjóð mína, að undanskildum tuttugu og fjórum (þar á meðal syni mínum, Moróní) og eftir að við höfðum lifað dauða þjóðar okkar af, sáum við á komanda degi ofan af Kúmórahæðinni, þegar Lamanítarnir höfðu snúið aftur til búða sinna, þær tíu þúsundir manna minna, sem höfðu verið brytjaðar niður, og sem ég var í fararbroddi fyrir.

12 Og einnig sáum við þær tíu þúsundir manna minna, sem sonur minn Moróní hafði leitt.

13 Og sjá. Tíu þúsundir manna Gídgiddóna höfðu fallið og hann sjálfur einnig á meðal þeirra.

14 Og Lama hafði fallið ásamt sínum tíu þúsundum, og Gílgal hafði fallið ásamt sínum tíu þúsundum, og Lima hafði fallið ásamt

sínum tíu þúsundum, og Jeneúm hafði fallið ásamt sínum tíu þúsundum. Og Kumenía, Morónía, Antíónum, Siblom, Sem og Jos höfðu fallið ásamt tíu þúsundum hvers þeirra.

15 Og svo bar við, að aðrir tíu höfðu fallið fyrir sverði, hver ásamt sínum tíu þúsundum. Já, “öll þjóð mín — utan þeirra tuttugu og fjögurra, sem með mér voru, og einnig örfárra, sem flúið höfðu til landanna í suðri, og örfárra, sem snúið höfðu yfir til Lamaníta — hafði fallið. Og hold fólksins, bein og blóð lá á yfirborði jarðar, þar sem þeir, er drápu það, höfðu skilið það eftir til að rotna og verða að dufti og hverfa aftur til móður jarðar.

16 Og sál mín var sundurtætt af kvölum vegna dauða þjóðar minnar, og ég hrópaði:

17 Ó, þú fríða sveit. Hvernig gátuð þér snúið af vegum Drottins! Ó, þú fríða sveit, hvernig gátuð þér hafnað Jesú, sem stóð með opinn faðm til að taka á móti yður!

18 Sjá, hefðuð þér ekki gjört þetta, hefðuð þér ekki fallið. En sjá, þér eruð fallin, og ég syrgi yður.

19 Ó, þér fríðu synir og dætur, þér feður og mæður, þér eiginmenn og eiginkonur, þér fríða fólk! Hvernig má vera, að þér séuð fallin?

20 En sjá! Þér eruð farin, og sorg mín leiðir yður ekki til baka.

7a 1 Ne 12:15.
11a 1 Ne 12:19–20;

He 15:17.
15a Al 9:24.

21 En sá dagur kemur brátt, að dauðleiki yðar hlýtur að íklæðast ódauðleika, og þessir líkamar, sem nú rotna í forgengileika, hljóta brátt að verða “óforgengilegir líkamar. Og þá verðið þér að standa frammi fyrir dómstóli Krists og verða dæmd af verkum yðar. Og reynist þér réttlát, þá munuð þér blessuð verða ásamt feðrum yðar, sem farið hafa á undan yður.

22 Ó, að þér hefðuð iðrast, áður en hin mikla tortíming kom yfir yður. En sjá. Þér eruð farin, og faðirinn, já, hinn eilífi faðir himinsins, þekkir ástand yðar, og hann breytir við yður í samræmi við “réttvísi sína og ^bmiskunn.

7. KAPÍTULI

Mormón býður Lamanítum á síðari dögum að trúá á Krist, meðtaka fagnaðarerindi hans og verða hólpnir — Allir sem trúá Biblíunni munu einnig trúá Mormónsbók. Um 385 e.Kr.

Og sjá. Nú vil ég mæla nokkur orð til þeirrar “leifar þjóðarinnar, sem hlíft var, fari svo að Guð gefi þeim orð mín og þeir fái vitneskju um feður sína. Já, ég tala til yðar, sem eftir eruð af Ísraelsætt, en þetta eru orðin, sem ég mæli:

2 Þér skuluð vita, að þér eruð af “Ísraelsætt.

3 Þér skuluð vita, að þér verðið að iðrast, ella getið þér eigi frelsast.

4 Þér skuluð vita, að þér verðið að leggja niður stríðsvopn yðar, og megið ekki gleðjast fram af blóðsúthellingum og megið ekki grípa aftur til vopna, nema Guð bjóði svo.

5 Þér skuluð vita, að þér verðið að öðlast “vitneskju um feður yðar og iðrast allra synda yðar og misgjörða og ^btrúa á Jesú Krist, að hann sé sonur Guðs og að Gyðingar drápu hann, en fyrir kraft föðurins reis hann aftur og hefur þannig “sigrað gröfina. Og í honum hverfur einnig broddur dauðans.

6 Og hann gjörir “upprisu dauðra að veruleika. Þess vegna verða menn upp reistir til að standa frammi fyrir ^bdómstóli hans.

7 Og hann hefur gjört “endurlausn heimsins að veruleika, en með því mun hverjum þeim, sem reynist ^bán sektar frammi fyrir honum á degi dómsins, það gefið að “dveljast í návist Guðs í ríki hans og syngja þar föðurnum, syninum og hinum heilaga anda, sem eru ^deinn Guð, látlaust lof með ^ekórum himna í eilífri ^fsælu.

21a 1 Kor 15:53–54.

22a LR Réttvísi.

b LR Miskunnsamur, miskunnsemi.

7 1a He 15:11–13.

2a Al 10:3.

5a 2 Ne 3:12.

b LR Átrúnaður;

Trú, trúá.

c Jes 25:8; Mósía 16:7–8.

6a LR Upprisa.

b LR Jesús Kristur —

Dómari; Lokadómur.

7a LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

b LR Réttlætning, réttlæta.

c 1 Ne 10:21;

K&S 76:62;

HDP Móse 6:57.

d Mósía 2:28.

e K&S 20:28.

LR Guð, guðdómur.

f LR Gleði.

8 Iðrist þess vegna, látið skírast í nafni Jesú og takið á móti “fagnaðarerindi Krists, sem lagt verður fyrir yður, ekki aðeins í þessum heimildum, heldur einnig í ^bheimildum þeim, sem Þjóðirnar fá “frá Gyðingunum og sem berast munu frá Þjóðunum ^dtil yðar.

9 Því að sjá. “Þetta er ritað í þeim tilgangi, að þér megið ^btrúa því. Og ef þér trúið því, þá munuð þér einnig trúa þessu. Og ef þér trúið þessu, munuð þér fá vitneskju um feður yðar og einnig um hin undursamlegu verk, sem unnin voru meðal þeirra fyrir kraft Guðs.

10 Og þér munuð einnig vita, að þér eruð leifar af niðjum Jakobs. Þess vegna teljist þér meðal þjóðar fyrsta sáttmálans. Og fari svo, að þér trúið á Krist og látið skírast, fyrst með vatni og síðan með eldi og heilögum anda, og fylgið “fordæmi frelsara vors samkvæmt því, sem hann hefur boðið oss, þá mun yður vel farnast á degi dómsins. Amen.

8. KAPÍTULI

Lamanítar leita Nefíta og tortíma þeim — Mormónsbók mun birtast fyrir kraft Guðs — Eymd verður hlutskipti þeirra, sem anda frá sér reiði og stríða gegn verki Drottins — Heimildir Nefíta koma fram á tímum ranglætis, hnignunar og fráhrarfs. Um 400–421 e.Kr.

SJÁ. Ég, “Moróní, lýk ^bheimildum föður míns, Mormóns. Sjá. Ég hef aðeins fátt eitt að rita, eða það, sem faðir minn bauð mér.

2 Og nú bar svo við, að eftir hina “miklu og ógurlegu orrustu á Kúmóra, sjá, þá eltu ^bLamanítarnir uppi þá Nefíta, sem flúið höfðu til landsins í suðri, þar til þeim hafði öllum verið tortímt.

3 Og þeir drápu einnig föður minn, og ég er aðeins “einn eftir til að færa í letur hina sorglegu frásögn af tortímingu þjóðar minnar. En sjá. Hún er horfin, en ég uppfylli boð föður míns. Og hvort þeir muni drepa mig, veit ég ekki.

4 Þess vegna mun ég skrá heimildirnar og fela þær í jörðu, en hvert ég fer, skiptir ekki máli.

5 Sjá. Faðir minn hefur gjört “þessar heimildir, og hann hefur greint frá tilgangi þess. Og sjá. Ég mundi einnig skrá það, ef ég hefði rúm á þessum ^btöflum, en það hef ég ekki, og málm hef ég engan, því að ég er aleinn. Faðir minn hefur verið drepinn í bardaga og allt mitt ættfólk, og ég á hvorki vini né stað til að fara á. Og ég veit ekki, hve lengi Drottni þóknast að ég lifi.

6 Sjá, “fjögur hundruð ár eru liðin frá komu Drottins vors og frelsara.

7 Og sjá. Lamanítar hafa hrakið

8a LR Fagnaðarerindi.

b LR Biblíá.

c 2 Ne 29:4–13.

d 1 Ne 13:38.

9a LR Mormónsbók.

b 1 Ne 13:38–41.

10a 2 Ne 31:5–9.

8 1a LR Moróní, sonur Mormóns.

b LR Töflur.

2a Morm 6:2–15.

b K&S 3:18.

3a Moró 9:22.

5a Morm 2:17–18.

b Morm 6:6.

6a Al 45:10.

þjóð mína, Nefíta, úr einni borg í aðra og úr einum stað í annan, þar til enginn þeirra er eftir. Og mikið hefur “fall þeirra verið. Já, mikil og undraverð er tortíming þjóðar minnar, Nefíta.

8 En sjá. Hönd Drottins hefur verið að verki í þessu. Og sjá einnig. Lamanítar eiga í “stríði hver við annan, um allt landið eru stöðug morð og sífelldar blóðsúthellingar, og enginn veit um endalok stríðsins.

9 Og sjá. Ég segi ekkert fleira varðandi þá, því að aðeins Lamanítar og “ræningjar eru í landinu.

10 Og enginn þekkir hinn sanna Guð, nema “lærisveinar Jesú, sem dvöldu í landinu, þar til ranglæti fólksins var svo mikið, að Drottinn vildi ekki leyfa þeim að ^bvera um kyrrt meðal þeirra. En hvort þeir eru í landinu veit enginn.

11 En sjá. Við “faðir minn höfum séð þá, og þeir hafa þjónað okkur.

12 Og hver sá, sem tekur við þessum heimildum og dæmir þær ekki af ófullkomleika þeirra, sá hinn sami mun öðlast vitneskju um “stærri hluti en þessa. Sjá, ég er Moróní. Og væri það mögulegt, mundi ég kunngjöra yður allt.

13 Sjá, ég lýk máli mínu um þessa þjóð. Ég er sonur Mormóns, og faðir minn var “afkomandi Nefís.

14 Og ég er sá, sem “felur Drottni þessar heimildir. Töflurnar sjálfar eru einskis virði vegna fyrirmæla Drottins, því að hann sagði vissulega, að enginn skyldi ná þeim í ^bhagnaðarskyni. En heimildir þeirra eru mikils virði, og Drottinn mun blessa þann, sem leiðir þær fram í ljósið.

15 Því að enginn hefur kraft til að leiða þær fram í ljósið, nema Guð veiti honum hann. Því að það er Guðs vilji, að það sé gjört með “einbeittu augliti á dýrð hans eða til velfarnaðar hinna fornu og löngum tvístruðu sáttmálsþjóð Drottins.

16 Og blessaður sé “sá, sem leiðir þetta fram í ljósið. Því að það mun ^bfært úr myrkrinu í ljósið, samkvæmt orði Guðs. Já, það mun fært úr jörðunni og skal ljóma úr myrkrinu og fólkið fá vitneskju um það, og það gjörist fyrir kraft Guðs.

17 Og séu á því “annmarkar, eru þeir manna. En sjá. Vér vitum ei um annmarka. Engu að síður veit Guð alla hluti. Þess vegna skal sá, er ^bdæmir, gæta sín, svo að eldar vítis ógni honum ekki.

18 Og sá, sem segir: Sýnið mér, ella verðið þér sleginn — hann skal gæta sín á því að gefa ekki fyrirmæli um það, sem Drottinn hefur bannað.

7a 1 Ne 12:2–3.

8a 1 Ne 12:20–23.

9a Morm 2:8.

10a 3 Ne 28:7;

Et 12:17.

LR Þrír

Nefíta-lærisveinar.

b Morm 1:16.

11a 3 Ne 28:24–26.

12a 3 Ne 26:6–11.

13a 3 Ne 5:20.

14a Moró 10:1–2.

b JS — S 1:46.

15a K&S 4:5.

16a 2 Ne 3:6–7, 11, 13–14.

b Jes 29:18;

2 Ne 27:29.

17a Morm 9:31, 33;

Et 12:23–28.

b 3 Ne 29:5;

Et 4:8.

19 Því að sjá. Sá, sem “dæmir í fljótræði, mun einnig dæmdur verða í fljótræði, því að laun hans verða í samræmi við verk hans. Þess vegna mun sá, sem slær, lostinn verða aftur af Drottni.

20 Sjá, ritningin segir: Maðurinn skal engan ljósta, né nokkurn dæma, því að mitt er að dæma, segir Drottinn, og mitt er að hefna, og ég mun endurgjalda.

21 Og sá, sem andar frá sér reiði og stríðir gegn verki Drottins og gegn sáttmálsþjóð Drottins, sem er Ísraelsætt, og segir: Vér munum tortíma verki Drottins, og Drottinn mun ekki minnast sáttmála síns, sem hann hefur gjört við Ísraelsætt — sá hinn sami á á hættu að verða höggvinn niður og á eld kastað —

22 Því að “eilífðaráform Drottins munu halda áfram, þar til öll fyrirheit hans eru uppfyllt.

23 Kynnið yður spádóma “Jesaja. Sjá, ég get ekki fært þá í letur. Já sjá, ég segi yður, að þeir heilögu, sem farnir eru á undan mér, sem átt hafa þetta land, skulu ^bhrópa, já, jafnvel úr duftinu munu þeir hrópa til Drottins. Og jafn víst og Drottinn lifir, mun hann minnast sáttmálans, sem hann gjörði við þá.

24 Og hann þekkir “bænir þeirra og veit, að þær eru fyrir bræðrum þeirra. Og hann þekkir trú þeirra, því að í hans nafni gátu þeir flutt ^bfjöll. Og í hans nafni gátu þeir skekið jörðina. Og með krafti orðs hans létu þeir “fangelsin hrynja til jarðar. Já, jafnvel hinn brennandi eldsofn gat ekki unnið þeim mein, né heldur villidýr eða eiturslöngur vegna krafts orðs hans.

25 Og sjá. “Bænir þeirra voru einnig fyrir honum, sem Drottinn mun þóknast að láta leiða þessa hluti fram í ljósið.

26 Og enginn þarf að segja, að þeir muni ekki koma fram, því að vissulega munu þeir gjöra það, því að Drottinn hefur sagt það. Því að “úr jörðunni skal það berast, með hendi Drottins, og enginn fær stöðvað það. Og það verður á þeim degi, þegar sagt verður, að ^bkraftaverk séu ekki til. Já, og það kemur fram, jafnvel eins og hinn “dauði mæli.

27 Og það mun koma á þeim degi, þegar “blóð heilagra hrópar til Drottins vegna ^bleynisamsæra og myrkraverka.

28 Já, það mun koma á þeim degi, þegar krafti Guðs verður afneitað og “kirkjur vanhelgast og hreykja sér hátt í ofmetnaði hjartans. Já, á þeim degi, þegar

19a ÞJS Matt 7:1–2
(Viðauki); 3 Ne 14:1–2;
Moró 7:14.

22a K&S 3:3.

23a 3 Ne 20:11; 23:1.

b Jes 29:4;

2 Ne 3:19–20; 26:16.

24a Enos 1:12–18;
Morm 9:36;

K&S 10:46.

b Jakob 4:6; He 10:9.

c Al 14:27–29.

25a Morm 5:21.

26a Jes 29:4; 2 Ne 33:13.

b Morm 9:15–26;

Moró 7:27–29, 33–37.

c 2 Ne 26:15–16;

Morm 9:30;

Moró 10:27.

27a Et 8:22–24;

K&S 87:6–7.

b LR Leynisamtök,
samsæri.

28a 2 Tím 3:1–7;

1 Ne 14:9–10;

2 Ne 28:3–32;

K&S 33:4.

leiðtogar kirkna og kennarar rísa upp í hroka sínum og jafnvel öfundast yfir þeim, sem tilheyra kirkjum þeirra.

29 Já, það mun koma á þeim degi, þegar „spyrst um elda, fárviðri og ^beimyrju í öðrum löndum —

30 Og einnig mun spyrjast um „hernað og ófriðartíðindi og jarðskjálfta á ýmsum stöðum.

31 Já, það mun koma á þeim degi, þegar mikil mengun verður á yfirborði jarðar. Þá verða morð og rán, lygar og svik, hór og alls kyns viðurstygð. Þá munu margir segja, gjörð þetta eða gjörð hitt, það „breytir engu, því að Drottinn mun ^bstyðja slíka á efsta degi. En vei sé slíkum, því að þeir eru í „beiskjugalli og í syndafjötrum.

32 Já, það mun koma á þeim degi, þegar reistar verða kirkjur, sem segja: Komið til mín, og fyrir silfur yðar verða syndir yðar fyrirgefnar.

33 Ó, þú rangláta, rangsnúna og þrjóskufulla þjóð. Hvers vegna hefur þú byggt þér kirkjur til að „hagnast á þeim? Hvers vegna hefur þú ^bumbreytt hinu heilaga orði Guðs til að leiða „fordæmingu yfir sálir þínar? Sjá, takið eftir opinberunum Guðs. Því að sjá. Sá tími kemur, að á þeim degi, hlýtur allt að uppfyllast.

34 Sjá, Drottinn hefur sýnt mér mikla og undursamlega hluti varðandi það, sem brátt hlýtur að verða, á þeim degi, þegar þetta mun koma fram meðal yðar.

35 Sjá. Ég ávarpa yður eins og væruð þér nærstaddir, og þó eruð þér það ekki. En sjá. Jesús Kristur hefur sýnt mér yður, og ég veit um gjörðir yðar.

36 Og ég veit, að þér „gangið í hroka hjartans, og allir utan fáeinna, sem ekki ^bhreykja sér upp í hroka hjarta síns, klæðast „skartklæðum, ala með sér öfund, deilur, óvild og ofsóknir og alls konar misgjörð. Og kirkjur yðar, já, sérhver þeirra, hafa saurgast vegna hroka hjartna yðar.

37 Því að sjá. Þér elskið „silfrið og eigur yðar og skartklæði yðar og skraut kirkna yðar meira en þér elskið hina fátæku og þurfandi, hina sjúku og aðþrengdu.

38 Ó, þér saurugir, þér hræsnarar, þér kennarar, sem seljið yður fyrir það, sem tærir yður upp. Hvers vegna hafið þér vanhelgað hina heilögu kirkju Guðs? Hvers vegna „blygðist þér yðar fyrir að taka á yður nafn Krists? Hvers vegna teljið þér ekki óendanlega hamingju meira virði en þá ^bvan-sæld, sem aldrei linnir — er það vegna „lofs heimsins?

29a Jóel 3:1–5;
2 Ne 27:2–3.

b 1 Ne 19:11;
K&S 45:39–42.

30a Matt 24:6;
1 Ne 14:15–17.

31a 2 Ne 28:21–22.

b 2 Ne 28:8.

c Al 41:11.

33a LR Prestaslægð.

b 1 Ne 13:26–29.

c LR Fordæming.

36a LR Ganga, ganga með Guði.

b Jakob 2:13.

c Al 5:53.

37a 2 Ne 28:9–16.

38a Róm 1:16; 2 Tím 1:8;

1 Ne 8:25–28; Al 46:21.

b Mósía 3:25.

c 1 Ne 13:9.

39 Hvers vegna skreytið þér yður með því, sem ekkert líf hefur, en látið hina hungruðu og þurfandi, nöktu og sjúku og aðþrengdu ganga fram hjá yður og takið ekki eftir þeim?

40 Já, hvers vegna byggið þér upp ^aleynda viðurstyggð yðar til að hagnast á henni, en látið ekkjurnar syrgja frammi fyrir Drottni og einnig munaðarleysingja syrgja frammi fyrir Drottni, og látið einnig blóð feðra þeirra og eiginmanna hrópa til Drottins úr jörðunni um hefnd yfir yður?

41 Sjá. Sverð hefndarinnar hangir yfir yður. Og sá tími nálgast óðfluga, er hann ^ahegnir yður fyrir blóð hinna heilögu, því að hann mun ekki þola hróp þeirra lengur.

9. KAPÍTULI

Moróní kallar þá til iðrunar, sem ekki trúá á Krist — Hann boðar Guð kraftaverka, sem veitir opinberanir og úthellir gjöfum og táknum yfir hina trúföstu — Kraftaverk hverfa vegna vantrúar — Menn hvattir til að vera skynsamir og halda boðorðin. Um 401–421 e.Kr.

Og nú tala ég einnig um þá, sem ekki trúá á Krist.

2 Sjá, munuð þér trúá á vitjunardegi yðar — þegar Drottinn mun koma, já, þann ^amikla

dag, þegar ^björðinni verður vafið saman sem bókfelli og frumefnin munu ^cbráðna í brennandi hita, já, þann mikla dag, þegar þér verðið að standa frammi fyrir Guðslambinu — munuð þér þá segja að enginn Guð sé til?

3 Munuð þér þá enn afneita Kristi, eða getið þér séð Guðslambið? Haldið þér, að þér munuð dvelja hjá honum meðvitandi um sekt yðar? Haldið þér, að þér getið verið hamingjusöm hjá þessari heilögu veru, þegar sálir yðar eru kvaldar sektarkennd yfir að hafa sífellt níðst á lögmálum hans?

4 Sjá. Ég segi yður, að yður liði enn verr að dvelja hjá heilögum og réttvísnum Guði með vitneskju um óhreinleika yðar fyrir honum en dveljast með hinum ^afordæmdu sálum í ^bvíti.

5 Því að sjá. Þegar þér fáíð að sjá ^anekt yðar frammi fyrir Guði og einnig dýrð Guðs og heilagleika Jesú Krists, mun það tendra með yður óslökkvandi eld.

6 Ó, þér ^avantrúaðir! ^bSnúið yður til Drottins. Hrópið hátt til föðurins í nafni Jesú, svo að þér megið ef til vill reynast flekklausir, ^chreinir, tærir og hvítir, hreinsaðir með blóði ^dlambinsins, á hinum mikla og efsta degi.

7 Og enn fremur tala ég til yðar, sem ^aafneitið opinberunum Guðs og segið, að þær séu ekki lengur

40a LR Leynisamtök, samsæri.

41a 1 Ne 22:14.

9 2a Mal 4:5; 3 Ne 28:31.

b Morm 5:23;

K&S 63:20–21.

LR Heimur — Heimsendir.

c Amos 9:13; 3 Ne 26:3.

4a LR Fordæming.

b LR Helja.

5a 2 Ne 9:14.

6a LR Vantrú.

b Esek 18:23, 32;

K&S 98:47.

c LR Hreinn, hreinleiki.

d LR Guðslambið.

7a 3 Ne 29:6–7.

til, hvorki opinberanir, spádómar, gjafir, lækning, tungutal né ^btúlkun tungumála —

8 Sjá. Ég segi yður, að sá, sem afneitar þessu, þekkir ekki ^afagnaðarerindi Krists. Já, hann hefur ekki lesið ritningarnar, en hafi hann gjört það, hefur hann ekki ^bskilið þær.

9 Því að lesum vér ekki, að Guð er hinn ^asami í gær, í dag og að eilífu og að í honum er hvorki að finna tilbrigði né minnsta skugga breytingar?

10 Og ef þér hafið ímyndað yður einhvern guð, sem er breytilegur og sem í býr umbreytingarvottur, þá hafið þér ímyndað yður guð, sem ekki er Guð kraftaverka.

11 En sjá. Ég mun sýna yður Guð kraftaverka, já, Guð Abrahams og Guð Ísaks og Guð Jakobs. En það er hinn sami ^aGuð og skóp himna og jörð og allt, sem í þeim er.

12 Sjá, hann skóp Adam og með ^aAdam kom ^bfall mannsins. Og vegna falls mannsins kom Jesús Kristur, já, faðirinn og sonurinn, og með Jesú Kristi kom ^cendurlausn mannsins.

13 Og vegna endurlausnar mannsins, sem kom með Jesú Kristi, eru þeir leiddir aftur í návist Drottins. Já, í því felst endurlausn allra manna, vegna þess

að dauði Krists gjörir ^aupprisuna mögulega, sem aftur gjörir endurlausnina úr óendanlegum ^bsvefni mögulega, þeim svefni, er allir menn verða vaktir af, með krafti Guðs, þegar básúnan gellur. Og þeir munu koma fram, bæði smáir og stórir, og allir skulu þeir standa frammi fyrir dómgrindum hans, endurlestir og frjálsir úr eilífum ^cfjötrum dauðans, þess dauða, sem er stundlegur dauði.

14 Og þá fellur ^adómur hins heilaga yfir þá. Og þá kemur sá tími, að sá, sem ^bsaurugur er, mun enn verða saurugur; sá, sem réttlátur er, mun enn verða réttlátur; sá, sem hamingjusamur er, mun enn verða hamingjusamur; og sá, sem óhamingjusamur er, mun enn verða óhamingjusamur.

15 Og ó, allir þér, sem hafið ímyndað yður guð, sem ^aengin kraftaverk getur gjört. Ég vil spyrja yður, hvort allt hafi gjörst, sem ég hef talað um? Hefur endirinn komið enn? Sjá, ég segi yður, nei, og Guð hefur ekki hætt að vera Guð kraftaverka.

16 Sjá. Er ekki það, sem Guð hefur gjört, undursamlegt í augum vorum? Já, og hver fær skilið hin undursamlegu ^averk Guðs?

7b 1 Kor 12:7–10; TA 1:7.

8a LR Fagnaðarerindi.

b Matt 22:29.

9a Hebr 13:8;

1 Ne 10:18–19;

Al 7:20; Moró 8:18;

K&S 20:12.

11a 1 Mós 1:1; Mósía 4:2;

K&S 76:20–24.

LR Jesús Kristur.

12a Mósía 3:26.

b LR Fall Adams og Evu.

c LR Endurleysa, endurlestur, endurlausn.

13a He 14:15–18.

b K&S 43:18.

c K&S 138:16.

14a LR Lokadómur.

b Al 7:21;

K&S 88:35.

15a Moró 7:35–37;

K&S 35:8.

LR Kraftaverk.

16a Sálm 40:6;

K&S 76:114;

HDP Móse 1:3–5.

17 Hver mun segja, að það sé ekki kraftaverk, að himinn og jörð urðu til fyrir hans “orð og að maðurinn var ^bskapaður fyrir kraft orðs hans úr ^cdufti jarðar og að kraftaverk hafi gjörst fyrir kraft orðs hans?

18 Og hver mun segja, að Jesús Kristur hafi ekki gjört mörg “kraftaverk? Og postular hans gjörðu mörg máttug kraftaverk.

19 Og hafi “kraftaverk gjörst þá, hvers vegna hefur Guð þá hætt að vera Guð kraftaverka og er samt óumbreytanleg vera? Og sjá. Ég segi yður, að hann breytist ekki. Væri svo, væri hann ekki lengur Guð. Og hann hættir ekki að vera Guð, heldur er hann Guð kraftaverka.

20 En orsök þess, að hann lætur af “kraftaverkum meðal manna barna, er sú, að þeim hnignar í vantrú og þeir víkja af rétttri leið og þekkja ekki þann Guð, sem þeir ættu að ^btreysta á.

21 Sjá. Ég segi yður, að hver sá, sem trúir á Krist og efast ekki, honum mun veitast “allt það, sem hann biður föðurinn um í nafni Krists. Og þetta loforð er öllum gefið, já, um gjörvalla jörðina.

22 Því að sjá. Þetta sagði Jesús Kristur, sonur Guðs, við lærisveina sína, sem verða skyldu kyrrir, já, og einnig við alla

lærisveina sína í áheyrn fjöldans: “Farið út um allan heim og boðið fagnaðarboðskap minn hverri skepnu —

23 Og sá, sem trúir og verður skírður, mun hólpinn verða, en sá, sem ekki trúir, mun “fordæmdur verða —

24 Og þessi “tákn skulu fylgja þeim, er trúá: Í mínu nafni munu þeir reka út ^billa anda, þeir skulu tala nýjum tungum, þeir skulu taka upp höggorma og þó að þeir drekki eitthvað banvænt, mun þá ekki saka, og þeir munu leggja ^chendur yfir sjúka og gjöra þá heila —

25 Og fyrir hverjum þeim, sem trúir á nafn mitt og efast eigi, mun ég “staðfesta öll mín orð, já, allt til enda veraldar.

26 Og sjá. Hver fær staðið gegn verkum Drottins? “Hver fær afneitað orðum hans? Hver mun rísa gegn almáttugu valdi Drottins? Hver mun fyrirlíta verk Drottins? Hver mun fyrirlíta börn Krists? Sjá, þér allir, sem ^bfyrirlítið verk Drottins, því að þér munuð undrast og farast.

27 Ó, fyrirlítið ekki og undrist ekki, heldur hlýðið á orð Drottins og biðjið til föðursins í nafni Jesú um hvað eina, sem þér þarfnist. Efast eigi, heldur trúið og biðjið eins og til forna, “komið

17a Jakob 4:9.

b LR Skapa, sköpun.

c 1 Mós 2:7;

Mósía 2:25.

18a Jóh 6:14.

19a K&S 63:7–10.

20a Dóm 6:11–13;

Et 12:12–18;

Moró 7:35–37.

b LR Treysta.

21a Matt 21:22;

3 Ne 18:20.

22a Mark 16:15–16.

LR Trúboðsverk.

23a LR Fordæming.

24a Mark 16:17–18.

LR Tákn.

b Post 16:16–18.

c LR Þjónusta við sjúka.

25a LR Opinberun;

Vitnisburður.

26a 3 Ne 29:4–7.

b Okv 13:13.

27a Moró 10:30–32.

til Drottins af öllu yðar ^bhjarta og “vinnið að sáluhjálpi yðar með ugg og ótta fyrir honum.

28 Verið ^a“skynsöm á reynslu-
dögum yðar. Losið yður við allt,
sem óhreint er. Biðjið ekki um það,
sem þér getið sóað í ^blostu yðar,
heldur biðjið með óhagglegru
staðfestu um að fá staðist allar
freistingar og geta þjónað hinum
sanna og ^clifandi Guði.

29 Látið ekki skírast ^a“óverðug,
meðtakið ekki sakramenti Krists
^b“óverðug, heldur gjörið allt
“verðug og gjörið það í nafni Jesú
Krist, sonar hins lifanda Guðs.
Og ef þér gjörið svo og standið
stöðug allt til enda, mun yður á
engan hátt vísað burt.

30 Sjá. Ég tala til yðar sem ^a“tal-
aði ég frá hinum dauðu, því að ég
veit, að orð mín munu berast yður.

31 Dæmið mig ekki vegna ^a“ófull-
komleika míns, ekki heldur föður
minn vegna ófullkomleika hans,
né heldur þá, sem fært hafa þetta
í letur á undan honum. Færið
heldur Guði þakkar fyrir að sýna
yður ófullkomleika vorn, svo að
þér getið lært og orðið vitrari en
vér vorum.

32 Og sjá. Vér höfum fært þessar
heimildir í letur í samræmi við
þekkingu vora á því letri, sem
á meðal vor nefnist ^a“endurbætt

egyptiska og sem vér höfum hlotið
í arf og breytt í samræmi við mál-
far vort.

33 Og ef töflur vorar hefðu
verið nægilega stórar, hefðum
vér letrað á hebresku, en hebr-
eskunni höfum vér einnig breytt.
En hefðum vér getað letrað á
hebresku, sjá, þá hefðuð þér ekki
getað fundið neinn ófullkomleika
í heimildum vorum.

34 En Drottinn þekkir það, sem
vér höfum skráð, og veit einnig að
engir aðrir þekkinga tungu vora. Og
vegna þess að engir aðrir þekkinga
tungu vora hefur hann séð fyrir
^a“leið til að túlka heimildirnar.

35 Og þetta er ritað, til þess að
vér getum hreinsað klæði vor af
blóði bræðra vorra, sem hnignaði
í ^a“vantrú.

36 Og sjá. Það, sem vér höfum
^a“þráð bræðrum vorum til handa,
já, að endurreisa þá til þekkingar
á Kristi, er í samræmi við bænir
allra hinna heilögu, sem dvalið
hafa í landinu.

37 Og megi Drottinn Jesús
Kristur gefa, að bænum þeirra
verði svarað í samræmi við trú
þeirra, og megi Guð faðirinn
minnast sáttmálans, sem hann
hefur gjört við Ísraelsætt, og megi
hann blessa þá að eilífu fyrir trú á
nafn Jesú Krists. Amen.

27 ^b Jós 22:5;
K&S 64:22, 34.
LR Hjarta.

^c Fil 2:12.

28 ^a Jakob 6:12.

^b LR Losti.

^c Al 5:13.

29 ^a LR Skírni, skíra —

Forsendur skírnar.

^b 1 Kor 11:27–30;

3 Ne 18:28–32.

^c LR Verðugur, verðleiki.

30 ^a Morm 8:26;

Moró 10:27.

31 ^a Morm 8:17;

Et 12:22–28, 35.

32 ^a 1 Ne 1:2;

Mósía 1:4.

34 ^a Mósía 8:13–18;

Et 3:23, 28;

K&S 17:1.

35 ^a 2 Ne 26:15.

36 ^a Morm 8:24–26;

K&S 10:46–49.

BÓK ETERS

Heimildir Jaredíta á töflunum tuttugu og fjórum, sem Limíþjóðin fann á dögum Mósía konungs.

1. KAPÍTULI

Moróni gjörir útdrátt úr ritum Eters — Ættartala Eters er birt — Tungumáli Jaredíta ekki ruglað á tímum Babelturnsins — Drottinn lofar að leiða þá til kjörins lands og gjöra þá að mikilli þjóð.

OG ég, ^aMoróni, held nú áfram að segja frá þessum fornu íbúum, sem ^bhönd Drottins tortímdi af yfirborði þessa norðlæga lands.

2 Og frásögn mína tek ég af þeim ^atuttugu og fjórum töflum, sem Limíþjóðin fann og sem nefnast Bók Eters.

3 Og þar sem ég býst við, að fyrsti hluti þessarar frásagnar, sem fjallar um sköpun heimsins og um Adam og er frásögn frá þeim tíma og lýsir því, sem þá gjörðist meðal manna barna og allt fram að hinum mikla ^aturni, sé til meðal Gyðinga —

4 Því rita ég ekki um það, sem gjörðist frá ^adögum Adams, fram að þeim tíma. En það er til á töflunum, og hver, sem finnur þær, mun hafa kraft til að móttaka frásögnina í heild.

5 En sjá. Ég gjöri því ekki full skil, heldur aðeins að hluta, ég greini frá turninum og þar til þeim varð tortímt.

6 Og þannig rita ég frásögnina.

Sá, er þessar heimildir ritaði, var ^aEter, og hann var afkomandi Kóríantors.

7 Kóríantor var sonur Morons.

8 Og Moron var sonur Etems.

9 Og Etem var sonur Aha.

10 Og Aha var sonur Sets.

11 Og Set var sonur Siblons.

12 Og Siblon var sonur Kóms.

13 Og Kóm var sonur Kóríantum.

14 Og Kóríantum var sonur Amnígadda.

15 Og Amnígadda var sonur Arons.

16 Og Aron var afkomandi Hets, sem var sonur Heartoms.

17 Og Heartom var sonur Líbs.

18 Og Líb var sonur Kís.

19 Og Kís var sonur Kóroms.

20 Og Kórom var sonur Levís.

21 Og Leví var sonur Kims.

22 Og Kim var sonur Moríantons.

23 Og Moríanton var afkomandi Riplakisar.

24 Og Riplakis var sonur Ses.

25 Og Ses var sonur Hets.

26 Og Het var sonur Kóms.

27 Og Kóm var sonur Kóríantum.

28 Og Kóríantum var sonur Emers.

29 Og Emer var sonur Ómers.

30 Og Ómer var sonur Súle.

[ETER]

1 ^{1a} LR Moróni, sonur Mormóns.
^b Morm 5:23;

K&S 87:6–7.

2 ^a Al 37:21; Et 15:33.

3 ^a Om 1:22; Mósía 28:17;

He 6:28.

4 ^a P.E. nær yfir sama tímabil og 1.

Mósebók 1–10.

6 ^a Et 12:2; 15:34.

31 Og Súle var sonur Kíbs.

32 Og Kíb var sonur Óría, sem var sonur Jareds —

33 En “Jared kom með bróður sínum og fjölskyldum þeirra, ásamt nokkrum öðrum fjölskyldum, frá hinum mikla turni á þeim tíma, er Drottinn ^bspillti tungumáli lýðsins og sór þess eið í heilagri reiði sinni, að fólkinu skyldi tvístrað um allt yfirborð jarðar. Og samkvæmt orði Drottins tvístraðist fólkið.

34 En “bróðir Jareds var maður mikill vexti, sterkur og í miklum metum hjá Drottni, og Jared, bróðir hans, sagði við hann: Ákalla þú Drottin, svo að hann rugli okkur ekki þannig, að við skiljum ekki orð hver annars.

35 Og svo bar við, að bróðir Jareds ákallaði Drottin, og Drottinn hafði samúð með Jared og spillti þess vegna ekki tungu hans. Og Jared og bróður hans var ekki spillt.

36 Þá sagði Jared við bróður sinn: Ákalla Drottin enn á ný, og svo kann að fara, að hann snúi reiði sinni frá þeim, sem eru vinir okkar og spilli ekki tungumáli þeirra.

37 Og svo bar við, að bróðir Jareds ákallaði Drottin, og Drottinn sýndi einnig vinum þeirra og fjölskyldum þeirra samúð, svo að máli þeirra var ekki spillt.

38 Og svo bar við, að Jared mælti enn til bróður síns og sagði: Far og spyr Drottin, hvort hann muni

reka okkur úr landinu, og ef hann rekur okkur úr landinu, spyr hann þá, hvert við eigum að halda. Og hver veit, nema Drottinn leiði okkur til lands, sem er öllum öðrum löndum “betra? Og fari svo, skulum við vera Drottni trú, svo að það verði arfleifð okkar.

39 Og svo bar við, að bróðir Jareds ákallaði Drottin samkvæmt því, sem Jared hafði mælt.

40 Og svo bar við, að Drottinn heyrði til bróður Jareds og hafði samúð með honum og sagði við hann:

41 Far þú og safna saman af öllum hjörðum þínum, karldýri og kvendýri af hverri tegund, og einnig af öllum tegundum sáðkorna jarðar, og “fjölskyldum þínum og einnig Jared bróður þínum og hans fjölskyldu, og einnig ^bvinum þínum og fjölskyldum þeirra og vinum Jareds og fjölskyldum þeirra.

42 Og þegar þú hefur gjört svo, skalt þú “fara fyrir þeim niður í dalinn, sem liggur í norðri, og þar mun ég koma til móts við þig og fara ^bfyrir þér til þess lands, sem er öllum öðrum löndum jarðarinnar “betra.

43 Og þar mun ég blessa þig og niðja þína og vekja mér til handa mikla þjóð af niðjum þínum og niðjum bróður þíns og þeirra, sem með þér fara. Og engin þjóð á öllu yfirborði jarðar skal vera meiri

33a LR Jared.
b 1 Mós 11:6–9.
c Mósía 28:17.

34a LR Bróðir Jareds.

38a LR Fyrirheitið land.
41a Et 6:20.
b Et 6:16.

42a 1 Ne 2:1–2;

Abr 2:3.
b K&S 84:88.
c 1 Ne 13:30.

en sú, sem ég mun vekja mér til handa af niðjum þínum. Og þetta mun ég gjöra fyrir þig, vegna þess að þú hefur ákallað mig svo lengi.

2. KAPÍTULI

Jaredítar búa sig undir ferðina til fyrirheitna landsins — Það er kjörið land þar sem menn verða að þjóna Kristi, ella verður þeim eytt — Drottinn ræðir við bróður Jareds í þrjár stundir — Jaredítar smíða báta — Drottinn spyr bróður Jareds, hvornig hann vilji lýsa upp bátana.

Og svo bar við, að Jared og bróðir hans og fjölskyldur þeirra sem og vinir Jareds og bróður hans og fjölskyldur þeirra fóru niður í dalinn, sem liggur í norðri, (en dalurinn hét „Nimrod eftir hinum mikla veiðimanni), ásamt hjörðum sínum, sem þeir höfðu safnað saman, karldýri og kven-dýri af sérhverri tegund.

2 Og þeir lögðu snörur og veiddu einnig fugla loftsins, og þeir útbjuggu sér einnig ker, en í þeim báru þeir með sér vatnafisk.

3 Og þeir fluttu einnig með sér deseret, sem þýðir hunangsfluga. Og þannig fluttu þeir með sér sveipi af býflugum og allt annað, sem á landinu finnst, sáðkorn hvers konar.

4 Og svo bar við, að þegar fólkið kom niður í Nimrodsdalinn, kom Drottinn niður og talaði við bróður Jareds, en hann var í „skýi, og bróðir Jareds sá hann ekki.

5 Og svo bar við, að Drottinn bauð fólkinu að halda áfram út í óbyggðirnar, já, til landshluta, þar sem enginn maður hafði áður komið. Og Drottinn fór fyrir fólkinu og mælti til þess, þar sem hann stóð í „skýi, og gaf því leiðbeiningar, hvert halda skyldi.

6 Og svo bar við, að undir stöðugri handleiðslu Drottins ferðaðist það um óbyggðirnar og smíðaði sér farkosti, sem fluttu það yfir mörg vötn.

7 Og Drottinn vildi ekki, að það héldi kyrru fyrir í óbyggðunum handan sjávar, heldur vildi hann, að það héldi áfram til „fyrirheitna landsins, sem var öllum öðrum löndum betra og sem Drottinn Guð hafði varðveitt fyrir hina réttlátu.

8 Og í heilagri reiði sinni sór hann bróður Jareds, að hver sá, er eignaðist þetta fyrirheitna land, þaðan í frá og að eilífu, skyldi „þjóna sér, hinum eina sanna Guði, ella yrði þeim ^bsópað burt, þegar fylling heilagrar reiði hans kæmi yfir þá.

9 Og nú fáum við skilið ákvæði Guðs varðandi þetta land, að það er land fyrirheitisins, að hver sú þjóð, sem eignast það, skal þjóna Guði, ella verður henni sópað burt, þegar fylling heilagrar reiði hans kemur yfir hana. Og fylling heilagrar reiði hans kemur yfir hana, þegar misgjörðir hennar ná hámarki.

2 1a 1 Mós 10:8.

4a 4 Mós 11:25;

K&S 34:7–9; JS — S 1:68.

5a 2 Mós 13:21–22.

7a 1 Ne 4:14.

LR Fyrirheitið land.

8a Et 13:2.

b Jar 1:3, 10;

Al 37:28; Et 9:20.

10 Því að sjá. Þetta er land, sem er öllum öðrum löndum fremra. Þess vegna skal sá, er það eignast, þjóna Guði eða verða sópað burt, því að þetta er ævarandi ákvörðun Guðs. Og það er ekki fyrr en misgjörðir barnanna í landinu ná ^a“fyllingu sinni, að þeim verður ^bsópað burt.

11 Og þetta berst yður, ó, þér ^a“Þjóðir, svo að þér megið þekkja ákvæði Guðs — svo að þér megið iðrast, en haldið ekki áfram misgjörðum yðar, þar til fyllingunni er náð, og þér leiðið ekki fyllingu heilagrar reiði Guðs yfir yður eins og íbúar landsins hafa hingað til gjört.

12 Sjá. Þetta er valkostaland, og hver sú þjóð, sem eignast það, skal ^a“laus við fjötra og ánaud allra annarra landa undir himinhvolfinu, ef hún aðeins vill ^bþjóna Guði landsins, sem er Jesús Kristur og opinberaður er í því, sem við höfum ritað.

13 En nú held ég áfram með heimildir mínar. Því að sjá. Svo fór, að Drottinn leiddi Jared og bræður hans allt að hinu mikla hafi, er skipti landinu. Og er þeir komu að sjónum, reistu þeir tjöld sín og nefndu staðinn Moríankúmer. Og þeir bjuggu í tjöldum, og við sjávarströndina dvöldu þeir í tjöldum í fjögur ár.

14 Og svo bar við, að þessum fjórum árum liðnum, að Drottinn kom enn á ný til bróður Jareds

og stóð í skýi og talaði við hann. Og í þrjár stundir talaði Drottinn við bróður Jareds og ^a“átaldi hann fyrir að gleyma að ^bákalla nafn Drottins.

15 Og bróðir Jareds iðraðist þess illa, sem hann hafði gjört, og ákallaði nafn Drottins fyrir bræður sína, sem með honum voru. Og Drottinn mælti við hann: Ég mun fyrirgefa þér og bræðrum þínum syndir ykkar, en syndga ekki framar, því að þið skuluð hafa í huga, að ^a“andi minn mun ekki ætíð ^b“takast á við mennina. Ef þið þess vegna syndgið, þar til fyllingu ykkar er náð, munuð þið útilokast úr návist Drottins. Og þetta eru hugleiðingar mínar um landið, sem ég mun gefa ykkur í arf, því að það skal vera valkostaland ^c“framar öllum öðrum löndum.

16 Og Drottinn sagði: Farið og smíðið báta svipaða þeim, sem þið hafið hingað til smíðað. Og bróðir Jareds gekk að verki, og svo gjörðu og bræður hans og smíðuðu báta eftir ^a“leiðbeiningum Drottins, á sama hátt og þeir höfðu áður gjört. Og þeir voru smáir og léttir á vatninu, já, léttir sem fugl á vatni.

17 Og þeir voru smíðaðir þannig, að þeir voru sérlega ^a“þéttir, já, svo að þeir héldu vatni líkt og skál. Og botn þeirra var þéttur, sem botn skálar, og hliðar þeirra þéttar sem skálarinnar, og endar

10a 2 Ne 28:16.
b 1 Ne 17:37–38.
11a 2 Ne 28:32.
12a LR Lýðfrelsi.
b Jes 60:12.

14a LR Aga.
b LR Bæn.
15a Et 15:19.
b 1 Mós 6:3;
2 Ne 26:11;

Morm 5:16.
c Et 9:20.
16a 1 Ne 17:50–51.
17a Et 6:7.

þeirra mjókkuðu fram í odd, og yfirbyggingin var þétt sem skál. Og lengdin var sem lengd trés, og dyrnar voru þéttar sem skál, þegar þeim var lokað.

18 Og svo bar við, að bróðir Jareds ákallaði Drottin og sagði: Ó Drottinn, ég hef unnið það verk, sem þú bauðst mér, og ég hef gjört bátana eftir þinni leiðsögn.

19 En sjá. Ó Drottinn, í þeim er engin birta. Hvert skal stýra? Og við hljótum einnig að farast, því að við getum aðeins andað að okkur því lofti, sem í þeim er. Þess vegna munum við farast.

20 Og Drottinn sagði við bróður Jareds: Sjá, þú skalt gjöra op að ofan og neðan, og þegar þið þjáist af loftleysi, skalt þú opna það og fá loft. Og fari svo, að vatn streymi inn, sjá, þá skalt þú loka opinu, svo að þið farist ekki í vatnsflaumnum.

21 Og svo bar við, að bróðir Jareds gjörði sem Drottinn hafði boðið.

22 Og enn ákallaði hann Drottin og sagði: Ó Drottinn. Sjá, ég hef gjört það, sem þú bauðst mér, og ég hef útbúið skipin fyrir fólk mitt. En sjá. Í þeim er engin birta. En sjá. Ó Drottinn, leyfir þú að við förum yfir þetta mikla vatn í myrkri?

23 Og Drottinn sagði við bróður Jareds: Hvað vilt þú, að ég gjöri, til að þið hafið ljós í skipum ykkar? Því að sjá. Glugga getið þið ekki haft, því að þeir mundu mölbrotna. Ekki takið þið heldur eld með ykkur, því að þið ferðist ekki við ljós af eldi.

24 Því að sjá. Þið verðið sem hvalur á hafi úti, því að fjallháar öldur munu falla á ykkur. Engu að síður mun ég færa ykkur aftur upp úr djúpum sjávar, því að “vindarnir hlíta mínu boði sem og ^bregnið og flóðin.

25 Og sjá. Ég bý ykkur undir þetta, því að þið getið ekki farið yfir hið mikla djúp, nema ég búi ykkur undir sjávaröldurnar og vindinn, sem geisað hefur og flóðin, sem koma munu. Hvað vilt þú þess vegna, að ég gjöri fyrir ykkur, svo að þið hafið ljós, þegar djúp sjávar gleypir ykkur?

3. KAPÍTULI

Bróðir Jareds sér fingur Drottins er hann snertir sextán steina — Kristur sýnir bróður Jareds andalíkama sinn — Ekki er unnt að halda þeim, sem öðlast fullkomna þekkingu, utan hulunnar — Séð mun fyrir þýðendum sem leiða munu heimildir Jaredíta fram í ljósið.

Og svo bar við, að bróðir Jareds (en skipin, sem útbúin höfðu verið, voru átta að tölu) fór upp á fjall, sem þeir nefndu Selemfjall, vegna þess hve hátt það var, og bræddi sextán smásteina úr fjallinu, og voru þeir hvítir og glærir, já, eins og gagnsætt gler. Og hann bar þá í höndum sínum upp á fjallstindinn og ákallaði Drottin enn á ný og mælti:

2 Ó Drottinn, þú hefur sagt, að við hljótum að verða umluktir vatni. Sjá, ó Drottinn, ver ekki reiður þjóni þínum vegna

veikleika hans. Því að við vitum, að þú ert heilagur og dvelur á himnum, en við erum óverðugir frammi fyrir þér, því að vegna “fallsins er ^beðli okkar stöðugt illt. En engu að síður, ó Drottinn, hefur þú boðið okkur að ákalla þig, því að hjá þér getum við öðlast það, sem við óskum eftir.

3 Sjá, ó Drottinn, þú hefur lostið okkur vegna misgjörða okkar og hefur rekið okkur burt, og öll þessi ár höfum við verið í óbyggðunum. En engu að síður hefur þú verið okkur “miskunnsamur. Ó Drottinn, sýn mér samúð, bein reiði þinni frá þessu fólki þínu og lát það ekki fara yfir þetta hamslausa djúp í myrkri. Og lít á það, sem ég hef brætt úr bjarginu.

4 Og ég veit, ó Drottinn, að allt “vald er þitt og þú getur gjört, hvað sem þú vilt, manningnum til góðs. Þess vegna bið ég þig, ó Drottinn, að snerta þessa steina með fingri þínum og láta þá lýsa í myrkri. Og þeir munu lýsa okkur í skipunum, sem við höfum útbúið, svo að við höfum ljós, meðan við förum yfir hafið.

5 Sjá, ó Drottinn, þú getur gjört þetta. Við vitum, að þú getur sýnt mikinn kraft, sem “virðist smár mannglegum skilningi.

6 Og svo bar við, að þegar bróðir Jareds hafði mælt þessi orð, sjá, þá rétti “Drottinn fram hönd sína og snerti steinana hvern af öðrum

með fingri sínum. Og ^bhulunni var svipt af augum bróður Jareds, og hann sá fingur Drottins, og hann var sem mannsfingur, líkt og hold og blóð. Og bróðir Jareds féll fram fyrir Drottni, því að hann var sleginn ótta.

7 Og Drottinn sá, að bróðir Jareds hafði fallið fram, og Drottinn sagði við hann: Rís á fætur! Hvers vegna hefur þú fallið til jarðar?

8 Og hann sagði við Drottin: Ég sá fingur Drottins, og ég óttaðist, að hann mundi ljósta mig, því að ég vissi ekki, að Drottinn hefði hold og blóð.

9 Og Drottinn sagði við hann: Vegna trúar þinnar hefur þú séð, að ég mun taka á mig “hold og blóð, og aldrei hefur nokkur maður komið fram fyrir mig með jafn mikla trú og þú hefur. Því að væri ekki svo, hefðir þú ekki getað séð fingur minn. Sást þú meira en þetta?

10 Og hann svaraði: Nei Drottinn, leyfðu mér að sjá þig.

11 Og Drottinn sagði við hann: Trúir þú þeim orðum, sem ég mun mæla?

12 Og hann svaraði: Já, Drottinn, ég veit, að þú talar sannleikann, því að þú ert Guð sannleikans og “getur ekki logið.

13 Og þegar hann hafði mælt þessi orð, sjá, þá “sýndi Drottinn sig honum og sagði: ^bVegna þess að þú veist þetta, ert þú

3 2a LR Fall Adams og Evu.

b Mósía 3:19.

3a Et 1:34–43.

4a LR Kraftur.

5a Jes 55:8–9;

1 Ne 16:29.

6a LR Jesús Kristur.

b Et 12:19, 21.

9a LR Dauðlegur,
dauðleiki; Hold;

Jesús Kristur.

12a Hebr 6:18.

13a K&S 67:10–11.

b Enos 1:6–8.

endurleystur frá fallinu. Þess vegna ert þú aftur leiddur í návist mína, þess vegna ^asýni ég mig þér.

14 Sjá. Ég er sá, sem fyrirbúinn var frá grundvöllun veraldar til að ^aendurleysa fólk mitt. Sjá. Ég er Jesús Kristur, ég er ^bfaðirinn og sonurinn. Í mér mun allt mannkyn eiga ^alíf og það eilíflega, já, þeir sem á nafn mitt munu trúa, og þeir skulu verða ^asynir mínir og dætur mínar.

15 Og aldrei hef ég sýnt mig nokkrum manni, sem ég hef skapað, því að aldrei hefur nokkur maður ^atrúað á mig sem þú. Sérð þú, að þú ert skapaður eftir minni eigin ^bmynd. Já, jafnvel allir menn voru í upphafi skapaðir í minni eigin mynd.

16 Sjá. Þessi líkami, sem þú nú sérð, er líkami ^aanda míns, og manninn hef ég skapað eftir líkama anda míns. Og eins og ég birtist þér í andanum, svo mun ég birtast þjóð minni í holdinu.

17 En eins og ég, Moróní, sagði, get ég ekki sagt til fulls frá því, sem skráð er. Þess vegna nægir mér að segja, að Jesús sýndi sig þessum manni í andanum, já, á sama hátt og í líkingu þess sama líkama og hann ^asýndi sig Nefítum.

18 Og hann þjónaði honum, já,

eins og hann þjónaði Nefítum. Og þetta var allt til þess, að þessi maður mætti vita, að hann væri Guð, vegna hinna mörgu og miklu verka, sem Drottinn hafði sýnt honum.

19 Og vegna vitneskju þessa manns var ekki unnt að varna honum þess að sjá handan ^ahulunnar, og hann sá fingur Jesú, og þegar hann sá hann, féll hann fram af ótta, því að hann vissi, að það var fingur Drottins, og trú hans var ekki lengur trú, heldur vitneskja, án nokkurs efa.

20 Með þessa fullkomnu þekkingu á Guði var þess vegna ^aekki unnt að halda honum handan hulunnar. Þess vegna sá hann Jesú, og Jesús þjónaði honum.

21 Og svo bar við, að Drottinn sagði við bróður Jareds: Sjá. Þú skalt ekki láta það, sem þú hefur séð og heyrt, berast heiminum, fyrr en sá ^atími kemur, að ég mun gjöra nafn mitt dýrðlegt í holdinu. Þess vegna skalt þú varðveita það, sem þú hefur séð og heyrt, og sýna það engum manni.

22 Og sjá. Þegar þú kemur til mín, skalt þú rita þetta og innsigla það, svo að enginn geti túlkað það. Því að þú skalt rita það á tungumáli, sem þeir fá ekki lesið.

23 Og sjá. Þessa ^a tvo steina vil ég gefa þér, og þú skalt einnig

13c LR Jesús Kristur —
Tilvist Krists í
fortílvrunni.

14a LR Endurleysa,
endurleystur,
endurlausn;
Lausnari.

b Mósía 15:1–4.
c Mósía 16:9.
d LR Synir og dætur
Guðs.

15a LR Trú, trúa.
b 1 Mós 1:26–27;
Mósía 7:27;

K&S 20:17–18.

16a LR Andi.
17a 3 Ne 11:8–10.
19a LR Hula.
20a Et 12:19–21.
21a Et 4:1.
23a LR Úrím og Túmmím.

innsigla þá ásamt því, sem þú ritar.

24 Því að sjá. Mál það, sem þú skalt rita, hef ég gjört óljóst. Á mínum tíma mun ég láta þessa steina verða til þess að gjöra það, sem þú munt rita, ljóst fyrir mannanna augum.

25 Og þegar Drottinn hafði mælt þessi orð, sýndi hann bróður Jareds “alla íbúa jarðar, sem verið höfðu, og einnig þá, sem verða mundu. Og engum, já, allt til enda veraldar, hélt hann frá sjónum hans.

26 Því að hann hafði áður sagt honum, að “ef hann vildi ^btrúa á hann, að hann gæti sýnt honum “alla hluti — þá yrðu þeir sýndir honum. Þess vegna gat Drottinn engu frá honum haldið, því að hann vissi, að Drottinn gat sýnt honum allt.

27 Og Drottinn sagði við hann: Rita þetta og “innsigla það, en ég mun sýna það mannanna börnum, þegar mér hentar.

28 Og svo bar við, að Drottinn bauð honum að innsigla “steinana tvo, sem hann hafði fengið og sýna þá ekki, fyrr en Drottinn sýndi mannanna börnum þá.

4. KAPÍTULI

Moróni er boðið að innsigla rit bróður Jareds — Þau verða ekki opinberuð fyrr en menn eiga trú, já, eins og bróðir Jareds — Kristur býður mönnum að

trúa orðum hans og lærisveina hans — Mönnum er boðið að iðrast, trú á fagnaðarerindið og frelsast.

Og Drottinn bauð bróður Jareds að fara niður af fjallinu og úr návist Drottins og “rita það, sem hann hafði séð. En það mátti ekki koma fyrir augu mannanna barna, ^bfyrir en eftir að honum yrði lyft upp á krossinum. Og þess vegna geymdi Mósía konungur það, svo að það birtist ekki heiminum, fyrr en eftir að Kristur sýndi sig þjóð sinni.

2 Og eftir að Kristur hafði sannlega sýnt sig þjóð sinni, bauð hann, að það yrði opinberað.

3 Og eftir að þeim hefur öllum hnignað í vantrú og enginn er eftir nema Lamanítar, en þeir hafa hafnað fagnaðarerindi Krists, þá er mér nú boðið að “fela það aftur í jörðu.

4 Sjá. Ég hef ritað á þessar töflur einmitt það, sem bróðir Jareds sá. En aldrei hefur nokkuð mikilsverðara verið opinberað en það, sem opinberaðist bróður Jareds.

5 Þess vegna hefur Drottinn boðið mér að rita það, og ég hef ritað það. Og hann bauð mér að “innsigla það, og hann hefur einnig boðið mér að innsigla útleggingu þess. Þess vegna hef ég innsiglað ^bútleggjarana samkvæmt boði Drottins.

6 Því að Drottinn mælti við mig: Þetta mun ekki berast þjóðunum

25a HDP Móse 1:8.

26a Et 3:11–13.

b LR Trú, trúa.

c Et 4:4.

27a 2 Ne 27:6–8.

28a K&S 17:1.

4 1a Et 12:24.

LR Ritningar.

b Et 3:21.

3a Morm 8:14.

5a Et 5:1.

b K&S 17:1;

JS — S 1:52.

LR Úrím og

Túmmím.

fyrir en þann dag, er þær iðrast misgjörða sinna og verða hreinar frammi fyrir Drottni.

7 Og á þeim degi, er þær munu iðka trú á mig, segir Drottinn, já, eins og bróðir Jareds gjörði, svo að þær "helgist í mér, þá mun ég opinbera þeim það, sem bróðir Jareds sá, jafnvel afhjúpa fyrir þeim allar mínar opinberanir, segir Jesús Kristur, Guðssonurinn, "faðir himna og jarðar og alls, sem þar er.

8 En sá, sem "stríðir gegn orði Drottins, skal bölvaður verða, og sá, er "hafnar þessu, skal bölvaður verða. Því að þeim mun ég "ekki sýna það sem mikilsverðara er, segir Jesús Kristur, því að ég er sá, sem talar.

9 Og að mínu boði er himnunum lokið upp og þeim "lokað. Og að mínu orði mun "jörðin nötra, og að mínu boði munu íbúar hennar líða undir lok, já, sem af eldi.

10 Og sá, sem trúir ekki orðum mínum trúir ekki lærisveinum mínum. En fari svo, að ég tali ekki, skuluð þér dæma. Því að þér skuluð vita, að það er ég, sem tala á hinum "efsta degi.

11 En með opinberun anda míns mun ég vitja sérhvers, sem "trúir því, sem ég hef talað, og hann skal vita það og bera því vitni. Því að fyrir anda minn mun hann "vita,

að þetta er "sannleikur, því að það fær menn til að gjöra gott.

12 Og allt það, sem fær menn til að gjöra gott, er frá mér komið, því að hið "góða kemur frá engum öðrum en mér. Ég er sá hinn sami og leiðir menn til alls góðs. Sá, sem "ekki trúir orði mínu, mun ekki trúa mér — að ég er. Og sá, sem ekki trúir mér, mun ekki trúa föðurnum, sem sendi mig. Því að sjá. Ég er faðirinn, ég er "ljósið og "lífið og sannleikur heimsins.

13 "Komið til mín, ó þér Þjóðir, og ég mun sýna yður það sem mikilsverðara er, þekkinguna, sem hulin er vegna vantrúar.

14 Komið til mín, ó, þér Ísraelsætt, og yður mun "opinberast það mikilfenglega, sem faðirinn hefur geymt yður frá grundvöllun veraldar; en það hafið þér eigi hlotið vegna vantrúar.

15 Sjá. Þegar þér sviptið vantrúarhulunni frá, sem veldur því, að þér haldist í þessu hörmulega ranglæti og veldur hörku hjartans og blindu hugans, þá skal hið mikilsverða og undursamlega, sem "hulið hefur verið fyrir yður frá grundvöllun veraldar — já, þegar þér ákallið föðurinn í mínu nafni, með sundurkrömdu hjarta og sáriðrandi anda, þá skuluð þér vita, að faðirinn hefur minnst sáttmáls,

7a LR Lausn frá synd.

b Mósía 3:8.

8a 3 Ne 29:5–6; Morm 8:17.

b 2 Ne 27:14; 28:29–30.

c Al 12:10–11;

3 Ne 26:9–10.

9a 1 Kon 8:35; K&S 77:8.

b He 12:8–18;

Morm 5:23.

10a 2 Ne 33:10–15.

11a K&S 5:16.

b LR Vitnisburður.

c Et 5:3–4; Moró 10:4–5.

12a Al 5:40;

Moró 7:16–17.

b 3 Ne 28:34.

c LR Ljós, ljós Krists.

d Jóh 8:12; Al 38:9.

13a 3 Ne 12:2–3.

14a K&S 121:26–29.

15a 2 Ne 27:10.

sem hann gjörði við feður yðar, ó Ísraelsætt.

16 Og þá skulu “opinberanir mínar, sem ég hef látið þjón minn Jóhannes rita, verða afhjúpaðar fyrir augum allra. Hafið í huga, að þegar þér sjáið þetta, þá vitið þér, að sá tími nálgast, er þær skulu opinberaðar verða að öllu leyti.

17 “Þegar þér þess vegna takið á móti þessum heimildum, megið þér vita, að verk föðurins er hafið í öllu landinu.

18 “Iðrist þess vegna öll endimörk jarðar, komið til mín, trúið á fagnaðarerindi mitt og látið ^bskírast í mínu nafni. Því að sá, sem trúir og lætur skírast, skal frelsaður verða, en sá, sem ekki trúir, skal dæmdur verða. Og ^cteikn skulu fylgja þeim, sem trúa á nafn mitt.

19 Og blessaður er sá, sem reynist nafni mínu ^atrúr á efsta degi, því að honum skal lyft upp til dvalar í því ríki, sem honum er fyrirbúið ^bfrá grundvöllun heimsins. Og sjá. Það er ég, sem hef mælt þetta. Amen.

5. KAPÍTULI

Þrjú vitni og verkið sjálft munu standa sem vitnisburður um sannleiksgildi Mormónsbókar.

EN nú hef ég, Moróní, ritað þau orð eftir minni, sem mér var boðið að rita. Og ég hef greint þér frá því, sem ég hef ^ainnsiglað. Snertu það þess vegna ekki til að þýða það, því að það er þér bannað, nema þegar viska Guðs leyfir það.

2 Og sjá. Þú munt njóta þeirra forréttinda að fá að sýna töflurnar ^aþeim, sem aðstoða þig við þetta verk —

3 En ^aþremur skulu þær sýndar fyrir kraft Guðs, og þess vegna munu þeir ^bvita með vissu, að þetta er ^csannleikur.

4 Og af munni þriggja ^avitna munu orð mín staðfest. Og vitnisburður þriggja og þetta verk, sem sýna mun kraft Guðs, og einnig orða hans, sem faðirinn og sonurinn og hinn heilagi andi bera vitni um — allt þetta skal standa sem vitni gegn heiminum á efsta degi.

5 Og fari svo, að þeir iðrist og ^akomi til föðurins í nafni Jesú, skal við þeim tekið inn í Guðsríki.

6 Og hafi ég ekkert vald til þessa, skuluð þér dæma. Því að þér skuluð vita, að ég hef vald, þegar þér sjáið mig, og vér munum standa frammi fyrir Guði á efsta degi. Amen.

16a Op 1:1; 1 Ne 14:18–27.

17a 3 Ne 21:1–9, 28.

18a 3 Ne 27:20; Moró 7:34.

b Jóh 3:3–5.

LR Skírn, skíra —

Nauðsynleg.

c LR Gjafir andans.

19a Mósía 2:41; K&S 6:13.

LR Jesús Kristur —

Að taka á okkur nafn

Jesú Krists.

b 2 Ne 9:18.

5 1a 2 Ne 27:7–8, 21;

Et 4:4–7.

2a 2 Ne 27:12–14;

K&S 5:9–15.

3a 2 Ne 11:3; 27:12.

b K&S 5:25.

c Et 4:11.

4a Sjá formála á K&S 17

og vers 1–3; sjá einnig

„Vitnisburður

þriggja vitna“ á

inngangssíðum

Mormónsbókar.

5a Morm 9:27;

Moró 10:30–32.

6. KAPÍTULI

Vindurinn ber báta Jaredíta til fyrirheitna landsins — Fólkið lofar Drottin fyrir gæsku hans — Óría tilnefndur konungur þeirra — Jared og bróðir hans andast.

Og nú held ég, Moróní, áfram frá-sögninni af Jared og bróður hans.

2 Því að svo bar við, að er Drottinn hafði snert „steinana, sem bróðir Jareds hafði borið upp á fjallið, þá kom bróðir Jareds niður af fjallinu og setti steinana í skipin, sem reiðubúin voru, einn í hvern enda hvers þeirra. Og sjá. Þeir lýstu upp skipin.

3 Og þannig lét Drottinn steina lýsa í myrkri til að veita körlum, konum og börnum birtu, svo að þau þyrftu ekki að fara yfir hin miklu vötn í myrkri.

4 Og svo bar við, að er fólkið hafði safnað saman alls kyns fæðu, sér til lífsviðurværis meðan það væri á vatninu, og einnig fæðu fyrir dýr sín og hjarðir og allar þær skepnur, dýr eða fugla, sem það átti að flytja með sér — og svo bar við, að er það hafði gjört allt þetta, fór það um borð í skip sín eða för, lagði á haf út og fól sig Drottni Guði sínum.

5 Og svo bar við, að Drottinn Guð lét „ofsastorm geisa á vötnunum í átt til hins fyrirheitna lands. Og þannig velktist fólkið á bylgjum hafsins undan vindinum.

6 Og svo bar við, að oft var fólkið

grafið í djúpi sjávar, þegar fjallháar öldurnar braut á því, og einnig vegna hins mikla og hræðilega fárviðris, sem stormurinn olli.

7 En svo bar við, að þegar það var á kafi í djúpinu, skaðaði vatnið það ekkert, þar sem skip þess voru „þétt sem skál, já, þau voru þétt sem ^börk Nóa. Þegar það þess vegna var umlukið miklu vatni, ákallaði það Drottin, og hann færði það aftur upp á yfirborð vatnanna.

8 Og svo bar við, að vindurinn blés stöðugt í átt til hins fyrirheitna lands, meðan fólkið var á vötnunum, og þannig rak það áfram undan vindinum.

9 En það „söng Drottni sínum lof. Já, bróðir Jareds söng Drottni lof, og hann lofaði Drottin og ^bþakkaði honum allan liðlangan daginn. Og þegar náttáði, hætti það ekki að lofa Drottin.

10 Og þannig rak það áfram, en engin sjávarófreskja fékk grandað því, né hvalur skaðað það, og það hafði ljós að staðaldri, hvort sem það var undir vatni eða yfir.

11 Og þannig rak það áfram á vatninu í þrjú hundruð fjörutíu og fjóra daga.

12 Og það lenti á strönd fyrirheitna landsins. Og þegar það hafði stigið fæti sínum á strönd fyrirheitna landsins, laut það til jarðar og auðmýkti sig fyrir Drottni og felldi gleðitár frammi fyrir Drottni, vegna þeirrar miklu

6 2a Et 3:3–6.
5a Et 2:24–25.
7a Et 2:17.

b 1 Mós 6:14;
HDP Móse 7:43.
9a LR Syngja.

b 1 Kro 16:7–9;
Al 37:37;
K&S 46:32.

miskunnar, sem hann hafði auðsýnt því.

13 Og svo bar við, að það fór um landið og hóf að yrkja jörðina.

14 Og Jared átti fjóra syni, og þeir hétu Jakom, Gílgá, Maha og Óría.

15 Og bróðir Jareds gat einnig syni og dætur.

16 Og ^avinir Jareds og bróður hans töldust um tuttugu og tvær sálir, og þeir gátu einnig syni og dætur, áður en þeir komu til fyrirheitna landsins, og þannig tók þeim að fjölga.

17 Og þeim var kennt að ^aganga í auðmýkt frammi fyrir Drottni, og þeim var einnig ^bkennt frá upphæðum.

18 Og svo bar við, að fólkíð tók að dreifa sér um landið og margfaldast og yrkja jörðina, og það styrktist í landinu.

19 En bróðir Jareds tók að eldast og gjörði sér ljóst, að hann yrði fljótlega borinn til grafar. Hann sagði þess vegna við Jared. Söfnum fólkí okkar saman, svo að við getum talið það og fengið að heyra, hvers það óskar af okkur, áður en við hverfum í gröfina.

20 Og samkvæmt því var fólkínu safnað saman. En fjöldi sona og dætra bróður Jareds var tuttugu og tvær sálir, og fjöldi sona og dætra Jareds var tólf, en hann átti fjóra syni.

21 Og svo bar við, að þeir töldu fólk sitt, og eftir að þeir höfðu

talið það, inntu þeir það eftir því, hvers það óskaði af þeim, áður en þeir hyrfu í gröfina.

22 Og svo bar við, að fólkíð óskaði þess, að þeir ^asmyrðu einn sona sinna sem konung yfir það.

23 Og sjá. Þetta hryggði þá. Og bróðir Jareds sagði við það: Þetta mun vissulega ^aleiða til ánaúðar.

24 En Jared sagði við bróður sinn: Leyf þeim að hafa konung. Og hann sagði því við það. Veljið einn af sonum okkar sem konung, já, þann sem þið viljið.

25 Og svo bar við, að fólkíð valdi elsta son bróður Jareds, en nafn hans var Pagag. Og svo bar við, að hann neitaði og vildi ekki verða konungur þess. Og fólkíð vildi, að faðir hans þvingaði hann til þess, en faðir hans vildi það ekki, og hann bauð þeim að þvinga engan mann til konungdóms yfir þeim.

26 Og svo bar við, að fólkíð valdi alla bræður Pagags, en þeir vildu það ekki.

27 Og svo bar við, að synir Jareds vildu það ekki heldur, að einum undanskildum, og Óría var smurður konungur fólks síns.

28 Og hann tók við völdum, og fólkínu vegnaði vel, og það varð mjög efnað.

29 Og svo bar við, að Jared andaðist og bróðir hans einnig.

30 Og svo bar við, að Óría gekk auðmjúkur frammi fyrir Drottni, minnugur þess, hversu mikið Drottinn hafði gjört fyrir föður

16a Et 1:41.

17a LR Ganga, ganga með Guði.

^b LR Opinberun.

22a LR Smyrja.

23a 1 Sam 8:10–18;

Mósía 29:16–23.

hans, og hann fræddi einnig fólkið um þá mikilfenglegu hluti, sem Drottinn hafði gjört fyrir feður þeirra.

7. KAPÍTULI

Óría ríkir í réttlæti — Mitt í valdaráni og sundurlyndi eru andstæð konungdæmi Súle og Kórhors sett á fót — Spámenn fordæma ranglæti og skurðgoðadýrkun fólksins og það iðrast.

Og svo bar við, að Óría dæmði í landinu réttlátlega alla sína daga, og dagar hans urðu mjög margir.

2 Og hann gat syni og dætur. Já, hann gat þrjátíu og eitt barn, og þar á meðal tuttugu og þrjá syni.

3 Og svo bar við, að hann gat einnig Kíb á gamalsaldri. Og svo fór, að Kíb ríkti í hans stað, en Kíb gat Kóríhor.

4 Og þegar Kóríhor var þrjátíu og tveggja ára, reis hann upp gegn föður sínum, fór yfir til Nehorslands og dvaldist þar, og hann gat syni og dætur, og þau urðu ákaflega frið sýnum. Þess vegna dró Kóríhor marga aðra með sér.

5 Og þegar hann hafði dregið saman her, fór hann til Morónslands, þar sem konungurinn bjó, og tók hann höndum. Og þannig rættist það, sem bróðir Jareds "sagði, að þau yrðu leidd í ánauð.

6 En Morónsland, þar sem

konungurinn bjó, var nærri því landi, sem Nefítar nefna Auðnina.

7 Og svo bar við, að Kíb og fólk hans lifði í ánauð undir Kóríhor, syni hans, þar til Kíb varð háaldradur. Engu að síður gat Kíb Súle á gamalsaldri, meðan hann var enn í ánauð.

8 Og svo bar við, að Súle var reiður bróður sínum, en Súle varð sterkur og kröftugur, miðað við mannlegan styrk. Og hann var einnig mjög réttlátur maður.

9 Þess vegna fór hann til Efraímshæðar og bræddi úr hæðinni og gjörði sverð úr stáli fyrir þá, sem farið höfðu með honum. Og er hann hafði vopnað þá sverðum, sneri hann aftur til Nehorsborgar og háði orrustu við bróður sinn, Kóríhor, og náði þannig að koma föður sínum, Kíb, aftur til valda.

10 Og vegna þess, sem Súle hafði gjört, afhenti faðir hans honum ríkið. Þess vegna ríkti hann í stað föður síns.

11 Og svo bar við, að hann dæmði í réttlæti, og ríki hans breiddist um landið, því að fólkinu hafði fjölgað mjög.

12 Og svo bar við, að Súle gat marga syni og dætur.

13 En Kóríhor iðraðist hinna mörgu illverka sinna, og þess vegna veitti Súle honum vald í ríki sínu.

14 Og svo bar við, að Kóríhor átti marga syni og dætur, og meðal sona Kóríhors var einn, sem Nóa hét.

15 Og svo bar við, að Nóa reis

gegn konunginum Súle og einnig föður sínum Kóríhor og dró með sér Kóhor bróður sinn og einnig alla bræður sína og marga fleiri.

16 Og hann barðist við Súle konung og náði þannig fyrsta erfðalandi þeirra, og hann varð konungur yfir þeim hluta landsins.

17 Og svo bar við, að enn gekk hann til orrustu gegn Súle konungi. Og hann tók Súle konung og flutti hann fjötraðan til Moróns.

18 Og svo bar við, að rétt áður en hann skyldi drepinn, læddust synir Súle að nóttu til inn í hús Nóa og drápu hann og brutu niður dyr fangelsisins og leiddu föður sinn út og til hásetis síns í sínu eigin ríki.

19 En sonur Nóa tók því við ríki hans í hans stað, en þeir náðu ekki framar valdi yfir Súle konungi, og þeim, sem voru undir stjórn Súle konungs, vegnaði mjög vel, og þeir urðu að mikilli þjóð.

20 En landið skiptist í tvö ríki, ríki Súle og ríki Kóhors, sonar Nóa.

21 Og Kóhor, sonur Nóa, leiddi fólk sitt til orrustu við Súle, en Súle sigraði og drap Kóhor.

22 Og Kóhor átti son, er Nimrod hét og Nimrod afhenti Súle ríki Kóhors, og hann fann náð fyrir augum Súle, sem varð honum vinveittur, og hann gjörði það, sem hann vildi í ríki Súle.

23 Og á valdatíma Súle komu einnig fram spámenn meðal fólksins, sem Drottinn sendi, og þeir

sögðu, að ranglæti og "falsguðadýrkun fólksins leiddi bölvun yfir landið og því yrði tortímt, ef það iðraðist ekki.

24 En svo bar við, að fólkið smánaði þá og hæddi. En Súle konungur felldi dóm yfir öllum þeim, sem smánuðu spámennina.

25 Og hann setti lög um allt landið, sem veittu spámönnunum rétt til að fara hvert sem þeir vildu, og á þann hátt var þjóðin leidd til iðrunar.

26 Og vegna þess að þjóðin iðraðist misgjörða sinna og hjáguðadýrkunar, hlífði Drottinn henni, og henni fór enn á ný að vegna vel í landinu. Og svo bar við, að Súle gat syni og dætur á gamalsaldri.

27 Fleiri styrjaldir urðu ekki á dögum Súle, en hann var minnugur þeirra miklu hluta, sem Drottinn hafði gjört fyrir feður hans, er hann leiddi þá "yfir djúpið mikla til fyrirheitna landsins. Þess vegna dæmdi hann í réttlæti alla sína daga.

8. KAPÍTULI

Sundurlyndi og deilur eru um allt ríkið — Akis stofnar til eiðbundinna leynisamtaka um að drepa konunginn — Leynisamtök eru af djöflinum og afleiðing þeirra er tortíming þjóða — Þjóðir nútímans varaðar við leynisamtökum, sem munu reyna að kollvarpa frelsi allra landa og þjóða.

Og svo bar við, að hann gat Ómer,

og Ómer ríkti í hans stað. Og Ómer gat Jared, og Jared gat syni og dætur.

2 Og Jared reis gegn föður sínum og fór og bjó í Hetlandi. Og svo bar við, að honum tókst með slægð að tæla marga, uns hann náði hálfu ríkinu.

3 Og þegar hann hafði náð hálfu ríkinu, réðst hann til orrustu við föður sinn, og hann flutti föður sinn burt í ánaud og lét hann þræla í ánaudinni —

4 Og á valdatíma Ómers eyddi hann helmingi ævi sinnar í ánaud. Og svo bar við, að hann gat syni og dætur, en á meðal þeirra voru Esrom og Kóríantumr —

5 Og þeir voru mjög reiðir vegna breytni Jareds bróður síns, og þeir söfnuðu liði og börðust við Jared. Og svo bar við, að þeir háðu orrustu við hann að nóttu til.

6 Og svo bar við, að þegar þeir höfðu drepið hermenn Jareds, ætluðu þeir að drepa hann einnig, en hann grátbændi þá að drepa sig ekki og lofaði að eftirláta föður sínum ríki sitt. Og svo bar við, að þeir þyrmdu lífi hans.

7 En nú varð Jared ákaflega hryggur yfir missi ríkisins, því að ríkið og vegsemd heimsins áttu hjarta hans.

8 Þegar dóttir Jareds, sem var mjög hyggin, sá hryggð föður síns, hugsaði hún ráð til að endurvinnna ríkið fyrir föður sinn.

9 En dóttir Jareds var ákaflega fríð sýnum. Og svo bar við, að

hún ræddi við föður sinn og sagði: Hvers vegna hryggist faðir minn svo mjög? Hefur hann ekki lesið heimildirnar, sem feður okkar fluttu með sér yfir hið mikla djúp? Sjá. Er þar ekki að finna frásögn af því, er þeir til forna náðu konungdómum og mikilli dýrð með "leyniráðum?

10 Þess vegna skal faðir minn senda eftir Akis, syni Kimnors. Og sjá. Ég er fríð sýnum, og ég mun "dansa fyrir hann og mun geðjast honum svo, að hann mun vilja fá mig fyrir eiginkonu. Og ef hann þá óskar þess af þér, að þú gefir sér mig fyrir eiginkonu, skaltu segja: Ég skal gefa þér hana, ef þú færir mér höfuð föður míns, konungsins.

11 En Ómer var vinur Akisar, og þegar Jared hafði sent eftir Akis, dansaði dóttir Jareds fyrir hann, og hún geðjaðist honum svo, að hann vildi fá hana fyrir eiginkonu. Og svo bar við, að hann sagði við Jared: Gef mér hana fyrir eiginkonu.

12 En Jared sagði við hann: Ég skal gefa þér hana, ef þú vilt færa mér höfuð föður míns, konungsins.

13 Og svo bar við, að Akis safnaði öllu ættfólki sínu til húss Jareds og sagði við það: Viljið þið sverja þess eidda að vera mér trú í öllu, sem ég bið ykkur um?

14 Og svo bar við, að það "sór þess eidd við Guð á himnum og einnig við himna og jörð og við höfuð sitt, að hver sá, sem viki

sér undan því að veita Akis lið, skyldi missa höfuð sitt, og hver, sem mundi uppljóstra því, sem Akis segði, skyldi týna lífi sínu.

15 Og svo bar við, að þannig samsinnti það Akis. Og Akis lét það vinna þá “eiða, sem menn til forna höfðu einnig svarið, þegar þeir sóttust eftir völdum, en eiðar þessir höfðu gengið mann fram af manni allt frá ^bKain, sem var morðingi frá upphafi.

16 Og með krafti djöfulsins voru þeir varðveittir, svo að fólkið gengist undir þá og héldist í myrkri og hjálpaði þeim, sem sóttust eftir yfirráðum til að ná völdum og myrða, ræna, ljúga og drýgja alls kyns ranglæti og hördóma.

17 En það var dóttir Jareds, sem gaf honum hugmyndina um að leita þessara hluta aftan úr fortíðinni, og Jared læddi hugmyndinni áfram til Akisar. Þess vegna fræddi Akis ættmenn sína og vini um þetta og leiddi þá afvega með fögrum loforðum um allt, sem hugur þeirra girntist.

18 Og svo bar við, að þeir mynduðu “leynisamtök, já, eins og til forna, en slík samtök eru viðurstygglegri og ranglátari en allt annað í augum Guðs-

19 Því að Drottinn vinnur ekki í leyndum samtökum, né heldur vill hann, að maðurinn úthelli blóði, heldur hefur hann með

öllu bannað það, frá upphafi mannsins.

20 En ég, Moróní, rita ekki um eðli eiða þeirra né samtaka, því að mér hefur verið kunngjört, að slíkt sé meðal allra manna og einnig meðal Lamaníta.

21 Og það hefur valdið “tortímingu þeirrar þjóðar, sem ég nú tala um, og einnig tortímingu Nefþjóðarinnar.

22 Og hverri þjóð, sem styður slík leynisamtök til valda og auðs, þar til þau eru útbreidd orðin meðal þjóðarinnar, sjá, henni skal tortímt. Því að Drottinn mun ekki leyfa, að “blóð hans heilögu, sem hún mun úthella, hrópi stöðugt til hans úr jörðunni um ^bhefn yfir hana, án þess að hefna þeirra.

23 Ó, þér Þjóðir. Einmitt þess vegna er það viska Guðs, að þetta sé yður sýnt, svo að með því megið þér iðrast synda yðar og leyfið ekki þessum morðsamtökum, sem stofnuð eru til að ná “völdum og auði, að ná tókum á yður — Og þetta verk, já, verk tortímingar kemur yfir yður, jafnvel sverð réttvísi hins eilífa Guðs fellur yfir yður, yður til falls og tortímingar, ef þér leyfið slíkt.

24 Þess vegna býður Drottinn yður, að þegar þér sjáið slíkt koma yðar á meðal, þá skuluð þér vakna til fullrar vitundar um hörmulegt ástand yðar vegna þeirra leynisamtaka, sem meðal yðar eru.

15a LR Eiður.
b 1 Mós 4:7–8;
HDP Móse 5:28–30.
18a LR Leynisamtök,

samsæri.
21a He 6:28.
22a Morm 8:27, 40–41.
b LR Hefnd.

23a 1 Ne 22:22–23;
HDP Móse 6:15.

Eða vei sé þeim vegna þess blóðs, sem úthellt hefur verið, því að það hrópar úr duftinu á hefnd yfir þau og einnig yfir þá, sem komu þeim á fót.

25 Því að svo ber við, að hver sá, sem byggir slíkt upp, leitast við að útrýma “frelsi allra landa, þjóða og ríkja. Og slíkt felur í sér tortímingu allra þjóða, því að það er uppbyggt af djöflinum, sem er faðir allra lyga, já, einmitt hinum sama lygara og ^btældi fyrstu foreldra okkar, já, hinum sama lygara og lét manninn fremja morð frá fyrstu tíð og sem hert hefur hjörtu manna, svo að þeir hafa myrt spámennina og grýtt þá og vísað þeim burt frá upphafi.

26 Þess vegna er mér, Moróní, boðið að rita þetta, svo að hið illa verði afnumið og sá tími komi, að Satan hafi “ekkert vald yfir hjörtum mannanna barna, heldur ^bhneigist þau stöðugt til góðra verka og rati að uppsprettu alls réttlætis og láti frelsast.

9. KAPÍTULI

Konungdómurinn gengur manna á milli vegna arftaka, launráða og morða — Emer sá son réttlætisins — Margir spámenn kalla menn til iðrunar — Hungursneyð og eiturslöngur hrella fólkið.

Og nú held ég, Moróní, áfram frá-sögn minni. En svo fór, að vegna

“leynisamtaka Akisar og vina hans náðu þeir undir sig ríki Ómers.

2 Engu að síður var Drottinn Ómer miskunnsamur og einnig þeim sonum hans og dætrum, sem ekki sóttust eftir að tortíma föður sínum.

3 Og Drottinn aðvaraði Ómer í draumi og sagði honum að flýja land. Þess vegna fór Ómer úr landi og ferðaðist margar dagleiðir. Og hann fór yfir “Símhæðina og fram með henni og kom á þann stað, ^bþar sem Nefítum var tortímt, og þaðan í austurátt til staðar, sem nefndist Ablom og er við ströndina. Þar reisti hann tjald sitt og einnig synir hans og dætur og allt hans heimilisfólk, nema Jared og hans fjölskylda.

4 Og svo bar við, að Jared var smurður konungur þjóðarinnar með hendi ranglætisins, og hann gaf Akis dóttur sína fyrir eiginkonu.

5 Og svo bar við, að Akis sóttist eftir lífi tengdaföður síns, og hann sneri sér til þeirra, sem höfðu svarið honum hina fornu eiða, og þeir hjuggu höfuðið af tengdaföður hans, er hann sat í hásæti sínu og hlýddi á þegna sína.

6 Því að svo mikil var útbreiðsla þessara ranglátu og leyndu samtaka, að þau höfðu spillt hjörtum allrar þjóðarinnar. Þess vegna var Jared myrtur í hásæti sínu, en Akis ríkti í hans stað.

7 Og svo bar við, að Akis varð

25a LR Frjáls, frelsi.
b 1 Mós 3:1–13;
2 Ne 9:9;
Mósía 16:3;

HDP Móse 4:5–19.
26a 1 Ne 22:26.
b 2 Ne 33:4;
Moró 7:12–17.

9 1a Et 8:13–17.
3a Morm 1:3; 4:23.
b Morm 6:1–15.

afbrýðisamur við son sinn og lét þess vegna loka hann í fangelsi og hélt honum þar við lítið sem ekkert fæði, þar til hann leið dauða.

8 En bróðir þess, sem leið dauða (nafn hans var Nimra) var reiður föður sínum vegna þess, sem hann hafði gjört bróður hans.

9 Og svo bar við, að Nimra safnaði saman nokkrum hópi manna, og þeir flúðu landið, fóru til Ómers og dvöldu með honum.

10 Og svo bar við, að Akis gat aðra syni, og þeir unnu hylli fólksins, þó að þeir hefðu svarið honum þann eið að vinna alls konar misgjörðir að hans óskum.

11 En þjóð Akisar þráði gróða á sama hátt og Akis þráði völd. Þess vegna buðu synir Akisar fólkinu fé og fengu þannig meiri hluta þjóðarinnar á sitt band.

12 Og margra ára styrjöld hófst á milli Akisar og sona hans, já, þar til við lá, að allir þegnar ríkisins tortímdust, já, allir nema þrjátíu sálir og þeir, sem flúid höfðu með Ómer.

13 Þess vegna komst Ómer aftur til valda í erfðalandi sínu.

14 Og svo bar við, að Ómer varð aldinn að árum, en gat þó Emer á gamalsaldri, og hann smurði Emer til konungdóms eftir sig.

15 Og eftir að hann hafði smurt Emer til konungs, upplifði hann frið í landinu í tvö ár, en þá andaðist hann eftir að hafa lifað marga sorgardaga. Og svo bar við, að Emer ríkti í hans stað og fetaði í fótspor föður síns.

16 Og Drottinn hóf á ný að létta af bölvuninni í landinu, og ætt Emers þreifst mjög vel undir hans stjórn, og á sextíu og tveimur árum varð fólkið mjög völdugt og stórefnað —

17 Fólkið átti alls kyns ávexti, korn, silki, fint lín, gull, silfur og aðra dýrmæta hluti —

18 Einnig alls kyns fénað, uxa og kýr, sauðfé, svín og geitur og alls kyns önnur dýr, sem voru mannum til matar.

19 Og það átti einnig „hesta og asna, og þar voru filar, kúrelómur og kúmómur, sem öll voru mannum til nytja og þá sérstaklega fílarinnir, kúrelómurnar og kúmómurnar.

20 Og þannig úthellti Drottinn blessunum sínum yfir þetta land, sem var öllum öðrum löndum „betra, og hann bauð, að allir, sem eignuðust landið, skyldu eigna það Drottni, ella yrði þeim ^btortímt, þegar misgjörðir þeirra næðu hámarki. Því að yfir slíka, segir Drottinn, mun ég úthella fyllingu heilagrar reiði minnar.

21 Og Emer ríkti í réttlæti alla sína daga, og hann gat marga syni og dætur. Og hann gat Kóríantum, og hann smurði Kóríantum til valda í sinn stað.

22 Og eftir að hann hafði smurt Kóríantum til valda í sinn stað, lifði hann í fjögur ár, og friður ríkti í landinu. Já, og hann sá jafnvel „Son réttlætisins og gladdist

19a 1 Ne 18:25.
20a Et 2:15.

^b Et 2:8–11.
22a 3 Ne 25:2.

og fagnaði tíma hans. Og hann dó í friði.

23 Og svo bar við, að Kóríantum fetaði í fótspor föður síns og reisti margar voldugar borgir og kenndi þjóð sinni það sem gott var alla sína daga. En svo bar við, að hann eignaðist engin börn, fyrr en hann var fjörgamall.

24 Og svo bar við, að eiginkona hans lést, þegar hún var eitt hundrað og tveggja ára gömul. Og svo bar við, að Kóríantum tók sér háaldraður unga stúlku fyrir eiginkonu og gat með henni syni og dætur. Hann lifði því, þar til hann var eitt hundrað fjörutíu og tveggja ára að aldri.

25 Og svo bar við, að hann gat Kóm, og Kóm tók við völdum í hans stað, og hann ríkti í fjörutíu og níu ár, og hann gat Het og einnig aðra syni og dætur.

26 Og fólkið dreifðist um allt landið, og enn á ný varð mjög mikið ranglæti í landinu, og Het tók að gæla við hin fornu leyniráð um að tortíma föður sínum.

27 Og svo bar við, að hann steypiti föður sínum af stóli, því að hann drap hann með sínu eigin sverði og tók völd í hans stað.

28 Og enn á ný komu fram spámennt í landinu og boðuðu fólkinu iðrun — að það yrði að greiða Drottni veg, ella félli bölvun yfir landið, já, jafnvel mikil hungursneyð, sem mundi tortíma því, ef það iðraðist ekki.

29 En fólkið trúði ekki orðum spámannanna, heldur vísaði þeim á burt. Sumum þeirra var varpað í gryfju og þeir látnir farast. Og svo bar við, að allt þetta gjörði það að boði Hets konungs.

30 Og svo bar við, að mikið hallæri varð í landinu og íbúarnir hrundu niður vegna hallærisins, því að ekkert regn féll á landið.

31 Og einnig komu eiturslögur yfir landið og ollu mörgum eitrun. Og svo bar við, að hjarðir þeirra tóku að flýja eiturslögurnar og héldu til landsins í suðri, sem Nefítar kölluðu "Sarahemla.

32 Og svo bar við, að mörg dýranna fórust á leiðinni, en þó komust sum þeirra til landsins í suðri.

33 Og svo bar við, að Drottinn lét "eiturslögurnar hætta að elta þau og lét þær loka leiðinni, svo að fólkið kæmist ekki fram hjá, þannig að þeir, sem það reyndu, féllu fyrir eiturslögnum.

34 Og svo bar við, að fólkið fylgdi á eftir dýrunum og át hræ þeirra, sem féllu á leiðinni, þar til það hafði etið þau öll. Þegar fólkið nú sá, að það hlyti að farast, tók það að "iðrast misgjörða sinna og ákallaði Drottin.

35 Og svo bar við, að þegar það hafði "auðmýkt sig nægilega fyrir Drottin, sendi hann regn á yfirborð jarðar, og fólkið tók að þrífast aftur, og landið í norðri fór að bera ávöxt og öll löndin

31a Om 1:13.
33a 4 Mós 21:6–9.

34a Al 34:34;
K&S 101:8.

35a K&S 5:24.

umhverfis. Og Drottinn sýndi því vald sitt með því að vernda það gegn hungursneyðinni.

10. KAPÍTULI

Einn konungur tekur við af öðrum — Sumir konunganna eru réttlátir, aðrir ranglátir — Þegar réttlætið ríkir, blessar Drottinn fólkið og því vegnar vel.

Og svo bar við, að Ses, sem var afkomandi Hets, hóf að reisa veikburða fólk við — Því að Het hafði farist í hungursneyðinni og allt hans heimilisfólk, nema Ses.

2 Og svo bar við, að Ses minntist þess, hvernig feður hans höfðu tortímst, og hann byggði upp réttlátt ríki, því að hann hafði hugfast, það sem Drottinn hafði gjört, er hann leiddi Jared og bróður hans “yfir djúpið. Og hann gekk á vegi Drottins og gat syni og dætur.

3 Og elsti sonur hans, sem hét Ses, reis gegn honum, en ræningi réð hann af dögum vegna auðæfa hans, og veitti það föður hans frið á ný.

4 Og svo bar við, að faðir hans reisti margar borgir í landinu, og fólkið tók enn á ný að dreifast um allt landið. En Ses varð háaldraður, og hann gat Riplakis. Og hann dó, og Riplakis ríkti í hans stað.

5 Og svo bar við, að Riplakis gjörði ekki það, sem rétt var í augum Drottins, því að hann átti margar eiginkonur og “hjákonur. Og hann lagði það á menn, sem

erfitt var að bera. Já, hann skattlagði þá þungum sköttum, og fyrir skattféð reisti hann margar stórar byggingar.

6 Og hann reisti sér sérlega fagurt háseti. Og hann byggði mörg fangelsi, og öllum, sem ekki vildu taka á sig skatta hans, var varpað í fangelsi, og öllum, sem ekki gátu greitt skatta, varpaði hann í fangelsi. Og hann lét þá erfiða stöðugt fyrir viðurværi sínu og lét taka alla þá af lífi, sem neituðu að vinna.

7 Þannig lét hann vinna fyrir sig öll hin glæstu verk, já, jafnvel hið fagra gull sitt lét hann hreinsa í fangelsi, og alls kyns hagleiksverk lét hann vinna þar. Og svo bar við, að hann þrengdi að þjóð sinni með hórlifnaði sínum og viðurstygð.

8 En þegar hann hafði setið við völd í fjörutíu og tvö ár, reis þjóðin gegn honum, og styrjaldir hófust að nýju í landinu með þeim afleiðingum, að Riplakis var drepinn og afkomendur hans hraktir úr landi.

9 Og svo bar við, að mörgum árum síðar kom Moríanton (afkomandi Riplakisar) á fót her úr hópi útлага. Hann háði orrustu við fólkið og náði mörgum borgum á sitt vald, og styrjöldin varð mjög hörð og stóð yfir í mörg ár, og hann náði öllu landinu á sitt vald og gjörðist konungur alls landsins.

10 Og eftir að hann hafði tekið sér konungsvald, létti hann okinu

af þjóðinni og vann þannig hylli hennar, og hún smurði hann sem konung sinn.

11 Og hann var réttvís gagnvart þjóðinni, en ekki gagnvart sjálfum sér, vegna hórlífnaðar síns. Og þess vegna var hann útilokaður úr návist Drottins.

12 Og svo bar við, að Moríanton byggði margar borgir, og þjóðin varð mjög auðug undir stjórn hans, bæði að byggingum, gulli og silfri, kornökrum, hjörðum af búpeningi og öðru slíku, sem hún hafði endurheimt.

13 Og Moríanton varð háaldr- aður, og þá gat hann Kim, og Kim tók við völdum af föður sínum og hafði ríkt í átta ár, er faðir hans andaðist. Og svo bar við, að Kim stjórnaði ekki af réttlæti og naut þess vegna ekki hylli Drottins.

14 Og bróðir hans reis gegn honum og leiddi hann í ánauð, og hann mátti þola ánauð alla sína ævi. Og hann gat syni og dætur í ánauðinni, og á gamalsaldri gat hann Leví. Og hann andaðist.

15 Og svo bar við, að Leví þjónaði í ánauð eftir dauða föður síns í fjórutíu og tvö ár. Og hann háði stríð við konung landsins og hlaut þannig sjálfur konungdóminn.

16 Og eftir að hann hafði náð ríkinu, gjörði hann það, sem rétt var í augum Drottins, og þjóðinni vegnaði vel í landinu, og hann náði mjög háum aldri og gat syni og dætur. Og hann gat einnig Kórom, sem hann smurði til konungs eftir sig.

17 Og svo bar við, að Kórom gjörði það, sem rétt var í augum Drottins alla sína daga, og hann gat marga syni og dætur. Og eftir að hafa litið marga daga andaðist hann, eins og allir á jörðunni gjöra, en Kís ríkti í hans stað.

18 Og svo bar við, að Kís andaðist einnig, og Líb tók við völdum af honum.

19 Og svo bar við, að Líb gjörði einnig það, sem gott var í augum Drottins. Og á tímum Líbs var "eiturslöngunum tortímt. Þjóðin komst þess vegna til landsins í suðri til veiða og fæðuöflunar fyrir íbúa landsins, því að í landinu var krökkt af skógardýrum. Og Líb var einnig sjálfur mikill veiðimaður.

20 Og reist var mikil borg við þrönga eiðið, þar sem sjórinn skiptir landinu.

21 Og landinu í suðri var haldið óbyggðu sem veiðilandi, en allt landið í norðri var setið íbúum.

22 Og þeir voru mjög iðjusamir og keyptu og seldu og skiptu hver við annan og höfðu hag af.

23 Og þeir nýttu alls kyns málma og unnu gull, silfur, "járn, látún og hvers kyns málma, og þeir unnu þá úr jörðu. Þeir grófu þess vegna upp mikla hauga af jörð til að ná málmum úr jörðu, gulli og silfri, járn og kopar. Og þeir unnu alls kyns hagleiksverk.

24 Og þeir notuðu silki og finofið lín og unnu alls konar klæði til að hylja nekt sína.

25 Og þeir gjörðu alls kyns verkfæri til að rækta jörðina, bæði til að plægja, sá, uppskera, mala og þreskja.

26 Og þeir gjörðu alls kyns verkfæri, sem þeir beittu dýrum sínum fyrir.

27 Og þeir gjörðu alls kyns stríðsvopn og smíðuðu alls kyns hagleiksgripi.

28 Og engir gátu notið meiri blessunar en þeir, né meiri velmegunar af hendi Drottins. Og þeir voru í því landi, sem var öllum öðrum löndum betra, því að Drottinn hafði svo mælt.

29 Og svo bar við, að Lív lifði í mörg ár og gat syni og dætur, og hann gat einnig Heartom.

30 Og svo bar við, að Heartom tók við völdum af föður sínum. Og þegar Heartom hafði ríkt í tuttugu og fjögur ár, sjá, þá var hann sviptur konungdómi sínum. Og hann þjónaði mörg ár í ánauð, já, alla þá daga, sem hann átti ólifaða.

31 Og hann gat Het, og Het lifði í ánauð alla sína daga. Og Het gat Aron, og Aron lifði í ánauð alla sína daga, og hann gat Amnigadda, og Amnigadda lifði einnig í ánauð alla sína daga. Og hann gat Kóríantum, og Kóríantum lifði í ánauð alla sína daga. Og hann gat Kóm.

32 Og svo bar við, að Kóm náði til sín hálfu ríkinu. Og hann ríkti yfir hálfu ríkinu í fjörutíu og tvö ár. Og hann háði orrustu við konunginn Amgíd, og þeir börðust

í mörg ár, en á þeim tíma náði Kóm völdum yfir Amgíd og náði því, sem eftir var ríkisins á sitt vald.

33 Og á dögum Kóms tók að bera á ræningjum í landinu, og þeir tileinkuðu sér hin fornu ráð og unnu “eiða að fornum hætti og leituðust enn við að tortíma ríkinu.

34 Kóm barðist ákaft gegn þeim, en engu að síður tókst honum ekki að sigra þá.

11. KAPÍTULI

Styrjaldir, sundurlyndi og ranglæti eru ráðandi í lífi Jaredíta — Spámenn segja fyrir um algjöra tortímingu Jaredíta, ef þeir iðrist ekki — Fólkið hafnar orðum spámannanna.

Og á dögum Kóms risu einnig upp margir spámenn, sem spáðu fyrir um tortímingu hinnar miklu þjóðar, ef hún iðraðist ekki og sneri sér til Drottins og léti af drápum sínum og ranglæti.

2 Og svo bar við, að þjóðin hafnaði spámönnunum, og þeir flúðu og leituðu sér hælís hjá Kóm, því að fólkið sóttist eftir að tortíma þeim.

3 Og þeir spáðu mörgu fyrir Kóm, og hann var blessaður alla þá daga, sem hann átti eftir ólifaða —

4 Og hann lifði til hárrar elli og gat Siblom, og Siblom tók við völdum eftir hann. Og bróðir Sibloms reis gegn honum og miklar styrjaldir urðu um allt landið.

5 Og svo bar við, að bróðir Sibloms lét lífláta alla spámennina, sem spáðu fyrir um tortímingu Þjóðarinnar —

6 Og miklar hörmungar urðu í öllu landinu, því að þeir höfðu sagt, að mikil bölvun kæmi yfir landið og einnig Þjóðina, og að á meðal þeirra yrði mikil tortíming, slík sem aldrei áður hafði þekkt á yfirborði jarðar, og bein þeirra yrðu sem „haugar af jörð á yfirborði landsins, ef þeir iðrudust ekki ranglætis síns.

7 En þeir hlustuðu ekki á raust Drottins vegna ranglátra samtaka sinna. Þess vegna urðu styrjaldir og ófriður í öllu landinu og einnig mikil hungursneyð og drepsóttir, svo að mikil tortíming varð, slík sem aldrei áður hafði þekkt á yfirborði jarðar, en allt gjörðist þetta á dögum Sibloms.

8 Og fólkið tók að iðrast misgjörða sinna, og í samræmi við það auðsýndi Drottinn því „miskunn.

9 Og svo bar við, að Siblom var drepinn, en Set færður í ánauð, og lifði hann í ánauð alla sína daga.

10 Og svo bar við, að Aha, sonur hans, náði völdum og ríkti yfir Þjóðinni alla sína daga. Og hann framdi alls konar misgjörðir á ævidögum sínum, og olli þannig miklum blóðsúthellingum. Og dagar hans urðu fáir.

11 Og Etem, sem var afkomandi Aha, náði völdum, og hann gjörði einnig margt ranglátt, meðan hann lifði.

12 Og svo bar við, að á tímum Etems voru margir spámenn, sem spáðu á ný fyrir Þjóðinni. Já, þeir spáðu því, að Drottinn mundi gjörsamlega tortíma Þjóðinni af yfirborði jarðar, ef hún iðraðist ekki misgjörða sinna.

13 En svo bar við, að fólkið herti hjörtu sín og vildi ekki „hlýða á orð þeirra. En spámennirnir urðu hryggir og drógu sig í hlé frá fólkinu.

14 Og svo bar við, að Etem ríkti í ranglæti alla sína daga, og hann gat Morón. Og svo bar við, að Morón tók við völdum af honum, og Morón gjörði það, sem illt var í augum Drottins.

15 Og svo bar við, að „uppreisn varð meðal Þjóðarinnar vegna leynisamtakanna, sem risið höfðu upp til að ná völdum og gróða. Og upp reis völdugur misindismaður, og hann barðist við Morón og vann hálf t ríkið og hélt því í mörg ár.

16 En svo bar við, að Morón sigraði hann og náði ríkinu aftur.

17 En svo bar við, að upp reis annar völdugur maður, og var hann afkomandi bróður Jareds.

18 Og svo bar við, að hann sigraði Morón og náði völdum, og því lifði Morón í ánauð þann tíma, sem hann átti eftir ólifaðan. Og hann gat Kóríantor.

19 Og svo bar við, að Kóríantor lifði í ánauð alla sína daga.

20 Og á dögum Kóríantors risu upp margir spámenn, sem

spáðu um mikla og undursamlega hluti og boðuðu þjóðinni iðrun og sögðu, að ef hún iðraðist ekki, mundi Drottinn Guð fella “dóm yfir henni, henni til algjörar tortímingar —

21 Og að Drottinn Guð mundi senda eða leiða “aðra til þessa lands með krafti sínum, á sama hátt og hann hefði leitt feður þeirra, og að þeir mundu eignast landið.

22 En þau höfnuðu öllu, sem spámennirnir sögðu, vegna leynifélaga sinna og ranglátrar viðurstyggðar.

23 Og svo bar við, að Kóríantor gat “Eter og dó síðan, og hafði þá lifað í ánauð alla sína daga.

12. KAPÍTULI

Spámaðurinn Eter hvetur fólkið til trúar á Guð — Moróní segir frá þeim undrum og kraftaverkum, sem trúin getur komið til leiðar — Trúin gerði bróður Jareds mögulegt að sjá Krist — Drottinn gefur mönnum veikleika, til þess að þeir verði auðmjúkir — Í trú bauð bróðir Jareds fjallinu Serín að flytja sig — Trú, von og kærleikur skilyrði sáluhjálpar — Moróní sá Jesú augliti til auglitis.

OG svo bar við, að Eter lifði á tímum Kóríantumrs, en “Kóríantumr var konungur yfir öllu landinu.

2 Og “Eter var spámaður Drottins. Þess vegna gekk Eter fram á tímum Kóríantumrs og hóf að spá fyrir þjóðinni, því að ekkert gat ^baftrað honum vegna anda Drottins, sem í honum bjó.

3 Því að hann “hrópaði frá sólaruppkomu til sólarlags og hvatti fólkið til að trúa á Guð og iðrast, ella yrði því ^btortímt, og hann sagði því, að fyrir “trú uppfyllist allir hlutir —

4 Sá, sem tryði á Guð, gæti því með vissu “vonast eftir betri heimi, já, jafnvel samastaðar til hægri handar Guði, en sú von sprettur af trú og er sálum manna sem ^bakkeri, er gjörir þá örugga og trúfasta og ætíð ríka af “góðum verkum, Guði til “dýrðar.

5 Og svo bar við, að Eter spáði fyrir fólkinu um mikla og undursamlega hluti, sem það trúði ekki, vegna þess að það sá þá ekki.

6 Og nú vil ég, Moróní, segja nokkuð um þetta. Ég vil sýna heiminum, að “trú er ^bvon um það, sem “ekki er unnt að sjá. Deilið því ekki, sakir þess að þér sjáið ekki, því að þér fáíð engan vitnisburð fyrr en eftir að “reynt hefur á trú yðar.

7 Því að fyrir trú sýndi Kristur sig feðrum vorum eftir að hann hafði risið upp frá dauðum. Og hann birtist þeim ekki fyrr en þeir trúðu á hann. Þess vegna

20a LR Dómari, dómur.

21a Et 13:20–21.

23a Et 1:6; 15:33–34.

12 1a Et 13:13–31.

2a LR Eter.

b Jer 20:9;

Enos 1:26;

Al 43:1.

3a K&S 112:5.

b Et 11:12, 20–22.

c LR Átrúnaður.

4a LR Von.

b Hebr 6:19.

c 1 Kor 15:58.

d 3 Ne 12:16.

6a Hebr 11:1.

b Róm 8:24–25.

c Al 32:21.

d 3 Ne 26:11;

K&S 105:19;

121:7–8.

hljóta nokkrir að hafa trúað á hann, því að hann sýndi sig ekki heiminum.

8 En vegna trúar mannanna hefur hann sýnt sig heiminum og gjört nafn föðurins dýrðlegt og rutt veginn, svo að aðrir geti átt hlut í hinni himnesku gjöf og geti vonast eftir því, sem þeir hafa ekki séð.

9 Þess vegna getið þér einnig eignast von og hlutdeild í gjöfinni, ef þér aðeins trúið.

10 Sjá. Það var fyrir trú, að þeir til forna voru ^akallaðir samkvæmt hinni helgu reglu Guðs.

11 Fyrir trú var lögmál Móse þess vegna gefið. En með því að gefa son sinn hefur Guð fyrirbúið enn ^abetri leið. Og það er fyrir trú, að það er uppfyllt.

12 Því að ef engin ^atrú er meðal mannanna barna, getur Guð engin ^bkraftaverk gjört meðal þeirra. Þess vegna sýndi hann sig ekki fyrir en menn trúðu.

13 Sjá. Það var fyrir trú Alma og Amúleks, að ^afangelsið hrundi til grunna.

14 Sjá. Það var trú Nefís og Lehís, sem olli ^abreytingunni á Lamanítum, svo að þeir voru skírðir með eldi og ^bheilögum anda.

15 Sjá. Það var fyrir trú ^aAmmons

og bræðra hans, að ^bhin miklu kraftaverk urðu meðal Lamaníta.

16 Já, allir þeir, sem ^akraftaverk unnu, unnu þau fyrir ^btrú, já, bæði þeir, sem voru uppi fyrir Krist, og einnig eftir.

17 Og það var fyrir trú, að læri-sveinarnir þrír hlutu það fyrirheit, að þeir skyldu ^aekki smakka dauðann. Og þeir fengu ekki þetta loforð fyrr en þeir trúðu.

18 Og aldrei nokkru sinni hafa nokkrir unnið kraftaverk fyrr en þeir hafa trúað. Þess vegna trúðu þeir fyrst á Guðssoninn.

19 Og trú margra var svo sterk, jafnvel ^aáður en Kristur kom, að ekki var unnt að halda þeim handan ^bhulunnar, heldur sáu þeir í raun með augum sínum, það sem þeir sáu með auga trúarinnar, og þeir glöddust.

20 Og sjá. Vér höfum séð í þessari frásögn, að einn þeirra var bróðir Jareds. Því að svo mikil var trú hans á Guð, að þegar Guð rétti fram ^afinger sinn, gat hann ekki hulið hann sjónum bróður Jareds vegna þess orðs, sem hann hafði talað til hans, orðs, sem hann hafði hlotið fyrir trú.

21 Og eftir að bróðir Jareds hafði séð finger Drottins vegna þess ^aloforðs, sem bróðir Jareds hafði

10a Al 13:3–4.

LR Köllun, kallaður af Guði.

11a 1 Kor 12:31.

12a 2 Ne 27:23; Mósía 8:18;

Moró 7:37;
K&S 35:8–11.

b Matt 13:58;
Morm 9:20.

13a Al 14:26–29.

14a He 5:50–52.

b He 5:45;

3 Ne 9:20.

15a Al 17:29–39.

b Þ.E. eins og frá greinir í Alma 17–26.

16a LR Kraftaverk.

b Hebr 11:7–40.

17a 3 Ne 28:7;

Morm 8:10–12.

19a 2 Ne 11:1–4;

Jakob 4:4–5;

Jar 1:11;

Al 25:15–16.

b Et 3:6. LR Hula.

20a Et 3:4.

21a Et 3:25–26.

fengið fyrir trú, gat Drottinn ekki haldið neinu frá sjónum hans. Þess vegna sýndi hann honum allt, því að ekki var lengur unnt að halda honum handan ^bhulunnar.

22 Og það er fyrir trú, að feður mínir hafa hlotið það “fyrirheit, að Þjóðirnar skuli færa bræðrum þeirra þessa hluti. Þess vegna hefur Drottinn gefið mér fyrir-mæli, já, Jesús Kristur.

23 Og ég sagði við hann: Drottinn, Þjóðirnar munu hæðast að þessu, vegna “vangetu vorrar við að skrifa. Því að fyrir trú hefur þú, Drottinn, gjört oss máttuga í orði, en þú hefur ekki gjört oss ^bmáttuga í riti. Því að þú hefur gjört allt þetta fólk fært um að mæla margt vegna heilags anda, sem þú hefur gefið því —

24 En þú hefur aðeins gjört oss mögulegt að rita lítið eitt vegna þess, hve klaufalegar hendur vorar eru. Sjá. Þú hefur ekki gjört oss máttuga í “riti eins og bróður Jareds, því að þú gjörðir það, sem hann reit, máttugt, já, máttugt sem þig, til að gagntaka þá, sem lesa það.

25 Þú hefur einnig gjört orð vor öflug og sterk, já, jafnvel svo að vér getum ei ritað þau. Þegar vér þess vegna ritum, sjáum vér veikleika vorn og hnjótum um samsetningu orða vorra. Og ég

óttast, að Þjóðirnar muni “hæðast að orðum vorum.

26 Og eftir að ég hafði mælt þetta, talaði Drottinn til mín og sagði: Heimskingjar “draga dár að öðrum, en þeir munu sjá eftir því. Og náð mín nægir hinum bljúgu, svo að þeir munu ekki færa sér veikleika yðar í nyt —

27 Og komi menn til mín, mun ég sýna þeim “veikleika sinn. Ég ^bgef mönnum veikleika, svo að þeir geti orðið auðmjúkir. Og “náð mín nægir öllum mönnum, sem ^aauðmýkja sig fyrir mér. Því að ef þeir auðmýkja sig fyrir mér og eiga trú á mig, þá mun ég láta hið “veika verða styrk þeirra.

28 Sjá. Ég mun sýna Þjóðunum veikleika sinn, og ég mun sýna þeim, að “trú, von og kærleikur leiðir þær til mín — uppsprettu alls réttlætis.

29 En þegar ég, Moróní, hafði heyrt þessi orð, lét ég hughreystast og sagði: Ó Drottinn, verði þinn réttláti vilji, því að ég veit, að þú breytir við mannanna börn í samræmi við trú þeirra —

30 Því að bróðir Jareds sagði við fjallið Serín: “Flyt þig — og það flutti sig. Og hefði hann ekki trúað, hefði það ekki flutt sig. Þess vegna fara verk þín eftir trú mannanna.

31 Því að þannig opinberaðir þú

21 *b* Et 3:20;
K&S 67:10–13.

22 *a* Enos 1:13.

23 *a* Morm 8:17; 9:33.
b 2 Ne 33:1.

24 *a* LR Tungumál.

25 *a* 1 Kor 2:14.

26 *a* Gal 6:7.

27 *a* Jakob 4:7.

b 2 Mós 4:11; 1 Kor 1:27.

c LR Náð.

d Lúk 18:10–14;

K&S 1:28.

LR Auðmjúkur,

auðmýkt.

e Lúk 9:46–48;

2 Kor 12:9.

28 *a* 1 Kor 13;

Moró 7:39–47.

30 *a* Matt 17:20; Jakob 4:6;

He 10:6, 9. LR Kraftur.

þig lærisveinum þínum. Eftir að þeir ^atrúðu og töluðu í þínu nafni, sýndir þú þig þeim í miklu veldi.

32 Og ég minnst þess einnig, að þú sagðist hafa búið mannum bústað, já, jafnvel í ^ahíbýlum föður þíns, sem gæfi mannum glæstari ^bvon. Þess vegna verður maðurinn að vona, ella getur hann ekki erft þann stað, sem þú hefur fyrirbúið.

33 Og enn fremur minnst ég þess, að þú hefur sagt, að þú ^aelskir heiminn, jafnvel svo mjög, að þú fórnir lífi þínu fyrir hann, svo að þú fáir tekið það aftur til að búa mannanna börnum bústað.

34 Og nú veit ég, að sú ^aelska, sem þú hefur borið til mannanna barna, er kærleikur. Skorti menn þess vegna kærleik, geta þeir ekki erft þann stað, sem þú hefur fyrirbúið þeim í híbýlum föður þíns.

35 Af því, sem þú hefur mælt, veit ég þess vegna, að ef Þjóðirnar sýna ekki veikleika okkar kærleika, þá munt þú reyna þær og taka frá þeim ^ahæfileika þeirra, já, jafnvel það, sem þeim hefur þegar verið gefið, og gefa þeim, sem enn ríkulegar mun veitt.

36 Og svo bar við, að ég bað Drottin að vera Þjóðunum ^anáðugur, svo að þær fengju öðlast kærleika.

37 Og svo bar við, að Drottinn mælti við mig: Skorti þær kærleik, skiptir það þig engu, þú hefur verið trúr; þess vegna verða klæði þín ^ahreinsuð. Og vegna þess að þú hefur komið auga á ^bveikleika þinn, skalt þú styrkur gjörður, já, til að setjast niður á þeim stað, sem ég hef fyrirbúið í híbýlum föður míns.

38 En ég, Moróní, kveð nú Þjóðirnar, já, og einnig bræður mína, sem ég elska, þar til við munum hittast fyrir ^adómstóli Krists, þar sem allir menn skulu vita, að ^bklæði mín eru óflekkuð af blóði yðar.

39 Og þá skuluð þér vita, að ég hef ^aséð Jesú, og að hann hefur talað við mig ^aaugliti til auglitis, og að hann sagði mér frá þessum hlutum í einfaldleika og af auðmýkt, já, eins og maður talar við mann á eigin tungu —

40 En aðeins fátt af því hef ég ritað vegna vangetu minnar til þess.

41 Og nú býð eg yður að ^aleita þessa Jesú, sem spámennirnir og postularnir hafa ritað um, svo að náð Guðs föðurins, og einnig Drottinn Jesús Kristur og heilagur andi, sem ber þeim ^bvitni, megi vera og haldast í yður að eilífu. Amen.

31a LR Átrúnaður.

32a Jóh 14:2; Enos 1:27;
K&S 72:4; 98:18.

b LR Von.

33a Jóh 3:16–17.

34a Moró 7:47.
LR Elska, ást;
Kærleikur.

35a Matt 25:14–30.

LR Gjöf, gáfa; Talenta.

36a LR Náð.

37a K&S 38:42; 88:74–75;
135:4–5.

b Et 12:27.

38a LR Jesús Kristur —
Dómari.

b Jakob 1:19.

39a LR Jesús Kristur —
Birting Krists eftir
jarðlífið.

b 1 Mós 32:30;

2 Mós 33:11.

41a K&S 88:63; 101:38.

b 3 Ne 11:32.

13. KAPÍTULI

Eter talar um Nýju Jerúsalem, sem niðjar Jósefs munu reisa í Ameríku — Hann spáir, honum er vísað á bug, hann skráir sögu Jaredíta og segir fyrir um tortímingu þeirra — Styrjaldir um allt landið.

Og nú held ég, Moróní, áfram frá-sögn minni um tortímingu þeirrar þjóðar, sem ég hef verið að segja frá.

2 Því að sjá. Hún hafnaði öllum orðum Eters. Því að hann sagði þjóðinni vissulega frá öllu, allt frá upphafi mannsins. Að er vötnin “fjörðu út af þessu landi, varð það kjörið land, umfram önnur lönd, útvalið land Drottins. Þess vegna vill Drottinn, að allir menn, sem á því búa, ^bþjóni sér —

3 Og að það væri staðurinn fyrir hina “Nýju Jerúsalem, sem ^bkoma skyldi niður af himni, og helgidómur Drottins.

4 Sjá. Eter sá daga Krists, og hann talaði um “Nýja Jerúsalem í þessu landi.

5 Og hann talaði einnig um Ísraelsætt og um “Jerúsalem, sem ^bLehí kæmi frá — Að eftir að henni hefði verið tortímt, skyldi hún reist á ný, “heilög borg Drottni, þess vegna yrði hún ekki ný Jerúsalem, því að

hún hefði verið til forna, en hún skyldi reist aftur og verða Drottni heilög borg, og hún yrði reist fyrir Ísraelsætt —

6 Og að hin “Nýja Jerúsalem skyldi reist á þessu landi fyrir leifar af niðjum ^bJósefs, en dæmi hefur verið gefið um “slíkt.

7 Því að á sama hátt og Jósef leiddi föður sinn niður til “Egyptalands, á ævikvöldi hans, svo leiddi Drottinn leifar af niðjum Jósefs brott úr landi Jerúsalem, svo að hann gæti sýnt niðjum Jósefs miskunn og þær ^bfærust ekki, á sama hátt og hann var miskunn-samur föður Jósefs, svo að hann færist ekki.

8 Þess vegna skulu þeir, sem eftir eru af ætt Jósefs, rísa í þessu “landi, og það skal vera erfðaland þeirra. Og þeir skulu reisa Drottni helga borg, líka Jerúsalem til forna. Og þeim skal ekki ^brugað frammar, þar til endalokin verða og jörðin líður undir lok.

9 Og það skal verða “nýr himinn og ný jörð, lík þeim fyrri, nema hið aldna hefur liðið undir lok og allt hefur endurnýjast.

10 Og þá kemur hin Nýja Jerúsalem, og blessaðir eru þeir, sem í henni búa, því að klæði þeirra eru “hvít fyrir blóð lambsins. Og það eru þeir, sem taldir verða meðal

13 2a 1 Mós 7:11–24; 8:3.

b Et 2:8.

3a 3 Ne 20:22; 21:23–24.

LR Nýja Jerúsalem.

b Op 3:12; 21:2.

4a LR Síon.

5a LR Jerúsalem.

b 1 Ne 1:18–20.

c Op 21:10;

3 Ne 20:29–36.

6a K&S 42:9; 45:66–67;

84:2–5;

TA 1:10.

b LR Jósef, sonur Jakobs.

c Al 46:24.

LR Táknræn merking.

7a 1 Mós 46:2–7; 47:6.

b 2 Ne 3:5.

8a LR Fyrirheitið land.

b Moró 10:31.

9a 2 Pét 3:10–13;

Op 21:1;

3 Ne 26:3;

K&S 101:23–25.

10a Op 7:14;

1 Ne 12:10–11;

Al 5:27.

þeirra, sem eftir eru af niðjum Jósefs, sem voru af Ísraelsætt.

11 Og þá kemur einnig Jerúsalem hin forna. Og blessaðir eru íbúar hennar, því að þeir hafa verið laugaðir í blóði lambsins. Og það var þeim sem var tvístrað, en ^asafnað saman úr öllum heimshornum og frá löndunum í ^bnorðri, og þeir eiga hlutdeild í uppfyllingu sáttmálans, sem Guð gjörði við föður þeirra, ‘Abraham.

12 Og þegar þetta verður, rætist ritningin, sem segir: Þeir ^afyrstu verða síðastir og þeir síðustu verða fyrstir.

13 Og ég ætlaði að skrá fleira, en mér var bannað það. En miklir og undursamlegir voru spádómar Eters. En þeir mátu hann einskis og gjörðu hann burtrækan, og hann faldist í hellisskúta á daginn, en á nóttunni leit hann það, sem yfir þjóðina mundi koma.

14 Og meðan hann dvaldi í hellisskútanum, lauk hann heimildaskrá sinni, en að nóttu til leit hann tortíminguna, sem yfir þjóðina kæmi.

15 Og svo bar við, að sama ár og menn vísuðu honum burt, hófst mikil styrjöld meðal þeirra, því að margir voldugir menn risu gegn Kóríantumr og reyndu með leynilegum og ranglátum áformum sínum, sem um hefur verið rætt, að tortíma honum.

16 En Kóríantumr, sem hafði

þjálfað sig í alls kyns hernaðarlist og kænskubrögðum heimsins, barðist gegn þeim, sem reyndu að tortíma honum.

17 En hann iðraðist ekki og ekki heldur hin fögru börn hans, synir og dætur, né heldur hin fögru börn Kóhørs, synir og dætur, né hin fögru börn Kóríhørs, synir og dætur. Enginn hinna fögru sona, né hinna fríðu dætra á öllu yfirborði jarðar iðraðist synda sinna.

18 Þess vegna bar svo við, að á fyrsta ári Eters í hellisskútanum voru margir drepnir með sverðum þessara ^aleynisamtaka, sem börðust gegn Kóríantumr til að sölsa undir sig ríkið.

19 Og svo bar við, að synir Kóríantumr börðust ákaft, og misstu mikið blóð.

20 Og á öðru ári barst orð Drottins til Eters, að hann skyldi fara og spá fyrir ^aKóríantumr og segja honum, að ef hann og allt hans heimilisfólk iðraðist, mundi Drottinn gefa honum ríkið og þyrma þjóðinni —

21 Að öðrum kosti yrði henni tortímt og öllu heimilisfólki hans, nema honum sjálfum. Og hann skyldi einvörðungu lifa til að sjá spádómana rætast, sem greindu frá því, að ^aaðrir eignuðust þetta land sem erfðaland, og þeir mundu greftra Kóríantumr, og öllum yrði tortímt nema ^bKóríantumr.

11a LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
b K&S 133:26–35.
c LR Sáttmáli Abrahams.

12a Mark 10:31;
1 Ne 13:42;
Jakob 5:63;
K&S 90:9.

18a Et 8:9–26.
20a Et 12:1–2.
21a Om 1:19–21; Et 11:21.
b Et 15:29–32.

22 En svo bar við, að Kóríantumr iðraðist ekki, né heldur heimilisfólk hans, né þjóðin. Og átökunum linnsti ekki, en reynt var að drepa Eter, en hann flúði frá þeim og leyndist í hellisskútanum.

23 Og svo bar við, að upp reis Sared, og hann barðist einnig gegn Kóríantumr og sigraði hann og tók hann til fanga á þriðja ári.

24 En synir Kóríantumrs unnu sigur á Sared á fjórða árinu og komu föður sínum aftur til valda.

25 Og nú hófust styrjaldir í öllu landinu, sérhver maður barðist með liði sínu fyrir því, sem hann girtist.

26 Og ræningjar og alls kyns ranglæti þreifst í landinu.

27 Og svo bar við, að Kóríantumr var mjög reiður Sared, og hann réðst með heri sína gegn honum til orrustu. Og þeir mættust í mikilli heift, og þeir áttust við í Gílgaldal, og orrustan varð mjög hörð.

28 Og svo bar við, að Sared barðist við hann í þrjá daga. Og svo bar við, að Kóríantumr fór með sigur af hólmi og flæmdi hann til Heslonsléttunnar.

29 Og svo bar við, að Sared barðist aftur við hann á sléttunum og sjá. Hann hafði betur, en Kóríantumr hörfaði aftur til Gílgaldals.

30 Og enn háði Kóríantumr orrustu við Sared í Gílgaldalnum, og þar sigraði hann Sared og drap hann.

31 En Sared særði Kóríantumr á læri, svo að hann gekk ekki til orrustu aftur í tvö ár, en allan þann tíma úthelltu allir í landinu blóði, og ekkert fékk stöðvað þá.

14. KAPÍTULI

Misgjörðir fólksins leiða bölvun yfir landið — Kóríantumr á í stríði við Gíleað, síðan Lív og þar næst SíS — Blóðbað og mannfall um allt land.

EN nú lagðist þung „bölvun yfir allt landið vegna misgjörða þjóðarinnar, svo að legði einhver maður verkfæri sitt eða sverð upp á hillu sína eða á einhvern þann stað, sem hann geymdi það á, sjá, að morgni gat hann hvergi fundið það, svo mikil var bölvunin yfir landinu.

2 Þess vegna hélt hver maður fast í það, sem hans var, og vildi hvorki fá lánað né lána. Og sérhver maður hélt með hægri hendi fast um sverð sitt til verndar eigum sínum, lífi sínu og lífi eiginkvenna sinna og barna.

3 Og að tveimur árum liðnum og eftir dauða Sareds, sjá, þá reis bróðir Sareds gegn Kóríantumr og barðist við hann, en Kóríantumr hafði betur og hrakti hann út í óbyggðir Akisar.

4 Og svo bar við, að bróðir Sareds háði orrustu við hann í óbyggðum Akisar, og varð orrustan mjög hörð, og mörg þúsund féllu fyrir sverði.

5 Og svo bar við, að Kóríantumr gjörði umsátur um óbyggðirnar, en bróðir Sareds hélt út úr óbyggðunum að nóttu til og drap hluta af hermönnum Kóríantumrs, þar sem þeir voru drukknir.

6 Og hann kom til Morónslands og settist í háseti Kóríantumrs.

7 Og svo bar við, að Kóríantumr dvaldi með her sinn í óbyggðunum í tvö ár, og á þeim tíma styrkti hann her sinn mikið.

8 En bróðir Sareds, sem nefndist Gíleað, styrkti einnig her sinn fyrir atbeina leynisamtaka.

9 Og svo bar við, æðsti prestur hans myrti hann, er hann sat í háseti sínu.

10 En svo bar við, að einn úr leynisamtökunum myrti hann í leynigöngum og náði sjálfur völdum, og var nafn hans Líb. Og Líb var maður mikill vexti, meiri að vexti en nokkur annar maður meðal þjóðarinnar.

11 Og svo bar við, að á fyrsta ríkisári Líbs kom Kóríantumr til Morónslands og háði orrustu við Líb.

12 Og svo bar við, að hann barðist við Líb, og í þeirri orrustu hjó Líb til hans og særði hann á handlegg. Engu að síður braust her Kóríantumrs fram á móti Líb, svo að hann flúði til strandar.

13 Og svo bar við, að Kóríantumr veitti honum eftirför, og Líb barðist við hann á sjávarströndinni.

14 Og svo bar við, að Líb sigraði

her Kóríantumrs, svo að þeir flúðu aftur út í óbyggðir Akisar.

15 Og svo bar við, að Líb fylgdi á eftir honum, þar til hann kom að Agosarsléttunum. Og á flóttu sínum undan Líb tók Kóríantumr alla þá með sér, sem bjuggu í þeim landshlutum, er hann fór um.

16 Og þegar hann kom að Agosarsléttunum, háði hann orrustu við Líb og lét höggin dynja á honum, þar til hann lét lífið. En bróðir Líbs réðst samt gegn Kóríantumr í hans stað, og orrustan varð ákaflega hörð, og enn flúði Kóríantumr undan her bróður Líbs.

17 Nafn þessa bróður Líbs var Sís. Og svo bar við, að Sís veitti Kóríantumr eftirför, og hann vann margar borgir, drap bæði konur og börn, en brenndi borgirnar.

18 Og ótti við Sís greip um sig um allt landið. Já, hróp heyrðist um allt landið — Hver fær staðist her Sís? Sjá. Hann sópar jörðina á undan sér —

19 Og svo bar við, að um allt landið safnaði fólkið liði og stofnaði heri.

20 Og fólkið var tvískipt. Hluti þess flúði til hers Sís, en hluti til hers Kóríantumrs.

21 Og svo mikið og langvarandi hafði stríðið verið og svo lengi höfðu blóðsúthellingarnar og drápin varað, að allt landið var þakið „líkum hinna látnu.

22 Og svo ákafur og hraður var bardaginn, að enginn var eftir

til að greftra hina dauðu, heldur héldu þeir frá einni blóðsúthellingunni til annarrar, og lík karla, kvenna og barna voru skilin eftir á við og dreif um landið og urðu “möðkum holdsins að bráð.

23 Og nályktina lagði um landið, já, um gjörvallt landið og nótt sem dag var fólkið hrjád af nályktinni.

24 Þrátt fyrir það hætti Sís ekki að elta Kóríantumr, því að hann hafði unnið þess eið að hefna sín á Kóríantumr vegna blóðs bróður síns, sem drepinn hafði verið, og vegna orðs Drottins, sem barst Eter, að Kóríantumr skyldi ekki falla fyrir sverði.

25 Og þannig sjáum við, að Drottinn vitjaði þeirra í fyllingu heilagrar reiði sinnar, en ranglæti þeirra og viðurstyggð hafði rutt þeim veginn til ævarandi tortímingar.

26 Og svo bar við, að Sís veitti Kóríantumr eftirför í austurátt, já, niður til strandar, og þar barðist hann við Sís í þrjá daga.

27 Og svo hræðileg var tortímingin meðal herja Sís, að fólk tók að skelfast og flúði undan herjum Kóríantumrs. Og það flúði til lands Kóríhors og sópaði burtu íbúunum á undan sér, öllum þeim, sem ekki vildu ganga í lið með því.

28 Og það reisti tjöld sín í Kóríhordalnum, en Kóríantumr reisti tjöld sín í Súrrdalnum, en Súrrdalurinn var nálægt Kómnorhæðinni. Þess vegna safnaði Kóríantumr

herjum sínum saman á Kómnorhæð, og með lúðrablæstri bauð hann herjum Sís til bardaga.

29 Og svo bar við, að þeir komu, en voru hraktir til baka. Og þeir komu í annað sinn, og enn voru þeir hraktir til baka. Og svo bar við, að þeir komu enn í þriðja sinn, og orrustan varð feiknahörð.

30 Og svo bar við, að Sís hjó til Kóríantumrs og særði hann mörgum djúpum sárum, og Kóríantumr féll í yfirlíð af blóðmissi, og var hann borinn burtu, líkt og hann væri dauður.

31 Fall karla, kvenna og barna í liði beggja var slíkt, að Sís skipaði mönnum sínum að fylgja ekki herjum Kóríantumrs eftir, og sneru þeir þess vegna til búða sinna.

15. KAPÍTULI

Milljónir Jaredíta drepnir í bardaga — Sís og Kóríantumr safna öllu fólkinu saman til blóðugs bardaga — Andi Drottins hættir að takast á við þau — Jaredítaþjóðinni algjörlega tortímt — Aðeins Kóríantumr er eftir.

Og svo bar við, að þegar Kóríantumr var orðinn heill sára sinna, minntist hann “orða þeirra, sem Eter hafði mælt til hans.

2 Hann sá, að nú þegar höfðu nær tvær milljónir af þjóð hans fallið fyrir sverði, og hann varð hryggur í hjarta. Já, tvær milljónir hraustra manna höfðu fallið og einnig eiginkonur þeirra og börn.

3 Og hann tók að iðrast þess illa, sem hann hafði gjört. Hann minntist þeirra orða, sem töluð höfðu verið fyrir munn allra spámannanna, og hann sá, að fram að þessu höfðu þau uppfyllst, sérhvert þeirra. Og sál hans fylltist trega og lét ei huggast.

4 Og svo bar við, að hann reit SíS bréf, þar sem hann bað hann um að þyrma fólkinu og kvaðst þá mundu gefa eftir ríkið til að bjarga lífi fólksins.

5 Og svo bar við, að þegar SíS hafði borist bréfið, reit hann bréf til Kóríantumrs, þar sem hann sagðist mundu þyrma lífi fólksins, ef Kóríantumr vildi framselja sig, svo að hann gæti drepíð hann með sínu eigin sverði.

6 Og svo bar við, að fólkið iðraðist ekki misgjörða sinna, heldur fylltust liðsmenn Kóríantumrs reiði gagnvart liðsmönnum SíS, og liðsmenn SíS fylltust reiði gagnvart Kóríantumr og hans liðsmönnum, og lögðu því liðsmenn SíS til orrustu gegn liði Kóríantumrs.

7 En þegar Kóríantumr sá, að hann stóð mjög höllum fæti, flúði hann undan liði SíS.

8 Og svo bar við, að hann kom að vötnum Riplíankum, sem þýðir stór eða meiri en allt annað. Og þegar þeir komu að þessum vötnum, reistu þeir tjöld sín, og SíS reisti einnig tjöld sín nærri þeim, og á degi komanda gengu þeir því til orrustu.

9 Og svo bar við, að þeir háðu

feikiharða orrustu, og í henni særðist Kóríantumr enn á ný, og hann missti meðvitund vegna blóðmissis.

10 Og svo bar við, að herir Kóríantumrs þrengdu að herjum SíS og höfðu betur, svo að þeir hröktu þá undan sér. Og þeir flúðu til suðurs og reistu tjöld sín á þeim stað, sem nefndur var Ógat.

11 Og svo bar við, að her Kóríantumrs reisti tjöld sín við Ramahæðina, en það var einmitt hæðin, þar sem faðir minn Mormón “fól Drottni hinar helgu heimildir.

12 Og svo bar við, að þeir söfnuðu saman öllum, sem enn voru á lífi í landinu, nema Eter.

13 Og svo bar við, að Eter leit allt atferli þjóðarinnar og hann sá, að þeir, sem fylgdu Kóríantumr, söfnuðust saman í liði Kóríantumrs, en þeir, sem fylgdu SíS, söfnuðust saman í liði SíS.

14 Í fjögur ár söfnuðu þeir þannig fólkinu saman, svo að þeir næðu öllum, sem í landinu voru, og fengju þannig allan þann styrk, sem þeim var mögulegt að fá.

15 Og svo bar við, að þegar öllum hafði verið safnað saman, ásamt eiginkonum og börnum, sérhverjum í þann her, sem hann kaus — en bæði karlar, konur og börn voru vopnuð stríðsvopnum, báru skildi, “brynjur og hjálma og klæddust að hætti stríðsmanna — þá héldu þeir fram hvor gegn öðrum og börðust allan daginn, en hvorugum veitti betur.

16 Og svo bar við, að er kvöldla tók, var fólkið þreytt og gekk til búða sinna, og er það var komið til búða sinna, hóf það upp grát og harmakvein vegna mannfallsins, og svo mikil voru hrópin, gráturinn og harmakveinin, að það fyllti allt loftið.

17 Og svo bar við, að næsta dag hófst bardaginn að nýju, og mikill og hörmulegur var sá dagur. Þó gekk hvorugum betur, en þegar kvöldla tók, varð loftið enn á ný þrungið hrópum fólksins, gráti og kveini vegna mannfallsins.

18 Og svo bar við, að Kóríantumr reit enn á ný bréf til Sís og óskaði þess, að hann hæfi ekki bardaga aftur, heldur tæki við ríkinu og þyrmdi lífi fólksins.

19 En sjá. Andi Drottins var hættur að takast á við fólkið og “Satan hafði fullt vald yfir hjörtum þess, því að það var ofurselt hörku hjartans og blindu hugans og hlaut að tortímast. Þess vegna gekk það enn á ný til orrustu.

20 Og svo bar við, að barist var allan þann dag, og er kvöldla tók, svaf fólkið á sverðum sínum.

21 Og daginn eftir var barist allt fram á kvöld.

22 Og þegar kvöld var komið, var fólkið “örvita af reiði, já, eins og menn eru örvita af víni, og það svaf enn á ný á sverðum sínum.

23 Og næsta dag var enn barist, og að kvöldi höfðu allir fallið fyrir sverði, nema fimmtíu og tveir úr liði Kóríantumrs og sextíu og níu úr liði Sís.

24 Og svo bar við, að fólkið svaf á sverðum sínum þessa nótt, og næsta dag barðist það enn á ný, og það barðist af öllum kröftum með sverðum sínum og skjöldum allan þann dag.

25 Og að kvöldi voru þrjátíu og tveir eftir af liði Sís og tuttugu og sjö af liði Kóríantumrs.

26 Og svo bar við, að þeir átu og sváfu og bjuggu sig undir dauðann á degi komanda. Og þetta voru stórir og sterkir menn af mennskum mönnum að vera.

27 Og svo bar við, að þeir börðust í þrjár stundir, en féllu þá í ómegin vegna blóðmissis.

28 Og svo bar við, að þegar menn Kóríantumrs höfðu safnað nægilega kröftum til að geta gengið, ætluðu þeir að flýja og bjarga þannig lífi sínu. En sjá. Sís reis einnig á fætur ásamt mönnum sínum, og hann sór þess eið í reiði sinni, að hann skyldi drepa Kóríantumr eða falla fyrir sverði ella.

29 Þess vegna fylgdi hann þeim eftir, og daginn eftir náði hann þeim, og þeir börðust enn með sverðum. Og svo bar við, að þegar þeir höfðu “allir fallið fyrir sverði, nema Kóríantumr og Sís — sjá, Sís hafði fallið í yfirlið vegna blóðmissis.

30 Og svo bar við, að þegar Kóríantumr hafði hallast fram á sverð sitt og hvílst um stund, hjó hann höfuðið af Sís.

31 Og svo bar við, að eftir að

hann hafði höggvið höfuðið af SíS, þá braust SíS upp á hendur sínar, en féll og eftir nokkur andköf dó hann.

32 Og svo bar við, að “Kóriantumr féll til jarðar sem lífvana.

33 Og Drottinn talaði til Eters og mælti við hann: Gakk fram. Og hann gekk fram og sá, að orð Drottins höfðu öll verið uppfyllt,

og hann lauk “frásögn sinni, (en ekki hef ég skráð hundraðasta hluta þess), og hann fól hana eins og Limíþjóðin fann hana.

34 En síðustu orðin, sem “Eter skráði, eru þessi: Hvort Drottinn vill, að ég verði uppnuminn eða lúti vilja Drottins í holdinu, skiptir ekki máli, aðeins að ég verði hólpinn í ríki Guðs. Amen.

BÓK MORÓNÍS

1. KAPÍTULI

Moróní fæst við skriftir, sem komið gætu Lamanítum að gagni — Nefítar, sem ekki vilja afneita Kristi, eru líflátnir. Um 401–21 e.Kr.

ÞEGAR ég, “Moróní, hafði lokið við að gjöra útdrátt úr sögu Jaredþjóðarinnar, gjörði ég ekki ráð fyrir að rita meira, en enn held ég lífi. Og ég gef mig ekki fram við Lamanítana, svo að þeir tortími mér ekki.

2 Því að sjá. Innbyrðis “styrjaldir þeirra eru mjög hatramar, og vegna haturs síns taka þeir hvern þann Nefíta ^baf lífi, sem ekki vill afneita Kristi.

3 En ég, Moróní, mun ekki “afneita Kristi og reika þess vegna um, þar sem ég get verið óhultur um líf mitt.

4 Þess vegna rita ég nokkuð til

viðbótar, gagnstætt því, sem ég hafði ætlað, því að ég hafði ekki hugsað mér að rita neitt fleira. En ég rita örlítið enn í þeirri von, að það gæti orðið bræðrum mínum, Lamanítum, einhvers virði síðar meir — í samræmi við vilja Drottins.

2. KAPÍTULI

Jesús veitti Nefíta-lærisveinunum tólf vald til að veita gjöf heilags anda. Um 401–21 e.Kr.

ORÐ Krists, sem hann mælti við “lærisveina sína, þá tólf sem hann hafði útvalið, þegar hann lagði hendur sínar yfir þá —

2 Og hann nefndi þá með nafni og sagði: Þér skuluð ákalla föðurinn í mínu nafni í máttugri bæn. Og að því loknu munuð þér hafa “vald til að veita þeim, sem þér leggið ^bhendur yfir,

32a Om 1:20–22.

33a Mósía 8:9;

Al 37:21–31; Et 1:1–5.

34a Et 12:2.

[MORÓNÍ]

1 1a LR Moróní, sonur Mormóns.

2a 1 Ne 12:20–23.

b Al 45:14.

3a Matt 10:32–33;

3 Ne 29:5.

2 1a 3 Ne 13:25.

2a LR Kraftur.

b LR Handayfirlagning.

‘heilagan anda. Og í mínu nafni veitið þér hann, því að svo gjöra lærisveinar mínir.

3 En Kristur mælti þessi orð til þeirra, er hann birtist í fyrsta sinni. En fjöldinn heyrði þau ekki, en lærisveinarnir heyrðu þau. Og heilagur andi kom yfir alla þá, sem þeir ^alögðu hendur yfir.

3. KAPÍTULI

Skýringar á því, hvernig öldungar vígja presta og kennara með handa-yfirlagningu. Um 401–21 e.Kr.

HÁTTUR sá, er lærisveinarnir, sem nefndust ^aöldungar kirkjunnar, höfðu á við ^bvígslu presta og kennara —

2 Þegar þeir höfðu beðið til föðurins í nafni Krists, lögðu þeir hendur yfir þá og sögðu:

3 Í nafni Jesú Krists vígi ég þig til prests, (eða ef um kennara var að ræða vígi ég þig til kennara) til að boða iðrun og ^afyrirgefningu syndanna fyrir Jesú Krist og trúfestu á nafn hans allt til enda. Amen.

4 Og á þennan hátt ^avígðu þeir presta og kennara í samræmi við ^bgjafir og köllun Guðs til manna. Og þeir vígðu þá með ^ckrafti heilags anda, sem í þeim bjó.

4. KAPÍTULI

Útskýrt hvernig öldungar og prestar þjónusta sakramentisbrauðið. Um 401–21 e.Kr.

^aAÐFERÐ ^böldunga þeirra og presta við að þjónusta hold og blóð Krists fyrir kirkjuna. Og þeir ^cbrutu það og blessuðu í samræmi við boðorð Krists. Þess vegna vitum við, að sú aðferð er sönn. Öldungurinn eða presturinn braut það og blessaði —

2 Og þeir krupu á kné með söfnuðinum og báðu til föðurins í nafni Krists og sögðu:

3 Ó Guð, eilífi faðir. Í nafni sonar þíns, Jesú Krists, biðjum vér þig að blessa og helga þetta ^abrauð fyrir sálir allra, er þess neyta; að þau neyti þess til ^bminningar um líkama sonar þíns og vitni fyrir þér, ó Guð, eilífi faðir, að þau séu fús til að taka á sig nafn ^csonar þíns, og hafa hann ávallt í huga og halda boðorð hans, sem hann hefur gefið þeim, svo að ^dandi hans sé ætíð með þeim. Amen.

5. KAPÍTULI

Aðferðin við að þjónusta sakramentisvínið. Um 401–21 e.Kr.

^aAÐFERÐ við að blessa vínið — Sjá. Þeir tóku bikarinn og sögðu:

2c 3 Ne 18:37.

3a Post 19:6.

3 1a Al 6:1.

LR Öldungur.

b LR Vígja, vígsla.

3a LR Fyrirgefning synda.

4a K&S 18:32; 20:60.

b LR Gjöf, gáfa.

c 1 Ne 13:37;

Moró 6:9.

4 1a 3 Ne 18:1–7.

b LR Öldungur.

c K&S 20:76–77.

3a LR Sakramenti.

b Lúk 22:19;

1 Kor 11:23–24;

3 Ne 18:7.

c LR Jesús Kristur —

Að taka á okkur nafn

Jesú Krists.

d LR Heilagur andi.

5 1a 3 Ne 18:8–11;

K&S 20:78–79.

2 Ó Guð, eilífi faðir. Í nafni sonar þíns, Jesú Krists, biðjum vér þig að blessa og helga þetta ^avín fyrir sálir allra, er það drekka; að þau gjöri svo til ^bminningar um blóð sonar þíns, sem úthellt var fyrir þau; að þau vitni fyrir þér, ó Guð, eilífi faðir, að þau hafi hann ávallt í huga, svo að andi hans sé með þeim. Amen.

6. KAPÍTULI

Þeir sem iðrast eru skírðir og teknir inn í kirkjuna — Kirkjumeðlimir sem iðrast fá fyrirgefningu — Samkomum stjórnad með krafti heilags anda. Um 401–21 e.Kr.

EN nú tala ég um ^askírn. Sjá. Skírðir voru öldungar, prestar og kennarar, en þeir voru ekki skírðir, nema þeir bæru samboðinn ávöxt, sem sýndi þá ^bverðuga þess.

2 Ekki tóku þeir heldur á móti neinum til skírnar, nema þeir kæmu með ^asundurkramið hjarta og sáriðrandi anda og vitnuðu fyrir kirkjunni, að þeir hefðu vissulega iðrast allra synda sinna.

3 Og ekki var tekið á móti neinum til skírnar, nema þeir ^atækju á sig nafn Krists og væru ákveðnir að þjóna honum allt til enda.

4 Og eftir að tekið hafði verið á móti þeim til skírnar og kraftur heilags anda hafði haft áhrif á þá og ^ahreinsað, töldust þeir meðal þeirra, sem tilheyrðu kirkju Krists. Og ^bnöfn þeirra voru skráð, svo að eftir þeim væri munað, og þeir væru nærðir hinu góða orði Guðs til að halda þeim á réttri braut, og til þess að þeir yrðu ^cárvökulir í bæn og ^atreystu einvörðungu á verðleika Krists, sem ^cupphóf og fullnaði trú þeirra.

5 Og ^akirkjan kom ^boft saman til að ^cfasta og biðja og ræða hvert við annað um sálarheill sína.

6 Og það kom oft saman til að neyta brauðs og víns til minningar um Drottin Jesú.

7 Og það gætti þess stranglega, að ^aengar misgjörðir væru sín á meðal, og væru einhverjir staðnir að óhæfuverki og ^bþrjú vitni úr kirkjunni sakfelldu þá frammi fyrir ^cöldungunum, og ef þeir iðruðust ekki og ^dgjörðu ekki játningu, voru nöfn þeirra ^eþurrkuð út, og þeir töldust ekki meðal fólks Krists.

8 En þeim var ^afyrirgefið ^bþjafn oft og þeir iðruðust og báðust einlæglega fyrirgefningar.

2a K&S 27:2–4.

LR Sakramenti.

b Lúk 22:19–20;

1 Kor 11:25.

6 1a LR Skírn, skíra.

b LR Verðugur, verðleiki.

2a LR Sundurkramið hjarta.

3a LR Jesús Kristur — Að taka á okkur nafn Jesú Krists.

4a LR Hreinn, hreinleiki.

b K&S 20:82.

c Al 34:39;

3 Ne 18:15–18.

d 2 Ne 31:19; K&S 3:20.

e Hebr 12:2.

5a LR Kirkja Jesú Krists.

b 3 Ne 18:22;

4 Ne 1:12;

K&S 88:76.

c LR Fasta.

7a K&S 20:54.

b K&S 42:80–81.

LR Vitni.

c Al 6:1.

LR Öldungur.

d LR Játa, játning.

e 2 Mós 32:33;

K&S 20:83.

LR Brottvikning.

8a LR Fyrirgefa.

b Mósía 26:30–31.

9 Og samkomum þeirra „stjórn-
aði kirkjan, eins og andinn sagði
fyrir um, og með krafti ^bheilags
anda. Því að þannig var það
gjört, eins og kraftur heilags
anda leiddi fólkið, hvort heldur
til að prédika, hvetja eða biðja,
ákalla eða syngja.

7. KAPÍTULI

*Boð gefið um að ganga inn til hvíldar
Drottins — Biðja í fullri einlægni —
Andi Krists gjörir mönnum mögulegt
að þekkja gott frá illu — Satan fær
menn til að afneita Kristi og gjöra
illt — Spámennirnir kunngjöra komu
Kristis — Fyrir trú gjörast kraftaverk
og englar þjóna — Menn ættu að
halda fast við kærleikann og vonina
um eilíft líf. Um 401–21 e.Kr.*

Og nú rita ég, Moróní, nokkur
af orðum föður míns, Mor-
móns, sem hann mælti um „trú,
von og kærleika. Því að þannig
talaði hann til fólksins, þegar
hann kenndi því í samkundu-
húsunum, sem það hafði reist til
guðsdýrkunar.

2 Og nú tala ég, Mormón, til
yðar, ástkæru bræður mínir. En
það er fyrir náð Guðs föðurins og
Drottins vors Jesú Kristis, heilagan
vilja hans, og vegna gjafar “köll-
unar hans til mín, sem mér leyfist
að tala til yðar á þessari stundu.

3 Því að ég vil tala til yðar, sem
kirkjunni tilheyrð og eruð hinir
friðsömu fylgjendur Kristis og
hafið hlotið nægilega von, en
fyrir hana getið þér gengið inn
til “hvíldar Drottins, héðan í frá
og þar til þér hvílist með honum
á himni.

4 En bræður mínir, þetta er mat
mitt á yður vegna friðsamlegrar
“göngu yðar meðal mannanna
barna.

5 Því að ég minnst orðs Guðs,
sem segir: Af verkum þeirra
skuluð þér “þekkja þá — séu verk
þeirra góð, eru þeir einnig góðir.

6 Því að sjá. Guð hefur sagt, að
“illur maður geti ekki gjört það
sem gott er, því að færi hann gjöf
eða ^bbiðji til Guðs, gagnar það
honum ekkert, ef hann gjörir það
ekki með einlægum ásetningi.

7 Því að sjá. Það er ekki talið
honum til réttlætis.

8 Því að sjá. Gefi “illur maður
gjöf, gjörir hann það með ^beftirsjá.
Þess vegna reiknast það honum
sem hefði hann sjálfur haldið gjöf-
inni. Hann telst því illur frammi
fyrir Guði.

9 Og á sama hátt telst það illt,
ef maður biður bænar án “ein-
lægs ásetnings hjartans. Já, og það
gagnar honum ekkert, því að Guð
tekur ekki á móti neinu slíku.

10 Þess vegna getur illur maður

9a K&S 20:45; 46:2.

b LR Heilagur andi.

7 1a 1 Kor 13;

Et 12:3–22, 27–37;

Moró 8:14; 10:20–23.

2a LR Köllun, kallaður af

Guði.

3a LR Hvíld.

4a 1 Jóh 2:6;

K&S 19:23.

5a 3 Ne 14:15–20.

6a Matt 7:15–18.

b Al 34:28.

LR Bæn.

8a Okv 15:8.

b K&S 64:34.

9a Jakbr 1:6–7; 5:16;

Moró 10:4.

ekkert gott gjört, né heldur mun hann gefa góða gjöf.

11 Því að sjá. Römm ^auppspretta gefur ekki gott vatn, né heldur gefur góð uppspretta rammt vatn. Þess vegna getur sá maður, sem er þjónn djöfulsins, ekki fylgt Kristi. En ^bfyldi hann Kristi, getur hann ekki verið þjónn djöfulsins.

12 Þess vegna er allt ^agott frá Guði, en allt ^billt frá djöflinum. Því að djöfullinn er óvinur Guðs og stríðir stöðugt gegn honum og lokkar og hvetur til ^csyndar og til þess að gjöra sífellt það, sem illt er.

13 En sjá. Það, sem frá Guði er, hvetur og lokkar til að gjöra sífellt það sem gott er. Þess vegna er allt, sem hvetur og ^alokkar til góðs og til að elska Guð og þjóna honum, ^binnblásið af Guði.

14 Gætið þess því, ástkæru bræður mínir, að telja ekki, að hið ^ailla sé frá Guði komið eða það, sem gott er og frá Guði, sé frá djöflinum komið.

15 Því að sjá, bræður mínir. Yður er það gefið að ^adæma, svo að þér getið þekkt gott frá illu. Og til þess að þér getið þekkt það örugglega, er leiðin til að dæma jafn skýr og munurinn á dagsbirtu og myrkri.

16 Því að sjá. ^aAndi Krists er gefinn

hverjum manni, svo að hann megi ^bþekkja gott frá illu. Þess vegna sýni ég yður leiðina til að dæma. Því að allt, sem hvetur til góðra verka og leiðir til trúar á Krist, er sent fyrir kraft og gjöf Krists. Þannig getið þér vitað með fullkominni vissu, að það er frá Guði.

17 En allt, sem fær menn til að gjöra ^aillt og trúa ekki á Krist og afneita honum og að þjóna Guði ekki, það getið þér vitað með fullkominni vissu, að er frá djöflinum komið. Því að á þann hátt vinnur djöfullinn, því að hann leiðir engan til góðra verka, nei alls engan. Né heldur gjöra englar hans það, né heldur þeir, sem lúta honum.

18 En bræður mínir. Þar sem þér þekkið það ljós, sem þér getið dæmt eftir, það ljós, sem er ^aljós Krists, gætið þess þá að dæma ekki ranglega. Því með sama ^bdómi og þér dæmið, munuð þér og dæmdir verða.

19 Þess vegna bið ég yður, bræður, að leita af kostgæfni í ^aljósi Krists, svo að þér megið þekkja gott frá illu. Og ef þér til-einkið yður allt, sem gott er, og fordæmið það ekki, verðið þér vissulega ^bbörn Krists.

20 En nú, bræður mínir. Hvernig

11a Jakbr 3:11–12.

b Matt 6:24;
2 Ne 31:10–13;
K&S 56:2.

12a Jakbr 1:17;

1 Jóh 4:1–2;
Et 4:12.

b Al 5:39–42.

c He 6:30.
LR Synd.

13a 2 Ne 33:4;

Et 8:26.

b LR Innblástur, guðleg
andagift.

14a Jes 5:20;
2 Ne 15:20.

15a LR Dómgreind,
dómgreindargáfa.

16a LR Ljós, ljós Krists;
Samviska.

b 1 Mós 3:5;
2 Ne 2:5, 18, 26;

Mósía 16:3;
Al 29:5;

He 14:31.

17a LR Synd.

18a Mósía 16:9;
K&S 50:24; 88:7–13.
LR Ljós, ljós Krists.

b ÞJS Matt 7:1–2
(Viðauki);

Lúk 6:37; Jóh 7:24.

19a K&S 84:45–46.

b Mósía 15:10–12; 27:25.
LR Synir og dætur
Guðs.

er yður mögulegt að höndla allt, sem gott er?

21 Nú kem ég að trúnni, sem ég sagðist mundu ræða um. Og ég ætla að sýna yður, hvernig þér fáið höndlað allt, sem gott er.

22 Því að sjá. Guð, sem “veit alla hluti og er eilífur og ævarandi, sjá, hann sendi ^bengla til að þjóna mannanna börnum og kunngjöra þeim um komu Krists, en í Kristi kemur allt hið góða.

23 Og eigin munnunni kunngjörði Guð einnig spámönnunum, að Kristur kæmi.

24 Og sjá. Á ýmsan hátt opinberaði hann mannanna börnum hið góða, en allt, sem gott er, kemur frá Kristi. Án hans væru mennirnir “fallnir, og ekkert gott gæti þeim hlotnast.

25 Með þjónustu “engla og með hverju orði, sem gekk fram af Guðs munnunni, hófu menn því að iðka trú á Krist. Og með trú höndluðu þeir þannig allt hið góða, og þannig var það fram að komu Krists.

26 Og eftir að hann kom, frelsuðust menn einnig fyrir trú á nafn hans, og fyrir trú verða þeir synir Guðs. Og sannlega sem Kristur lifir, svo mælti hann þessi orð til feðra vorra og sagði: “Allt, sem þér biðjið föðurinn um í mínu nafni og gott er, sjá, það mun yður veitast, ef þér biðjið í trú og trúið, að yður muni hlotnast.

27 Hefur því “kraftaverkum linnt, ástkærir bræður mínir, vegna þess að Kristur hefur stigið upp til himins og sest til hægri handar Guði, til að ^bkrefja föðurinn um rétt sinn til miskunnar fyrir mannanna börn?

28 Því að hann hefur uppfyllt lögmálið og krefst allra þeirra, sem á hann trúa. Og þeir, sem á hann trúa, “halda sér við allt, sem gott er. Þess vegna ^btalar hann máli mannanna barna, og hann dvelur eilíflega á himnum.

29 Og hefur kraftaverkum linnt, ástkæru bræður mínir, vegna þess að hann hefur gjört þetta? Sjá. Ég segi yður, nei, né heldur eru englar hættir að þjóna mannanna börnum.

30 Því að sjá. Þeir lúta honum og þjóna að hans boði og birtast þeim, sem eiga sterka trú og staðfastan huga á allt, sem guðlegt er.

31 Og hin helga þjónusta þeirra er að kalla menn til iðrunar og vinna og uppfylla þau verk, sem felast í sáttmálum föðursins, sem hann hefur gjört við mannanna börn til að greiða veginn meðal þeirra með því að boða hinum útvöldu Drottins orð Krists, svo að þeir megi vitna um hann.

32 Og með því að gjöra svo greiðir Drottinn veginn, svo að aðrir menn megi “trúa á Krist, og heilagur andi fái rúm í hjörtum þeirra í samræmi við kraft hans.

22a LR Guð, guðdómur.

b HDP Móse 5:58.

LR Englar.

24a 2 Ne 2:5.

25a Al 12:28–30.

26a 3 Ne 18:20.

LR Bæn.

27a LR Kraftaverk.

b Jes 53:12;

Mósía 14:12.

28a Róm 12:9;

K&S 98:11.

b 1 Jóh 2:1; 2 Ne 2:9.

LR Málsvari.

32a LR Átrúnaður.

Og þannig gjörir faðirinn þá sáttmála að veruleika, sem hann hefur gjört við mannanna börn.

33 Og Kristur hefur sagt: “Ef þér trúið á mig, skuluð þér hafa kraft til að gjöra allt, sem mér er ^bæskilegt.

34 Og hann hefur sagt: “Íðrist, allir þér frá endimörkum jarðar, komið til mín, skírist í mínu nafni og trúið á mig, svo að þér megið frelsast.

35 Og nú, ástkæru bræður mínir. Sé það sannleikur, sem ég hef talað til yðar, en Guð mun sýna yður, með ^akrafti og mikilli dýrd á efsta ^bdegi, að það er sannleikur — og sé það sannleikur, er þá degi kraftaverkanna lokið?

36 Eða eru englar hættir að birtast mannanna börnum? Eða hefur hann ^ahaldið krafti heilags anda frá þeim? Eða mun hann gjöra það, svo lengi sem tíminn varir, jörðin stendur eða einn maður finnst á jörðunni, sem frelsa má?

37 Sjá. Ég segi yður, nei, því að með trú gjörast ^akraftaverkin, og með trú birtast englar og þjóna mönnum. Og vei sé mannanna börnum, ef þessu linnir, því að svo verður aðeins vegna ^bvantrúar, og allt er þá til einskis.

38 Því að samkvæmt orðum Krists frelsast enginn maður, nema hann trúi á nafn hans. En

hafi þetta horfið, þá hefur trúin einnig horfið. Og hörmulegt yrði þá hlutskipti mannsins, því að þá væri eins ástatt fyrir honum og engin endurlausn hefði átt sér stað.

39 En sjá, ástkæru bræður mínir, ég vænti betra af yður, því að ég vænti þess, að þér trúið á Krist vegna þess hve bljúgir þér eruð. Því að ef þér trúið ekki á hann, eruð þér ekki ^ahæfir til að teljast meðal þeirra, sem í kirkju hans eru.

40 Og enn fremur, ástkæru bræður mínir, vil ég ræða við yður um ^avon. Hvernig getið þér eignast trú án þess að eiga von?

41 Og í hverju skal ^avon yðar fólgin? Sjá, ég segi yður, að þér skuluð eiga ^bvon fyrir friðþægingu Krists og kraft upprisu hans, að vera reistir til ^aeilífs lífs, og það vegna trúar yðar á hann, í samræmi við fyrirheitið.

42 Eigi maðurinn því ^atrú, ^bhlýtur hann að eiga von, því að án trúar er enga von að hafa.

43 Og sjá, ég segi yður enn fremur, að hann getur ekki átt trú og von án þess að hann sé ^ahógvær og af hjarta lítillátur.

44 Án þess er ^atrú hans og von til einskis, því að enginn er Guði velþóknanlegur, nema hinn hógværi og af hjarta lítilláti. Og ef

33a Matt 17:20.

b K&S 88:64–65.

34a 3 Ne 27:20; Et 4:18.

35a 2 Ne 33:11.

b K&S 35:8.

36a Moró 10:4–5, 7, 19.

37a Matt 13:58;

Morm 9:20; Et 12:12–18.

b Moró 10:19–24.

39a LR Verðugur, verðleiki.

40a Et 12:4. LR Von.

41a K&S 138:14.

b Titus 1:2;

Jakob 4:4; Al 25:16;

Moró 9:25.

c LR Eilíft líf.

42a LR Átrúnaður.

b Moró 10:20.

43a LR Hógvær, hógværð.

44a Al 7:24;

Et 12:28–34.

maðurinn er hógvær og af hjarta lítillátur og ^bjátar með krafti heilags anda, að Jesús sé Kristur, hlýtur hann að eiga kærleika. Því að skorti hann kærleika, er hann ekkert. Þess vegna verður hann að eiga kærleika.

45 Og ^akærleikurinn er langlyndur og góðviljaður, og ^böfundar ekki. Hann hreykir sér ekki upp, leitar ekki síns eigin, reiðist ekki auðveldlega, hugsar ekkert illt, fagnar ekki yfir misgjörðum, heldur fagnar í sannleikanum, þolir allt, trúir öllu, vonar allt, umber allt.

46 Skorti yður þess vegna kærleika, ástkæru bræður mínir, eruð þér ekki neitt, því að kærleikurinn fellur aldrei úr gildi. Haldið þess vegna fast við kærleikann, sem er öllu æðri, því að allt annað hlýtur að falla úr gildi —

47 En ^akærleikurinn er hin hreina ^bást Krists og varir að eilífu. Og hverjum þeim, sem reynist eiga hann á efsta degi, honum mun vel farnast.

48 ^aBiðjið þess vegna til föðurins, ástkæru bræður mínir, af öllum hjartans mætti, að þér megið fyllast þessari elsku, sem hann hefur gefið öllum sönnum ^bfylgjendum sonar síns, Jesú Krists; að þér megið verða synir Guðs; að þegar hann birtist, þá ^averðum vér

honum líkir, því að vér munum sjá hann eins og hann er; að vér megum eiga þessa von; að vér megum verða ^ahreinir eins og hann er hreinn. Amen.

8. KAPÍTULI

Skírn lítilla barna er ill viðurstyggð — Smábörn eru lifandi í Kristi vegna friðþægingarinnar — Trú, iðrun, auðmýkt, lítillæti og samfélag heilags anda og staðfesta allt til enda leiðir til sálhjálp. Um 401–21 e.Kr.

BRÉF frá ^aföður mínum Morón, sem hann ritaði mér, Moróni, skömmu eftir köllun mína til hinnar helgu þjónustu, en hann skrifaði mér svohljóðandi og sagði:

2 Ástkær sonur minn, Moróni. Ég gleðst innilega yfir því, að Drottinn þinn, Jesús Kristur, hefur haft þig í huga og kallað þig til helgrar þjónustu sinnar og síns heilaga verks.

3 Ég minnst þín ætíð í bænum mínum og bið þess án afláts til Guðs föðurins í nafni hans heilaga barns, Jesú, að hann, í óþrjótandi ^agæsku sinni og ^bnád, varðveiti þig í trúfesti á nafn hans allt til enda.

4 Og nú tala ég til þín, sonur minn, um það, sem hryggir mig

44b Lúk 12:8–9.
LR Játa, játning;
Vitnisburður.

45a 1 Kor 13.
b LR Öfund.

47a 2 Ne 26:30.
LR Kærleikur.

b Jós 22:5.
LR Elska, ást.
48a LR Bæn.

b LR Hlýðni, hlýðinn,
hlýða;
Jesús Kristur —
Fordæmi Jesú Krists.

c 1 Jóh 3:1–3;
3 Ne 27:27.
d 3 Ne 19:28–29.
LR Hreinn, hreinleiki.

8 1a OMorm 1:1.
3a Mósía 4:11.
b LR Náð.

ákraft. Því að það hryggir mig, að "deilur skuli rísa meðal ykkar.

5 Því að sé það sannleikur, sem ég hef heyrt, þá hafa deilur risið meðal ykkar um skírn litlu barnanna ykkar.

6 Og nú vil ég, sonur minn, að þið vinnið ötullega að því að losa ykkur við þessa miklu villu, og í þeim tilgangi skrifa ég þetta bréf.

7 Því að strax og ég hafði fregnað þetta af ykkur, spurði ég Drottin um þetta atriði. Og "orð Drottins kom til mín fyrir kraft heilags anda og sagði:

8 Hlýð á orð Krists, lausnara þíns, Drottins þíns og Guðs þíns. Sjá, ég kom ekki í heiminn til að kalla réttláta heldur syndara til iðrunar. Hinir "heilur þurfa ekki lækni við, heldur þeir, sem sjúkir eru. Lítil ^bbörn eru þess vegna "heil, því að þau geta ekki drýgt "synd. Þess vegna er bölvun "Adams frá þeim tekin í mér, svo að hún hafi ekkert vald yfir þeim, og lögmál ^fumskurnar er afnumið í mér.

9 Og á þennan hátt opinberaði heilagur andi mér orð Guðs. Þess vegna veit ég, ástkær sonur minn, að það er alvarleg háðung frammi fyrir Guði, að þið látið skíra lítil börn.

10 Sjá, ég segi þér, að þetta

skuluð þið kenna — iðrun og skírn þeim, sem "ábyrg eru og geta drýgt synd. Já, kennið foreldrum, að þeir verði að iðrast og láta skírast og auðmýkja sig eins og lítil ^bbörn þeirra, og þeir munu allir frelsast ásamt litlum börnum sínum.

11 Og lítil ^abörn þeirra þarfnast hvorki iðrunar né skírnar. Sjá, skírn er til iðrunar til uppfyllingar boðorðunum um ^bfyrirgefningu syndanna.

12 En lítil ^abörn eru lifandi í Kristi, allt frá grundvöllun heimsins. Væri ekki svo, væri Guð hlutdrægur Guð og einnig hverflyndur Guð og fer í ^bmanngreinarálit. Því að hversu mörg lítil börn hafa dáið án skírnar!

13 Ef þess vegna lítil börn gátu ekki frelsast án skírnar, hlytu þau að hafa farið til óendanlegs vítis.

14 Sjá, ég segi yður, að sá, sem telur, að lítil börn þarfnist skírnar, er í beiskjugalli og í fjötrum misgjörða, því að hann á hvorki "trú, von né kærleika. Og yrði hann því burtu tekinn, meðan hann hugsar svo, hlyti hann að fara niður til heljar.

15 Því að hræðilegt ranglæti er að telja, að Guð frelsi eitt barn vegna skírnar, en annað farist, vegna þess að það hefur ekki verið skírt.

4a 3 Ne 11:22, 28; 18:34.

7a LR Orð Guðs.

8a Mark 2:17.

b Mark 10:13–16.

c Mósía 3:16; K&S 74:7.

d LR Synd.

e 2 Ne 2:25–27.

LR Fall Adams og Evu.

f 1 Mós 17:10–11.

LR Umskurn.

10a LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda.

b LR Auðmjúkur, auðmýkt; Barn, börn.

11a LR Barn, börn; Skírn, skíra — Forsendur

skírnar.

b LR Fyrirgefning synda.

12a K&S 29:46–47; 93:38.

b Ef 6:9; 2 Ne 26:33;

K&S 38:16.

14a 1 Kor 13; Et 12:6;

Moró 7:25–28;

10:20–23.

16 Vei sé þeim, sem rangsnýr vegum Drottins á þennan hátt, því að þeir munu farast, ef þeir iðrast ekki. Sjá, ég tala djarflega og með “valdi Guðs. Og ég óttast ekki það, sem maðurinn getur gjört, því að fullkomin ^belska ^crekur allan ótta á braut.

17 Og ég er fullur ^akærleika, sem er ævarandi elska. Þess vegna eru öll börn eins fyrir mér, þess vegna ^belska ég lítil börn með fullkominni ást, og þau eru öll jöfn og hluttakendur að sáluhjálp.

18 Því að ég veit, að Guð er ekki hlutdrægur Guð, né heldur hverflyndur, heldur er hann ^aóumbreytanlegur frá ^ballri eilífð til allrar eilífðar.

19 Lítil ^abörn geta ekki iðrast. Þess vegna er það hörmulegt ranglæti, að neita þeim um sanna miskunn Guðs, því að þau eru öll lifandi í honum vegna ^bmiskunnar hans.

20 Og sá, sem segir, að lítil börn þarfnist skírnar, afneitar miskunn Krists, og metur ^afriðþægingu hans og endurlausnarkraft einskis.

21 Vei sé slíkum, því að þeir eiga

á hættu dauða, ^ahel og ^bóendanlega kvöl. Ég tala djarflega. Guð hefur boðið mér það. Hlýðið á og gefið því gaum, ella mun það standa gegn yður við ^cdómstól Krists.

22 Því að sjáið, að öll lítil börn eru ^alifandi í Kristi og einnig allir þeir, sem án ^blög málsins eru. Því að ^cendurlausnarkrafturinn nær til allra þeirra, sem án lög málsins eru. Þess vegna getur sá, sem ekki er fordæmdur, eða sá, sem ekki er undir fordæmingu, ekki iðrast. Og skírnn gagnar slíkum ekkert —

23 En það er guðlast að afneita miskunn Krists og krafti hans heilaga anda og setja traust sitt á ^adauð verk.

24 Sjá, sonur minn. Þetta ætti ekki að vera svo, því að ^aiðrun er aðeins fyrir þá, sem undir fordæmingu eru og undir bölvun rofins lög máls.

25 Og frumgróði ^aiðrunarinnar er ^bskírnn, en skírnn verður fyrir trú til uppfyllingar boðorðunum. Og uppfylling boðorðanna leiðir til ^cfyrirgefningar syndanna.

26 Og fyrirgefning syndanna leiðir til ^ahógværðar og lítillætis

16a LR Vald.

b LR Elska, ást.

c 1 Jóh 4:18.

17a LR Kærleikur.

b Mósía 3:16–19.

18a Al 7:20;

Morm 9:9.

LR Guð, guðdómur.

b Moró 7:22.

19a Lúk 18:15–17.

b LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

20a LR Endurlausnaráætl-

unin;

Friðþægja, friðþæging.

21a LR Helja.

b Jakob 6:10;

Mósía 28:3;

K&S 19:10–12.

c LR Jesús Kristur —

Dómari.

22a LR Sáluhjálp,

hjálpæði — Sáluhjálp

barna.

b Post 17:30;

K&S 76:71–72.

c LR Endurleysa,

endurleystur,

endurlausn.

23a K&S 22:2.

24a LR Iðrast, iðrun.

25a LR Skírnn, skíra —

Forsendur skírnnar.

b HDP Móse 6:58–60.

c K&S 76:52.

LR Fyrirgefning synda.

26a LR Hógvær, hógværð.

hjartans. Og vegna hógvæðar og lítillætis hjartans kemur vitjun ^bheilags anda, en sá ^chuggari fyllir oss ^dvon og fullkominni ^eelsku, sem stenst með ^fstöðugri ^gbæn, þar til endalokin verða, þegar allir hinir ^hheilögu skulu dvelja með Guði.

27 Sjá, sonur minn. Ég mun rita þér aftur, ef ég fer ekki bráðlega gegn Lamanítum. Sjá. “Hroki þessarar þjóðar, eða Nefítapjóðarinnar, verður henni til tortím-ingar, ef hún iðrast ekki.

28 Bið fyrir þeim, sonur minn, að þeir iðrist. En sjá. Ég óttast, að andinn sé hættur að ^atakast á við þá, og í þessum hluta lands-ins leitast þeir við að brjóta niður allan kraft og allt vald, sem frá Guði er. Og þeir ^bafneita heilögum anda.

29 Og eftir að hafa afneitað svo stórkostlegri vitneskju, sonur minn, hljóta þeir að farast brátt, svo að spádómarnir uppfyllist, sem spámennirnir mæltu fram, sem og orð sjálfs frelsara okkar.

30 Far heill, sonur minn, þar til ég skrifa þér eða hitti þig aftur. Amen.

Síðara bréf Mormóns til sonar síns, Morónís.

Nær yfir 9. kapitula.

9. KAPÍTULI

Bæði Nefítar og Lamanítar eru gjör-spilltir og úrkynjaðir — Þeir kvelja og myrða hver annan — Mormón biður um að náð og gæska föðurins megi vera með Moróni að eilífu. Um 401 e.Kr.

ÁSTKÆR sonur minn. Ég skrifa þér aftur, svo að þú megir vita, að ég er enn á lífi, en ég hef nokkuð sorglegt að segja.

2 Því að sjá. Ég hef átt í hörðum bardaga við Lamaníta, sem lauk með ósigri okkar. Og Arkeantus féll fyrir sverði og einnig Lúram og Emron. Já, við höfum misst fjölda úrvalsmanna okkar.

3 Og sjá nú, sonur minn. Ég óttast, að Lamanítum takist að tortíma þessari þjóð, því að hún iðrast ekki, og Satan eignir þá stöð-ugt til reiði hvern gegn öðrum.

4 Sjá, ég starfa stöðugt með þeim. Og þegar ég tala orð Guðs með ^afestu, nötra þeir og reið-ast mér, en þegar ég beiti engri festu, herða þeir hjörtu sín gegn því. Þess vegna óttast ég, að andi Drottins sé hættur að ^btakast á við þá.

5 Því að svo mikil er reiði þeirra, að mér virðist sem þeir óttist ekki dauðann. Og þeir hafa glatað elsku sinni hver til annars, og þá ^aþyrstir í sífellu í blóð og hefnd.

26 b LR Heilagur andi.

c LR Huggari.

d LR Von.

e 1 Pét 1:22;

1 Ne 11:22–25.

f LR Kostgæfni.

g LR Bæn.

h LR Heilagur.

27 a K&S 38:39.

LR Drambsemi.

28 a Morm 5:16.

b Al 39:6.

LR Ófyrirgefanleg

synd.

9 4a 2 Ne 1:26–27;

K&S 121:41–43.

b K&S 1:33.

5a Morm 4:11–12.

6 Og nú, ástkær sonur minn, skulum við erfiða af “kostgæfni þrátt fyrir hörku þeirra. Því að ef við hættum ^bstarfi okkar, verðum við fordæmdir. Því að við höfum verk að vinna, meðan við dveljum í þessu leirmusteri, svo að við fáum sigrað óvin alls réttlætis og hvílt sálir okkar í Guðs ríki.

7 Og nú skrifa ég nokkuð um þjáningar þessa fólks. Því samkvæmt þeirri vitneskju, sem ég hef fengið hjá Amoron, þá hafa Lamanítar marga fanga, sem þeir tóku úr turni Serrisa, en það voru karlar, konur og börn.

8 Og eiginmenn og feður þessara kvenna og barna hafa þeir drepð, og þeir næra konurnar á holdi eiginmanna sinna og börnin á holdi feðra sinna, og aðeins örlítið vatn gefa þeir þeim.

9 Og þrátt fyrir þessa miklu viðurstyggð Lamaníta tekur hún ekki fram viðurstyggð fólks okkar í Moríantum. Því að sjá. Margar dætur Lamaníta hafa þeir tekið til fanga. Og eftir að hafa rænt þær því, sem þeim er kærast og dýrmætast alls, “hreinleika þeirra og ^bduggð —

10 Og eftir að hafa gjört það, myrtu þeir þær á grimmilegasta hátt, þíndu þær til dauða. Og eftir að hafa gjört það, rifu þeir í sig hold þeirra eins og villidýr, vegna hjartahörku sinnar. En með þessu þykjast þeir sýna hreysti sína.

11 Og ástkær sonur minn.

Hvernig getur fólk eins og þetta, sem er án siðmenningar —

12 (Og aðeins fá ár eru liðin, síðan þetta var siðmenntað og viðfellið fólk.)

13 En ó, sonur minn. Hvernig getur fólk eins og þetta, sem finnur gleði í slíkri viðurstyggð —

14 Hvernig getum við búist við, að Guð “haldi refsihendi sinni frá okkur?

15 Sjá, hjarta mitt hrópar: Vei sé þessum lýð. Lát dóm þinn falla, ó Guð, og hyl syndir þeirra, ranglæti og viðurstyggð fyrir augliti þínu!

16 Og enn fremur, sonur minn. Margar “ekkjur og dætur þeirra eru enn í Serrisa. Og sjá. Þann hluta vistanna, sem Lamanítar tóku ekki burtu, hefur herlið Senefís tekið burt og látið þeim eftir að reika um allt í leit að fæði, en margar gamlar konur líða út af á leið sinni og deyja.

17 En sá her, sem með mér er, er veikur. Og herir Lamaníta eru á milli Serrisa og mín. Og allir þeir, sem flúið hafa yfir til herliðs “Ar- ons, hafa orðið fórnarlömb hræðilegrar grimmdar þeirra.

18 Ó, þessi siðspilling þjóðar minnar. Hún er taumlaus og miskunnarlaus. Sjá, ég er aðeins maður og hef aðeins mannlegan styrk, og ég fæ ekki lengur skipunum mínum framgengt.

19 Og þeir eru orðnir forhertir í spillingu sinni. Og allir eru jafn ómannúðlegir, hlífa engum,

6a LR Kostgæfni.

b Jakob 1:19;
Enos 1:20.

LR Skylda.

9a LR Hreinlífi.
b LR Duggð.

14a Al 10:23.

16a LR Ekkja.
17a Morm 2:9.

hvorki öldnum né ungum. Og þeir hafa unun af öllu öðru en því, sem gott er. Og þjáningar kvenna okkar og barna um allt landið yfiringanga allt. Já, tungan má ei mæla, né heldur er unnt að færa það í letur.

20 Og nú, sonur minn, dvel ég ei lengur við þetta hræðilega ástand. Sjá, þú þekkir ranglæti þessa lýðs. Þú veist, að þeir eru án siðaboða og samkenndar, og ranglæti þeirra “yfiringur ranglæti Lamaníta.

21 Sjá, sonur minn. Ég get ekki mælt með þeim við Guð, svo að hann ljósti mig ekki.

22 En sjá, sonur minn. Ég mæli með þér við Guð, og ég set traust mitt á Krist, að þú megir frelsast. Og ég bið til Guðs, að hann “hlífi lífi þínu, svo að þú megir annaðhvort verða vitni að því, að þjóð þín snúi aftur til hans, eða að algjörri tortímingu hennar, því að ég veit, að hún hlýtur að farast, ef hún ^biðrast ekki og snýr aftur til hans.

23 Og farist hún, verður það eins og með Jaredíta, vegna þrjósku sinnar, ^ablóðþorsta og ^bhefnigirni.

24 Og farist hún, vitum við, að margir bræðra okkar hafa “horfið yfir til Lamaníta og að margir fleiri munu hverfa yfir til þeirra. Því bið ég þig að skrifa eitthvað, verði þér hlíft, en ég farist án þess að hitta þig. En ég treysti því, að ég hitti þig brátt, því að ég hef helgar heimildir, sem ég vil ^aafhenda þér.

25 Sonur minn, vertu trúr í Kristi. Og megi það, sem ég hef ritað, ekki verða til að hryggja þig eða þruga þig til dauða, heldur megi Kristur lyfta þér upp, og “megi þjáningar hans og dauði og það, að hann sýndi sig feðrum okkar í líkamanum, og miskunn hans og langlyndi og vonin um dýrð hans og ^beilíft líf hvíla í “huga þínum að eilífu.

26 Og megi náð Guðs föðurins, sem ríkir hátt á himnum uppi, og Drottinn vor Jesús Kristur, sem situr við “hægri hönd veldis hans, þar til allt verður honum undirgefið, vera og haldast með þér að eilífu. Amen.

10. KAPÍTULI

Hægt er að eignast vitnisburð um Mormónsbók fyrir kraft heilags anda — Hinir trúföstu hljóta gjafir andans — Gjafir andans eru ætíð samfara trú — Orð Morónís koma úr duftinu — Komid til Krists, fullkonnist í honum, og helgið sálir yðar. Um 421 e.Kr.

ÉG, Moróní, rita nú það, sem mér virðist gott, og ég beini orðum mínum til bræðra minna, “Lamaníta. Ég vil, að þeir viti, að rúmlega fjögur hundruð og tuttugu ár eru liðin, síðan tákn var gefið um komu Krists.

2 Og þegar ég hef mælt nokkur

20a He 6:34–35.

22a Morm 8:3.

b Mal 3:7;

He 13:11;

3 Ne 10:6; 24:7.

23a Morm 4:11–12.

b Et 15:15–31.

24a Al 45:14.

b Morm 6:6.

25a LR Friðþægja,

friðþæging.

b LR Eilíft líf.

c LR Hugur.

26a Lúk 22:69;

Post 7:55–56;

Mósía 5:9;

Al 28:12.

10 1a K&S 10:48.

hvatningarorð til yðar, “innsigla ég þessar heimildir.

3 Sjá. Ég hvet yður, þegar þér lesið þetta — sé það viska Guðs, að þér lesið það — að þér hafið það hugfast, hve miskunnsamur Drottinn hefur verið mannanna börnum frá sköpun Adams og allt fram til þess tíma, er þér meðtakið þetta, og “ígrundið það í ^bhjörtum yðar.

4 Og þegar þér meðtakið þetta, þá hvet ég yður að “spyrja Guð, hinn eilífa föður, í nafni Krists, hvort þetta er ^bekki sannleikur. Og ef þér spyrjið í hjartans ‘einlægni, með ^deinbeittum huga og í ^etrú á Krist, mun hann ^fopinbera yður ^gsannleiksgildi þess fyrir kraft heilags anda.

5 Og fyrir kraft heilags anda getið þér fengið að ^avita ^bsannleiksgildi allra hluta.

6 Og allt, sem er gott, er rétt og sannleikanum samkvæmt. Þess vegna afneitar ekkert gott Kristi, heldur viðurkennir, að hann er.

7 Og fyrir kraft heilags anda megið þér vita, að hann er. Þess vegna hvet ég yður til að afneita ekki krafti Guðs, því að máttarverk hans eru í ^asamræmi við trú mannanna barna, hin sömu í dag og á morgun og að eilífu.

8 Og enn fremur hvet ég yður, bræður mínir, til að hafna ekki “gjöfum Guðs, því að þær eru margar, og þær eru frá hinum sama Guði komnar. Gjafir þessar eru gefnar á ^bmargan hátt, en það er hinn sami Guð, sem er að verki í þeim öllum, og þær eru gefnar fyrir opinberun anda Guðs til mannanna þeim til heilla.

9 Því að sjá. “Einum er gefið fyrir anda Guðs að ^bkenna vísdómsorð —

10 Og öðrum að kenna orð þekkingar fyrir hinn sama anda —

11 Og öðrum mjög sterk ^atrú, og öðrum gjöf ^blækninga fyrir sama anda —

12 Og enn öðrum að gjöra máttug ^akraftaverk —

13 Og enn öðrum er gefið að spá um alla hluti —

14 Og enn öðrum að sjá engla og þjónustuanda —

15 Og enn öðrum að tala margvíslegar tungur —

16 Og enn öðrum túlkun tungumála og margvíslegra ^atungna.

17 En allar þessar gjafir öðlast menn fyrir anda Krists, og hver og einn hlýtur þær að hans vilja.

18 Og ég hvet yður, mínir elskuðu bræður, að hafa það hugfast,

2a Morm 8:4, 13–14.
LR Ritningar — Spáð um að ritningar komi fram.

3a 5 Mós 11:18–19.
LR Íhuga, ígrunda.
b 5 Mós 6:6–7.

4a LR Bæn.
b 1 Ne 13:39; 14:30;
Mósía 1:6;
Et 4:10–11; 5:3.

c LR Heiðarlegur, heiðarleiki.
d Jakbr 1:5–7; Moró 7:9.
e LR Átrúnaður.
f LR Opinberun.
g LR Sannleikur.
5a K&S 35:19.
LR Dómgreind, dómgreindargáfa;
Vitnisburður.
b Jóh 8:32.

7a 1 Ne 10:17–19.
8a LR Gjafir andans.
b K&S 46:15.
9a 1 Kor 12:8–11;
K&S 46:8–29.
b K&S 88:77–79, 118.
11a LR Átrúnaður.
b LR Lækna, lækningar.
12a LR Kraftaverk.
16a LR Tungur, gjöf tungutals.

að "sérhver góð gjöf kemur frá Kristi.

19 Og ég brýni fyrir yður, ástærðu bræður mínir, að hafa það hugfast, að hann er hinn "sami í gær, í dag og að eilífu, og að svo lengi sem heimurinn stendur verða allar þær gjafir, sem ég hef minnst á og eru andlegs eðlis, aldrei burtu teknar, nema fyrir ^bvantrú mannanna barna.

20 Þess vegna hlýtur að vera "trú, og þar sem trú er, þar hlýtur einnig að vera von, og þar sem vonin vakir, þar hlýtur einnig að vera kærleiki.

21 Og eigið þér ekki "kærleik, getið þér á engan hátt orðið hólpnir í Guðs ríki, né heldur getið þér orðið hólpnir í Guðs ríki, vanti yður trú, og eigi heldur, skorti yður von.

22 Og ef þér eigið enga von, hljótið þér að vera fullir örvæntingar, en örvæntingin stafar af misgjörðum.

23 Og Kristur sagði vissulega við feður vora: "Ef þér trúið, getið þér gjört allt, sem mér er æskilegt.

24 Og nú beini ég máli mínu til allra hluta jarðarinnar — komi sá dagur, að kraftur Guðs og gjafir verði að engu gjört, þá gjörist það "vegna ^bvantrúar.

25 Og vei sé mannanna börnum,

ef svo verður, því að "enginn mun gjöra góðverk meðal yðar, ekki einn. En verði einn á meðal yðar, sem gott gjörir, þá gjörir hann það fyrir kraft og gjafir Guðs.

26 Og vei þeim, sem gjöra þetta að engu og deyja, því að þeir "deyja í ^bsyndum sínum og geta ekki frelsast í Guðs ríki. Og ég segi þetta í samræmi við orð Krists, og orð mín eru sönn.

27 Og ég hvet yður að hafa þetta hugfast, því að sá dagur mun brátt koma, að þér fáðið vissu um, að orð mín eru sönn, því að þér munuð sjá mig við dómgrindur Guðs, og Drottinn Guð mun segja við yður: Boðaði ég yður ekki "orð mín, sem þessi maður hefur fært í letur, sem ^bhróp hinna dauðu, já, eins og maður, sem hrópar úr "duftinu?

28 Ég boða þetta til uppfyllingar spádómunum. Og sjá. Það skal fram ganga af munni hins ævarandi Guðs, og orð hans mun "berast frá kynslóð til kynslóðar.

29 Og Guð mun sýna yður, að það, sem ég hef ritað, er sannleikur.

30 Og enn vil ég hvetja yður að "koma til Krists og höndla hverja góða gjöf og ^bsnerta ekki hina illu gjöf, né það, sem óhreint er.

31 Og "vakna og rís úr duftinu,

18a Jakbr 1:17.

19a Hebr 13:8.

b Moró 7:37.

20a Et 12:3–37.

21a 1 Kor 13;

Moró 7:1, 42–48.

LR Kærleikur.

23a Moró 7:33.

24a Moró 7:37.

b LR Vantrú.

25a ÞJS Sálm 14:1–7

(Viðauki);

Róm 3:10–12.

26a Esek 18:26–27;

1 Ne 15:32–33;

Mósía 15:26.

b Jóh 8:21.

27a 2 Ne 33:10–11.

b 2 Ne 3:19–20;

27:13; 33:13;

Morm 9:30.

c Jes 29:4.

28a 2 Ne 29:2.

30a 1 Ne 6:4;

Morm 9:27; Et 5:5.

b Al 5:57.

31a Jes 52:1–2.

ó Jerúsalem. Já, klæð þig skartklæðum þínum, ó ^bSíonardóttir. ^cStyrktu ^dstikur þínar og færðu út kvíar þínar eilíflega, svo að þú verðir ^eei framar smáð og sáttmálarnir, sem hinn eilífi faðir hefur við þig gjört, ó Ísraelsætt, nái að uppfyllast.

32 Já, ^akomið til Krists, ^bfullkominist í honum og hafnið öllu óguðlegu. Og ef þér hafnið öllu óguðlegu og ^celskið Guð af öllum mætti yðar, huga og styrk, þá bregst yður eigi náð hans, en fyrir náð hans náði þér fullkominun í Kristi. Og ef þér, fyrir ^dnáð Guðs, eruð fullkomin í Kristi, getið þér alls eigi afneitað krafti Guðs.

33 Og enn fremur. Ef þér fyrir náð Guðs eruð fullkomin í Kristi og afneitið ekki krafti hans, eruð þér ^ahelguð í Kristi fyrir náð Guðs með úthellingu ^bblóðs Krists, sem er í sáttmála föðurins til ^cfyrirgefningar synda yðar, svo að þér verðið ^dheilög og flekklaus.

34 Og nú segi ég við yður öll, lifið heil. Ég geng brátt til ^ahvíldar í ^bparadís Guðs, uns ^candi minn og líkami ^dsameinast á ný og ég svíf um ^eloftið í sigurgleði til móts við yður frammi fyrir hinum ljúfu dómgrindum hins mikla ^fJehóva, hins eilífa ^hdómara bæði lifenda og látinna. Amen.

31 *b* LR Síon.

c Jes 54:2.

d LR Stíka.

e Et 13:8.

32 *a* Matt 11:28;

2 Ne 26:33;

Jakob 1:7;

Om 1:26.

b Matt 5:48;

3 Ne 12:48.

LR Fullkominn.

c K&S 4:2; 59:5–6.

d 2 Ne 25:23.

33 *a* LR Lausn frá synd.

b LR Friðþægja,

friðþæging.

c LR Fyrirgefning synda.

d LR Heilagleiki.

34 *a* LR Hvíld.

b LR Paradís.

c LR Andi.

d LR Upprisa.

e 1 Þess 4:17.

f Jakob 6:13.

g LR Jehóva.

h LR Jesús Kristur —

Dómari.

ENDIR

KENNING OG SÁTTMÁLAR

KIRKJU JESÚ KRISTS
HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU

GEYMA OPINBERANIR GEFNAR
SPÁMANNINUM JOSEPH SMITH,

ÁSAMT NOKKRUM VIÐAUKUM EFTIRMANNA HANS
Í FORSÆTISRÁÐI KIRKJUNNAR

EFNI

Formáli	v
Tímaröðix
Kaflar	1
Opinberar yfirlýsingar	324

FORMÁLI

Kenning og sáttmálar er safn guðlegra opinberana og innblásinna Kyfirlýsinga, sem gefnar voru fyrir stofnun og stjórn Guðs ríkis á jörðu á síðustu dögum. Þó að flestum köflunum sé beint til meðlima Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, er boðskapurinn, aðvaranirnar og hvatningarorðin ætluð öllu mannkyni til heilla, og geyma boð til allra manna, alls staðar, um að hlýða á rödd Drottins Jesú Krists, sem talar til þeirra varðandi stundlega velferð þeirra og ævarandi sáluhjálp.

Flestar opinberanir þessa safns voru gefnar með Joseph Smith yngri, fyrsta spámanni og forseta Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Aðrar voru gefnar með sumum eftirmanna hans í forsætisráðinu (sjá formála að K&S 135., 136. og 138. og Opinberar yfirlýsingar 1 og 2).

Bókin Kenning og sáttmálar er eitt af helgiritum kirkjunnar ásamt hinni heilögu Biblíu, Mormónsbók og Hinni dýrmætu perlu. Kenning og sáttmálar hefur þó sérstöðu, vegna þess að hún er ekki þýðing á fornum ritum, heldur nýtt rit, sem Guð gaf með útvöldum spámönnum sínum til endurreisnar heilögu verki sínu og til stofnunar Guðs ríkis á jörðu á þessum dögum. Í opinberununum heyrum við blíða en ákveðna rödd Drottins Jesú Krists, sem talar á ný í ráðstöfun fyllingar tímanna, og það verk, sem hér hefst, er til undirbúnings síðari komu hans, til uppfyllingar og samræmis orðum allra hinna heilögu spámanna frá upphafi veraldar.

Joseph Smith yngri fæddist 23. desember 1805 í Sharon, Windsorsýslu, Vermontfylki. Ungur að árum flutti hann ásamt fjölskyldu sinni þangað sem nú heitir Manchester í vesturhluta New York-fylkis. Meðan hann bjó þar gerðist það að vorlagi árið 1820, þegar hann var fjórtán ára, að hann sá fyrstu sýn sína, þar sem Guð, hinn eilífi faðir, og sonur hans, Jesús Kristur, vitjuðu hans í eigin persónu. Í þeirri sýn var honum sagt, að hin sanna kirkja Jesú Krists, sem stofnuð hafði verið á tímum Nýja testamentisins og veitt hafði fyllingu fagnaðarerindisins, væri ekki lengur á jörðu. Aðrar guðlegar vitranir fylgdu, þar sem margir englar kenndu honum. Honum var sýnt, að Guð ætlaði honum ákveðið verk að vinna á jörðu, og að með honum yrði kirkja Jesú Krists endurreist á jörðu.

Er fram liðu stundir var Joseph Smith fær um, með guðlegri aðstoð, að þýða og birta Mormónsbók. Meðan á því stóð, voru hann og Oliver Cowdery vígðir til Aronsprestðæmisins af Jóhannesi skírara, í maí 1829 (sjá K&S 13), og skömmu síðar voru þeir einnig vígðir til Melkisedeksprestðæmisins af hinum fornu postulum, Pétri, Jakob og Jóhannesi (sjá K&S 27:12). Aðrar vígslur fylgdu, þar sem Móse, Elía,

Elías og margir fornir spámenn veittu prestdæmislykla (sjá K&S 110; 128:18, 21). Þær vígslur voru í raun endurreisn hins guðlega valds til manna á jörðu. Hinn 6. apríl 1830 stofnaði spámaðurinn Joseph Smith kirkjuna undir himneskri handleiðslu, og þannig er hin sanna kirkja Jesú Krists á ný starfrækt sem stofnun meðal manna, með valdi til að kenna fagnaðarerindið og framkvæma helgiathafnir sáluhjálpar. (Sjá K&S 20 og Hina dýrmætu perlu, Joseph Smith — Saga 1.)

Þessar helgu opinberanir fengust sem svar við bæn, þegar þeirra var þörf, og snertu eigið líf þeirra, sem í hlut áttu. Spámaðurinn og aðstoðarmenn hans leituðu guðlegrar handleiðslu, og þessar opinberanir sýna, að þeir fengu hana. Í opinberununum sjáum við endurreisnina og afhjúpun fagnaðarerindis Jesú Krists og upphaf þessarar ráðstöfunar í fyllingu tímanna. Í þessum opinberunum má einnig sjá flutning kirkjunnar í vesturátt frá New York og Pennsylvaníu til Ohio, Missouri, Illinois, og að lokum til hinna miklu dala Vestur-Ameríku, og hina erfiðu baráttu hinna heilögu við að byggja upp Síon á jörðu á þessum tímum.

Nokkrir fyrstu kaflarnir fjalla um mál varðandi þýðingu og útgáfu Mormónsbókar (sjá kafla 3, 5, 10, 17 og 19). Sumir síðari kaflarnir endurspeglar verk spámansins Josephs Smith við innblásna þýðingu á Biblíunni, en margir kaflar, ríkir af kenningaratriðum, fengust meðan á því stóð (sjá t.d. kafla 37, 45, 73, 76, 77, 86, 91 og 132, sem allir eru í beinum tengslum við þýðinguna á Biblíunni).

Í opinberununum eru kenningar fagnaðarerindisins settar fram með skýringum um grundvallaratriði, eins og eðli guddómsins, uppruna mannsins, raunveruleika Satans, tilgang jarðlífsins, nauðsyn hlýðni, þörfina fyrir iðrun, starf hins heilaga anda, helgiathafnir og framkvæmdir er sáluhjálpar varða, örlög jarðarinnar, framtíðarástand mannsins eftir upprisuna og dóminn, eilífð hjónabandstengsla og eilíft eðli fjölskyldunnar. Á sama hátt afhjúpast smátt og smátt stjórnaruppbygging kirkjunnar, með köllun biskupa, Æðsta forsætisráðsins, ráðs hinna tólf, hinna sjötíu og stofnun annarra embætta og sveita. Að lokum gerir vitnisburðurinn, sem gefinn er um Jesú Krist — guddómleika hans, hátign hans, fullkomnun hans, ást hans og endurlausnarkraft — þessa bók afar verðmæta fyrir mannkyn allt og „meira virði fyrir kirkjuna en auðæfi allrar jarðar“ (sjá formála að K&S 70).

Opinberanirnar voru upphaflega skráðar af riturum Josephs Smith og kirkjuþegnardeildu handskrifuðum handritum hver með öðrum, gagnteknir áhuga. Til þess að skapa varanlegri heimildirskráðu ritarar opinberanirnar í handritabækur, sem kirkjuleiðtogar notuðu til að búa þær undir prentun. Joseph og hinir fyrstu heilögu litu þessar opinberanir sömu augum og þeir litu kirkjuna, lifandi, kraftmikla og í þörf fyrir fágun með áframhaldandi opinberunum. Þeir gerðu sér einnig grein fyrir því, að góðar líkur voru á því að mistök hefðu verið gerð við afritun

opinberananna og undirbúning þeirrafyrir útgáfu. Þar af leiðandi var Joseph Smith beðinn, á ráðstefnu árið 1831, um að „lagfæra þær villur eða þau mistök, sem hann kynni að finna, fyrir kraft heilags anda.“

Eftir þessa endurskoðun og leiðréttingar á opinberununum, hófu kirkjuþegnar í Missouri að prenta bók undir nafninu *A Book of Commandments for the Government of the Church of Christ* (Boðorðabókin, til stjórnunar á kirkju Krists), en í henni mátti finna margar af fyrstu opinberunum spámannsins. Þessari fyrstu tilraun til útgáfu opinberananna lauk hinsvegar þegar múgur eyðilagði prentsmiðju hinna heilögu í Jacksonsýslu þann 20. júlí 1833.

Þegar Joseph Smith heyrði af eyðileggingu prentsmiðjunnar, hóf hann og aðrir leiðtogar kirkjunnar undirbúning að útgáfu opinberananna í Kirtland, Ohio. Enn á ný var farið yfir villur, orðalag lagfært og þróun í kenningum kirkjunnar og skipulagningu hennar staðfest. Joseph Smith hafði yfirumsjón meðlagfæringu á texta nokkurra opinberana og undirbúningi þeirra fyrir útgáfu árið 1835, undir heitinu *Doctrine and Covenants of the Church of the Latter Day Saints* (Kenning og sáttmálar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu). Joseph Smith heimilaði aðra útgáfu Kenningar og sáttmála, sem gefin var út aðeins nokkrum mánuðum eftir píslarvættisdauða spámannsins 1844.

Hinir Síðari daga heilögu á þessum tíma mátu opinberanirnar mikils og litu á þær sem boðskap frá Guði. Í einu tilfelli, síðla árs 1831, gáfu nokkrir öldungar kirkjunnar hátíðlegan vitnisburð um, að Drottinn hefði borið sálum þeirra vitni um sannleiksgildi opinberananna. Sá vitnisburður var í 1835útgáfu Kenningar og sáttmála, undir heitinu Vitnisburður postulanna tólf:

VITNISBURÐUR POSTULANNA TÓLF UM SANNLEIKSGILDI BÓKARINNAR KENNING OG SÁTTMÁLAR

Vitnisburður vitnanna að Boðorðabók Drottins, en þau boðorð gaf hann kirkju sinni með Joseph Smith yngri, sem rödd kirkjunnar tilnefndi í þeim tilgangi.

Vér erum þess vegna fúsir til þess að bera því vitni fyrir öllum mannheimi, allri skepnu á yfirborði jarðar, að Drottinn hefur með heilögum anda, sem hann veitti oss, borið sálum vorum vitni um, að þessi boðorð voru veitt með innblæstri Guðs, öllum mönnum til heilla, og þau eru vissulega sönn.

Vér gefum heiminum þennan vitnisburð, Drottinn sé með oss, og það er fyrir náð Guðs föðurins og sonar hans, Jesú Krists, að

oss veitast þau forréttindi að flytja heiminum þennan vitnisburð, en í honum fögnum vér ákaft, og biðjum Drottin þess, að manna börn megi njóta þar góðs af.

Nöfn hinna tólf voru:

Thomas B. Marsh	Orson Hyde	William Smith
David W. Patten	William. E. McLellin	Orson Pratt
Brigham Young	Parley P. Pratt	John F. Boynton
Heber C. Kimball	Luke S. Johnson	Lyman E. Johnson

Í síðari útgáfum Kenningar og sáttmála hefur frekari opinberunum eða öðru skráðu efni verið bætt við, eftir því sem það hefur verið meðtekið og samþykkt á réttmætum samkomum eða ráðstefnum kirkjunnar. Í 1876 útgáfunni, sem öldungur Orson Pratt undirbjó undir leiðsögn Brigham Young, var opinberunum raðað í tímaröð og ný formálsorð útbúin með sögulegri kynningu.

Í ensku útgáfunni árið 1835 birtist fyrst flokkur með sjö guðfræðifyrirlestrum, sem báru fyrirsögnina *Lectures on Faith* [Fyrirlestrar um trú]. Þeir höfðu verið samdir til að nota fyrir skóla spámanna í Kirtland, Ohio, 1834–1835. Þó að þeir væru góðir, hvað kenningar og fræðslu snerti, voru þessir fyrirlestrar teknir úr Kenningu og sáttmálum frá og með útgáfunni 1921, vegna þess að þeir voru ekki gefnir eða kynntir sem opinberanir til allrar kirkjunnar.

Í útgáfu Kenningar og sáttmála, sem kom út árið 1981, var þremur skjölum bætt við í fyrsta sinn. Þetta eru kaflar 137 og 138, þar sem grundvallaratriði sáluhjálpar fyrir hina dánur voru sett fram og Opinber yfirlýsing 2, þar sem tilkynnt var að vígja mætti alla verðuga karlmenn innan kirkjunnar til prestdæmisins, án tillits til kynþáttar eða litarháttar.

Í hverri nýrri útgáfu af Kenningu og sáttmálum hafa eldri villur verið leiðréttar og nýjum upplýsingum bætt við, sérstaklega sögulegum atriðum í formálsorðum kaflanna. Í nýjustu útgáfunni eru gerðar endurbætur á dagsetningum og staðarheitum og aðrar leiðréttingar. Þessar breytingar hafa verið gerðar til þess að efnið sé í samræmi við nákvæmstu sögulegar upplýsingar. Aðrir nýir þættir, sem finna má í þessari útgáfu, eru endurskoðuð kort, sem sýna helstu landfræðilegar staðsetningar, þar sem opinberanir voru meðtekna, auk þess betri ljósmyndir af sögulegum stöðum kirkjunnar, tilvísanir, formálsorð kafla og efnislega samantekt, allt gert til að auðvelda lesendum að skilja og gleðjast yfir þeim boðskap, sem Drottinn gefur í Kenningu og sáttmálum. Upplýsingar í formálsorðum kafla koma úr Söguhandrit kirkjunnar og útgefinni *History of the Church* (Saga kirkjunnar) (oftast nefnd saga Josephs Smith í formálsorðunum), og *Joseph Smith Papers* (Skjöl Josephs Smith).

TÍMARÖÐ EFNIS

<i>Dagsetning</i>	<i>Staður</i>	<i>Kafli</i>
1823	September	Manchester, New York 2
1828	Júlí	Harmony, Pennsylvaníu 3
1829	Febrúar	Harmony, Pennsylvaníu 4
	Mars	Harmony, Pennsylvaníu 5
	Apríl	Harmony, Pennsylvaníu 6, 7, 8, 9, 10
	Maí	Harmony, Pennsylvaníu 11, 12, 13*
	Júní	Fayette, New York 14, 15, 16, 17, 18
	Sumar	Manchester, New York 19
1830		Wayne sýsla, New York 74
	Apríl	Fayette, New York 20*, 21
	Apríl	Manchester, New York 22, 23
	Júlí	Harmony, Pennsylvaníu 24, 25, 26
	Ágúst	Harmony, Pennsylvaníu 27
	September	Fayette, New York 28, 29, 30, 31
	Október	Manchester, New York 32
	Október	Fayette, New York 33
	Nóvember	Fayette, New York 34
	Desember	Fayette, New York 35*, 36*, 37*
1831	Janúar	Fayette, New York 38, 39, 40
	Febrúar	Kirtland, Ohio 41, 42, 43, 44
	Mars	Kirtland, Ohio 45, 46, 47, 48
	Maí	Kirtland, Ohio 49, 50
	Maí	Thompson, Ohio 51
	Júní	Kirtland, Ohio 52, 53, 54, 55, 56
	Júlí	Síon, Jacksonsýsla, Missouri 57
	Ágúst	Síon, Jacksonsýsla, Missouri 58, 59
	Ágúst	Independence, Missouri 60
	Ágúst	Missouri áin, Missouri 61
	Ágúst	Chariton, Missouri 62
	Ágúst	Kirtland, Ohio 63
	September	Kirtland, Ohio 64
	Október	Hiram, Ohio 65, 66
	Nóvember	Hiram, Ohio 1, 67, 68, 69, 70, 133
	Desember	Hiram, Ohio 71
	Desember	Kirtland, Ohio 72
1832	Janúar	Hiram, Ohio 73
	Janúar	Amherst, Ohio 75
	Febrúar	Hiram, Ohio 76
	Mars	Hiram, Ohio 77, 79, 80, 81

*Við eða í grennd við tilgreindan stað.

<i>Dagsetning</i>	<i>Staður</i>	<i>Kafli</i>
	Mars	Kirtland, Ohio 78
	Apríl	Independence, Missouri 82, 83
	Ágúst	Hiram, Ohio 99
	September	Kirtland, Ohio 84
	Nóvember	Kirtland, Ohio 85
	Desember	Kirtland, Ohio 86, 87*, 88
1833	Febrúar	Kirtland, Ohio 89
	Mars	Kirtland, Ohio 90, 91, 92
	Maí	Kirtland, Ohio 93
	Júní	Kirtland, Ohio 95, 96
	Ágúst	Kirtland, Ohio 94, 97, 98
	Október	Perrysburg, New York 100
	Desember	Kirtland, Ohio 101
1834	Febrúar	Kirtland, Ohio 102, 103
	Apríl	Kirtland, Ohio 104*
	Júní	Fishing River, Missouri 105
	Nóvember	Kirtland, Ohio 106
1835	Apríl	Kirtland, Ohio 107
	Ágúst	Kirtland, Ohio 134
	Nóvember	Kirtland, Ohio 108
1836	Janúar	Kirtland, Ohio 137
	Mars	Kirtland, Ohio 109
	Apríl	Kirtland, Ohio 110
	Ágúst	Salem, Massachusetts 111
1837	Júlí	Kirtland, Ohio 112
1838	Mars	Far West, Missouri 113*
	Apríl	Far West, Missouri 114, 115
	Maí	Spring Hill, Davissýsla, Missouri 116
	Júlí	Far West, Missouri 117, 118, 119, 120
1839	Mars	Liberty-fangelsið, Claysýsla, Missouri 121, 122, 123
1841	Janúar	Nauvoo, Illinois 124
	Mars	Nauvoo, Illinois 125
	Júlí	Nauvoo, Illinois 126
1842	September	Nauvoo, Illinois 127, 128
1843	Febrúar	Nauvoo, Illinois 129
	Apríl	Ramus, Illinois 130
	Maí	Ramus, Illinois 131
	Júlí	Nauvoo, Illinois 132
1844	Júní	Nauvoo, Illinois 135
1847	Janúar	Winter Quarters (nú Nebraska) 136
1890	Október	Salt Lake City, Utah Opinber yfirlýsing 1
1918	Október	Salt Lake City, Utah 138
1978	Júní	Salt Lake City, Utah Opinber yfirlýsing 2

*Við eða í grennd við tilgreindan stað.

KENNING OG SÁTTMÁLAR

1. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith 1. nóvember 1831, á sérstakri öldungaráðstefnu kirkjunnar, sem haldin var í Hiram, Ohio. Fyrir þann tíma hafði Drottinn gefið margar opinberanir og var samantekt þeirra til útgáfu í bókarformi eitt aðalmálið, sem samþykkt var á ráðstefnunni. Þessi kafla er formáli Drottins að kenningum, sáttmálum og boðum þeim, sem gefin eru á þessum ráðstöfunartímum.

1–7, Aðvörunarorð til allra manna; 8–16, Fráhrarf og ranglæti eru undanfari síðari komunnar; 17–23, Joseph Smith er kallaður til að endurreisa sannleika Drottins og kraft á jörðu; 24–33, Mormónsbók er birt og hin sanna kirkja stofnuð; 34–36, Friður mun tekinn af jörðu; 37–39, Kannid þessi boð.

HLÝÐIÐ á, ó þér sem í “kirkju minni eruð, segir rödd hans, sem dvelur í upphæðum og beinir ^baugum sínum til allra manna. Já, sannlega segi ég: “Hlýðið á, þér sem í fjarlægð dveljið og þér sem dveljið á eyjum sjávar, hlustið saman.

2 Því að sannlega er “rödd Drottins til allra manna, ^benginn kemst undan og ekkert auga sem eigi mun sjá, né eyra sem eigi mun heyra, né ^chjarta sem ósnortið verður.

3 Og mikil sorg mun nísta hina

“mótþróafullu, því að misgjörðir þeirra verða ^bræddar á húsþökum og leyniverk þeirra opinberuð.

4 Og “aðvörunarraust mun berast öllum lýðum af munni læri-sveina minna, sem ég hef útvalið á þessum ^bsíðustu dögum.

5 Og þeir munu ganga fram og enginn fær stöðvað þá, því að ég, Drottinn, hef gefið þeim boð.

6 Sjá, þetta er “vald mitt og vald þjóna minna og formáli minn að bók boðorða minna, sem ég hef gefið þeim til að ^bbirta yður, ó jarðarbúar.

7 “Óttist þess vegna og skelfist, ó þér menn, því að það sem ég, Drottinn, hef ákvarðað í þeim skal ^buppfyllt verða.

8 Og sannlega segi ég yður, að þeim, sem ganga fram og flytja íbúum jarðar þessi tíðindi, er gefið vald til að “innsigla hina

1 1a 3 Ne 27:3; K&S 20:1.
LR Kirkja Jesú Krists.
b K&S 38:7–8.
LR Guð, guðdómur.
c 5 Mós 32:1.
2a K&S 133:16.
b Fil 2:9–11.
c LR Hjarta.

3a LR Uppreisn.
b Lúk 8:17; 12:3;
2 Ne 27:11;
Morm 5:8.
4a Esek 3:17–21;
K&S 63:37.
LR Trúboðsverk;
Vara við, viðvörðun.

b LR Síðustu dagar, síðari dagar.
6a LR Jesús Kristur — Vald.
b K&S 72:21.
7a 5 Mós 5:29;
Préd 12:13.
b K&S 1:38.
8a LR Innsigli, innsiglan.

vantrúuðu og ^bmótþróafullu, bæði á jörðu og á himni —

9 Já, sannlega, innsigla þá til þess dags, er heilagri ^areiði Guðs verður úthellt takmarkalaust yfir hina ^branglátu —

10 Til þess ^adags, er Drottinn kemur og ^bgeldur hverjum manni samkvæmt ^cverkum hans og ^dmælir hverjum manni með þeim mæli, sem hann hefur mælt meðbræðrum sínum.

11 Rödd Drottins nær þess vegna til endimarka jarðar, svo að allir fái heyrt, sem heyra vilja:

12 Búið yður, búið yður undir það sem koma skal, því að Drottinn er í nánd —

13 Og ^areiði Drottins er tendruð og ^bsverð hans er laugað á himni, og það mun falla á íbúa jarðar.

14 Og ^aarmur Drottins mun opinberaður verða og sá dagur kemur, er þeir, sem hvorki vilja ^bhlýða á rödd Drottins né rödd þjóna hans, né heldur gefa ^cgaum að orðum spámannanna og postulanna, munu ^dútilokaðir frá fólkinu —

15 Því að þeir hafa ^avikið frá

^bhelgiathöfnum mínum og ^crofið ^dævarandi sáttmála minn —

16 Þeir ^aleita ekki Drottins til að tryggja réttlæti hans, heldur gengur hver maður sína ^beigin ^cleið og eftir ^dímynd síns eigin guðs, en ímynd hans er í líkingu heimsins og efniviður hans sem skurðgoðs, er ^eeldist og ferst í ^fBabýlon, já, Babýlon hinni miklu, sem falla mun.

17 Þess vegna kallaði ég, Drottinn, sem þekki þær hörmungar er koma munu yfir ^aíbúa jarðar, þjón minn Joseph Smith yngri og talaði til hans frá himni og gaf honum fyrirmæli —

18 Og gaf einnig öðrum fyrirmæli um að boða heiminum þessa hluti, og allt til þess að rætast megi það sem spámennirnir hafa ritað —

19 Hið ^aveika í heiminum mun koma og brjóta niður hina máttugu og sterku, svo að maðurinn gefi hvorki meðbróður sínum ráð né ^btreysti á arm holdsins —

20 Heldur megi hver maður ^amæla í nafni Guðs Drottins, já, frelsara heimsins —

21 Að trú megi einnig eflast á jörðu —

8b LR Uppreisn.

9a Op 19:15–16;

1 Ne 22:16–17.

b Mósía 16:2;

JS — M 1:31, 55.

10a LR Síðari koma Jesú Kristi.

b Esek 7:4; K&S 56:19.

LR Jesús Kristur — Dómari.

c Okv 24:12;

Al 9:28; 41:2–5;

K&S 6:33.

d Matt 7:2.

13a K&S 63:6.

b Esek 21:3; K&S 35:14.

14a Jes 53:1.

b 2 Ne 9:31; Mósía 26:28.

c K&S 11:2.

d Post 3:23; Al 50:20;

K&S 50:8; 56:3.

15a Jós 23:16; Jes 24:5.

b LR Helgiathafnir.

c LR Fráhvarf.

d LR Nýr og ævarandi

sáttmáli.

16a Matt 6:33.

b Jes 53:6.

c K&S 82:6.

d 2 Mós 20:4; 3 Ne 21:17.

LR Falsguðadýrkun.

e Jes 50:9.

f K&S 64:24; 133:14.

LR Babel, Babýlon;

Veraldarhyggja.

17a Jes 24:1–6.

19a Post 4:13; 1 Kor 1:27;

K&S 35:13; 133:58–59.

LR Högvær, hógværð.

b 2 Ne 28:31.

LR Treysta.

20a LR Vitna, bera vitni.

22 Að ævarandi ^asáttmála mínum verði á komið —

23 Að hinir ^aveiku og einföldu ^bfái boðað fyllingu ^cfagnaðar-erindisins til endimarka heims, og frammi fyrir konungum og stjórnendum.

24 Sjá, ég er Guð og hef mælt þetta. Þessi ^aboð eru frá mér og voru gefin þjónum mínum í veikleika þeirra og á ^btungu þeirra, svo að þeir mættu öðlast ^cskilning.

25 Og sem þeir færu villir vegar, svo mætti það kunnugt verða —

26 Og sem þeir sæktust eftir ^avisku, svo mættu þeir fræðslu fá —

27 Og sem þeir syndguðu, svo mættu þeir ^aagaðir verða, til þess að þeir ^biðruðust —

28 Og sem þeir væru ^aauðmjúkir, svo mættu þeir styrkir verða og hljóta blessun frá upphæðum og öðlast ^bþekkingu smátt og smátt.

29 Já, og eftir að hafa meðtekið heimildir Nefíta, gæti jafnvel þjónn minn Joseph Smith yngri, fyrir miskunn Guðs og með krafti Guðs, öðlast kraft til að þýða ^aMormónsbók.

30 Og einnig mættu þeir, sem þessi boð fengu, hljóta ^akraft til að leggja grundvöll þessarar ^bkirkju og leiða hana fram úr móðu og úr ^cmyrkri, hina einu sönnu og lifandi ^dkirkju á gjörvallri jörðunni, sem ég, Drottinn, er vel ^eánægður með, og tala ég þar til kirkjunnar í heild, en ekki til einstakra manna —

31 Því að ég, Drottinn, get ekki litið á ^asynd með minnsta votti af undanlátsssemi —

32 Eigi að síður verður þeim ^afyrirgefið, sem iðrast og fylgir boðorðum Drottins —

33 En frá þeim, sem eigi ^aiðrast, verður jafnvel það ljós ^btekið, sem hann hefur hlotið, því að ^candi minn mun ekki endalaust ^dtakast á við manninn, segir Drottinn hersveitanna.

34 Og enn, sannlega segi ég yður, ó íbúar jarðar: Ég, Drottinn, er fús til að kunngjóra þetta ^aöllu holdi —

35 Því að ég fer ekki í ^amanngreinaralit, og vil að allir menn viti að ^bdagurinn nálgast óðfluga. Stundin er enn ekki komin, en er í

22a K&S 39:11.
LR Nýr og ævarandi
sáttmáli; Sáttmáli.

23a 1 Kor 1:26–29.
b LR Trúboðsverk.
c LR Fagnaðarerindi.

24a 2 Ne 33:10–11;
Moró 10:27–28.
b 2 Ne 31:3; Et 12:39.
c K&S 50:12.
LR Skilningur.

26a Jakbr 1:5; K&S 42:68.
LR Víska.

27a LR Aga.
b LR Iðrast, iðrun.
28a LR Auðmjúkur,

auðmýkt.
b LR Þekking.
29a LR Mormónsbók.

30a K&S 1:4–5, 17–18.
b LR Endurreisn
fagnaðarerindisins;
Kirkja Jesú Krists hinna
Síðari daga heilögu.
c LR Myrkur, andlegt.
d Ef 4:5, 11–14.
LR Kirkja, einkenni
hinnar sönnu.

e K&S 38:10.
31a Al 45:16; K&S 24:2.
LR Synd.
32a K&S 58:42–43.

LR Fyrirgefa.

33a Mósía 26:32.
b Al 24:30;

K&S 60:2–3.
c LR Heilagur andi.

d 1 Mós 6:3;
2 Ne 26:11;
Morm 5:16;
Et 2:15; Moró 9:4.

34a Matt 28:19;
K&S 1:2; 42:58.

35a 5 Mós 10:17;
Post 10:34; Moró 8:12;
K&S 38:16.

b LR Síðustu dagar, síðari
dagar.

nánd, þegar ‘friður verður burtu tekinn af jörðu og ^ddjöfullinn fær vald yfir sínu eigin yfirráðasvæði.

36 En Drottinn mun einnig hafa vald yfir sínum ^aheilögu og ^bríkja ‘mitt á meðal þeirra og koma og ^ddæma ^eÍdúmea, eða heiminn.

37 Kannið þessi ^aboð, því að þau eru sönn og áreiðanleg og spádómarnir og ^bfyrirheitin, sem í þeim felast, munu öll uppfyllast.

38 Það sem ég, Drottinn, hef

talað, hef ég talað, og ég afsaka mig ekki. Og þótt himinn og jörð líði undir lok, mun ^aorð mitt ekki líða undir lok, heldur allt ^buppfyllast, hvort sem það er sagt með minni eigin ^crödd eða með rödd ^dþjóna minna, það ^egildir einu.

39 Því að sjá og tak eftir. Drottinn er Guð og ^aandinn ber vitni og sá vitnisburður er sannur og ^bsannleikurinn varir alltaf og að eilífu. Amen.

2. KAFLI

Útdráttur úr sögu Joseph Smith, sem segir frá orðum engilsins Morónís til spámannsins Josephs Smith, meðan hann dvaldi á heimili föður síns í Manchester, New York, kvöldið 21. september 1823. Moróni var síðastur í langri röð sagnaritara, sem ritað höfðu heimildir þær, er nú liggja frammi fyrir heiminum sem Mormónsbók. (Berid saman við Malakí 4:5–6; einnig K&S 27:9; 110:13–16 og 128:18.)

1, Elía á að opinbera prestdæmið; 2–3, Fyrirheit feðranna eru gróðursett í hjörtum barnanna.

SJÁ, með hendi spámannsins ^aElía opinbera ég yður prestdæmið, áður en hinn ^bmikli og ógurlegi dagur Drottins kemur.

2 Og ^ahann mun gróðursetja í hjörtum barnanna ^bfyrirheitin, sem feðrunum voru gefin, og hjörtu barnanna munu snúa til feðra sinna.

3 Ef svo væri ekki, mundi jörðin öll verða gjöreydd við komu hans.

35c K&S 87:1–2.
LR Friður;
Tákn tímanna.

^d LR Djöfull.

36a LR Heilagur.

^b LR Jesús Kristur —
Þúsund ára ríki Krists.

^c Sak 2:10–11;
K&S 29:11; 84:118–119.

^d LR Dómari, dómur.

^e LR Heimur.

37a LR Ritningar.

^b K&S 58:31; 62:6; 82:10.

38a 2 Kon 10:10;
Matt 5:18; 24:35;
2 Ne 9:16; JS — M 1:35.

^b K&S 101:64.

^c 5 Mós 18:18;
K&S 18:33–38; 21:5.

LR Opinberun;
Rödd.

^d LR Spámaður.

^e LR Stuðningur við
kirkjuleiðtoga;
Vald.

39a 1 Jóh 5:6;

K&S 20:27; 42:17.

^b LR Sannleikur.

2 1a Mal 4:5–6;

3 Ne 25:5–6;

K&S 110:13–15; 128:17;
JS — S 1:38–39.

LR Elía;

Lyklar prestdæmisins.
^b K&S 34:6–9; 43:17–26.

2a K&S 27:9; 98:16–17.

^b LR Innsigli, innsigluglun;
Sáluhjálpar fyrir hina
dáu.

3. KAFLI

Opinberun veitt spámanningnum Joseph Smith í Harmony, Pennsylvaníu, í júlí 1828, varðandi 116 bls. af handritum, sem glatast höfðu af þýðingu fyrsta hluta Mormónsbókar og nefndust Bók Lehís, en spámaðurinn hafði með tregðu látið þessi blöð úr vörslu sinni til Martins Harris, sem skamma hríð hafði verið ritari hans við þýðingu Mormónsbókar. Opinberunin veittist með Úrím og Túmmím. (Sjá kafla 10.)

1–4, *Farvegur Drottins er eilíf hringrás; 5–15, Joseph Smith verður að iðrast eða glata þýðingargjöfinni; 16–20, Mormónsbók kemur fram, til að frelsa niðja Lehís.*

HVORKI er unnt að ónýta “verk Guðs, áætlanir hans eða tilgang, né gera þau að engu.

2 Því að “Guð gengur ekki bugðóttar brautir, né snýr hann til hægri handar eða vinstri, eigi víkur hann heldur frá því, sem hann hefur mælt. Þess vegna eru brautir hans beinar og ^bfarvegur hans ein eilíf hringrás.

3 Hafid hugfast, munið, að það er ekki “verk Guðs sem ónýtist, heldur verk mannanna —

4 Því enda þótt maðurinn geti fengið margar opinberanir og haft kraft til að gjöra margvísleg máttarverk, hlýtur hann samt að falla og kalla yfir sig “refsingu réttvís Guðs, ef hann ^bhreykir sér í eigin

styrk, hefur að engu “ráðleggingar Guðs og fylgir sinni eigin ^aholdlegu hyggju og þrá.

5 Sjá, þér var treyst fyrir þessum hlutum, en hversu ströng voru ekki fyrirmælin til þín! Og mundu einnig lofordin, sem þér voru gefin, ef þú brytir þau eigi.

6 Og sjá, hve oft þú hefur “brotið boðorð og lögmál Guðs og farið að ^bfortölum manna.

7 Því að sjá, þú áttir ekki að “óttast manninn meira en Guð. Enda þótt menn hafi að engu ráðleggingar Guðs og ^bfyrirlíti orð hans —

8 Ættir þú samt að hafa verið trúr. Og hann hefði rétt út hönd sína og varið þig gegn glóandi “örvum ^bandstæðingsins, og hann hefði verið með þér hverja ^cerfiða stund.

9 Sjá, þú ert Joseph, og þú varst valinn til að vinna verk Drottins, en vegna lögmálsbrots munt þú falla, sért þú eigi var um þig.

3 1a Sálm 8:3–9;
K&S 10:43.

2a Al 7:20.
LR Guð, guðdómur.
b 1 Ne 10:18–19;
K&S 35:1.

3a Post 5:38–39;
Morm 8:22; K&S 10:43.

4a LR Hefnd.
b K&S 84:73.

LR Drambsemi.
c Jakob 4:10; Al 37:37.
LR Boðorð Guðs;
Ráðgjöf.

d LR Holdlegur.

6a K&S 5:21;
JS — S 1:28–29.

b K&S 45:29; 46:7.

7a Sálm 27:1; Lúk 9:26;
K&S 122:9.

LR Hugrekki,
hugrakkur;
Ótti.

b 3 Mós 26:42–43;
1 Ne 19:7;

Jakob 4:8–10.

8a Ef 6:16; 1 Ne 15:24;

K&S 27:17.

b LR Djöfull.

c Al 38:5.

10 En haf hugfast, að Guð er miskunnsamur. Iðrast því þess sem þú hefur gjört og er andstætt fyrirmælum þeim sem ég gaf þér, og enn ert þú útvalinn og kallaður til verksins á ný —

11 Ef þú gjörir þetta ei, munt þú framseldur og verða sem aðrir menn og enga gjöf eiga lengur.

12 Og þegar þú lést af hendi það, sem Guð hafði gefið þér innsýn og kraft til að þýða, lést þú í hendur rangláts ^bmanns það, sem heilagt var —

13 Manns, sem að engu hafði ráðleggingar Guðs og rofið hefur hin helgustu fyrirheit, sem gefin voru frammi fyrir Guði, og hefur treyst á eigin dómgreind og ^astært sig af eigin visku.

14 Og þetta er ástæðan fyrir því, að þú hefur glatað réttindum þínum um tíma —

15 Því að þú hefur leyft að ráð ^astjórnanda þíns væru fótumtroðin frá byrjun.

16 Engu að síður mun verk mitt halda áfram, því að rétt eins og

heimurinn hefur fengið vitneskju um ^afrelsarann með ^bvitnisburði Gyðinganna, svo mun og fólk mitt fá ^cvitneskju um frelsarann —

17 Og ^aNefítar og Jakobítar og Jósefítar og Sóramítar, með vitnisburði feðra sinna —

18 Og ^aLamanítar og Lemúelítar og Ísmaelítar, sem ^bhnignað hafði í vantrú vegna misgjörða feðra sinna, og sem Drottinn leyfði að ^ctortíma bræðrum sínum, Nefítum, vegna misgjörða þeirra og viðurstygðar, þeir munu fá vitneskju um þennan ^avitnisburð.

19 Og einmitt í þeim ^atilgangi eru ^btöflur þær, sem geyma þessar heimildir, varðveittar — til að ^cfyrirheitin, sem Drottinn gaf fólki sínu, uppfyllist —

20 Og ^aLamanítar fá vitneskju um feður sína og viti um fyrirheit Drottins, og að þeir megi öðlast ^btrú á fagnaðarerindið og ^ctreysta á verðleika Jesú Krists, og ^ddýrðlegir verða fyrir trú á nafn hans og hólpnir verða fyrir iðrun sína. Amen.

4. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til föður hans, Josephs Smith eldri, í Harmony, Pennsylvaníu, í febrúar 1829.

12a K&S 1:29; 5:4.

b K&S 10:6–8.

13a LR Drambsemi.

15a Þ.E. Drottinn.

16a LR Frelsari.

b 1 Ne 13:23–25;

2 Ne 29:4–6.

c Mósía 3:20.

17a 2 Ne 5:8–9.

18a 2 Ne 5:14;

Enos 1:13–18.

b 2 Ne 26:15–16.

c Morm 8:2–3.

d LR Mormónsbók.

19a 1 Ne 9:3, 5.

b LR Gulltöflur.

c 3 Ne 5:14–15;

K&S 10:46–50.

20a 2 Ne 30:3–6;

K&S 28:8; 49:24.

b Morm 3:19–21.

c 2 Ne 31:19;

Moró 6:4.

d Moró 7:26, 38.

1–4, *Dygg þjónusta frelsar þjóna Drottins*; 5–6, *Guðlegir eiginleikar gera þá hæfa til þjónustunnar*; 7, *Leita verður þess sem Guðs er.*

SJÁ nú, ^aundursamlegt verk er að hefjast á meðal mannanna barna.

2 Ó þér, sem gangið í ^aþjónustu Guðs, gætið þess því að ^bþjóna honum af öllu ^chjarta yðar, ^dmætti, ^ehuga og ^fstyrk, svo að þér megið standa ^gsaklausir frammi fyrir Guði á efsta degi.

3 Ef þér þráið þess vegna að þjóna Guði, eruð þér ^akallaðir til verksins —

4 Því að sjá, ^aakurinn er þegar

hvítur til ^buppskeru; og tak eftir, að sá sem beitir sigð sinni af mætti sínum, sá hinn sami safnar sér ^cforða, svo að hann farist eigi, heldur búi sálu sinni hjálpræði —

5 Og ^atrú, ^bvon, ^ckærleikur og ^dást, með ^eeinbeittu augliti á ^fdýrð Guðs, gjörir hann hæfan til verksins.

6 Hafið í huga trú, ^adyggð, þekkingu, hófsemi, ^bþolinmæði, bróðurlega góðvild, guðrækni, ^ckærleik, ^dauðmýkt, ^ekostgæfni.

7 ^aBiðjið og yður mun gefast, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða. Amen.

5. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith í Harmony, Pennsylvaníu, í mars 1829, samkvæmt beiðni Martins Harris.

1–10, *Þessi kynslóð mun fá orð Drottins með Joseph Smith*; 11–18, *Þrjú vitni munu bera vitni um Mormónsbók*; 19–20, *Orð Drottins mun sannast sem fyrr*; 21–35, *Martin Harris getur iðrast og orðið eitt vitnanna.*

SJÁ, ég segi þér, að þar sem þjónn minn ^aMartin Harris hefur þráð að ég beri vitni um að þú, þjónn minn, Joseph Smith yngri, hafir ^btöflur þær, sem þú hefur vitnað um og sagst hafa fengið frá mér —

4 1a Jes 29:14;
1 Ne 14:7; 22:8;
K&S 6:1; 18:44.
LR Endurreisn
fagnaðarerindisins.
2a LR Þjónusta.
b Jós 22:5;
1 Sam 7:3;
K&S 20:19; 76:5.
c LR Hjarta;
Hugur.
d 1 Kor 1:8;
Jakob 1:19;
3 Ne 27:20.

3a K&S 11:4, 15; 36:5;
63:57.
LR Köllun, kallaður af
Guði.
4a Jón 4:35;
Al 26:3–5;
K&S 11:3; 33:3, 7.
b LR Uppspera.
c 1 Tím 6:19.
5a LR Átrúnaður.
b LR Von.
c LR Kærleikur.
d LR Elska, ást.
e Sálm 141:8;

Matt 6:22;
Morm 8:15.
f LR Dýrð.
6a LR Dyggð.
b LR Polinmæði, þolgæði.
c LR Auðmjúkur,
auðmýkt.
d LR Kostgæfni.
7a Matt 7:7–8;
2 Ne 32:4.
LR Bæn.
5 1a K&S 5:23–24;
JS — S 1:61.
b LR Gulltöflur.

2 Og sjá nú, þú skalt tjá honum þetta — sá, sem talaði til þín, sagði við þig: Ég, Drottinn, er Guð og hef fengið þér, þjóni mínum Joseph Smith yngri, þessa hluti og hef boðið þér að standa sem “vitni um þá —

3 Og ég hef látið þig gjöra sáttmála við mig um að sýna þær engum öðrum en “þeim, sem ég býð þér. Og þú hefur ekkert ^bvald yfir þeim, nema ég veiti þér það.

4 Og þú hefur gjöf til að þýða töflurnar og það er fyrsta gjöfin, sem ég veitti þér. Og ég hef boðið þér að krefjast engrar annarrar gjafar fyrr en tilgangi mínum er náð með þessu, því að ég mun enga aðra gjöf veita þér fyrr en honum er náð.

5 Sannlega segi ég þér, að vei sé íbúum jarðar, ef þeir vilja “ekki hlýða orðum mínum —

6 Því að síðar skalt þú “vígður verða og ganga fram og flytja mannanna börnum ^borð mín.

7 Sjá, vilji þeir ekki “trúa orðum mínum, munu þeir ekki trúa þér, þjónn minn Joseph, jafnvel þótt mögulegt væri að þú sýndir þeim allt það, sem ég hef falið þér.

8 Ó, þessi “vantrúa og ^bþrjóska

kynslóð! Reiði mín er tendruð gegn henni.

9 Sjá, sannlega segi ég þér, ég hef “geymt það, sem ég hef treyst þér fyrir, þjónn minn Joseph, í viturlegum tilgangi mínum, og það mun kunngjört komandi kynslóðum —

10 En með þér mun þessi kynslóð fá orð mitt —

11 Og við vitnisburð þinn mun bætast “vitnisburður þriggja þjóna minna, sem ég mun kalla og vígja, og þeim mun ég sýna þessa hluti, og þeir skulu ganga fram með orð mín, sem gefin eru með þér.

12 Já, þeir skulu vita með vissu, að þetta er sannleikur, því að frá himni mun ég kunngjóra þeim það.

13 Ég mun gefa þeim kraft til að sjá og skoða þetta eins og það er —

14 Og “engum öðrum af þessari kynslóð mun ég gefa kraft til að hljóta þennan sama vitnisburð, við upphaf uppbyggingar og tilkomu ^bkirkju minnar úr auðninni — sem er heið sem “máninn og björt sem sólin og ógurleg sem her undir merkjum.

15 Og vitnisburð þriggja “vitna um orð mitt mun ég fram senda.

2a LR Vitni.

3a 2 Ne 27:13.

Sjá einnig

„Vitnisburður

þriggja vitna“ og

„Vitnisburður

átta vitna“ á

inngangssíðum

Mormónsbókar.

b 2 Ne 3:11.

5a Jer 26:4–5;

Al 5:37–38;

K&S 1:14.

6a K&S 20:2–3.

LR Vígja, vígsla.

b 2 Ne 29:7.

7a Lúk 16:27–31;

K&S 63:7–12.

8a LR Vantrú.

b Morm 8:33.

LR Drambsemi.

9a Al 37:18.

11a 2 Ne 27:12;

Et 5:3–4;

K&S 17:1–5.

14a 2 Ne 27:13.

b LR Endurreisn

fagnaðarerindisins;

Kirkja Jesú Krists.

c K&S 105:31; 109:73.

15a K&S 17.

LR Vitni um

Mormónsbók.

16 Og sjá, ég mun ^avitja allra þeirra, sem orðum mínum ^btrúa, með ^copinberun ^danda míns, og þeir skulu ^efæðast af mér, já, af vatni og anda —

17 Og þú verður að bíða enn um stund, því að þú ert enn eigi ^avígður —

18 Og vitnisburður þeirra skal einnig fram ganga til ^afordæmingar þessarar kynslóðar, ef hún herðir hjörtu sín gegn þeim —

19 Og ef þeir ^aiðrast ekki, mun eyðandi ^bplága herja á íbúa jarðar og verður áfram úthellt öðru hverju, þar til jörðin er ^cauð og íbúum hennar eytt og gjörsamlega tortímt við ljómann af ^dkomu minni.

20 Sjá, ég segi þér þetta, já, eins og ég ^asagði einnig lýðnum frá tortímingu Jerúsalem. Og ^borð mitt mun sannast í þetta sinn eins og það hefur hingað til sannast.

21 Og nú býð ég þér, þjónn minn Joseph, að iðrast og ganga grandvar frammi fyrir mér og láta eigi oftast undan fortölum manna —

22 Og ^ahald staðfastlega þau boð, sem ég hef boðið þér. Og gjörir þú það, sjá, þá mun ég gefa þér eilíft líf, jafnvel þótt þú verðir ^blíflátinn.

23 Og enn tala ég til þín, þjónn

minn Joseph, um ^amann þann, sem þráir vitnisburð —

24 Sjá, ég segi við hann, hann upphefur sjálfan sig og auðmýkir sig ekki nægilega fyrir mér. En vilji hann beygja sig fyrir mér og auðmýkja sig í máttugri bæn og trú og af einlægu hjarta, þá mun ég leyfa honum að ^alíta það, sem hann þráir að sjá.

25 Og þá mun hann segja við þessa kynslóð: Sjá, ég hef séð þá hluti, sem Drottinn hefur sýnt Joseph Smith yngri, og ég ^aveit með vissu, að þeir eru sannir, því að ég hef séð þá, því að fyrir kraft Guðs en ekki manna hafa mér verið sýndir þeir.

26 Og ég, Drottinn, býð honum, þjóni mínum Martin Harris, að hann skuli ekkert fleira um það segja annað en þetta: Ég hef séð þá, fyrir kraft Guðs hafa mér verið sýndir þeir. Og þetta eru þau orð, sem hann skal segja.

27 Og afneiti hann þessu, mun hann rjúfa sáttmálann, sem hann hefur áður gjört við mig, og sjá, hann er fordæmdur.

28 Og ef hann auðmýkir sig ekki og viðurkennir fyrir mér það sem hann hefur gjört og rangt er, og gjörir sáttmála við mig um að

16a 1 Ne 2:16.

b Et 4:11.

c K&S 8:1–3.

d LR Heilagur andi.

e LR Endurfæddur,

fæddur af Guði;

Gjöf heilags anda;

Skír, skíra.

17a LR Vald;

Vígja, vígsla.

18a 1 Ne 14:7;

K&S 20:13–15.

19a LR Iðrast, iðrun.

b K&S 29:8; 35:11;

43:17–27.

LR Síðustu dagar, síðari

dagar;

Tákn tímanna.

c Jes 24:1, 5–6.

d Jes 66:15–16;

K&S 133:41.

LR Síðari koma Jesú

Krists.

20a 1 Ne 1:18;

2 Ne 25:9.

b K&S 1:38.

22a LR Hlýðni, hlýðinn,

hlýða.

b Al 60:13;

K&S 6:30; 135.

23a K&S 5:1.

24a Sjá „Vitnisburður

þriggja vitna“ á

inngangssíðum

Mormónsbókar.

25a Et 5:3.

halda boðorð mín og iðka trú á mig, sjá, þá segi ég honum, að hann muni ekkert sjá, því að ég mun ekki leyfa honum að líta það, sem ég hef talað um.

29 Og fari svo, býð ég þér, þjónn minn Joseph, að segja honum, að hann skuli ekkert frekar aðhafast né íþyngja mér oft varðandi þetta mál.

30 Og fari svo, sjá, þá segi ég þér Joseph, að þegar þú hefur þýtt nokkrar blaðsíður til viðbótar, skalt þú hætta um tíma, allt þar til ég gef þér fyrirmæli á ný. Þá mátt þú taka aftur til við að þýða.

31 Og ef þú gjörir þetta ekki, sjá, þá skalt þú enga gjöf eiga lengur og ég mun taka aftur það, sem ég hef treyst þér fyrir.

32 Og þar sem ég sé nú fyrir, að setið er um að tortíma þér, já, ég sé fyrir, að ef þjónn minn Martin Harris auðmýkir sig ekki og öðlast ekki vitnisburð frá mér, þá mun hann falla í lögmálsbrot —

33 Og margir eru þeir, sem sitja um að "tortíma þér af yfirborði jarðar. Og af þeim sökum hef ég gefið þér þessi boð, svo að dagar þínir verði framlengdir.

34 Já, vegna þessa hef ég sagt: Stansa og ver kyrr þar til ég býð þér, og ég mun "sjá til þess að þú fáið lokið því, sem ég hef boðið þér að gjöra.

35 Og sért þú "trúr við að halda boðorð mín, mun þér ^blyft upp á efsta degi. Amen.

6. KAFLI

Opinberun gefin spámanningum Joseph Smith og Oliver Cowdery í Harmony, Pennsylvaníu, í apríl 1829. Oliver Cowdery hóf starf sitt sem ritari við þýðingu Mormónsbókar 7. apríl 1829. Hann hafði þá þegar fengið guðlega opinberun um sannleiksgildi vitnisburðar Josephs varðandi töflurnar, sem Mormónsbók var letruð á. Spámaðurinn spurði Drottin með Úrím og Túmmím og fékk þetta svar.

1–6, *Verkamenn á akri Drottins öðlast sáluhjálpar*; 7–13, *Engin gjöf er stærri en gjöf sáluhjálpar*; 14–27, *Vitnisburður um sannleikann fæst með krafti andans*; 28–37, *Lítum til Kristis og gjörum gott án afláts*.

MIKIÐ og "undursamlegt verk er að hefjast meðal manna barna.

2 Sjá, ég er Guð. Gef gaum að "orði mínu, sem er lifandi og kröftugt, ^bbeittara en tvíeggjað sverð, er smýgur bæði gegnum merg

33a K&S 10:6; 38:13, 28.

34a 1 Ne 3:7.

35a 2 Mós 15:26;

K&S 11:20.

b Jóh 6:39–40;

1 Pess 4:17;

3 Ne 15:1;

K&S 9:14; 17:8;

75:16, 22.

6 1a Jes 29:14;

K&S 4; 18:44.

2a Hebr 4:12;

Op 1:16; K&S 27:1.

b He 3:29;

K&S 33:1.

og bein. Gef þess vegna gaum að orðum mínum.

3 Sjá, “akurinn er þegar hvítur til uppskeru. Hver sem þess vegna þráir að uppskera, skal beita sigð sinni af mætti sínum og uppskera meðan dagur endist, svo að hann megi búa sálu sinni ævarandi hjálpræði í ríki Guðs.

4 Já, hver sá, sem “beita mun sigð sinni og uppskera, hann er kallaður af Guði.

5 Ef þér þess vegna “biðjið mig, mun yður gefast. Ef þér knýið á, mun fyrir yður upplokið verða.

6 Þar sem þér nú hafið beðið, sjá, þá segi ég yður: Haldið boðorð mín og “leitist við að tryggja og efla málstað ^bSíonar —

7 “Sækist ekki eftir ^bríkidæmi heldur eftir ^cvisku, og sjá, “leyndardómar Guðs munu opnast yður og þá munuð þér ríkir gjörðir — Sjá, sá sem á ^eeilíft líf er ríkur.

8 Sannlega, sannlega segi ég yður, hvað sem þér þráið af mér, það mun yður veitast. Og ef þér þráið, munuð þér koma miklu góðu til leiðar meðal þessarar kynslóðar.

9 Boðið þessari kynslóð aðeins “iðrun. Haldið boðorð mín og styðjið framgang verks míns

í samræmi við fyrirmæli mín, og þér munuð blessaðir verða.

10 Sjá, þú hefur gjöf og blessaður ert þú vegna gjafar þinnar. Mundu að hún er “heilög og kemur frá upphæðum —

11 Og leitir þú “svara, skalt þú kynnast miklum og undursamlegum ^bleyndardómum. Þess vegna skalt þú nota ^cgjöf þína til að kynnast leyndardómunum, svo að þú getir leitt marga til þekkingar á sannleikanum, já, “sannfært þá um villu síns vegar.

12 Seg engum frá gjöf þinni, nema þeir séu þinnar trúar. Far ekki léttúðlega með það sem “heilagt er.

13 Viljir þú gjöra gott, já, og “haldast ^btrúr allt til ^cenda, munt þú frelsaður verða í ríki Guðs, sem er mest allra Guðs gjafa, því að engin gjöf er meiri en gjöf ^dhjalpræðisins.

14 Sannlega, sannlega, segi ég þér, blessaður ert þú fyrir það, sem þú hefur gjört, því að þú hefur “spurt mig, og sjá, jafn oft og þú hefur spurt hefur þú fengið leiðbeiningar anda míns. Ef svo væri ekki, hefðir þú ekki komist þangað sem þú ert nú.

15 Sjá, þú veist að þú hefur spurt

3a Jóh 4:35;
K&S 31:4; 33:3; 101:64.

4a Op 14:15–19; Al 26:5;
K&S 11:3–4, 27.

5a Matt 7:7–8.

6a 1 Ne 13:37.

b LR Síon.

7a Al 39:14;
K&S 68:31.

b 1 Kon 3:10–13;

Matt 19:23;

Jakob 2:18–19.

LR Auðugur, auður;

Veraldarhyggja.

c LR Viska.

d K&S 42:61, 65.

LR Leyndardómar Guðs.

e K&S 14:7.

9a Al 29:9;

K&S 15:6; 18:14–15; 34:6.

LR Iðrast, iðrun;

Trúboðverk.

10a K&S 63:64.

11a K&S 102:23;

JS — S 1:18, 26.

b Matt 11:25; 13:10–11;

Al 12:9.

c LR Gjafir andans;

Gjöf, gáfa.

d Jakbr 5:20;

Al 62:45;

K&S 18:44.

12a Matt 7:6.

13a 1 Ne 15:24.

b Mósía 2:41; Et 4:19;

K&S 51:19; 63:47.

c LR Standast.

d LR Sáluhjálpræði.

14a LR Bæn.

mig og að ég hef upplýst “huga þinn. Og nú segi ég þér þetta, svo að þú megir vita, að andi sannleikans hefur upplýst þig —

16 Já, ég segi þér, svo að þú megir vita, að enginn nema Guð^a þekkir hugsanir þínar og áform^b hjarta þíns.

17 Ég segi þér þetta sem vitnisburð um það, að orðin eða verk það, sem þú hefur verið að skrá, er “sannleikur.

18 Ver “því kostgæfinn og^b stattu með þjóni mínum Joseph, af trúfestu, í hverjum þeim erfiðleikum, sem mæta honum sakir orðsins.

19 Áminn hann um mistök hans og tak einnig við áminningum hans. Ver þolinmóður, ver árvakur, ver umburðarlyndur. Tem þér þolinmæði, trú, von og kærleika.

20 Sjá, þú ert Oliver, og ég hef talað til þín vegna þess sem þú þráir. “Varðveit þess vegna orð þessi í hjarta þínu. Ver trúr og kostgæfinn við að halda boðorð Guðs og ég mun umlykja þig elskuríkum örmum mínum.

21 Sjá, ég er Jesús Kristur, “sonur Guðs. Ég er hinn sami og kom til minna eigin, en mínir^b eigin tóku ekki við mér. Ég er^c ljósið, sem skín í^d myrkrinu, en myrkríð skynjar það ekki.

22 Sannlega, sannlega segi ég þér, ef þú þráir frekari vitnisburð, hugleiddu þá nóttina, er þú ákallaðir mig í hjarta þínu til að fá að “vita um sannleiksgildi þessara hluta.

23 Veitti ég þér ekki “hugarró varðandi þetta? Hvaða stærri^b vitnisburð getur þú fengið en þann, sem frá Guði kemur?

24 Og sjá nú, þú hefur fengið vitnisburð, því að hafi ég sagt þér það sem enginn maður veit, hefur þú þá ekki fengið vitnisburð?

25 Og sjá, ef þú þráir það, þá veiti ég þér gjöf til að “þýða, já, eins og þjónn minn Joseph.

26 Sannlega, sannlega segi ég þér, að til eru “heimildir, sem hafa að geyma mikið af fagnaðarerindi mínu, en geymdar hafa verið vegna^b ranglætis fólksins.

27 Og nú býð ég þér, ef þú þráir hið góða — og þráir að safna þér fjársjóði á himni — þá munt þú með gjöf þinni aðstoða við að leiða fram í ljósið þá hluta “ritninga minna, sem huldur hafa verið vegna misgjörða.

28 Og sjá nú, ég veiti þér og einnig þjóni mínum Joseph lykla þessarar gjafar, sem leiða mun þessa helgu þjónustu fram í ljósið. Og af munni tveggja eða

15a LR Hugur.

16a 1 Kro 28:9; Matt 12:25;

Hebr 4:12;

Mósía 24:12;

3 Ne 28:6.

LR Alvitur.

b 1 Kon 8:39.

17a K&S 18:2.

18a LR Kostgæfni.

b K&S 124:95–96.

20a Et 3:21;

K&S 84:85.

21a LR Jesús Kristur.

b Jóh 1:10–12;

Post 3:13–17;

3 Ne 9:16; K&S 45:8.

c Jóh 1:5;

K&S 10:58.

LR Ljós, ljós Krists.

d LR Myrkur, andlegt.

22a LR Dómgreind, dómgreindargáfa.

23a LR Friður.

b 1 Jóh 5:9;

K&S 18:2.

25a Mósía 8:13;

K&S 5:4; 9:1–5, 10.

26a K&S 8:1; 9:2.

LR Ritningar — Spáð

um að ritningar komi

fram.

b LR Ranglátur, ranglæti.

27a K&S 35:20.

þriggja “vitna skal hvert orð staðfest.

29 Sannlega, sannlega segi ég yður, að þó að þeir hafni orðum mínum og þessum hluta fagnaðar-erindis míns og helgrar þjónustu, þá eruð þér blessaðir, því að þeir geta ekki gjört yður neitt meira en þeir hafa gjört mér.

30 Og jafnvel þótt þeir “gjöri yður það sem þeir hafa gjört mér, þá eruð þér blessaðir, því að þér munuð ^bdvelja með mér í ‘dýrð.

31 En blessaðir eru þeir, ef þeir “hafna eigi orðum mínum, sem staðfest verða með þeim ^bvitnisburði, er gefinn verður. Og þá skuluð þér gleðjast yfir ávexti erfis yðar.

32 Sannlega, sannlega segi ég yður, eins og ég sagði lærisveinum mínum, að hvar sem tveir eða þrír eru “saman komnir í mínu nafni, varðandi ákveðið mál, sjá, þar

verð ég ^bmitt á meðal þeirra — einmitt þannig er ég mitt á meðal yðar.

33 “Óttist ei að gjöra gott, synir mínir, því að eins og þér ^bsáið, svo munuð þér og uppskera. Ef þér þess vegna síði góðu, munuð þér og góð laun uppskera.

34 Óttast þess vegna ekki, litla hjörð. Gjörið gott, leyfið jörð og helju að sameinast gegn yður, því að ef þér byggið á “bjargi mínu, fá þær eigi á yður sigrast.

35 Sjá, ég dæmi yður ekki. Farið leiðar yðar og “syndgið ei framár. Vinnið af árvekni þau verk, sem ég hef boðið yður.

36 “Beinið öllum hugsunum yðar til mín. Efist ekki, óttist ekki.

37 “Sjáið sárin er nístu síðu mína og einnig ^bnaglaförin á höndum mér og fótum. Verið trúir, haldið boðorð mín og þér skuluð ‘erfa “himnaríki. Amen.

7. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith og Oliver Cowdery í Harmony, Pennsylvaníu, í apríl 1829, þegar þeir í gegnum Úrím og Túmmím spurðust fyrir um hvort Jóhannes, hinn elskaði lærisveinn,

28a 5 Mós 19:15;
2 Kor 13:1;
2 Ne 27:12–14;
K&S 128:3.

30a K&S 5:22; 135.
LR Þíslarvottur,
þíslarvætti.

b Op 3:21.

c LR Dýrð.

31a 3 Ne 16:10–14;
K&S 20:8–15.

b LR Vitnisburður.

32a Matt 18:19–20.

LR Eining.

b K&S 29:5; 38:7.

33a LR Hugrekki,
hugrakkur.

b Gal 6:7–8;

Mósía 7:30–31;

Al 9:28;

K&S 1:10.

34a Sálm 71:3;

Matt 7:24–25;

1 Kor 10:1–4;

He 5:12;

K&S 10:69; 18:4, 17;

33:13;

HDP Móse 7:53.

LR Bjarg.

35a Jóh 8:3–11.

36a Jes 45:22;

K&S 43:34.

37a LR Jesús Kristur —
Birting Krists eftir
jarðlífið.

b LR Krossfesting.

c Matt 5:3, 10;

3 Ne 12:3, 10.

d LR Ríki Guðs eða ríki
himna.

lifði enn í holdinu eða hvort hann hefði dáíð. Opinberunin er þýðing á frásögn, sem Jóhannes sjálfur ritaði á bókfell og varðveitti.

1–3, Jóhannes hinn elskaði mun lifa þar til Drottinn kemur; 4–8, Pétur, Jakob og Jóhannes halda lyklum fagnaðarindisins.

OG Drottinn sagði við mig: “Jóhannes, minn elskaði, hvað þú þráir þú? Því að biðjir þú um það, sem þú vilt, þá mun þér það veitt verða.

2 Og ég sagði við hann: Drottinn, gef mér vald yfir “dauðanum, svo að ég megi lifa og leiða sálir til þín.

3 Og Drottinn sagði við mig: Sannlega, sannlega, segi ég þér, þar eð þú þráir þetta skalt þú “kyrr verða þar til ég kem í ^bdýrð minni, og skalt “spá fyrir þjóðir, kynkvíslir, tungur og lýði.

4 Og af þeim sökum sagði Drottinn við Pétur: Ef ég vil að hann lifi þar til ég kem, hvað tekur það til þín? Því að hann þráði að fá að

leiða sálir til mín, en þú þráðir að mega fljótlega koma til mín í “ríki mitt.

5 Ég segi þér, Pétur, þetta var góð þrá, en minn elskaði hefur þráð að fá að gjöra meira, eða vinna ennþá stærra verk meðal manna en hann hefur áður gjört.

6 Já, hann hefur tekið að sér stærra verk. Þess vegna mun ég gjöra hann sem brennandi bál og “þjónustuengil. Hann mun þjóna þeim, sem á ^björðunni dvelja og “erfa munu hjálpraðið.

7 Og ég mun láta þig þjóna honum og Jakob bróður þínum, og ykkur þremur mun ég gefa þetta vald og “lykla þessarar helgu þjónustu þar til ég kem.

8 Sannlega segi ég ykkur, þið munuð báðir hljóta það, sem þið þráið, því að þið “gleðjist báðir yfir því, sem þið þráðuð.

8. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith til Oliver's Cowdery í Harmony, Pennsylvaníu, í apríl 1829. Oliver, sem hélt áfram að þjóna sem ritari við þýðingu Mormónsbókar og skráði niður það sem spámaðurinn las honum fyrir, óskaði eftir að öðlast þýðingargjöfina. Drottinn svaraði bæn hans með því að veita honum þessa opinberun.

1–5, Opinberun fæst fyrir kraft heilags anda; 6–12, Með trú fæst þekking

á leyndardómum Guðs og kraftur til að þýða fornar heimildir.

7 1a LR Jóhannes Sebedeusson.
b 3 Ne 28:1–10.
2a Lúk 9:27.
LR Dauði, líkamlegur.
3a Jók 21:20–23.
LR Umbreyttar verur.

b LR Dýrð;
Síðari koma Jesú Krists.
c Op 10:11.
4a LR Ríki Guðs eða ríki himna.
6a K&S 130:5.
b K&S 76:86–88.

c Jók 10:8–11;
K&S 77:14.
7a Matt 16:19; Post 15:7;
JS — S 1:72.
LR Lyklar prestdæmisins.
8a LR Gleði.

“OLIVER Cowdery, sannlega, sannlega segi ég þér, að eins víst og Drottinn lifir, sem er Guð þinn og lausnari, já, jafn vissulega skalt þú öðlast ^bvitneskju um allt það, sem þú í trú og af einlægu hjarta ^cspyrð um, og í trú á að þú öðlist vitneskju um áletranir gamalla ^dheimildarita, sem eru forn og innihalda þá hluta ritninga minna, sem um hefur verið talað fyrir ^eopinberun anda míns.

2 Já, sjá, ég mun ^asegja þér í huga þínum og ^bhjarta, með ^cheilögum anda, sem koma mun yfir þig og dvelja í hjarta þínu.

3 Sjá, þetta er andi opinberunar. Sjá, með þeim anda leiddi Móse Ísraelsmenn yfir ^aRauðahafið sem þurrt land væri.

4 Þetta er þess vegna gjöf þín. Notaðu hana, og blessaður ert þú, því að hún mun bjarga þér úr höndum óvina þinna, þegar þeir mundu drepa þig og tortíma sál þinni, ef þú hefðir hana ekki.

5 Ó, haf þessi ^aorð hugföst og hald boðorð mín. Mundu að þetta er gjöf þín.

6 Þetta er ekki eina gjöf þín, því

að þú hefur aðra gjöf, sem er gjöf Arons. Sjá, hún hefur sagt þér margt —

7 Sjá, enginn kraftur annar en kraftur Guðs getur valdið því að gjöf Arons sé með þér.

8 Efast þess vegna eigi, því að þetta er gjöf Guðs, og þú skalt halda henni í höndum þér og vinna undursamleg verk. Og enginn kraftur getur tekið hana úr höndum þér, því að hún er verk Guðs.

9 Og hvað sem þú þess vegna biður mig að segja þér, á þennan hátt, það mun ég veita þér og þú munt fá vitneskju um það.

10 Haf hugfast að án ^atrúar getur þú ekkert gjört. Bið þess vegna í trú. Far ekki léttúðlega með þetta. ^bBið ekki um það sem þú ættir ekki að biðja um.

11 Bið um að fá að þekkja leyndardóma Guðs og að geta ^aþýtt og öðlast þekkingu frá öllum þessum fornu heimildaritum, sem hulin hafa verið og helg eru. Og í samræmi við trú þína skal þér veitast.

12 Sjá, það er ég sem hef talað þetta, og ég er hinn sami og talað hef til þín frá upphafi. Amen.

9. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith til Oliver's Cowdery í Harmony, Pennsylvaníu, í apríl 1829. Oliver er áminntur um þolinmæði og hvattur til að láta sér lynda, að svo stöddu, að

8 1a JS — S 1:66.
LR Oliver Cowdery.
b LR Þekking.
c LR Bæn.
d K&S 6:26–27; 9:2.
e K&S 5:16.

2a K&S 9:7–9.
LR Opinberun.
b LR Hjarta.
c LR Heilagur andi.
3a 2 Mós 14:13–22;
5 Mós 11:4; 1 Ne 4:2;

Mósía 7:19.
LR Rauðahafið.
5a 5 Mós 11:18–19.
10a LR Átrúnaður.
b K&S 88:63–65.
11a K&S 9:1, 10.

skrá niður eftir upplestri þýðandans, frekar en að reyna sjálfur að þýða.

1–6, Aðrar fornar heimildir eru enn óþýddar; 7–14, Mormónsbók er þýdd með námi og með andlegri staðfestingu.

SJÁ, ég segi þér, sonur minn, að þar eð þú „þýddir ekki í samræmi við það sem þú æsktir af mér og hófst aftur að ^bskrifa fyrir þjón minn Joseph Smith yngri, þá vil ég að þið haldið þannig áfram, þar til þið hafið lokið þessu heimildarití, sem ég hef treyst honum fyrir.

2 Og sjá, „önnur ^brit hef ég, sem ég vil gefa þér kraft til að aðstoða við að þýða.

3 Ver þolinmóður, sonur minn, því að það er viska mín, að ekki sé æskilegt að þú þýðir nú á þessum tíma.

4 Sjá, það verk, sem þú ert kallaður til að vinna, er að skrifa fyrir þjón minn Joseph.

5 Og sjá, ástæðan fyrir því að ég hef svipt þig þessum réttindum er, að þú hélst ekki áfram eins og þú byrjaðir, þegar þú hófst að þýða.

6 „Kvarta ekki, sonur minn, það er samkvæmt visku minni, að ég hef komið þannig fram við þig.

7 Sjá, þú hefur ekki skilið. Þú

hefur talið að ég gæfi þér það, og ekki þyrfti að hugsa um annað en að spyrja mig.

8 En sjá, ég segi þér, að þú verður að „kanna það vel í huga þínum, síðan að ^bspyrja mig hvort það sé rétt, og sé það rétt, mun ég láta ^cbrjóst þitt ^dbrenna hið innra með þér. Þú munt þess vegna ^efinna að það er rétt.

9 En sé það ekki rétt, munt þú ekkert slíkt finna, heldur aðeins „sljóleika, sem veldur því að þú gleymir því sem rangt er. Þú getur þess vegna aðeins skrifað það sem heilagt er, að það komi frá mér.

10 Nú, ef þú hefðir vitað þetta, hefðir þú getað ^aþýtt. Eigi að síður er ekki æskilegt að þú þýðir nú.

11 Sjá, það var æskilegt þegar þú byrjaðir, en þú „óttadist og tíminn er liðinn og það er ekki æskilegt nú —

12 Því að sérð þú ekki, að ég hef gefið þjóni mínum „Joseph nægilegan styrk til að bæta það upp? Og hvorugan ykkar hef ég dæmt.

13 Gjör það sem ég hef boðið þér og þér mun vegna vel. Ver trúr og lát eigi undan „freistingum.

14 Ver staðfastur við það „verk,

9 1a K&S 8:1, 11.

b JS — S 1:67.

2a Lauslega vísað til annars þýðingarstarfs, þar með talin þýðing Josephs Smith á Biblíunni og Bók Abrahams, en við það aðstoðaði Oliver

Cowdery sem ritari.

LR Þýðing Josephs Smith (þJS).

b K&S 6:26; 8:1.

6a LR Mögla.

8a LR Íhuga, ígrunda.

b LR Bæn.

c Lúk 24:32.

d LR Innblástur, guðleg

andagift;

Vitnisburður.

e K&S 8:2–3.

9a K&S 10:2.

10a K&S 8:11.

11a LR Ötti.

12a K&S 18:8.

13a LR Freista, freisting.

14a 1 Kor 16:13.

sem ég hef ^bkallað þig til, og ekki | þér mun ^clyft upp á efsta degi.
skal glatast eitt hár á höfði þér og | Amen.

10. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith í Harmony, Pennsylvaníu, líklega í kringum apríl 1829, þó að hluti hennar gæti hafa verið gefinn sumarið 1828. Hér segir Drottinn Joseph frá breytingum, sem misindismenn hafa gjört á 116 handrituðum síðum úr þýðingu á Bók Lehís í Mormónsbók. Þessar handrituðu síður glötuðust úr vörslu Martins Harris, en honum hafði um tíma verið treyst fyrir þeim. (Sjá formálsorð að kafla 3.) Hinn illi tilgangur var sá, að biða væntanlegrar endurbýðingar á því, sem þessar stolnu síður geymdu, og síðan ófrægja þýðandann með því að sýna ósamræmið, sem orðið hefði við breytingarnar. Sjá má í Mormónsbók að Drottinn vissi um þessa níðingslegu fyrirætlan hins illa, jafnvel þegar Mormón, hinn forni sagnamaður Nefíta, var að gera ágríp af töflusafninu (Sjá Orð Mormóns 1:3–7).

1–26, Satan æsir rangláta menn til andstöðu við verk Drottins; 27–33, Hann leitast við að tortíma sálum mannanna; 34–52, Fagnaðarerindið skal berast til Lamaníta og allra þjóða með Mormónsbók; 53–63, Drottinn mun stofna kirkju sína og fagnaðarerindi sitt meðal manna; 64–70, Hann mun safna hinum iðrandi í kirkju sína og frelsa þá hlýðnu.

SJÁ, nú segi ég þér, að vegna þess að þú lést í hendur ^arangláts manns blöð þau, sem þér var gefinn kraftur til að þýða með hjálp ^bÚrím og Túmmím, hefur þú glatað þeim.

2 Og þú glataðir einnig samtímis gjöf þinni og ^ahugur þinn myrkvaðist.

3 Eigi að síður er hún ^aendurveitt þér. Gættu þess því að vera trú og halda áfram þar til þú hefur lokið við að þýða það, sem eftir er þess verks, eins og þú byrjaðir.

4 Hlaup eigi ^ahraðar né erfiða meira við þýðinguna en ^bstyrkur þinn og geta leyfir, en ver ^ckostgæfinn allt til enda.

5 ^aBið ávallt, að þú megir verða sigurvegari, já, að þú megir sigra Satan og fáir umflúið þjóna Satans, sem vinna verk hans.

6 Sjá, þeir hafa leitast við að ^atortíma þér, já, jafnvel sá ^bmaður, sem þú hefur borið traust til, hefur leitast við að tortíma þér.

7 Og af þeim sökum sagði ég að hann væri ranglátur maður, því að

14b LR Köllun, kallaður af Guði.
c Al 13:29; K&S 17:8.
10 1a K&S 3:1–15.
b LR Úrím og Túmmím.

2a LR Hugur.
3a K&S 3:10.
4a Mósía 4:27.
b 2 Mós 18:13–26.
c Matt 10:22.

LR Kostgæfni.
5a 3 Ne 18:15–21.
LR Bæn.
6a K&S 5:32–33; 38:13.
b K&S 5:1–2.

hann hefur sókst eftir að ná því, sem þér hefur verið trúað fyrir. Og hann hefur einnig leitast við að tortíma gjöf þinni.

8 Og þar eð þú hefur látið blöðin honum í hendur, sjá, þá hafa ranglátir menn tekið þau frá þér.

9 Þú hefur því afhent ranglætinu það, já, það sem heilagt er.

10 Og sjá, "Satan hefur blásið þeim í brjóst að breyta orðum þeim, sem þú hefur látið skrifa, eða sem þú hefur þýtt og látið afhendi.

11 Og sjá, ég segi þér, að þar eð þeir hafa breytt orðunum, fá þau allt aðra merkingu en þá sem þú þýddir og lést skrifa —

12 Og á þennan hátt hefur djöfullinn reynt að leggja slóttuga áætlun, til að tortíma þessu verki —

13 Því að hann hefur blásið þeim í brjóst að gjöra þetta, að með því að ljúga gætu þeir sagt, að þeir hefðu "gripið þig á orðum þeim, sem þú segist hafa þýtt.

14 Sannlega segi ég þér, að ég leyfi ekki, að Satan komi sínum illu fyrirætlunum fram í þessu máli.

15 Því að sjá, hann hefur komið því inn í hug þeirra, að fá þig til að freista Drottins Guðs þíns með því að biðja um að fá að þýða það aftur.

16 En sjá, þá segja þeir og hugsa í

hjórtum sér: Við munum sjá hvort Guð hefur gefið honum kraft til að þýða. Ef svo er, mun hann einnig gefa honum kraft til þess aftur —

17 Og ef Guð gefur honum aftur kraft, eða ef hann þýðir það aftur, eða með öðrum orðum, ef hann kemur fram með sömu orðin, sjá, þá höfum við þau og höfum breytt þeim —

18 Þess vegna mun þeim ekki bera saman og við munum segja að hann hafi logið og að hann hafi enga gjöf og engan kraft —

19 Þannig munum við tortíma honum og þessu verki. Og við munum gjöra þetta, svo að við að lokum hljótum ekki skömm af, heldur hljótum við dýrð heimsins.

20 Sannlega, sannlega segi ég þér, að Satan hefur sterk tök á hjórtum þeirra og "eggjar þá til ^bmisgjörða gegn því sem gott er —

21 Og hjórtu þeirra eru "spillt og full af ^branglæti og viðurstygð og þeir ^celska ^dmyrkríð frekar en ljósið, þar eð ^everk þeirra eru ill. Þess vegna biðja þeir mig einskis.

22 "Satan æsir þá upp, svo að hann megi ^bleiða sálir þeirra í tortímingu.

23 Og þannig hefur hann lagt slóttuga áætlun um að tortíma verki Guðs, en ég mun krefja þá reikningsskila fyrir þetta og það mun snúast þeim til smánar og fordæmingar á degi "dómsins.

10a LR Djöfull.

13a Jer 5:26.

20a 2 Ne 28:20–22.

b LR Synd.

21a K&S 112:23–24.

b LR Ranglátur, ranglæti.

c HDP Móse 5:13–18.

d Mósía 15:26.

LR Myrkur, andlegt.

e Jóh 3:18–21;

K&S 29:45.

22a 2 Ne 2:17–18.

b LR Freista, freisting.

23a He 8:25;

K&S 121:23–25.

24 Já, hann eignir hjörtu þeirra til reiði gegn verki þessu.

25 Já, hann segir við þá: Blekkið og leitið færís að veiða, svo þið fáið tortímt. Sjá, það skaðar ekki. Og þannig skjallar hann þá og segir þeim, að ekki sé synd að "ljúga í þeim tilgangi að veiða annan mann í lygi og þeir fái tortímt honum.

26 Og þannig skjallar hann þá og "leiðir, þar til hann dregur sálir þeirra niður til ^bheljar og lætur þá þannig festast í þeirra eigin "snöru.

27 Og þannig æðir hann "fram og aftur, til og frá á jörðunni, og leitast við að ^btortíma sálum manna.

28 Sannlega, sannlega segi ég þér, vei sé þeim sem lýgur til að "blekkja, vegna þess að hann telur að annar ljúgi til að blekkja, því að slíkir komast ekki undan ^bréttsvísi Guðs.

29 Sjá nú, þeir hafa breytt þessum orðum, vegna þess að Satan segir við þá: Hann hefur blekkt yður — og þannig skjallar hann þá til misgjörða, til að fá þig til að "freista Drottins Guðs þíns.

30 Sjá, ég segi þér, að þú skalt ekki þýða aftur þau orð, sem horfið hafa úr höndum þínum —

31 Því að sjá, þeir skulu ekki ná fram sínum illu fyrirætlunum með því að ljúga gegn orðum

þessum. Því að sjá, ef þú kæmir fram með þessi sömu orð, myndu þeir segja að þú hafir logið og látist þýða og sért í mótsögn við sjálfan þig.

32 Og sjá, þeir munu birta þetta og Satan mun herða hjörtu fólksins og egna það til reiði gegn þér, svo að það trúi ekki orðum mínum.

33 Þannig hyggst "Satan gera vitnisburð þinn að engu hjá þessari kynslóð, svo að verkið nái ekki fram að ganga hjá þessari kynslóð.

34 En sjá, hér er viska, og af því að ég sýni þér "visku og gef þér fyrirmæli um það, sem þú skalt gjöra, skalt þú ekki sýna heiminum þetta fyrir en þú hefur lokið þýðingunni.

35 Undrast ei að ég segi þér: Hér er viska, sýn ekki heiminum það — því að þér til verndar segi ég þér að sýna það eigi heiminum.

36 Sjá, ég segi ekki, að þú skulir ekki sýna það hinum réttlátu —

37 En þar sem þú getur ekki alltaf "greint hina réttlátu, eða, þú getur ekki alltaf þekkt hina ranglátu frá hinum réttlátu, þá segi ég þér, ver ^brólegur þar til ég tel rétt að kunngjöra heiminum allt um þetta mál.

38 Og sannlega segi ég þér nú, að

25a 2 Ne 2:18; 28:8–9;

Al 10:17;

HDP Móse 4:4.

LR Lygar.

26a LR Fráhvarf.

b LR Helja.

c Okv 29:5–6;

1 Ne 14:3.

27a Job 1:7.

b 2 Ne 28:19–23;

K&S 76:28–29.

28a LR Blekking, blekkja.

b Róm 2:3.

LR Réttvísi.

29a Matt 4:7.

33a LR Djöfull.

34a LR Viska.

37a Matt 23:28.

b 2 Mós 14:14.

frásögnin af ^aþví, sem þú skrifaðir og horfið hefur úr höndum þínum, er letuð á ^btöflur Nefís —

39 Já, og þú minnst þess að í þeim ritum stóð, að nákvæmari frásögn af þessu væri gefin á töflum Nefís.

40 Og þar sem frásögnin, sem grafin er á töflur Nefís, er nákvæmari varðandi það, sem ég í visku minni mundi kunngjöra fólki mínu í þessari frásögn —

41 Skalt þú þýða áletrunina, sem grafin er á ^atöflur Nefís, allt þar til þú kemur að valdatíma Benjamíns konungs, eða þar til þú kemur að því sem þú hefur þýtt og varðveitt.

42 Og sjá, þú skalt birta það sem frásögn Nefís. Og þannig mun ég smána þá, sem breytt hafa orðum mínum.

43 Ég mun ekki leyfa, að þeir tortími verki mínu. Já, ég mun sýna þeim að viska mín er meiri en slægð djöfulsins.

44 Sjá, þeir hafa aðeins hluta eða ágrip af frásögn Nefís.

45 Sjá, margt er letrað á töflur Nefís, sem varpar enn meira ljósi á fagnaðarerindi mitt, og þess vegna er það viska mín að þú þýðir þennan fyrsta hluta áletrana Nefís og gefir út í þessu verki.

46 Og sjá, allt, sem ^aeftir er þessa verks, geymir alla hluta ^bfagnaðarerindis míns, sem hinir heilögu

spámenn mínir, já, og einnig læri-sveinar mínir, ^cþráðu í bænum sínum að birtast skyldi þessum lýð.

47 Og ég sagði þeim, að það skyldi ^aveitast þeim í samræmi við ^btrú þeirra í bænum þeirra —

48 Já, og þetta var trú þeirra — að fagnaðarerindi mitt, sem ég gaf þeim til að prédika á þeirra tímum, mætti berast bræðrum þeirra, ^aLamanítum, og einnig öllum þeim sem orðið hefðu Lamanítar vegna sundrungar þeirra.

49 Nú, þetta er ekki allt — trú þeirra í bænum þeirra var sú, að þessi fagnaðarboðskapur skyldi einnig kunngjörður öðrum þeim þjóðum, sem mögulega eignuðust þetta land —

50 Og þannig eftirlétu þeir þessu landi, með bænum sínum, þá blessun, að hver sá sem tryði þessu fagnaðarerindi í þessu landi mætti öðlast eilíft líf —

51 Já, og að það yrði öllum frjálst, hverrar þjóðar, kynkvíslar, tungu eða lýðs, sem þeir annars væru.

52 Og sjá nú, í samræmi við trú þeirra í bænum þeirra mun ég kunngjöra fólki mínu þennan hluta fagnaðarerindis míns. Sjá, ég færi þeim það ekki til að tortíma því, sem þeir hafa meðtekið, heldur til að byggja það upp.

38a Í formála fyrstu útgáfu Mormónsbókar greindi spámaðurinn frá því, að efni hinna 116 glötuðu síðna hefði verið þýtt af hluta taflnanna sem nefndust

„Bók Lehis.“

b LR Töflur.

41a OMorm 1:3–7.

46a LR Mormónsbók.

b LR Fagnaðarerindi.

c Enos 1:12–18;

Morm 8:24–26; 9:34–37.

47a 3 Ne 5:13–15;

K&S 3:19–20.

b LR Átrúnaður.

48a Moró 10:1–5;

K&S 109:65–66.

53 Og af þeim sökum hef ég sagt: Ef þessi kynslöð herðir ekki hjörtu sín, mun ég stofnsetja kirkju mína á meðal hennar.

54 Ég segi þetta ekki til að tor-tíma kirkju minni, heldur segi ég þetta til að byggja upp kirkju mína.

55 Hver sá sem tilheyrir kirkju minni þarf þess vegna ekki að ^aóttast, því að slíkir munu ^berfa ^chimnaríki.

56 En þeirra ró mun ég raska, sem hvorki ^aóttast mig né halda boðorð mín, heldur byggja upp ^bkirkjur sjálfum sér til ^chagnaðar, já og allra þeirra, sem ranglæti fremja og byggja upp ríki djöfuls-ins — já, sannlega, sannlega segi ég þér, að þá mun ég láta skjálfa og titra inn að hjartarótum.

57 Sjá, ég er Jesús Kristur, ^asonur Guðs. Ég kom til minna eigin, en mínir eigin tóku ekki við mér.

58 Ég er ^aljósið, sem skín í myrkrinu, en myrkrið skynjar það ekki.

59 Ég er sá, er sagði við læri-sveina mína: ^aAðra ^bsauði á ég, sem ekki eru af þessu sauðabyrgi, og margir voru þeir, sem ^cskildu mig ekki.

60 Og ég mun sýna þessu fólki, að ég átti aðra sauði og að þeir voru grein af ^ahúsi Jakobs —

61 Og ég mun færa undursamleg verk þeirra, sem þeir unnu í mínu nafni, fram í ljósið —

62 Já, ég vil einnig færa fagn-aðararindi mitt, sem þeim var veitt, fram í ljósið, og sjá, þeir munu ekki afneita því, sem þú hefur móttakið, heldur skulu þeir byggja það upp og færa fram í ljósið hin sönnu ^akenningaratriði mín, já, og þá einu kenningu, sem í mér býr.

63 Og þetta gjöri ég til að stofn-setja fagnaðararindi mitt og draga úr deilum. Já, ^aSatan eignir hjörtu fólksins til ^bdeilna um kenningar-atriði mín, og í því fara þeir villir vegar, því að þeir ^crangsnúa ritn-ingunum og skilja þær ekki.

64 Þess vegna mun ég afhjúpa þennan mikla leyndardóm fyrir þeim —

65 Því að sjá, ef þeir herða ekki hjörtu sín, mun ég ^asafna þeim saman eins og þegar hæna safnar ungum sínum undir vængi sér —

66 Já, þeir mega koma, sem koma vilja, og teyga frjálst af lífs-ins ^avatni.

67 Sjá, þetta er mín kenning — hver, sem iðrast og ^akemur til mín, hann er mín ^bkirkja.

68 Hver sá sem ^aboðar meira eða minna en þetta, hann er ekki

55a LR Ótti.
b Matt 5:10.
c LR Ríki Guðs eða ríki himna.
56a Préd 12:13–14.
b LR Djöfull — Kirkja djöfulsins.
c 4 Ne 1:26.
57a Róm 1:4.

58a K&S 6:21.
59a Jóh 10:16.
b LR Góði hirðirinn.
c 3 Ne 15:16–18.
60a LR Vínarður Drottins.
62a 3 Ne 11:31–40.
63a LR Djöfull.
b LR Deilur.
c 2 Pét 3:16.

65a Lúk 13:34;
3 Ne 10:4–6;
K&S 43:24.
66a LR Lifandi vatn.
67a Matt 11:28–30.
b LR Kirkja Jesú Krists.
68a 3 Ne 11:40.

af mér, heldur á ^bmóti mér. Þess vegna er hann ekki af kirkju minni.

69 Og sjá nú, hverjum þeim, sem er af kirkju minni og er kirkju minni trúr allt til enda, mun ég veita fótfestu á ^abjargi mínu og

^bhlið heljar munu eigi á þeim sigrast.

70 Og ver minnugur orða hans, sem er líf og ^aljós heimsins, lausnari þinn, ^bDrottinn þinn og Guð þinn. Amen.

11. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith til bróður hans, Hyrums Smith, í Harmony, Pennsylvaníu, í maí 1829. Þessi opinberun fékkst með Úrím og Túmmím, sem svar við auðmjúkri bæn Josephs og fyrirspurn. Í sögu Josephs Smith er bent á, að þessi opinberun hafi fengið eftir að Aronsprestðæmið var endurreist.

1–6, *Verkamenn í víngarðinum munu öðlast sáluhjálp; 7–14, Sækist eftir visku, hrópið iðrun, treystið á andann; 15–22, Haldið boðorðin og lærið orð Drottins; 23–27, Afneitið ekki anda opinberunar og spádóms; 28–30, Þeir sem taka á móti Kristi verða synir Guðs.*

“ΜΙΚΙΘ og undursamlegt verk er að hefjast meðal mannanna barna.

2 Sjá, ég er Guð. Gef ^agaum að ^borði mínu, sem er lifandi og ^ckröftugt, ^abeittara en tvíeggjað sverð, er smýgur bæði gegnum merg og bein. Gef þess vegna gaum að orði mínu.

3 Sjá, akurinn er þegar ^ahvítur til

uppskeru. Hver, sem þess vegna þráir að uppskera, skal beita sigð sinni af mætti sínum og uppskera meðan dagur endist, svo að hann megi ^bbúa sálu sinni ^cævarandi hjálpræði í ríki Guðs.

4 Já, hver sá, sem beita mun ^asigð sinni og uppskera, hann er kallaður af Guði.

5 Ef þér þess vegna ^abiðjið mig, mun yður gefast. Ef þér knýið á, mun fyrir yður upplokið verða.

6 Þar sem þér nú hafið beðið, sjá, þá segi ég yður: Haldið boðorð mín og leitist við að tryggja og efla málstað ^aSíonar.

7 Sækist ekki eftir ^aríkidæmi heldur ^bvisku, og sjá, leyndardómar

68 *b* Lúk 11:23.

69 *a* LR Bjarg.

b Matt 16:18;

2 Ne 4:31–32;

K&S 17:8; 128:10.

70 *a* LR Ljós, ljós Krists.

b LR Jesús Kristur.

11 *1 a* Jes 29:14; K&S 4.

LR Endurreisn

fagnaðarerindisins.

2 *a* 1 Ne 15:23–25;

K&S 1:14; 84:43–45.

b Hebr 4:12.

c Al 4:19; 31:5.

d He 3:29–30;

K&S 6:2.

3 *a* K&S 12:3.

b Lúk 18:22; He 5:8.

c 1 Tím 6:19.

4 *a* Op 14:15;

K&S 14:3–4.

5 *a* LR Bæn.

6 *a* Jes 52:7–8;

K&S 66:11.

LR Síon.

7 *a* 1 Kon 3:11–13;

2 Ne 26:31;

Jakob 2:17–19;

K&S 38:39.

b LR Viska.

Guðs munu opnast yður og þá munuð þér ríkir gjörðir. Sjá, sá sem á eilíft líf er ríkur.

8 Sannlega, sannlega segi ég yður, hvað sem þér þráið af mér, það mun yður veitast. Og ef þér þráið, munuð þér koma miklu góðu til leiðar meðal þessarar kynslóðar.

9 “Boðið þessari kynslóð aðeins ^biðrun. Haldið boðorð mín og styðjið framgang verks míns í ‘samræmi við fyrirmæli mín, og þér munuð blessaðir verða.

10 Sjá, þú átt ^agjöf, eða þú skalt eiga gjöf, ef þú þráir það af mér í trú, af ^beinlægu hjarta og með trú á kraft Jesú Krists eða kraft minn, sem talar til þín.

11 Því að sjá, það er ég sem tala. Sjá, ég er ^aljósið, sem skín í myrkrinu, og með ^bkrafti mínum gef ég þér þessi orð.

12 Og sannlega, sannlega segi ég þér nú, set ^atraust þitt á þann ^banda, sem leiðir til góðra verka — já, til að breyta rétt, til að ^cganga í ^aauðmýkt, til að ^dæma réttlátlega, og þetta er andi minn.

13 Sannlega, sannlega segi ég þér, ég mun veita þér af anda mínum, sem mun ^aupplýsa ^bhuga þinn, sem mun fylla sál þína ^cgleði.

14 Og þá munt þú vita, eða

þannig munt þú vita allt, sem ^aréttlætinu tilheyrir og sem þú þráir af mér, í trú á mig og í trú á að þér gefist það.

15 Sjá, ég býð þér, að þú teljir þér ekki trú um, að þú sért kallaður til að prédika fyrr en þú ert ^akallaður.

16 Bíð þú aðeins lengur, þar til þú hefur orð mitt, ^abjarg mitt, kirkju mína og fagnaðarerindi mitt, að þú þekkir örugglega kenning mína.

17 Og sjá, í samræmi við þrá þína, já, í samræmi við trú þína, þá mun það gjörast.

18 Hald þú boðorð mín, hald ró þinni, leita til anda míns.

19 “Hald þér fast að mér af öllu hjarta þínu, svo að þú megir aðstoða við að færa fram í ljósið það, sem ég hef talað um — já, þýðingu verks míns. Ver þolinmóður uns þú hefur lokið því.

20 Sjá, þetta er verk þitt, að ^ahalda boðorð mín, já, af öllum mætti þínum, huga og styrk.

21 Reyndu ekki að boða orð mitt, reyndu heldur fyrst að ^aöðlast orð mitt, og þá mun tunga þín losna. Og þá, ef þú þráir það, skalt þú hafa anda minn og orð mitt, já, kraft Guðs til að sannfæra mennina.

9a K&S 19:21–22.

b LR Iðrast, iðrun.

c K&S 105:5.

10a K&S 46:8–12.

b Lúk 8:15.

11a LR Ljós, ljós Krists.

b LR Krafftur.

12a K&S 84:116.

LR Treysta.

b Róm 8:1–9; 1 Jón 4:1–6.

c LR Ganga, ganga með

Guði.

d LR Auðmjúkur,

auðmýkt.

e Matt 7:1–5; Al 41:14–15.

13a K&S 76:12.

b LR Hugur.

c LR Gleði.

14a LR Réttlátur, réttlæti.

15a TA 1:5.

LR Köllun, kallaður

af Guði;

Vald.

16a K&S 6:34.

LR Bjarg.

19a Jakob 6:5;

K&S 98:11.

20a LR Hlýðni, hlýðinn,

hlýða.

21a Al 17:2–3; K&S 84:85.

22 En hald ró þinni nú, lær “orð mitt, sem borist hefur meðal mannanna barna, og ^blær einnig “orð mitt, sem berast mun út meðal mannanna barna, eða það, sem nú er verið að þýða, já, þar til þú hefur öðlast allt, sem ég mun ^aveita mannanna börnum af þessari kynslóð, og þá mun allt annað bætast þar við.

23 Sjá, þú ert ^aHyrum, sonur minn. ^bLeita þú Guðs ríkis og allt annað mun við bætast, samkvæmt því sem rétt er.

24 “Bygg þú á bjargi mínu, sem er ^bfagnaðarerindi mitt —

25 Afneita ekki anda ^aopinberunar, né anda ^bspádómsgáfunnar,

því að vei sé þeim, sem afneitar þessu —

26 “Varðveit því í hjarta þér, þar til sá tími kemur, að þú samkvæmt visku minni skalt hefjast handa.

27 Sjá, ég tala til allra, sem þrá hið góða og hafa ^abeitt sigð sinni til uppskeru.

28 Sjá, ég er ^aJesús Kristur, sonur Guðs. Ég er líf og ^bljós heimsins.

29 Ég er hinn sami og kom til minna eigin, en mínir eigin tóku ekki á móti mér —

30 En sannlega, sannlega segi ég þér, að öllum þeim, sem taka á móti mér, mun ég gefa ^akraft til að verða ^bsynir Guðs, einmitt þeim, sem trúá á nafn mitt. Amen.

12. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith til Josephs Knight eldri í Harmony, Pennsylvaníu, í maí 1829. Joseph Knight trúði yfirlýsingu Josephs Smith um að hann hefði töflurnar með Mormónsbók og um þýðingarstarf það, sem þá var unnið, og hafði nokkrum sinnum veitt Joseph Smith og ritara hans fjárhagsstuðning, sem gerði þeim kleift að halda þýðingunni áfram. Að beiðni Josephs Knight leitaði spámaðurinn til Drottins og fékk opinberunina.

1–6, *Verkamenn í víngarðinum eiga að öðlast sáluhjálp; 7–9, Allir, sem þrá að aðstoða við verk Drottins og eru hæfir til þess, mega gjöra það.*

^aΜΙΚΤΘ og undursamlegt verk er að hefjast meðal mannanna barna.

2 Sjá, ég er Guð. Gef gaum að orði mínu, sem er lifandi og kröftugt, beittara en tvíeggjað sverð,

22a P.E. Biblían.

b LR Ritningar — Gildi ritninganna.

c P.E. Mormónsbók.

d Al 29:8.

23a JS — S 1:4.

b Matt 6:33.

24a Matt 7:24–27.

b LR Fagnaðarerindi.

25a LR Opinberun.

b Op 19:10.

LR Spádómur, spá.

26a 5 Mós 11:18;

K&S 6:20; 43:34;

JS — M 1:37.

27a LR Trúboðsverk.

28a LR Jesús Kristur.

b LR Ljós, ljós Krists.

30a Jóh 1:12.

b LR Synir og dætur

Guðs.

12 1a Sjá K&S 11:1–6

varðandi hliðstæðar

tilvísanir.

er smýgur bæði gegnum merg og bein. Gef þess vegna gaum að orði mínu.

3 Sjá, akurinn er þegar hvítur til uppskeru. Hver, sem þess vegna þráir að uppskera, skal beita sigð sinni af mætti sínum og uppskera meðan dagur endist, svo að hann megi búa sálu sinni ævarandi hjálpræði í ríki Guðs.

4 Já, hver sá, sem beita mun sigð sinni og uppskera, hann er kallaður af Guði.

5 Ef þér þess vegna biðjið, mun yður gefast. Ef þér knýið á, mun fyrir yður upplokið verða.

6 Þar sem þér nú hafið beðið, sjá,

þá segi ég yður: Haldið boðorð mín og leitist við að tryggja og efla málstað Síonar.

7 Sjá, ég tala til þín og einnig til allra þeirra, sem þrá að vinna að framgangi þessa verks og tryggja það —

8 Og enginn getur aðstoðað við þetta verk, nema hann sé ^aauðmjúkur og fullur ^belsku, eigi ^ctrú, ^dvon og ^ekærleika og sé hófsamur í öllu, hverju því sem honum verður treyst fyrir.

9 Sjá, ég, sem mæli þessi orð, er ljós og líf heimsins. Gef þeim þess vegna gaum af mætti þínum, og þá ert þú kallaður. Amen.

13. KAFLI

Útdráttur úr sögu Josephs Smith, þar sem sagt er frá vígslu spámannsins og Olivers Cowdery til Aronsprestðæmisins í grennd við Harmony í Pennsylvaníu, 15. maí 1829. Vígsluna gjörði engill, er kynnti sig sem Jóhannes, hinn sama og nefndur er Jóhannes skírari í Nýja testamentinu. Engillinn sagðist starfa undir handleiðslu Péturs, Jakobs og Jóhannesar, hinna fornu postula, er héldu lykllum hins æðra prestðæmis, sem nefnt er Melkisedeksprestðæmið. Joseph og Oliver fengu það loford, að á sínum tíma yrði þeim veitt þetta æðra prestðæmi. (Sjá einnig kafla 27:7–8, 12.)

Lyklar og vald Aronsprestðæmisins útskýrt.

YÐUR, samþjónum mínum, ^aveiti ég í nafni Messíasar ^bAronsprestðæmið, sem hefur lykla að

þjónustu engla og fagnaðarerindi ^diðrunar og ^eniðurdýfingarskírni til fyrirgefningar syndanna. Og þetta skal aldrei aftur af jörðunni tekið, uns ^fsynir Levis færa Drottni aftur fórn í ^gréttlæti.

8a LR Auðmjúkur, auðmýkt.

b LR Elska, ást.

c LR Átrúnaður.

d LR Von.

e LR Kærleikur.

13 1a JS — S 1:68–75.

LR Vígja, vígsla.

b K&S 27:8; 84:18–34.

LR Aronsprestðæmið.

c LR Englar.

d LR Iðrast, iðrun.

e LR Skírni, skíra.

f Sjá frásögn Olivers

Cowdery af endurreisn

Aronsprestðæmisins

aftan við Joseph

Smith — Saga.

5 Mós 10:8; 1 Kro 6:48;

K&S 128:24.

g LR Réttlátur, réttlæti.

14. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Davids Whitmer, í Fayette, New York, í júní 1829. Whitmer-fjölskyldan hafði fengið mikinn áhuga á þýðingu Mormónsbókar. Joseph flutti aðsetur sitt á heimili Peters Whitmer eldri, þar sem hann dvaldi, uns þýðingarstarfinu lauk og útgáfuréttur bókarinnar var tryggður. Þrem sonum Whitmer-hjónanna, sem allir höfðu fengið vitnisburð um áreiðanleika þessa verks, var mjög umhugað um persónulega skyldu sína. Þessi opinberun og tvær næstu (kaflar 15 og 16) voru gefnar með Úrím og Túmmím, sem svar við fyrirspurn. David Whitmer varð seinna eitt vitnanna þriggja að Mormónsbók.

1–6, *Verkamenn í víngarðinum munu öðlast sáluhjálp; 7–8, Eilíft líf er mest allra gjafa Guðs; 9–11, Kristur skapaði hinna og jörð.*

“MIKIÐ og undursamlegt verk er að hefjast meðal manna barna.

2 Sjá, ég er Guð. Gef gaum að orði mínu, sem er lifandi og kröftugt, beittara en tvíeggjað sverð, er smýgur bæði gegnum merg og bein. Gef þess vegna gaum að orði mínu.

3 Sjá, akurinn er þegar hvítur til uppskeru. Hver, sem þess vegna þráir að uppskera, skal beita sigð sinni af mætti sínum og uppskera meðan dagur endist, svo að hann megi búa sálu sinni ævarandi hjálpraði í ríki Guðs.

4 Já, hver sá, sem beita mun sigð

sinni og uppskera, hann er kallaður af Guði.

5 Ef þér þess vegna biðjið mig, mun yður gefast. Ef þér knýið á, mun fyrir yður upplokið verða.

6 Leitist við að tryggja og efla mína Síon. Haldið boðorð mín í öllu.

7 Og ef þú „heldur boðorð mín og ^bstendur stöðugur allt til enda, skalt þú öðlast ‘eilíft líf, en sú gjöf er mest allra gjafa Guðs.

8 Og svo mun bera við, að ef þú biður föðurinn í mínu nafni og í öruggri trú, munt þú meðtaka “heilagan anda, sem málið gefur, svo að þú megir standa sem ^bvitni þess, er þú munt bæði ‘heyra og sjá, og getir einnig boðað þessari kynslöð iðrun.

9 Sjá, ég er “Jesús Kristur, ^bsonur hins ‘lifanda Guðs, sem “skapaði

14 1a Sjá K&S 11:1–6 varðandi hliðstæðar tilvísanir.

7a 3 Mós 26:3–12; Jóh 15:10; Mósía 2:22, 41; K&S 58:2.

b LR Standast.

c 2 Ne 31:20; K&S 6:13. LR Eilíft líf.

8a LR Heilagur andi.

b Mósía 18:8–10. LR Vitni.

c Sjá „Vitnisburð þriggja vitna“ á inngangssíðum Mormónsbókar.

9a Mósía 4:2; K&S 76:20–24.

b Róm 1:4.

c Dan 6:26; Al 7:6; K&S 20:19.

d Jóh 1:1–3, 14; 3 Ne 9:15; K&S 45:1. LR Skapa, sköpun.

himna og ^ejörð, ljós, sem ekki er unnt að dylja í ^smyrkrunu.

10 Þess vegna verð ég að leiða fram ^afyllingu fagnaðarerindis míns frá ^bÞjóðunum til Ísraelsættar.

11 Og sjá, þú ert David, og þú ert kallaður til aðstoðar, og ef þú gjörir svo og reynist trúr, munt þú bæði hljóta andlega og stundlega blessun, og mikil verða laun þín. Amen.

15. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Johns Whitmer, í Fayette, New York, í júní 1829 (sjá einnig formálsorð að kafla 14). Þessi boðskapur er afar persónulegur, því Drottinn talar um það, sem aðeins hann og John Whitmer vissu. John Whitmer varð síðar eitt vitnanna átta að Mormónsbók.

1–2, *Armur Drottins er yfir allri jörðunni*; 3–6, *Að prédika fagnaðarerindið og frelsa sálir er það sem mest er virði.*

HLÝÐ á, þjónn minn John, og hlusta á orð Jesú Krists, Drottins þíns og lausnara.

2 Því að sjá, ég tala til þín af festu og ^akrafti, því að armur minn er yfir allri jörðunni.

3 Og ég mun segja þér það, sem enginn maður veit, nema aðeins þú og ég —

4 Því oft hefur þú æskt þess af mér að fá að vita það, sem yrði þér mest virði.

5 Sjá, blessaður ert þú vegna þessa, og fyrir að tala orð mín, sem ég hef gefið þér, að boði mínu.

6 Og sjá nú, ég segi þér, að það, sem verða mun þér mest virði, er að ^aboða fólki þessu iðrun, svo að þú megir leiða sálir til mín og ^bhvílast með þeim í ^críki ^aföður míns. Amen.

16. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Peters Whitmer yngri í Fayette, New York, í júní 1829 (sjá formála að kafla 14). Peter Whitmer yngri varð síðar eitt vitnanna átta að Mormónsbók.

1–2, *Armur Drottins er yfir allri jörðunni*; 3–6, *Að prédika fagnaðarerindið og frelsa sálir er það sem mest er virði.*

9^e Abr 4:12, 24–25.

f 2 Sam 22:29.

LR Ljós, ljós Krists.

g LR Myrkur, andlegt.

10^a K&S 20:8–9;

JS — S 1:34.

b LR Þjóðirnar.

15 2a He 3:29–30.

LR Kraftur.

6a K&S 18:15–16.

LR Trúboðsverk.

b LR Hvíld.

c LR Ríki Guðs eða ríki himna.

d LR Faðir á himnum.

“HLÝÐ á, þjónn minn Peter, og hlusta á orð Jesú Krists, Drottins þíns og lausnara.

2 Því að sjá, ég tala til þín af festu og krafti, því að armur minn er yfir allri jörðunni.

3 Og ég mun segja þér það, sem enginn maður veit, nema aðeins þú og ég —

4 Því oft hefur þú æskt þess af mér að fá að vita það, sem yrði þér mest virði.

5 Sjá, blessaður ert þú vegna þessa, og fyrir að tala orð mín, sem ég hef gefið þér, að boði mínu.

6 Og sjá nú, ég segi þér, að það, sem verða mun þér mest virði, er að boða fólki þessu iðrun, svo að þú megir leiða sálir til mín og hvílast með þeim í ríki föður míns. Amen.

17. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith til Olivers Cowdery, Davids Whitmer og Martins Harris, í Fayette, New York, í júní 1829, áður en þeir litu hinar áletruðu töflur, sem innihéldu heimildir Mormónsbókar. Joseph og ritari hans, Oliver Cowdery, höfðu komist að því við þýðingu á töflum Mormónsbókar, að þrjú sérstök vitni yrðu tilnefnd (sjá Eter 5:2–4; 2 Nefí 11:3; 27:12). Oliver Cowdery, David Whitmer og Martin Harris urðu gripnir innblásinni ósk um að verða þessi þrjú sérstöku vitni. Spámaðurinn spurði Drottin og þessi opinberun var gefin sem svar með Úrím og Túmmím.

1–4, Í trú munu vitnin þrjú sjá töflurnar og aðra helga muni; 5–9, Kristur ber vitni um guðdómleika Mormónsbókar.

SJÁ, ég segi yður, að þér verðið að treysta á orð mitt, og ef þér gjörðið það með einlægum ásetningi hjartans, skuluð þér fá að ^alíta ^btöflurnar og einnig brjóstplötuna, ^csverð Labans, ^dÚrím

og Túmmím, sem gefnir voru ^ebróður Jareds á fjallinu, þegar hann ræddi við Drottin ^faugliti til auglitis, og einnig hinn ^gyfirnáttúrlega vegvísi, sem gefinn var Lehi í óbyggðunum, við strendur ^hRauðahafsins.

2 Og það er fyrir trú yðar, að þér fáið að líta þetta, einmitt þá trú, sem hinir fornu spámenn áttu.

3 Og eftir að þér hafið öðlast trú

16 1a Sjá K&S 15 varðandi hliðstæðar tilvísanir.

17 1a 2 Ne 27:12; Et 5:2–4; K&S 5:15. Sjá einnig „Vitnisburð þriggja vitna“ á inngangssíðum

Mormónsbókar.

b Morm 6:6; JS — S 1:52.

c 1 Ne 4:8–9; 2 Ne 5:14; Jakob 1:10; Mósía 1:16.

d LR Úrím og Túmmím.

e Et 3.

f 1 Mós 32:30;

2 Mós 33:11;

HDP Móse 1:2.

g 1 Ne 16:10, 16, 26–29; Al 37:38–47.

h 1 Ne 2:5.

og séð þetta eigin augum, skuluð þér bera því “vitni, með krafti Guðs —

4 Og það skuluð þér gjöra, svo að þjóni mínum Joseph Smith yngri verði eigi tortímt, og ég megi ná fram réttlátum tilgangi mínum gagnvart mannanna börnum í þessu verki.

5 Og þér skuluð bera því vitni, að þér hafið séð þetta, já, eins og þjónn minn Joseph Smith yngri hefur séð það, því að það er fyrir minn kraft að hann hefur séð það, og það vegna þess að hann átti trú.

6 Og hann hefur þýtt “bókina, já, þann hluta sem ég hef boðið

honum. Og sem Drottinn Guð yðar lifir, er hún sönn.

7 Þér hafið þess vegna öðlast sama kraft og sömu trú og sömu gjöf og hann —

8 Og ef þér farið eftir þessum nýjustu fyrirætlum mínum, sem ég hef gefið yður, munu “hlið heljar eigi á yður sigrast, því að þnáð mín nægir yður og yður mun verða “lyft upp á efsta degi.

9 Og ég, Jesús Kristur, “Drottinn yðar og Guð yðar, hef talað þetta til yðar, svo að ég megi ná fram réttlátum tilgangi mínum gagnvart mannanna börnum. Amen.

18. KAFLI

Opinberun til spámannsins Josephs Smith, Oliver's Cowdery og Davids Whitmer, gefin í Fayette, New York, í júní 1829. Samkvæmt spámanninum kynnti þessi opinberun „köllun tólf postula á þessum síðustu dögum og veitti leiðbeiningar varðandi uppbyggingu kirkjunnar.“

1–5, Ritningar sýna hvernig byggja á upp kirkjuna; 6–8, Misgjörðir heimsins vaxa; 9–16, Verðmæti sálna er mikið; 17–25, Menn verða að taka á sig nafn Krists til að öðlast sáluhjálp; 26–36, Köllun og ætlunarverk hinna tólf er opinberað; 37–39, Oliver Cowdery og David Whitmer eiga að velja hina tólf; 40–47, Til að öðlast sáluhjálp verða menn að iðrast, láta skírast og halda boðorðin.

SJÁ, vegna þess sem þú, þjónn minn Oliver Cowdery, hefur æskt að fá að vita hjá mér, gef ég þér þessi orð:

2 Sjá, ég hef við mörg tækifæri gjört þér kunnugt með anda mínum, að það, sem þú hefur skráð, er “sannleikur. Þú veist þess vegna að það er sannleikur.

3 Og vitir þú að það er sannleikur, sjá, þá gef ég þér þau boð, að treysta því sem “ritað er —

3a LR Vitna, bera vitni; Vitni.

6a LR Mormónsbók.

b 2 Ne 27:22;
3 Ne 26:7–10.

8a Matt 16:18;

3 Ne 11:39;

K&S 10:69.

b LR Náð.

c 1 Ne 13:37;

3 Ne 27:14–15, 22;

K&S 9:14.

9a LR Drottinn.

18 2a K&S 6:15–17.

3a K&S 98:11.

LR Ritningar — Gildi ritninganna.

4 Því að þar er allt skráð um grundvöll kirkju minnar, ^afagnaðararindi mitt og ^bbjarg mitt.

5 Ef þú þess vegna byggir upp kirkju mína á grundvelli fagnaðararindis míns og á bjargi mínu, munu hlið heljar eigi á þér sigrast.

6 Sjá, misgjörðir ^aheimsins vaxa, og því er nauðsynlegt að vekja mannanna börn til iðrunar, bæði ^bÞjóðirnar og einnig Ísraelsætt.

7 Þar eð þjónn minn Joseph Smith yngri hefur ^askírt þig að boði mínu, hefur hann uppfyllt það sem ég bauð honum.

8 Og undrast nú ei, að ég hef kallað hann í eigin tilgangi, þeim tilgangi sem ég þekki. Ef hann þess vegna ^aheldur boðorð mín af ^bkostgæfni, mun hann ^cblessaður með eilífu lífi; og nafn hans er ^dJoseph.

9 Og nú tala ég til þín, Oliver Cowdery, og einnig til Davids Whitmer og gef yður boðorð. Því að sjá, ég býð öllum mönnum, alls staðar að iðrast, og ég ávarpa yður, já, eins og Pál ^apostula minn, því að þér eruð einmitt kallaðir til sömu köllunar og hann var kallaður.

10 Hafið hugfast að ^averðmæti ^bsálna er mikið í augum Guðs —

11 Því að sjá, Drottinn ^alausnari yðar leið ^bþíslardauða í holdinu. Hann ^cleið þess vegna ^dkvalir allra manna, svo að allir menn gætu iðrast og komið til hans.

12 Og hann hefur ^arisið aftur upp frá dauðum, til þess að geta leitt alla menn til sín, gegn því að þeir ^biðrist.

13 Og hversu mikil er ^agleði hans yfir þeirri sál sem iðrast!

14 Þess vegna eruð þér kallaðir til að ^aboða þessu fólki iðrun.

15 Og fari svo, að þér erfiðið alla yðar daga við að boða þessu fólki iðrun og leiðið, þó ekki sé nema eina ^asál til mín, hversu mikil skal þá gleði yðar verða með henni í ríki föður míns!

16 Og verði nú gleði yðar mikil með einni sál, sem þér hafið leitt til mín inn í ^aríki föður míns, hversu mikil yrði þá ^bgleði yðar, ef þér ^cleidduð margar sálir til mín!

17 Sjá, þér hafið fagnaðararindi mitt frammi fyrir yður og bjarg mitt og ^ahjálpæði mitt.

18 ^aBiðjið til föðurins í mínu ^bnafni í trú, og í trú á að yður muni hlotnast, og þér skuluð hafa

4a LR Fagnaðararindi.

b LR Bjarg.

6a LR Heimur.

b LR Þjóðirnar.

7a JS — S 1:70–71.

8a LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

b LR Kostgæfni.

c LR Blessa, blessaður, blessun.

d 2 Ne 3:14–15.

LR Joseph Smith yngri.

9a Róm 1:1.

10a LR Sál — Verðmæti sálna.

b LR Sál.

11a LR Lausnari.

b LR Krossfesting.

c LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

d Jes 53:4–5.

LR Friðþægja, friðþæging.

12a LR Upprisa.

b K&S 19:4–18.

LR Iðrast, iðrun.

13a Lúk 15:7.

14a Al 29:1–2;

K&S 34:5–6; 63:57.

15a LR Sál — Verðmæti sálna.

16a LR Ríki Guðs eða ríki himna.

b Al 26:11.

LR Gleði.

c LR Trúboðsverk.

17a LR Sáluhjálp, hjálpraði.

18a LR Bæn.

b Jóh 15:16.

heilagan anda, sem opinberar allt það, sem mannanna börnum er ^cæskilegt.

19 En skorti yður ^atrú, ^bvon og ^ckærleika, getið þér ekkert gjört.

20 ^aStríðið ei gegn nokkurri kirkju nema ^bkirkju djöfulsins.

21 Takið á yður ^anafn Krists og ^bsegið sannleikann af ^cárvekni.

22 Og allir þeir sem iðrast og eru ^askírðir í mínu nafni, sem er Jesús Kristur, og ^bstanda stöðugir allt til enda, þeir skulu hólpnir verða.

23 Sjá, Jesús Kristur er það ^anafn, sem faðirinn gefur, og ekkert annað nafn er gefið, sem frelsað getur manninn —

24 Þess vegna verða allir menn að taka á sig það nafn, sem faðirinn hefur gefið, því að með því nafni verða þeir kallaðir á efsta degi —

25 Ef þeir þess vegna þekkja ekki það ^anafn, sem þeir verða kallaðir með, geta þeir ekki eignast stað í ^briki föður míns.

26 Og sjá nú, aðrir eru kallaðir til að boða fagnaðarerindi mitt, bæði ^aÞjóðunum og Gyðingum —

27 Já, jafnvel tólf, og hinir ^atólf skulu vera lærisveinar mínir og þeir skulu taka á sig nafn mitt. Og

hinir tólf eru þeir, sem þrá munu af öllu hjarta að taka á sig ^bnafn mitt.

28 Og þrái þeir af öllu hjarta að taka á sig nafn mitt, þá eru þeir kallaðir til að fara út um allan ^aheim og prédika ^bfagnaðarboðskap minn ^chverri skepnu.

29 Og þetta eru þeir, sem ég hef vígt til að ^askíra í mínu nafni, samkvæmt því sem skrifað stendur —

30 Og þér hafið það, sem skrifað stendur, frammi fyrir yður. Þess vegna verðið þér að framkvæma það í samræmi við þau orð, sem rituð eru.

31 Og nú tala ég til yðar, hinna ^atólf — Sjá, náð mín nægir yður. Þér verðið að ganga grandvarir frammi fyrir mér og syndga ekki.

32 Og sjá, þér eruð þeir sem ég hef vígt til að ^avígja presta og kennara, til að boða fagnaðarerindi mitt, ^bsamkvæmt krafti heilags anda, sem í yður er, og samkvæmt ^cköllumum og gjöfum Guðs til mannanna —

33 Og ég, Jesús Kristur, Drottinn yðar og Guð yðar, hef talað þetta.

34 Þessi ^aorð eru ekki frá mönnum, né frá nokkrum manni

18c K&S 88:63–65.

19a LR Átrúnaður.

b LR Von.

c LR Kærleikur.

20a 2 Tím 2:23–24;

3 Ne 11:29–30.

b LR Djöfull — Kirkja djöfulsins.

21a 2 Ne 31:13;

Mósía 5:8;

3 Ne 27:5;

K&S 20:37.

b K&S 100:5–8.

c Róm 12:3.

22a LR Skír, skíra.

b LR Standast.

23a Mal 1:11;

Post 4:12;

Mósía 3:17;

He 3:28–29.

25a Mósía 5:9–14.

b LR Himnesk dýrð.

26a K&S 90:8–9; 112:4.

27a LR Postuli.

b K&S 27:12.

28a Mark 16:15–16.

b LR Fagnaðarerindi.

c K&S 1:2; 42:58.

29a 3 Ne 11:21–28;

K&S 20:72–74.

31a K&S 107:23–35.

32a Moró 3;

K&S 20:60; 107:58.

LR Vígja, vígsla.

b 2 Pét 1:21;

K&S 68:3–4.

c K&S 20:27.

34a LR Ritningar.

komin, heldur frá mér. Þess vegna skuluð þér bera því vitni, að þau eru mín, en ekki manna —

35 Því að það er mín “rödd, sem talar þau til yðar. Því að þau eru gefin yður af anda mínum, og fyrir kraft minn getið þér lesið þau hver fyrir annan. Og án krafts míns gætuð þér ekki haft þau —

36 Þess vegna getið þér “vottað, að þér hafið heyrt rödd mína og þekkið orð mín.

37 Og sjá, ég fel þér, Oliver Cowdery, og einnig þér, David Whitmer, að leita hinna tólf, sem bera þær þrjár í brjosti, sem ég hef talað um —

38 Og af þrám þeirra og “verkum þeirra skuluð þér þekkja þá.

39 Og þegar þér hafið fundið þá, skuluð þér sýna þeim þetta.

40 Og þér skuluð falla á kné og “tilbiðja föðurinn í mínu nafni.

41 Og þér verðið að prédika fyrir heiminum og segja: Þér verðið að

iðrast og láta skírast í nafni Jesú Krists —

42 Því að allir menn verða að iðrast og láta skírast, og ekki aðeins karlar, heldur konur og þau börn, sem náð hafa “ábyrgðaraldri.

43 Og eftir að þér hafið nú tekið á móti þessu, verðið þér að halda “boðorð mín í öllu —

44 Og með höndum yðar mun ég vinna “undursamlegt verk á meðal manna barna, þannig að margir ^bsannfærast um syndir sínar, svo að þeir geti iðrast og komist inn í ríki föður míns.

45 Þess vegna eru þær blessanir, sem ég gef yður, öllu “æðri.

46 Og ef þér “haldið ei boðorð mín, eftir að þér hafið tekið við þessu, getið þér eigi orðið hólpnir í ríki föður míns.

47 Sjá, ég, Jesús Kristur, Drottinn yðar, Guð yðar og lausnari yðar, hef talað þetta með krafti anda míns. Amen.

19. KAFLI

Opinberun gefin með Joseph Smith í Manchester, New York, líklega um sumarið 1829. Í sögu sinni kynnir spámaðurinn hana sem „boðorð Guðs en ekki manna til Martins Harris, gefið af honum, sem eilífur er.“

1–3, Kristur hefur allt vald; 4–5, Allir menn verða að iðrast eða þjást; 6–12, Eilíf refsing er Guðs refsing; 13–20, Kristur þjást fyrir alla, svo að þeir

þyrftu ekki að þjást, ef þeir iðruðust; 21–28, Prédikið fagnaðararindi iðrunar; 29–41, Boðið gleðitíðindi.

35a K&S 1:38.

LR Rödd.

36a LR Vitna, bera vitni.

38a LR Verk.

40a LR Tilbeiðsla.

42a K&S 20:71; 29:47; 68:27.

LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda.

43a LR Boðorð Guðs.

44a Jes 29:14;

K&S 4:1.

b Al 36:12–19; 62:45.

45a K&S 84:35–38.

46a K&S 82:3.

Ég er ^aAlfa og ^bÓmega, ^bKristur Drottinn. Já, ég er einmitt hann, upphafið og endirinn, lausnari heimsins.

2 Ég hef leitt til lykta og ^afullnað vilja hans, sem ég tilheyri, já, föð-urins, hvað mig varðar — það hef ég gjört, svo að allt geti orðið mér ^bundirgefið —

3 Ég hef allt ^avald, jafnvel til að ^btortíma Satan og verki hans við ^cendalok veraldar og hinn síðasta mikla dómsdag, sem ég mun láta koma yfir íbúa hennar, og ^adæmi hvern mann í samræmi við ^cverk hans og þær dáðir, sem hann drýgði.

4 Og vissulega verður hver maður að ^aiðrast eða ^bþjást, því að ég, Guð, er ^cóendanlegur.

5 Þess vegna ^aafturkalla ég ekki þá dóma, sem ég felli, en vei mun verða, grátur, ^bkvein og gnístran tanna, já, hjá þeim sem verða mér á ^cvinstri hönd.

6 Engu að síður er ^aekki skráð, að enginn endir verði á kvöl þessari, en skrifað stendur ^bóendanleg kvöl.

7 Enn fremur stendur skrifað ^aeilíf fordæming. Þess vegna er það greinilegra en aðrar ritningargreinar, svo að það geti haft áhrif

á hjörtu mannanna barna, einvörð-ungu nafni mínu til dýrðar.

8 Ég mun þess vegna útskýra fyrir þér þennan leyndardóm, því að rétt er að þú þekkir hann eins og postular mínir.

9 Ég tala til þín, sem útvalinn ert í þessu, já, sem hinn eini, svo að þú megir inn ganga til ^ahvíldar minnar.

10 Því að sjá hversu mikill ^aleyndardómur guðleikans er! Því að sjá, ég er óendanlegur og sú refsing, sem hönd mín veitir, er óendanleg refsing, því að ^bÓendanlegur er nafn mitt. Þess vegna —

11 ^aEilíf refsing er Guðs refsing.

12 Óendanleg refsing er Guðs refsing.

13 Þess vegna býð ég þér að iðrast og halda ^aboð þau, sem þú hefur meðtekið í mínu nafni af hendi þjóns míns Josephs Smith yngri —

14 Og það er með almáttugu valdi mínu að þú hefur meðtekið þau —

15 Þess vegna býð ég þér að iðrast — iðrast þú, ella mun ég ljósta þig með munnsprota mínum og með bræði minni og heilagri reiði, og ^aþjáningar þínar verða

19 1a Op 1:8, 11;
3 Ne 9:18;
K&S 35:1; 61:1.
LR Alfa og Ómega.
b LR Jesús Kristur.
2a Jóh 17:4;
3 Ne 11:11.
b Fil 3:21.
3a LR Kraftur.
b Jes 14:12–17;
1 Jóh 3:8;
1 Ne 22:26;
K&S 88:111–115.

c LR Heimur —
Heimsendir.
d LR Lokadómur.
e LR Verk.
4a LR Iðrast, iðrun.
b Lúk 13:3;
He 14:19.
c HDP Móse 1:3.
5a K&S 56:4; 58:32.
b Matt 13:42.
c Matt 25:41–43.
6a K&S 76:105–106;
138:59.

b K&S 76:33, 44–45.
7a He 12:25–26;
K&S 29:44.
9a LR Hvíld.
10a Jakob 4:8;
K&S 76:114–116.
b HDP Móse 1:3; 7:35.
LR Óendanlegur.
11a Matt 25:46.
13a K&S 5:2; 10:6–7; 17.
15a Al 36:11–19.

sárar — hversu sárar veist þú ekki, hversu nístandi veist þú ekki, já, hversu erfiðar að bera veist þú ekki.

16 Því að sjá, ég, Guð, hef ^aþolað þetta fyrir alla, svo að þeir ^bþurfi ekki að þjást, ef þeir ^ciðrast.

17 En iðrist þeir ekki, verða þeir að ^aþjást, alveg eins og ég —

18 Þjáningu, sem varð þess valdandi, að ég, sjálfur Guð, æðstur allra, skalf af sársauka og blóð draup úr hverri svitaholu, og þjáðist bæði á líkama og í anda — og með hrolli óskaði ég þess að þurfa ^aekki að bergja þennan beiska bikar —

19 Dýrð sé föðurnum eigi að síður, og ég tæmdi hann og ^alauk undirbúningi mínum fyrir mannanna börn.

20 Þess vegna býð ég þér enn að iðrast, ella auðmýki ég þig með almáttugu valdi mínu, og ^aað þú játir syndir þínar, ella verður þú að þola þær refsingar, sem ég hef talað um og þú reyndir í örlitlum mæli, já, í hinum alsmæsta, þegar ég dró anda minn í hlé.

21 Og ég býð þér að ^aprédika ekkert nema iðrun, og sýna þetta ^bekki heiminum fyrr en ég tel það viturlegt.

22 Því að þeir ^aþola ekki kjöt nú, en ^bmjólk verða þeir að fá. Þess vegna mega þeir ekki vita þetta, svo að þeir farist ekki.

23 Lær af mér og hlusta á orð mín. ^aGakk í ^bhógværð anda míns og þú munt eiga ^cfrið í mér.

24 Ég er ^aJesús Kristur. Ég kom að vilja föðurins og ég gjöri hans vilja.

25 Og enn býð ég þér, að þú skalt ekki ^agirnast ^bkonu náunga þíns, né sækjast eftir lífi náunga þíns.

26 Og enn býð ég þér, að þú skalt ekki horfa í eigur þínar, heldur láta þær fúslega af hendi til prentunar Mormónsbókar, sem geymir ^asannleikann og orð Guðs —

27 Sem er orð mitt til ^aÞjóðanna, svo að brátt geti það borist ^bGyðingum, sem Lamanítar eru ^cleifar af, svo að þeir megi trúa fagnaðarerindinu, en vænti ekki komu ^dMessíasar, sem þegar hefur komið.

28 Og enn býð ég þér, að þú skalt ^abiðja ^bupphátt jafnt og í hjarta þínu. Já, frammi fyrir heiminum jafnt og í leynum, opinberlega jafnt og í einrúmi.

29 Og þú skalt ^aboða gleðitíðindi,

16a Al 11:40–41.
LR Friðþægja,
friðþæging.
b LR Miskunnssamur,
miskunnsemi.
c LR Fyrrgefnung synda.
17a K&S 29:17.
18a Lúk 22:42–44.
19a Jóh 17:4; 19:30.
20a 4 Mós 5:6–7;
Mósía 26:29;
K&S 58:43; 64:7.
LR Játa, játning.

21a K&S 11:9.
b JS — S 1:42.
22a K&S 78:17–18.
b Hebr 5:11–14;
K&S 50:40.
23a Moró 7:3–4.
b LR Hógvær, hógværð.
c LR Friður.
24a LR Jesús Kristur.
25a LR Ágirnd.
b 2 Mós 20:17;
1 Kor 7:2–4.
LR Hórdómur.

26a LR Sannleikur.
27a LR Þjóðirnar.
b LR Gyðingar.
c Om 1:14–19;
Mósía 25:2–4;
He 8:21;
3 Ne 2:12–16.
d LR Messías.
28a 1 Tim 2:8.
LR Bæn.
b K&S 20:47, 51; 23:6.
29a LR Trúboðsverk.

já, birta þau á fjöllunum og á hverri hæð, meðal allra þeirra, sem þér verður leyft að sjá.

30 Og þú skalt gjöra það í fullri auðmýkt og "treysta á mig og lasta ekki lastmælendur.

31 Og þú skalt ekki ræða "kenni-setningar, heldur boða iðrun og trú á frelsarann og "fyrirgefningu syndanna með "skirn og með "eldi, já, sjálfum "heilögum anda.

32 Sjá, þetta eru mikil "boð og þau síðustu, sem ég gef þér varðandi þetta mál, því að þetta mun nægja þér á daglegri göngu þinni, já, allt til æviloka þinna.

33 Og vansæld muntu hljóta, ef þú lítilsvirðir þessar "ráðleggingar, já, bæði tortímingu þína og eigna þinna.

34 "Lát af hendi hluta eigna þinna, já, jafnvel hluta lands þíns, allt utan þess, sem þarf til framfærslu fjölskyldu þinnar.

35 Greið þú "skuldina sem þú

hefur ^bsamið um við prentarann. Losa þig úr "ánaðu.

36 "Yfirgef hús þitt og heimili, nema þegar þú æskir að sjá fjölskyldu þína —

37 Og "tala frjálst til allra. Já, prédika, hvetja, boða ^bsannleikann, já, hárrí röddu, með gleðihljómi og hrópa — Hósanna! Hósanna! Blessað sé nafn Drottins Guðs!

38 "Bið ávallt og ég mun ^búthella anda mínum yfir þig og mikil verður blessun þín — já, jafnvel meiri en þó að þú hlytir fjársjóði á jörðu og spillingarhneigð í sama mæli.

39 Sjá, getur þú lesið þetta án þess að fagna og lyfta hjarta þínu í gleði?

40 Eða getur þú ráfað um lengur eins og blindur leiðsögumaður?

41 Eða getur þú verið "auðmjúkur og hógvær og hagað þér viturlega frammi fyrir mér? Já, ^bkom til mín, frelsara þíns. Amen.

20. KAFLI

Opinberun um stofnun kirkjunnar og stjórn, gefin með spámanninginum Joseph Smith, í eða nærri Fayette, New York. Hluti þessarrar opinberunar gæti jafnvel hafa verið veittur sumarið 1829. Opinberunin í heild sinni var líklega skráð fljótlega eftir 6. apríl 1830 (daginn sem kirkjan var stofnuð), þá undir heitinu Reglur og sáttmálar. Spámaðurinn skrifaði: „Okkur veittist það, sem hér fer á eftir, af honum [Jesú Kristi], með anda spádóms og opinberunar, sem ekki aðeins veitti okkur miklar

30a LR Treysta.

31a 2 Tím 2:23–24.

b LR Átrúnaður.

c LR Fyrirgefningu synda.

d LR Skirn, skíra.

e Matt 3:11.

f LR Gjóf heilags anda.

32a K&S 58:26–29.

33a LR Boðorð Guðs.

34a Post 4:34–35.

35a LR Skuld.

b Þ.E. til að greiða útgáfukostnað við fyrstu útgáfu Mormónsbókar.

c Okv 22:7.

36a Matt 19:29.

37a K&S 58:47; 68:8; 71:7.

b K&S 75:4.

38a Lúk 18:1; 2 Ne 32:9;

K&S 10:5.

b Okv 1:23; Post 2:17.

41a LR Auðmjúkur, auðmýkt.

b Matt 11:28–30.

upplýsingar, heldur benti okkur einnig nákvæmlega á þann dag, sem við, samkvæmt vilja hans og fyrirmælum, skyldum stofna kirkju hans aftur hér á jörðu.“

1–16, Mormónsbók sannar guðdómleika þessa síðari daga verks; 17–28, Kenningar um sköpunina, fallið, friðþæginguna og skírningu staðfestar; 29–37, Lögmál iðrunar, réttlætningar, helgunar og skírningar sett fram; 38–67, Skyldur öldunga, presta, kennara og djákna; 68–74, Skyldur kirkjumeðlima, blessun barna, og skírningaráferð opinberað; 75–84, Sakramentisbæturirnar og reglur um aðild að kirkjunni gefnar.

“UPPHAF ^bkirkju Krists á þessum síðustu dögum, sem er eitt þúsund átta hundruð og þrjátíu árum eftir komu Drottins vors og frelsara Jesú Krists í holdinu, og er hún formlega ^cskipulögð og stofnsett í samræmi við lög lands vors, að vilja og fyrirmælum Guðs, í fjórða mánuði og á sjötta degi þess mánaðar, sem nefnist apríl —

2 Þau fyrirmæli voru gefin Joseph Smith yngri, sem ^akallaður var af Guði og vígður ^bpostuli Jesú Krists, til að verða fyrsti ^cöldungur þessarar kirkju —

3 Og Oliver Cowdery, postula Jesú Krists, sem Guð einnig kallaði til að verða annar öldungur

þessarar kirkju og vígður er af hendi hans —

4 Og þetta samkvæmt náð Drottins vors og frelsara Jesú Krists, hans sé öll dýrðin, bæði nú og að eilífu. Amen.

5 Eftir að þessi fyrsti öldungur hafði fengið það sannlega staðfest, að syndir hans væru fyrirgefna, ^aflæktist hann enn í hégóma heimsins —

6 En eftir að hafa iðrast og auðmýkt sig einlæglega og í trú, veitti Guð honum þjónustu með heilögum ^aengli, en ^básýnd hans var sem leiftur og klæði hans svo hrein og hvít að öllu tók fram —

7 Og gaf honum fyrirmæli, sem veittu honum innblástur —

8 Og veitti honum kraft að ofan til að þýða Mormónsbók á þann ^ahátt, sem áður hafði verið undirbúinn —

9 En hún geymir frásagnir af fallinni þjóð og ^afyllingu ^bfagnaðarerindis Jesú Krists, til Þjóðanna og til Gyðinganna —

10 Hún var veitt með innblæstri og staðfest fyrir ^aöðrum með þjónustu engla, og er ^bboðuð heiminum af þeim —

20 1a JS — S 1:2.

b 3 Ne 27:1–8.

LR Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu; Kirkja, nafn hennar.

c K&S 21:3.

2a LR Köllun, kallaður af Guði;

Vald.

b LR Postuli.

c LR Öldungur.

5a JS — S 1:28–29.

6a JS — S 1:30–35.

LR Englar.

b Matt 28:2–3.

8a LR Úrim og Túmmím.

9a JS — S 1:34.

b LR Fagnaðarerindi.

10a Moró 7:29–32;

K&S 5:11.

b Sjá „Vitnisburður

þriggja vitna“ og

„Vitnisburður

átta vitna“ á

inngangssíðum

Mormónsbókar.

11 Og sannar heiminum, að hinar heilögu "ritningar eru sannar og að Guð ^binnblæs menn og kallar þá til sinna "heilögu starfa á þessari öld og með þessari kynslóð, jafnt og með kynslóðum til forna —

12 Og sýnir á þann hátt, að hann er hinn "sami Guð í gær, í dag og að eilífu. Amen.

13 Og þar sem heimurinn hefur svo stórfengleg vitni, skal hann af þeim dæmdur verða, já, allir þeir, sem héðan í frá öðlast þekkingu á verki þessu.

14 Og þeir, sem meðtaka það í trú og iðka "réttlæti, skulu hljóta ^bkórónu eilífs lífs —

15 En gegn þeim, sem herða hjörtu sín í "vantrú og hafna því, skal það snúast þeim sjálfum til fordæmingar —

16 Því að Drottinn Guð hefur talað það og við, öldungar kirkjunnar, höfum heyrt það og berum orðum hinnar dýrðlegu hátignar í upphæðum vitni, en hans sé dýrðin alltaf og að eilífu. Amen.

17 Af þessu "vitum við, að til er ^bGuð á himni, sem er takmarkalaus og eilífur, hinn sami óbreyt-anlegi Guð frá eilífð til eilífðar,

höfundur himins og jarðar og alls þess, sem í þeim er —

18 Og að hann "skapaði manninn, karl og konu, í sinni eigin ^bmynd og í eigin líkingu sinni skapaði hann þau —

19 Og gaf þeim boðorð, að þau skyldu "elska hann og ^bþjóna honum, hinum eina lifandi og sanna Guði, og að hann skyldi vera eina veran, sem þau "tilbæðu.

20 En með broti á þessum heilögu lögmálum varð maðurinn "munúðarfullur og ^bdjöfullegur, og varð "fallinn maður.

21 Fyrir því gaf hinn almáttugi Guð "eingetinn son sinn, eins og ritað er í þeim ritningum, sem hafa verið gefnar um hann.

22 Hann þoldi "freistingar, en sinni þeim engu.

23 Hann var "krossfestur, dó og ^breis aftur upp á þriðja degi —

24 Og "sté upp til himins og situr við hægri hönd ^bföðurins, og ríkir þar með almáttugu valdi, samkvæmt vilja föðurins —

25 Svo að allir þeir, sem "trúa munu og láta skirast í hans heilaga nafni og ^bstanda stöðugir í trú allt til enda, skuli hólpnir verða —

11a LR Ritningar — Gildi ritninganna.
 b LR Innblástur, guðleg andagift.
 c LR Helgur.
 12a Hebr 13:8;
 1 Ne 10:18–19;
 Morm 9:9–10;
 K&S 35:1; 38:1–4.
 14a LR Réttlátur, réttlæti.
 b LR Eilíft líf;
 Upphafning.
 15a LR Vantrú.
 17a K&S 76:22–23.

b Jós 2:11.
 LR Guð, guðdómur.
 18a LR Skapa, sköpun.
 b 1 Mós 1:26–27;
 Mósía 7:27;
 Et 3:14–17.
 19a 5 Mós 11:1; Matt 22:37;
 Moró 10:32;
 K&S 59:5–6.
 b 5 Mós 6:13–15.
 LR Þjónusta.
 c LR Tilbeiðsla.
 20a LR Munúðarfullur,
 munúð.

b LR Djöfull.
 c LR Hinn náttúrlegi maður.
 21a LR Eingetinn.
 22a Matt 4:1–11; 27:40.
 23a LR Krossfesting.
 b LR Upprisa.
 24a LR Uppstigningin.
 b LR Faðir á himnum;
 Guð, guðdómur —
 Guð faðirinn.
 25a K&S 35:2; 38:4; 45:5, 8;
 68:9; 76:51–53.
 b LR Standast.

26 Ekki aðeins þeir, sem trúa eftir að hann kom í holdinu á ^ahádegisbaugi tímans, heldur allir þeir frá upphafi, já, allir, sem lifðu áður en hann kom og trúðu á orð hinna ^bheilögu spámanna, sem töluðu eins og ^cgjöf heilags anda blés þeim í brjóst og sem sannlega báru honum ^dvitni í öllu, þeir skyldu eiga eilíft líf —

27 Sem og þeir, er á eftir kæmu, sem trúa myndu á ^agjafir og kallanir Guðs með heilögum anda, sem ^bber föðurnum og syninum vitni —

28 Þeim föður, syni og heilögum anda, sem eru ^aeinn Guð, takmarkalaus og eilífur, óendanlegur. Amen.

29 Og vér vitum, að allir menn verða að ^aiðrast og trúa á nafn Jesú Krists og tilbiðja föðurinn í hans nafni og standa stöðugir í ^btrú á nafn hans allt til enda, ella geta þeir eigi ^cfrelstast í Guðs ríki.

30 Og vér vitum, að ^aréttlæting fyrir ^bnáð Drottins vors og frelsara Jesú Krists er réttvís og sönn —

31 Og vér vitum einnig, að ^ahelgun fyrir náð Drottins vors og frelsara Jesú Krists er réttvís og sönn, til allra þeirra, sem elska og

þjóna Guði af öllum ^bmætti sínum, huga og styrk.

32 En mögulegt er að maðurinn ^afalli úr náðinni og víki burt frá lifanda Guði —

33 Lát því kirkjuna vera vel á verði og biðja stöðugt, svo að þeir falli ekki í ^afreistni —

34 Já, lát jafnvel þá, sem helgaðir eru, og vera á verði.

35 Og vér vitum, að þetta er sannleikur og í samræmi við opinberanir Jóhannesar, og ^aleggur hvorki við spádóma bókar hans, hinar heilögu ^britningar, né opinberanir Guðs, sem koma munu héðan í frá með gjöf og krafti heilags anda, ^crödd Guðs eða þjónustu engla, né tekur það burt úr þeim.

36 Og Drottinn Guð hefur talað það. Og heiður, vald og dýrð sé heilögu nafni hans, nú og ætíð. Amen.

37 *Og enn fremur, með boðorði til kirkjunnar varðandi skírnaaðferðina* — Allir þeir, sem auðmýkja sig fyrir Guði og þrá að láta ^askírast, sem koma með ^bsundurkramin hjörtu og sáriðrandi anda og vitna fyrir kirkjunni, að þeir hafi sannlega iðrast allra synda sinna og séu fúsir að taka á sig

26a K&S 39:1–3.

b Jakób 4:4; 7:11; Mósía 13:33.

c HDP Móse 5:58. LR Heilagur andi.

d LR Jesús Kristur — Spádómar um fæðingu og dauða Jesú Krists.

27a K&S 18:32.

b K&S 42:17.

28a Jón 17:20–22;

3 Ne 11:27, 36.

LR Guð, guðdómur.

29a LR Iðrast, iðrun.

b LR Átrúnaður.

c LR Endurlausnaráætlunin; Sáluhjálþ, hjálpraði.

30a LR Réttlæting, réttlæta.

b LR Náð.

31a LR Lausn frá synd.

b 5 Mós 6:5;

Moró 10:32.

32a LR Fráhvarf; Uppreisn.

33a LR Freista, freisting.

35a Op 22:18–19.

b LR Ritningar.

c K&S 18:33–36.

37a LR Skím, skíra.

b LR Sundurkramið hjarta.

“nafn Jesú Krists, ^dákveðnir í að þjóna honum allt til enda og sannlega sýna með ^everkum sínum, að þeir hafa meðtekið af anda Krists til ^ffyrirgefningar synda sinna, skulu teknir með skírn inn í kirkju hans.

38 *Skyldur öldunga, presta, kennara, djákna og meðlima kirkju Krists* — “Postuli er öldungur og það er köllun hans að ^bskíra —

39 Og að ^vvígja aðra öldunga, presta, kennara og djákna —

40 Og “þjónusta brauð og vín — tákn holds og blóðs Krists —

41 Og “staðfesta þá, sem eru skírðir inn í kirkjuna, með ^bhandayfirlagningu til skírnar með eldi og ^eheilögum anda, samkvæmt ritningunum —

42 Og kenna, útskýra, hvetja, skíra og vaka yfir kirkjunni —

43 Og staðfesta söfnuðinn með handayfirlagningu og veitingu heilags anda —

44 Og hafa forystu á öllum samkomum.

45 Öldungarnir eiga að ^astjórna samkomunum eins og heilagur andi leiðir þá, samkvæmt boðum og opinberunum Guðs.

46 Skylda ^aprestsins er að prédika, ^bkenna, útskýra, hvetja og skíra og þjónusta sakramentið —

47 Og vitja heimilis sérhvers meðlims og hvetja þá til að ^bbiðja upphátt og í leynum og rækja allar skyldur við ^ffjölskyldu sína.

48 Og hann má einnig ^vvígja aðra presta, kennara og djákna.

49 Og hann skal hafa forystu á samkomum, þegar enginn öldungur er viðstaddur —

50 En þegar öldungur er viðstaddur, skal hann aðeins prédika, kenna, útskýra, hvetja og skíra —

51 Og vitja heimila allra meðlima, hvetja þá til að biðja upphátt og í leynum og rækja allar skyldur við fjölskyldu sína.

52 Í öllum þessum skyldustörfum skal presturinn ^aaðstoða öldunginn, ef aðstæður krefja.

53 Skylda ^akennarans er að ^bvaka stöðugt yfir söfnuðinum, vera með honum og styrkja hann —

54 Og sjá um að hvorki tíðkist misgjörðir í kirkjunni, ^aharka í garð hver annars, lygi, rógburður, né ^billt umtal —

55 Og sjá um að söfnuðurinn komi oft saman og einnig sjá um að allir meðlimir gegni skyldum sínum.

56 Og hann skal hafa forystu á samkomum í fjarveru öldungs eða prests —

37 *c* Mósía 5:7–9; 18:8–10.
LR Jesús Kristur — Að taka á okkur nafn Jesú Krists.
d LR Standast.
e Jakbr 2:18.
LR Verk.
f LR Fyrirgefning synda.
38 *a* LR Postuli.
b 3 Ne 11:21–22.
39 *a* Moró 3;

K&S 107:58.
40 *a* LR Sakramenti.
41 *a* K&S 33:11, 14–15; 55:3.
b LR Handayfirlagning.
c LR Gjöf heilags anda.
45 *a* Moró 6:9;
K&S 46:2.
46 *a* K&S 84:111; 107:61.
LR Prestur,
Aronsprestðæmi.
b LR Kenna, kennari.

47 *a* 1 Tím 2:8.
b K&S 19:28.
c LR Fjölskylda.
48 *a* LR Vígja, vígsla.
52 *a* K&S 107:14.
53 *a* LR Kennari í Aronsprestðæminu.
b LR Vaka, vera á verði, verðir.
54 *a* 1 Þess 5:11–13.
b LR Illt umtal.

57 Og í öllum skyldustörfum sínum skal hann njóta aðstoðar “djáknanna, ef aðstæður krefja.

58 En hvorki kennarar né djáknar hafa vald til að skíra, þjónusta sakramentið eða leggja hendur yfir aðra —

59 Þeir eiga samt sem áður að aðvara, útskýra, hvetja og kenna og bjóða öllum að koma til Krists.

60 Sérhver “öldungur, prestur, kennari og djákni skal vígður í samræmi við gjafir og ^bkallanir Guðs honum til handa, og hann skal vígður með krafti heilags anda, sem er í þeim er vígir hann.

61 Hinir ýmsu öldungar, sem mynda þessa kirkju Krists, skulu koma saman til ráðstefnu á þriggja mánaða fresti, eða eins oft og ákveðið er eða tilgreint á umræddum ráðstefnum —

62 Og umræddar ráðstefnur skulu sinna öllum málum kirkjunnar eins og nauðsynlegt er á hverjum tíma.

63 Öldungarnir skulu hljóta embættisleyfi sín frá öðrum öldungum með “samþykkt þess safnaðar, sem þeir tilheyra, eða ráðstefnanna.

64 Sérhver prestur, kennari eða djákni, sem prestur vígir, getur fengið “vottorð hjá honum á þeim tíma, og hann á, þegar það vottorð er lagt fyrir öldung, rétt á embættisleyfi, sem veitir honum vald til

að framkvæma skyldur köllunar sinnar, eða hann getur fengið það frá ráðstefnu.

65 Enginn skal “vígður til nokkurs embættis í þessari kirkju, þar sem fyrir er formlega skipulögð grein hennar, án ^bsamþykktar þess safnaðar —

66 En ráðandi öldungar, farandbiskupar, háráðsmenn, háprestar og öldungar mega framkvæma vígslu, þar sem engin grein kirkjunnar er, sem leita megi samþykktar hjá.

67 Sérhver forseti hins háa prestdæmis (eða ráðandi öldungur), “biskup, háráðsmaður og ^bháprestur, skal vígður vera samkvæmt ákvörðun “háráðs eða aðalráðstefnu.

68 “*Skyldur kirkjumeðlima eftir að tekið er á móti þeim með skírn* — Öldungar eða prestar skulu gefa sér nægan tíma til að útskýra allt varðandi kirkju Krists, svo að þeir öðlist ^bskilning, áður en þeir meðtaka “sakramentið og hljóta staðfestingu með “handayfirlagningu öldunganna, þannig að regla sé á öllum hlutum.

69 Og kirkjumeðlimir skulu með guðlegri göngu og tali sýna kirkjunni og einnig öldungunum, að þeir séu verðugir þessa, að “verk og trú verði í samræmi við heilagar ritningar — og ^bgangi í heilagleika frammi fyrir Drottni.

57a LR Djákni.

60a LR Öldungur.

b LR Köllun, kallaður af Guði.

63a LR Almenn samþykkt.

64a K&S 20:84; 52:41.

65a LR Vígja, vígsla.

b K&S 26:2.

LR Almenn samþykkt.

67a LR Biskup.

b LR Háprestur.

c LR Háráð.

68a LR Skylda.

b LR Skilningur.

c LR Sakramenti.

d LR Handayfirlagning.

69a Jakbr 2:14–17.

b LR Heilagleiki.

70 Sérhver meðlimur kirkju Krists, sem á börn, skal leiða þau fyrir öldungana, og þeir skulu leggja hendur yfir þau í nafni Jesú Krists og ^a“blessa þau í hans nafni frammi fyrir söfnuðinum.

71 Engan má meðtaka í kirkju Krists, nema hann hafi náð ^a“ábyrgðaraldri gagnvart Guði og sé fær um að ^b“iðrast.

72 ^a“Skírni allra þeirra er iðrast skal framkvæmd á eftirfarandi hátt:

73 Sá, sem kallaður er af Guði og hefur vald frá Jesú Kristi til að skíra, skal stíga niður í vatnið ásamt honum eða henni, sem til skírinnar er kominn, nefna nafn hans eða hennar og segja: Með umboði frá Jesú Kristi, skíri ég þig í nafni föðurins, og sonarins, og hins heilaga anda. Amen.

74 Þá skal hann ^a“dýfa honum eða henni niður í vatnið og stíga síðan upp úr vatninu.

75 Æskilegt er að kirkjan komi oft saman til að ^a“meðtaka brauð og vín í ^b“minningu Drottins Jesú —

76 Og öldungur eða prestur skal þjónusta það, og á þennan hátt skal hann þjónusta það — hann skal krjúpa með söfnuðinum og ákalla föðurinn í hátíðlegri bæn og segja:

77 Ó Guð, eilífi faðir. Í nafni

sonar þíns, Jesú Krists, biðjum vér þig að blessa og helga þetta ^a“brauð fyrir sálir allra, er þess neyta; að þau neyti þess til minningar um líkama sonar þíns og ^b“vitni fyrir þér, ó Guð, eilífi faðir, að þau séu fús til að ^c“taka á sig nafn sonar þíns og hafa hann ávallt í huga og ^d“halda boðorð hans, sem hann hefur gefið þeim, svo að ^e“andi hans sé ætíð með þeim. Amen.

78 ^a“Hátturinn við þjónustu vinsins — hann skal einnig taka ^b“bikarinn og segja:

79 Ó Guð, eilífi faðir. Í nafni sonar þíns, Jesú Krists, biðjum vér þig að blessa og helga þetta ^a“vín fyrir sálir allra, er það drekka; að þau gjöri svo til minningar um blóð sonar þíns, sem úthellt var fyrir þau; að þau vitni fyrir þér, ó Guð, eilífi faðir, að þau hafi hann ávallt í huga, svo að andi hans sé með þeim. Amen.

80 Með mál sérhvers meðlims, sem brýtur af sér eða er sekur um yfirsjón, skal fara eins og ritningarnar segja til um.

81 Það skal vera skylda hinna ýmsu safnaða, sem mynda kirkju Krists, að senda einn eða fleiri af kennurum sínum til þeirra ýmsu ráðstefna, sem öldungar kirkjunnar halda —

70a LR Blessa, blessaður, blessun — Blessun barna.

71a K&S 18:42; 29:47; 68:25–27.
LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda; Skírni, skíra — Forsendur skírinnar.

b LR Iðrast, iðrun.

72a 3 Ne 11:22–28.

74a LR Skírni, skíra — Skírni með niðurdýfingu.

75a Post 20:7.

b LR Sakramenti.

76a Moró 4.

77a Lúk 22:19.

b Mósía 18:8–10;

K&S 20:37.

c Mósía 5:8–12.

d LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

e Jóh 14:16.

78a Moró 5.

b Lúk 22:20.

79a K&S 27:2–4.

82 Með lista yfir “nöfn þeirra ýmsu meðlima, sem gengið hafa í kirkjuna eftir að síðasta ráðstefna var haldin, eða senda hann með presti, svo að nákvæm skrá yfir öll nöfn í allri kirkjunni sé færð í bók af þeim öldungi, sem hinir öldungarnir tilnefna á hverjum tíma —

83 Og einnig, ef einhverjum hefur verið “vikið úr kirkjunni, svo að nöfn þeirra séu þurrkuð út af heildarnafnaskrá kirkjunnar.

84 Allir meðlimir, sem flytja úr þeim söfnuði, er þeir tilheyra, flytji þeir til safnaðar, sem ekki þekkir til þeirra, geta tekið með sér bréf, sem vottar að þeir séu traustir meðlimir og í góðu álitu. Þetta vottorð má öldungur eða prestur undirrita, ef meðlimurinn, sem vottorðið fær, er persónulega kunnugur öldunginum eða prestinum. Eins geta kennarar eða djáknar kirkjunnar undirritað það.

21. KAFLI

Opinberun gefin spámanningnum Joseph Smith í Fayette, New York, 6. apríl 1830. Þessi opinberun var gefin við stofnun kirkjunnar á fyrrgreindum degi á heimili Peters Whitmer eldri. Sex menn, sem áður höfðu verið skírðir, tóku þátt í þessu. Þeir létu samhljóða þá ósk og ákvörðun í ljós, að stofna kirkjuna í samræmi við fyrirmæli Guðs (sjá kafla 20). Þeir samþykktu einnig og studdu Joseph Smith yngri og Oliver Cowdery sem ráðandi embættismenn kirkjunnar. Með handayfirlagningu vígði Joseph Oliver síðan til öldungs kirkjunnar, og Oliver vígði Joseph á sama hátt. Eftir veitingu sakramentisins lögðu Joseph og Oliver hendur yfir viðstadda, hvorn fyrir sig, til veitingar heilags anda og til staðfestingar hvers þeirra sem meðlims kirkjunnar.

1–3, Joseph Smith er kallaður til að vera sjáandi, þýðandi, spámaður, postuli og öldungur; 4–8, Orð hans mun leiða málstað Síonar; 9–12, Hinir heilögu munu trúá orðum hans, eins og hann mælir þau með huggaranum.

SJÁ, “heimildaskrá skal haldin meðal yðar, og í henni verður þú nefndur ^bsjáandi, þýðandi,

spámaður, ‘postuli Jesú Krists og öldungur kirkjunnar fyrir vilja Guðs föðurins og náð Drottins yðar Jesú Krists —

2 “Innblásinn af heilögum anda til að leggja grundvöll hennar og byggja hana upp til hinnar helgustu trúar —

3 Þá “kirkju, sem ^bskipulögð var og stofnuð á því herrans ári átján

82a Moró 6:4.

83a 2 Mós 32:33;

Al 5:57;

Moró 6:7.

LR Brottvikning.

21 1a K&S 47:1; 69:3–8; 85:1.

b LR Sjáandi.

c LR Postuli.

2a LR Innblástur, guðleg andagift.

3a LR Kirkja Jesú Krists

hinna Síðari daga

heilögu.

b K&S 20:1.

hundruð og þrjátíu, í fjórða mánuði og á sjötta degi þess mánaðar, sem nefndur er apríl.

4 Þess vegna skuluð þér, það er kirkjan, gefa gaum að öllum ^aorðum hans og fyriræmum, sem hann gefur yður þegar hann meðtekur þau, gangandi í fullum ^bheilagleika frammi fyrir mér —

5 Því að hans ^aorði skuluð þér taka á móti með fullkominni þolinmæði og trú, sem kæmi það af mínum eigin munni.

6 Því að gjörð þér það, munu ^ahlið heljar eigi á yður sigrast. Já, og Drottinn Guð mun dreifa valdi ^bmyrkursins frá yður og láta himnana ^cbifast yður til góðs og nafni sínu til ^ddýrðar.

7 Því að svo segir Drottinn Guð: Hann hef ég innblásið til að flytja málstað ^aSíonar með máttugum krafti til góðs, og kostgæfni hans þekki ég og bænir hans hef ég heyrð.

8 Já, grát hans yfir Síon hef ég séð og ég mun ekki láta hann gráta hana lengur, því að fagnaðardagar

hans eru upp runnir, því að syndir hans eru honum ^afyrirgefna og blessun mín hvílir á verkum hans.

9 Því að sjá, ég mun ^ablessa alla þá sem erfiða í ^bvíngarði mínum máttugri blessun, og þeir skulu trú á orð hans, sem ég gef honum með ^chuggaranum, sem ^dvitnar að Jesús var ^ekrossfestur af ^fsyndugum mönnum vegna synda ^gheimsins, já, til fyrirgefningar synda hins ^hsáriðrandi hjarta.

10 Þess vegna er það mér þóknanlegt, að þú, Oliver Cowdery postuli minn, ^avígir hann —

11 Þetta er helgiathöfn fyrir þig, að þú sért öldungur undir hans stjórn, þar sem hann er ^aframar þér, og að þú megir vera öldungur þessarar kirkju Krists, sem ber nafn mitt —

12 Og fyrsti prédikari þessarar kirkju, fyrir kirkjuna og frammi fyrir heiminum, já, og frammi fyrir Þjóðunum. Já, og svo mælir Drottinn Guð, heyr og tak eftir!, einnig til ^aGyðinganna. Amen.

22. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith í Manchester, New York, 16. apríl 1830. Þessi opinberun var gefin kirkjunni vegna

4a LR Ritningar.
b LR Heilagleiki.

5a K&S 1:38.
LR Spámaður;
Stuðningur við
kirkjuleiðtoga.

6a Matt 16:18;
K&S 10:69.

b Kól 1:12–13.
c K&S 35:24.

d LR Dýrð.
7a LR Síon.
8a K&S 20:5–6.
9a 1 Ne 13:37;
Jakob 5:70–76.

b LR Víngarður Drottins.

c LR Huggari.
d LR Vitna, bera vitni.

e LR Krossfesting.
f LR Synd.

g 1 Jóh 2:2.
LR Heimur — Fólk sem
ekki heldur boðorð
Guðs.

h LR Sundurkramið
hjarta.

10a LR Vígja, vígsla.

11a K&S 20:2.
12a 1 Ne 13:42;
K&S 19:27; 90:8–9.

nokkurra, sem áður höfðu verið skírðir og óskuðu að sameinast kirkjunni án endurskírnar.

1, Skírn er nýr og ævarandi sáttmáli;
2–4, Krafist er fullgildrar skírnar.

SJÁ, ég segi yður, að alla „gamla sáttmála hef ég að engu gjört í þessu máli, og þetta er ^bnýr og ævarandi sáttmáli, einmitt sá sem var frá upphafi.

2 Þó að maðurinn þess vegna væri skírður hundrað sinnum, gagnaði það honum ekkert, því að

þér getið ekki gengið inn um hið þrönga hlið eftir „lög máli Móse, né eftir ^bdauðum verkum yðar.

3 Því að það er vegna dauðra verka yðar, að ég hef látið reisa mér þennan síðasta sáttmála og þessa kirkju, alveg eins og til forna.

4 Gangið því inn um „hliðið, eins og ég hef boðið, og ^bleitist ekki við að gefa Guði yðar ráð. Amen.

23. KAFLI

Röð fimm opinberana gefnar með spámanninum Joseph Smith í Manchester, New York, í apríl 1830, til Olivers Cowdery, Hyrums Smith, Samuels H. Smith, Josephs Smith eldri og Josephs Knight eldri. Vegna einlægra óska þessara fimm manna um að þekkja viðkomandi skyldur sínar leitaði spámaðurinn til Drottins og meðtók opinberun fyrir hvern þeirra.

1–7, Þessir fyrstu lærisveinar eru kallaðir til að prédika, hvetja og styrkja kirkjuna.

SJÁ, ég mæli nokkur orð til þín, Oliver. Sjá, þú ert blessaður og á þér hvílir engin fordæming. En gæt þín á „ofurdrambi, svo að þú fallir ekki í ^bfreistni.

2 Kunngjör kirkjunni köllun þína og einnig heiminum, og þá mun hjarta þitt opnast til boðunar sannleikans héðan í frá og að eilífu. Amen.

3 Sjá, ég mæli nokkur orð til þín, Hyrum, því að á þér hvílir heldur engin fordæming og hjarta þitt er opið og tunga þín frjál. Og köllun þín er að hvetja og „styrkja kirkjuna stöðugt. Þess vegna varir skylda þín við kirkjuna að eilífu og það vegna fjölskyldu þinnar. Amen.

4 Sjá, ég mæli nokkur orð til þín, „Samúel, því að á þér hvílir heldur engin fordæming og köllun þín er að hvetja og styrkja kirkjuna, en enn ert þú ekki kallaður

22 1a Hebr 8:13;
3 Ne 12:46–47.

b K&S 66:2.

LR Nýr og ævarandi sáttmáli; Sáttmáli.

2a Gal 2:16.

LR Móselögmál.

b Moró 8:23–26.

4a Matt 7:13–14;

Lúk 13:24;

2 Ne 9:41; 31:9, 17–18;

3 Ne 14:13–14.

LR Skírn, skíra.

b Jakob 4:10.

23 1a LR Drambsemi.

b LR Freista, freisting.

3a K&S 81:4–5; 108:7.

4a JS — S 1:4.

til að prédika fyrir heiminum. Amen.

5 Sjá, ég mæli nokkur orð til þín, Joseph, því að á þér hvílir heldur engin fordæming, og köllun þín er einnig að hvetja, og styrkja kirkjuna og það er skylda þín héðan í frá og að eilífu. Amen.

6 Sjá, með þessum orðum gjöri ég þér, Joseph Knight, kunnugt,

að þú verður að taka upp ^akross þinn, og þar með ^bbiðja ^cupphátt, jafnt frammi fyrir heiminum sem í leyfum, meðal fjölskyldu þinnar og vina þinna og á öllum stöðum.

7 Og sjá, skylda þín er að ^asam-einast hinni sönnu kirkju og nota tungu þína til stöðugra hvatninga, svo að þú megir hljóta laun verkamannsins. Amen.

24. KAFLI

Opinberun gefin spámanningnum Joseph Smith og Oliver Cowdery í Harmony, Pennsylvaníu, í júlí 1830. Þó að aðeins væru liðnir tæpir fjórir mánuðir frá því kirkjan var stofnuð, voru ofsóknirnar orðnar mjög harðar og leiðtogarnir urðu að leita öryggis í nokkurs konar einangrun. Þrjár eftirfarandi opinberanir voru gefnar á þessum tíma til að styrkja þá og hvetja og leiðbeina þeim.

1–9, Joseph Smith er kallaður til að þýða, prédika og skýra ritningarnar; 10–12, Oliver Cowdery er kallaður til að prédika fagnaðarerindið; 13–19, Lögmál er opinberað varðandi kraftaverk, bölvun, að hrista rykið af fótum sér og ferðast án pyngju og mals.

SJÁ, þú varst kallaður og útvalinn til að rita Mormónsbók og til helgrar þjónustu minnar, og ég hef lyft þér upp úr þrengingum þínum og gefið þér ráðleggingar, svo að þú hefur komist undan öllum óvinum þínum og losnað undan valdi Satans og úr myrkrinu!

2 Þrátt fyrir það hefur þú enga

afsökun fyrir ^abrotum þínum. Far samt leiðar þinnar og syndga eigi frammar.

3 ^aEfldu embætti þitt, og eftir að þú hefur sáð í akra þína og tryggt þá, far þú í skyndi til kirkjunnar í ^bColesville, Fayette og Manchester, og þeir munu sjá þér ^cfarborða og ég mun blessa þá bæði andlega og stundlega —

4 En veiti þeir þér ekki viðtöku, mun ég senda yfir þá bölvun í stað blessunar.

5 Og þú skalt halda áfram að ákalla Guð í mínu nafni og skrifa það, sem ^ahuggarinn gefur þér, og útskýra allar ritningar fyrir kirkjunni.

6a Matt 10:38;
3 Ne 12:30.
b LR Bæn.
c K&S 20:47, 51.

7a LR Skírn, skíra —
Nauðsynleg.
24 2a K&S 1:31–32.
3a Jakob 1:19; 2:2.

b K&S 26:1; 37:2.
c K&S 70:12.
5a LR Huggari.

6 Og þér skal gefið á sömu stundu hvað ^asegja skal og skrifa, og þeir skulu hlýða á, ella mun ég senda þeim bölvun í stað blessunar.

7 Því að þú skalt helga Síon alla ^aþjónustu þína, og við það skalt þú öðlast styrk.

8 Ver ^aþolinmóður í þeim mörgu ^bþrengingum, sem þú munt þola, og ^cumber þær, því að tak eftir, ég er með þér allt til ^aæviloka þinna.

9 En í stundlegu erfiði munt þú engan styrk hafa, því að það er ekki köllun þín. Sinn þú ^aköllun þinni og þú skalt hafa það sem til þarf til að efla embætti þitt og útskýra allar ritningar og halda áfram að leggja hendur yfir söfnuðina og staðfesta þá.

10 Og bróðir þinn, Oliver, skal halda áfram að bera heiminum og einnig kirkjunni nafn mitt. Og hann skal ekki álíta að hann fái sagt nóg fyrir málstað minn. Og tak eftir, ég er með honum allt til enda.

11 Í mér skal hann finna dýrð, en ekki í sjálfum sér, hvort heldur er í veikleika eða styrk, í fjötrum eða frelsi —

12 Og öllum stundum og á öllum stöðum skal hann ljúka upp munni sínum og ^aboða fagnaðarerindi

mitt, sem með ^blúðurhljómi, bæði dag og nótt. Og ég mun veita honum þvítíkan styrk, sem mennirnir hafa ekki áður kynnst.

13 Biðjið ekki um ^akraftaverk, nema ég ^bbjóði svo, utan þess að ^ckasta út ^adjöflum, ^elækna sjúka og gegn ^ffeitruðum nöðrum og gegn banvænu eitri —

14 Og ^aþetta skuluð þér ekki gjöra nema þeir, sem þrá það, beiðist þess, svo að ritningarnar megi uppfyllast. Því að þér skuluð fara eftir því, sem skrifað stendur.

15 Og á hverjum þeim stað, sem þér ^akomið á, og ekki er tekið á móti yður í mínu nafni, skuluð þér skilja eftir bölvun í stað blessunar með því að hrista ^bduftið af fótum yðar sem vitnisburð gegn þeim og hreinsa fætur yðar á vegarbrúninni.

16 Og beri svo við, að einhver leggi með ofbeldi hendur á yður, þá skuluð þér í mínu nafni bjóða að hann verði lostinn. Og sjá, ég mun ljósta hann samkvæmt orðum yðar, þegar mér þóknast.

17 Og hver sem dregur yður fyrir lög skal dæmdur verða að lögum.

18 Og þér skuluð hvorki taka

6a 2 Mós 4:12;
Matt 10:19–20;
Lúk 12:11–12;
He 5:18–19;
K&S 84:85; 100:5–8;
HDP Móse 6:32.

7a LR Þjónusta.
8a LR Þolinmæði, þolgæði.
b LR Andstreymi.
c LR Standast.

d Matt 28:20.
9a LR Ráðsmaður,
ráðsmennska.
12a LR Prédika.
b K&S 34:6.
13a LR Kraftaverk;
Tákn.
b 1 Ne 17:50.
c Mark 16:17.
d LR Andi — Illir andar.

e LR Lækna, lækningar.
f Post 28:3–9;
K&S 84:71–72;
124:98–99.
14a LR Þjónusta við sjúka.
15a Matt 10:11–15.
b Mark 6:11;
Lúk 10:11;
K&S 60:15; 75:19–22;
99:4–5.

“pyngju né mal, hvorki staf né tvær yfirhafnir, því að kirkjan skal gefa yður fæði og klæði, skó, fé og mal, einmitt á þeirri stundu, sem þér þarfnist þess.

19 Því að þér eruð kallaðir til að

“sniðla víngarð minn með máttugum sniðli, já, í síðasta sinn. Já, og einnig allir þeir, sem þér hafið ^bvígt, og þeir skulu einmitt fylgja þessari aðferð. Amen.

25. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Harmony, Pennsylvaníu, í júlí 1830 (sjá formála að kafla 24). Þessi opinberun birtir Emmu Smith, eiginkonu spámannsins, vilja Drottins.

1–6, Emma Smith, kjörin kona, er kölluð til að aðstoða og hughreysta eiginmann sinn; 7–11, Hún er einnig kölluð til að skrifa, til að útskýra ritningar og til að safna sálum; 12–14, Söngur hinna réttlátu er bæn til Drottins; 15–16, Reglur um hlýðni í þessari opinberun eru til allra.

HLÝÐ þú á rödd Drottins Guðs þíns meðan ég tala til þín, Emma Smith, dóttir mín. Því að sannlega segi ég þér, að allir þeir sem ^ameðtaka fagnaðarerindi mitt, eru synir og dætur í ^bríki mínu.

2 Opinberun gef ég þér varðandi vilja minn, og sért þú staðföst og ^agangir á vegi ^bdyggðarinnar frammi fyrir mér, mun ég varðveita líf þitt og þú skalt hljóta ^carf í Síon.

3 Sjá, ^asyndir þínar eru þér

fyrirgefna, og þú ert kjörin kona, sem ég hef ^bkallað.

4 Kvarða ekki vegna þess, sem þú hefur ekki séð, því að um tíma er það hulið þér og heiminum, samkvæmt visku minni.

5 Og embætti köllunar þinnar er að vera þjóni mínum, Joseph Smith yngri, eiginmanni þínum, ^ahuggun í þrengingum hans, með hughreystingarorðum, í hógværum anda.

6 Og þú skalt fara með honum þegar hann fer og vera ritari hans þegar enginn annar ritari er fyrir hendi, svo að ég geti sent þjón minn, Oliver Cowdery, hvert sem mér hentar.

7 Og af hans hendi skalt þú ^avígð til að útskýra ritningar og hvetja kirkjuna, eins og andi minn segir þér.

18a Matt 10:9–10;

Lúk 10:4;

K&S 84:78–79.

19a Jakob 5:61–74;

K&S 39:17; 71:4.

b LR Vígja, vígsla.

25 1a Jóh 1:12.

LR Synir og

dætur Guðs.

b LR Ríki Guðs eða ríki himna.

2a LR Ganga, ganga með Guði.

b LR Dyggð.

c K&S 52:42; 64:30;

101:18.

LR Síon.

3a Matt 9:2.

b LR Köllun, kallaður af Guði.

5a LR Samúð, meðaumkun.

7a EDA Setja í embætti.

LR Setning í embætti.

8 Því að hann skal leggja ^ahendur yfir þig og þú skalt meðtaka heilagan anda, og þú skalt nýta tíma þinn til skrifta og mikils lærdóms.

9 Og þú þarft ekki að óttast, því að eiginmaður þinn mun styðja þig í kirkjunni. Því að fyrir hana er ^aköllun hans, svo að allt, sem ég vil, megi ^bopinberað þeim, í samræmi við trú þeirra.

10 Og sannlega segi ég þér, að þú skalt leggja til hliðar ^aþað, sem þessa ^bheims er, og ^cleita þess, sem betra er.

11 Og þér skal einnig falið val á heilögum ^asálmum, sem mér er þóknanlegt að hafa í kirkju minni, eins og það verður gefið þér.

12 Því að sál mín hefur unun af

^asöng ^bhjartans, já, söngur hinna réttlátu er bæn til mín, og henni mun svarað með blessun yfir höfuð þeirra.

13 Lyft því upp hjarta þínu og fagna og hald fast við þá sáttmála, sem þú hefur gjört.

14 Hald áfram í ^ahógværð og gæt þín á ^bofurdrambi. Lát sálu þína gleðjast yfir eiginmanni þínum og þeirri dýrð, sem yfir hann mun koma.

15 Hald ávallt boðorð mín, og þú munt hljóta ^akórónu ^bréttlætisins. En gjörir þú það ei, ^ckemst þú ekki þangað, sem ég er.

16 Og sannlega, sannlega segi ég þér, að þetta er ^arödd mín til allra. Amen.

26. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith, Oliver Cowdery og John Whitmer í Harmony, Pennsylvaníu, í júlí 1830 (sjá formála að kafla 24).

1, *Þeim er sagt að nema ritningarnar og prédika; 2, Lögmál almennrar samþykktar staðfest.*

SJÁ, ég segi yður, að þér skuluð helga tíma yðar því að ^anema ritningarnar, og prédika og styrkja kirkjuna í ^bColesville, og yrkja

land yðar eins og með þarf, þar til þér farið vestur til að halda næstu ráðstefnu. Og þá mun yður sagt hvað gjöra skal.

2 Og allt skal gjört með ^aalmennri samþykkt í kirkjunni, með heitum bænum og trú, því að allt skuluð þér meðtaka í trú. Amen.

8a LR Handayfirlagning.

9a LR Köllun, kallaður af Guði;

Spámaður.

b LR Opinberun;

Spádómur, spá.

10a LR Auðugur, auður;

Ágirnd.

b LR Veraldarhyggja.

c Et 12:4.

11a LR Lofsöngur.

12a 1 Kro 16:9.

LR Syngja.

b LR Hjarta.

14a LR Hógvær, hógværð.

b LR Drambsemi.

15a LR Kóróna;

Upphafning.

b LR Réttlátur, réttlæti.

c Jóh 7:34.

16a K&S 1:38.

26 1a LR Ritningar — Gildi ritninganna.

b K&S 24:3; 37:2.

2a 1 Sam 8:7;

Mósía 29:26.

LR Almenn samþykkt.

27. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith í Harmony, Pennsylvaníu, í ágúst 1830. Vegna undirbúnings guðsþjónustu, þar sem sakramenti brauðs og víns skyldi veitt, fór Joseph til að útvega vín. Þá mætti hann hinneskum sendiboða og fékk þessa opinberun. Var hluti hennar skrifaður á þeirri stundu, en það sem eftir var í september sama ár. Vatn er nú notað í stað víns á sakramentissamkomum kirkjunnar.

1–4, Tákinn, sem notuð skulu við sakramentið, gefin; 5–14, Kristur og þjónar hans frá öllum ráðstöfunartímum eiga að meðtaka sakramentið; 15–18, Íklæðist alvæpni Guðs.

HLÝÐ á rödd Jesú Krists, Drottins þíns, Guðs þíns og lausnara, en orð hans er „lifandi og kröftugt.

2 Því að sjá, ég segi þér, að það skiptir engu hvað þér etið eða drekkið, þegar þér meðtakið „sakramentið, ef þér aðeins gjörið það með einbeittu augli á ^bdýrð mína — og minnst fyrir föðurnum líkama míns, sem lagður var í söluurnar fyrir yður, og ^cblóðs míns, sem úthellt var til „fyrirgefningar synda yðar.

3 Þess vegna gef ég yður þau fyrirermæli, að þér skuluð ekki kaupa vín né sterka drykki af óvinum yðar —

4 Þér skuluð þess vegna ekki neyta víns, nema það sé nýlagað af yður sjálfum, já, í þessu ríki föður míns, sem reist skal á jörðu.

5 Sjá, þetta er viska mín, undrist ei, því að stundin kemur, er ég mun „drekka af ávexti vínviðarins með yður á jörðu og með ^bMoróní, sem ég hef sent yður til að opinbera Mormónsbók, er geymir fyllingu hins ævarandi fagnaðarerendis míns, en honum hef ég falið lyklna að heimildunum á „staf Efraíms —

6 Og einnig með „Elíasi, sem ég hef falið lyklna að endurreisn allra hluta, sem talað hefur verið um fyrir munn allra hinna heilögu spámanna frá upphafi veraldar, varðandi hina síðustu daga —

7 Og einnig Jóhannesi syni Sakaríá, þess Sakaríá, sem hann („Elías) vitjaði og gaf loforð um, að hann skyldi eignast son, og nafn hans skyldi vera ^bJóhannes og hann skyldi fyllast anda Elíasar —

8 Þann Jóhannes, sem ég hef sent yður, þjónar mínir, Joseph Smith yngri og Oliver Cowdery, til að vígja yður hinu fyrra

27 1a He 3:29;

K&S 6:2.

2a LR Sakramenti.

b LR Dýrð.

c LR Blóð.

d LR Fyrirgefning synda.

5a Matt 26:29;

Mark 14:25;

Lúk 22:18.

b JS — S 1:30–34.

c Esek 37:16.

LR Efraím — Stafur

Efraíms eða Jósefs.

6a LR Elías.

7a Lúk 1:17–19.

b Lúk 1:13;

K&S 84:27–28.

“prestdæmi, sem þér hafið með-
tekið, svo að kalla mætti yður og
^bvígja, rétt eins og ^cAron —

9 Og einnig ^aElía, sem ég hef
falið lyklna að því valdi að ^bsnúa
hjörtum feðranna til barnanna og
hjörtum barnanna til feðranna,
svo að öll jörðin verði ekki lostin
banni —

10 Og einnig með Jósef og Jakob
og Ísak og Abraham, feðrum yðar,
en með þeim eru ^afyrirheitin —

11 Og einnig með Míkael, eða
^aAdam, föður allra, höfðingja allra,
hinum aldna daganna —

12 Og einnig með Pétri og Jakob
og Jóhannesi, sem ég hef sent yður,
og með þeim hef ég ^avígt yður og
staðfest til að vera ^bpostula og sér-
stök ^cvitni nafni mínu, og halda
lyklum helgrar þjónustu yðar og
þess sama, sem ég hef opinberað
þeim —

13 En þeim hef ég ^afalið ^blykla
ríkis míns og ^cráðstöfun ^dfagnaðar-
erindisins fyrir ^esíðustu tímana, og
fyrir ^fyllingu tímana, en þá mun
ég safna öllu saman í ^geitt, bæði
því sem er á himni og á jörðu —

14 Og einnig með öllum þeim,
sem faðir minn hefur ^agefið mér
úr heiminum.

15 Lyftið þess vegna hjörtum
yðar og fagnið, girðið lendar yðar
og klæðist ^aalvæpni mínu, svo
að þér fáið staðist hinn illa dag,
eftir að hafa gjört allt til að fá
^bstaðist.

16 Standið þess vegna með
lendar yðar ^agirtar ^bsannleik-
anum, klæddir ^cbrynju ^dréttlæt-
isins og með fætur yðar skóaða
undirbúningi ^efriðarboðskaparins,
sem ég hef sent ^fengla mína til að
fela yður —

17 Og berið skjöld trúarinnar,
en með honum getið þér að
engu gjört ^aglóandi örvar hinna
ranglátu —

18 Og takið hjálm sáluhjálpar-
innar og sverð anda míns, sem ég
mun úthella yfir yður, og orð mitt,
sem ég opinbera yður, og verið
einhuga varðandi allt, sem þér
biðjið mig um, og staðfastir þar
til ég kem, og þér verðið ^ahrifnir
upp, að þar sem ég er skuluð þér
^bog vera. Amen.

8a K&S 13.

LR Aronsprestæmið.

b LR Vígja, vígsla.

c 2 Mós 28:1–3, 41;

K&S 107:13.

9a 1 Kon 17:1–22;

2 Kon 1–2;

K&S 2; 110:13–16;

JS — S 1:38–39.

LR Elía.

b LR Ættfræði.

10a LR Sáttmáli Abrahams.

11a LR Adam.

12a JS — S 1:72.

LR Melkisédeksprest-
dæmi.

b LR Postuli.

c Post 1:8.

13a Matt 16:19.

b LR Lyklar

prestdæmisins.

c LR Ráðstöfunartími.

d LR Fagnaðarerindi.

e Jakob 5:71;

K&S 43:28–30.

f Ef 1:9–10;

K&S 112:30; 124:41.

g K&S 84:100.

14a Jóh 6:37; 17:9, 11;

3 Ne 15:24;

K&S 50:41–42; 84:63.

15a Róm 13:12;

Ef 6:11–18.

b Mal 3:2;

K&S 87:8.

16a Jes 11:5.

b LR Sannleikur.

c Jes 59:17.

d LR Réttlátur, réttlæti.

e 2 Ne 19:6.

f K&S 128:19–21.

17a 1 Ne 15:24;

K&S 3:8.

18a 1 Ne 13:37;

K&S 17:8.

b Jóh 14:3.

28. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Olivers Cowdery, í Fayette, New York, í september 1830. Hiram Page, meðlimur kirkjunnar, átti ákveðinn stein og taldi sig fá opinberanir með hans hjálp varðandi uppbyggingu Síonar og fyrirkomulag kirkjunnar. Nokkrir meðlimir höfðu látið blekkjast vegna þessarar fullyrðingar og jafnvel Oliver Cowdery varð ranglega fyrir áhrifum þar af. Stuttu fyrir boðaða ráðstefnu leitaði spámaðurinn einlæglega til Drottins varðandi málið og þessi opinberun fylgdi.

1–7, *Joseph Smith heldur lyklum að leyndardómunum, og aðeins hann fær opinberanir fyrir kirkjuna; 8–10, Oliver Cowdery skal prédika fyrir Lamanítum; 11–16, Satan blekkti Hiram Page og veitti honum falskar opinberanir.*

SJÁ, ég segi þér, “Oliver, að þér mun gefast það, að kirkjan hlýði á allt, sem þú ^bkennir henni með ‘huggaranum, varðandi opinberanir og boðorð þau, sem ég hef gefið.

2 En sjá, sannlega, sannlega segi ég þér, að “enginn skal útnefndur til að meðtaka boð og opinberanir í þessari kirkju, nema þjónn minn ^bJoseph Smith yngri, því að hann meðtekur það, rétt eins og Móse.

3 Og þú skalt hlýðinn því, sem ég mun gefa honum, alveg eins og “Aron, og boða kirkjunni af trúmennsku, með krafti og ^bvaldi, boðorðin og opinberanirnar.

4 Og hvenær sem huggarinn

leiðir þig til að “tala eða kenna, eða alltaf þegar kirkjunni er boðið það, mátt þú gjöra það.

5 En þú skalt ekki skrifa bjóðandi, heldur af visku —

6 Og þú skalt ekki segja honum fyrir verkum, sem yfir þig og kirkjuna er settur —

7 Því að ég hef gefið honum “lykla þeirra ^bleyndardóma og opinberana, sem innsigliuð eru, þar til ég útnefni þeim annan í hans stað.

8 Og sjá, nú segi ég þér að fara til “Lamanítanna og prédika ^bfagnaðarerindi mitt meðal þeirra. Og meðtaki þeir kenningar þínar skalt þú stofna kirkju mína þeirra á meðal; og þú munt hljóta opinberanir, en ekki skrifa þær niður sem boðorð.

9 Og sjá nú, ég segi þér, að það hefur ekki verið opinberað og enginn maður veit hvar “borgin ^bSíon skal reist, en það mun gefið síðar. Sjá, ég segi þér, að

28 1a K&S 20:3.

b LR Kenna, kennari — Kennsla með andanum.

c LR Huggari.

2a K&S 35:17–18; 43:4.

b 2 Ne 3:14–20.

LR Joseph Smith yngri.

3a LR Aron, bróðir Móse.

b LR Vald.

4a 2 Mós 4:12–16;

K&S 24:5–6.

7a K&S 64:5; 84:19.

b LR Leyndardómar

Guðs.

8a 2 Ne 3:18–22;

K&S 30:5–6; 32:1–3.

b K&S 3:19–20.

9a K&S 57:1–3.

b K&S 52:42–43.

LR Síon.

það mun verða við landamörk Lamaníta.

10 Þú skalt ekki yfirgefa þennan stað fyrir en eftir ráðstefnuna, og þjónn minn Joseph skal með rödd hennar tilnefndur í forsæti hennar, og því, sem hann segir þér, skalt þú skýra frá.

11 Og enn fremur skalt þú taka bróður þinn, Hiram Page, og segja honum í “einrúmi, að það, sem hann hefur skrifað eftir þessum steini, sé ekki frá mér komið og að ^bSatan ^cblekki hann —

12 Því að sjá, honum hefur ekki verið útnefnt þetta, og ekki skal heldur nokkrum í kirkjunni

útnefnt það, sem er í mótsögn við sáttmála hennar.

13 Því að allt verður að gjörast með reglu og með “almennri samþykkt kirkjunnar og með trúarbæn.

14 Og þú skalt aðstoða við að jafna allt þetta í samræmi við sáttmála kirkjunnar, áður en þú leggur upp í ferð þína til Lamaníta.

15 Og frá þeim tíma er þú leggur af stað og til þess tíma er þú snýrð aftur, mun þér “gefið hvað gjöra skal.

16 Og öllum stundum skalt þú ljúka upp munni þínum og boða fagnaðarerindi mitt með gleði-hljómi. Amen.

29. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith, að viðstöddum sex öldungum, í Fayette, New York, í september 1830. Þessi opinberun var gefin nokkrum dögum fyrir ráðstefnuna, sem hófst 26. september 1830.

1–8, Kristur safnar saman sínum kjörnu; 9–11, Við komu hans hefst Þúsund ára ríkið; 12–13, Hinir tólf munu dæma alla Ísraelsþjóð; 14–21, Tákn, plágur og eyðing verður undanfari síðari komunnar; 22–28, Síðasta upprisan og lokadómurinn fylgja í kjölfar Þúsund ára ríkisins; 29–35, Allt er andlegt fyrir Drottni; 36–39, Djöflinum og herskörum hans var varpað frá himni til að freista mannsins; 40–45, Fallið og friðþægingin

færir sáluhjálp; 46–50, Lítil börn eru endurleyst fyrir friðþæginguna.

HLÝÐIÐ á rödd Jesú Krists, lausnara yðar, hins mikla “ÉG ER, en ^bmiskunnssamur armur hans hefur “friðþægt fyrir syndir yðar —

2 Sem “safna mun fólki sínu saman, líkt og þegar hæna safnar ungum sínum undir vængi sér, já, öllum þeim, sem hlýða vilja rödd minni og ^bauðmýkja

11a Matt 18:15.

b Op 20:10.

c K&S 43:5–7.

13a LR Almenn samþykkt.

15a 2 Ne 32:3, 5.

29 1a LR ÉG ER.

b LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

c LR Friðþægja, friðþæging.

2a Matt 23:37;

3 Ne 10:4–6.

b LR Auðmjúkur, auðmýkt.

sig fyrir mér og ákalla mig í máttugri bæn.

3 Sjá, sannlega, sannlega segi ég yður, að á þessari stundu eru syndir yðar “fyrirgefna; þess vegna móttakið þér þetta. En hafið hugfast að syndga ei framar, svo að ólán hendi yður ekki.

4 Sannlega segi ég yður, að þér eruð útvaldir úr heiminum til að boða fagnaðarerindi mitt með gleðiröddu, sem með “lúðurhljómi.

5 Lyftið hjörtum yðar og gleðjist, því að ég er “mitt á meðal yðar og er ^bmálsvari yðar hjá föðurnum. Og það er hans velþóknun að gefa yður “ríkið.

6 Og eins og skrifað stendur: Hvers sem þér “biðjið í ^btrú, “sameinaðir í bæn samkvæmt mínum boðum, það mun yður gefast.

7 Og þér eruð kallaðir til að gjöra “samansöfnun minna ^bkjörnu að veruleika, því að mínir kjörnu “heyra raust mína og herða eigi “hjörtu sín —

8 Sú ákvörðun hefur þess vegna komið frá föðurnum, að þeim

skuli “safnað á einn stað í þessu landi til að ^bbúa hjörtu sín undir og vera að öllu leyti viðbúinir þeim degi, er “andstreymi og eyðing kemur yfir hina ranglátu.

9 Því að stundin er nálæg og dagurinn í nánd, þegar jörðin verður fullproskuð. Og allir hinir “dramblátu og þeir sem breyta ranglátlega verða sem ^bhálmleggir og ég mun “brenna þá upp, segir Drottinn hersveitanna, svo að ranglæti verði ekki á jörðu —

10 Því að stundin er nálæg og það, sem postular mínir “mæltu, hlýtur að uppfyllast, því að það, sem þeir sögðu, mun verða —

11 Því að ég mun opinbera mig frá himni í veldi og mikilli dýrð ásamt öllum “herskörum himins og dvelja í ^bréttlæti meðal manna á jörðu í “þúsund ár, og hinir ranglátu munu ekki standa.

12 Og enn, sannlega, sannlega segi ég yður, og það er gefið sem föst ákvörðun, að vilja föðurins, að “postular mínir, hinir tólf, sem með mér voru í helgri þjónustu minni í Jerúsalem, skulu standa mér til hægri handar, þegar ég kem í

3a LR Fyrirgefa.

4a Al 29:1–2;
K&S 19:37; 30:9.

5a Matt 18:20;
K&S 6:32; 38:7;
88:62–63.

b LR Málsvari.

c LR Ríki Guðs eða ríki himna.

6a Matt 21:22;
Jóh 14:13.

b Mark 11:24.

c 3 Ne 27:1–2;
K&S 84:1.

7a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

b Mark 13:20;

K&S 84:34.

LR Kjörinn, hinir kjörnu.

c Al 5:37–41.

d LR Hjarta.

8a LR K&S 45:64–66; 57:1.

b K&S 58:6–9; 78:7.

c K&S 5:19; 43:17–27.

9a 2 Ne 20:33;

3 Ne 25:1.

LR Drambsemi.

b Nahúm 1:10;

Mal 4:1;

1 Ne 22:15, 23;

JS — S 1:37.

c K&S 45:57; 63:34, 54;
64:24; 88:94; 101:23–25;
133:64.

LR Jörð — Hreinsun jarðar.

10a LR Síðari koma Jesú Krists.

11a JS — M 1:37.

b LR Réttlátur, réttlæti.

c LR Jesús Kristur — Þúsund ára ríki Krists; Þúsundáraríkið.

12a LR Postuli.

^beldstólpa, klæddir skikkjum réttlætisins með kórónur á höfðum sér, í ‘dýrð, já, eins og ég, til að ‘dæma alla Ísraelsætt, já, alla þá, sem hafa elskað mig og haldið boðorð mín, en enga aðra.

13 Því að ‘básúna skal hljóma lengi og hátt, rétt eins og á Sínáifjalli, og gjörvöll jörðin mun skjálfa og þeir munu ^bganga fram — já, einmitt hinir ‘dauðu, sem dóu í mér, til að meðtaka ‘kórónu réttlætisins og klæðast, ‘já, eins og ég, og vera með mér, svo að vér megum verða eitt.

14 En sjá, ég segi yður, að áður en þessi mikli ‘dagur rennur upp mun ^bsólin sortna og tunglið breytast í blóð og stjörnurnar falla af himni, og enn stærri ‘tákn verða á himni uppi og á jörðu niðri —

15 Og það verður grátur og ‘kvein á meðal herskara manna —

16 Og kröftug ‘haghlrið skal send yfir til að tortíma gróðri jarðar.

17 Og svo ber við, að vegna ranglætis heimsins mun ég ‘refsa hinum ^branglátu, þar eð þeir vilja

eigi iðrast, því að bikar réttlátrar reiði minnar er fullur. Því að sjá, ‘blóð mitt mun ekki hreinsa þá, ef þeir hlusta eigi á mig.

18 Þess vegna mun ég, Drottinn Guð, senda flugur yfir jörðina, sem setjast munu að íbúum hennar og eta hold þeirra og valda því að maðkar þekja þá —

19 Og tungur þeirra skulu þagna, svo að þeir geti ekki ‘mælt gegn mér. Og hold þeirra skal falla af beinum þeirra og augu þeirra úr augnatóftunum —

20 Og svo ber við, að ‘dýr skógarins og fuglar loftsins munu rífa þá í sig.

21 Og hinni miklu og ‘viðurstyggilegu kirkju, sem er ^bskækja allrar jarðarinnar, skal varpað niður með ‘eyðandi eldi, samkvæmt því sem mælt er af munnni Esekíels spámanns, sem talaði um þessa hluti, er enn hafa ekki átt sér stað, en, sem ég lifi, munu vissulega ‘verða, því að viðurstyggðin skal ekki sitja við völd.

22 Og sannlega, sannlega segi ég yður enn, að þegar ‘þúsund árin

12^b Jes 66:15–16;
K&S 130:7; 133:41.
c LR Dýrð;
Jesús Kristur — Dýrð
Jesú Krists.
d Matt 19:28;
Lúk 22:30;
1 Ne 12:9;
Morm 3:18–19.
13^a K&S 43:18; 45:45.
b K&S 76:50.
c K&S 88:97; 133:56.
d LR Kóróna;
Upphafning.
e K&S 76:94–95;

84:35–39.
14^a LR Síðari koma Jesú
Krists.
b Jóel 2:10;
JS — M 1:33.
c LR Tákn tímanna.
15^a Matt 13:42.
16^a Esek 38:22;
Op 11:19; 16:21.
17^a Op 16:7–11;
2 Ne 30:10;
JS — M 1:53–55.
LR Hefnd.
b LR Ranglátur, ranglæti.
c 1 Jóh 1:7;

Al 11:40–41;
K&S 19:16–18.
19^a Sak 14:12.
20^a Jes 18:6;
Esek 39:17;
Op 19:17–18.
21^a LR Djöfull — Kirkja
djöfulsins.
b Op 19:2.
c Jóel 1:19–20; 2:3;
K&S 97:25–26.
LR Jörð — Hreinsun
jarðar.
d K&S 1:38.
22^a LR Þúsundarárfkið.

eru á enda runnin og menn fara að nýju að afneita Guði sínum, þá mun ég þyrma jörðunni ^bskamma stund —

23 Og ^aendirinn mun koma og himni og jörð mun eytt og þau ^blíða undir lok og það verður nýr himinn og ^cný jörð —

24 Því að allt hið aldna mun ^alíða undir lok og allt verður nýtt, jafnvel himinn og jörð og öll fylling þeirra, bæði menn og skepnur, fuglar loftsins og fiskar sjávarins —

25 En hvorki skal glatast eitt einasta ^ahár né hið minnsta duftkorn, því að það er verk handa minna.

26 En sjá, sannlega segi ég yður: Áður en jörðin líður undir lok, mun ^aMíkael ^berkiengill minn þeyta ^cbásúnu sína, og þá munu allir hinir dauðu ^avakna, því að grafir þeirra munu opnast og þeir ^eganga fram — já, hver og einn.

27 Og hinum ^aréttlátu mun safnað mér til ^bhægri handar til eilífs lífs, en fyrir hina ranglátu mér til vinstri handar mun ég blygðast mín gagnvart föðurnum —

28 Þess vegna mun ég segja við

þá: ^aFarið frá mér, þér bölvadir, í hinn ævarandi ^beld, sem fyrirbúinn er ^cdjöflinum og englum hans.

29 Og sjá, nú segi ég yður: Aldrei nokkurn tíma hef ég af eigin munni sagt, að þeir skyldu snúa aftur, því að ^aþangað sem ég er geta þeir ekki komið, því að þeir hafa engan kraft.

30 En minnst þess, að alla mína dóma hef ég enn ekki birt mönnum. Og eins og orðin hafa gengið fram af munni mínum svo skulu þau uppfyllast, svo að hinir ^afyrstu verði síðastir og hinir síðustu verði fyrstir í öllu því, sem ég hef skapað með orði krafts míns, sem er kraftur anda míns.

31 Því að með krafti anda míns ^askapaði ég þá, já, alla hluti, bæði ^bandlega og stundlega —

32 Fyrst ^aandlega, þá stundlega, sem er upphaf verks míns; og síðan, fyrst stundlega og þá andlega, sem er lok verks míns.

33 Þannig tala ég til yðar, svo að þér fáið eðlilega skilið, en gagnvart sjálfum mér eiga verk mín hvorki ^aendi né upphaf. En þetta er gefið yður, svo að þér fáið skilið, vegna þess að þér hafið beðist þess og eruð einhuga.

22b Op 20:3;
K&S 43:30–31;
88:110–111.

23a Matt 24:14.
LR Heimur —
Heimsendir.
b Matt 24:35;
JS — M 1:35.

c LR Jörð — Lokaástand
jarðar.

24a Op 21:1–4.

25a Al 40:23.

26a LR Adam;

Míkael.

b LR Erkiengill.

c 1 Kor 15:52–55.

d LR Ódauðlegur,
ó dauðleiki;
Upprisa.

e Jóh 5:28–29.

27a LR Réttlátur, réttlæti.

b Matt 25:33.

LR Lokadómur.

28a Matt 25:41;

K&S 29:41.

b K&S 43:33.

c LR Djöfull.

29a Jóh 7:34;
K&S 76:112.

30a Matt 19:30;

1 Ne 13:42.

31a LR Skapa, sköpun.

b HDP Móse 3:4–5.

32a LR Andleg sköpun.

33a Sálm 111:7–8;

HDP Móse 1:4.

34 Sannlega segi ég yður þess vegna, að allt er andlegt fyrir mér, og aldrei hef ég gefið yður stundlegt lögmál, né nokkrum manni, né heldur mannanna börnum eða Adam, föður yðar, sem ég skapaði.

35 Sjá, ég gaf honum ^asjálfræði og ég gaf honum boðorð, en ekkert stundlegt boðorð gaf ég honum, því að ^bboðorð mín eru andleg. Þau eru hvorki náttúrleg né stundleg, hvorki holdleg né munúðarleg.

36 Og svo bar við, að Adam, sem freistaðist af djöflinum — því að sjá, ^adjöfullinn var til á undan Adam, því að hann ^breis gegn mér og sagði: Veit mér ^cheiður þinn, sem er ^dkraftur minn. Og ^eþriðja hluta af ^fherskörum himins sneri hann einnig gegn mér vegna ^gsjálf-ræðis þeirra —

37 Og þeim var varpað niður og þannig urðu ^adjöfullinn og ^benglar hans til —

38 Og sjá, þeim var fyrirbúinn staður frá upphafi, og sá staður er ^ahelja.

39 Og þess vegna hlaut svo að verða, að djöfullinn ^afreistaði mannanna barna, ella væri ekki

um neitt sjálfræði þeirra að ræða. Því að ef þeir kynnast aldrei hinu ^bbeiska geta þeir ekki þekkt hið sæta —

40 Því bar svo við, að djöfullinn freistaði Adams og hann neytti hins forboðna ^aávaxtar og braut boðorðið og varð þannig ^bundirgefinn vilja djöfulsins, vegna þess að hann lét undan freistingunni.

41 Þess vegna lét ég, Drottinn, ^avísa honum burt úr aldingarðinum ^bEden, úr návist minni, vegna brots hans. Og þannig varð hann ^candlega dauður, sem er hinn fyrsti dauði, já, hinn sami dauði og er hinn ^dsíðasti dauði, sem er andlegur, og verður felldur yfir hinum ranglátu, þegar ég mun segja: Vík burt, þér ^ebólvaðir.

42 En sjá, ég segi yður að ég, Drottinn Guð, veitti Adam og niðjum hans að þeir skyldu ekki ^adeyja stundlegum dauða fyrr en ég, Drottinn Guð, sendi ^bengla til að boða þeim ^ciðrun og ^dendurlausn, fyrir trú á nafn míns ^eein-getna sonar.

43 Og þannig útnefndi ég, Drottinn Guð, manninum sinn ^areynslutíma — svo að með líkamsdauða

35a LR Sjálfræði.

b LR Boðorð Guðs.

36a K&S 76:25–26;
HDP Móse 4:1–4.

b LR Ráð eða þing á himnum.

c LR Heiður.

d Jes 14:12–14;
K&S 76:28–29.

e Op 12:3–4.

f K&S 38:1; 45:1.
LR Fortilvera.

g LR Sjálfræði.

37a LR Djöfull.

b 2 Pét 2:4;

Júd 1:6;

HDP Móse 7:26.

LR Englar.

38a LR Helja.

39a HDP Móse 4:3–4.

LR Freista, freisting.

b HDP Móse 6:55.

40a 1 Mós 3:6;
HDP Móse 4:7–13.

b 2 Ne 10:24;

Mósía 16:3–5;

Al 5:41–42.

41a LR Fall Adams og Evu.

b LR Eden.

c LR Dauði, andlegur.

d Al 40:26.

e K&S 29:27–28;

76:31–39.

42a 2 Ne 2:21.

LR Dauði, líkamlegur.

b Al 12:28–30.

c LR Iðrast, iðrun.

d LR Endurleysa,

endurleystur,

endurlausn.

e HDP Móse 5:6–8.

43a Al 12:24; 42:10.

hans mætti ^breisa hann upp í ^cóðauðleika til ^deilífs lífs, já, alla þá, sem trúa munu —

44 En þá, sem ekki trúa, til eilífrar ^afordæmingar, því að ekki er unnt að endurleysa þá frá andlegu falli sínu, vegna þess að þeir iðrast ekki —

45 Því að þeir elska myrkrið meira en ljósið og ^averk þeirra eru ill, og þeir hljóta ^blaun sín hjá þeim, sem þeir kjósa að hlýða.

46 En sjá, ég segi yður, að lítil ^abörn eru ^bendurleyst frá grundvöllun veraldar, fyrir minn eingetna —

47 Þau geta því ekki syndgað,

því að Satan er ekki gefið vald til að ^afreista lítilla barna fyrr en þau fara að verða ^bábyrg gjörða sinna gagnvart mér —

48 Því að það er þeim gefið, já, eins og ég vil og eins og mér hentar, svo að mikils verði krafist af ^afeðrum þeirra.

49 Og enn segi ég yður: Hef ég ekki boðið öllum, sem vitneskjuna hafa, að iðrast?

50 En í mínu valdi er að breyta gagnvart þeim, sem engan ^askilning hefur, samkvæmt því sem skrifað stendur. Og nú boða ég yður ekkert fleira á þessari stundu. Amen.

30. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith til Davids Whitmer, Peters Whitmer yngri og Johns Whitmer í Fayette, New York, í september 1830, eftir þriggja daga ráðstefnu í Fayette, en áður en öldungar kirkjunnar skildu. Í upphafi var hún birt sem þrjár opinberanir, sem spámaðurinn sameinaði síðan í eina heild fyrir útgáfu Kenningar og sáttmála árið 1835.

1–4, David Whitmer er agaður fyrir að þjóna ekki af kostgæfni; 5–8, Peter Whitmer yngri skal fara með Oliver Cowdery í trúboðsferð til Lamaníta; 9–11, John Whitmer er kallaður til að prédika fagnaðarerið.

Sjá, ég segi þér, “David, að þú hefur ^bóttast manninn og ekki ^ctreyst á styrk frá mér eins og þér bar.

2 En hugur þinn hefur hvílt meir á hinu ^ajarðneska en á því, sem mitt er, skapara þíns, og á

43b LR Upprisa.
c HDP Móse 1:39.
LR Óðauðlegur, óðauðleiki.
d LR Eilíft líf.
44a K&S 19:7–12.
LR Fordæming.
45a Jóh 3:18–20;
K&S 93:31–32.
b Mósía 2:32–33;

Al 3:26–27; 5:41–42;
30:60.
46a Moró 8:8, 12;
K&S 93:38.
LR Barn, börn.
b K&S 74:7.
LR Endurleysa,
endurleystur,
endurlausn.
47a LR Freista, freisting.

b LR Ábyrgð, ábyrgur,
ábyrgðarskylda.
48a K&S 68:25.
50a K&S 137:7–10.
LR Skilningur.
30 1a LR David Whitmer.
b Post 5:29.
c 2 Kro 16:7–9.
2a K&S 25:10.

þeirri helgu þjónustu, sem þú hefur verið kallaður til. Og þú hefur ekki gefið gaum að anda mínum og þeim, sem yfir þig voru settir, heldur látið þá hafa áhrif á þig, sem engin boð hafa fengið frá mér.

3 Þess vegna ert þú látinn einn um að spyrja mig og “fuga það, sem þú hefur móttikið.

4 Og heimili þitt skal vera í húsi föður þíns, þar til ég gef þér frekari fyriræli. Og þú skalt rækja andlega “þjónustu í kirkjunni og fyrir heiminum og á nærliggjandi svæðum. Amen.

5 Sjá, ég segi þér, “Peter, að þú skalt leggja upp í ^bferð með bróður þínum, Oliver, því að sá ^ctími er kominn, sem mér er hentugur, að þú ljúkir upp munni þínum og boðir fagnaðarerindi mitt. Óttastu þess vegna ekki, en gef ^dgaum að þeim orðum og ráðleggingum bróður þíns, sem hann mun gefa þér.

6 Og tak þátt í öllum þrengingum hans og lyft stöðugt hjarta þínu

til mín í trú og bæn fyrir lausn hans og þinni, því að ég hef gefið honum kraft til að byggja upp “kirkju mína á meðal ^bLamaníta —

7 Og engan hef ég útnefnt ráðgjafa “yfir hann í kirkjunni, varðandi mál kirkjunnar, annan en bróður hans, Joseph Smith yngri.

8 Gef því gaum að þessu og ver kostgæfinn við að halda boðorð mín, og þú skalt blessaður með eilífu lífi. Amen.

9 Sjá, ég segi þér þjónn minn John, að þú skalt héðan í frá “boða fagnaðarerindi mitt sem með ^blúðurhljómi.

10 Og þú skalt starfa hjá bróður þínum Philip Burrough og á svæðinu þar í kring. Já, hvar sem heyrast má til þín, þar til ég býð þér að fara þaðan.

11 Og allt starf þitt skal héðan í frá helgað Síon, af allri sálu þinni. Já, þú skalt ætíð ljúka upp munni þínum fyrir málstað minn, og “óttast ekki hvað ^bmaðurinn getur gjört, því að ég er ^cmeð þér. Amen.

31. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Thomasar B. Marsh í september 1830. Þetta átti sér stað strax eftir ráðstefnu kirkjunnar (sjá formála að kafla 30). Thomas B. Marsh hafði verið skírður

3a LR Íhuga, ígrunda.

4a LR Þjónn; Þjónusta.

5a LR Peter Whitmer yngri.

b K&S 32:1–3.

c K&S 11:15.

d LR Ráðgjöf;

Stuðningur við kirkjuleiðtoga.

6a LR Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

b K&S 3:20; 49:24.

LR Lamanítar.

7a K&S 20:2–3.

9a K&S 15:6.

b K&S 33:2.

11a LR Hugrekki, hugrakkur; Ötti.

b Jes 51:7.

c Matt 28:19–20.

fyrir í mánuðinum og hafði þegar verið vígður öldungur í kirkjunni, er opinberun þessi var gefin.

1–6, Thomas B. Marsh er kallaður til að boða fagnaðarerindið og er fullviss-
aður um velfarnað fjölskyldu sinnar;
7–13, Honum er ráðlagt að vera
þolinmóður, biðja stöðugt og fylgja
huggaranum.

“THOMAS, sonur minn, blessaður ert þú vegna trúar þinnar á verk mitt.

2 Sjá, þú hefur liðið margskonar þrengingar vegna fjölskyldu þinnar. Engu að síður mun ég blessa þig og fjölskyldu þína, já, börn þín, og sá dagur kemur er þau munu trúa og þekkja sannleikann og sameinast þér í kirkju minni.

3 Lyft upp hjarta þínu og fagna, því að stund ætlunarverks þíns er upp runnin og tunga þín skal losuð og þú skalt boða þessari kynslóð “gleðitíðindi og mikinn fögnuð.

4 Þú skalt “boða það, sem opinberað hefur verið þjóni mínum, Joseph Smith yngri. Frá þessari stundu skalt þú byrja að prédika, já, að uppskera akur minn, sem þegar er ^bhvítur til brennunnar.

5 “Beit sigð þinni því af allri sálu þinni og syndir þínar eru

þér ^bfyrirgefna og bak þitt skal hlaðið ^ckornbindum, því að verður er ^dverkamaðurinn launa sinna. Fjölskylda þín skal þess vegna lifa.

6 Sjá, sannlega segi ég þér, far aðeins frá henni stutta hríð og boða orð mitt, og ég mun búa henni stað.

7 Já, ég mun ^aopna hjörtu fólksins og það mun taka á móti þér. Og ég mun stofna kirkju með hendi þinni —

8 Og þú skalt ^astyrkja það og búa það undir þann tíma, er því mun safnað saman.

9 Ver ^aþolinmóður í ^bþrengingum og lasta ekki lastmælendur. Stjórna ^chúsi þínu með hógværd og ver staðfastur.

10 Sjá, ég segi þér, að þú skalt verða kirkju minni lækni, en ekki heiminum, því að hann mun ekki taka við þér.

11 Far hvert sem ég vil, og ^ahuggarinn mun segja þér hvað gjöra skal og hvert fara skal.

12 “Bið án afláts, svo að þú fallir ekki í ^bfreistni og glatir launum þínum.

13 Ver ^atrúr allt til enda og tak eftir, ég er ^bmeð þér. Þetta

31 1a LR Thomas B. Marsh.

3a Jes 52:7;

Lúk 2:10–11;

Mósía 3:3–5.

4a Mósía 18:19;

K&S 42:12; 52:36.

b K&S 4:4–6.

5a Op 14:15.

b LR Fyrirgefa.

c K&S 79:3.

d Lúk 10:3–11;

K&S 75:24.

7a LR Trúskipti,

trúskiptingur.

8a K&S 81:5; 108:7.

9a LR Þolinmæði, þolgæði.

b LR Andstreymi.

c LR Fjölskylda — Ábyrgð

foreldra.

11a LR Heilagur andi;

Huggari.

12a 3 Ne 18:17–21.

LR Bæn.

b LR Freista, freisting.

13a LR Standast.

b Matt 28:20.

er ekki orð manns né manna, | lausnara þíns, fyrir ‘vilja föðurins.
heldur mín orð, sjálfs, Jesú Krists, | Amen.

32. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Parleys P. Pratt og Ziba Peterson í Manchester, New York, snemma í október 1830. Mikill áhugi og brennandi þrá var meðal öldunganna varðandi Lamanítana, en kirkjan hafði lært um blessanir þær, sem Mormónsbók talar um að þeim séu ætlaðar. Þar af leiðandi var Drottinn beðinn að segja vilja sinn um, hvort öldungarnir skyldu nú sendir til ættflokka indíánanna í vestri. Opinberunin fylgdi.

1–3, Parley P. Pratt og Ziba Peterson eru kallaðir til að prédika fyrir Lamanítunum og fylgja Oliver Cowdery og Peter Whitmer yngri; 4–5, Þeir eiga að biðja um skilning á ritningunum.

Og varðandi þjón minn “Parley P. Pratt, sjá, ég segi honum nú, að svo sannlega sem ég lifi vil ég að hann boði fagnaðarerindi mitt, ^blæri af mér og verði hógvær og af hjarta litillátur.

2 Og það sem ég hef útnefnt honum er, að hann “fari með þjónum mínum, Oliver Cowdery

og Peter Whitmer yngri, út í óbyggðirnar til ^bLamanítanna.

3 Og “Ziba Peterson skal einnig fara með þeim. Og ég mun sjálfur fara með þeim og vera ^bmitt á meðal þeirra. Og ég er ‘málsvari þeirra hjá föðurnum, og ekkert mun á þeim sigrast.

4 Og þeir skulu gefa “gaum að því, sem ritað er, og ekki gera kröfu til annarra ^bopinberana, og þeir skulu biðja án afláts um að ég ‘afhjúpi það, þannig að þeir ^dskilji.

5 Og þeir skulu gefa gaum að orðum þessum án léttúðar, og ég mun blessa þá. Amen.

33. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Ezra Thayre og Northrops Sweet í Fayette, New York, í október 1830. Við kynningu þessarar opinberunar staðfestir saga Josephs Smith, að „Drottinn. . . er ávallt reiðubúinn að leiðbeina þeim, sem af kostgæfni leita í trú.“

13c LR Jesús Kristur — Vald.
32 1a LR Parley Parker Pratt.
b Matt 11:28–30.
2a K&S 28:8; 30:5.

b K&S 3:18–20.
3a K&S 58:60.
b Matt 18:20;
K&S 6:32; 38:7.
c LR Málsvari.

4a 1 Ne 15:25;
K&S 84:43–44.
b K&S 28:2.
c JS — S 1:74.
d LR Skilningur.

1–4, *Verkamenn eru kallaðir til að boða fagnaðarerindið á elleftu stundu; 5–6, Kirkjan er stofnuð og hinum kjörnu skal safnað saman; 7–10, Iðrist, því að himnaríki er í nánd; 11–15, Kirkjan er byggð á bjargi fagnaðarerindisins; 16–18, Undirbúið komu brúðgumans.*

SJÁ, ég segi yður, þjórnar mínir Ezra og Northrop: Opnið eyru yðar og hlýðið á rödd Drottins Guðs yðar, en “orð hans er lifandi og máttugt, beittara en tvíeggjað sverð, er smýgur í gegnum merg og bein, sál og anda, og greinir hugsanir og ^báform hjartans.

2 Því að sannlega, sannlega segi ég yður, að þér eruð kallaðir til að hefja upp raust yðar sem með ^alúðurhljómi, til að boða fagnaðarerindi mitt spilltri og rangsnúinni kynslóð.

3 Því að sjá, ^aakurinn er þegar hvítur til uppskeru, og þetta er hin ^bellefta stund og í ^csíðasta sinn sem ég mun kalla á verkamenn í víngarð minn.

4 Og ^avíngarður minn hefur ^bspillst gjörsamlega, og enginn gjörir ^cgott utan fáeinir, og þeim ^dskjátlast í mörgum tilvikum vegna ^eprestaslægðar, og allra hugir eru spilltir.

5 Og sannlega, sannlega segi ég yður, að þessa ^akirkju hef ég ^bstofnað og kallað út úr óbyggðunum.

6 Og einmitt þannig mun ég ^asafna mínum kjörnu saman úr öllum ^bfjórum skautum heimsins, öllum þeim, sem trúa munu á mig og hlýða rödd minni.

7 Já, sannlega, sannlega segi ég yður, að akurinn er þegar hvítur til uppskeru. Beitið þess vegna sigð yðar og uppskerið af öllum mætti yðar, huga og styrk.

8 ^aLjúkið upp munni yðar og hann skal fyllast, og þér skuluð jafnvel verða eins og ^bNefi til forna, sem ferðaðist frá Jerúsalem út í óbyggðirnar.

9 Já, ljúkið upp munni yðar og hlífið yður eigi, og bök yðar skulu hlaðin ^akornbindum, því að tak eftir, ég er með yður.

10 Já, ljúkið upp munni yðar og hann skal fyllast og segið: ^aIðrist, iðrist og greiðið Drottni veg og gjörið beinar brautir hans, því að himnaríki er í nánd —

11 Já, iðrist og látið ^askírast, hver og einn, til fyrirgefningar synda yðar. Já, látið skírast af vatni, og síðan kemur skírn af eldi og af heilögum anda.

12 Sjá, sannlega, sannlega segi ég

33 1a Hebr 4:12;
He 3:29–30.
b Al 18:32; K&S 6:16.
2a Jes 58:1.
3a Jóh 4:35;
K&S 4:4; 12:3; 14:3.
b Matt 20:1–16.
c Jakob 5:71;
K&S 43:28.
4a LR Víngarður Drottins.

b 2 Ne 28:2–14;
Morm 8:28–41.
c Róm 3:12;
K&S 35:12.
d 2 Ne 28:14.
e LR Prestaslægð.
5a LR Kirkja Jesú Krists
hinna Síðari daga
heilögu.
b LR Endurreisin

fagnaðarerindisins.
6a LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
b 1 Ne 19:15–17.
8a K&S 88:81.
b 2 Ne 1:26–28.
9a Sálms 126:6;
Al 26:3–5; K&S 75:5.
10a Matt 3:1–3.
11a LR Skírn, skíra.

yður, þetta er “fagnaðarerindi mitt, og hafið hugfast að þeir skulu eiga trú á mig, ella geta þeir á engan hátt frelsast —

13 Og á þessu “bjargi mun ég byggja kirkju mína. Já, á þessu bjargi eruð þér byggðir, og ef þér eruð stöðugir, munu ^bhlið heljar eigi á yður sigrast.

14 Og þér skuluð hafa hugfast að halda “reglur og sáttmála kirkjunnar.

15 Og hverja þá, sem trúa, skuluð þér “staðfesta í kirkju minni með

^bhandayfirlagningu, og ég mun veita þeim “gjöf heilags anda.

16 Og Mormónsbók og hinar heilögu “ritningar hef ég gefið yður til ^bleiðsagnar, og kraftur anda míns “lífgar allt.

17 Verið þess vegna staðfastir og biðjið án afláts, látið loga á hreinum lömpum yðar og hafið olíu með yður, svo að þér séuð reiðubúnir við komu “brúðgumans —

18 Því að sjá, sannlega, sannlega segi ég yður, að ég “kem skjótt. Já, vissulega. Amen.

34. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith til Orsons Pratt, í Fayette, New York, 4. nóvember 1830. Bróðir Pratt var þá nitján ára. Hann hafði snúist til trúar og verið skírður, þegar hann fyrst heyrði boðun hins endurreista fagnaðarerindis hjá eldri bróður sínum, Parley P. Pratt, sex vikum fyrr. Þessi opinberun var meðtekin á heimili Peters Whitmer eldri.

1–4, *Hinir staðföstu verða synir Guðs með friðþægingunni; 5–9, Boðun fagnaðarerindisins greiðir síðari komunni veginn; 10–12, Spádómur fæst með krafti heilags anda.*

SONUR minn “Orson, hlýð á og heyr og tak eftir hvað ég, Drottinn Guð, mun til þín mæla, já, sjálfur Jesús Kristur, lausnari þinn —

2 “Ljós og líf heimsins, ljós sem skín í myrkrinu og myrkrið skynjar það ekki —

3 Sem “elskaði svo heiminn, að ^bhann “gaf líf sitt, svo að allir þeir, sem trúa myndu, gætu orðið “synir Guðs. Þess vegna ert þú sonur minn —

4 Og “blessaður ert þú vegna trúar þinnar —

12a 3 Ne 27:13–22.

13a LR Bjarg.

b Matt 16:16–19;

K&S 10:69–70.

14a ÞE K&S 20 (sjá formála að kafla 20). K&S 42:13.

15a K&S 20:41.

b LR Handayfirlagning.

c LR Gjöf heilags anda.

16a LR Ritningar.

b 2 Tím 3:16.

c Jóh 6:63.

17a Matt 25:1–13.

LR Brúðgumi.

18a Op 22:20.

LR Síðari koma Jesú Krists.

34 1a LR Orson Pratt.

2a Jóh 1:1–5.

LR Ljós, ljós Krists.

3a Jóh 3:16; 15:13.

LR Elska, ást.

b LR Lausnari.

c LR Endurleysa,

endurleystur,

endurlausn;

Friðþægja, friðþæging.

d Jóh 1:9–12;

Róm 8:14, 16–17;

HDP Móse 6:64–68.

LR Synir og dætur

Guðs.

4a Jóh 20:29.

5 Og blessaður ert þú enn frekar vegna þess að ég hef “kallað þig til að boða fagnaðarerindi mitt —

6 Til að lyfta upp raust þinni sem með lúðurhljómi, bæði lengi og hátt, og hrópa “iðrun yfir spilltri og rangsnúinni kynslóð og greiða Drottini veg fyrir ^bsíðari komu hans.

7 Því að sjá, sannlega, sannlega segi ég þér, að “stundin nálgast er ég mun koma í ^bskýi, með veldi og mikilli dýrð.

8 Og það verður “mikill dagur, er ég kem, því að allar þjóðir skulu ^bskjálfa.

9 En áður en sá mikli dagur

rennur upp, mun sólin sortna og tunglið breytast í blóð, stjörnurnar neita að gefa skin sitt og sumar munu falla, og mikil tortíming bíður hinna ranglátu.

10 Lyft þess vegna upp raust þinni og “hlíf þér ekki, því að Drottinn Guð hefur talað. Spá þess vegna, og það mun gefast með ^bkrafti heilags anda.

11 Og sért þú staðfastur, sjá, þá er ég með þér uns ég kem —

12 Og sannlega, sannlega segi ég þér, ég kem skjótt. Ég er Drottinn þinn og lausnari þinn. Já, vissulega. Amen.

35. KAFLI

Opinberun gefin spámanningum Joseph Smith og Sidney Rigdon í eða í grennd við Fayette, New York, 7. desember 1830. Á þessum tíma var spámaðurinn næstum daglega önnum kafinn við þýðingu á Biblíunni. Þýðingin hófst þegar í júní 1830 og bæði Oliver Cowdery og John Whitmer höfðu þjónað sem ritarar. Þar sem þeir höfðu nú verið kallaðir til annarra starfa, var Sidney Rigdon kallaður með guðlegri tilnefningu til þjónustu sem ritari spámannsins við þetta verk (sjá 20. vers). Sem formála að skráningu þessarar opinberunar segir í sögu Josephs Smith: „Í desember kom Sidney Rigdon [frá Ohio] til að gjöra fyrirspurn til Drottins og með honum var Edward Partridge . . . Stuttu eftir komu þessara tveggja bræðra mælti Drottinn þetta.“

1–2, Hvernig menn geta orðið synir Guðs; 3–7, Sidney Rigdon er kallaður til að skíra og til að veita heilagan anda; 8–12, Tákn og undur eru unnin

í trú; 13–16, Þjónar Drottins munu þreskja þjóðirnar með krafti andans; 17–19, Joseph Smith heldur lykllum leyndardómanna; 20–21, Hinir kjörnu

5a LR Köllun, kallaður af Guði.

6a K&S 6:9.

b LR Síðari koma Jesú Kristi.

7a Op 1:3.

b Lúk 21:27.

8a Jóel 2:11;

Mal 4:5;

K&S 43:17–26.

LR Síðari koma Jesú

Kristi.

b Jes 64:2.

10a Jes 58:1.

b 2 Pét 1:21.

munu standast komudag Drottins; 22–27, Ísrael mun frlesast.

HLÝÐIÐ á rödd ^aDrottins Guðs yðar, já, ^bAlfa og Ómega, upphafs og endis, en ^cfarvegur hans er eilíf hringrás, hinn ^dsami í dag og í gær og að eilífu.

2 Ég er Jesús Kristur, sonur Guðs, sem ^akrossfestur var vegna synda heimsins, svo að allir þeir, sem ^btrúa munu á nafn mitt, megi verða ^csynir Guðs, já, verða ^deitt í mér, eins og ég er ^eeitt í föðurnum, eins og faðirinn er eitt í mér, að við megum verða eitt.

3 Sjá, sannlega, sannlega segi ég við þjón minn Sidney, ég hef litið á þig og verk þín. Ég hef heyrt bænir þínar og búið þig undir stærra verk.

4 Þú ert blessaður, því að þú munt vinna stórvirki. Sjá þú varst sendur, rétt eins og ^aJóhannes, til að greiða mér veg og ^bElía, sem koma skyldi, og þú vissir það ekki.

5 Þú skírðir iðrunarskírn með vatni, en þeir ^ameðtóku ekki heilagan anda —

6 En nú gef ég þér boðorð, að þú ^askírir með vatni, og þeir munu

hljóta ^bheilagan anda með ^chandayfirlagningu, rétt eins og hjá postulunum til forna.

7 Og svo ber við, að mikið verk verður unnið í landinu, jafnvel á meðal ^aÞjóðanna, því að heimska þeirra og viðurstyggð skal afhjúpuð fyrir allra augum.

8 Því að ég er Guð, og armur minn hefur ekki ^astyst, og ég mun sýna ^bkraftaverk, ^ctákn og undur öllum þeim, sem ^dtrúa á nafn mitt.

9 Og allir, sem biðja þess í mínu nafni og í ^atrú, skulu ^bkasta út ^cdjöflum, þeir skulu ^dlækna sjúka, gefa blindum sjón, daufum heyrn og dumbum mál, og lömuðum mátt.

10 Og brátt líður að því, að mannanna börnum verða sýnd stórmerki —

11 En ^aán trúar mun ekkert kunngjört utan ^beyðing ^cBabýlonar, hinnar sömu, sem látið hefur allar þjóðir teyga af reiðivíni ^dólífnaðar síns.

12 Og ^aenginn gjörir gott nema þeir, sem reiðubúnir eru að meðtaka fyllingu fagnaðarerindis míns, sem ég hef sent þessari kynslóð.

35 1a LR Drottinn.
b Op 1:8.
LR Alfa og Ómega.
c 1 Ne 10:19;
K&S 3:2.
d Hebr 13:8;
K&S 38:1–4; 39:1–3.
2a LR Krossfesting.
b K&S 20:25; 45:5, 8.
c LR Synir og dætur Guðs.
d Jóh 17:20–23.
LR Eining.
e LR Guð, guðdómur.

4a Mal 3:1;
Matt 11:10;
1 Ne 11:27;
K&S 84:27–28.
b 3 Ne 25:5–6;
K&S 2:1; 110:13–15.
5a Post 19:1–6.
6a LR Skírn, skíra.
b LR Gjóf heilags anda.
c LR Handayfirlagning.
7a LR Þjóðirnar.
8a Jes 50:2; 59:1.
b LR Kraftaverk.
c LR Tákn.

d LR Trú, trúa.
9a LR Átrúnaður.
b Mark 16:17.
c Mark 1:21–45.
d LR Lækna, lækningar.
11a K&S 63:11–12.
b K&S 5:19–20.
c LR Babel, Babýlon.
d Op 18:2–4.
12a Róm 3:10–12;
K&S 33:4; 38:10–11;
84:49.

13 Ég kalla þess vegna á hið “veika í heiminum, þá ^abólærðu og smáðu, til að þreskja þjóðirnar með krafti anda míns —

14 Og armur þeirra skal vera armur minn og ég mun vera ^askjöldur þeirra og brynja. Og ég mun girða lendar þeirra, og þeir munu berjast vasklega fyrir mig. Og ^bóvinir þeirra verða undir fótum þeirra og ég mun láta sverðið ^cfalla þeirra vegna og með ^deldi réttlátrar reiði minnar mun ég vernda þá.

15 Og hinum ^afátæku og ^bhógværu skal boðað fagnaðarerindið og þeir munu ^clíta fram til komu minnar, því að hún ^dnálgast —

16 Og þeir munu nema dæmisöguna um ^afíkjutréd, því að nú þegar er sumarið í nánd.

17 Og með hendi þjóns míns, ^aJosephs, hef ég sent fram ^bfyllingu fagnaðarerindis míns, og í veikleika hef ég blessað hann —

18 Og ég hef gefið honum ^alyklana að leyndardómum þess, sem ^binnsiglað hefur verið, jafnvel þess, sem verið hefur frá ^cgrundvöllun

heimsins og þess, sem koma skal frá þessum tíma og fram að komu minni, ef hann er trúr í mér. En ef ekki, mun ég setja annan í hans stað.

19 Vak þess vegna yfir honum, svo að trú hans bregðist ekki, og það mun gefið með ^ahuggaranum, hinum ^bheilaga anda, sem allt veit.

20 Og boð gef ég þér — að þú ^askrifir fyrir hann, og ritningarnar verða gefnar, alveg eins og þær eru í mínu eigin brjósti, til hjálpræðis mínum ^bkjörnunum —

21 Því að þeir munu heyra ^arödd mína og skulu sjá mig, en ekki sofa, og munu ^bstandast ^ckomudag minn, því að þeir skulu hreinsaðir verða, já, eins og ég er ^dhrein.

22 Og nú segi ég ^aþér: Ver hjá honum og hann mun ferðast með þér. Yfirgef hann ekki, og þetta mun vissulega uppfyllast.

23 Og ^aþegar þið eruð ekki við skriftir, sjá, þá mun honum gefið að spá. Og þú skalt boða fagnaðarerindi mitt og vitna til ^bhinna heilögu spámana til að sanna orð hans, eins og þau verða honum gefin.

13a 1 Kor 1:27;
K&S 1:19–23; 124:1.

b Post 4:13.

14a 2 Sam 22:2–3.

b K&S 98:34–38.

c K&S 1:13–14.

d K&S 128:24.

15a Matt 11:5.

b LR Hógvær, hógværð.

c 2 Pét 3:10–13;

K&S 39:23; 45:39;

HDP Móse 7:62.

d K&S 63:53.

16a Matt 24:32;

K&S 45:36–38;

JS — M 1:38.

LR Tákn tímanna.

17a K&S 135:3.

b K&S 42:12.

18a K&S 84:19.

b Dan 12:9; Matt 13:35;

2 Ne 27:10–11;

Et 4:4–7;

JS — S 1:65.

c K&S 128:18.

19a Jóh 14:16, 26; 15:26.

LR Huggari.

b LR Heilagur andi.

20a Á þessum tíma fékkst

spámaðurinn við

að þýða Biblíuna

með opinberun og

var Sidney Rigdon

kallaður til ritarastarfa.

b LR Kjörinn, hinir

kjörnunum.

21a Jóel 2:11;

K&S 43:17–25; 88:90;

133:50–51.

b Mal 3:2–3.

c LR Síðari koma Jesú

Krists.

d LR Hreinn, hreinleiki.

22a K&S 100:9–11.

23a Þ.E. hvenær sem Sidney

Rigdon var ekki

upptekinn við skriftir.

b Þ.E. ritningarnar.

24 “Hald öll boðorð og alla sáttmála, sem þú ert bundinn af, og ég mun láta himnana ^bbifast þér til góðs, og ^cSatan skal skjálfa og Síon ^dfagna og blómstra á hæðunum —

25 Og ^aÍsrael skal ^bfrelsaður verða þegar mér hentar og þeir

skulu leiddir með ^clyklum þeim, sem ég hef gefið, og á engan hátt framar verða leiddir afvega.

26 Lyftið hjörtum yðar og gleðjist, ^aendurlausn yðar nálgast.

27 Óttast ei, litla hjörð, ^aríkið er yðar þar til ég kem. Sjá, ég ^bkem skjótt. Já, vissulega. Amen.

36. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Edwards Partridge í grennd við Fayette, New York, 9. desember 1830 (sjá formála að kafla 35). Saga Josephs Smith segir, að Edward Partridge „[sé] fyrirmynd í guðrækni og einn af mikilmönnum Drottins.“

1–3, Drottinn leggur hendur sínar yfir Edward Partridge með hendi Sidneys Rigdon; 4–8, Hver sá, sem tekur á móti fagnaðarerindinu og prestdæminu, er kallaður til að fara og prédika.

Svo segir Drottinn Guð, hinn ^amáttugi Ísraels: Sjá, ég segi þér, þjónn minn ^bEdward, að þú ert blessaður og syndir þínar eru þér fyrirgefna, og þú ert kallaður til að boða fagnaðarerindi mitt sem með lúðurhljómi —

2 Og ég mun leggja ^ahönd mína yfir þig með hendi þjóns míns Sidneys Rigdon, og þú munt meðtaka anda minn, heilagan anda, sjálfan ^bhuggarann,

sem mun kenna þér ^cfriðsæld ríkisins —

3 Og þetta skalt þú boða hárrí röddu og segja: Hósanna, blessað sé nafn hins æðsta Guðs!

4 Og nú gef ég þér þessa köllun og þessi boð varðandi alla menn —

5 Að allir þeir, sem koma fyrir þjóna mína Sidney Rigdon og Joseph Smith yngri og meðtaka þessa köllun og þessi boð, skuli ^avígðir og sendir út til að ^bprédika hið ævarandi fagnaðarerindi á meðal þjóðanna —

6 Hrópa iðrun og segja: “Bjargið yður frá þessari rangsnúnu kynslóð og komið úr eldinum og fyrirlítið sjálf ^bklæðin, sem flekkuð eru af holdinu.

24a K&S 103:7.

b K&S 21:6.

c 1 Ne 22:26.

d LR Gleði.

25a LR Ísrael.

b Jes 45:17;

1 Ne 19:15–16; 22:12.

c LR Lyklar

prestdæmisins.

26a Lúk 21:28.

27a LR Ríki Guðs eða ríki himna.

b Op 22:20.

36 1a LR Jehóva; Jesús Kristur.

b K&S 41:9–11.

2a LR Handayfirlagning.

b LR Heilagur andi; Huggari.

c K&S 42:61.

5a K&S 63:57.

LR Vígja, vígsla.

b LR Prédika.

6a Post 2:40.

b Júd 1:23.

7 Og það boð skal gefa öld-
ungum kirkju minnar, að vígja
megi og senda út sérhvern mann,
sem vill meðtaka þetta af einlægu
hjarta. Já, eins og ég hef talað.

8 Ég er Jesús Kristur, sonur
Guðs. Girðið þess vegna lendar
yðar og ég mun skyndilega koma
til “musteris míns. Já, vissulega.
Amen.

37. KAFLI

Opinberun gefin spámanningnum Joseph Smith og Sidney Rigdon í grennd við Fayette, New York, í desember 1830. Hér eru gefin fyrstu fyrirmælin um samansöfnun í þessum ráðstöfunum.

1–4, *Hinum heilögu sagt að safnast til Ohio.*

SJÁ, ég segi ykkur, að ykkar vegna og sakir óvinanna þykir mér ekki nauðsynlegt, að þið “þýðið meira fyrr en þið farið til Ohio.

2 Og enn segi ég ykkur, að þið skuluð ekki fara fyrr en þið hafið boðað fagnaðarerindi mitt í þessum landshlutum og hafið styrkt kirkjuna hvar sem hún

finnst, og þá sérstaklega í “Colesville, því að sjá, þeir biðja til mín í sterkri trú.

3 Og enn fremur gef ég kirkjunni þau fyrirmæli, að mér þykir nauðsynlegt að þeir safnist saman í “Ohio fram að þeim tíma, er þjónn minn Oliver Cowdery kemur aftur til þeirra.

4 Sjá, hér er viska, og lát sérhvern mann “velja fyrir sig sjálfan þar til ég kem. Já, vissulega. Amen.

38. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith í Fayette, New York, 2. janúar 1831. Tilefnið var ráðstefna kirkjunnar.

1–6, *Kristur skapaði alla hluti; 7–8, Hann er mitt á meðal sinna heilögu, sem munu brátt sjá hann; 9–12, Allt hold er spillt frammi fyrir honum; 13–22, Hann hefur geymt sínum heilögu land fyrirheitsins um tíma og eilífð; 23–27, Hinum heilögu boðið að vera eitt og meta hver annan sem bróður; 28–29, Sagt fyrir um styrjaldir;*

30–33, Hinum heilögu skal gefinn kraftur frá upphæðum og þeir fara út meðal allra þjóða; 34–42, Kirkjunni er boðið að annast hina fátæku og þurfandi og leita auðæfa eilífðarinnar.

Svo segir Drottinn Guð yðar, sjálfur Jesús Kristur, hinn mikli “ÉG ER, Alfa og Ómega,

8a Mal 3:1.

37 1a Þ.E. þýðing á Biblíunni, þegar hafin.

2a K&S 24:3; 26:1.

3a Þ.E. Ohio-fylki.
K&S 38:31–32.

4a LR Sjálfræði.

38 1a LR ÉG ER.

^bupphafið og endirinn, sá hinn sami, er leit yfir hina miklu víðáttu eilífðarinnar og allar ‘serafsveitir himins, ‘áður en heimurinn var ‘gjörður —

2 Sá hinn sami, er ‘veit alla hluti, því að ^ballt er fyrir augum mínum —

3 Ég er hinn sami, sem talaði og heimurinn varð ‘til, og fyrir minn tilverknað urðu allir hlutir til.

4 Ég er hinn sami, sem tók ‘Síon Enoks að mínu eigin brjósti, og sannlega segi ég, jafnvel alla þá, sem ^btrúað hafa á nafn mitt, því að ég er Kristur, og í eigin nafni, í krafti þess ‘blóðs, sem ég hef úthellt, hef ég ákallað föðurinn þeirra vegna.

5 En sjá, öðrum ‘ranglátum hef ég haldið í ‘bfjötrum myrkursins fram á hinn mikla ‘dómsdag, sem koma mun við endalok jarðar —

6 Og þannig mun ég láta halda hinum ranglátu, sem ekki vilja heyra rödd mína, heldur herða hjörtu sín. Og vei, vei, vei er dómur þeirra.

7 En sjá, sannlega, sannlega segi

ég yður, að ‘augu mín hvíla á yður. Ég er ^bmitt á meðal yðar, en þér fáid eigi séð mig —

8 En sá dagur kemur brátt, er þér munuð ‘sjá mig og vita að ég er, því að hulu myrkursins mun brátt svipt frá, og sá sem ekki er ^bhreinn fær eigi ‘staðist þann dag.

9 Girðið þess vegna lendar yðar og verið viðbúnir. Sjá, ‘ríkið er yðar og óvinurinn mun ekki sigra.

10 Sannlega segi ég yður, þér eruð ‘hreinir, þó ekki allir, en enga aðra er ég vel ^bánægður með —

11 Því að allt ‘hold er spillt frammi fyrir mér, og ^bmyrkraöflin ríkja á jörðunni á meðal manna barna í návist allra herskara himins —

12 Sem veldur því, að þögn ríkir og öll eilífðin ‘þjáist, og ^benglarnir bíða hins mikla boðs um að ‘uppskera jörðina, að safna saman ‘illgresinu, svo að hægt sé að ‘brenna það, og sjá, óvinirnir hafa sameinast.

13 Og nú sýni ég yður leyndardóm, það sem geymt er í leynum og mun, er tímar líða, valda

1b Op 1:8.

c K&S 45:1.

d LR Fortilvera.

e Sálm 90:2.

2a K&S 88:41;

HDP Móse 1:35.

LR Alvitur.

b Okv 5:21;

2 Ne 9:20.

3a Sálm 33:6–9.

LR Skapa, sköpun.

4a ÞJS 1 Mós 14:25–40

(Viðauki);

K&S 45:11–14;

76:66–67; 84:99–100;

HDP Móse 7:18–21.

LR Síon.

b K&S 20:25; 35:2; 45:3–5.

c LR Friðþægja,

friðþæging.

5a LR Óréttlátur, óréttlæti.

b 2 Pét 2:4;

Júd 1:6.

LR Helja.

c LR Lokadómur.

7a K&S 1:1.

b K&S 6:32; 29:5.

8a Op 22:4–5.

LR Síðari koma Jesú

Krists.

b LR Hreinn, hreinleiki.

c Mal 3:2.

9a Lúk 6:20.

LR Ríki Guðs eða ríki

himna.

10a LR Hreint og óhreint.

b K&S 1:30.

11a Jes 1:3–4;

K&S 33:4.

b Míka 3:6;

K&S 112:23;

HDP Móse 7:61–62.

12a HDP Móse 7:41.

b K&S 86:3–7.

c LR Uppspera.

d K&S 88:94; 101:65–66.

e Matt 13:30.

“tortímingu yðar, og þér vissuð það ekki —

14 En nú segi ég yður það og þér eruð blessaðir. Ekki vegna misgjörða yðar, né vantrúar, því að sannlega eru nokkrir yðar sekir fyrir mér, en ég mun vera miskunnssamur gagnvart breyskleika yðar.

15 Verið því ^astyrkir héðan af, ^bóttist ei, því að ríkið er yðar.

16 Og yður til sáluhjálpar gef ég yður boðorð, því að ég hef heyrt bænir yðar og hinir ^afátæku hafa kvartað fyrir mér. Og hina ^bríku hef ég skapað, og allt hold er mitt, og ég fer ekki í ^cmanngreinaralít.

17 Og ég hef gjört jörðina auðuga, og sjá hún er ^afótskór mín. Þess vegna mun ég aftur standa á henni.

18 Og af lítillæti geymi ég yður enn meira ríkidæmi, já, fyrirheitna landið, land sem flýtur í mjólk og hunangi, og á því mun engin bölvun hvíla þegar Drottinn kemur —

19 Og ég mun gefa yður það til arfleifðar, ef þér leitið þess af öllu hjarta.

20 Og þetta skal vera sáttmáli minn við yður, þér skuluð hljóta það sem erfðaland og ^aarfleifð barna yðar að eilífu, meðan jörðin stendur. Og þér skuluð eignast

það aftur í eilífðinni, og það skal aldrei frammar undir lok líða.

21 En sannlega segi ég yður, að sá tími kemur, er þér munuð engan konung hafa né stjórnanda, því að ég mun verða ^akonungur yðar og vaka yfir yður.

22 Heyrið þess vegna rödd mína og ^afylgið mér og þér munuð verða ^bfrjáls þjóð og þér skuluð engin lög hafa önnur en mín lög þegar ég kem, því að ég er ^clög-gjafi yðar, og hvað fær stöðvað hönd mína?

23 En sannlega segi ég yður: ^aKennið hver öðrum í samræmi við það embætti, sem ég hef útnefnt yður —

24 Og látið sérhvern mann ^ameta bróður sinn sem sjálfan sig og iðka ^bdyggðir og ^cheilagleika frammi fyrir mér.

25 Og enn segi ég yður: Látið sérhvern mann meta bróður sinn sem sjálfan sig.

26 Því að hvaða maður meðal yðar, sem á tólf sonu og gjörir engan greinarmun á þeim og þeir þjóna honum af hlýðni, mundi segja við einn: Klæð þig í skikkju og sit hér. Og við annan: Klæð þig í töttra og sit þar — og líta á syni sína og segja: Ég er réttvís?

27 Sjá, þetta hef ég gefið yður sem dæmisögu, og þetta er einmitt

13a K&S 5:32–33.

15a LR Hugrekki, hugrakkur.
b LR Ötti — Ötti við menn.

16a Mósía 4:16–18.
b 1 Sam 2:7.
c Post 10:34; Moró 8:11–12;

K&S 1:34–35.

17a 1 Ne 17:39; Abr 2:7.
20a K&S 45:58.
21a Sak 14:9; 2 Ne 10:14; Al 5:50.
22a Jóh 10:27.
b LR Jesús Kristur — Púsund ára ríki Krists.
c Jes 33:22;

Míka 4:2;
K&S 45:59.

23a K&S 88:77–79, 118, 122.
LR Kenna, kennari.
24a 5 Mós 17:20;
1 Kor 4:6.
b K&S 46:33.
LR Dyggð.
c LR Heilagleiki.

eins og ég er. Ég segi yður: Verið “eitt, og ef þér eruð ekki eitt, eruð þér ekki mínir.

28 Og enn segi ég yður, að óvinurinn í leynum sækist eftir “lífi yðar.

29 Þér spyrjið “hernað í fjarlægum löndum, og þér segið að senn verði miklar styrjaldir í fjarlægum löndum, en þér þekkið ekki hjörtu manna í yðar eigin landi.

30 Ég segi yður þetta vegna bæna yðar. “Safnið þess vegna ^bvísdomi í brjóst yðar, svo að ranglátir menn opinberi yður þetta ekki með ranglæti sínu, þannig að það hljómi hærra í eyrum yðar en sú rödd, sem skekja mun jörðina. En séuð þér viðbúnir þurfið þér ekki að óttast.

31 Og svo að þér megið komast undan valdi óvinarins og safnast til mín sem réttlátt fólk, “flekklaut og vammklaut —

32 Gaf ég yður þess vegna fyrir-mæli um að fara til “Ohio. Og þar mun ég gefa yður ^blög-mál mitt og þar mun yður ^cveitast kraftur frá upphæðum —

33 Og þaðan skal hver sem ég óska “fara út á meðal allra þjóða, og þeim mun sagt hvað gjöra skal. Því ég hef mikið verk sem bíður, því að Ísrael skal ^bhólpinn verða,

og ég mun leiða þá hvert sem ég vil, og ekkert afl fær ^cstöðvað hönd mína.

34 Og nú gef ég kirkjunni í þessum landshluta þau fyrirmæli, að ákveðnir menn meðal þeirra verði tilnefndir og þeir skulu tilnefndir með “rödd kirkjunnar —

35 Og þeir skulu líta til hinna fátæku og þurfsandi og veita þeim “líkn, svo að þeir líði ekki. Og sendið þá til þess staðar, sem ég hef boðið þeim —

36 Og það skal vera starf þeirra að stjórna málum varðandi eignir þessarar kirkju.

37 Og þeir sem eiga jarðir, sem ekki er unnt að selja, skulu yfirgefa þær eða leigja eftir því sem best hentar.

38 Sjáið um að allt sé varðveitt. Og þegar mönnum “veitist kraftur frá upphæðum og þeir eru sendir út, skal öllu þessu safnað saman í faðm kirkjunnar.

39 Og ef þér leitið þess “ríki-dæmis, sem faðirinn vill gefa yður, skuluð þér verða ríkastir allra, því að þér skuluð eiga auðæfi eilífðarinnar, og það hlýtur að vera mitt að veita ^bauðæfi jarðarinnar. En verið á verði gegn “ofurdrambi, svo að þér verðið ekki eins og ^dNefítar til forna.

27a Jóh 17:21–23;

1 Kor 1:10;

Ef 4:11–14;

3 Ne 11:28–30;

HDP Móse 7:18.

LR Eining.

28a K&S 5:33; 38:13.

29a K&S 45:26, 63; 87:1–5;

130:12.

30a JS — M 1:37.

^b LR Viska.

31a 2 Pét 3:14.

32a K&S 37:3.

^b K&S 42.

^c Lúk 24:49;

K&S 39:15; 95:8;

110:9–10.

33a LR Trúboðsverk.

^b Jes 45:17;

Jer 30:10;

K&S 136:22.

^c Dan 4:35.

34a LR Almenn samþykkt.

35a LR Velferð.

38a LR Musterisgjöf.

39a Jakob 2:17–19;

K&S 11:7.

^b Hagg 2:8.

^c LR Drambsemi.

^d Moró 8:27.

40 Og enn segi ég yður: Ég gef yður boð um að sérhver maður, bæði öldungur, prestur og kennari, og einnig meðlimur, vinni að því af öllum mætti sínum, með erfiði “handa sinna, að undirbúa og ljúka því sem ég hef boðið.

41 Og látið “prédikun yðar

hljóma sem ^baðvörunarrödd. Sérhver maður aðvari náunga sinn, af mildi og hógvæð.

42 Og farið “frá hinum ranglátu. Þjargið sjálfum yður. Verið þér hreinir, sem berið ker Drottins. Já, vissulega. Amen.

39. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith til James Covel í Fayette, New York, 5. janúar 1831. James Covel, sem hafði verið meþódistaprestur í u.þ.b. fjörutíu ár, gjörði sáttmála við Drottin um að hlýðnast hverju því boði, sem Drottinn gæfi honum með spámanningum Joseph.

1–4, *Hinir heilögu hafa mátt til að verða synir Guðs; 5–6, Að taka á móti fagnaðarerindinu er að taka á móti Kristi; 7–14, James Covel er boðið að láta skírast og starfa í víngarði Drottins; 15–21, Þjónar Drottins eiga að boða fagnaðarerindið fyrir síðari komuna; 22–24, Þeim sem taka á móti fagnaðarerindinu mun safnað saman um tíma og eilífð.*

HEYRIÐ og hlýðið á raust hans, sem er frá allri eilífð til allrar “eilífðar, hins mikla ^bÉG ER, já, Jesús Krists —

2 “Ljós og líf heimsins. Ljós sem skín í myrkrinu og myrkrið skynjar það ekki —

3 Hinn sami og kom á “hádegisbaugi tímans til minna eigin,

og mínir eigin tóku ekki á móti mér —

4 En öllum þeim, sem tóku á móti mér, veitti ég kraft til að verða “synir mínir. Og á sama hátt mun ég veita öllum þeim, sem taka á móti mér, kraft til að verða synir mínir.

5 Og sannlega, sannlega segi ég yður, að sá, sem tekur á móti fagnaðarerindi mínu, “tekur á móti mér. Og sá, sem ekki tekur á móti fagnaðarerindi mínu, tekur ekki á móti mér.

6 Og þetta er “fagnaðarerindi mitt — iðrun og skírn með vatni, og síðan kemur ^bskírn af eldi og heilögum anda, já, huggaranum, sem sýnir alla hluti og “kennir friðsæld ríkisins.

7 Og sjá, nú segi ég þér, þjónn

40a 1 Kor 4:12.
41a LR Prédika.
b LR Vara við, viðvörun.
42a Jes 52:11.
39 1a Hebr 13:8;
K&S 20:12; 35:1;
38:1–4.
b 2 Mós 3:14.

LR Jehóva.
2a LR Ljós, ljós Krists.
3a K&S 20:26;
HDP Móse 6:57, 62.
4a Jóh 1:12.
LR Synir og dætur
Guðs.
5a Jóh 13:20.

6a LR Fagnaðarerindi;
Iðrast, iðrun;
Skírn, skíra.
b LR Endurfæddur,
fæddur af Guði;
Heilagur andi.
c K&S 42:61.

minn “James: Ég hef séð verk þín og ég þekki þig.

8 Og sannlega segi ég þér: Hjarta þitt er réttlátt fyrir mér á þessari stundu, og sjá, ég hef veitt þér ríkulegar blessanir —

9 Engu að síður hefur þú kynnst mikilli sorg, því að þú hefur hafnað mér mörgum sinnum vegna drambs og veraldlegra “áhyggjuefna.

10 En sjá, dagar lausnar þinnar eru upp runnir, ef þú vilt hlýða á rödd mína, sem segir við þig: Rís á fætur og lát “skírast og lauga burtu syndir þínar. Ákalla nafn mitt og þú skalt hljóta anda minn og ríkulegri blessun en þú hefur áður þekkt.

11 Og gjörir þú þetta, hef ég búið þig undir enn stærra verk. Þú skalt boða fyllingu fagnaðarerindis míns, sem ég hef sent út á þessum síðustu dögum, sáttmálann, sem ég hef sent til að “endurheimta þjóð mína, sem er af ætt Ísraels.

12 Og svo ber við, að kraftur mun “hvíla yfir þér. Þú skalt öðlast sterka trú og ég mun vera með þér og ganga fyrir þér.

13 Þú ert kallaður til að “vinna í vingarði mínum og byggja upp kirkju mína og ^bleiða fram Síon, svo að hún megi fagna á hæðunum og ^ablómstra.

14 Sjá, sannlega, sannlega segi ég þér: Þú ert ekki kallaður til að fara til landanna í austri, heldur ert þú kallaður til þess að fara til Ohio.

15 Og ef fólk mitt safnast saman í Ohio, hef ég geymt því slíka “blessun, sem ekki hefur þekkt meðal manna barna, og henni skal úthellt yfir það. Og þaðan skulu menn fara til ^ballra ^aþjóða.

16 Sjá, sannlega, sannlega segi ég þér, að fólk í Ohio ákallar mig í sterkri trú, og telur að ég muni halda að mér höndum með dóm minn yfir þjóðunum, en ég get ekki afneitað orði mínu.

17 Beitið þess vegna öllum mætti yðar og kallið dygga verkamenn í vingarð minn, svo að hann megi “sniðlaður verða í síðasta sinn.

18 Og sem þeir iðrast og meðtaka fyllingu fagnaðarerindis míns og helgast, svo mun ég halda að mér höndum með ^adóm minn.

19 Farið því og hrópið hárrí röddu og segið: Himnaríki er í nánd, og hrópið: Hósanna! Blessað sé nafn hins æðsta Guðs!

20 Farið og skírið með vatni og greiðið mér veg fyrir ^akomu mína —

21 Því að tíminn nálgast. “Daginn né stundina ^bveit enginn maður, en vissulega kemur hún.

22 Og sá, sem tekur á móti þessu,

7a K&S 40:1.

9a Matt 13:22.

10a K&S 40.

LR Skírín, skíra.

11a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

12a 2 Kor 12:9.

13a Matt 20:1–16.

b Jes 52:8.

c K&S 117:7.

15a K&S 38:32; 95:8; 110:8–10.

b K&S 1:2.

c LR Trúboðsverk.

17a Jakob 5:61–75;

K&S 24:19.

18a LR Jesús Kristur —
Dómari.

20a LR Síðari koma Jesú
Kristis.

21a Matt 24:36.

b JS — M 1:40.

tekur á móti mér, og þeim mun safnað til mín um tíma og eilífð.

23 Og enn fremur ber svo við, að þér munuð leggja “hendur yðar yfir alla þá, sem þér skirið með

vatni, og þeir munu meðtaka ^bgjöf heilags anda og “huga að táknum ^akomu minnar og þekkja mig.

24 Sjá, ég kem skjótt. Já, vissulega. Amen.

40. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith og Sidney Rigdon í Fayette, New York, 6. janúar 1831. Áður en þessi opinberun var skráð segir í sögu spámannsins: „Þar sem James Covel hafnaði orði Drottins og sneri aftur til fyrri trúarkenninga og fólks, gaf Drottinn mér og Sidney Rigdon eftirfarandi opinberun“ (sjá kafla 39).

1–3, Ótti við ofsóknir og veraldlega hluti veldur því að fagnaðararindinu er hafnað.

SJÁ, sannlega segi ég yður, að hjarta þjóns míns “James Covel var réttlátt fyrir mér, því að hann gjörði sáttmála við mig um að hlýða orðum mínum.

2 Og hann “tók á móti orðinu með gleði, en samstundis freistaði Satan hans og óttinn við ^bofsóknir og veraldlega hluti varð til þess, að hann “hafnaði orðinu.

3 Hann rauf þess vegna sáttmála minn, og það er mitt að gjöra við hann eins og mér þóknast. Amen.

41. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til kirkjunnar í Kirtland, Ohio, 4. febrúar 1831. Þessi opinberun segir spámanninum og öldungum kirkjunnar að biðja til að meðtaka „lögmál“ Guðs (sjá kafla 42). Joseph Smith var nýkominn til Kirtlands frá New York og Leman Copley, meðlimur kirkjunnar frá Thomson Ohio, sem var skammt frá, „óskaði þess að bróðir Joseph og Sidney [Rigdon] . . . byggju hjá honum og að hann myndi sjá þeim fyrir húsnæði og vistum.“ Eftirfarandi opinberun gerir það ljóst hvar Joseph og Sidney ættu að búa og kallar einnig Edward Partridge sem fyrsta biskup kirkjunnar.

1–3, Öldungarnir munu stjórna kirkjunni með anda opinberunar; 4–6, Sannir lærisveinar munu meðtaka

og halda lögmál Drottins; 7–12, Edward Partridge er nefndur sem biskup kirkjunnar.

23a LR Handayfirlagning.
b LR Gjöf heilags anda.
c Op 3:3;
K&S 35:15; 45:39–44.

d 2 Pét 3:10–14.
40 1a K&S 39:7–11.
2a Mark 4:16–19.
b Matt 13:20–22.

LR Ofsækja, ofsókn.
c LR Fráhvarf.

HLÝÐIÐ á og heyrið, ó, þér fólk mitt, segir Drottinn og Guð yðar, þér, sem ég hef unun af að ^ablessa með hinni mestu allra blessana, þér, sem hlýðið á mig. Og á yður, sem hlýðið ekki á mig, en segist ^bjátast nafni mínu, mun ég leggja hina þyngstu ^cþölvun.

2 Hlýðið á, ó, þér öldungar kirkju minnar, sem ég hef kallað, sjá, ég gef yður boð um að safnast saman og ^asameinast um orð mitt —

3 Og með trúarbæn yðar skuluð þér taka á móti ^alögmáli mínu, svo að þér megið vita hvernig stjórna skal kirkju minni og hafa allt í reglu frammi fyrir mér.

4 Og ég mun vera ^astjórnandi yðar, þegar ég ^bkem, og sjá, ég kem skjótt, og þér skuluð sjá um að lögmál mitt sé haldið.

5 Sá, sem ^atekur á móti lögmáli mínu og ^bheldur það, hann er lærisveinn minn. En sá, sem segist hafa tekið á móti því og heldur það ekki, sá hinn sami er ekki lærisveinn minn, og honum skal ^cvísað burt frá yður —

6 Því að ekki er rétt, að það, sem tilheyrir börnum ríkisins, sé gefið þeim sem óverðugir eru,

eða ^ahundum, eða að ^bperlum sé kastað fyrir svín.

7 Og enn fremur er það rétt að reisa ætti ^ahús fyrir þjón minn Joseph Smith yngri, til að búa í og vinna við ^bþýðingar.

8 Og enn fremur er það rétt, að þjónn minn Sidney Rigdon fái lifað eins og honum þóknast, svo fremi að hann haldi boðorð mín.

9 Og enn fremur hef ég kallað þjón minn ^aEdward Partridge, og ég gef fyrirmæli um, að hann verði tilnefndur með rödd kirkjunnar og vígður ^bbiskup hennar, að hann yfirgefi verslun sína og ^cverji öllum tíma sínum í þjónustu kirkjunnar —

10 Og líti eftir öllum hlutum eins og honum verður falið í lögum mínum, þann dag, sem ég veiti þau.

11 Og svo skal vera, vegna þess að hjarta hans er hreint fyrir mér, því að hann líkist ^aNatanael til forna, sem engin ^bsvik eru í.

12 Þessi orð eru yður gefin, og þau eru hrein frammi fyrir mér. Gætið þess vegna að því hvernig þér haldið þau. Því að sálir yðar skulu svara fyrir þau á dómsdegi. Já, vissulega. Amen.

41 1a LR Blessa, blessaður, blessun.
b K&S 56:1–4; 112:24–26.
c 5 Mós 11:26–28;
1 Ne 2:23.
2a LR Eining.
3a K&S 42.
4a Sak 14:9;
K&S 45:59.
LR Jesús Kristur —

Þúsund ára ríki Krists.
b LR Síðari koma Jesú Krists.
5a Matt 7:24.
b Jakbr 1:22–25;
K&S 42:60.
c K&S 50:8–9.
LR Brottvikning.
6a Matt 15:26.
b Matt 7:6.

7a K&S 42:71.
b Þ.E. Þýða Biblíuna.
K&S 45:60–61.
9a K&S 36:1.
b K&S 72:9–12;
107:68–75.
LR Biskup.
c K&S 51.
11a Jöh 1:47.
b LR Svik.

42. KAFLI

Opinberun gefin í tveim hlutum gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 9. og 23. febrúar 1831. Fyrsti hlutinn, sem nær yfir vers 1 til og með 72, var meðtekinn í viðurvist tólf öldunga og til uppfyllingar loforði, sem Drottinn hafði áður gefið um að „lög málið“ yrði gefið í Ohio (sjá kafla 38:32). Seinni hlutinn nær yfir vers 73 til og með 93. Spámaðurinn segir þessa opinberun „fela í sér lög málið kirkjunnar.“

1–10, Öldungarnir eru kallaðir til að prédika fagnaðarerið, skíra trúskiptinga og byggja upp kirkjuna; 11–12, Þá verður að kalla og vígja og þeir eiga að kenna reglur fagnaðareriðsins, sem í ritningunum eru; 13–17, Þeir eiga að kenna og spá með krafti andans; 18–29, Hinum heilögu er boðið, að þeir megi ekki drepa, stela, ljúga, girnast, drýgja hór, eða tala illa um aðra; 30–39, Lög málið varðandi helgun eigna sett fram; 40–42, Dramb og iðjuleysi fordæmt; 43–52, Hina sjúku skal lækna með líknarblessun og trú; 53–60, Ritningar stjórnar kirkjunnar og skulu kynntar heiminum; 61–69, Lega Nýju Jerúsalem og leyndardómar ríkisins mun opinberað; 70–73, Helgaðar eigur skulu notaðar til stuðnings embættismönnum kirkjunnar; 74–93, Lög málið varðandi saurlífi, hórdóm, morð, stuld og játningu synda sett fram.

HLÝÐIÐ á, ó, þér öldungar kirkju minnar, sem safnast hafið saman í mínu nafni, sjálfs Jesú Krists, sonar hins lifanda Guðs, frelsara heimsins — svo fremi að þér trúðið á nafn mitt og haldið boðorð mín.

2 Og enn segi ég yður: Hlýðið á

og heyrið og farið eftir því „lög máli, sem ég mun gefa yður.

3 Því að sannlega segi ég, að sem þér hafið safnast saman samkvæmt því „boði, er ég gaf yður, og eruð einhuga í þessu og hafið beðið til föðurins í mínu nafni, einmitt svo munuð þér meðtaka.

4 Sjá, sannlega segi ég yður, ég gef yður þau fyrstu fyrirmæli, að þér farið í mínu nafni, sérhver yðar, nema þjónar mínir Joseph Smith yngri og Sidney Rigdon.

5 Og ég gef þeim þau fyrirmæli, að þeir fari skamma hríð, og það mun veitast þeim með krafti andans, hvenær þeir skuli snúa aftur.

6 Og þér skuluð fara í krafti anda míns og boða fagnaðarerið mitt, „tveir og tveir saman, í mínu nafni, og hefja upp rödd yðar sem lúðurhljóm, og boða orð mitt sem englar Guðs.

7 Og þér skuluð fara og skíra með vatni og segja: Iðrist, iðrist, því að himnaríki er í nánd.

8 Og frá þessum stað skuluð þér fara til landsvæðanna í vestri, og ef þér finnið þá, sem vilja taka á móti yður, skuluð þér reisa kirkju mína á hverju svæði —

42 2a K&S 58:23.
LR Lög máli.
3a K&S 38:32.

b Matt 18:19.
5a LR Heilagur andi.
6a Mark 6:7.

LR Trúboðsverk.

9 Uns sú stund rennur upp, er það mun opinberað yður frá upphæðum, hvenær undirbúa skuli “borg hinnar ^bNýju Jerúsalem, svo að ‘safna megí yður saman og þér getið orðið minn ^alyður, og ég mun vera Guð yðar.

10 Og enn segi ég yður, að þjónn minn “Edward Partridge skal standa í því embætti, sem ég hef tilnefnt hann í. Og svo ber við, að ef hann gjörist brotlegur, skal ^bannar tilnefndur í hans stað. Já, vissulega. Amen.

11 Enn fremur segi ég yður, að engum skal leyft að fara og “prédika fagnaðarerindi mitt eða byggja upp kirkju mína, nema hann sé ^bvígður af þeim, sem ‘vald hefur, og að kirkjunni sé kunnugt um, að hann hafi það vald, og leiðtogar kirkjunnar hafi formlega vígt hann.

12 Og enn fremur skulu “öldungar, prestar og kennarar þessarar kirkju ^bkenna grundvallarreglur fagnaðarerindis míns, sem eru í ‘Bíblíunni og “Mormónsbók, er geyma fyllingu “fagnaðarerindisins.

13 Og þeir skulu virða “sáttmál-

ana og kirkjureglurnar og fara eftir þeim, og þetta skulu þeir kenna eins og andinn býður þeim

14 Og andinn skal veitast yður með “trúarbæn. Og ef þér meðtakið ekki ^bandann, munuð þér ekki kenna.

15 Og gætið þess að gjöra allt þetta og haga kennslu yðar svo sem ég hef boðið, þar til “fylling ritninga minna veitist.

16 Og þegar þér hefjið upp raust yðar með “huggaranum, munuð þér mæla og spá eins og mér er þóknanlegt —

17 Því að sjá, huggarinn veit alla hluti og ber vitni um föðurinn og soninn.

18 Og sjá, nú tala ég til kirkjunnar. Þú skalt ekki “morð fremja. Og sá, sem ^bmorð fremur, fær eigi fyrirgefningu í þessum heimi né í komanda heimi.

19 Og enn segi ég, þú skalt ekki morð fremja, en sá, sem morð fremur, skal “deyja.

20 Þú skalt ekki “stela. Og þeim, sem stelur og ekki vill iðrast, skal vísað burt.

21 Þú skalt ekki “ljúga. Þeim,

9a K&S 57:1–2.

b Et 13:2–11;

K&S 45:66–71; 84:2–5;

HDP Móse 7:62;

TA 1:10.

LR Nýja Jerúsalem.

c LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

d Sak 8:8.

10a K&S 41:9–11; 124:19.

b K&S 64:40.

11a LR Prédika.

b LR Köllun, kallaður af Guði;

Vígja, vígsla.

c LR Prestdæmi;

Vald.

12a LR Öldungur.

b Mósía 18:19–20;

K&S 52:9, 36.

LR Kenna, kennari.

c LR Biblía.

d LR Mormónsbók;

Ritningar — Gildi

ritninganna.

e LR Fagnaðarerindi.

13a ÞE K&S 20 (sjá formála að kafla 20).

14a K&S 63:64.

LR Bæn.

b LR Heilagur andi;

Kenna, kennari —

Kennsla með andanum.

15a K&S 42:56–58.

16a 1 Kor 2:10–14;

K&S 68:2–4.

LR Huggari.

18a 2 Mós 20:13–17;

Matt 5:21–37; 2 Ne 9:35;

Mósía 13:21–24;

3 Ne 12:21–37.

b LR Morð.

19a LR Dauðarefsing.

20a LR Stela, stuldur.

21a LR Heiðarlegur,

heiðarleiki;

Lygar.

sem lýgur og iðrast ekki, skal vísað burt.

22 Þú skalt ^aelska eiginkonu þína af öllu hjarta þínu og vera ^bbundinn henni og engu öðru.

23 Og sá, sem lítur á konu með ^agirndarhug, mun afneita trúnni og ekki hafa andann. Og iðrist hann ekki skal honum vísað burt.

24 Þú skalt ekki drýgja ^ahór. Og þeim, sem drýgir hór og iðrast ekki, skal vísað burt.

25 En þú skalt ^afyrirgefa þeim, sem drýgt hefur hór og ^biðrast af öllu hjarta sínu og lætur af því og endurtekur það ekki —

26 En ^aendurtaki hann það, skal honum ekki fyrirgefið, heldur vísað burt.

27 Þú skalt ekki ^atala illa um náunga þinn, né valda honum nokkrum skaða.

28 Þér vitið að lögmál mín varðandi þetta eru gefin í ritningum mínum. Þeim, sem syndgar og iðrast ekki, skal ^avísað burt.

29 Ef þér ^aelskið mig, skuluð þér ^bþjóna mér og ^chalda öll boðorð mín.

30 Og sjá, þér skuluð minnst hinna ^afátæku og ^bhelga þann

hluta eigna yðar, sem þér getið af hendi látið, þeim til ^aframfærslu, með órjúfanlegum sáttmála og samningi.

31 Og sem þér ^agefið af eignum yðar til hinna ^bfátæku, svo er það mér gefið. Og þær skulu lagðar fyrir ^bbiskup kirkju minnar og ráðgjafa hans, tvo öldunga eða hápresta, sem hann mun tilnefna eða hefur tilnefnt og ^asett í embætti í þeim tilgangi.

32 Og svo ber við, að eftir að þær hafa verið lagðar fyrir biskup kirkju minnar og eftir að hann hefur fengið þessa vitnisburði um ^ahelgun á eignum kirkjunnar, að þær verða ekki frá henni teknar nema gegn boði mínu, og sérhver maður skal gerður ^bábyrgur gagnvart mér, ^cráðsmaður sinna eigin eigna eða þess, sem hann hefur mótttekið með helgun, og nægir honum og ^afjölskyldu hans.

33 Og enn fremur, ef vera skulu meiri eigur í höndum kirkjunnar eða einhverra einstaklinga hennar, eftir þessa fyrstu helgun, en þarf til framfærslu þeirra, skal það sem ^aumfram er helgað biskupi og geymt til hjálpar þeim sem

22a LR Elska, ást; Giftast.

b 1 Mós 2:23–24; Ef 5:25, 28–33.

23a Matt 5:28; 3 Ne 12:28; K&S 63:16.

LR Losti.

24a LR Hórdómur.

25a Jóh 8:3–11.

LR Fyrirgefa.

b LR Iðrast, iðrun.

26a 2 Pét 2:20–22; K&S 82:7.

27a LR Slúður.

28a LR Brottvikning.

29a Jóh 14:15, 21.

b LR Þjónusta.

c LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

30a Mósía 4:16–26;

Al 1:27.

LR Fátækur.

b LR Helgun, helgunarlögmál.

c LR Velferð.

31a Mósía 2:17. LR Ölmusa.

b LR Fátækur.

c LR Biskup.

d LR Setning í embætti.

32a K&S 51:4.

b K&S 72:3–11.

LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda.

c LR Ráðsmaður, ráðsmennska.

d K&S 51:3.

33a K&S 42:55; 51:13; 119:1–3.

ekkert hafa, á hverjum tíma, svo að hver sá sem þarfnast þess fái nægilegar vistir í samræmi við þarfir sínar.

34 Þess vegna skal það sem umfram er geymt í forðabúri mínu til líknar hinum fátæku og þurfsandi samkvæmt tilskipan háráðs kirkjunnar og biskupsins og ráðs hans —

35 Einnig til kaupa á landi til almennra nota kirkjunnar og byggingar guðsþjónustuhúss og til byggingar “Nýju Jerúsalem, sem síðar mun opinberuð —

36 Svo að sáttmálsþjóð mín megi safnast saman á þeim degi, þegar ég “kem til ^bmusteris míns. Og þetta gjöri ég til hjálpraðis fólki mínu.

37 Og svo ber við, að þeim, sem syndgar og iðrast ekki, skal “vísað úr kirkjunni, og hann skal ekki fá aftur það sem hann hefur ^bhelgað hinum fátæku og þurfsandi í kirkju minni, eða með öðrum orðum, helgað mér —

38 Því að það, sem þér “gjörði einum hinna minnstu, það gjörði þér mér.

39 Því að svo ber við, að það, sem ég hef talað fyrir munn spámannanna minna, mun uppfyllt verða. Því að auðæfi þeirra, sem

meðtaka fagnaðarerindi mitt meðal Þjóðanna, mun ég helga hinum fátæku af þjóð minni, sem er af ætt Ísraels.

40 Og enn fremur skuluð þér ekki vera “dramblátir í hjarta. ^bKlæði yðar séu látlaus og fegurð þeirra fegurð yðar eigin handaverka —

41 Og gjörið allt í hreinleika frammi fyrir mér.

42 Þér skuluð ekki vera “iðjulausir, því að sá, sem er iðjulaus, skal hvorki eta brauð verkamannsins né klæðast fötum hans.

43 Og hver sá, sem “sjúkur er meðal yðar og hefur ekki trú til að læknastr, en trúir, skal nærður af fullri alúð, með jurtum og mildu fæði, en ekki af hendi óvinar.

44 Og kalla skal til öldunga kirkjunnar, tvo eða fleiri, og þeir skulu biðja fyrir þeim og leggja “hendur yfir þá í mínu nafni. Og deyi þeir, munu þeir ^bdeyja í mér, og lifi þeir, munu þeir lifa í mér.

45 Þér skuluð “búa saman í ^bkærleika, svo að þér “grátið missi þeirra er deyja og þá einkum þeirra, sem enga “von hafa um dýrðlega upprisu.

46 Og svo ber við, að þeir sem deyja í mér skulu eigi smakka “dauðann, því að hann verður þeim ^bljúfur —

35a LR Nýja Jerúsalem; Sion.

36a K&S 36:8.

b Mal 3:1.

37a K&S 41:5; 50:8–9.

LR Brottvikning.

b LR Helgun, helgunarlögmál.

38a Matt 25:34–40.

LR Kærleikur;

Velferð.

40a Okv 16:5.

LR Drambsemi.

b LR Hófsemi.

42a K&S 68:30–32.

LR Iðjulaus, iðjuleysi.

43a LR Sjúkur, sjúkdómur.

44a LR Handayfirlagning;

þjónusta við sjúka.

b Róm 14:8;

Op 14:13;

K&S 63:49.

45a 1 Jón 4:16, 20–21.

b LR Elska, ást.

c Al 28:11–12.

d 1 Kor 15:19–22.

LR Von.

46a LR Dauði, líkamlegur.

b Op 14:13.

47 En vei sé þeim, sem ekki deyja í mér, því að dauði þeirra er bitur.

48 Og enn fremur ber svo við, að sá, sem hefur "trú á mér til að læknast og ekki er útnefndur til að deyja, hann skal heill verða.

49 Sá, sem hefur trú til að sjá, skal sjá.

50 Sá, sem hefur trú til að heyra, skal heyra.

51 Hinn lamaði, sem hefur trú til að hlaupa, skal hlaupa.

52 Og þeir, sem ekki hafa trú til þessara hluta, en trúa á mig, hafa kraft til að verða "synir mínir, og ef þeir brjóta ekki lögmál mín, skalt þú ^bumbera veikleika þeirra.

53 Þú skalt standa í stöðu þinni sem "ráðsmaður.

54 Þú skalt ekki taka klæði bróður þíns. Þú skalt greiða fyrir það, sem þú færð hjá bróður þínum.

55 Og "hljótir þú meira en það sem nægir þér til framfæris, skalt þú gefa það í ^bfordabúr mitt, svo að allt sé gjört samkvæmt því, sem ég hef sagt.

56 Þú skalt spyrja, og "ritningar mínar skulu gefnar eins og ég hef

útnefnt, og þær skulu tryggilega ^bvarðveittar —

57 Og æskilegt er, að þú haldir stillingu þinni varðandi þær og kennir þær ekki fyrir en þú hefur meðtekið þær að fullu.

58 Og ég gef þér boð um að kenna þær þá öllum mönnum, því að þær skulu kenndar "öllum þjóðum, kynkvíslum, tungum og lýðum.

59 Þú skalt taka það sem þú hefur meðtekið og hefur verið gefið þér í ritningum mínum sem lögmál, og það skal vera lögmál mitt til stjórnunar kirkju minni —

60 Og sá sem "fer eftir þessu mun hólpinn, en sá sem ekki fer eftir því mun ^bdæmdur, haldi hann svo áfram.

61 Ef þú munt spyrja, munt þú hljóta "opinberun á opinberun ofan, ^bþekking á þekking ofan, svo að þú megir þekkja "leyndardómana og hið "friðsæla — það, sem færir "gleði, það, sem færir eilíft líf.

62 Þú skalt spyrja, og það mun opinberað þér á mínum tíma, hvar hin "Nýja Jerúsalem skuli reist.

63 Og sjá, svo ber við, að þjónar

48a K&S 46:19.

LR Átrúnaður.

b LR Lækna, lækningar.

c Préd 3:1–2;

Post 17:26;

Hebr 9:27;

K&S 122:9.

52a LR Synir og dætur

Guðs.

b Róm 15:1.

LR Samfélag.

53a LR Ráðsmaður,

ráðsmennska.

55a K&S 82:17–19; 119:1–3.

b K&S 42:34; 51:13.

56a K&S 45:60–61.

b LR Ritningar — Gildi ritninganna.

58a K&S 1:2.

60a K&S 41:5.

LR Hlýðni, hlýðinn,

hlýða.

b HDP Móse 5:15.

LR Fordæming.

61a LR Opinberun.

b Abr 1:2.

LR Vitnisburður;

Þekking.

c K&S 63:23.

LR Leyndardómar

Guðs.

d K&S 39:6.

e LR Gleði.

62a K&S 57:1–5.

mínir skulu sendir til austurs og til vesturs, til norðurs og til suðurs.

64 Og lát jafnvel nú, þann sem fer í austur, segja þeim, sem þar snúast til trúar, að flýja í „vestur, og það vegna þess sem koma skal yfir jörðina, og vegna ^bleynisamtaka.

65 Sjá, þú skalt virða allt þetta, og mikil skulu laun þín, því að þér er gefið að þekkja leyndardóma ríkisins, en heiminum er ekki gefið að þekkja þá.

66 Þú skalt virða þau lögmál, sem þú hefur meðtekið, og vera staðfastur.

67 Og þú skalt héðan í frá taka á móti „sáttmálum kirkjunnar eins og nægir til að koma þér á fastan grundvöll, bæði hér og í Nýju Jerúsalem.

68 Þess vegna skal sá, sem brestur „visku, biðja mig, og ég mun gefa honum örlátlega og átölulaust.

69 Lyftið hjörtum yðar og fagnið, því að yður hefur verið gefið „ríkið, eða með öðrum orðum, ^blyklar kirkjunnar. Já, vissulega. Amen.

70 „Prestar og ^bkennarar skulu hafa sína „ráðsmennsku, já, eins og meðlimirnir.

71 Og öldungarnir og háprestarnir, sem tilnefndir eru ráðgjafar biskups og honum til aðstoðar

í öllum málum, skulu fá framfærslu fjölskyldna sinna af eignum þeim sem „helgaðar eru biskupi, til hjálpar hinum fátæku og til annarra mála, eins og áður hefur verið getið —

72 Eða þeir hljóti sanngjarna þóknun fyrir alla þjónustu sína, annaðhvort ráðsmannslaun eða annað, sem ráðgjafar og biskup telja best eða ákveða.

73 Og biskupinn skal einnig hljóta framfærslu sína eða sanngjarna þóknun fyrir alla þjónustu sína í kirkjunni.

74 Sjá, sannlega segi ég yður, að hverjir þeir á meðal yðar, sem hafa sagt skilið við maka sinn vegna „saurlifnaðar, eða með öðrum orðum, ef þeir vitna fyrir yður í hjartans lítillæti, að þannig sé málum háttað, þá skuluð þér ekki vísa þeim burt frá yður —

75 En ef þér komist að því, að einhverjir hafi yfirgefið maka sinn vegna „hjúskaparbrots, en sjálfir eru þeir sekir og maki þeirra á lífi, þá skal þeim ^bvísað burt frá yður.

76 Og enn segi ég yður, að þér skuluð vera vel á „verði og sýna gætni við allar fyrirsurnir, ef þeir eru giftir, svo að þér takið við engum slíkum —

77 En séu þeir ekki giftir, skulu

64a K&S 45:64.

^b LR Leynisamtök, samsæri.

67a K&S 82:11–15.

68a Jakb 1:5.

LR Víska.

69a LR Ríki Guðs eða ríki himna.

^b Matt 16:19;

K&S 65:2.

LR Lyklar prestdæmisins.

70a LR Prestur, Aronsprestðæmi.

^b LR Kennari í Aronsprestðæminu.

^c LR Ráðsmaður, ráðsmennska.

71a LR Helgun, helgunarlögmál.

74a LR Kynferðislegt siðleysi;

Saurlifnaður.

75a LR Hórdómur.

^b LR Brottvíking.

76a LR Vaka, vera á verði, verðir.

þeir iðrast allra sinna synða, ella takið þér ekki við þeim.

78 Og enn, hver sá, sem tilheyrir þessari kirkju Krists, skal gæta þess að halda öll boðorð og alla sáttmála kirkjunnar.

79 Og svo ber við, að ef einhver yðar á meðal fremur ^amorð, skal hann framseldur og farið með hann í samræmi við lög landsins, og sekt hans skal sönnuð að lögum landsins, því að hafa skal í huga, að hann hlýtur enga fyrirgefningu.

80 Og drýgi einhver maður eða kona hór, skulu tveir öldungar kirkjunnar, eða fleiri, yfirheyra hann eða hana, og hvert orð gegn honum eða henni skal sannað með tveim vitnum kirkjunnar, en ekki óvinar. Og séu vitnin fleiri en tvö, því betra.

81 En hann eða hún skulu borin sökum af munni tveggja vitna, og öldungarnir skulu leggja málið fyrir kirkjuna og kirkjan skal lyfta upp höndum sínum gegn honum eða henni, svo að með þau sé farið samkvæmt lögum Guðs.

82 Og ef unnt er, er nauðsynlegt að biskup sé einnig viðstaddur.

83 Og þannig skuluð þér fara með öll mál, sem fyrir yður koma.

84 Og ef maður eða kona gerast sek um rán, skal hann eða hún framseld lögum landsins.

85 Og ^asteli hann eða hún, skulu þau framseld lögum landsins.

86 Og ^aljúgi hann eða hún, skulu þau framseld lögum landsins.

87 Og gjörist hann eða hún sek um einhvers konar misgjörðir, skal hann eða hún eftirlátin lögmálinu, já, lögmáli Guðs.

88 Og ef ^abróðir þinn eða systir ^bmisbýður þér, skalt þú taka málið fyrir einslega milli þín og hans eða hennar, og ^cjáti hann eða hún, skalt þú sættast.

89 En játi hann eða hún ekki, skalt þú afhenda hann eða hana kirkjunni, ekki meðlimunum heldur öldungunum. Og það skal gjört á fundi, en ekki fyrir umheiminum.

90 Og misbjóði bróðir þinn eða systir mörgum, skal hann eða hún ^aöguð í viðurvist margra.

91 Og misbjóði einhver opinberlega, skal hann eða hún fá átölur opinberlega, svo að hann eða hún megi blygðast sín. Og játi hann eða hún ekki, skal hann eða hún eftirlátin lögmáli Guðs.

92 Og misbjóði einhver í leynum, skal hann eða hún fá átölur í leynum, svo að hann eða hún fái tækifæri til að játa í leynum fyrir honum eða henni, sem hann eða hún hefur misboðið, og fyrir Guði, svo að kirkjan geti ekki talað ásakandi um hann eða hana.

93 Og þannig skuluð þér breyta í öllu.

79a LR Morð.

85a LR Stela, stuldur.

86a LR Heiðarlegur, heiðarleiki;

Lygar.

88a LR Bræður, bróðir;

Systir.

b Matt 18:15–17.

c LR Játa, játning.

90a LR Aga.

43. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, í febrúar 1831. Á þeim tíma höfðu nokkrir kirkjumeðlimir látið gleppjast af fólki, sem ranglega fullyrti að það fengi opinberanir. Spámaðurinn leitaði til Drottins og fékk þessi orð, en þeim er beint til öldunga kirkjunnar. Fyrri hlutinn fjallar um mál er varðar stjórnlæg kirkjunnar, en síðari hlutinn er aðvörun, sem öldungarnir skulu flytja þjóðum jarðar.

1–7, *Opinberanir og boðorð berast aðeins með þeim sem útnefndur er; 8–14, Hinir heilögu helgast með því að breyta í öllu í heilagleika frammi fyrir Drottni; 15–22, Öldungarnir eru sendir út til að hrópa iðrun og búa menn undir hinn mikla dag Drottins; 23–28, Drottinn kallar á menn með sinni eigin röddu og með náttúruöflunum; 29–35, Þúsund ára ríkið mun koma og Satan verður bundinn.*

Ó, HLÝÐIÐ á, þér öldungar kirkju minnar, og ljáið eyra orðum þeim, sem ég mæli til yðar.

2 Því að sjá, sannlega, sannlega segi ég yður, að með honum, sem ég hef útnefnt til að meðtaka “boð og opinberanir frá mér, hafið þér fengið fyrirmæli sem ^hlög kirkju minnar.

3 Og það skuluð þér vita með vissu — að enginn annar er yður útnefndur til að meðtaka boð og opinberanir, fyrr en hann verður burt numinn, ef hann reynist “trúr í mér.

4 En sannlega, sannlega segi ég

yður, að “enginn annar skal útnefndur fyrir þessa gjöf, nema með honum, því að verði það tekið frá honum, mun hann ekki hafa vald til annars en að tilnefna annan í sinn stað.

5 Og þetta skal vera yður lög, að þér takið ekki á móti kenningum neinna, sem koma til yðar, sem opinberunum og boðum —

6 Og þetta gef ég yður, svo að þér látið ekki “blekkjast og megið vita, að þær eru ekki frá mér.

7 Því að sannlega segi ég yður, að sá, sem ég “vígi, mun ganga inn um ^hliðið og hljóta vígslu, eins og ég hef áður sagt yður, til að kenna þær opinberanir, sem þér hafið meðtekið og munuð meðtaka í gegnum þann, sem ég hef útnefnt.

8 Og sjá, nú gef ég yður fyrir-mæli, að þegar þér komið saman skuluð þér “fræða og uppbyggja hver annan, svo að þér megið vita hvað gjöra skal og hvernig stjórna skal kirkju minni, og hvernig fara skal eftir lögmálum þeim og boðum, sem ég hef gefið.

43 2a LR Boðorð Guðs;
Opinberun.
b K&S 42.
3a Jóh 15:4.
4a K&S 28:2–3.

6a K&S 46:7.
LR Blekking, blekkja.
7a LR Vígja, vígsla.
b Matt 7:13–14;
2 Ne 9:41; 31:9, 17–18;

3 Ne 14:13–14;
K&S 22.
8a K&S 88:77.

9 Og þannig skuluð þér fræðast um lög kirkju minnar og ^ahelgast af því, sem þér hafið meðtekið. Og þér skuluð skuldbinda yður til að breyta í öllu í heilagleika frammi fyrir mér —

10 Og sem þér gjörði þetta, svo mun dýrð ^abætast því ríki, sem þér hafið hlotið. En sem þér gjörði það eigi, svo skal það burtu ^btekið, já, það sem þér hafið meðtekið.

11 Hreinsið burtu þær ^amisgjörðir, sem meðal yðar eru. Helgið yður frammi fyrir mér —

12 Og ef þér þráið dýrðir ríkisins, þá skuluð þér tilnefna þjón minn Joseph Smith yngri og ^astyðja hann frammi fyrir mér með trúarbæn.

13 Og enn segi ég yður, að ef þér þráið ^aleyndardóma ríkisins, þá skuluð þér sjá honum fyrir fæði og klæði og hverju því, sem hann þarfnast til að ljúka því verki, sem ég hef boðið honum —

14 Og ef þér gjörði það eigi, skal hann verða með þeim, sem hafa tekið á móti honum, svo að ég megí geyma mér ^ahreint fólk.

15 Og enn segi ég, hlýðið á, þér öldungar kirkju minnar, sem ég hef útnefnt: Þér eruð ekki sendir út til að láta kenna yður, heldur til

að ^akenna mannanna börnum það, sem ég hef falið yður í hendur með krafti ^banda míns —

16 Og þér skuluð hljóta ^akennslu frá upphæðum. ^bHelgið yður, og þér munuð ^cgæddir krafti, svo að þér megíð af hendi láta, já, eins og ég hef talað.

17 Hlýðið á, því að sjá, hinn ^amikli ^bdagur Drottins er í nánd.

18 Því að sá dagur kemur, er Drottinn mun láta ^araust sína berast frá himni. Himnarnir munu ^bbifast og jörðin ^cnötra og ^dbásúna Guðs skal hljóma bæði hátt og lengi og segja sofandi þjóðunum: Þér heilagir, ^erísið á fætur og lifið. Þér syndarar, ^fsofið áfram þar til ég kalla aftur.

19 Girðið þess vegna lendar yðar, svo að þér finnist ei meðal hinna ranglátu.

20 Hefjið upp raust yðar og hlífist eigi. Kallið þjóðirnar til iðrunar, bæði aldna og unga, bæði ánaudu-uga og frjálssa og segið: Búið yður undir hinn mikla dag Drottins —

21 Því að ef ég, sem er maður, hef upp raust mína og kalla yður til iðrunar og þér forsmáið mig, hvað munuð þér segja þegar sá dagur kemur, er ^aþrumur

9a LR Lausn frá synd.

10a Al 12:10.

b Mark 4:25.

11a LR Synd.

12a LR Stuðningur við kirkjuleiðtoga.

13a LR Leyndardómar Guðs.

14a LR Hreinn, hreinleiki.

15a LR Trúboðsverk.

b LR Kenna, kennari — Kennsla með

andanum.

16a LR Innblástur, guðleg andagift.

b LR Lausn frá synd.

c Lúk 24:49; K&S 38:32; 95:8–9; 110:8–10.

17a Mal 4:5; K&S 2:1; 34:6–9.

b K&S 29:8.

LR Síðari koma Jesú Krists.

18a Jóel 2:11;

K&S 133:50.

b Jóel 2:10; 3:16;

K&S 45:48.

c K&S 88:87.

d K&S 29:13; 45:45.

e LR Upprisa.

f Morm 9:13–14;

K&S 76:85; 88:100–101.

21a 2 Ne 27:2;

K&S 88:90.

láta raust sína berast frá endi-mörkum jarðar og tala í eyru allra sem lifa, og segja: Iðrist og búið yður undir hinn mikla dag Drottins?

22 Já, og enn fremur, þegar eldingar leiftra frá austri til vesturs og láta raust sína berast til allra er lifa, svo að klingir í eyrum allra, sem á hlýða, og þessi orð hljóma: Iðrist, því að hinn mikli dagur Drottins er kominn?

23 Og enn mun Drottinn láta raust sína berast frá himni og segja: Hlýðið á, ó, þér þjóðir jarðar, og heyrið orð þess Guðs, sem gjörði yður.

24 Ó, þér þjóðir jarðar, hversu oft hef ég viljað safna yður saman eins og ^ahæna safnar ungum sínum undir vængi sér, en þér ^bvilduð það eigi!

25 Hversu oft hef ég ^ahrópað til yðar með munni ^bþjóna minna og með ^cþjónustu engla og minni eigin raust, og með þrumuraust og með raust eldinga og með raust fellibyls og með raust jarðskjálfta og mikils hagléls og með raust hvers kyns ^dhungursneyðar og plágu og með sterkum hljómi básúnunnar og með raust dómsins

og með raust ^emiskunnar, allan liðlangan daginn, og með raust dýrðar og heiðurs og ríkidæmis eilífs lífs, og hefði frelsað yður með ^fævarandi hjálpræði, en þér vilduð það eigi!

26 Sjá, sá dagur er upp runninn, er reiðibikar réttlátrar reiði minnar er fullur.

27 Sjá, sannlega segi ég yður, að þetta eru orð Drottins Guðs yðar.

28 Vinnið því, ^avinnið í víngarði mínum í síðasta sinn — kallið í síðasta sinn á íbúa jarðar.

29 Því að á mínum tíma mun ég ^akoma til jarðar til að dæma, og mitt fólk mun endurleyst og ríkja með mér á jörðu.

30 Því að hið mikla ^aþúsund ára ríki, sem ég hef talað um fyrir munn þjóna minna, mun koma.

31 Því að ^aSatan mun ^bbundinn, og þegar hann verður leystur aftur mun hann aðeins ríkja ^cskamma hríð, og síðan koma ^dendalok jarðar.

32 Og sá, sem lifir í ^aréttlæti, mun ^bbreytast á augabragði, og jörðin skal líða undir lok sem af eldi.

33 Og hinir ranglátu skulu fara í óslökkvandi ^aeld, og um endalok þeirra veit enginn maður á

24a Matt 23:37;

3 Ne 10:4–6.

b LR Uppreisn.

25a He 12:2–4.

b Matt 23:34.

LR Spámaður.

c K&S 7:6; 130:4–5.

d Jer 24:10;

Amos 4:6;

K&S 87:6;

JS — M 1:29.

e LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

f LR Eilíft líf;

Ódauðlegur,

ódauðleiki;

Sáluhjálp, hjálpræði.

28a Jakob 5:71;

K&S 33:3.

LR Víngarður Drottins.

29a LR Síðari koma Jesú

Krists.

30a LR Þúsundarárikið.

31a 1 Ne 22:26.

LR Djöfull.

b K&S 45:55; 84:100;

88:110.

c Op 20:3;

Jakob 5:77;

K&S 29:22.

d LR Heimur —

Heimsendir.

32a LR Réttlátur, réttlæti.

b 1 Kor 15:51–52;

K&S 63:51; 101:31.

LR Upprisa.

33a Matt 3:12.

jörðu, né mun nokkurn tíma vita, fyrir en þeir koma fram fyrir mig til ^bdóms.

34 Hlýðið á þessi orð. Sjá, ég er Jesús Kristur, ^afrelsari heimsins.

^bVarðveitið þetta í hjörtum yðar og látið ^chátíðleika eilífðarinnar ^ahvíla í ^ehugum yðar.

35 Verið ^aárvakrir. Haldið öll mín boðorð. Já, vissulega. Amen.

44. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith og Sidney Rigdon í Kirtland, Ohio, síðari hluta febrúar 1831. Í samræmi við þá nauðsyn, sem hér er greint frá, ákvað kirkjan að ráðstefna skyldi haldin snemma í júnímánuði næstkomandi.

1–3, Öldungarnir skulu koma saman til ráðstefnu; 4–6, Þeir skulu skipuleggja sig í samræmi við lög landsins og annast hina fátæku.

SJÁ, svo segir Drottinn til yðar þjóna sinna: Mér þykir nauðsynlegt, að öldungar kirkju minnar verði kallaðir saman með bréfi eða á annan hátt, frá austri og vestri, frá norðri og suðri.

2 Og svo ber við, að sem þeir eru staðfastir og iðka trú á mig, svo mun ég úthella ^aanda mínum yfir þá þann dag, sem þeir koma saman.

3 Og svo ber við, að þeir skulu fara til nærliggjandi landsvæða og ^aprédika fólkinu iðrun.

4 Og svo margir munu ^asnúast til trúar, að þér fáið kraft til að skipuleggja yður í ^bsamræmi við lög manna —

5 Svo að ^aóvinir yðar fái ekkert vald yfir yður og þér verðið verndaðir í öllu, og yður verði fært að halda lögmál mín, og rjúfa megí sérhvert það haft, sem óvinurinn leitast við að tortíma fólki mínu með.

6 Sjá, ég segi yður, að þér verðið að ^avitja hinna fátæku og þurfsandi og veita þeim líkn, svo að þeir hljóti stuðning uns allt verður gjört í samræmi við lögmál mitt, sem þér hafið meðtekið. Amen.

45. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til kirkjunnar, í Kirtland, Ohio, 7. mars 1831. Í formálanum að þessari opinberun segir í sögu Josephs Smith, að „á þessu tímabili kirkjunnar . . . hafi margar

33b LR Jesús Kristur — Dómari.

34a LR Frelsari.

b JS — M 1:37.

c K&S 84:61; 100:7–8.

d LR Íhuga, ígrunda.

e LR Hugur.

35a Róm 12:3; K&S 18:21.

44 2a Post 2:17.

3a LR Prédika.

4a LR Trúskipti,

trúskiptingur.

b K&S 98:5–7.

5a 2 Ne 4:33.

6a Jakbr 1:27.

LR Samúð,

meðaumkun;

Velferð.

falskar frásagnir . . . og heimskulegar sögur verið birtar . . . og þeim dreift . . . til að hindra fólk í að rannsaka starfið eða taka við trúnni . . . En hinum heilögu til gleði . . . meðtók ég eftirfarandi."

1–5, *Kristur er málsvari okkar hjá föðurnum*; 6–10, *Fagnaðarerindið er boðberi, sem greiðir Drottni veg*; 11–15, *Drottinn tók sjálfur á móti Enok og bræðrum hans*; 16–23, *Kristur opinberaði tákn um komu sína, eins og gefin voru á Olúfjallinu*; 24–38, *Fagnaðarerindið verður endurreist, tími Þjóðanna mun uppfylltur og eyðandi sjúkdómur mun hylja landið*; 39–47, *Tákn, undur og upprisan fylgja síðari komunni*; 48–53, *Kristur mun standa á Olúfjallinu, og Gyðingar munu sjá sárin á höndum hans og fótum*; 54–59, *Drottinn mun ríkja í þúsund ár*; 60–62, *Spámanninum er sagt að hefja þýðingu á Nýja testamentinu, en þar munu mikilvægar upplýsingar kunnngjörðar*; 63–75, *Hinum heilögu er boðið að sameinast og byggja Nýju Jerúsalem, en þangað mun fólk frá öllum þjóðum koma.*

HLÝÐIÐ á, ó, þér sem í "kirkju minni eruð, sem eignast hafið ^brikið. Hlýðið þér á og ljáið honum eyra, sem lagði grundvöll jarðarinnar, sem ^cgjörði himnana og alla herskara þeirra og gjörði allt, sem lifir og hrærist og er til.

2 Og enn segi ég, hlýðið raust minni, svo að "dauðinn komi eigi yfir yður á þeirri ^bstundu, þegar þér teljið að sumarið sé enn ekki á enda runnið né ^cuppskeru lokið, og sálir yðar eru ekki hólpnar.

3 Hlustið á hann, sem er "málsvari hjá föðurnum, sem talar máli yðar hjá honum —

4 Og segir: Faðir, sjá "þjáningar og dauða hans, sem enga ^bsynd drýgði, og þú hafðir velþóknun á. Sjá blóð sonar þíns, sem úthellt var, blóð hans, sem þú gafst, svo að þú mættir sjálfur ^cdýrðlegur verða —

5 Faðir, þyrm því þessum bræðrum mínum, sem "trúa á nafn mitt, svo að þeir megi koma til mín og öðlast ^bævarandi líf.

6 Hlýðið á, þér sem í kirkju minni eruð og þér öldungar, hlustið saman og heyrið rödd mína meðan enn heitir í "dag og herðið eigi hjörtu yðar —

7 Því að sannlega segi ég yður, að ég er "Alfa og Ómega, upphafið og endirinn, ljós og líf heimsins — ^bljós, sem skín í myrkrinu, en myrkið skynjar það ekki.

45 1a LR Kirkja Jesú Krists.
b K&S 50:35.
c Jer 14:22;
3 Ne 9:15;
K&S 14:9.
LR Skapa, sköpun.
2a Al 34:33–35.
b Matt 24:44.
c Jer 8:20;

K&S 56:16.
LR Uppspera.
3a K&S 62:1.
LR Málsvari.
4a K&S 19:18–19.
LR Friðþægja,
friðþægning.
b Hebr 4:15.
c Jóh 12:28.

5a K&S 20:25; 35:2; 38:4.
b Jóh 3:16.
6a Hebr 3:13;
K&S 64:23–25.
7a Op 1:8; 21:6;
K&S 19:1.
b Jóh 1:5.

8 Ég kom til minna eigin og mínir eigin tóku ekki á móti mér. En öllum, sem tóku á móti mér, gaf ég ^a“kraft til að gjöra mörg ^bkraftaverk og til að verða ^csynir Guðs, og þeim sem ^d“trúðu á nafn mitt gaf ég jafnvel kraft til að öðlast ^eeilíft líf.

9 Já, og þannig hef ég sent heiminum ^a“ævarandi ^bsáttmála minn, til að vera ljós fyrir heiminn og ^c“merki fyrir fólk mitt, sem ^d“Þjóðirnar geta leitað til, og vera ^e“boðberi á undan mér til að greiða mér veg.

10 Gangist þess vegna undir hann, og við þann sem kemur mun ég rökræða eins og við menn til forna, og ég mun sýna yður ^a“sterk rök mín.

11 Hlýðið því allir saman á og látið mig sýna yður sjálfa visku mína, visku hans, sem þér segið vera Guð ^a“Enoks og bræðra hans —

12 Sem ^a“numdir voru frá jörðu og ég sjálfur tók á móti — ^b“borg, sem geymd skal, þar til dagur réttlætisins rennur upp — dagur sem allir heilagir menn leituðu en fundu ekki vegna ranglætis og viðurstygðar —

13 Og viðurkenndu, að þeir

væru ^a“ókunnugir og píligrímar á jörðu —

14 En fengu ^a“fyrirheit um, að þeir skyldu finna hana og sjá hana í holdinu.

15 Hlýðið þess vegna á og ég mun rökræða við yður, og ég mun tala til yðar og spá, eins og til manna áður fyrr.

16 Og ég mun sýna það greinilega eins og ég ^a“sýndi lærisveinum mínum, þegar ég stóð frammi fyrir þeim í holdinu og talaði til þeirra og sagði: Þar sem þér hafið spurt mig um ^b“tákn komu minnar, þess dags, er ég mun koma í dýrð minni í skýjum himins til að uppfylla fyrirheitin, sem ég hef gefið feðrum yðar —

17 Þar sem þér hafið litið sem ánauð hinn langa ^a“viðskilnað ^b“anda yðar við líkamann, mun ég sýna yður hvernig dagur endurlausnarinnar kemur og einnig ^c“endurreisn hins tvístraða ^d“Ísraelslýðs.

18 Og sjá nú þetta musteri, sem er í Jerúsalem, sem þér kallið hús Guðs, og óvinir yðar segja, að þetta hús muni aldrei falla.

19 En sannlega segi ég yður, að eyðingin kemur yfir þessa kynslóð

8a Matt 10:1.

LR Kraftur.

b LR Kraftaverk.

c LR Synir og dætur Guðs.

d LR Átrúnaður;

Trú, trúa.

e K&S 14:7.

9a LR Nýr og ævarandi sáttmáli.

b Jer 31:31–34;

Morm 5:20.

c 2 Ne 29:2.

d Jes 42:6;

2 Ne 10:9–18.

e Mal 3:1.

10a Jes 41:21;

K&S 50:10–12.

11a HDP Móse 7:69.

12a ÞJS 1 Mós 14:30–34

(Viðauki);

K&S 38:4;

HDP Móse 7:21.

b HDP Móse 7:62–64.

LR Sion.

13a Hebr 11:13; 1 Pét 2:11.

14a Hebr 11:8–13;

HDP Móse 7:63.

16a Matt 24;

Lúk 21:7–36;

JS — M 1.

b LR Síðari koma Jesú

Krists.

17a K&S 138:50.

b LR Andi.

c LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

d 1 Ne 10:12–14.

LR Ísrael — Tvístrun

Ísraels.

eins og þjófur á nóttu, og þessu fólki verður tortímt og því tvístrað meðal allra þjóða.

20 Og þetta musteri, sem þér nú sjáið, mun rífið niður, svo að ekki stendur eftir steinn yfir steini.

21 Og svo ber við, að þessi kynslóð Gyðinga mun ekki líða undir lok fyrr en sérhver eyðing, sem ég hef sagt yður frá varðandi hana, hefur orðið.

22 Þér segist vita, að “endalok heimsins verði. Þér segist einnig vita, að himinn og jörð muni líða undir lok —

23 Og þar mælið þér sannleika, því að þannig er það. En þetta, sem ég hef sagt yður, mun ekki verða fyrr en allt er uppfyllt.

24 Og þetta hef ég sagt yður varðandi Jerúsalem. Og þegar sá dagur kemur, mun leifunum “tvístrað meðal allra þjóða —

25 En þeim mun “safnað saman aftur, en þeir verða kyrrir þar til tímar ^bþjóðanna fullnast.

26 Og á “þeim degi munuð þér spyrja ^bhernað og ófriðartíðindi og öll jörðin verður í uppnámi og hjörtu mannanna “bregðast þeim og þeir munu segja, að Kristur “seinki komu sinni, þar til jörðin líði undir lok.

27 Og kærleikur manna mun kólna og misgjörðir verða miklar.

28 Og þegar tímar “þjóðanna eru komnir mun ^bljós tendrast þeim sem í myrkri sitja og það verður fylling fagnaðarerindis míns —

29 En þeir “meðtaka það ekki, því að þeir skynja ekki ljósið, og þeir snúa ^bhjörtum sínum frá mér vegna “mannasetninga.

30 Og með þeirri kynslóð munu tímar þjóðanna fullnast.

31 Og með þeirri kynslóð standa menn, sem ekki munu líða undir lok, fyrr en þeir hafa séð hina dynjandi “svípu ríða yfir, því að eyðandi sjúkdómur munu herja landið.

32 En lærisveinar mínir munu “standa á helgum stöðum og eigi haggast, en á meðal hinna ranglátu munu menn hefja upp raust sína og ^bformæla Guði og deyjá.

33 Og “jarðskjálftar verða einnig á ýmsum stöðum og margskonar eyðing. Samt munu menn herða hjörtu sín gegn mér og þeir grípa til ^bsverðsins hver gegn öðrum, og þeir munu vega hver annan.

34 Og nú, þegar ég, Drottinn, hafði mælt þessi orð til lærisveina minna, urðu þeir áhyggjufullir.

35 En ég sagði við þá: Verið eigi “áhyggjufullir, því að þegar allt þetta verður, megið þér vita, að fyrirheitin, sem yður voru gefin, munu uppfyllast.

22a LR Heimur —
Heimsendir.

24a 2 Ne 25:15.

25a Nehem 1:9; Jes 11:12–14;
1 Ne 22:10–12;
2 Ne 21:12–14.

b Lúk 21:24.

26a LR Síðustu dagar, síðari dagar.

b K&S 87;

JS — M 1:23.

c Lúk 21:26.

d 2 Pét 3:3–10.

28a 1 Ne 15:13.

b LR Endurreisn

fagnaðarerindisins;

Ljós, ljós Krists.

29a Jóh 1:5.

b Matt 15:8–9.

c K&S 3:6–8; 46:7;

JS — S 1:19.

31a K&S 5:19–20; 97:22–25.

32a K&S 101:21–22, 64.

b Op 16:11, 21.

33a K&S 43:18; 88:87–90.

b K&S 63:33.

35a Matt 24:6.

36 Og þegar ljósið fer að brjótast fram, mun fara fyrir þeim eins og í dæmisögunni, sem ég mun segja yður —

37 Gætið að og takið eftir “fíkju-trjánum. Þér sjáið þau með eigin augum og þér segið, þegar þau fara að skjóta frjóöngum og laufin eru enn mjúk, að sumarið sé í nánd —

38 Já, þannig skal það verða þann dag, er þeir sjá allt þetta, þá munu þeir vita, að stundin nálgast.

39 Og svo ber við, að sá, sem “óttast mig, mun ^bhuga að hinum mikla ‘komudegi Drottins, já, að ^dtáknunum um komu ‘mannssonarins.

40 Og þeir munu sjá tákn og undur, því að þau munu sjást á himnum uppi og á jörðu niðri.

41 Og þeir munu sjá blóð og “eld og eimyrju.

42 Og áður en dagur Drottins kemur, mun “sólin sortna og tunglið breytast í blóð og stjörnuarnar falla af himni.

43 Og leifarnar munu sameinast á þennan stað —

44 Og þá munu þeir huga að mér, og sjá, ég mun koma. Og þeir munu sjá mig í skýjum

himins, íklæddan veldi og mikilli ^dýrð, ásamt öllum hinum heilögu englum. Og sá, sem ekki ^bhugar að mér, mun útilokaður verða.

45 En áður en armur Drottins fellur, mun engill þeyta ^abásúnu sína og hinir heilögu, sem sofið hafa, ^bkoma til móts við mig í ^cskýinu.

46 Blessaðir eruð þér því, ef þér hafið sofið í ^afriði. Því að eins og þér nú sjáið mig og vitið að ég er, einmitt þannig munuð þér ^bkoma til mín og sálir yðar munu ^clifa, og endurlausn yðar fullkomnast, og hinir heilögu munu safnast frá öllum jarðarskautum.

47 Og síðan mun ^aarmur Drottins falla yfir þjóðirnar.

48 Og síðan mun Drottinn stíga fæti sínum á þetta ^afjall og það mun klofna í tvennt og jörðin ^bskjálfa og veltast fram og aftur og himnarnir ^cmunu einnig bifast.

49 Og Drottinn mun hefja raust sína, og öll endimörk jarðar munu heyra hana og þjóðir jarðar munu ^atrega og þeir, sem hlegið hafa, munu sjá heimsku sína.

50 Og hörmungar munu herja gárungann og spottarinn mun

37a Mark 13:28;

Lúk 21:29–31.

39a K&S 10:55–56.

LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða;

Ótti — Ótti við Guð.

b 2 Pét 3:10–13;

K&S 35:15–16;

HDP Móse 7:62.

c LR Síðari koma Jesú Krists.

d LR Tákn tímanna.

e LR Mannssonurinn.

41a K&S 29:21; 97:25–26.

42a Jóel 2:10;

Op 6:12;

K&S 88:87; 133:49.

44a LR Jesús Kristur —

Dýrð Jesú Krists.

b Matt 24:43–51;

Mark 13:32–37.

45a K&S 29:13; 43:18.

b K&S 88:96–97.

LR Upprisa.

c 1 Pess 4:16–17.

46a Al 40:12.

b Jes 55:3.

c LR Eilíft líf.

47a K&S 1:12–16.

48a Sak 14:4.

b K&S 43:18; 88:87.

c Jóel 3:16;

K&S 49:23.

49a K&S 87:6.

eyðast og þeir, sem hafa sóst eftir misgjörðum, munu upp höggnið og þeim á eldinn kastað.

51 Og síðan munu ^aGyðingarnir ^blíta á mig og segja: Hvaða sár eru þetta á höndum þínum og fótum?

52 Þá munu þeir vita, að ég er Drottinn, því að ég mun segja við þá: Þessi sár eru sárin sem ég var ^asærður í húsi vina minna. Ég er sá, sem upp var hafinn. Ég er Jesús, sem var ^bkrossfestur. Ég er sonur Guðs.

53 Og þá munu þeir ^agráta misgjörðir sínar. Þá munu þeir harma vegna þess að þeir ofsóttu ^bkonung sinn.

54 Og síðan munu hinar ^aheiðnu þjóðir endurleystar, og þeir, sem engin lögmál þekktu, munu eiga hlut í ^bfyrstu upprisunni, og það verður þeim ^cbærilegt.

55 Og ^aSatan skal ^bbundinn, svo að hann hafi ekkert rúm í hjörtum mannanna barna.

56 Og á þeim ^adegi, sem ég kem í dýrð minni, mun dæmisagan uppfyllast, er ég sagði um ^bmeyjararnar tíu.

57 Því að þeir sem vitrir eru og hafa tekið á móti ^asannleikanum og haft hinn heilaga anda sér til

^bleiðsagnar, og ekki látið ^cblekkjast — sannlega segi ég yður, að þeir munu ekki upp höggnið og þeim eigi á ^deld kastað, heldur munu þeir standast daginn.

58 Og þeir hljóta ^ajörðina í ^barf. Og þeir munu margfaldast og verða sterkir og börn þeirra munu ^cvaxa upp syndlaus til ^dsáluhjálpar.

59 Því að Drottinn verður ^amitt á meðal þeirra og dýrð hans mun hvíla á þeim, og hann verður konungur þeirra og ^blöggjafi.

60 Og sjá, nú segi ég yður, þér munuð ekki fá frekari vitneskju um þennan kafla, fyrr en ^aNýja testamentið verður þýtt, og í því verður allt þetta kunngjört —

61 Þess vegna leyfi ég yður nú að þýða það, svo að þér verðið viðbúnir því sem koma skal.

62 Því að sannlega segi ég yður, að miklir hlutir biða yðar —

63 Þér spyrjið ^ahernað í öðrum löndum, en sjá, ég segi yður, hann er nálægur, jafnvel við dyr yðar, og innan fárra ára munuð þér spyrja hernað í yðar eigin löndum.

64 Þess vegna hef ég, Drottinn, sagt: Safnist saman úr löndunum í ^aaustri. Safnist saman, þér

51a LR Gyðingar.

b Sak 12:10.

52a Sak 13:6.

b LR Krossfesting.

53a Op 1:7.

b Lúk 23:38;

Jóh 19:3, 14–15.

54a Esek 36:23; 39:21.

b LR Upprisa.

c K&S 75:22.

55a LR Djöfull.

b Op 20:2;

1 Ne 22:26;

K&S 43:31; 88:110.

56a LR Síðari koma Jesú

Krists.

b Matt 25:1–13;

K&S 63:54.

57a LR Sannleikur.

b LR Heilagur andi.

c JS — M 1:37.

d K&S 29:7–9; 63:34;
64:23–24; 101:22–25.

58a LR Púsundárárikið.

b Matt 5:5.

c K&S 63:51; 101:29–31.

d LR Sáluhjálpar, hjálpraði.

59a K&S 29:11; 104:59.

b 1 Mós 49:10;

Sak 14:9;

K&S 38:21–22.

60a LR Þýðing Josephs

Smith (ÞJS). Sjá einnig

Úrval úr þýðingum

Josephs Smith á

Bíbliunni.

63a K&S 38:29; 87:1–5;

130:12.

64a K&S 42:64.

öldungar kirkju minnar, farið til landanna í vestri. Kallið íbúana til iðrunar, og sem þeir iðrast, svo skuluð þér reisa mér kirkjur.

65 Og sameinaðir í hjarta og huga skuluð þér safna saman auðæfum yðar, svo að þér getið “keypt þann arf, sem síðar mun útnefndur yður.

66 Og hann skal nefnast “Nýja Jerúsalem, ^bland ^cfríðar, borg ^aathvarfs og staður öryggis fyrir hina heilögu hins æðsta Guðs —

67 Og “dýrð Drottins mun vera þar og ótti við Drottin mun einnig vera þar, þannig að hinir ranglátu munu ekki koma þangað, og hún skal nefnd Síon.

68 Og svo ber við á meðal hinna ranglátu, að hver sá, sem ekki vill grípa til sverðs síns gegn náunga sínum, verður öryggis síns vegna að flýja til Síonar.

69 Og til hennar verður “safnast frá sérhverri þjóð undir himni, og þeir verða eina þjóðin, sem ekki á í stríði við aðra.

70 Og sagt verður á meðal hinna ranglátu: Göngum ekki til orrustu við Síon, því að íbúar Síonar eru ógurlegir, því fáum við ei staðist.

71 Og svo ber við, að hinum réttlátu verður safnað frá öllum þjóðum og þeir koma til Síonar, syngjandi söngva hinnar ævarandi gleði.

72 Og nú segi ég yður, gætið þess að þetta fari ekki út um heiminn fyrir en mér þykir æskilegt, svo að þér fáið lokið þessu verki fyrir augum fólksins og fyrir augum óvina yðar, og þeir viti eigi um verk yðar fyrir en þér hafið lokið því, sem ég hef boðið yður —

73 Svo að þegar þeir fá vitneskju um það, megi þeir íhuga þetta.

74 Því að þegar Drottinn birtist, verður hann þeim “ógurlegur, svo að óttinn nái tókum á þeim og þeir standi víðs fjarri og skjálfi.

75 Og allar þjóðir munu skelfast vegna ógnar Drottins og krafts máttar hans. Já, vissulega. Amen.

46. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til kirkjunnar, í Kirtland, Ohio, 8. mars 1831. Á þessum fyrstu tímum kirkjunnar var engin föst regla komin á stjórn á guðsþjónustum hennar. Þó var orðinn síður í kirkjunni að veita aðeins meðlimum og einlægum trúarnemum aðgang að sakramentissamkomum og öðrum samkomum hennar. Þessi opinberun

65a K&S 63:27.

66a Et 13:5–6;

HDP Móse 7:62;

TA 1:10.

LR Nýja Jerúsalem;
Síon.

b K&S 57:1–3.

c LR Friður.

d Jes 4:6;

K&S 115:6.

67a K&S 64:41–43;
97:15–18.

LR Jesús Kristur —

Dýrð Jesú Krists.

69a 5 Mós 30:3;

Jer 32:37–39;

K&S 33:6.

74a Sef 2:11.

lýsir vilja Drottins varðandi skipulag og stjórn á samkomum og leiðsögn hans við að leita og greina gjafir andans.

1–2, Öldungar eiga að stjórna samkomum eins og heilagur andi segir fyrir um; 3–6, Leitendur sannleikans skulu ekki útilokaðir frá sakramentissamkomum; 7–12, Biðjið til Guðs og leitið gjafa andans; 13–26, Upptalning á sumum þeirra gjafa veitt; 27–33, Kirkjuleiðtogum gefst kraftur til að þekkja gjafir andans.

HLÝÐIÐ Á, Ó þér sem í kirkju minni eruð, því að sannlega segi ég yður, að þetta var til yðar talað, yður til “gagns og lærdóms.

2 En þrátt fyrir það sem ritað er, hefur það ávallt verið veitt “öldungum kirkju minnar frá upphafi og mun ætíð verða, að ^bstjórna öllum samkomum eins og hinn heilagi andi leiðbeinir þeim og segir þeim fyrir um.

3 Eigi að síður er yður boðið að “vísa engum frá almennum samkomum yðar, sem haldnar eru frammi fyrir heiminum.

4 Yður er einnig boðið að vísa engum, sem tilheyrir “kirkjunni, frá sakramentissamkomum yðar. Hafi einhver samt sem áður brotið af sér, skuluð þér ^bekki leyfa honum að meðtaka það, fyrr en hann hefur gjört yfirbót.

5 Og enn segi ég yður: Þér skuluð engum vísa frá sakramentissamkomum yðar, sem einlæglega leitar ríkisins — ég segi þetta varðandi þá, sem ekki eru í kirkjunni.

6 Og enn fremur segi ég yður varðandi “staðfestingarsamkomur yðar, að séu einhverjir utan kirkjunnar, sem einlæglega leita ríkisins, skuluð þér ekki vísa þeim frá.

7 En yður er boðið að “spyrja Guð, sem gefur örlátlega, um alla hluti, og það, sem andinn ber yður vitni um, já, það vil ég að þér gjörði af fullum ^bheilagleika hjartans og gangið grandvarir frammi fyrir mér, og “íhugið lyktir sáluhjálpar yðar og gjörði allt með bæn og ^aþakkargjörð, svo að illir andar “véli yður ekki, eða kenningar ^fdjöfla eða ^gboðorð manna, því að sum eru frá mönnum komin og önnur frá djöflum.

8 Verið þess vegna á verði, svo að þér látið eigi blekkjast, “leitið af einlægni hinna bestu gjafa og hafið ávallt í huga til hvers þær eru gefnar, svo að þér verðið eigi blekkir —

9 Því að sannlega segi ég yður, að þær eru gefnar þeim til heilla, sem elska mig og halda öll boðorð mín,

46 1a 2 Tím 3:16–17.

2a Al 6:1.

b Moró 6:9;

K&S 20:45.

3a 3 Ne 18:22–25.

LR Samfélag.

4a LR Kirkja Jesú Krists.

b 3 Ne 18:26–32.

LR Sakramenti.

6a Þ.E. til staðfestingar þeirra sem nýlega voru skírðir.

7a Jakbr 1:5–6;

K&S 88:63.

b LR Heilagleiki.

c LR Íhuga, ígrunda.

d Sálm 100;

Al 34:38.

LR Þakklátur, þakkir,

þakkargjörð.

e 1 Tím 4:1–4;

K&S 43:5–7.

f LR Djöfull.

g K&S 3:6–7; 45:29.

8a 1 Kor 12:31.

og þeim, sem leitast við að gjöra svo, svo að allir hafi gagn af, sem leita eða spyrja mig, sem biðja, en ekki um “tákn til ^bfullnægingar fýsn sinni.

10 Og enn, sannlega segi ég yður: Ég vil að þér minnst þess ávallt og hafið ætíð í “huga hverjar þær ^bgjafir eru, sem veitast kirkju minni.

11 Því að allir hljóta ekki sér- hverja gjöf, því að gjafirnar eru margar og andi Guðs gefur “hverjum manni gjöf.

12 Sumum er gefin ein og öðrum er gefin önnur, svo að allir njóti góðs af því.

13 Sumum er gefið fyrir heilagan anda að “vita, að Jesús Kristur er sonur Guðs og að hann var krossfestur vegna synda heimsins.

14 Öðrum er gefið að “trúa orðum þeirra, svo að þeir megi einnig eiga eilíft líf, séu þeir áfram staðfastir.

15 Og enn fremur veitir heilagur andi sumum að þekkja hina “mismunandi stjórnunarhætti, eins og hinum sama Drottni er þóknanlegt, samkvæmt vilja Drottins, og að hæfi miskunnar hans, í samræmi við ástand mannanna barna.

16 Og enn fremur gefur heilagur andi sumum að þekkja hina ýmsu starfshætti, hvort þeir séu

frá Guði, svo að opinberun andans veitist hverjum manni honum til gagns.

17 Og sannlega segi ég yður enn, að sumum gefur andi Guðs “vísdomsorð.

18 Öðrum er gefið “þekkingarorð, svo að öllum megi kenna visku og þekkingu —

19 Og enn, sumum er gefin “trú til að lækna —

20 Og öðrum er gefin trú til að “lækna.

21 Og enn fremur er sumum gefið að gjöra “kraftaverk —

22 Og öðrum gefið að “spá —

23 Og enn öðrum að “greina anda.

24 Og enn fremur er sumum gefið að tala “tungum —

25 Og enn öðrum gefin útlegg- ing tungna.

26 Og allar þessar “gjafir koma frá Guði, ^bbörnum Guðs til heilla.

27 Og “biskupi kirkjunnar og þeim, sem Guð mun útnefna og vígja til að vaka yfir kirkjunni og vera öldungar hennar, skal veitast að ^bgreina allar þessar gjafir, svo að ekki verði einhver meðal yðar, sem segist vera af Guði, en er það ekki.

28 Og svo ber við, að sá, sem biður í “andanum, skal af andanum meðtaka —

9a LR Tákn.

b Jakbr 4:3.

10a LR Hugur.

b 1 Kor 14:12.

LR Gjafir andans.

11a 1 Kor 12:4–11.

13a LR Vitnisburður.

14a 3 Ne 12:2.

LR Trú, trúa.

15a Moró 10:8.

17a Moró 10:9.

LR Viska.

18a LR Þekking.

19a K&S 42:48–52.

LR Átrúnaður.

20a LR Lækna, lækningar.

21a LR Kraftaverk.

22a LR Spádómur, spá.

23a HDP Móse 1:13–15.

24a LR Tungur, gjöf tungutals.

26a Moró 10:8–19.

b LR Synir og dætur Guðs.

27a LR Biskup.

b LR Dómgreind, dómgreindargáfa.

28a K&S 88:64–65.

29 Svo að sumum sé gefið að hljóta allar þessar gjafir og geta orðið höfuð, svo að allir meðlimir megi njóta góðs af.

30 Sá, sem ^abiður í ^bandanum, biður í samræmi við ^cvilja Guðs. Þess vegna verður honum að bón sinni.

31 Og enn segi ég yður, að allt,

sem þér gjörði í andanum, verður að gjörast í nafni Krists —

32 Og þér verðið að veita Guði ^aþakkir í andanum fyrir hverja þá blessun, sem þér eruð blessaðir með.

33 Og þér verðið stöðugt að ástunda ^ddyggðir og ^bheilagleika frammi fyrir mér. Já, vissulega. Amen.

47. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 8. mars 1831. John Whitmer, sem þegar hafði þjónað sem ritari spámannsins, hikaði í fyrstu þegar hann var beðinn að starfa sem söguritari kirkjunnar í stað Olivers Cowdery. Hann ritaði: „Ég vildi helst ekki gera það, en sagðist virða vilja Drottins, ef hann æskir þess, ég þrái að hann staðfesti það í gegnum sjáandann Joseph.“ Eftir að Joseph meðtók þessa opinberun, þáði John Whitmer embættisskipun sína og þjónaði í henni.

1–4, John Whitmer er falið að skrá sögu kirkjunnar og skrifa fyrir spámanninginn.

SJÁ, mér þykir æskilegt, að þjónn minn John skrái nákvæma ^asögu og aðstoði þig, þjónn minn Joseph, við að skrá allt, sem þér mun gefið, þar til hann verður kallaður til frekari starfa.

2 Sannlega segi ég þér enn fremur, að hann getur einnig hafið

upp rödd sína á samkomum, hvenær sem æskilegt er.

3 Og enn segi ég þér, að hann skal útnefndur til að halda skýrslur og skrá sögu kirkjunnar að staðaldri, því að ég hef útnefnt Oliver Cowdery öðru embætti.

4 “Huggarinn mun þess vegna gefa honum að skrá þessa hluti, ef hann reynist staðfastur. Já, vissulega. Amen.

48. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 10. mars 1831. Spámaðurinn hafði spurt Drottin hvaða aðferð skyldi beita við útveggun lands undir búsetu hinna heilögu, en þetta var mjög

30a K&S 50:29.

b LR Heilagur andi.

c 2 Ne 4:35.

32a 1 Kro 16:8–15;

1 Þess 1:2;

Al 37:37;

K&S 59:7, 21.

LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

33a LR Dyggð.

b LR Heilagleiki.

47 1a K&S 69:2–8; 85:1–2.

4a LR Heilagur andi; Huggari.

aðkallandi mál vegna aðflutnings kirkjumeðlima frá austurhluta Bandaríkjanna í hlýðni við fyrirmæli Drottins um að safnast til Ohio (sjá kafla 37:1–3; 45:64).

1–3, *Hinir heilögu í Ohio eiga að deila löndum sínum með bræðrum sínum;*
4–6, *Hinir heilögu skulu kaupa land, byggja borg, og fylgja ráðum yfirmanna sinna.*

NAUÐSYNLEGT er að þér haldið að svo stöddu kyrru fyrir á dvalarstöðum yðar, eins og best hentar aðstæðum yðar.

2 Og ef þér eigið land, skuluð þér “deila því með bræðrum yðar úr austri —

3 Og ef þér eigið ekkert land, skuluð þér láta þá að svo stöddu kaupa það í nærliggjandi héruðum, eins og hentar þeim, því að óhjákvæmilegt hlýtur að vera, að þeir hafi stað til að búa á um stundarsakir.

4 Nauðsynlegt hlýtur að vera að þér sparið alla þá peninga, sem

þér getið, og að þér í réttlæti aflið eins mikils og þér getið, svo að þér með tímanum getið “keypt erfðaland, jafnvel ^bborgina.

5 Staðurinn mun enn ekki opinberaður, en eftir að bræður yðar hafa komið úr austri, skulu “ákveðnir menn útnefndir, og þeim mun gefið að ^bþekkja staðinn, eða þeim verður opinberað það.

6 Og þeir skulu tilnefndir til að kaupa löndin og byrja að leggja grundvöllinn að “borginni, og þá skuluð þér fara að safnast þangað með fjölskyldum yðar, sérhver maður með ^bfjölskyldu sína, eftir aðstæðum hans, og eins og forsætisráð og biskup kirkjunnar útnefna honum, í samræmi við lög þau og boð, sem þér hafið meðtekið, og þér munuð hér eftir meðtaka. Já, vissulega. Amen.

49. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith til Sidneys Rigdon, Parleys P. Pratt og Lemans Copley í Kirtland, Ohio, 7. maí 1831. Leman Copley hafði meðtekið fagnaðararindið, en hélt enn fast við nokkrar af kenningum skekjara (Shakers eða Samfélag trúaðra á endurkomu Krists), en þeim hafði hann áður tilheyrt. Sumar trúarskoðanir skekjara voru þær, að síðari koma Krists væri þegar orðin veruleiki, og að hann hefði birst í mynd konu, Önnu Lee. Þeir töldu að skírn í vatni væri ekki nauðsynleg. Þeir afneituðu hjónabandi og trúðu á algert einlífi. Sumir skekjarar bönnuðu einnig kjötát. Sem formála að þessari opinberun segir í sögu Josephs Smith: „Til þess að fá fullan skilning á þessu efni,

48 2a LR Velferð.
4a K&S 57:4–5.
b K&S 42:35–36;

45:65–67.
5a K&S 57:6–8.
b K&S 57:1–3.

6a LR Nýja Jerúsalem.
b K&S 51:3.

spurði ég Drottin, og tók á móti því sem hér fer á eftir.“ Opínberunin hrekur nokkrar af meginkenningum skekjaranna. Áðurnefndir bræður fóru með eintak af opínberuninni til skekjaranna (nálægt Cleveland, Ohio) og lásu hana alla fyrir þá, en henni var hafnað.

1–7, Dagur og stund komu Krists mun haldast ókunn, þar til hann kemur; 8–14, Menn verða að iðrast, trúá á fagnaðarerindið og fylgja helgiathöfnum til að öðlast sálhjálp; 15–16, Hjónabandið er vígt af Guði; 17–21, Neysla kjöts samþykkt; 22–28, Síon mun blómstra og Lamanítar blómgastr sem rós fyrir síðari komuna.

HLÝÐIÐ á orð mitt þjónar mínir, Sidney, Parley og Leman, því að sjá, sannlega segi ég yður, að ég gef yður fyrirmæli um að fara og “prédika fyrir skekjurum fagnaðarerindi mitt, sem þér hafið meðtekið, já, eins og þér hafið meðtekið það.

2 Sjá, ég segi yður, að þeir þrá að þekkja sannleikann að hluta, en ekki allan, því að þeir eru ekki “einlægir gagnvart mér og verða að iðrast.

3 Þess vegna sendi ég yður, þjónar mínir Sidney og Parley, til að prédika þeim fagnaðarerindið.

4 Og þjónn minn Leman skal vígður til þessa verks, svo að hann geti rökrætt við þá, ekki

samkvæmt því, sem hann hefur meðtekið frá þeim, heldur samkvæmt því, sem þér þjónar mínir skuluð “kenna honum. Og með því að gjöra svo, mun ég blessa hann, ella mun honum ekki vel farnast.

5 Svo segir Drottinn: Því að ég er Guð og hef “sent minn eingetna son í heiminn til að ^bendurleysa heiminn, og hef ákvarðað, að sá sem tekur á móti honum skuli hólpinn verða, en sá sem tekur ekki á móti honum skal “fordæmdur verða —

6 Og þeir hafa gjört eins og þá lysti við “mannssoninn. Og hann hefur tekið vald sitt til ^bhægri handar “dýrðar sinnar, og ríkir nú á himnum, og mun sitja við völd þar til hann stígur niður til jarðar til að leggja alla óvini að ^dfótum sér. Og sá tími er í nánd —

7 Ég, Drottinn Guð, hef talað þetta. En “daginn og stundina veit enginn maður, né englar himins, né heldur munu þeir vita fyrr en hann kemur.

8 Þess vegna vil ég að allir menn iðrist, því að allir eru

49 1a LR Prédika.

2a Post 8:21.

4a LR Fagnaðarerindi;
Sannleikur.

5a Jóh 3:16–17;
K&S 132:24.

LR Jesús Kristur —
Vald.

b LR Endurleysa,
endurleystur,
endurlausn;
Lausnari.

c LR Fordæming.

6a LR Mannssonurinn.

b Post 7:55–56;
K&S 76:20–23.

c LR Jesús Kristur —
Dýrð Jesú Krists.

d 1 Kor 15:25;
K&S 76:61.

7a Matt 24:36;
Mark 13:32–37;
Op 16:15;
K&S 133:11.

“syndugir, nema þeir sem ég hef geymt mér, ^bheilagir menn, sem þér vitið ekki um.

9 Þess vegna segi ég yður, að ég hef sent yður ævarandi “sáttmála minn, já, þann, sem var frá upphafi.

10 Og það, sem ég hef heitið, hef ég uppfyllt, og ^aþjóðir jarðar munu ^blúta honum, ef ekki sjálfviljugar, þá skulu þær niðurlægjast, því að það, sem nú upphafur sjálft sig, skal ^cniðurlægt verða.

11 Þess vegna gef ég yður þau fyrirmæli, að ^afara út á meðal þessa fólks og segja því, eins og postuli minn til forna, sem nefndur var Pétur:

12 Trúið á nafn Drottins Jesú, sem var á jörðu og koma mun, upphafið og endirinn —

13 ^aIðrist og látið skírast í nafni Jesú Krists til fyrirgefningar syndanna, samkvæmt hinu heilaga boðorði —

14 Og hver sá, sem það gjörir, mun meðtaka ^agjöf heilags anda með ^bhandayfirlagningu öldunga kirkjunnar.

15 Og sannlega segi ég yður enn, að hver sá, sem ^abannar hjónabönd, er ekki vígður af Guði, því

að ^bhjónabandið hefur Guð vígt manningnum til handa.

16 Því er það lögmálinu samkvæmt, að hann hafi eina ^aeigin konu, og þau tvö skulu vera ^beitt hold, og allt er þetta til þess að ^cjörðin nái tilgangi sköpunar sinnar —

17 Og svo að hún megi fyllast ákveðnum fjölda manna í samræmi við ^asköpun hans ^báður en heimurinn var skapaður.

18 Og sá, sem ^abannar ^bkjöt, að maðurinn skuli ekki neyta þess, er ekki vígður af Guði —

19 Því að sjá, ^adýr merkurinnar og fuglar loftsins og það, sem af jörðu kemur, er ætlað manningnum til fæðu og klæðis, svo að hann hafi gnægð.

20 En ekki er einum manni ætlað að ^aeiga umfram annan, þess vegna liggur ^bheimurinn í synd.

21 Og vei þeim manni, sem að þarflausu ^aúthellir blóði eða sóar holdi.

22 Og sannlega segi ég yður enn, að mannsönnurinn ^akemur hvorki í mynd konu, né karls, sem gengur um á jörðunni.

23 Látið þess vegna ekki

8a Gal 3:22;
Mósía 16:3–5.

b Hebr 13:2;
3 Ne 28:25–29.

9a 1 Mós 17:7;
K&S 66:2.
LR Nýr og ævarandi
sáttmáli.

10a Sak 2:11;
K&S 45:66–69;
97:18–21.

b Jes 60:14.
c Matt 23:12.

11a LR Trúboðsverk.

13a 3 Ne 27:19–20.

14a LR Gjöf heilags anda.
b LR Handayfirlagning.

15a 1 Tím 4:1–3.
b 1 Mós 2:18, 24;
1 Kor 11:11.

LR Giftast.
16a Jakob 2:27–30.

b 1 Mós 2:24;
Matt 19:5–6.

c LR Jörð — Sköpuð fyrir
manninn.

17a HDP Móse 3:4–5.
LR Skapa, sköpun.

b LR Fortilvera.

18a Þ.E. býður að halda sér
frá.

b 1 Mós 9:3;
1 Tím 4:1–3.

19a K&S 89:10–13.

20a Post 4:32;
K&S 51:3; 70:14; 78:6.

b LR Veraldarhyggja.

21a ÞJS 1 Mós 9:10–15
(Viðauki).

22a LR Síðari koma Jesú
Krists.

“blekkjast, heldur haldið staðfastir áfram og ^blítið fram til þess, þá er himnarnir bifast og jörðin skelfur og veltist fram og aftur líkt og drukkinn maður, og ^cdalirnir lyftast og ^dfjöllin hjaðna og hamrarnir verða að jafnsléttum — og allt verður þetta, þegar engillinn þeytir ^ebásúnu sína.

24 En áður en hinn mikli dagur Drottins kemur, mun ^aJakob blómstra í eyðimörkinni og Lamánítarnir ^bblómgastr sem rós.

25 Síon skal ^ablómstra á ^bhæð-

unum og fagna á fjöllunum og hún skal safnast saman á þeim stað, sem ég hef útnefnt.

26 Sjá, ég segi yður, farið eins og ég hef boðið yður, iðrist allra synda yðar. “Biðjið og yður mun gefast, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða.

27 Sjá, ég mun fara fyrir yður og ég mun vera ^abakvörður yðar. Og ég mun verða ^bmitt á meðal yðar og þér verðið ekki ^csigraðir.

28 Sjá, ég er Jesús Kristus, og ég kem ^askjótt. Já, vissulega. Amen.

50. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, í maí 1831. Í sögu Josephs Smith segir, að nokkrir öldunganna hafi ekki skilið hvernig ýmsir andar birtast, sem á jörðunni eru, og að þessi opinberun hafi verið gefin sem svar við sérstakri fyrirspurn hans um málið. Svokölluð andleg fyrirbæri voru ekki óalgeng meðal meðlimanna, sumir staðhæfðu, að þeir sæju sýnir og fengju opinberanir.

1–5, Margir falskir andar eru á jörðunni; 6–9, Vei sé hræsnurum og þeim, sem útilokaðir eru frá kirkjunni; 10–14, Öldungar eiga að boða fagnaðar-erindið með andanum; 15–22, Andinn þarf að upplýsa bæði prédikara og áheyrendur; 23–25, Það sem ekki uppbyggir er ekki af Guði; 26–28, Hinir staðföstu eru eigendur alls; 29–36, Bænum hinna hreinsuðu er svoarað; 37–46, Kristur er góði hirðirinn og klettur Ísraels.

HLÝÐIÐ á, ó, þér öldungar kirkju minnar og ljáið eyra röddu lifanda Guðs, og gefið gaum að vísdómsorðum sem yður munu gefin, í samræmi við fyrirspurn yðar og einhug varðandi kirkjuna og anda þá, sem hafa farið um heiminn.

2 Sjá, sannlega segi ég yður, að til eru margir andar, sem eru ^afalskir andar, sem farið hafa um jörðina og blekkja heiminn.

3 Og ^aSatan hefur einnig leitast

23a Matt 24:4–5.

b 2 Pét 3:12; K&S 45:39.

c Jes 40:4; K&S 109:74.

d Míka 1:3–4.

e Matt 24:29–31.

24a 3 Ne 5:21–26.

b Jes 35:1; 2 Ne 30:5–6;

3 Ne 21:22–25;

K&S 3:20; 109:65.

25a K&S 35:24.

b 1 Mós 49:26;

2 Ne 12:2–3.

26a K&S 88:63.

27a Jes 52:12.

b 3 Ne 20:22.

c 1 Pét 2:6; K&S 84:116.

28a K&S 1:12.

50 2a K&S 129.

LR Andi — Illir andar.

3a Lúk 22:31;

3 Ne 18:18.

við að véla yður, svo að hann geti yfirbugað yður.

4 Sjá, ég Drottinn, hef virt yður fyrir mér og séð viðurstygð í þeirri kirkju, sem „jatar nafn mitt.

5 En blessaðir eru þeir, sem trúir eru og „standa stöðugir, hvort heldur er í lífi eða dauða, því að þeir munu erfa eilíft líf.

6 En vei þeim, sem eru „svikarar og hræsnarar, því að þá, segir Drottinn, mun ég leiða fyrir dóm.

7 Sjá, sannlega segi ég yður, að „hræsnarar eru meðal yðar, sem blekk hafa suma og þannig gefið ^bandstæðingnum „vald. En sjá, „slíkir skulu endurheimtir —

8 En hræsnararnir skulu afhjúpaðir og „útilokaðir, annaðhvort í lífi eða dauða, já, að mínum vilja. Og vei sé þeim, sem útilokaðir eru frá kirkju minni, því að þeir eru ofurseldir heiminum.

9 Sérhver maður skal þess vegna gæta sín, svo að hann gjöri aðeins það, sem er sannleikur og réttlæti fyrir mér.

10 Og komið nú, segir Drottinn, með andanum, við öldunga kirkju sinnar, og „ræðumst við, svo að þér megið skilja —

11 Ræðumst við eins og maður

ræðir við mann, augliti til auglitis.

12 Þegar maðurinn rökræðir, skilja mennirnir hann, vegna þess að hann talar eins og maður, og þannig mun einnig ég, Drottinn, rökræða við yður, svo að þér megið ^askilja.

13 Þess vegna spyr ég, Drottinn, yður þessarar spurningar: Til hvers voruð þér ^avígðir?

14 Til að boða fagnaðarerindi mitt með ^aandanum, já, ^bhuggaranum, sem sendur var til að kenna sannleikann.

15 Og síðan veittuð þér viðtöku ^aöndum, sem þér gátuð eigi skilið, og meðtökuð þá sem væru þeir frá Guði. Er það réttlætanlegt?

16 Sjá, þér skuluð svara þeirri spurningu sjálfir. Engu að síður mun ég vera yður miskunnsamur. Sá sem er veikur yðar á meðal skal síðan gjörður ^astyrkur.

17 Sannlega segi ég yður, sá sem ég hef vígt og sent til að ^aprédika orð sannleikans með huggaranum, í anda sannleika, prédikar hann það með ^banda sannleikans eða á einhvern annan hátt?

18 Og sé það á einhvern annan hátt, er það ekki frá Guði.

19 Og enn fremur, sá er meðtekur

4a LR Jesús Kristur — Að taka á okkur nafn Jesú Krists.

5a LR Standast.

6a LR Blekking, blekkja.

7a Matt 23:13–15; Al 34:28.

b LR Djöfull.

c Mósía 27:8–9.

d Þ.E. þeir sem blekkir

hafa verið.

8a K&S 1:14; 56:3; 64:35.

LR Brottvikning.

10a Jes 1:18;

K&S 45:10.

12a K&S 1:24.

13a LR Vígja, vígsla.

14a K&S 43:15.

LR Kenna, kennari —

Kennsla með

andanum.

b LR Huggari.

15a LR Dómgreind, dómgreindargáfa.

16a Et 12:23–27.

17a LR Prédika; Trúboðsverk.

b K&S 6:15.

LR Heilagur andi;

Sannleikur.

orð sannleikans, meðtekur hann það fyrir anda sannleikans eða á einhvern annan hátt?

20 Sé það á einhvern annan hátt, er það ekki frá Guði.

21 Hvers vegna skiljið þér þá ekki og vitið, að sá sem meðtekur orðið með anda sannleikans, meðtekur það eins og andi sannleikans flytur það?

22 Þess vegna skilja hvor annan, sá sem prédikar og sá sem meðtekur, og báðir “uppbyggjast og ^bfagna saman.

23 Og það, sem ekki byggir upp, er ekki frá Guði, og er “myrkur.

24 Það, sem er frá Guði, er “ljós. Og sá, sem veitir ljósinu viðtöku og er ^bstaðfastur í Guði, öðlast “meira ljós. Og það ljós verður skærara og skærara þar til hinn fullkomna dag.

25 Og sannlega segi ég yður enn, og ég segi það svo að þér megið þekkja “sannleikann og getið rekið myrkríð frá yður:

26 Sá, sem Guð hefur vígt og sent út, hann er útnefndur til að vera “mestur, enda þótt hann sé sístur og ^bþjónn allra.

27 Hann er þar af leiðandi “eigandi alls, því að allt er honum undirgefið, bæði á himni og á jörðu, lífið og ljósið, andinn og

^bkrafturinn, sem sendur er að vilja föðurins með syni hans Jesú Kristi.

28 En enginn maður er eigandi alls nema hann sé “hreinsaður og ^blaugaður af allri synd.

29 Og séuð þér hreinsaðir og laugaðir af allri synd, skuluð þér “biðja hvers sem þér óskið í nafni Jesú, og það skal gjört.

30 En vitið þetta: Yður mun gefið hvers biðja skal. Og þegar þér eruð nefndir til “forystu, verða andarnir yður undirgefnir.

31 Þess vegna ber svo við, að ef þér verðið varir við “anda, sem þér skiljið eigi og þér meðtakið ekki þann anda, þá skuluð þér spyrja föðurinn í nafni Jesú. Og staðfesti hann ekki þann anda, megið þér vita, að hann er eigi frá Guði.

32 Og yður mun gefið “vald yfir þessum anda og þér skuluð með hárri röddu lýsa því yfir, að hann sé ekki frá Guði —

33 Hvorki með “niðrandi ásökunum, svo að þér verðið eigi yfirbugaðir, né heldur með ^braupi eða fögnuði, svo að þér verðið eigi hremmdir.

34 Sá er meðtekur frá Guði skal gefa Guði heiðurinn. Og hann skal gleðjast yfir því, að Guð telur hann verðugan þess að meðtaka.

35 Og með því að gefa þessu

22a 1 Kor 14:26.

b Jón 4:36.

23a LR Myrkur, andlegt.

24a 1 Jón 2:8–11;

Moró 7:14–19;

K&S 84:45–47; 88:49.

LR Ljós, ljós Kristis.

b Jón 15:4–5, 10.

c 2 Ne 28:30.

25a Jón 8:32.

26a Matt 23:11.

b Mark 10:42–45.

LR Þjónusta.

27a K&S 76:5–10, 53–60;

84:34–41.

b LR Kraftur.

28a 3 Ne 19:28–29;

K&S 88:74–75.

LR Hreinn, hreinleiki;

Lausn frá synd.

b 1 Jón 1:7–9.

29a He 10:5;

K&S 46:30.

LR Bæn.

30a LR Vald.

31a 1 Jón 4:1.

LR Andi — Illir andar.

32a Matt 10:1.

33a Júd 1:9.

b K&S 84:67, 73.

gaum og gjöra það, sem þér hafið meðtekið og munuð síðar meðtaka — og faðirinn gefur “yður ríkið og ^bkraft til að sigrast á öllu, sem ekki er vígt af honum —

36 Og sjá, sannlega segi ég yður: Blessaðir eruð þér, sem nú hlýðið á þessi orð mín af munni þjóns míns, því að syndir yðar eru yður “fyrirgefnaar.

37 Lát þjón minn Joseph Wakefield, sem er mér þóknanlegur, og þjón minn “Parley P. Pratt, fara út á meðal safnaðanna og styrkja þá með ^bhvatningarorðum —

38 Og einnig þjón minn John Corrill, eða alla þjóna mína, sem vígðir eru þessu embætti, og lát þá vinna í “víngrarðinum og lát engan hindra þá við að gjöra það, sem ég hef útnefnt þeim —

39 Þess vegna er þjónn minn “Edward Partridge ekki réttlættur í þessu. Lát hann eigi að síður iðrast, og honum skal fyrirgefið.

40 Sjá, þér eruð lítil börn og “þolið ekki allt nú. Þér verðið að ^bvaxa að ^cnád og þekkingu á ^dsannleikanum.

41 “Óttist ei, litlu ^bbörn, því að þér eruð mín. Og ég hef ^csigrað heiminn, og þér eruð af þeim, sem faðirinn hefur ^dgefið mér —

42 Og enginn þeirra, sem faðir minn hefur gefið mér, skal ^aglatast.

43 Og faðirinn og ég erum ^aeitt. Ég er í föðurnum og faðirinn í mér. Og þar eð þér hafið tekið á móti mér, eruð þér í mér og ég í yður.

44 Ég er þess vegna mitt á meðal yðar, og ég er ^agóði hirðirinn og ^bklettur Ísraels. Sá, sem byggir á þessu ^cbjargi, mun ^daldrei falla.

45 Og sá dagur kemur, er þér munuð heyra raust mína og ^asjá mig og vita að ég er.

46 Verið þess vegna á ^averði, svo að þér verðið ^bviðbúnir. Já, vissulega. Amen.

51. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Thompson, Ohio, í maí 1831. Um þetta leyti fóru hinir heilögu, sem fluttust frá

35a LR Ríki Guðs eða ríki himna.

b 1 Jón 4:4;
K&S 63:20, 47.

36a K&S 58:42–43.

LR Fyrirgefa.

37a LR Parley Parker Pratt.

b K&S 97:3–5.

38a LR Víngrarður Drottins.

39a LR Edward Partridge.

40a 3 Ne 17:2–3;

K&S 78:17–18.

b 1 Kor 3:2–3;

K&S 19:22–23.

c LR Náð.

d LR Sannleikur.

41a 1 Jón 4:18.

b LR Synir og dætur Guðs.

c Jón 16:33.

d Jón 10:27–29; 17:2;

3 Ne 15:24;

K&S 27:14; 84:63.

42a Jón 17:12;

3 Ne 27:30–31.

43a Jón 17:20–23;

3 Ne 11:35–36.

LR Guð, guðdómur.

44a Jón 10:14–15.

LR Góði hirðirinn.

b 1 Mós 49:24;

1 Pét 2:4–8.

LR Hyrningarsteinn.

c 1 Kor 10:1–4.

LR Bjarg;

Jesús Kristur.

d He 5:12.

45a K&S 67:10–13.

46a LR Vaka, vera á verði,

verðir.

b Al 34:32–33.

austurríkjunum, að koma til Ohio og nauðsynlegt reyndist að gera ákveðnar ráðstafanir varðandi búsetu þeirra. Þar sem þetta verkefni tilheyrði sérstaklega biskupsstarfinu, leitaði Edward Partridge leiðbeininga í málinu og spámaðurinn leitaði til Drottins.

1–8, Edward Partridge er útnefndur til að ráðstafa eigum og eignum; 9–12, Hinir heilögu eiga að breyta heiðarlega og skipta jafnt; 13–15, Þeir eiga að hafa forðabúr biskups og ráðstafa eigum í samræmi við lögmál Drottins; 16–20, Ohio skal vera bráðabirgðaaðsetur.

HLÝÐIÐ á mig, segir Drottinn Guð yðar, og ég mun tala til þjóns míns “Edwards Partridge og gefa honum leiðbeiningar, því að nauðsynlegt er, að hann hljóti leiðsögn um hvernig þessu fólki skuli komið fyrir.

2 Því að nauðsynlegt er, að því sé komið fyrir í samræmi við “lögmál mín. Ef ekki, mun það útilokað verða.

3 Lát þess vegna þjón minn Edward Partridge og þá, sem hann hefur valið og sem ég hef velþóknun á, úthluta þessu fólki sinn hluta, sérhverjum manni “jafnt í hlutfalli við fjölskyldu hans og í samræmi við aðstæður hans, þörf og ^bnauðsyn.

4 Og lát þjón minn Edward Partridge, þegar hann úthlutar

hverjum manni hlut sinn, gefa honum skriflegt skjal, sem tryggi honum hlut hans, svo að hann haldi honum, já, þessum rétti og arfi í kirkjunni, þar til hann brýtur af sér, og með rödd kirkjunnar og í samræmi við lögmál og “sáttmála hennar, telst ekki verðugur þess að tilheyra henni.

5 Og brjóti hann af sér og teljist ekki verðugur þess að tilheyra kirkjunni, skal hann ekki hafa rétt til að krefjast þess hlutar, sem hann hefur helgað biskupi handa hinum fátæku og þurfandi í kirkju minni. Hann skal þess vegna ekki endurheimta gjöfina, heldur aðeins eiga kröfu til þess hlutar, sem honum er afsalað.

6 Og þannig skal allt tryggt í “samræmi við ^blög landsins.

7 Og lát það, sem tilheyrir þessu fólki, vera útnefnt þessu fólki.

8 Og “féð, sem er ætlað þessu fólki — lát tilnefna erindreka fyrir fólkið til að taka við ^bfénu og sjá fólkinu fyrir fæði og klæði í samræmi við þarfir þess.

9 Og hver maður skal breyta “heiðarlega og allir skulu vera

51 1a LR Edward Partridge.
2a K&S 42:30–39; 105:5.
LR Helgun, helgunarlögmál.
3a K&S 49:20.
b Post 2:44–45;
4 Ne 1:2–3.

4a Þ.E. kafli 20 er kallaður reglur og sáttmáli Kirkju Krists. K&S 33:14; 42:13.
LR Sáttmáli.
6a 1 Pét 2:13;
K&S 98:5–7.

b K&S 58:21–22.
8a K&S 84:104.
b K&S 104:15–18.
9a LR Heiðarlegur, heiðarleiki.

jafnir meðal þessa fólks og hljóta jafnt, svo að þér verðið ^beitt, já, eins og ég hef boðið yður.

10 Og það, sem tilheyrir þessu fólki, skal ekki frá því tekið og gefið "öðrum söfnuði.

11 Ef þess vegna annar söfnuður hlýtur fé frá þessum söfnuði, skal hann endurgreiða þessum söfnuði samkvæmt samkomulagi —

12 Og þetta skal biskupinn eða erindreki sá, sem "rödd kirkjunnar tilnefnir, gjöra.

13 Og enn fremur skal biskup "setja upp forðabúr fyrir þennan söfnuð. Og allt, bæði fjármunir og matvæli, sem umfram ^bþarfir fólksins verður, skal vera í höndum biskups.

14 Og hann skal einnig halda eftir fyrir sjálfan sig samkvæmt þörfum sínum og þörfum fjölskyldu sinnar, meðan hann vinnur að þessum málum.

15 Og þannig gef ég fólkinu rétt til að skipuleggja sig í samræmi við "lögmal mín.

16 Og ég helga þeim "þetta land um stundarsakir, þar til ég, Drottinn, sé fyrir þeim á annan hátt og býð þeim að fara héðan —

17 Og dagurinn og stundin er þeim ekki gefin. Þess vegna skulu þeir starfa á þessu landi sem verði þeir þar um árabíll, og það mun snúast þeim til góðs.

18 Sjá, þetta skal verða þjóni mínum Edward Partridge "fyrirmynd á öðrum stöðum, hjá öllum söfnuðunum.

19 Og hver sá, sem reynist trúr, réttvís og vitur "ráðsmaður, skal ganga inn til ^bfagnaðar Drottins síns og mun erfa eilíft líf.

20 Sannlega segi ég yður: Ég er Jesús Kristus, sem "kemur skjótt, á þeirri ^bstundu sem þér ætlið eigi. Já, vissulega. Amen.

52. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til öldunga kirkjunnar í Kirtland, Ohio, 6. júní 1831. Ráðstefna hafði verið haldin í Kirtland, og hófst hún þann 3. en lauk hinn 6. júní. Á þessari ráðstefnu fór í fyrsta skipti fram sérstök vígsla til embættis háprestis. Ákveðnar visbendingar um falska og blekkjandi anda afhjúpaðar og vittar.

1–2, Næsta ráðstefna skal haldin í Missouri; 3–8, Ákveðnir öldungar nefndir til að ferðast saman; 9–11,

Öldungarnir skulu kenna það sem postularnir og spámennirnir hafa ritað; 12–21, Þeir, sem upplýstir eru

9b K&S 38:27.

LR Eining.

10a Þ.E. annarri grein kirkjunnar ekki öðrum söfnuði.

12a LR Almenn samþykkt.

13a K&S 42:55.

LR Forðabúr.

b K&S 42:33–34, 55;

82:17–19.

15a K&S 51:2.

16a Þ.E. Kirtland, Ohio-svæðið.

18a Þ.E. mynstur.

19a Matt 24:45–47.

LR Ráðsmaður, ráðsmennska.

b LR Gleði.

20a Op 22:6–16.

b Matt 24:44.

af andanum, bera ávexti lofgjörðar og visku; 22–44, Ýmsir öldungar nefndir til að fara og boða fagnaðar-erindið á leið sinni til ráðstefnunnar í Missouri.

SJÁ, svo segir Drottinn við öldunga þá, sem hann hefur ^akallað og útvalið með rödd anda síns á þessum síðustu dögum —

2 Og segir: Ég Drottinn, mun gjöra yður kunnugt um það sem ég vil að þér gjörið frá þessari stundu og fram að næstu ráðstefnu, sem haldin skal í Missouri, á ^alandi því sem ég mun ^bhelga fólki mínu, sem er ^cleifar Jakobs, og því sem er erfingjar samkvæmt ^asáttmálanum.

3 Sannlega segi ég yður því: Lát þjóna mína, Joseph Smith yngri og Sidney Rigdon, hefja ferð sína strax og þeir eru tilbúnir að yfirgefa heimili sín og ferðast til Missourilands.

4 Og séu þeir trúir mér, mun þeim gjört kunnugt hvað þeir skulu gjöra —

5 Og séu þeir trúir, mun þeim einngjört ^aerfðaland yðar.

6 En séu þeir ekki trúir, skulu þeir útilokaðir, já, að vilja mínum, og eins og mér þóknast.

7 Og sannlega segi ég yður enn fremur: Lát þjón minn Lyman

Wight og þjón minn John Corrill hefja ferð sína í skyndi —

8 Og einnig þjón minn John Murdock og þjón minn Hyrum Smith hefja ferð sína til sama staðar í gegnum Detroit.

9 Og lát þá ferðast þaðan og boða orðið á leið sinni og segja ^aaðeins það, sem ^bspámennirnir og postularnir hafa ritað, og það, sem ^chuggarinn kennir þeim fyrir trúarbæn.

10 Lát þá fara ^atwo og two og lát þá prédika þannig fyrir öllum söfnuðum á leið sinni, skíra með ^bvatni og með ^chandayfirlagningu á vatnsbakkanum.

11 Því að svo segir Drottinn: Ég mun með hraði ljúka verki mínu í ^aréttlæti, því að þeir dagar koma, er ég mun dóm fella til sigurs.

12 Og lát þjón minn Lyman Wight gæta sín, því að Satan þráir að ^asálda hann sem hismi.

13 Og sjá, sá, sem er ^atrúur, skal yfir mikið settur.

14 Og enn fremur mun ég gefa yður forskrift að öllu, svo að þér látið eigi blekkjast. Því að Satan fer um landið og hann kemur og blekkir þjóðirnar —

15 Þess vegna mun ég ^ataka á móti hverjum þeim, sem biður með ^bsáriðrandi anda, ef hann virðir ^chelgiathafnir mínar.

52 1a LR Köllun, kallaður af Guði.

2a K&S 57:1–3.

b K&S 58:57; 84:3–4.

c Sálm 135:4; 3 Ne 5:21–26.

d Abr 2:6–11.

LR Sáttmáli Abrahams.

5a K&S 57:1–3.

9a Mósía 18:19–20.

b K&S 42:12; 52:36.

LR Ritningar.

c LR Heilagur andi;

Huggari;

Kenna, kennari —

Kennsla með andanum.

10a Mark 6:7; K&S 61:35.

b Jóh 1:26.

c Post 8:14–17.

11a Róm 9:28.

12a Lúk 22:31;

3 Ne 18:17–18.

13a Matt 25:23; K&S 132:53.

15a K&S 97:8.

b LR Sundurkramið

hjarta.

c LR Helgiathafnir.

16 Sá, sem talar með sáriðrandi anda og hógværrí og uppbyggjandi tungu, hann er Guðs, ef hann virðir helgiathafnir mínar.

17 Og enn fremur mun sá, sem skelfur undan krafti mínum, gjörður ^astyrkur og bera ávöxt, lof og ^bvisku, í samræmi við þær opinberanir og þann sannleika, sem ég hef gefið yður.

18 Og enn fremur er sá ekki minn, sem lætur yfirbugast og ^aber ekki ávöxt, já, samkvæmt þessari forskrift.

19 Eftir þessari forskrift skuluð þér ^aþekkja andana í öllum efnum undir gjörvöllum himnunum.

20 Og þeir dagar eru komnir. Og í samræmi við trú mannanna skal við þá ^abreytt.

21 Sjá, þessi boð eru gefin öllum þeim öldungum, sem ég hef útvalið.

22 Og sannlega segi ég yður enn fremur: Lát einnig þjón minn ^aThomas B. Marsh og þjón minn Ezra Thayre hefja ferð sína og boða orðið á leið sinni til þessa sama lands.

23 Og lát enn fremur þjón minn Isaac Morley og þjón minn Ezra Booth hefja ferð sína og einnig boða orðið á leið sinni til þessa sama lands.

24 Og lát enn fremur þjóna mína ^aEdward Partridge og Martin Harris hefja ferð sína með þjónum

mínum Sidney Rigdon og Joseph Smith yngri.

25 Lát þjóna mína David Whitmer og Harvey Whitlock einnig hefja ferð sína og prédika á leið sinni til þessa sama lands.

26 Og lát þjóna mína ^aParley P. Pratt og ^bOrson Pratt hefja ferð sína og prédika á leið sinni, já, til þessa sama lands.

27 Og lát þjóna mína Solomon Hancock og Simeon Carter einnig hefja ferð sína til þessa sama lands og prédika á leið sinni.

28 Lát þjóna mína Edson Fuller og Jacob Scott einnig hefja ferð sína.

29 Lát þjóna mína Leví W. Hancock og Zebedee Coltrin einnig hefja ferð sína.

30 Lát þjóna mína Reynolds Cahoon og Samuel H. Smith einnig hefja ferð sína.

31 Lát þjóna mína Wheeler Baldwin og William Carter einnig hefja ferð sína.

32 Og lát þjóna mína ^aNewel Knight og Selah J. Griffin báða vígjast og einnig hefja ferð sína.

33 Já, sannlega segi ég yður, lát alla þessa hefja ferð sína á einn stað, hver í sína átt, og einn maður skal ekki byggja á annars ^agrunni, né heldur feta í annars slóð.

34 Sá, sem er trúur, skal varðveittur og blessaður með ríku-
legum ^aávexti.

35 Og ég segi yður enn fremur,

17a K&S 66:8; 133:58.

b LR Víska.

18a Matt 3:10.

19a LR Dómgreind,
dómgreindargáfa.

20a Matt 8:5–13.

22a K&S 56:5.

LR Thomas B. Marsh.

24a LR Edward Partridge.

26a LR Parley Parker Pratt.

b LR Orson Pratt.

32a K&S 56:6–7.

33a Róm 15:20.

34a Jóh 15:16;

K&S 18:15–16.

lát þjóna mína Joseph Wakefield og Solomon Humphrey hefja ferð sína til landanna í austri —

36 Lát þá erfiða meðal ættingja sinna og ekkert “boða annað en spámennirnir og postularnir, það, sem þeir hafa ^bséð og heyrt og “trúa með fullri vissu, svo að spádómarnir uppfyllist.

37 Það, sem veitt var Heman Basset, skal vegna brots hans frá honum “tekið og veitt Simonds Ryder.

38 Og sannlega segi ég yður enn fremur, lát “vígja Jared Carter til prests og einnig skal George James vígður ^bprestur.

39 Lát þá öldunga, sem eftir eru, “vaka yfir söfnuðunum og boða orðið í nærliggjandi héruðum, og lát þá vinna með eigin höndum, svo að hvorki ^bhjáguðadýrkun né ranglæti tíðkist.

40 Og minnst í öllu hinna “fátæku og ^bþurfandi, sjúku og aðþrengdu, því að sá, sem slíkt gjörir ei, er ekki lærisveinn minn.

41 Og lát enn fremur þjóna mína Joseph Smith yngri og Sidney Rigdon og Edward Partridge taka með sér “meðmæli frá kirkjunni. Og ein skulu og útgefin handa þjóni mínum Oliver Cowdery.

42 Og séuð þér trúir, skuluð þér því safnast saman til að fagna í landi “Missouri, sem er ^berfðaland yðar, en sem nú er land óvina yðar, já, eins og ég hef sagt.

43 En sjá, ég, Drottinn, mun hraða borginni á sínum tíma og mun krýna hina staðföstu með “gleði og fögnuði.

44 Sjá, ég er Jesús Kristur, sonur Guðs, og ég mun “lyfta þeim upp á efsta degi. Já, vissulega. Amen.

53. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Algernons Sidneys Gilbert í Kirtland, Ohio, 8. júní 1831. Að beiðni Sidneys Gilbert spurði spámaðurinn Drottin um starf bróður Gilberts og útnefningu í kirkjunni.

1–3, Köllun og kjör Sidneys Gilbert í kirkjunni er að vera vígður til öldungs; 4–7, Hann skal einnig þjóna sem erindreki biskups.

SJÁ, ég segi þér, þjónn minn Sidney Gilbert, að ég hef heyrt bænir þínar og þú hefur ákallað mig, svo að Drottinn Guð þinn

36a Mósía 18:19–20;
K&S 52:9.

b Jóh 3:11.

c LR Trú, trúa.

37a Matt 25:25–30.

38a K&S 79:1.

b LR Prestur,
Aronsprestdæmi.

39a Al 6:1.

b LR Falsguðadýrkun.

40a K&S 104:15–18.

LR Fátækur.

b LR Velferð.

41a K&S 20:64.

42a LR Síon.

b K&S 25:2; 57:1–3.

43a LR Gleði.

44a K&S 88:96–98.

megi gjöra þér kunnugt um köllun þína og ^akjör í kirkju þeirri, sem ég, Drottinn, hef reist á þessum síðustu dögum.

2 Sjá, ég, Drottinn, sem ^akrossfestur var vegna synda heimsins, gef þér þau boð, að þú skulir ^byfirgefa heiminn.

3 Tak á þig vígslu mína, já, til öldungs, til að prédika trú og iðrun og ^afyrirgefningu syndanna, í samræmi við orð mitt, og viðtöku hins heilaga anda með ^bhandayfirlagningu —

4 Og einnig til að vera ^aerindreki þessarar kirkju á þeim stað, sem

biskup tilgreinir, í samræmi við fyrirmæli, sem síðar verða gefin.

5 Og sannlega segi ég þér enn fremur að hefja ferð þína með þjónum mínum, Joseph Smith yngri og Sidney Rigdon.

6 Sjá, þetta eru fyrstu helgiathafnirnar, sem þú munt hljóta, en er tímar líða munt þú fá vitneskju um þær, sem eftir eru, í samræmi við störf þín í vingarði mínum.

7 Og enn fremur vil ég að þér vitið, að sá einn er hólpinn, sem stendur ^astöðugur allt til enda. Já, vissulega. Amen.

54. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith til Newels Knight í Kirtland, Ohio, 10. júní 1831. Meðlimir kirkjunnar sem bjuggu í Thompson, Ohio, voru ósammála um viss atriði varðandi helgun eigna. Eigingirni og ágirnd var greinileg. Eftir trúboð hans til skekjaranna (sjá formálsorð að kafla 49), hafði Leman Copley rofið sáttmála sinn um að helga hina stóru bújörð sína sem erfðaland fyrir hina heilögu, er komu frá Colesville, New York. Newel Knight (leiðtogi meðlimanna sem bjuggu í Thompson) og aðrir öldungar komu þar af leiðandi til spámannsins til að spyrjast fyrir um hvernig þeir skyldu bregðast við. Spámaðurinn leitaði til Drottins og fékk þessa opinberun, sem býður meðlimunum í Thompson að yfirgefa bújörð Lemans Copley og fara til Missouri.

1–6, *Hinir heilögu verða að halda sáttmála fagnaðarerindisins til að njóta miskunnar; 7–10, Þeir verða að sýna þolinmæði í andstreymi.*

SJÁ, svo segir Drottinn, sjálfur

^aAlfa og Ómega, upphafið og endirinn, já, hann, sem var ^bkrossfestur vegna synda heimsins —

2 Sjá, sannlega, sannlega segi ég þér, þjónn minn Newel Knight, þú skalt standa fast í því embætti, sem ég hef útnefnt þér.

53 1a LR Kjör;
Kjörinn, hinir kjörnu;
Köllun og kjör.
2a LR Krossfesting.
b LR Heimur;

Veraldarhyggja.
3a LR Fyrirgefning synda.
b LR Handayfirlagning.
4a K&S 57:6, 8–10, 14–15;
84:113.

7a LR Standast.
54 1a Op 1:8;
K&S 19:1.
LR Alfa og Ómega.
b LR Krossfesting.

3 Og þrái bræður þínir að umflýja óvini sína, skulu þeir iðrast allra synda sinna og verða sannlega "auðmjúkir og sáriðrandi fyrir mér.

4 Og þar sem "sáttmálinn, sem þeir gjörðu við mig, hefur verið rofinn, þá er hann "ógildur og ómerkur.

5 En vei þeim, sem þessum "rangindum veldur, því að betra hefði honum verið að drukkna í djúpi sjávar.

6 En blessaðir eru þeir, sem hafa haldið sáttmálann og virt boðorðið, því að þeir munu "miskunn hljóta.

7 Farið þess vegna og flýið landið, svo að óvinir yðar komi

eigi yfir yður. Hefjið ferð yðar og tilnefnið þann, sem þér viljið sem leiðtoga yðar, og til að leggja út fé fyrir yður.

8 Og þannig skuluð þér hefja ferð yðar í vesturátt, til "Missourilands, að landamærum Lamaníta.

9 Og þegar ferð yðar lýkur, sjá, ég segi yður, skuluð þér leita "lífsviðurværis eins og aðrir menn, þar til ég fyrirbý yður stað.

10 Og verið enn fremur "þolinmóðir í þrengingum þar til ég "kem. Og sjá, ég kem skjótt, og laun mín eru með mér, og þeir, sem árla hafa "leitað mín, skulu finna sálum sínum "hvíld. Já, vissulega. Amen.

55. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Williams W. Phelps í Kirtland, Ohio, 14. júní 1831. William W. Phelps, prentari, og fjölskylda hans voru nýkomin til Kirtlands, og spámaðurinn leitaði upplýsinga hjá Drottini varðandi hann.

1–3, *William W. Phelps er kallaður og útvalinn til að skírast, til að vígjast til öldungs og prédika fagnaðarerindið; 4, Hann skal einnig skrifa bækur fyrir börnin í kirkjuskólunum; 5–6, Hann skal fara til Missouri, en þar mun hann starfa.*

SJÁ, svo segir Drottinn við þig, þjónn minn William, já, sjálfur

Drottinn gjörvallrar "jarðarinnar, þú ert kallaður og útvalinn. Og eftir að þú hefur verið "skírður með vatni, og ef þú gjörir það með einbeittu augliti á dýrð mína, skalt þú fá fyrirgefningu synda þinna og meðtaka hinn heilaga anda með "handayfirlagningu —

2 Og síðan skalt þú vígður af

3a LR Auðmjúkur, auðmýkt.

4a K&S 42:30–39.

LR Helgun, helgunarlögmál.

b K&S 58:32–33.

5a Matt 18:6–7.

6a LR Miskunnsamur,

miskunnsemi.

8a K&S 52:42.

9a 1 Þess 4:11.

10a LR Polinmæði, þolgæði.

b Op 22:12.

LR Síðari koma Jesú

Krists.

c Okv 8:17.

LR Bæn.

d Matt 11:28–30.

LR Hvíld.

55 1a 5 Mós 10:14;

1 Ne 11:6;

2 Ne 29:7.

b LR Skirn, skíra.

c LR Handayfirlagning.

hendi þjóns míns, Josephs Smith yngri, til að verða öldungur þessarar kirkju og prédika iðrun og “fyrirgefningu syndanna með skírni í nafni Jesú Krists, sonar hins lifanda Guðs.

3 Og þú skalt hafa vald til að veita hinn heilaga anda öllum þeim, sem þú leggur hendur yfir, séu þeir sáriðrandi fyrir mér.

4 Enn fremur skalt þú vígður til að aðstoða þjón minn Oliver Cowdery við prentun, val og ritun “bóka fyrir skóla þessarar kirkju,

svo að lítil börn geti einnig fengið kennslu frammi fyrir mér, eins og mér er þóknanlegt.

5 Og sannlega segi ég þér enn fremur, vegna þessa skalt þú hefja ferð þína með þjónum mínum Joseph Smith yngri og Sidney Rigdon, svo að þú getir fest “rætur í erfðalandi þínu og unnið þetta verk.

6 Og lát enn fremur þjón minn Joseph Coe einnig hefja ferð sína með þeim. Annað skal kunngjört síðar, já, að vilja mínum. Amen.

56. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 15. júní 1831. Þessi opinberun ávítar Ezra Thayre fyrir að óhlýðnast fyrri opinberun („boðorðið,” sem um ræðir í versí 8), sem Joseph Smith hafði meðtekið fyrir hann, en þar var Thayre leiðbeint varðandi skyldur hans gagnvart bújörð Fredericks G. Williams, þar sem hann bjó. Eftirfarandi opinberun afturkallar þá köllun Thayres, að ferðast með Thomas B. Marsh (sjá kafla 52:22).

1–2, *Hinir heilögu verða að taka upp kross sinn og fylgja Drottni til að öðlast sáluhjálpi; 3–13, Drottinn býður og afturkallar, og hinum óhlýðnu er vísað burt; 14–17, Vei sé hinum ríku, sem ekki vilja hjálpa hinum fátæku, og vei sé hinum fátæku, sem ekki hafa sundurkramin hjörtu; 18–20, Blessaðir eru hinir fátæku, sem eru hreinir í hjarta, því að þeir munu jörðina erfa.*

segir Drottinn Guð yðar, því að sjá, reiði mín er tendruð gegn hinum uppreisnargjörnu og þeir skulu kynnast armi mínum og réttlátri reiði minni, þegar dagur ^bvitjunar og heilagrar reiði kemur yfir þjóðirnar.

2 Og sá mun ekki frelsast, sem ekki vill taka upp “kross sinn og ^bfylgja mér og halda boðorð mín.

3 Sjá, ég, Drottinn, gef boðin, og sá sem ekki vill “hlýðnast, eftir að ég hef boðið, og brýtur

HLÝÐIÐ Á, þér sem “jatið nafn mitt,

2a LR Fyrirgefning synda.

4a K&S 88:118; 109:7, 14.

5a Amos 9:15.

56 1a K&S 41:1.

b Jes 10:3–4;

Morm 9:2;

K&S 1:13–14; 124:10.

2a Lúk 14:27.

b 1 Pét 2:21;

2 Ne 31:10–13;

Moró 7:11.

LR Jesús Kristur —
Fordæmi Jesú Krists.

3a LR Hlýðni, hlýðinn,
hlýða.

þannig boð mín, mun ^bútilokaður á mínum tíma.

4 Ég, Drottinn, gef þess vegna boðin og ^aafturkalla, eins og mér líkar, og hinir ^buppreisnargjörnu skulu svara fyrir allt þetta, segir Drottinn.

5 Þess vegna afturkalla ég boðin, sem gefin voru þjónum mínum ^aThomas B. Marsh og Ezra Thayre, og gef þjóni mínum, Thomas, ný boð um að hefja ferð sína í skyndi til Missourilands, og þjónn minn Selah J. Griffin skal einnig fara með honum.

6 Því að sjá, ég afturkalla boðin, sem voru gefin þjónum mínum Selah J. Griffin og Newel Knight, vegna þrjósku fólks míns í Thompson og uppreisnar þeirra.

7 Lát þess vegna þjónn minn Newel Knight halda kyrru fyrir hjá þeim, og allir þeir, sem vilja fara og eru sáriðrandi fyrir mér, mega fara, og skal hann leiða þá til þess lands, sem ég hef útnefnt.

8 Og sannlega segi ég yður enn, að þjónn minn Ezra Thayre verður að iðrast ^adrambs síns og eigin-girni og hlýða fyrri fyrirmælum, sem ég hef gefið honum varðandi staðinn, er hann býr á.

9 Og gjöri hann þetta, þar eð engin skipting skal verða á landinu, skal hann enn nefndur til að fara til Missourilands —

10 Ella skal hann fá það fé, sem hann hefur greitt, og yfirgefa þennan stað, og skal ^aútilokaður verða úr kirkju minni, segir Drottinn Guð hersveitanna —

11 Og þó að himinn og jörð líði undir lok, skulu þessi orð ekki ^aundir lok líða, heldur uppfyllast.

12 Og verði þjónn minn Joseph Smith yngri að greiða féð, mun ég, Drottinn, greiða honum það aftur í Missourilandi, svo að þeir, sem hann fær féð hjá, fái enn laun í samræmi við gjörðir sínar —

13 Því að í samræmi við verk sín skulu þeir meðtaka, jafnvel erfðaland.

14 Sjá, svo segir Drottinn við fólk mitt: Margt þurfið þér að gjöra og margs að iðrast, því að sjá, syndir yðar hafa borist upp til mín og eru ekki fyrirgefnar, vegna þess að þér leitist við að fara að eigin ^aráðum.

15 Og þér eruð ekki ánægðir í hjörtum yðar. Þér hlýðið ekki sannleikanum, heldur hafið ^aánægju af óréttlæti.

16 Vei yður, ^aríku menn, sem ekki viljið ^bgefa eigur yðar til ^afátækra, því að ^aauðæfi yðar munu eta upp sál yðar, og þetta verður harmur yðar á degi vitjunarinnar og dómsins og hinnar réttlátu reiði: ^eUppskerutíminn er liðinn, sumarið er á enda og sál mín er ekki hólpin!

3b K&S 1:14–16; 50:8.

4a K&S 58:31–33.

b LR Uppreisn.

5a LR Thomas B. Marsh.

8a LR Drambsemi.

10a LR Brottvikning.

11a 2 Ne 9:16.

14a Jakob 4:10.

15a Al 41:10;

3 Ne 27:11.

16a Jer 17:11;

2 Ne 9:30.

b LR Ölmusa.

c Okv 14:31;

Al 5:55–56.

LR Fátækur.

d Jakbr 5:3.

e Jer 8:20;

Al 34:33–35;

K&S 45:2.

17 Vei yður, ^afátæku menn, sem hvorki eruð með sundurkramin hjörtu né sáriðrandi anda, en með óseðjandi maga, og hendur, sem áfram leggja hald á annarra manna eigur, og augu full af ^bgræðgi, og sem eigi viljið erfiða með eigin höndum!

18 En blessaðir eru hinir ^afátæku, sem eru hjartahreininir, með ^bsundurkramin hjörtu og sáriðrandi anda, því að þeir munu sjá

“Guðsríki koma í veldi og mikilli dýrð sér til lausnar, því að gæði ^ajarðar skulu verða þeirra.

19 Því að sjá, Drottinn mun koma, og ^alaun hans verða með honum og hann launar sérhverjum manni, og hinir ^afátæku munu fagna —

20 Og þeirra ætliðir skulu jörðina ^aerfa kynslóð eftir kynslóð, alltaf og að eilífu. Og nú lýk ég máli mínu til yðar. Já, vissulega. Amen.

57. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Síon, Jacksonsýslu, Missouri, 20. júlí 1831. Í hljóðni við fyrirmæli Drottins um að ferðast til Missouri, þar sem hann myndi opinbera „erfðaland yðar“ (kaflí 52), höfðu öldungarnir ferðast frá Ohio til vestari jaðarmarka Missouri. Eftir að hafa íhugað ásigkomulag Lamaníta, hugleiddi spámaðurinn: „Hvenær mun eyðimörkin blómgastr sem rós? Hvenær mun Síon reist í dýrð sinni, og hvar mun musteri þitt standa, sem allar þjóðir skulu koma til á síðustu dögum?“ Spámaðurinn fékk þá þessa opinberun.

1–3, *Independence, Missouri, er staðurinn undir borg Síonar og musterið; 4–7, Hinir heilögu skulu kaupa lönd og hljóta arf á því svæði; 8–16, Sidney Gilbert skal opna verslun, William W. Phelps skal vera prentari og Oliver Cowdery skal ritstýra efni til birtingar.*

HLÝÐIÐ á, ó, þér öldungar kirkju minnar, segir Drottinn Guð yðar, þér sem hafið safnast saman

samkvæmt boði mínu til þessa lands, sem er ^aMissouri, og er það ^bland, sem ég hef útnefnt og ^chelgað til ^asamansöfnunar hinna heilögu.

2 Þetta er þess vegna fyrirheitna landið og ^aborgarstæði ^bSíonar.

3 Og svo segir Drottinn Guð yðar: Ef þér viljið meðtaka visku, þá er hér viska. Sjá, sá staður, sem nú kallast Independence, er miðpunkturinn, og spildan undir

17a Mósía 4:24–27;
K&S 42:42; 68:30–32.

b LR Ágirnd.

18a Matt 5:3, 8; Lúk 6:20;
3 Ne 12:3.

LR Fátækur.

b LR Sundurkramið

hjarta.

c LR Ríki Guðs eða ríki
himna.

d LR Jörð.

19a Op 22:12; K&S 1:10.

20a Matt 5:5;

K&S 45:56–58.

57 1a K&S 52:42.

b K&S 29:7–8; 45:64–66.

c K&S 61:17.

d LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

2a K&S 28:9; 42:9, 62.

b LR Síon.

“musterið liggur í vestur, á lóð sem ekki er fjarri dómhúsinu.

4 Þess vegna er það viturlægt, að hinir heilögu “kaupi landið og einnig hverja spildu, sem liggur til vesturs, allt að markalínunni milli ^bGyðinga og Þjóðanna —

5 Og einnig hverja spildu, sem liggur að sléttunum, að svo miklu leyti sem lærisveinar mínir geta “keypt land. Sjá, í þessu er viska, svo að þeir geti ^bfengið það til ævarandi arfleifðar.

6 Og lát þjón minn Sidney Gilbert standa í því embætti, sem ég hef útnefnt honum, að taka á móti fé, að vera “erindreki kirkjunnar og kaupa land í öllum nærliggjandi héruðum eins og unnt er að gjöra í réttlæti og eins og skynsemin segir til um.

7 Og lát þjón minn “Edward Partridge standa í því embætti, sem ég hef útnefnt honum, og ^búthluta hinum heilögu arfleifð sinni, já, eins og ég hef boðið, og einnig þá, sem hann hefur tilnefnt sér til aðstoðar.

8 Og sannlega segi ég yður enn fremur: Lát þjón minn Sidney Gilbert koma sér fyrir á þessum stað og setja upp verslun, svo að hann geti selt vörur heiðarlega og geti aflað fjár til kaupa á landi, hinum heilögu til góðs, og geti séð lærisveinum mínum fyrir öllu því,

sem þeir þarfnast til að koma sér fyrir á arfleifð sinni.

9 Og lát einnig þjón minn Sidney Gilbert afla sér leyfisbréfs — sjá, hér er viska, og hver sem les, hann skilji — svo að hann geti einnig sent fólkinu vörur, já, með hverjum ritara sem hann vill af þeim, sem ráðnir eru í þjónustu hans —

10 Og sjái þannig fyrir mínum heilögu, svo að fagnaðarerindi mitt verði prédikað þeim, sem í “myrkri og á ^bskuggasvæðum dauðans sitja.

11 Og sannlega segi ég yður enn: Lát þjón minn “William W. Phelps koma sér fyrir á þessum stað og starfa sem ^bprentari kirkjunnar.

12 Og tak eftir, ef heimurinn veitir ritum hans viðtöku — sjá, hér er viska — skal hann afla alls þess, sem hann getur í réttlæti, hinum heilögu til heilla.

13 Og lát þjón minn “Oliver Cowdery aðstoða hann, já, eins og ég hef boðið, á hverjum þeim stað, sem ég mun útnefna honum, við að afrita og leiðrétta og velja, svo að allt verði rétt fyrir mér, eins og andinn mun sanna með honum.

14 Og lát þannig þá, sem ég hef talað um, koma sér fyrir á landi Síonar ásamt fjölskyldum sínum eins fljótt og auðið er til að gjöra þessa hluti, já, það sem ég hef sagt.

3a K&S 58:57; 97:15–17.

4a K&S 48:4.

b Þ.E. Gyðingur tákna hér Lamaniti, og Þjóðirnar hvíta landnema.

5a K&S 58:49, 51;

101:68–74.

b K&S 56:20.

6a K&S 53.

7a K&S 58:24.

LR Edward Partridge.

b K&S 41:9–11; 58:14–18.

10a Jes 9:2; Matt 4:16.

LR Myrkur, andlegt.

b Sálm 23:4.

11a LR William W. Phelps.

b K&S 58:37, 40–41.

13a LR Oliver Cowdery.

15 Og nú varðandi samansöfnunina — Lát biskupinn og erindrekann undirbúa hið bráðasta komu þeirra fjölskyldna, sem boðið hefur verið að koma til

þessa lands, og koma þeim fyrir á arfleifð sinni.

16 Öðrum öldungum og meðlimum skulu gefin frekari fyrir-mæli síðar. Já, vissulega. Amen.

58. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Síon, Jacksonsýslu, Missouri, 1. ágúst 1831. Fyrr, á fyrsta hvíldardeginum eftir komu spámannsins og fylgdarliðs hans til Jacksonsýslu, Missouri, hafði guðsþjónusta verið haldin og tveir meðlimir teknir með skírn í kirkjuna. Þá viku kom hluti hinna heilögu í Colesville, frá Thompson-greininni, ásamt fleirum (sjá kafla 54). Marga langaði ákaft að vita um vilja Drottins varðandi þá á þessum nýja samastað.

1–5, *Þeir sem standast andstreymi munu krýndir með dýrð*; 6–12, *Hinir heilögu skulu undirbúa brúðkaup lambsins og kvöldmáltíð Drottins*; 13–18, *Biskupar eru dómárar í Ísrael*; 19–23, *Hinir heilögu skulu hlýða lögum landsins*; 24–29, *Menn skulu nota frelsi sitt til að gjöra gott*; 30–33, *Drottinn býður og afturkallar*; 34–43, *Til að iðrast verða menn að játa syndir sínar og láta af þeim*; 44–58, *Hinir heilögu skulu kaupa arfleifð sína og safnast til Missouri*; 59–65, *Fagnaðarerindið verður að prédika hverri skepnu*.

HLÝÐIÐ á, ó, þér öldungar kirkju minnar, og ljáið orði mínu eyra, og lærið af mér um vilja minn varðandi yður og einnig „þetta land, sem ég hef sent yður til.

2 Því að sannlega segi ég yður, blessaður er sá, sem ^aheldur boðorð mín, hvort heldur er í lífi eða ^bdauða. Og sá, sem ^cstaðfastur er í ^dmótlæti, hann skal fá meiri laun í himnaríki.

3 Með náttúrlegum augum yðar getið þér eigi að svo stöddu séð áform ^aGuðs um það, sem síðar skal koma, eða þá ^bdýrð, sem fylgja mun eftir mikið mótlæti.

4 Því að eftir mikið ^amótlæti koma ^bblessanirnar. Sá dagur mun þess vegna koma, er þér verðið ^ckrýndir með mikilli ^ddýrð. Stundin er enn ekki komin, en er í nánd.

5 Hafið það hugfast, sem ég fyrirfram segi yður, svo að þér ^afestið það í hjarta og veitið því viðtöku, sem á eftir fylgir.

58 1a K&S 57:1–8.

2a Mósía 2:22.

b 1 Pét 4:6.

c 2 Þess 1:4.

d LR Andstreymi.

3a LR Guð, guðdómur.

b LR Dýrð.

4a Sálm 30:5;

K&S 101:2–7; 103:11–14;

109:76.

b LR Blessa, blessaður,

blessun.

c LR Kóróna;

Upphafning.

d Róm 8:17–18;

K&S 136:31.

5a 5 Mós 11:18–19.

6 Sjá, sannlega segi ég yður, að ég hef sent yður til þess að þér mættuð hlýðnast og hjertu yðar verði ^aundir það búin að gefa ^bvitnisburð um það, sem koma skal —

7 Og einnig svo að þér mættuð hafa heiðurinn af að leggja grundvöllinn og vitna um það land, sem ^aSíon Guðs skal standa á —

8 Og einnig til að búa megi hinum ^afátæku dýrindis veislu, já, dýrindis veislu með vel hreinsuðu og ^bskírðu víni, svo að jörðin megi vita, að orð spámannanna bregðast ekki —

9 Já, kvöldverð í húsi Drottins, vel tilreiddan, sem öllum þjóðum skal boðið til.

10 Fyrst hinum ríku og lærðu, vitru og göfugu —

11 En þar á eftir kemur dagur valds míns. Þá skulu hinir fátæku, lömuðu, blindu og daufu koma í ^abrúðkaup lambsins og neyta ^bkvöldmáltíðar Drottins, sem tilreidd er fyrir komu hins mikla dags.

12 Sjá, ég, Drottinn, hef mælt það.

13 Og að ^avitnisburðurinn gangi út frá Síon, já, frá borgarmunni erfðalands Guðs —

14 Já, vegna þess hef ég sent yður hingað, og valið þjón minn ^aEdward Partridge, og hef útnefnt

honum ætlunarverki sínu í þessu landi.

15 En iðrist hann ekki synna sinna, sem eru vantrú og blinda hjartans, þá má hann gæta sín að hann ^afalli ekki.

16 Sjá, honum er veitt ætlunarverk sitt, og það verður ekki veitt aftur.

17 Og sá, sem stendur í þessu ætlunarverki, er tilnefndur ^adómari í Ísrael eins og til forna, til að skipta erfðalandi Guðs milli ^bbarna hans —

18 Og dæma fólk sitt eftir framburði hinna réttvísu og með aðstoð ráðgjafa sinna, í samræmi við lög-mál ríkisins, sem ^aspámennt Guðs gefa.

19 Því að sannlega segi ég yður, lög-mál mitt skal haldið í þessu landi.

20 Enginn skal halda að hann sé stjórnandi, heldur skal Guð, að eigin ráði og vilja, stjórna honum, sem dæmir, eða með öðrum orðum, honum, sem gefur ráð eða situr í dómarasæti.

21 Enginn maður skal brjóta ^alög landsins, því að sá sem hlítir lög-máli Guðs finnur enga þörf til að brjóta lög landsins.

22 Verið þess vegna undirgefnir því valdi sem er, þar til ^asá ríkir, sem réttinn hefur til að ríkja, og leggur alla óvini að fótum sér.

6a K&S 29:8.
b LR Vitnisburður.

7a LR Síon.

8a LR Fátækur.

b Jes 25:6.

11a Matt 22:1–14;
Op 19:9;
K&S 65:3.

b Lúk 14:16–24.

13a Míka 4:2.

14a LR Edward Partridge.

15a 1 Kor 10:12.

17a K&S 107:72–74.

LR Biskup.

b LR Synir og dætur
Guðs.

18a LR Spámaður.

21a Lúk 20:22–26;

K&S 98:4–10;

TA 1:12.

LR Stjórn.

22a LR Jesús Kristur;
Messías;
Þúsundarárikið.

23 Sjá, þau “lögmal, sem þér hafið veitt viðtöku af minni hendi, eru lög kirkjunnar, og í því ljósi skuluð þér setja þau fram. Sjá, hér er viska.

24 Og þar sem ég talaði nú um þjón minn Edward Partridge, þá er þetta landið sem hann og þeir, sem hann hefur tilnefnt sem ráðgjafa sína, skulu búa á. Og einnig landið sem sá skal búa á, er ég hef nefnt til að sjá um “fordabúr mitt —

25 Þess vegna skulu þeir koma með fjölskyldur sínar til þessa lands, í samráði við mig og hver við annan.

26 Því að sjá, ekki er rétt, að ég skipi fyrir í öllum efnum, því að sá sem er knúinn í öllu er “hyskinn, en ekki hygginn þjónn, og hlýtur þess vegna engin laun.

27 Sannlega segi ég, menn ættu að starfa af “kappi fyrir góðan málstað og gjöra margt af frjálsum vilja sínum og koma miklu réttlæti til leiðar —

28 Því að krafturinn býr í þeim og þeir hafa þannig “sjálfræði. Og sem menn gjöra gott, svo skulu þeir í engu glata launum sínum.

29 En sá sem ekkert gjörir, fyrr en honum er boðið það, og tekur á móti boði með efa í hjarta og hlýðir því með hyskni, sá hinn sami er “fordæmdur.

30 Hver er ég, sem “gjörði manninn, segir Drottinn, að ég dæmi

þann án sektar, sem ekki hlýðir boðum mínum?

31 Hver er ég, segir Drottinn, að ég gefi “fyrirheit, en uppfylli þau ekki?

32 Ég gef boðin og menn hlýða ekki. Ég “afturkalla og þeir hljóta ekki blessunina.

33 Þá segja þeir í hjarta sínu: Þetta er ekki verk Drottins, því að fyrirheit hans uppfyllast ekki. En vei sé slíkum, því að launa þeirra skal “vænta að neðan en ekki að ofan.

34 Og nú gef ég yður frekari leiðbeiningar varðandi þetta land.

35 Það er viska mín, að þjónn minn Martin Harris sýni kirkjunni fordæmi með því að “leggja fé sitt fyrir biskup kirkjunnar.

36 Og enn fremur, þetta eru lög hverjum þeim manni, sem kemur til þessa lands til að veita arfi viðtöku, og hann skal ráðstafa fé sínu eins og lögin segja fyrir um.

37 Og einnig er það viska, að lönd skuli keypt í Independence undir fordabúrið og einnig undir hús fyrir “prentunina.

38 Og aðrar leiðbeiningar varðandi þjón minn Martin Harris mun andinn gefa honum, svo að hann megi hljóta arf sinn eins og hann telur best —

39 Og lát hann iðrast synda sinna, því að hann sækist eftir “lofi heimsins.

23a LR Lögmál.

24a K&S 51:13; 70:7–11.

26a Matt 24:45–51;

K&S 107:99–100.

27a LR Kostgæfni; Verk.

28a LR Sjálfræði.

29a LR Fordæming.

30a Jes 45:9–10; He 12:6.

31a K&S 1:37–38; 82:10.

32a K&S 56:3–4.

33a K&S 29:45.

35a K&S 42:30–32.

37a K&S 57:11–12.

39a 2 Ne 26:29;

K&S 121:34–37.

40 Og lát einnig þjón minn “William W. Phelps standa í því embætti, sem ég hef útnefnt honum, og hljóta arfleifð sína í landinu —

41 Og einnig hann þarf að iðrast, því að ég, Drottinn, er ekki ánægður með hann, því að hann sækist eftir að upphefja sig og er ekki nægilega bljúgur fyrir mér.

42 Sjá, þeim sem hefur “iðrast synda sinna er ^bfyrirgefið, og ég, Drottinn, “minnst þeirra ekki lengur.

43 Þannig getið þér vitað hvort maðurinn iðrast synda sinna — sjá, hann “játar þær og ^blætur af þeim.

44 Og sannlega segi ég yður nú varðandi aðra öldunga kirkju minnar, að tíminn er enn ekki inni, og verður ekki í mörg ár, fyrir þá að veita arfi sínum viðtöku í þessu landi, nema þeir æski hans með trúarbæn, og þá aðeins eins og Drottinn útnefnir þeim.

45 Því að sjá, þeir skulu “þrýsta fólkinu saman frá öllum skautum jarðar.

46 Safnist þess vegna saman, og þeir, sem ekki eru nefndir til að dvelja í þessu landi, skulu boða fagnaðarerindið í nærliggjandi héruðum og snúa síðan aftur til heimkynna sinna.

47 Lát þá prédika á leið sinni og “gefa alls staðar vitnisburð um sannleikann, og kalla hina ríku,

hina háu og lágu og hina fátæku til iðrunar.

48 Og lát þá byggja upp “söfnuði, eftir því sem íbúar jarðarinnar vilja iðrast.

49 Og erindreki fyrir kirkjuna í Ohio skal nefndur með rödd kirkjunnar, til að taka á móti fé til kaupa á landi í “Síon.

50 Og ég gef þjóni mínum Sidney Rigdon fyrirmæli um, að hann skuli “skrifa lýsingu á landi Síonar og yfirlýsingu um vilja Guðs, eins og andinn mun kunngjöra honum —

51 Og bréf og lista skal leggja fyrir alla söfnuðina til að ná inn fé, sem afhenda skal biskupi, honum sjálfum eða erindrekanum, eins og honum hentar eða hann segir fyrir um, til kaupa á erfðalöndum handa börnum Guðs.

52 Því að sjá, sannlega segi ég yður, Drottinn vill að lærisveinarnir og mannanna börn opni hjörtu sín, já, til að kaupa allt þetta landsvæði, svo fljótt sem tími leyfir.

53 Sjá, hér er viska, þeir gjöri þetta, ella hljóti þeir enga “arfleifð, nema með úthellingu blóðs.

54 Og eftir því sem landsvæða er aflað, skulu alls konar handverksmenn enn fremur sendir til þessa lands til að starfa fyrir Guðs heilögu.

55 Allt þetta skal gjört með reglu, og biskup eða erindreki kirkjunnar skal alltaf öðru hverju kunngjöra afnotarétt landanna.

40a LR William W. Phelps.

42a LR Iðrast, iðrun.

^b Jes 1:18. LR Fyrirgefa.

^c Jes 43:25.

43a K&S 19:20; 64:7.

LR Játa, jätning.

^b K&S 82:7.

45a 5 Mós 33:17.

LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

47a K&S 68:8.

48a P.E. greinar kirkjunnar.

49a LR Síon.

50a K&S 63:55–56.

53a K&S 63:27–31.

56 Og samansöfnunin skal hvorki unnin í skyndingu né á flóttu, heldur skal þar farið að ráðum öldunga kirkjunnar, eins og þau eru gefin á ráðstefnum, í samræmi við þá vitneskju, sem þeir fá frá einum tíma til annars.

57 Og lát þjón minn Sidney Rigdon helga og tileinka Drottinn þetta land og staðið undir ^amusterið.

58 Og ráðstefnufundur skal boðaður. Lát síðan þjóna mína Sidney Rigdon og Joseph Smith yngri snúa aftur ásamt Oliver Cowdery, til að ljúka því, sem eftir er þess verks, sem ég hef útnefnt þeim á þeirra eigin landi, ásamt öðru því sem ráðstefnan ^aákveður.

59 Og enginn maður fari frá þessu landi, nema hann ^aberi á leið sinni vitni um það sem hann veit og vissulega trúir.

60 Og það, sem Ziba Peterson hefur verið veitt, skal frá honum tekið, og lát hann standa sem meðlim kirkjunnar og erfiða ásamt

bræðrunum með höndum sínum, þar til hann hefur verið nægilega ^aagaður fyrir allar syndir sínar, því að hann játar þær ekki og ætlar sér að hylja þær.

61 Og aðrir öldungar kirkjunnar, sem eru að koma til þessa lands, sumir hverjir ríkulega blessaðir, jafnvel ómælanlega, haldi einnig ráðstefnu í þessu landi.

62 Og lát þjón minn Edward Partridge stjórna þeirri ráðstefnu, sem þeir munu halda.

63 Og lát þá einnig snúa aftur og boða fagnaðarerindið á leið sinni, berandi vitni um það sem þeim opinberast.

64 Því að sannlega verður hljómurinn að berast frá þessum stað til alls heimsins og til ystu marka jarðarinnar — fagnaðarerindið verður að ^aboða hverri skepnu, með ^btáknum, sem fylgja þeim er trúá.

65 Og sjá mannsönnurinn ^akemur. Amen.

59. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Síon, Jacksonsýslu, Missouri, 7. ágúst 1831. Fyrir þessa opinberun var landið helgað eins og Drottinn hafði mælt fyrir um og staðurinn undir verðandi musteri var vígður. Á þeim degi, sem þessi opinberun var móttekin, lést Polly Knight, eiginkona Josephs Knight eldri, fyrsti meðlimur kirkjunnar til þess að deyja í Síon. Hinir fyrstu meðlimir sögðu þessa opinberun einkennast af „leiðsögn til hinna heilögu um hvernig þeir ættu að halda hvíldardaginn heilagan og hvernig eigi að fasta og biðja.“

1–4, *Hinir heilögu í Síon, sem staðfastir eru, munu blessaðir*; 5–8, *Þeir*

skulu elska Drottinn og þjóna honum, og halda boðorð hans; 9–19, *Með því*

57a K&S 57:3; 84:3–5, 31;
97:10–17.

58a LR Almenn samþykkt.

59a LR Vitnisburður.

60a LR Aga.

64a LR Prédika.

b LR Tákn.

65a LR Síðari koma Jesú
Kristis.

að halda dag Drottins heilagan, eru hinir heilögu blessaðir stundlega og andlega; 20–24, Hinir réttlátu fá fyrirheit um frið í þessum heimi og eilíft líf í komanda heimi.

SJÁ, segir Drottinn, blessaðir eru þeir, sem hafa komið til þessa lands með einbeittu ^aaugliti á dýrð mína, í samræmi við boð mín.

2 Því að þeir sem lifa munu ^aerfa jörðina, og þeir sem ^bdeyja skulu hvílast frá öllu erfiði sínu og verk þeirra munu fylgja þeim. Og þeir munu hljóta ^ckórónu í ^dhíbýlum föður míns, sem ég hef fyrirbúið þeim.

3 Já, blessaðir eru þeir, sem fótfestu eiga í landi Síonar og hlýtt hafa fagnaðarerindi mínu, því að þeir skulu hljóta gæði jarðarinnar í laun og í ^astyrk sínum mun hún bera þau fram.

4 Og þeir munu einnig krýndir blessunum að ofan, já, fyrirmælum ófáum, og ^aopinberunum á sínum tíma — þeir, sem eru ^bstaðfastir og ^ckostgæfnir frammi fyrir mér.

5 Þess vegna gef ég þeim boðorð, er hljóðar svo: Þú skalt ^aelska Drottin Guð þinn af öllu ^bhjarta

þínu, öllum mætti þínum, huga og styrk. Og í nafni Jesú Krists skalt þú ^aþjóna honum.

6 Þú skalt elska ^anáunga þinn eins og sjálfan þig. Þú skalt ekki ^bstela, ekki drýgja ^chór, ekki ^amorð fremja, né nokkuð því líkt.

7 Þú skalt færa Drottni Guði þínum ^aþakkir í öllu.

8 Þú skalt færa Drottni Guði þínum ^aförn í ^bréttlæti, já, sundurkramið hjarta og ^csáriðrandi anda.

9 Og þú skalt fara í hús bænarinna, svo að þú getir enn betur haldið þér ^aóflekkudum frá heiminum, og færa sakramenti þín á ^bhelgum degi mínum —

10 Því að sannlega er þessi dagur útnefndur yður til hvíldar frá erfiði yðar og til að ^avotta hinum æðsta hollustu yðar —

11 Engu að síður skulu heit yðar gefin í réttlæti alla daga og allar stundir —

12 En hafið hugfast, að á þessum Drottins degi skuluð þér færa hinum æðsta ^aförnargjafir yðar og sakramenti og ^bjáta syndir yðar fyrir bræðrum yðar og fyrir Drottni.

59 1a Matt 6:22–24;
K&S 88:67.
2a Matt 5:5;
K&S 63:20, 48–49.
b Op 14:13.
LR Dauði, líkamlegur;
Paradís.
c LR Kóróna;
Upphafning.
d Jóh 14:2;
K&S 72:4; 76:111; 81:6;
98:18.
3a 1 Mós 4:12;
HDP Móse 5:37.
4a K&S 42:61; 76:7; 98:12;

121:26–29.
LR Opinberun.
b LR Verðugur, verðleiki.
c LR Kostgæfni.
5a 5 Mós 11:1; Matt 22:37;
Moró 10:32; K&S 20:19.
LR Elska, ást.
b LR Hjarta.
c LR Þjónusta.
6a LR Samfélag.
b LR Stela, stuldur.
c LR Hórdómur.
d LR Morð.
7a Sálm 92:1; Al 37:37;
K&S 46:32.

LR Þakklátur, þakkir,
þakkargjörð.
8a LR Förn.
b LR Réttlátur, réttlæti.
c LR Sundurkramið
hjarta.
9a Jakbr 1:27.
b LR Hvíldardagur.
10a LR Tilbeiðsla.
12a Þ.E. förnfæringu, með
tíma, hæfileikum, eða
efnislegum gæðum, í
þjónusta við Guð og
náungann. LR Förn.
b LR Játa, játning.

13 Og þennan dag skuluð þér ekkert annað gjöra. Tilreiðið mat yðar af látleysi hjartans, svo að „fasta yðar sé fullkomin, eða með öðrum orðum, svo að ^bgleði yðar verði algjör.

14 Sannlega er þetta fasta og bæn, eða með öðrum orðum, gleði og bæn.

15 Og sem þér gjörði þetta með „þakkargjörð, með ^bléttu „hjarta og svip, ekki með „hlátri miklum, því að það er synd, heldur með glöðu hjarta og léttum svip —

16 Sannlega segi ég, að sem þér gjörði þetta, svo verður fylling jarðarinnar yðar, dýr merkurinnar og fuglar loftsins, og það, sem klifrar í trjánum og gengur á jörðunni —

17 Já, og jurtirnar og gæði jarðarinnar, hvort heldur er til fæðu eða klæðis, til húss eða hlöðu, til aldingarða, matjurtagarða eða víngarða —

18 Já, allt, sem af „jörðu kemur, hvert á sínum þroskatíma, er ætlað

manninum til heilla og gagns, bæði til að þóknast auganu og gleðja hjartað —

19 Já, til fæðu og klæðis, til bragðs og ilms, til að styrkja líkamann og lífga sálina.

20 Og það er Guði gleðiefni að hafa gefið manninum allt þetta, því að í þeim tilgangi var það gjört, til að notast af forsjá, hvorki í óhófi né með áníðslu.

21 Og í engu „misbýður maðurinn Guði, eða gegn engum tendrast heilög reiði hans, nema þeim, sem ^bekki játa hönd hans í öllu og ekki hlýða boðorðum hans.

22 Sjá, þetta er í samræmi við lögmálið og spámennina, ómakið mig þess vegna ekki framur varðandi þetta mál.

23 En lærið að sá, sem vinnur „réttlætisverk, hlýtur sín ^blaun, já, „frið í þessum heimi, og „eilíft líf í komanda heimi.

24 Ég, Drottinn, hef mælt þetta og andinn ber því vitni. Amen.

60. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Independence, Jacksonsýslu, Missouri, 8. ágúst 1831. Í þessu tilviki þráðu öldungarnir, sem ferðast höfðu til Jacksonsýslu og tekið þátt í vígslu landsins og musterislóðarinnar, að vita hvað þeir ættu að gera.

1–9, Öldungarnir skulu boða fagnaðararindið í söfnuðum hinna ranglátu;

10–14, Þeir skulu hvorki eyða tíma sínum til einskis né grafa hæfileika

13a LR Fasta.

b LR Gleði.

15a LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

b 2 Mós 25:2;

K&S 64:34.

c Okv 17:22.

d K&S 88:69.

18a LR Jörð.

21a LR Misbjóða.

b Job 1:21.

23a LR Réttlátur, réttlæti.

b LR Blessa, blessaður, blessun.

c Matt 11:28–30.

LR Friður.

d K&S 14:7.

sína í jörðu; 15–17, Þeir mega þvo fætur sína sem vitnisburð gegn þeim, sem hafna fagnaðareringinu.

SJÁ, svo segir Drottinn við öldunga kirkju sinnar, sem í skyndi skulu snúa aftur til þess lands, er þeir komu frá: Sjá, það gleður mig að þér hafið komið hingað —

2 En með suma er ég ekki vel ánægður, því að þeir vilja ekki ljúka upp ^amunni sínum, heldur ^bdylja þann hæfileika, sem ég hef gefið þeim, af ^cótta við mennina. Vei sé slíkum, því að reiði mín er tendruð gegn þeim.

3 Og svo ber við, að ef þeir reynast mér ekki trúrri, verður frá þeim ^atekið það, sem þeir hafa.

4 Því að ég, Drottinn, ríki á himnum uppi og meðal ^ahersveita jarðar, og þann dag, sem ég safna saman ^bgimsteinum mínum, skulu allir menn vita í hverju kraftur Guðs er fólgin.

5 En sannlega mun ég tala við yður um ferð yðar til þess lands, sem þér komuð frá. Kaupið eða gjörið yður farartæki, eins og yður hentar, það skiptir mig engu, og hefjið ferð yðar í skyndi til þess staðar, sem nefndur er St. Louis.

6 Og þaðan skulu þjónar mínir Sidney Rigdon, Joseph Smith yngri og Oliver Cowdery ferðast til Cincinnati —

7 Og á þeim stað skulu þeir hefja upp rödd sína og boða orð mitt

háum rómi, án reiði eða efa, og lyfta heilögum höndum yfir þá. Því að ég get gjört yður ^aheilaga, og syndir yðar eru yður ^bfyrirgefna.

8 Og hinir skulu tveir og tveir hefja ferð sína frá St. Louis, og prédika orðið flauturslaust á meðal safnaða hinna ranglátu, þar til þeir snúa aftur til þeirra safnaða, er þeir komu frá.

9 Og allt er þetta söfnuðunum til góðs, því að í þeim tilgangi hef ég sent þá.

10 Og lát þjón minn ^aEdward Partridge gefa þeim öldungum mínum, sem boðið er að snúa aftur, hluta af því fé, sem ég hef gefið honum —

11 Þeir, sem það geta, skulu endurgreiða erindrekanum það, en þess er ekki krafist af þeim, sem geta það ekki.

12 Og nú tala ég um aðra þá, sem koma munu til þessa lands.

13 Sjá, þeir hafa verið sendir til að prédika fagnaðareringi mitt í söfnuðum hinna ranglátu. Þess vegna gef ég þeim svofelld boð: Þér skuluð hvorki ^asóa tíma yðar til einskis né heldur grafa ^bhæfileika yðar í jörðu, svo að þeir þekkist ekki.

14 Og eftir að þér hafið komið til lands Síonar og kunngjört orð mitt, skuluð þér snúa aftur í skyndi og boða orð mitt í söfnuðum hinna ranglátu, flauturslaust og án ^areiði eða þrætu.

60 2a Ef 6:19–20.

b Lúk 8:16, 18.

c Matt 25:14–30.

LR Ótti — Ótti við

menn.

3a Mark 4:25; K&S 1:33.

4a Al 43:50.

b Jes 62:3; Sak 9:16;

Mal 3:17;

K&S 101:3.

7a LR Heilagleiki.

b LR Fyrirgefna.

10a LR Edward Partridge.

13a K&S 42:42.

LR Iðjulaus, iðjuleysi.

b Matt 25:24–30;

K&S 82:18.

14a Okv 14:29.

15 Og hristið „duftið af fótum yðar gegn þeim, sem ekki veita yður viðtöku, ekki í návist þeirra, svo að það reiti þá ekki til reiði, heldur á laun, og laugið fætur yðar sem vitnisburð gegn þeim á degi dómsins.

16 Sjá, þetta nægir yður og er vilji þess, sem hefur sent yður.

17 Og fyrir munn þjóns míns Josephs Smith yngri skal hann kunngjörður varðandi Sidney Rigdon og Oliver Cowdery. Meira kemur síðar. Já, vissulega. Amen.

61. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith á bökkum Missourifljótsins, McIlwaines Bend, 12. ágúst 1831. Á heimleið sinni til Kirtlands höfðu spámaðurinn og tíu öldungar ferðast niður ána á eintrjáningum. Á þriðja degi ferðarinnar urðu margar hættur á vegi þeirra. Öldungur William W. Phelps sá í sýn um hábjartan dag, hvar eyðandinn þeysti í veldi eftir yfirborði vatnsins.

1–12, Drottinn hefur ákvarðað mikla tortímingu á vötnunum; 13–22, Jóhannes bölvæði vötnunum, og eyðandinn þeysir eftir yfirborði þeirra; 23–29, Sumir hafa vald til að ráða yfir vötnunum; 30–35, Öldungarnir skulu ferðast tveir og tveir og prédika fagnaðarerindið; 36–39 Þeir skulu undirbúa komu mannsónarins.

SJÁ og hlýðið á raust hans, sem hefur allt „vald, sem er frá eilífð til eilífdar, já, ^bAlfa og Ómega, upphafið og endirinn.

2 Sjá, sannlega, svo talar Drottinn til yðar, ó, þér, öldungar kirkju minnar, sem eruð saman komnir á þessum stað og nú hafið hlotið fyrirgefningu synda yðar, því að ég, Drottinn, „fyrirgef syndir og er ^bmiskunnsamur þeim, sem með auðmjúku hjarta „játa syndir sínar —

3 En sannlega segi ég yður, að ekki er nauðsynlegt að allur þessi hópur öldunga minna ferðist með hraða á vötnunum, meðan íbúarnir beggja vegna við farast í vantrú.

4 Eigi að síður leyfði ég það, svo að þér gætuð borið vitni. Sjá, margar hættur eru á vötnunum og einkum síðar meir —

5 Því að ég, Drottinn, hef í reiði minni ákvarðað mikla tortímingu á vötnunum, já, og einkum á þessum vötnum.

6 Þó er allt hold í hendi minni og sá, sem er trúr á meðal yðar, mun ekki farast á vötnunum.

7 Þess vegna er nauðsynlegt, að þjónn minn Sidney Gilbert og þjónn minn „William W. Phelps sinni í skyndi erindum sínum og ætlunarverkum.

15a Matt 10:14;
Lúk 9:5;
Post 13:51;
K&S 24:15; 75:20; 84:92.

61 1a LR Kraftur.
b LR Alfa og Ómega.
2a Mósía 4:10–11.
LR Fyrirgefna.

b LR Miskunnsamur,
miskunnsemi.
c LR Játa, játning.
7a LR William W. Phelps.

8 Engu að síður vildi ég eigi að þér skilduð fyrr en þér hafið verið “agaðir fyrir allar syndir yðar, svo að þér mættuð verða eitt, og þér færust ekki í ^branglæti —

9 En sannlega segi ég nú: Það hentar mér, að leiðir yðar skiljist. Lát þess vegna þjóna mína Sidney Gilbert og William W. Phelps taka fyrri hóp sinn og leggja af stað í skyndi, svo að þeir megi uppfylla ætlunarverk sitt, og með trú munu þeir sigra —

10 Og sem þeir eru trúir, svo skulu þeir varðveittir, og ég, Drottinn, verð með þeim.

11 Og lát þá, sem eftir eru, taka þann fatnað, sem þeir þurfa.

12 Þjónn minn Sidney Gilbert taki það með sér, sem þér eruð einhuga um að þér þarfnist ekki.

13 Og sjá nú, yður til “góðs gef ég yður ^bfyrirmæli varðandi þetta, og ég, Drottinn, mun rök-ræða við yður eins og við menn til forna.

14 Sjá, ég, Drottinn, blessaði “vötnin í upphafi, en á síðustu dögum lagði ég á vötnin ^bbölvun fyrir munn þjóns míns Jóhannesar.

15 Þess vegna munu þeir dagar koma, er ekkert hold verður ör-uggt á vötnunum.

16 Og sagt verður á komandi dögum, að aðeins sá, sem er ein-lægur í hjarta, geti komist upp til lands Síonar eftir vötnunum.

17 Og eins og ég, Drottinn, í upphafi lagði “bölvun á landið,

já, þannig hef ég á síðustu dögum blessað það, á þess tíma, til gagns fyrir mína heilögu, svo að þeir fái notið gæða þess.

18 Og nú gef ég yður fyrirmæli, og það sem ég segi einum, segi ég öllum, að þér skuluð fyrirfram vara bræður yðar við þessum vötnum, svo að þeir ferðist ekki á þeim og trú þeirra bregðist ekki og þeir festist í gildrum —

19 Ég, Drottinn, hef ákvarðað, og eyðandinn þeysir eftir yfirborðinu og ég afturkalla ekki þá ákvörðun.

20 Ég, Drottinn, var reiður yður í gær, en í dag er reiði mín horfin.

21 Lát þess vegna þá, sem ég hef talað um, hefja ferð sína í skyndi — og enn segi ég yður: Lát þá hefja ferð sína í skyndi.

22 Og innan skamms skiptir það mig engu hvort þeir ferðast á vatni eða landi, svo fremi að þeir uppfylli ætlunarverk sitt. Það skal verða eins og þeim er kunngjört og dómgreind þeirra segir til um.

23 Og nú, varðandi þjóna mína Sidney Rigdon, Joseph Smith yngri og Oliver Cowdery, lát þá ekki fara aftur á vötnunum, þegar þeir snúa til heimila sinna, nema þá eftir skurðinum, eða með öðrum orðum, þeir skulu ekki ferðast á vötnunum, nema þá eftir skurðinum.

8a LR Aga.

b LR Ranglátur, ranglæti.

13a K&S 21:6.

b LR Boðorð Guðs.

14a 1 Mós 1:20.

b Op 8:8–11.

17a HDP Móse 4:23.

24 Sjá, ég, Drottinn, hef útnefnt leið fyrir mína heilögu að ferðast eftir. Og sjá, þetta er leiðin — að eftir að þeir yfirgefa skurðinn, skuli þeir ferðast á landi, svo sem þeim er boðið að ferðast, og fara upp til lands Síonar —

25 Og þeir skulu gjöra eins og börn Ísraels, “reisa tjöld sín á leið sinni.

26 Og sjá, þér skuluð gefa öllum bræðrum yðar þessi fyriræli.

27 Þó skal honum, sem fengið hefur “vald til að ráða yfir vötnunum, gefið með andanum að þekkja alla sína vega —

28 Lát hann því gjöra, sem andi hins lifanda Guðs býður honum, hvort heldur er á landi eða vötnum, og það verður undir mér komið síðar.

29 Og yður er gefin stefna hinna heilögu, eða leiðin sem hinir heilögu í fylkingu Drottins skulu fylgja.

30 Og sannlega segi ég yður enn, þjónar mínir Sidney Rigdon, Joseph Smith yngri og Oliver Cowdery skulu ekki ljúka upp munni sínum meðal safnaða hinna ranglátu fyrr en þeir koma til Cincinnati —

31 Og á þeim stað skulu þeir hefja upp raust sína til Guðs gegn þessu fólki, já, til hans, sem hefur tendrað reiði sína gegn ranglæti

þess, fólki, sem næstum er “fullþroska til tortímingar.

32 Og þaðan skulu þeir ferðast áfram til safnaða bræðra sinna, því að þar er jafnvel enn meiri þörf fyrir erfiði þeirra en meðal safnaða hinna ranglátu.

33 Og lát þá, sem eftir eru, ferðast og “boða orðið á meðal safnaða hinna ranglátu, svo sem það er gefið —

34 Og sem þeir gjöra þetta, svo munu þeir “hreinsa klæði sín og vera flekklausir frammi fyrir mér.

35 Og lát þá ferðast saman, eða “tvo og tvo, eins og þeim hentar, aðeins að þjónn minn Reynolds Cahoon og þjónn minn Samuel H. Smith, sem ég hef velþóknun á, séu ekki aðskildir fyrr en þeir koma aftur til heimila sinna, og er það vegna viturlegs tilgangs míns.

36 Og sannlega segi ég yður nú, og það sem ég segi einum segi ég öllum, verið vonglöð, “litlu börn, því að ég er ^bmitt á meðal yðar og ég hef ekki “yfirgefið yður —

37 Og sem þér hafið auðmýkt yður fyrir mér, svo eru blessanir “ríkisins yðar.

38 Girðið lendar yðar og verið “gætnir og árvakrir og væntið komu mannsónarins, því að hann kemur á þeirri stundu, sem þér ætlið ekki.

39 “Biðið án afláts, svo að þér

25a 4 Mós 9:18.
27a LR Kraftur;
Prestdæmi.
31a Al 37:31;
He 13:14;
K&S 101:11.
33a LR Prédika;

Vitna, bera vitni.
34a 2 Ne 9:44;
Jakob 2:2;
Mósía 2:28.
35a LR Trúboðsverk.
36a Jóh 13:33.
b Matt 18:20.

c Jes 41:15–17;
1 Ne 21:14–15.
37a K&S 50:35.
38a LR Vaka, vera á verði,
verðir.
39a LR Bæn.

fallið ekki í ^bfreistni, að þér fáið | heldur er í lífi eða dauða. Já, vissu-
staðist komudag hans, hvort | lega. Amen.

62. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith á bökkum Missourifljótsins í Chariton í Missouri, 13. ágúst 1831. Pennan dag mættu spámaðurinn og fylgdarlið hans, á leið sinni frá Independence til Kirtlands, nokkrum öldungum, sem voru á leið til lands Síonar, og eftir ánægjulegar kveðjur meðtók hann þessa opinberun.

1–3, Vitnisburðir eru skráðir á himni;
4–9, Öldungarnir skulu ferðast og
prédika samkvæmt eigin dómgreind
og leiðbeiningum andans.

SJÁ, og hlýðið á, ó, þér öldungar
kirkju minnar, segir Drottinn Guð
yðar, já, Jesús Kristur, “málsvari
yðar, sem þekkir veikleika manns-
ins og veit hvernig skal ^bliðsinna
þeim, sem verða fyrir ‘freistingum.

2 Og sannlega hvíla augu mín á
þeim, sem enn hafa ekki komið til
lands Síonar. Ætlunarverk yðar er
þess vegna ekki enn fullnað.

3 Engu að síður eruð þér bless-
aðir, því að “vitnisburður sá, sem
þér hafið gefið, er ^bskráður á himni
fyrir englana að líta, og þeir gleðj-
ast yfir yður og ‘syndir yðar eru
yður fyrirgefna.

4 Haldið nú áfram ferð yðar.
Safnist saman á landi “Síonar og
haldið samkomu, fagnid saman
og færið hinum æðsta sakramenti.

5 Og síðan megið þér snúa aftur

og bera vitni, já, allir saman eða
tveir og tveir, eins og yður hentar,
það skiptir mig engu. Verið að-
eins trúir og “boðið gleðitíðindin
íbúum jarðar eða meðal safnaða
hinna ranglátu.

6 Sjá, ég, Drottinn, hef leitt yður
saman, svo að fyrirheitið yrði upp-
fyllt, að hinir staðföstu á meðal
yðar skyldu varðveittir og fagni
saman í landi Missouri. Ég, Drott-
inn, gef hinum staðföstu fyrirheit
og get ekki “logið.

7 Hvort heldur einhver yðar
æskir að ferðast á hestum eða múl-
ösnum eða í vögnum, sjá, þá er ég,
Drottinn, fús til að veita honum þá
blessun, ef hann meðtekur hana
frá Drottni með “þakklátu hjarta
í öllu.

8 Þetta er undir yður komið að
gjöra, samkvæmt eigin dómgreind
og leiðbeiningum andans.

9 Sjá, “ríkið er yðar. Og sjá og tak
eftir, ég er stöðugt ^bmeð hinum
staðföstu. Já, vissulega. Amen.

39b LR Freista, freisting.

62 1a K&S 45:3–4.

LR Málsvari.

b Hebr 2:18;

Al 7:12.

c LR Freista, freisting.

3a Lúk 12:8–9.

LR Vitnisburður.

b LR Lífsins bók.

c K&S 84:61.

4a K&S 57:1–2.

5a LR Trúboðsverk.

6a Et 3:12.

7a LR Þakklátur, þakkir,

þakkargjörð.

9a K&S 61:37.

b Matt 28:20.

63. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 30. ágúst 1831. Spámaðurinn, Sidney Rigdon og Oliver Cowdery höfðu komið til Kirtlands 27. ágúst úr heimsókn sinni til Missouri. Saga Joseph Smith lýsir þessari opinberun: „Á þessum bernskudögum kirkjunnar var mikill áhugi fyrir því að heyra orð Drottins í öllum þeim efnum, sem á einhvorn hátt varðaði sáluhjálp okkar, og þar sem land Síonar var nú mikilvægasta stundlega málið á dagskrá, bað ég Drottin um frekari upplýsingar um samansöfnun hinna heilögu og kaup á landi og fleiri mál.“

1–6, *Dagur heilagrar reiði mun koma yfir hina ranglátu; 7–12, Tákni verða fyrir trú; 13–19, Hinir hór-sömu í hjarta munu afneita trúnni og þeim verður varpað í eldsdúki; 20, Hinir staðföstu hljóta arfleifð á um-myndaðri jörðunni; 21, Full frásögn af atburðunum á Ummyndunarfjallinu hefur enn ekki verið opinberuð; 22–23, Hinir hlýðnu hljóta leyndardóma ríkisins; 24–31, Arfleifð í Síon skal keypt; 32–35, Drottinn segir styrjaldir verða, og hinir ranglátu drepa hina ranglátu; 36–48, Hinir heilögu skulu safnast til Síonar og útvega fé til uppbyggingar hennar; 49–54, Hinum staðföstu eru tryggðar blessanir við síðari komuna, í upprisunni og í þúsund ára ríkinu; 55–58, Þetta er dagur viðvörunar; 59–66, Þeir, sem nota nafn Drottins án valdsumboðs, leggja nafn hans við hegóma.*

HLÝÐIÐ á, ó, þér fólk, og opnið hjörtu yðar og leggið við eyru úr fjarlægð, og hlustið, þér sem kallið

yður fólk Drottins, og heyrið orð Drottins og vilja hans varðandi yður.

2 Já, sannlega segi ég: Heyrið orð hans, sem reiðst hefur hinum ranglátu og “uppreisnargjörnu —

3 Sem tekur þá, er hann vill “taka, og varðveitir líf þeirra, sem hann vill varðveita —

4 Sem byggir upp að eigin vild og hyggju, en tortímir, þegar honum þóknast, og er fær um að varpa sálinni niður til heljar.

5 Sjá, ég, Drottinn, læt raust mína hljóma og henni skal hlýtt.

6 Sannlega segi ég þess vegna: Hinir ranglátu skulu taka eftir og hinir uppreisnargjörnu óttast og skjálfa og hinir vantrúuðu loka munni sínum, því að dagur heilagrar “reiði mun koma yfir þá sem ^bhvirfilvindur og allt hold skal ^cvita, að ég er Guð.

7 Og sá sem leitar tákna, mun sjá ^atákn, en ekki til sáluhjálpar.

8 Sannlega segi ég yður, til eru þeir á meðal yðar, sem leita

63 2a LR Uppreisn.

3a LR Dauði, líkamlegur.

6a LR Réttvísi;

Síðari koma Jesú Krists.

b Jer 30:23.

c Jes 49:26.

7a K&S 46:9.

LR Tákn.

tákna, og slíkir hafa verið allt frá upphafi —

9 En sjá, trú kviknar ekki af táknum, heldur fylgja tákni þeim, sem trúa.

10 Já, tákni verða fyrir “trú, ekki að vilja manna, né eins og þeim þóknast, heldur að vilja Guðs.

11 Já, tákni verða fyrir trú til máttugra verka, því að án “trúar þóknast enginn maður Guði, og sá sem vekur reiði Guðs nýtur ekki velþóknunar hans. Þess vegna sýnir hann slíkum engin tákni, nema í heilagri ^breiði þeim til ‘fordæmingar.

12 Þess vegna er ég, Drottinn, ekki ánægður með þá á meðal yðar, sem sóst hafa eftir táknum og undrum til að öðlast trú, en hvorki mönnum til góðs né mér til dýrðar.

13 Engu að síður gef ég boðorð, og margir hafa snúið frá boðorðum mínum og ekki haldið þau.

14 Á meðal yðar voru “hórkjarlar og hórkjarlingar, sum hver hafa snúið frá yður, en önnur eru enn á meðal yðar, en munu síðar afhjúpuð.

15 Slíkir skulu gæta sín og iðrast í skyndi, svo að dómur falli ekki yfir þá eins og snara, og heimiska

þeirra verði kunn og verk þeirra fylgi þeim fyrir augum manna.

16 Og sannlega segi ég yður, eins og ég hef áður sagt, hver sem ^alítur á konu með ^bgirndarhug, eða hver sem drýgir “hór í hjarta sínu, mun ekki hafa andann, heldur afneita trúnni og skelfast.

17 Þess vegna hef ég, Drottinn, sagt, að hinir “óttaslegnu og vantrúuðu, og allir ^blygarar, og hver sem elskar og ^ciðkar lygi, og frillulífsmennirnir og töframennirnir, munu fá hlut sinn í ^ddíkinu, sem logar af eldi og brennisteini, og er hinn ^eannar dauði.

18 Sannlega segi ég, að þeir munu ekki eiga hlut í ^afyrstu upprisunni.

19 Og sjá nú. Ég, Drottinn, segi yður, að þér eruð ekki ^aréttlætir, vegna þess að slíkt finnst á meðal yðar.

20 Þó mun sá sigra, sem ^astendur stöðugur í trúnni og gjörir vilja minn, og hann mun og hljóta ^abarf á jörðunni, þegar dagur ummyndunarinnar kemur —

21 Þegar ^ajörðin mun ^bummyndast, já, á þann hátt, sem sýndur var postulum mínum á ^cfjallinu, en fulla frásögn af því hafið þér enn ekki fengið.

10a Moró 7:37.

LR Átrúnaður.

11a Hebr 11:6.

b K&S 35:11.

c K&S 88:65.

14a K&S 42:24–25.

16a Matt 5:27–28;

K&S 42:23–26.

b LR Losti.

c LR Hórdómur.

17a Op 21:8.

b LR Lygar.

c Op 22:15;

K&S 76:103.

d Op 19:20;

2 Ne 9:8–19, 26; 28:23;

Jakob 6:10;

Al 12:16–18;

K&S 76:36.

LR Helja.

e LR Dauði, andlegur.

18a Op 20:6.

19a LR Réttlætting, réttlæta.

20a K&S 101:35.

b Matt 5:5;

K&S 59:2; 88:25–26.

21a LR Jörð — Lokaástand jarðar.

b LR Heimur —

Heimsendir.

c Matt 17:1–3.

22 Og sannlega segi ég yður nú: Ég sagði, að ég mundi kunn­gjöra yður vilja minn, sjá, því mun ég kunn­gjöra yður hann, ekki með boðorðum, því að margir gæta þess ekki að halda boðorð mín.

23 En honum, sem heldur boðorð mín, mun ég gefa ^aleyndardóma ríkis míns og þeir munu verða í honum sem lind ^blifandi vatns, er ^csprettur upp til ævarandi lífs.

24 Og sjá nú. Þetta er vilji Drottins Guðs yðar varðandi hans heilögu, að þeir safnist saman á landi Síonar, en ekki í flaustri, til að forðast megi glundroða, sem leiðir til plágu.

25 Sjá, land ^aSíonar — ég, Drottinn, held því í höndum mér —

26 Engu að síður greiði ég, Drottinn, ^akeisaranum það sem keis­arans er.

27 Þess vegna vil ég, Drottinn, að þér kaup­ið löndin, svo að þér standið betur að vígi gagnvart heiminum og eigið kröfu á heim­inn, og ekki verði unnt að reita hann til reiði.

28 Því að ^aSatan hvetur hjör­tu þeirra til reiði gegn yður og til úthellingar blóðs.

29 Þess vegna fæst land Síonar aðeins með kaupum eða blóði, ella verður ekki um neinn arf að ræða handa yður.

30 Og verði það með kaupum, sjá, þá eruð þér blessaðir —

31 En verði það með blóði, takið eftir, þá koma óvinir yðar yfir yður og þér verðið hraktir borg úr borg og úr einu samkomuhúsinu í annað, og aðeins fáir standa og veita arfi viðtöku, því að yður er bannað að úthella blóði.

32 Ég Drottinn, er reiður hinum ranglátu. Ég held anda mínum frá íbúum jarðar.

33 Ég hef svarið í heilagri reiði minni og ákvarðað ^astríð á yfirborði jarðar, og hinir ranglátu munu drepa hina ranglátu og allir menn munu slegnir ótta —

34 Og hinir ^aheilögu fá einnig vart undan komist. Engu að síður er ég, Drottinn, með þeim og mun ^bkoma niður í himni úr návist föður míns og eyða hinum ^crang­látu í óslökkvandi ^deldi.

35 Og sjá, þetta er enn ókomið, en verður er tímar líða.

36 Með tilliti til þess að ég, Drottinn, hef ákvarðað allt þetta á yfirborði jarðar, vil ég því að mínir heilögu safnist saman á landi Síonar —

37 Og að sérhver maður taki ^aréttlætið sér í hönd og staðfestu um lendar sér og hefji upp ^baðvör­unarraust til íbúa jarðar og boði, bæði með orði og með ^cflóttu, að eyðing komi yfir hina ranglátu.

23a Al 12:9–11;
K&S 42:61; 84:19;
107:18–19.

b LR Lifandi vatn.

c Jóh 4:14.

25a LR Síon.

26a Lúk 20:25;
K&S 58:21–23.

LR Stjórn.

28a LR Djöfull.

33a LR Stríð.

34a LR Heilagur.

b LR Síðari koma Jesú
Kristis.

c Matt 3:12;
2 Ne 26:6;

K&S 45:57; 64:24;
101:23–25, 66.

LR Ranglátur, ranglæti.

d LR Eldur.

37a LR Réttlæti, réttlæti.

b K&S 1:4.

c Jes 47:11.

38 Lát því lærisveina mína í Kirtland, sem búa á þessari bújörð, ganga frá stundlegum málum sínum.

39 Lát þjón minn Titus Billings, sem annast hana, selja landið, svo að hann verði á komanda vori reiðubúinn að hefja ferð sína upp til Síonarlands, ásamt þeim, sem þar dvelja, að þeim frátöldum, sem ég mun geyma mér, og ekki munu fara, fyrr en ég býð þeim.

40 Og lát senda allt það fé, sem spara má — það skiptir mig engu hvort það er lítið eða mikið — til Síonarlands, til þeirra, sem ég hef útnefnt til að veita því viðtöku.

41 Sjá, ég Drottinn, gef þjóni mínum Joseph Smith yngri kraft til að geta „greint með andanum hverjir fari upp til Síonarlands og hverjir lærisveina minna verði eftir.

42 Lát þjón minn Newel K. Whitney halda enn um hríð verslun sinni, eða með öðrum orðum versluninni.

43 Lát hann engu að síður afhenda allt það fé, sem hann getur af hendi látið, að það verði sent til Síonarlands.

44 Sjá, þetta er í hans eigin höndum, lát hann breyta samkvæmt visku.

45 Sannlega segi ég, lát vígja

hann erindreka þeirra lærisveina, sem eftir verða, og hann skal vígður þessu valdi —

46 Og vitja í skyndi safnaðanna ásamt þjóni mínum Oliver Cowdery og útskýra þetta fyrir þeim. Sjá, það er vilji minn, að aflað sé fjár eins og ég hef sagt fyrir um.

47 Sá, sem er „trúur og stendur stöðugur, mun sigra heiminn.

48 Sá, sem sendir fjársjóði upp til Síonarlands, mun „arf hljóta í þessum heimi, og verk hans munu fylgja honum og einnig laun í komanda heimi.

49 Já, og blessaðir eru þeir, sem eftirleiðis „deyja í Drottni, þegar Drottinn kemur og hið aldna ^blíður undir lok og allt verður nýtt. Þeir munu „ríska frá dauðum og eigi aftur „deyja, og hljóta arf hjá Drottni í hinni helgu borg.

50 Og „blessaður er sá, sem lifir þegar Drottinn kemur og hefur varðveitt trúna. Engu að síður er honum ætlað að ^bdeyja, þegar hann nær fullum mannsaldri.

51 Þannig munu „börn ^bvaxa upp til gamalsaldurs. Aldnir menn deyja, en þeir munu ekki sofa í moldu, heldur „breytast á einu augabragði.

52 Vegna þessa prédikuðu postularnir heiminum upprisu hinna dauðu.

53 Þetta er það, sem þér verðið að

41a LR Dómgreind, dómgreindargáfa.

47a Mósía 2:41; K&S 6:13.

48a K&S 101:18.

49a Op 14:13; K&S 42:44–47.

b 2 Kor 5:17.

c LR Upprisa.

d Op 21:4; Al 11:45;

K&S 88:116.

LR Ódauðlegur, ódauðleiki.

50a LR Blessa, blessaður,

blessun.

b LR Dauði, líkamlegur.

51a LR Púsundárafkið.

b Jes 65:20–22;

K&S 45:58; 101:29–31.

c 1 Kor 15:51–52;

K&S 43:32.

huga að, og mælt að hætti Drottins er það í “nánd og í náinni framtíð, já, á komudegi mannsónarins.

54 Og fram að þeirri stundu verða fávísar “meyjar á meðal hinna vitru. Og á þeirri stundu verður algjör aðskilnaður hinna réttlátu og hinna ranglátu, og á þeim degi mun ég senda engla mína til að ^btína úr hina ranglátu og kasta þeim í óslökkvandi eld.

55 Og sjá nú. Sannlega segi ég yður, ég, Drottinn, er ekki ánægður með þjón minn “Sidney Rigdon. Hann ^bupphóf sjálfan sig í hjarta sínu og þaði engin ráð, heldur hryggði andann —

56 Þess vegna er ^arit hans Drottni ekki þóknanlegt og hann verður að umskrifa það. Og veiti Drottinn því ekki viðtöku, sjá, þá stendur hann ekki lengur í því embætti, sem ég hef útnefnt hann til.

57 Og sannlega segi ég yður enn, að “þeir sem af hógværd þrá í hjarta sínu að ^baðvara syndara, svo að þeir iðrist, þeir skulu vígðir til þess valds.

58 Því að þetta er dagur viðvörunar, en ekki dagur margra orða. Því að ég, Drottinn, læt ekki að mér hæða á síðustu dögum.

59 Sjá, ég er frá upphæðum, en

vald mitt er undir niðri. Ég er ofar öllu og í öllu og með öllu og ég “rannsaka allt, og sá dagur kemur að allt verður mér undirgefið.

60 Sjá, ég er “Alfa og Ómega, sjálfur Jesús Kristus.

61 Allir menn skulu þess vegna gæta þess hvernig þeir taka “nafn mitt sér á varir —

62 Því að sjá. Sannlega segi ég, að margir eru undir þessa fordæmingu settir, sem nota nafn Drottins án þess að hafa til þess vald og leggja það þannig við hégóma.

63 Lát því kirkjuna iðrast synda sinna, og ég, Drottinn, mun eiga þá, ella munu þeir útilokast.

64 Hafið hugfast, að það sem að ofan kemur er “heilagt og verður að ^bsegjast með gætni og eins og andinn býður, og í þessu felst engin fordæming, og þér meðtakið andann “með bæn. En án þessa varir því fordæmingin.

65 Lát þjóna mína Joseph Smith yngri og Sidney Rigdon leita sér heimilis eins og andinn kennir þeim í “bæn.

66 Allt þetta skal vinnast með þolinmæði, svo að slíkir fái hlotið “dýrð í ríkari mæli og eilífari ^bmæli, en frekari fordæming ella. Amen.

53a K&S 35:15.

54a Matt 25:1–13;
K&S 45:56–59.

b Mósía 16:2.

55a LR Sidney Rigdon.

b LR Drambsemi.

56a K&S 58:50.

57a K&S 4:3–6.

b K&S 18:14–15.

LR Trúboðsverk;

Vara við, viðvörun.

59a 1 Kor 2:10.

60a LR Alfa og Ómega.

61a LR Vanhelgun.

64a LR Helgur.

b LR Lotning.

c K&S 42:14.

65a LR Bæn.

66a Róm 8:18;

K&S 58:4; 136:31.

b 2 Kor 4:17.

64. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til öldunga kirkjunnar í Kirtland, Ohio, 11. september 1831. Spámaðurinn bjó sig undir að flytja til Hiram, Ohio, til að hefja á ný þýðingu sína á Biblíunni, sem legið hafði niðri, meðan hann var í Missouri. Hópur bræðra, sem fengið höfðu boð um að fara til Síonar (Missouri), bjó sig af alvöru undir ferðina, sem verða átti í október. Opinberunin var meðtekin á þessum annatíma.

1–11, *Hinum heilögu er boðið að fyrirgefa hver öðrum, svo að ekki búi í þeim hin stærri synd; 12–22, Þeir sem ekki iðrast skulu leiddir fyrir kirkjuna; 23–25, Sá sem greiðir tíund mun ekki brenna við komu Drottins; 26–32, Hinir heilögu varaðir við skuldum; 33–36, Hinir uppreisnargjörnu munu útilokaðir frá Síon; 37–40, Kirkjan mun dæma þjóðirnar; 41–43, Síon mun blómstra.*

SJÁ, svo talar Drottinn Guð yðar til yðar, ó, þér öldungar kirkju minnar. Hlýðið á og heyrið og takið á móti vilja mínum varðandi yður.

2 Því að sannlega segi ég yður: Ég vil að þér „sigrist á heiminum. Fyrir því mun ég hafa ^bsamúð með yður.

3 Á meðal yðar eru þeir sem syndgað hafa, en sannlega segi ég í þetta eina sinn, mér sjálfum til „dýrðar og sálum til hjálpræðis: Ég hef ^bfyrirgefið yður syndir yðar.

4 Ég mun vera yður miskunnssamur, því að ég hef gefið yður ríkið.

5 Og meðan þjónn minn Joseph Smith yngri lifir, munu ^alyklarnir að leyndardómum ríkisins, eins og ég hef útnefnt þá, ekki frá honum teknir, svo sem hann fylgir ^bhelgiathöfnum mínum.

6 Til eru þeir sem leitað hafa sakar gegn honum án tilefnis —

7 Engu að síður hefur hann syndgað. En sannlega segi ég yður: Ég, Drottinn, „fyrirgef syndir þeim, sem ^bjáta þær fyrir mér og biðjast fyrirgefningar, þeim sem ekki hafa syndgað til ^c„dauða.

8 Lærisveinar mínir til forna leit-uðu ^asaka hver gegn öðrum og fyrirgáfu ekki hver öðrum í hjörtum sínum, og vegna þeirrar illsku var að þeim þrengt og þeir sárlega ^bagaðir.

9 Fyrir því segi ég yður, að þér eigið að „fyrirgefa hver öðrum, því að sá, sem ekki ^bfyrirgefur bróður

64 2a 1 Jóh 5:4.

b LR Samúð, meðaumkun.

3a HDP Móse 1:39.

b Jes 43:25.

5a K&S 28:7; 84:19.

LR Lyklar

prestdæmisins.

b LR Helgiathafnir.

7a LR Fyrirgefa;

Fyrirgefning synda.

b 4 Mós 5:6–7;

K&S 19:20; 58:43.

LR Játa, játning.

c K&S 76:31–37.

8a LR Deilur.

b LR Aga.

9a Mark 11:25–26;

K&S 82:1.

b Matt 6:14–15;

Ef 4:32.

sínum misgjörðir hans, stendur dæmdur frammi fyrir Drottni, því að í honum býr hin stærri synd.

10 Ég, Drottinn, mun ^afyrirgefa þeim, sem ég vil fyrirgefa, en af yður er krafist, að þér ^bfyrirgefið öllum mönnum.

11 Og þér ættuð að segja í hjörtum yðar — lát ^aGuð dæma milli mín og þín og launa þér í samræmi við ^bgjörðir þínar.

12 Og þann, sem ekki iðrast synda sinna og játar þær ekki, skuluð þér leiða fyrir ^akirkjuna og breyta við hann eins og ritningarnar segja yður, annaðhvort eftir fyrirmælum eða eftir opinberun.

13 Og þetta skuluð þér gjöra Guði til dýrðar — ekki vegna þess að þér fyrirgefið ekki eða hafið enga samúð, heldur svo að þér séuð réttlættir í augum lögmálsins, að þér styggið ekki hann, sem er löggjafi yðar —

14 Sannlega segi ég, af þessum sökum skuluð þér gjöra þetta.

15 Sjá, ég, Drottinn, var reiður Ezra Booth, sem var þjónn minn, og einnig þjóni mínum Isaac Morley, því að þeir héldu hvorki lögmálið né boðorðin —

16 Þeir leituðu hins illa í hjörtum sínum og ég, Drottinn, dró anda minn í hlé. Þeir ^adæmdu það illt, sem ekki var illt. Engu að síður hef ég fyrirgefið þjóni mínum Isaac Morley.

17 Og einnig þjóni mínum ^aEdward Partridge. Sjá, hann hefur syndgað og ^bSatan leitast við að tortíma sál hans. En þegar þeim verður þetta ljóst og þeir iðrast hins illa, skal þeim fyrirgefið.

18 Og sannlega segi ég nú, að mér er nauðsyn, að þjónn minn Sidney Gilbert snúi aftur eftir nokkrar vikur til viðskipta sinna og erindisreksturs í landi Síonar —

19 Og það, sem hann hefur séð og heyrt, verði kunngjört lærisveinum mínum, svo að þeir fari ekki. Og vegna þessa hef ég mælt þetta.

20 Og enn segi ég yður, að þjónn minn Isaac Morley má ekki ^afreistast um megn fram og gefa ráðleggingar yður til skaða. Ég gaf fyrirmæli um að bújörð hans skyldi seld.

21 Ég vil ekki, að þjónn minn Frederick G. Williams selji bújörð sína, því að ég, Drottinn, vil hafa styrka fótfestu í landi Kirtlands um fimm ára skeið, og á þeim tíma mun ég ekki yfirbuga hina ranglátu, svo að ég geti þannig frelsað nokkra.

22 Og eftir það mun ég, Drottinn, ekki halda neinn ^asekan, sem með einlægu hjarta fer upp til Síonarlands, því að ég, Drottinn, krefst ^bhjartna mannanna barna.

23 Sjá, fram að ^akomu mannsónarins heitir í ^bdag og sannlega er

10a 2 Mós 33:19;
Al 39:6;
K&S 56:14.
b Mósía 26:29–31.
11a 1 Sam 24:12.
b 2 Tím 4:14.

12a K&S 42:80–93.
16a 2 Ne 15:20;
K&S 121:16.
17a LR Edward Partridge.
b LR Djöfull.
20a LR Freista, freisting.

22a LR Sekt.
b 2 Mós 35:5;
K&S 59:15; 64:34.
23a LR Síðari koma Jesú
Krists.
b K&S 45:6; 64:24–25.

það ‘fórnar- og tíundardagur fólks míns, því að sá, sem geldur ‘tíund, mun ekki ‘brenna við komu hans.

24 Því að eftir þennan dag kemur ‘brennan — talað að hætti Drottins — því að sannlega segi ég, á morgun munu allir hinir ^bdramblátu og þeir, sem breyta ranglátlega, verða sem hálmleggir og ég mun brenna þá til agna, því að ég er Drottinn hersveitanna og ég hlífi engum, sem eftir verður í ‘Babýlon.

25 Ef þér þess vegna trúið mér, munuð þér vinna meðan enn heitir í dag.

26 Og ekki er rétt að þjónar mínir ^aNewel K. Whitney og Sidney Gilbert selji ^bverslun sína og eigur sínar hér, því að það er ekki viturlagt fyrr en aðrir í kirkju minni, sem enn halda kyrru fyrir á þessum stað, fara upp til Síonarlands.

27 Sjá, svo segir í lögum mínum, eða bannað er að komast í ‘skuldir við óvini yðar —

28 En sjá, aldrei nokkru sinni hefur verið sagt, að Drottinn skuli ekki taka, þegar honum hentar, og greiða eins og honum þóknast.

29 Þar sem þér nú eruð erindrekar gangið þér erinda Drottins, og allt sem þér gjörið samkvæmt vilja Drottins er mál Drottins.

30 Og hann hefur sett yður til að annast hina heilögu á þessum síðustu dögum, svo að þeir hljóti ‘arf í Síonarlandi.

31 Og sjá, ég, Drottinn, boða yður, að þeir munu hljóta hann, og ‘orð mín eru örugg og ^bbregðast ei.

32 En allt verður að gerast á sínum tíma.

33 ‘Preytist þess vegna ekki á að gjöra gott, því að þér eruð að leggja grunninn að miklu verki. Og af hinu ^bsmáa sprettur hið stóra.

34 Sjá, Drottinn ^akrefst ^bhjartans og viljugs huga, og þeir viljugu og ^cauðsveipu skulu neyta gæða Síonarlands á þessum síðustu dögum.

35 En hinir ^auppreisnargjörnu munu ^bútilokaðir úr landi Síonar og verða sendir á brott og munu ekki erfa landið.

36 Því að sannlega segi ég, að hinir uppreisnargjörnu eru ekki af blóði ^aEfraíms. Þess vegna munu þeir tíndir úr.

23c LR Fórn.

d Mal 3:10–11.

LR Tíund,
tíundargreiðslur.

e Mal 4:1;

3 Ne 25:1;

JS — S 1:37.

24a Jes 66:15–16.

LR Heimur —

Heimsendir;

Jörð — Hreinsun jarðar.

b Mal 3:15;

2 Ne 12:12; 23:11.

LR Drambsemi.

c K&S 1:16.

LR Babel, Babýlon.

26a LR Newel K. Whitney.

b K&S 57:8.

27a LR Skuld.

30a K&S 63:48.

31a Mark 13:31;

2 Ne 31:15;

K&S 1:37–38.

b K&S 76:3.

33a Gal 6:9.

b K&S 123:16.

34a Míka 6:8.

b 5 Mós 32:46;

Jós 22:5;

Morm 9:27.

LR Hjarta.

c Jes 1:19.

LR Hlýðni, hlýðinn,
hlýða.

35a LR Uppreisn.

b K&S 41:5; 50:8–9; 56:3.

LR Brottvikning.

36a 5 Mós 33:16–17.

37 Sjá, ég, Drottinn, hef gjört kirkju mína á þessum síðustu dögum líka dómara, er situr á hæð uppi eða á háum stað og dæmir þjóðirnar.

38 Því að svo ber við, að íbúar Síonar skulu ^adæma í öllu því, sem tilheyrir Síon.

39 Og þeir munu afhjúpa lygara og hræsnara, og þeir, sem ekki eru ^apostular og spámenn, munu berir verða.

40 Og jafnvel ^abiskupinn, sem er ^bdómari, og ráðgjafar hans, ef þeir eru ekki trúir í ^cráðsmennsku

sinni, munu dæmdir og ^aaðrir settir í þeirra stað.

41 Því að sjá, ég segi yður, að ^aSíon mun blómstra og ^bdýrð Drottins skal hvíla á henni —

42 Og hún mun verða ^amerki fyrir fólkid, og til hennar mun það koma frá hverri þjóð undir himninum.

43 Og sá dagur kemur, að þjóðir jarðar munu ^askjalfa vegna hennar og skelfast vegna hennar ógurlegu. Drottinn hefur talað það. Amen.

65. KAFLI

Opinberun um bæn gefin með spámanninum Joseph Smith í Hiram, Ohio, 30. október 1831.

1–2, *Lyklar Guðs ríkis eru afhentir manni á jörðu, og málstaður fagnaðararerindisins mun sigra; 3–6, Þúsund ára ríki himins mun koma og sameinast ríki Guðs á jörðu.*

HLÝÐIÐ á og takið eftir. Rödd sem þess er sendur er að ofan, máttug og kraftmikil, hljómar til endimarka jarðarinnar, já, rödd sem hrópar til mannanna — ^aGreiðið Drottni veg, gjörið beinar brautir hans.

2 ^aLyklar ^bGuðs ríkis eru afhentir manni á jörðu, og þaðan skal fagnaðararerindið breiðast út til endimarka jarðar, líkt og ^csteinninn, sem losaður er úr fjallinu án þess að hendur komi nærri, mun áfram velta, uns hann hefur ^afyllt alla jörðina.

3 Já, rödd hrópar — Greiðið Drottni veg, tilreiðið ^akvöldmáltíð lambsins, undirbúið komu ^bbrúðgumans.

4 Biðjið til Drottins, ákallið hans

38a Jes 2:3–4;
K&S 133:21.

39a Op 2:2.
LR Postuli.

40a LR Biskup.
b K&S 58:17; 107:72–74.
c LR Ráðsmaður,
ráðsmennska.

d K&S 107:99–100.

41a LR Síon.

b K&S 45:67; 84:4–5;

97:15–20.

LR Dýrð.

42a LR Merki.

43a Jes 60:14;

K&S 97:19–20.

65 1a Jes 40:3;

Matt 3:3;

Jóh 1:23.

2a Matt 16:19;

K&S 42:69.

LR Lyklar

prestdæmisins.

b K&S 90:1–5.

c Dan 2:34–45.

d Sál 72:19.

LR Daniél —

Daníelsbók;

Síðustu dagar, síðari

dagar.

3a Matt 22:1–14; Op 19:9;

K&S 58:11.

b LR Brúðgumi.

heilaga nafn, kunngjörð hin undursamlegu verk hans meðal fólksins.

5 Ákallið Drottin, svo að ríki hans breiðist út á jörðunni og íbúar hennar megi veita því viðtöku og vera viðbúnir komandi dögum, þegar mannsönnurinn "kemur í himni niður, ^bklæddur

ljóma ^cdýrðar sinnar, til að mæta því ^dGuðs ríki, sem reist er á jörðu.

6 Megi því ^aríki Guðs breiðast út, svo að ^bríki himins megi koma og þú, ó Guð, megir dýrðlegur verða á himni sem á jörðu, og óvinir þínir verði yfirbugaðir, því að ^cþinn er heiðurinn, mátturinn og dýrðin, alltaf og að eilífu. Amen.

66. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith í Hiram, Ohio, 29. október 1831. William E. McLellin hafði með leynd beðið Drottin að svara í gegnum spámanninginn fimm spurningum, sem Joseph Smith vissi ekki um. Að beiðni McLellin spurði spámaðurinn Drottin og meðtók þessa opinberun.

1–4, *Hinn ævarandi sáttmáli er fylling fagnaðarerindisins; 5–8, Öldungar skulu prédika, vitna og rökræða við fólk; 9–13, Trúverðug andleg þjónusta tryggir arfleifð eilífs lífs.*

SJÁ, svo segir Drottinn við þjón minn William W. McLellin — Blessaður ert þú, þar eð þú hefur snúið baki við misgjörðum þínum og meðtekið sannleika minn, segir Drottinn lausnari þinn, frelsari heimsins, já, allra þeirra, sem "trúa á nafn mitt.

2 Sannlega segi ég þér: Blessaður ert þú fyrir að meðtaka "ævarandi sáttmála minn, já, fyllingu fagnaðarerindis míns, sem send var mannanna börnum, svo að þau megi öðlast ^blíf og meðtaka þær

dýrðir sem opinberaðar verða á síðustu dögum, eins og ritað var af spámönnum og postulum til forna.

3 Sannlega segi ég þér, þjón minn William, að þú ert hreinn, en ekki í öllu. Íðrast því þess, sem ekki er augum mínum þóknlegt, segir Drottinn, því að Drottinn mun "sýna þér það.

4 Og nú mun ég, Drottinn, sannlega sýna þér hvað ég vil varðandi þig eða hver vilji minn er varðandi þig.

5 Sjá, sannlega segi ég þér, að vilji minn er, að þú "boðir fagnaðarerindi mitt land úr landi og borg úr borg, já, í nærliggjandi héruðum, þar sem það hefur ekki verið boðað.

5a Matt 24:30.

b Sálm 93:1.

c LR Dýrð.

d Dan 2:44.

6a LR Ríki Guðs eða ríki

himna.

b Op 11:15.

c 1 Kro 29:11; Matt 6:13.

66 1a Jóh 1:12.

LR Trú, trúa.

2a LR Nýr og ævarandi sáttmáli.

b Jóh 10:10; 3 Ne 5:13.

3a Jakob 4:7; Et 12:27.

5a Mark 16:15.

6 Dvel ekki marga daga á þessum stað. Far ekki nú þegar til Síonarlands, en send þú það, sem þú getur sent. Hugsaðu að öðru leyti ekki um eigur þínar.

7 “Far þú til landsvæðanna í austri, gef öllum ^bvitnisburð þinn á hverjum stað, í samkunduhúsum þeirra, og rökræddu við fólkið.

8 Lát þjón minn, Samuel H. Smith, fara með þér. Yfirgef hann ekki og veit honum leiðbeiningar þínar. Og sá, sem er staðfastur, skal “styrkur gjörður á hverjum stað, og ég, Drottinn, mun fara með þér.

9 Legg “hendur þínar yfir hina sjúku og þeir munu ^bheilir verða. Snú ekki aftur fyrr en ég, Drottinn, sendi þig. Ver þolinmóður í þrengingum. “Biðjið og yður mun

gefast, knýið á og fyrir yður mun upp lokið verða.

10 Ekki ofhlaðast byrðum. Snú baki við öllu óréttlæti. Ekki drýgja “hór — freistingu, sem hefur sótt á þig.

11 “Varðveit þessi orð, því að þau eru sönn og traust. Og þú skalt efla embætti þitt og safna mörgum til ^bSíonar, með “söngva hinnar ævarandi gleði yfir höfðum sér.

12 “Hald þannig áfram, já, allt til enda, og þú skalt eignast ^bkórónu eilífs lífs til hægri handar föður mínum, sem er fullur náðar og sannleika.

13 Sannlega, svo segir Drottinn, “Guð yðar, lausnari yðar, sjálfur Jesús Kristus. Amen.

67. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Hiram, Ohio, snemma í nóvember 1831. Tilefnið var sérstök ráðstefna, þar sem rædd var og ákvörðun tekin um birtingu opinberana, sem þá þegar hafði verið tekið á móti frá Drottni með spámanninginum (sjá formála að kafla 1). William W. Phelps hafði nýverið stofnað prentsmiðju kirkjunnar í Independence, Missouri. Á ráðstefnunni var ákveðið að gefa opinberanirnar út í Boðorðabók og að prenta 10.000 eintök (sem var seinna minnkað niður í 3.000 eintök vegna ófyrirsjáanlegra erfiðleika). Margir bræðranna gáfu hátíðlegan vitnisburð um að opinberanirnar, sem safnað hafði verið saman til útgáfu, væru vissulega sannar, eins og heilagur andi, sem þeim veittist, hafði borið þeim vitni um. Saga Josephs Smith skýrir frá því, að eftir að opinberunin, sem þekkt er sem 1. kafla, hafði verið gefin, hafi nokkrar umræður orðið um málfar opinberananna. Þessi opinberun fylgdi.

7a K&S 75:6.

b LR Vitnisburður.

8a K&S 52:17; 133:58.

9a LR Handayfirlagning;
Þjónusta við sjúka.

b Matt 9:18.

LR Lækna, lækningar.

c Jakbr 1:5.

10a LR Hórdómur.

11a K&S 35:24.

b K&S 11:6.

c Jes 35:10;

K&S 45:71.

LR Syngja.

12a 2 Tím 3:14–15;

2 Ne 31:20.

b Jes 62:3;

Matt 25:21;

1 Pét 5:4.

13a LR Guð, guðdómur —

Guð sonurinn.

1–3, *Drottinn heyrir bænir öldunga sinna og vakir yfir þeim*; 4–9, *Hann skorar á þann vitrasta að eftirlíkja hina smæstu af opinberunum hans*; 10–14, *Staðfastir öldungar munu lifgaðir af andanum og sjá ásjónu Guðs*.

SJÁ og hlýðið á, ó, þér “öldungar kirkju minnar, sem safnast hafið saman, en bænir yðar hef ég heyrt og hjörtu yðar þekki ég, og þrjár yðar hafa borist mér.

2 Sjá og tak eftir. “Augu mín hvíla á yður og himnar og jörð eru í mínum höndum og mitt er að útdeila auðæfum eilífðarinnar.

3 Þér vilduð trúa því, að þér hlytuð þá blessun, sem stóð yður til boða. En sjá, sannlega segi ég yður, “ótti bjó í hjörtum yðar, og vissulega er það ástæðan fyrir því, að þér hlutuð hana ekki.

4 Og nú gef ég, Drottinn, yður “vitnisburð um sannleik þeirra boðorða, sem fyrir yður liggja.

5 Augu yðar hafa hvílt á þjóni mínum Joseph Smith yngri, og “málfar hans hafið þér þekkt og ófullkomleika hans hafið þér þekkt. Og í hjörtum yðar hafið þér leitað þekkingar til að geta málfarslega staðið honum framár. Þetta vitið þér einnig.

6 Nú, leitið í Boðorðabókinni,

jafnvel að því smæsta, sem þar er, og útnefnið þann, sem “vitrastur er meðal yðar —

7 Og sé einhver meðal yðar, sem getur gjört eitt líkt því, þá eruð þér réttlættir í því að segja, að þér vitið ekki hvort þau eru sönn.

8 En getið þér ekki gjört eitt líkt því, eruð þér undir fordæmingu, ef þér “berid ekki vitni um, að þau eru sönn.

9 Því að þér vitið, að ekkert óréttlæti finnst í þeim, og það sem “réttlátt er kemur að ofan, frá föður ^bljósanna.

10 Og sannlega segi ég yður enn, að þetta eru forréttindi yðar, og loforð gef ég yður, sem vígðir hafa verið til þessarar helgu þjónustu, að sem þér varpið af yður “afbrýði og ^botta og “auðmýkið yður fyrir mér, því að þér eruð ekki nægilega auðmjúkir, svo mun “hulan rifin frá og þér munuð “sjá mig og vita að ég er — ekki með holdlegum né náttúrlegum huga, heldur andlegum.

11 Því að enginn “maður hefur nokkru sinni í holdinu séð Guð, nema hann sé lifandi gjörður með anda Guðs.

12 Né getur nokkur “náttúrlegur maður staðist návist Guðs, né neinn með holdlegan huga.

13 Þér eruð ekki færir um að

67 1a LR Öldungur.

2a Sálm 34:15.

3a LR Ötti.

4a LR Sannleikur; Vitnisburður.

5a K&S 1:24.

6a 2 Ne 9:28–29, 42.

8a LR Vitni.

9a Moró 7:15–18.

b Jakbr 1:17;

K&S 50:24; 84:45; 88:49.

10a LR Vandlæting.

b LR Ötti.

c LR Auðmjúkur, auðmýkt.

d LR Hula.

e K&S 88:68; 93:1; 97:16.

11a ÞJS 2 Mós 33:20, 23

(Viðauki);

Jóh 1:18; 6:46;

ÞJS 1 Jóh 4:12 (Viðauki);

K&S 84:19–22;

HDP Móse 1:11, 14.

12a Mósía 3:19.

LR Hinn náttúrlegi

maður.

standast návist Guðs nú, né heldur þjónustu engla. Haldið þess vegna áfram af ^aþolinmæði, þar til þér eruð ^bfullkomnaðir.

14 Snúið hugum yðar ekki til

baka, og þegar þér eruð ^averðugir, munuð þér á mínum tíma sjá og vita það, sem veittist yður af hendi þjóns míns Josephs Smith yngri. Amen.

68. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Hiram, Ohio, 1. nóvember 1831, sem svar við þeirri bæn, að vilji Drottins varðandi Orson Hyde, Luke S. Johnson, Lyman E. Johnson og William E. McLellin yrði kunnngjörður. Þó að hluta þessarar opinberunar væri beint að þessum fjórum mönnum, þá varðar mikill hluti hennar alla kirkjuna. Undir leiðsögn Josephs Smith var þessi opinberun aukin, þegar hún var birt í útgáfu Kenningar og sáttmála árið 1835.

1–5, Orð öldunganna, sem þeir mæla fyrir áhrif heilags anda, er ritning; 6–12, Öldungarnir munu prédika og skíra, og tákn munu fylgja sönnum trúendum; 13–24, Frumburður meðal sona Arons má þjóna sem yfirbiskup (þ. e. halda forsætislyklum sem biskup) undir stjórn Æðsta forsætisráðsins; 25–28, Foreldrum er boðið að kenna börnum sínum fagnaðarerindið; 29–35, Hinir heilögu skulu virða hvíldardaginn, starfa af kappi og biðja.

ÞJÓNINN minn Orson Hyde var með vígslu sinni kallaður til að boða hið ævarandi fagnaðarerindi með ^aanda hins lifanda Guðs frá einni þjóð til annarrar, úr einu landi í annað, í söfnuðum hinna ranglátu, í samkomuhúsum þeirra, og rökkræða við þá og útskýra ritningarnar fyrir þeim.

2 Og sjá og tak eftir. Þetta er

öllum þeim til eftirbreytni, sem vígðir voru til þessa prestdæmis og útnefnt er það ætlunarverk að fara út —

3 Og þetta er þeim til eftirbreytni, að þeir ^atali eins og heilagur andi hvetur þá til.

4 Og allt sem þeir segja, hvattir af ^aheilögum anda, skal vera ritning, skal vera vilji Drottins, skal vera hugur Drottins, skal vera orð Drottins, skal vera rödd Drottins og ^bkraftur Guðs til sáluhjálpar.

5 Sjá, þetta er fyrirheit Drottins til yðar, ó þér, þjónar mínir.

6 Verið þess vegna vonglaðir og ^aóttist ei, því að ég, Drottinn, er með yður og mun standa með yður. Og þér skuluð vitna um mig, já, Jesú Krist, að ég er sonur hins lifanda Guðs, að ég var, að ég er og að ég kem.

7 Þetta er orð Drottins til þín,

13a Róm 2:7.

LR Þolinmæði, þolgaði.

b Matt 5:48;

3 Ne 12:48.

14a LR Verðugur, verðleiki.

68 1a LR Heilagur andi.

3a 2 Pét 1:21;

K&S 18:32; 42:16; 100:5.

4a LR Heilagur andi;

Opinberun.

b Róm 1:16.

6a Jes 41:10.

þjónn minn ^aOrson Hyde, og einnig til þjóns míns Lukes Johnsson og til þjóns míns Lymans Johnsson og til þjóns míns Williams E. McLellin og til allra staðfastra öldunga kirkju minnar —

8 ^aFarið um gjörvallan heiminn, ^bprédikið fagnaðarerindið hverri ^cskepnu, starfið með því ^dvaldi, sem ég hef veitt yður, ^eskírið í nafni föðurins og sonarins og hins heilaga anda.

9 Og ^asá, sem trúir og lætur skírast, mun ^bfrelsaður verða, en sá, sem trúir ekki, mun ^cfordæmdur verða.

10 Og sá, sem trúir, skal blessaður með ^atáknum, sem fylgja, já, eins og ritað er.

11 Og yður skal gefið að þekkja tímanna ^atákn og táknin um komu mannssonarins —

12 Og yður skal gefið vald til að ^ainnsigla til eilífs lífs alla þá, sem faðirinn ber vitni um. Amen.

13 En varðandi þau atriði, sem koma skulu til viðbótar sáttmálunum og boðorðunum, þá eru þau þessi —

14 Síðar, þegar Drottinn þóknast, munu fleiri ^abiskupar settir í embætti í kirkjunni, til að þjóna á sama hátt og hinn fyrsti —

15 Þess vegna skulu þeir verða

^aháprestar, sem verðugir eru, og ^bæðsta forsætisráð Melkisedeksprestðæmisins skal tilnefna þá, nema þeir séu beinir afkomendur ^cArons.

16 Og séu þeir beinir afkomendur ^aArons, eiga þeir lagalegan rétt til biskupsdæmisins, ef þeir eru frumburðir sona Arons —

17 Því að frumburðurinn heldur rétti forsætis yfir þessu prestdæmi og ^alyklum eða valdi þess.

18 Enginn maður hefur lagalegan rétt til þessa embættis, að halda lyklum þessa prestdæmis, nema hann sé ^abeinn og frumborinn afkomandi Arons.

19 En eins og ^aháprestur Melkisedeksprestðæmisins hefur vald til að starfa í öllum lægri embættunum, svo má hann starfa í embætti ^bbiskups, þegar enginn beinn afkomandi Arons finnst, svo fremi, að hann sé kallaður og settur í embætti og vígður þessu valdi af hendi æðsta forsætisráðs Melkisedeksprestðæmisins.

20 Og beinn afkomandi Arons þarf einnig útnefningu þessa forsætisráðs, og verður að reynast verðugur og vera ^asmurður og ^bvígður af hendi þessa forsætisráðs, ella hafa þeir ekki löglegt vald til að starfa í prestdæmi sínu.

7a LR Orson Hyde.

8a K&S 1:2; 63:37.

b LR Prédika;
Trúboðsverk.

c Mark 16:15.

d LR Vald.

e LR Skír, skíra.

9a Mark 16:16;
K&S 20:25.

b LR Sáluhjál, hjálpraði.

c LR Fordæming.

10a LR Tákn.

11a LR Tákn tímanna.

12a K&S 1:8; 132:49.

LR Innsigli, innsiglu.

14a LR Biskup.

15a K&S 72:1.

b LR Æðsta forsætisráðið.

c LR Aron, bróðir Móse.

16a K&S 107:15–17.

LR Aronsprestðæmið.

17a LR Lyklar

prestðæmisins.

18a 2 Mós 40:12–15;
K&S 84:18; 107:13–16,
70–76.

19a LR Háprestur.

b LR Biskup.

20a LR Smyrja.

b LR Vígja, vígsla.

21 En samkvæmt eðli ákvæðanna um rétt þeirra til prestdæmisins frá föður til sonar, geta þeir krafist smurningar sinnar af hendi fyrrnefnds forsætisráðs, hvenær sem þeir geta sannað ættlegg sinn eða fullvissa fæst um það með opinberun frá Drottni.

22 Og ennfremur skal enginn biskup eða háprestur, sem settur verður í þá helgu þjónustu, yfirheyrður eða dæmdur fyrir nokkurt afbrot, nema frammi fyrir „æðsta forsætisráði kirkjunnar —

23 Og sannist sekt hans fyrir forsætisráðinu með framburði, sem ekki er unnt að hrekja, skal hann dæmdur —

24 En iðrist hann, skal honum „fyrirgefið í samræmi við sáttmála og boðorð kirkjunnar.

25 Og enn fremur, að því leyti sem „foreldrar, er eiga börn í Síon eða einhverri skipulagðri ^bstiku hennar, ^ckenna þeim ekki, þegar þau eru ^dátta ára að aldri, að skilja kenninguna um iðrun, trú á Krist, son hins lifanda Guðs, og um skírn og gjöf heilags anda með handayfirlagningu, fellur ^esyndin á höfuð foreldranna.

26 Því að þetta skal vera lögmál fyrir íbúa „Síonar eða sérhverrar skipulagðrar stiku hennar.

27 Og börn þeirra skulu „skírð til ^bfyrirgefningar synda sinna og hljóta handayfirlagningu, þegar þau eru ^cátta ára gömul.

28 Og þeir skulu einnig kenna börnum sínum að „biðja og ganga grandvör frammi fyrir Drottni.

29 Og íbúar Síonar skulu einnig virða „hvíldardaginn og halda hann heilagan.

30 Og íbúar Síonar skulu af einlægri trúfestu einnig vera minnugir starfa sinna, hafi þeim verið falin þau, því að iðjuleysingjans skal minnst frammi fyrir Drottni.

31 Nú er ég, Drottinn, ekki vel ánægður með íbúa Síonar, því að „iðjuleysingar eru meðal þeirra, og börn þeirra vaxa einnig upp í ^branglæti. Þeir ^cleita heldur ekki af einlægri auðæfa eilífðarinnar, heldur eru augu þeirra full af ágirnd.

32 Þannig á þetta ekki að vera og verður að útrýma því frá þeim. Þess vegna skal þjónn minn, Oliver Cowdery, bera þessi orð til Síonarlands.

33 Og boðorð gef ég þeim — að sá, sem rækir ekki ^bbænir sínar til Drottins á hverjum tíma, hans skal ^bminnst frammi fyrir dómara fólks míns.

34 Þessi ^aorð eru sönn og traust.

22a LR Æðsta forsætisráðið.

24a LR Fyrirgefa.

25a LR Fjölskylda —

Ábyrgð foreldra.

b LR Stika.

c LR Kenna, kennari.

d K&S 18:42; 20:71.

e Jakob 1:19;

K&S 29:46–48.

26a LR Síon.

27a LR Skírn, skíra.

b LR Fyrirgefning synda.

c LR Ábyrgð, ábyrgur,

ábyrgðarskylda.

28a LR Bæn.

29a K&S 59:9–12.

LR Hvíldardagur.

31a LR Iðjulaus, iðjuleysi.

b LR Ranglátur, ranglæti.

c K&S 6:7.

33a LR Bæn.

b LR Aga;

Dómari, dómur.

34a Op 22:6.

Brjótið þess vegna hvorki gegn
þeim né ^brýrið þau.

35 Sjá, ég er "Alfa og Ómega, og
ég ^bkem skjótt. Amen.

69. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Hiram, Ohio, 11. nóvember 1831. Samantekt opinberana, sem gefa skyldi út fljótlega, var tekin fyrir á sérstakri ráðstefnu 1.–2. nóvember. Þann 3. nóvember var opinberuninni, er birtist hér sem 133. kaflí, seinna kölluð Viðaukinn, bætt við. Oliver Cowdery hafði áður verið falið að fara með handrit hinna samanteknu opinberana og boðorða til Independence, Missouri, til prentunar. Hann skyldi einnig taka með sér fé það, sem lagt hafði verið fram til uppbyggingar kirkjunnar í Missouri. Þessi opinberun kveður svo á um, að John Whitmer skuli fylgja Oliver Cowdery, og bendir einnig Whitmer á að ferðast og safna sögulegu efni fyrir köllun sína sem sagnaritari kirkjunnar.

1–2, John Whitmer skal fara með Oliver Cowdery til Missouri; 3–8, Hann skal einnig prédika, og safna, skrá og rita söguheimildir.

HLÝÐIÐ á mig, segir Drottinn Guð yðar, sakir þjóns míns, "Olivers Cowdery. Ég tel ekki viturlagt, að honum skuli trúað fyrir boðorðunum og fé því, sem hann skal fara með til Síonarlands, nema einhver fari með honum, sem sannur verður og staðfastur.

2 Fyrir því vil ég, Drottinn, að þjónn minn, "John Whitmer, fari með þjóni mínum Oliver Cowdery —

3 Og einnig, að hann haldi áfram skrifum sínum og "sögugerð um allt það markverða, sem hann sér og veit um kirkju mína —

4 Og einnig að hann fái "ráðlegg-

ingar og aðstoð frá þjóni mínum Oliver Cowdery og öðrum.

5 Og einnig ættu þjónar mínir, sem fjarri eru, að senda skýrslur um "ráðsmennsku sína til Síonarlands —

6 Því að Síonarland skal vera það setur og sá staður, þar sem tekið er á móti öllu slíku og séð um framkvæmd þess.

7 Lát engu að síður þjón minn John Whitmer ferðast oft milli staða og frá einum söfnuði til annars, svo að auðveldara verði fyrir hann að afla sér vitneskju —

8 Prédika og útleggja, skrá, afrita, velja og safna öllu því, sem verður kirkjunni til góðs og uppvaðandi kynslóðum, sem vaxa munu upp í landi "Síonar og eiga það mann fram af manni, alltaf og að eilífu. Amen.

34b K&S 20:35; 93:24–25.

35a LR Alfa og Ómega.

b K&S 1:12.

69 1a LR Oliver Cowdery.

2a LR John Whitmer.

3a K&S 47:1–3; 85:1.

4a LR Ráðgjöf.

5a LR Ráðsmaður,

ráðsmennska.

8a LR Síon.

70. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Hiram, Ohio, 12. nóvember 1831. Saga spámannsins segir að fjórar ráðstefnur hafi verið haldnar frá 1. til og með 12. nóvember. Á þeirri síðustu var rætt um hið mikla vægi opinberananna sem seinna yrðu gefnar út sem Boð-orðabókin og síðan sem Kenning og sáttmálar. Þessi opinberun var gefin eftir að ráðstefnan samþykkti, að opinberanirnar væru „virði allra auðæfa jarðar fyrir kirkjuna.“ Saga Josephs Smith talar um opinberanirnar sem „grundvöll kirkjunnar á þessum síðustu dögum og ávinning fyrir heiminn, sem sýni, að mönnum sé enn á ný treyst fyrir lyklunum að leyndardómum ríkis frelsara okkar.“

1–5, Ráðsmenn útnefndir til að birta opinberanirnar; 6–13, Þeir sem vinna að andlegum málum eru verðir launa sinna; 14–18, Hinir heilögu séu jafnir í stundlegum efnum.

SJÁ, og hlýðið á, ó, þér íbúar Síonar og allir þér í kirkju minni, sem í fjarlægð eruð og heyrið orð Drottins, sem ég gef þjóni mínum Joseph Smith yngri, og einnig þjóni mínum Martin Harris, og einnig þjóni mínum Oliver Cowdery, og einnig þjóni mínum John Whitmer, og einnig þjóni mínum Sidney Rigdon, og einnig þjóni mínum William W. Phelps, og gefin eru þeim sem boð.

2 Því að ég gef þeim boð. Hlýðið þess vegna á og heyrið, því að svo mælir Drottinn til þeirra —

3 Ég, Drottinn, hef útnefnt þá og vígt þá “ráðsmenn yfir opinberunum þeim og boðum, sem ég hef gefið þeim og sem ég mun síðar gefa þeim —

4 Og ég mun krefja þá reiknings-

skila fyrir þessa ráðsmennsku á degi dómsins.

5 Fyrir því hef ég útnefnt þá, og þetta er starf þeirra í kirkju Guðs, að sjá um þau og það, sem þeim fylgir, já, hagnaðinn af þeim.

6 Þess vegna gef ég þeim boð, að þeir skuli hvorki afhenda kirkjunni þetta né heiminum —

7 Þar eð þeir eigi að síður fá inn meira en fyrir nauðsynjum sínum og þörfum, skal það sett í “forðabúr mitt —

8 Og hagnaðurinn skal helgaður íbúum Síonar og niðjum þeirra, svo sem þeir verða “erfingjar samkvæmt lögmálum ríkisins.

9 Sjá, þetta er það sem Drottinn krefst af sérhverjum manni í “ráðsmannsstarfi hans, já, eins og ég, Drottinn, hef útnefnt eða mun síðar útnefna hverjum manni.

10 Og sjá, enginn er undanskilinn þessu lögmáli, sem tilheyrir kirkju hins lifanda Guðs —

11 Já, hvorki biskup né “erindrekinn, sem annast forðabúr

70 3a 1 Kor 4:1;
K&S 72:20.
7a K&S 72:9–10.

8a K&S 38:20.
9a LR Ráðsmaður,
ráðsmennska.

11a K&S 57:6.

Drottins, né sá, sem útnefndur er ráðsmaður stundlegra hluta.

12 Sá, sem tilnefndur er til að annast hið andlega, hann er “verður launa sinna, já, eins og þeir, sem tilnefndir eru til ráðsmennsku stundlegra hluta —

13 Já, jafnvel enn ríkulegar, og gnægð þess margfaldast þeim fyrir áhrif andans.

14 Engu að síður skuluð þér vera “jafnir í stundlegum efnum, og það án tregðu, ella mun gnægð áhrifa andans haldið eftir.

15 Þessi “boð gef ég þjónum mínum þeim til heilla, meðan

þeir eru hér, sem vitni um blessanir mínar yfir þeim og sem laun fyrir ^bkostgæfni þeirra og þeim til öryggis —

16 Til fæðu og “klæðis, til arfleifðar, til húss og lands, við hvaða aðstæður sem ég, Drottinn, set þá í, og hvert sem ég, Drottinn, mun senda þá.

17 Því að þeir hafa verið trúir í “mörgu og hafa gjört vel, svo fremi að þeir hafi ekki syndgað.

18 Sjá, ég, Drottinn, er “miskunnssamur og mun blessa þá, og þeir munu ganga inn til gleði þessara hluta. Já, vissulega. Amen.

71. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith og Sidney Rigdon í Hiram, Ohio, 1. desember 1831. Spámaðurinn hélt áfram þýðingu Biblíunnar, með Sidney Rigdon sem ritara, þar til þessi opinberun var gefin, en þá var hún lögð til hliðar um hríð, svo að þeir gætu uppfyllt þær leiðbeiningar, sem hér eru gefnar. Bræðurnir áttu að fara og prédika til að lægja þær óvinsamlegu öldur, sem risið höfðu gegn kirkjunni, vegna birtingar bréfa rituðum af Ezra Booth, sem horfið hafði frá kirkjunni.

1–4, Joseph Smith og Sidney Rigdon sendir út til að boða fagnaðarerindið; 5–11, Óvinum hinna heilögu mun hnekt.

SJÁ, svo mælir Drottinn til yðar, þjónar mínir Joseph Smith yngri og “Sidney Rigdon, að sá tími er vissulega kominn, er mér þykir nauðsynlegt og æskilegt, að þér ljúkið upp munni yðar og ^bboðið

fagnaðarerindi mitt, það sem ríkinu tilheyrir, skýrið “leyndardóma þess út frá ritningunum, í samræmi við þann hluta anda og krafts sem yður verður gefinn, já, að mínum vilja.

2 Sannlega segi ég yður, boðið það heiminum, í nærliggjandi héruðum og einnig í kirkjunni, um nokkurt skeið, allt þar til yður verður kunngjört annað.

12a Lúk 10:7.

14a K&S 49:20.

LR Helgun,
helgunarlögmál.

15a 5 Mós 10:12–13.

b LR Kostgæfni.

16a K&S 59:16–20.

17a Matt 25:21–23.

18a LR Miskunnssamur,
miskunnsemi.

71 1a LR Sidney Rigdon.

b LR Trúboðsverk.

c K&S 42:61, 65.

3 Sannlega er þetta það verk, sem ég ætla yður um hríð.

4 Vinnið þess vegna í vingarði mínum. Kallið til íbúa jarðarinnar og berið vitni og greiðið veginn fyrir boðorðin og opinberanirnar, sem koma eiga.

5 Sjá nú, þetta er viska. Sá sem les, hann "skilji og veiti því einnig ^bviðtöku —

6 Því að þeim sem tekur á móti skal gefast enn "ríkulegar, jafnvel kraftur.

7 "Hnekkið þess vegna óvinum yðar. Hvetjið þá til að ^bmæta yður

bæði opinberlega og einslega, og sem þér eruð trúir, svo mun smán þeirra verða opinber.

8 Þeir skulu því koma með sín sterku rök gegn Drottni.

9 Sannlega, svo segir Drottinn við yður — engin "vopn, sem smíðuð verða gegn yður, skulu verða sigursæl —

10 Og hefji einhver maður raust sína gegn yður, mun honum hnekk, þegar mér hentar.

11 Haldið þess vegna boðorð mín, þau eru sönn og áreiðanleg. Já, vissulega. Amen.

72. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 4. desember 1831. Nokkrir öldungar og meðlimir höfðu safnast saman til að læra um skyldur sínar og uppbyggjast frekar í kenningum kirkjunnar. Þessi kaflir er samantekt þriggja opinberana, sem gefnar voru sama daginn. Vers 1 til og með 8 kunngjöra köllun Newels K. Whitney til biskups. Hann var síðan kallaður og vígður, og eftir það voru vers 9 til og með 23 gefin, en þau veita frekari upplýsingar varðandi skyldur biskups. Á eftir þeim komu vers 24 til og með 26 og veittu þau leiðsögn varðandi samansöfnun til Síonar.

1–8, Öldungar skulu gefa biskupi skýrslu um ráðsmennsku sína; 9–15, Biskupinn sér um forðabúrið og annast hina fátæku og þurfandi; 16–26, Biskupar skulu votta verðleika öldunganna.

HEYRIÐ og hlýðið á rödd Drottins, ó þér, sem hafið safnast saman, sem eruð "háprestar kirkju minnar, og hlotið hafið ^bríkið og valdið.

2 Því að sannlega segir Drottinn:

Ég tel nauðsynlegt, að "biskup verði tilnefndur fyrir yður eða úr yðar hópi, fyrir kirkjuna í þessum hluta vingarðs Drottins.

3 Og sannlega hafið þér í þessu breytt viturlega, því að Drottinn krefst þess af hendi sérhvers "ráðsmanns, að hann ^bgjöri grein fyrir "ráðsmennsku sinni, bæði um tíma og eilífð.

4 Því að sá, sem er trúur og "vitur í tíma, er talinn verðugur þess að

5a LR Skilningur.

b Al 12:9–11.

6a Matt 13:12.

7a HDP Móse 7:13–17.

b K&S 63:37; 68:8–9.

9a Jes 54:17.

72 1a K&S 68:14–19.

b LR Ríki Guðs eða ríki

himna.

2a LR Biskup.

3a LR Ráðsmaður,

ráðsmennska.

b K&S 42:32; 104:11–13.

c Lúk 19:11–27.

4a Matt 24:45–47.

erfa þau ^bhíbýli, sem faðir minn hefur fyrirbúið honum.

5 Sannlega segi ég yður, að öldungar kirkjunnar í þessum hluta “víngarðs míns skulu gjöra biskupi þeim, sem ég mun útnefna í þessum hluta víngarðs míns, grein fyrir ráðsmennsku sinni.

6 Þetta skal skráð og afhent biskupnum í Síon.

7 Og skyldur ^abiskups munu kunnar verða af fyrirmælunum, sem gefin hafa verið og af rödd ráðstefnunnar.

8 Og sannlega segi ég yður nú, að þjónn minn ^aNewel K. Whitney er maðurinn, sem útnefndur skal og vígður þessu valdi. Þetta er vilji Drottins Guðs yðar, lausnara yðar. Já, vissulega. Amen.

9 Orð Drottins, til viðbótar lög-málum þeim, sem gefin hafa verið, kunngjörir skyldur biskups þess, sem vígður hefur verið í kirkjunni í þessum hluta víngarðsins, og eru þær sannlega þessar —

10 Að annast ^aforðabúr Drottins; að taka á móti sjóðum kirkjunnar í þessum hluta víngarðsins —

11 Að taka skýrslu af öldungunum, eins og áður hefur verið boðið, og ^aannast þarfir þeirra, og skulu þeir greiða fyrir það sem þeir fá, svo sem þeir eiga fyrir því —

12 Svo að einnig það megi helgast hinum fátæku og þurfandi, kirkjunni til góðs.

13 Og reikningsskil skal gjöra fyrir þann, sem ekki ^aá fyrir því, og afhenda biskupi Síonar, sem greiða mun skuldina af því, sem Drottinn felur honum í hendur.

14 Og starf hinna staðföstu, sem vinna að andlegum málum og að framkvæmd fagnaðarerindisins og því, sem ríkinu tilheyrir, fyrir kirkjuna og fyrir heiminn, skal jafna skuldina við biskup Síonar —

15 Þannig kemur það frá kirkjunni, því að samkvæmt ^alög-málinu verður sérhver maður, sem kemur til Síonar, að leggja allt fyrir biskup Síonar.

16 Og sannlega segi ég yður nú, að þar sem sérhver öldungur í þessum hluta víngarðsins verður að gjöra biskupnum grein fyrir ráðsmennsku sinni í þessum hluta víngarðsins —

17 Þá skal ^avottorð frá dómara eða biskupi í þessum hluta vín-garðsins til biskupsins í Síon látið hverjum þóknanlegum manni í té, sem sýnir, að hann er verðugur arfs og verðugur þess að á móti honum sé tekið sem hyggnum ^bráðsmanni og trúum verkamanni —

18 Ella skal biskup Síonar ekki taka á móti honum.

19 Og sannlega segi ég yður nú, að sérhver öldungur, sem gjörir biskupi kirkjunnar í þessum hluta víngarðsins reikningsskil, skal fá meðmæli safnaðarins eða safnaðanna, sem hann starfar í, svo

4b K&S 59:2.

5a LR Vín-garður Drottins.

7a K&S 42:31; 46:27;

58:17–18; 107:87–88.

8a LR Newel K. Whitney.

10a K&S 70:7–11; 78:3.

LR Forðabúr.

11a K&S 75:24.

13a LR Fátækur.

15a K&S 42:30–31.

LR Helgun,

helgunarlögmál.

17a K&S 20:64, 84.

b K&S 42:32.

að hann sjálfur og skýrslur hans verði viðurkenndar í öllu.

20 Og ennfremur skulu þjónar mínir, sem tilnefndir eru ráðsmenn yfir “bókmenntum kirkju minnar, eiga í öllu rétt á aðstoð biskups eða biskupa —

21 Svo að “opinberanirnar verði birtar og berist til endimarka jarðarinnar, og þeir geti einnig aflað tekna, sem komi kirkjunni til góða að öllu leyti —

22 Svo að þeir geti einnig sannað sig í öllu og verði taldir hyggjarnir ráðsmenn.

23 Og sjá nú, þetta skal verða öllum hinum vítt dreifðu greinum kirkju minnar til eftirbreytni, í

hvaða landi sem þær verða stofnsettar. Og nú lýk ég máli mínu. Amen.

24 Nokkur orð til viðbótar lög­málum ríkisins, varðandi meðlimi kirkjunnar — þá, sem “útnefndir eru með hinum heilaga anda til að fara til Síonar, og þá, sem njóta þeirra forréttinda að fara til Síonar —

25 Lát þá taka með sér vottorð til biskupsins frá þremur öldungum kirkjunnar eða vottorð frá biskupi —

26 Ella verður sá, sem fer til lands Síonar, ekki talinn hygginn ráðsmaður. Þetta er einnig til eftirbreytni. Amen.

73. KAFLI

Opinberun gefin spámanningnum Joseph Smith og Sidney Rigdon í Hiram, Ohio, 10. janúar 1832. Frá því snemma í desember síðast liðnum höfðu spámaðurinn og Sidney verið önnum kafnir við að prédika, og á þann hátt tókst að lægja þær öldur, sem risið höfðu gegn kirkjunni (sjá formála að kafla 71).

1–2, Öldungarnir skulu halda áfram að prédika; 3–6, Joseph Smith og Sidney Rigdon skulu halda áfram að þýða Biblíuna, þar til því er lokið.

Því að sannlega segir Drottinn svo: Ég tel nauðsynlegt, að “þeir haldi áfram að prédika fagnaðararindið og hvetja söfnuðina í

nærleggjandi héruðum, fram að ráðstefnu —

2 Og sjá, þá munu þeim kunn­gjörð með “rödd ráðstefnunnar hin ýmsu ætlunarverk sín.

3 Sannlega segi ég yður nú, þjónar mínir Joseph Smith yngri og Sidney Rigdon, svo segir Drottinn: “Nauðsynlegt er að hefja þýðingar á ný —

20a K&S 70:3–5.

21a LR Kenning og sáttmálar.

24a LR Köllun, kallaður af Guði.

73 1a Þ.E. hinir, sem voru á

trúboði; sjá K&S 57–68.

2a K&S 20:63.

3a Þ.E. Joseph og Sidney hafði áður verið boðið að fresta þýðingu Biblíunnar og prédika

fagnaðararindið.

K&S 71:2.

b K&S 45:60–61; 76:15. LR Þýðing Josephs Smith (þjs).

4 Og svo sem unnt er að prédika í nærliggjandi héruðum fram að ráðstefnu, og eftir það er nauðsynlegt að halda þýðingarstarfinu áfram, þar til því er lokið.

5 Og þetta skal vera öldungunum

til eftirbreytni, þar til frekari vitneskja hlýst, já, eins og ritað er.

6 Nú veiti ég yður ekki meira í þetta sinn. “Girðið lendar yðar og verið árvakrir. Já, vissulega. Amen.

74. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith í Wayne sýslu, New York árið 1830. Jafnvel áður en kirkjan var stofnuð, höfðu spurningar komið upp varðandi skírnaðferðina, sem leiddu til þess að spámaðurinn leit- aði svara um málið. Saga Josephs Smith segir, að þessi opinberun sé útskýring á 1. Korintubréfi 7:14, ritningagrein sem hafði oft verið notuð til að réttlæta ungbarnaskírnu.

1–5, Páll ráðleggur kirkjunni á sínum dögum að halda ekki lögmál Móse; 6–7, Lítil börn eru heilög og helguð með friðþægingunni.

Því að hinn “vantrúaði eiginmaður helgast með eiginkonunni og vantrúaða eiginkonan helgast með eiginmanninum. Annars væru börn yðar óhrein, en nú eru þau heilög.

2 Á dögum postulanna var umskurnarlögmálið meðal allra Gyðinga, sem ekki trúðu fagnaðarerindi Jesú Krists.

3 Og svo bar við, að upp komu miklar “deilur meðal fólksins um ^bumskurnarlögmálið, því að hinn vantrúaði eiginmaður vildi að börn hans væru umskorin og

yrðu undirgefin ‘lögmáli Móse, sem þegar var uppfyllt.

4 Og svo bar við, að þau börn, sem alin voru upp í hlýðni við lögmál Móse, virtu “erfikenningar feðra sinna og trúðu ekki fagnaðarerindi Krists og urðu þannig vanheilög.

5 Af þeim sökum skrifaði postullinn til kirkjunnar og gaf þeim sínn eigin, að hinn trúaði skyldi ekki “sameinast hinum vantrúaða, nema ^blögmáli Móse yrði hafnað meðal þeirra —

6 Svo að börn þeirra gætu orðið án umskurnar og sú erfikenning liði undir lok, sem segir að lítil börn séu vanheilög. Því að þannig var það á meðal Gyðinga —

6a 1 Pét 1:13.

74 1a 1 Kor 7:14–19.

3a Post 15:1–35;
Gal 2:1–5.

b LR Umskurn.

c LR Mósélögmál.

4a LR Arfsagnir.

5a LR Giftast —

Trúblendihjónaband.

b 2 Ne 25:24–27.

7 En lítil ^abörn eru ^bheilög, | Krists, og þetta er merking
 ‘helguð fyrir ^afriðþægingu Jesú | ritninganna.

75. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Amherst, Ohio, 25. janúar 1832. Þessi kafli samanstendur af tveimur aðskildum opinberunum (sú fyrri í versum 1 til og með 22 og sú síðari í versum 23 til og með 36) sem gefnar voru á sama degi. Tilefnið var ráðstefna þar sem Joseph Smith var studdur og vígður forseti hins háa prestdæmis. Ákveðnir öldungar óskuðu eftir að fræðast meira um aðkallandi skyldur sínar. Þessar opinberanir fylgdu.

1–5, Staðfastir öldungar, sem prédika fagnaðarerindið, munu öðlast eilíft líf; 6–12, Biðjið um að hljóta huggarann, sem kennir allt; 13–22, Öldungar munu dæma þá sem hafna boðskap þeirra; 23–36, Fjölskyldur trúboðanna skulu fá hjálp frá kirkjunni.

SANNLEGA, sannlega segi ég yður, ég, sem tala með ^arödd anda míns, já, ^bAlfa og Ómega, Drottinn yðar og Guð yðar —

2 Hljóðið á, ó þér, sem hafið gefið nöfn yðar til að fara og boða fagnaðarerindi mitt og ^asniðla ^bvíngarð minn.

3 Sjá, ég segi yður, að það er vilji minn að þér farið, og hvorki haldið kyrru fyrir né séuð ^aiðjulausir, heldur vinnið af mætti yðar —

4 Hefjið upp raust yðar sem með lúðurhljómi, og ^akunngjörrið

^bsannleikann í samræmi við opinberanirnar og boðin, sem ég hef gefið yður.

5 Og ef þér eruð því staðfastir, þá munuð þér hlaðnir mörgum ^akornbindum og ^bkryndir ‘heiðri og ^ddýrð og ^eóðauðleika og ^feilífu lífi.

6 Sannlega segi ég því við þjón minn William E. McLellin, að ég ^aafturkalla það erindi, sem ég fól honum, að fara til landsvæðanna í austri —

7 Og ég fel honum nýtt erindi og ný fyrirmæli, þar sem ég, Drottinn, ^aaga hann fyrir þann ^bkurr, sem í hjarta hans er —

8 Og hann syndgaði. Eigi að síður fyrirgef ég honum og segi enn við hann: Far til landsvæðanna í suðri.

9 Og lát þjón minn Luke Johnson fara með honum og

7a Moró 8:8–15;
K&S 29:46–47; 137:10.

b LR Helgur.

c LR Sáluhjál, hjálpræði —
Sáluhjál barna.

d LR Friðþægja,
friðþæging.

75 1a LR Opinberun.

b Op 1:8.

LR Alfa og Ómega.

2a Jakob 5:62.

b LR Víngarður Drottins.

3a LR Iðjulaus, iðjuleysi.

4a LR Trúboðsverk.

b K&S 19:37.

5a Sálm 126:6;

Al 26:5.

b LR Kóróna.

c LR Heiður.

d LR Dýrð.

e LR Óðauðlegur,
óðauðleiki.

f LR Eilíft líf.

6a K&S 66.

7a LR Aga.

b LR Hugsanir;
Mögla.

kunngjóra það, sem ég hef boðið þeim —

10 Að ákalla nafn Drottins og biðja um “huggarann, sem kenna skal þeim allt, sem þeim er nauðsynlegt —

11 Og “biðja ávallt, að þeir láti ei hugfallast. Og ef þeir gjöra þetta, verð ég með þeim allt til enda.

12 Sjá, þetta er vilji Drottins Guðs yðar varðandi yður. Já, vissulega. Amen.

13 Og sannlega, svo segir Drottinn ennfremur: Lát þjón minn “Orson Hyde og þjón minn ^bSamuel H. Smith hefja ferð sína til landsvæðanna í austri og kunngjóra það, sem ég hef boðið þeim, og ef þeir eru staðfastir, takið eftir, verð ég ‘með þeim allt til enda.

14 Og sannlega segi ég ennfremur við þjón minn Lyman Johnson og þjón minn “Orson Pratt, að þeir skulu og hefja ferð sína til landsvæðanna í austri, og sjá og tak eftir, ég er einnig með þeim, já, allt til enda.

15 Og ennfremur segi ég við þjón minn Asa Dodds og þjón minn Calves Wilson, að þeir skulu einnig hefja ferð sína til landsvæðanna í vestri og kunngjóra fagnaðararindi mitt, já, eins og ég hef boðið þeim.

16 Og sá, sem er trúr, mun sigrast á öllu og honum skal “lyft upp á efsta degi.

17 Og enn fremur segi ég við þjón minn Major N. Ashley og þjón minn Burr Riggs, að þeir skulu einnig hefja ferð sína til landsvæðanna í suðri.

18 Já, lát alla þessa hefja ferð sína, eins og ég hef boðið þeim, fara hús úr húsi og þorp úr þorpi og borg úr borg.

19 Og á hverju því húsi, sem þér gangið inn í, og tekið er á móti yður, skal blessun yðar hvíla.

20 Og frá hverju því húsi, sem þér gangið inn í og ekki er tekið á móti yður, skuluð þér hverfa í skyndi frá því húsi og “hrista duftið af fótum yðar sem vitnisburð gegn þeim.

21 Og þér skuluð fyllast “fögnuði og gleði. Og vitið þetta, að á degi dómsins verðið þér ^bdómarar þess húss og dæmið það —

22 Og bærulegra verður heiðingjunum á degi dómsins en því húsi. “Girðið þess vegna lendar yðar og verið trúir, og þér munuð sigra allt og yður verður lyft upp á efsta degi. Já, vissulega. Amen.

23 Og enn fremur segir Drottinn svo við yður: Ó, þér öldungar kirkju minnar, sem hafið gefið nöfn yðar til að fá að vita vilja hans varðandi yður —

24 Sjá, ég segi yður, að það er skylda kirkjunnar að aðstoða við framfærslu fjölskyldna þeirra, og einnig að annast fjölskyldur

10a Jóh 14:26.
LR Huggari.

11a 2 Ne 32:9.

13a LR Orson Hyde.

^b LR Samuel H. Smith.

^c Matt 28:19–20.

14a LR Orson Pratt.

16a K&S 5:35.

20a Matt 10:14;

Lúk 10:11–12;

K&S 24:15; 60:15.

21a Matt 5:11–12.

^b LR Dómari, dómur.

22a Ef 6:14;

K&S 27:15–18.

þeirra, sem kallaðir eru og senda verður út í heiminn til að kunn- gjöra heiminum fagnaðarerindið.

25 Fyrir því gef ég, Drottinn, yður þau fyrirmæli, að þér finnið fjölskyldum yðar stað, eftir því sem bræður yðar eru fúsir að opna hjörtu sín.

26 Og allir, sem geta fundið fjölskyldum sínum stað og stuðning kirkjunnar, skulu ekki láta hjá líða að fara út í heiminn, hvort heldur er í austur eða vestur, í norður eða suður.

27 Þeir skulu biðja og þeim mun gefast, knýja á og fyrir þeim mun upp lokið verða og þeim gjört kunnugt að ofan, já, með "huggaranum, hvert þeir skulu halda.

28 Og sannlega segi ég yður enn, að sérhver maður, sem er skuldbundinn til að "sjá fyrir fjölskyldu sinni, skal sjá fyrir henni, og hann mun í engu glata kórónu sinni, en lát hann starfa í kirkjunni.

29 Sérhver maður sé "kostgæfinn í öllu. Og biðjuleysinginn skal ekki eiga stað í kirkjunni, nema hann iðrist og breyti háttum sínum.

30 Lát því þjón minn Simeon Carter og þjón minn Emer Harris sameinast í hinni helgu þjónustu —

31 Og einnig þjón minn Ezra Thayre og þjón minn "Thomas B. Marsh —

32 Og einnig þjón minn Hyrum Smith og þjón minn Reynolds Cahoon —

33 Og einnig þjón minn Daniel Stanton og þjón minn Seymour Brunson —

34 Og einnig þjón minn Sylvester Smith og þjón minn Gideon Carter —

35 Og einnig þjón minn Rugles Eames og þjón minn Stephen Burnett —

36 Og einnig þjón minn Micah B. Welton og einnig þjón minn Eden Smith. Já vissulega. Amen.

76. KAFLI

Sýn gefin spámanningnum Joseph Smith og Sidney Rigdon í Hiram, Ohio, 16. febrúar 1832. Í formála að frásögn þessarar sýnar stendur í sögu Josephs Smith: „Þegar ég kom til baka af ráðstefnunni í Amherst, hóf ég að nýju þýðingu á ritningunum. Af ýmsum opinberunum, sem móttækjar höfðu verið, var greinilegt að mörg mikilvæg atriði varðandi sáluhjálp mannsins höfðu verið tekin úr Biblíunni, eða glatast áður en hún var sett saman. Auðséð var af þeim sannleik, sem eftir stóð, að ef Guð umbunaði sérhverjum samkvæmt verkum hans í líkamanum, þá hlaut orðið ‚himinn,‘ sem ákvarðaður var sem eilífðarheimili hinna heilögu, að fela í sér fleiri ríki en eitt. Meðan ég og öldungur Rigdon vorum því önnur kafnir við þýðingu Jóhannesarguðspjalls, sáum við

27a 2 Ne 32:5;
K&S 8:2.
LR Heilagur andi.

28a 1 Tím 5:8;
K&S 83:2.
b LR Fjölskylda.

29a LR Kostgæfni.
b LR Iðjulaus, iðjuleysi.
31a LR Thomas B. Marsh.

eftirfarandi sýn.“ Þessi sýn var gefin á sama tíma og spámaðurinn vann að þýðingu Jóh 5:29.

1–4, *Drottinn er Guð*; 5–10, *Leyndardómar ríkisins munu opinberaðir öllum staðföstum*; 11–17, *Allir munu koma fram í upprisu hinna réttvísu eða hinna ranglátu*; 18–24, *Íbúar margra heima eru getnir synir og dætur Guðs fyrir friðþægingu Jesú Krists*; 25–29, *Engill Guðs féll og varð djöfullinn*; 30–49, *Glötunar-synirnir þola eilífa fordæmingu*; allir aðrir öðlast einhverja gráðu sálhjálp; 50–70, *Lýsing á dýrð og launum upphafinna vera í himneska ríkinu*; 71–80, *Þeim, sem erfa munu yfirjarðneska ríkið, er lýst*; 81–113, *Hlutskipti þeirra, sem eru í jarðneskri, yfirjarðneskri og himneskri dýrð, skýrt*; 114–119, *Hinir staðföstu geta séð og skilið leyndardóma Guðs ríkis með krafti heilags anda*.

“HEYRIÐ, ó þér himnar, og ljá eyra, ó jörð, og fagnið þér íbúar hennar, því að Drottinn er ^bGuð, og utan hans er ^cenginn ^dfrelsari.

2 ^aMikil er viska hans, ^bundur-samlegir eru vegir hans, og víðfeðmi verka hans fær enginn greint.

3 ^aÁform hans bregðast ekki og

ekki fær nokkur stöðvað hönd hans.

4 Frá eilífð til eilífðar er hann hinn “sami, og aldrei ^bbregðast ár hans.

5 Því að svo mælir Drottinn — ég, Drottinn, er “miskunnsamur og náðugur þeim, sem ^bóttast mig, og hef unun af að heiðra þá, sem ^cþjóna mér í réttlæti og sannleika allt til enda.

6 Mikil verða laun þeirra og eilíf verður ^ddýrð þeirra.

7 Og þeim mun ég “opinbera alla ^bleyndardóma, já, alla hulda leyndardóma ríkis míns, frá fyrstu dögum, og á komandi tímum mun ég kunngjöra þeim hugþekkan vilja minn varðandi allt sem tilheyrir ríki mínu.

8 Já, jafnvel undur eilífðarinnar skulu þeir þekkja og það sem koma skal mun ég sýna þeim, jafnvel um marga ættliði fram.

9 Og ^aviska þeirra verður mikil og ^bskilningur þeirra nær til himins, og frammi fyrir þeim mun speki spekinganna ^chverfa og hyggindi hyggindamannanna að engu verða.

76 1a Jes 1:2.
b Jer 10:10.
LR Guð, guðdómur — Guð sonurinn.
c Jes 43:11;
Hós 13:4.
d LR Frelsari.
2a 2 Ne 2:24;
K&S 38:1–3.
b Op 15:3.
3a 1 Kon 8:56;
K&S 1:38; 64:31.

4a Hebr 13:8;
K&S 35:1; 38:1–4;
39:1–3.
b Sálms 102:25–27;
Hebr 1:12.
5a 2 Mós 34:6;
Sálms 103:8.
LR Miskunnsamur,
miskunnsemi.
b 5 Mós 6:13;
Jós 4:23–24.
LR Lotning;

Ótti.
c K&S 4:2.
6a LR Himnesk dýrð.
7a K&S 42:61; 59:4; 98:12;
121:26–33.
b LR Leyndardómar
Guðs.
9a LR Viska.
b LR Skilningur.
c Jes 29:14;
2 Ne 9:28–29.

10 Því að með ^aanda mínum mun ég ^bupplýsa þá og með ^ckrafti mínum mun ég kunngjöra þeim leyndan vilja minn — já, jafnvel það sem ^aaugað hefur eigi séð, né eyrað heyrt, né komið hefur enn í hjarta nokkurs manns.

11 Við, Joseph Smith yngri og Sidney Rigdon, vorum hrifnir ^aí andanum á sextánda degi febrúarmánaðar, á því Drottins ári átján hundruð þrjátíu og tvö —

12 Með krafti ^aandans lukust upp ^baugu okkar og skilningur okkar upplýstist, til að sjá og skilja það sem Guðs er —

13 Jafnvel það, sem var frá upphafi, áður en heimurinn varð til, og faðirinn vígði með eingetnum syni sínum, sem var við brjóst föðurins allt frá ^aupphafi —

14 Um hann berum við vitni, og sá vitnisburður, sem við gefum, er fylling fagnaðarerindis Jesú Krists, sonarins, sem við sáum og ^aræddum við í hinni himnesku ^bsýn.

15 Því að á meðan við unnum að ^aþýðingu þeirri, sem Drottinn hafði falið okkur, komum við að tuttugasta og níunda versí

í fimmta kapítula Jóhannesar guðspjalls, sem okkur var gefið svohljóðandi —

16 Þar sem talað er um upprisu dauðra og þá, sem ^aheyra munu raust ^bmannssonarins:

17 Og ganga munu fram; þeir sem ^agott hafa gjört til ^bupprisu hinna ^créttvísu, og þeir sem illt hafa gjört til upprisu hinna óréttvísu.

18 Nú olli þetta undrun okkar, því að andinn gaf okkur það.

19 Og á meðan við ^aíhuguðum þetta, snerti Drottinn augu skilnings okkar og þau lukust upp og dýrð Drottins lék um okkur.

20 Og við sáum ^adýrð sonarins, til ^bhægri handar ^cföðurnum, og meðtókum af fyllingu hans —

21 Og sáum heilaga ^aengla og þá, sem ^bhelgaðir eru frammi fyrir háseti hans, tilbiðja Guð og lambið, og þeir ^ctilbiðja hann alltaf og að eilífu.

22 Og nú, eftir þá mörgu vitnisburði, sem gefnir hafa verið um hann, er þetta ^avitnisburðurinn síðastur allra, sem við gefum um hann: Að hann ^blifir!

23 Því að við ^asáum hann, já,

10a Moró 10:5.

b LR Opinberun; Vitnisburður.

c LR Kraftur.

d Jes 64:4;
1 Kor 2:9;
3 Ne 17:15–17;
K&S 76:114–116.

11a Op 1:10.

12a LR Ummyndun.
b K&S 110:1; 137:1;
138:11, 29.

13a HDP Móse 4:2.

14a K&S 109:57.

b LR Sýn.

15a LR Þýðing Josephs Smith (þs).

16a Jóh 5:28.

b LR Mannssonurinn.

17a LR Verk.

b LR Upprisa.

c Post 24:15.

19a LR Íhuga, ígrunda.

20a LR Jesús Kristur —
Dýrð Jesú Krists.

b Post 7:56.

c LR Guð, guðdómur —
Guð faðirinn.

21a Matt 25:31;
K&S 130:6–7; 136:37.

b LR Lausn frá synd.

c LR Tilbeiðsla.

22a LR Vitnisburður.
b K&S 20:17.

23a LR Jesús Kristur —
Birting Krists eftir
jarðlífið.

^bGuði til hægri handar, og við heyrðum röddina, sem bar vitni um, að hann er hinn ^ceingetni föðurins —

24 Að með ^ahonum, fyrir hann, og af honum eru og voru ^bheimarnir skapaðir, og íbúar þeirra eru getnir ^csynir og dætur Guðs.

25 Og það sáum við einnig og berum því vitni, að ^aengli Guðs, sem vald hafði í návist Guðs, en reis upp gegn hinum eingetna syni, sem faðirinn elskaði og sem var við brjóst föðurins, var varpað niður úr návist Guðs og sonarins.

26 Og hann kallaðist glötunin, því að himnarnir grétu yfir honum — hann var ^aLúsifer, sonur morgunsins.

27 Og við sáum, og tak eftir, hann er ^afallinn! er fallinn, sjálfur sonur morgunsins!

28 Og meðan við vorum enn í andanum, bauð Drottinn okkur að skrá sýnina, því að við sáum Satan, hinn gamla ^ahöggorm, sjálfan ^bdjöfulinn, sem ^creis gegn Guði og reyndi að yfirtaka ríki Guðs vors og Krists hans —

29 Þess vegna á hann í ^astríði við Guðs heilögu og umlykur þá á alla vegu.

30 Og við sáum í sýn þjáningar þeirra, sem hann háði stríð við og sigraði, því að svo hljómaði rödd Drottins til okkar:

31 Svo segir Drottinn um alla þá, sem þekkja vald mitt og fengið hafa hlutdeild þar í, en hafa látið djöfulinn ^asigra sig með valdi sínu og afneita sannleikanum og ögra valdi mínu —

32 Þetta eru þeir, sem eru ^asynir ^bglötunarinnar, en um þá segi ég, að betra hefði þeim verið að hafa aldrei fæðst —

33 Því að þeir eru ker heilagrar reiði, dæmdir til að þola heilaga reiði Guðs í eilífðinni, ásamt djöflinum og englum hans —

34 Ég hef sagt, að fyrir þá sé engin ^afyrirgefning til í þessum heimi né í komanda heimi —

35 Þeir hafa ^aafneitað hinum heilaga anda eftir að hafa meðtekið hann, og afneitað eingetnum syni föðurins og ^bkrossfest hann innra með sér og smánað opinberlega.

36 Þetta eru þeir, sem fara munu í ^adíki elds og brennisteins, ásamt djöflinum og englum hans —

37 Og þeir einu, sem hinn ^aannar

23b LR Guð, guðdómur — Guð faðirinn.

c Jóh 1:14.

LR Eingetinn.

24a Hebr 1:1–3; 3 Ne 9:15; K&S 14:9; 93:8–10.

b HDP Móse 1:31–33; 7:30.

LR Skapa, sköpun.

c Post 17:28, 29;

Hebr 12:9.

LR Synir og dætur Guðs.

25a K&S 29:36–39;

HDP Móse 4:1–4.

LR Djöfull.

26a Jes 14:12–17.

LR Lúsifer.

27a Lúk 10:18.

28a Op 12:9.

b LR Djöfull.

c LR Stríð á himni.

29a Op 13:7;

2 Ne 2:18; 28:19–23.

31a LR Fráhvarf.

32a LR Glötunarsynirnir.

b K&S 76:26;

HDP Móse 5:22–26.

34a Matt 12:31–32.

LR Fyrirgefa.

35a 2 Pét 2:20–22; Al 39:6.

LR Ófyrirgefanleg synd.

b Hebr 6:4–6; 1 Ne 19:7; K&S 132:27.

36a Op 19:20; 20:10; 21:8;

2 Ne 9:16; 28:23;

Al 12:16–18;

K&S 63:17.

37a LR Dauði, andlegur.

dauði mun hafa nokkurt vald yfir —

38 Já, sannlega, þeir ^aeinu, sem ekki verða endurleystir er tími Drottins kemur, eftir þjáningar heilagrar reiði hans.

39 Því að allir hinir skulu ^aleiddir fram með ^bupprisu dauðra, fyrir sigur og dýrð ^clambsins, sem deyddur var, og sem var við brjóst föðurins áður en heimarnir voru gjörðir.

40 Og þetta er ^afagnaðarerindið, gleðitíðindin, sem röddin frá himni bar okkur vitni um —

41 Að hann kom í heiminn, sjálfur Jesús, til að verða ^akrossfestur fyrir heiminn, og til að ^bbera syndir ^cheimsins, og til að ^dhelga heiminn og ^ehreinsa hann af öllu óréttlæti —

42 Svo að fyrir hann gætu allir þeir ^afrelstast, sem faðirinn hafði falið honum á vald og gjört með honum —

43 Sem gjörir föðurinn dýrðlegan og frelsar öll handaverk hans, nema þá glötunarsyni, sem afneita syninum, eftir að faðirinn hefur opinberað hann.

44 Þess vegna frelsar hann alla nema þá — þeir munu fara burt til ^aævarandi ^brefsingar, sem er óendanleg refsing, sem er eilíf

refsing, og ríkja með ^cdjöflinum og englum hans í eilífðinni, þar sem ^dormur þeirra deyr ekki, og eldurinn slökknar ekki, sem er kvöl þeirra —

45 Og um ^aendalok þessa, um stað þennan, og kvöl þeirra, veit enginn maður —

46 Hvorki var það opinberað, né er, né heldur mun það opinberað manningum, nema þeim, sem verða munu hluttakendur þar í —

47 Eigi að síður birti ég, Drottinn, mörgum það í sýn, en loka því samstundis aftur —

48 Þess vegna skilja þeir ekki endi þess, vídd, hæð, ^adýpt eða vansæld þess, enginn maður annar en sá, sem ^bvígður er þessari ^cfordæmingu.

49 Og við heyrðum röddina segja: Skráið sýnina, því að tak eftir, hér endar sýnin um þjáningar hinna óguðlegu.

50 Og enn berum við vitni — því að við sáum og heyrðum, og þetta er ^avitnisburðurinn um fagnaðarerindi Krists varðandi þá, sem koma munu fram í ^bupprisu hinna réttvísu —

51 Þetta eru þeir, sem veittu vitnisburðinum um Jesú viðtöku og ^atrúðu á nafn hans og voru

38a LR Glötunarsynirnir.

39a Þ.E. endurleystir; Sjá vers 38. Allir rísa upp. Sjá Al 11:41–45.

LR Lífga.

b LR Upprisa.

c LR Jesús Kristur.

40a 3 Ne 27:13–22.
LR Endurlausnarættunin; Fagnaðarerindi.

41a LR Krossfesting.

b Jes 53:4–12;

Hebr 9:28.

c 1 Jóh 2:1–2.

d LR Lausn frá synd.

e LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

42a LR Sáluhjálp, hjálpraði.

44a K&S 19:6–12.

b LR Fordæming.

c LR Djöfull.

d Jes 66:24;

Mark 9:43–48.

45a K&S 29:28–29.

48a Op 20:1.

b Þ.E. dæmdur, falinn.

c Al 42:22.

50a LR Vitnisburður.

b LR Upprisa.

51a K&S 20:25–27, 37.

^bskírðir í ^clíkingu við greftrun hans, ^dgreftraðir í vatninu í hans nafni, og það samkvæmt þeim fyrirmælum, sem hann hefur gefið —

52 Svo að með því að halda boðorðin gætu þeir ^alaugast og ^bhreinsast af öllum syndum sínum og meðtekið hinn heilaga anda með ^chandayfirlagningu þess, sem ^avígður er og innsiglaður þessu ^evaldi —

53 Og sem sigrá fyrir trú og eru ^ainnsiglaðir ^bheilögum anda fyrirheitsins, sem faðirinn úthellir yfir alla þá, sem eru réttvísir og sannir.

54 Þetta eru þeir, sem eru kirkja ^afrumburðarins.

55 Þetta eru þeir, sem faðirinn hefur lagt ^aallt í hendur —

56 Þetta eru þeir, sem eru ^aprestar og konungar, sem meðtekið hafa af fyllingu hans og af dýrð hans —

57 Og ^aeru prestar hins æðsta,

eftir reglu Melkisedeks, sem var eftir reglu ^bEnoks, sem var eftir ^creglu hins eingetna sonar.

58 Þess vegna eru þeir ^aguðir, eins og skrifað stendur, já, ^bsynir ^cGuðs —

59 Þess vegna eru ^aallir hlutir þeirra, hvort heldur líf eða dauði, það sem er eða það sem koma skal, allt er þeirra og þeir eru Krists og Kristur er Guðs.

60 Og þeir munu ^asígra alla hluti.

61 Þess vegna skal enginn maður ^amiklast af mönnum, heldur ^bmiklast í Guði, sem ^cleggja munu alla óvini að fótum sér.

62 Þeir munu ^advelja í ^bnávist Guðs og Krists hans alltaf og að eilífu.

63 Þetta eru ^aþeir, sem hann mun taka með sér, þegar hann ^bkemur í skýjum himins til að ^críkja á jörðunni yfir fólki sínu.

64 Þetta eru þeir, sem eiga munu hlut í ^afyrstu upprisunni.

51 *b* LR Skírn, skíra.

c K&S 128:13.

d Róm 6:3–5.

LR Skírn, skíra — Skírn með niðurdýfingu.

52 *a* 2 Ne 9:23;

Moró 8:25–26.

b LR Hreinn, hreinleiki.

c LR Gjóf heilags anda; Handayfirlagning.

d LR Vígja, vígsla.

e LR Vald.

53 *a* LR Innsigli, innsiglu.

b Ef 1:13;

K&S 88:3–5.

LR Heilagur andi fyrirheitsins.

54 Hebr 12:23;

K&S 93:21–22.

LR Frumburður.

55 *a* 2 Pét 1:3–4;

K&S 50:26–28;

84:35–38.

56 *a* 2 Mós 19:6;

Op 1:5–6; 20:6.

57 *a* LR Prestur, Melkisedeksprestæmi.

b 1 Mós 5:21–24.

LR Enok.

c K&S 107:1–4.

58 *a* Sálm 82:1, 6;

Jóh 10:34–36.

LR Maður, menn —

Maður, með möguleika til að verða líkur himneskum föður.

b LR Synir og dætur

Guðs.

c K&S 121:32.

LR Guð, guðdómur.

59 *a* Lúk 12:42–44;

3 Ne 28:10;

K&S 84:36–38.

60 *a* Op 3:5; 21:7.

61 *a* Jóh 5:41–44;

1 Kor 3:21–23.

b 2 Ne 33:6;

Al 26:11–16.

LR Dýrð.

c K&S 49:6.

62 *a* Sálm 15:1–3; 24:3–4;

1 Ne 15:33–34;

HDP Móse 6:57.

b K&S 130:7.

LR Eilíft líf.

63 *a* K&S 88:96–98.

LR Síðari koma Jesú

Krists.

b Matt 24:30.

c K&S 58:22.

LR Jesús Kristur —

Þúsund ára ríki Krists.

64 *a* Op 20:6.

65 Þetta eru þeir, sem koma munu fram í “upprisu hinna réttvísu.

66 Þetta eru þeir, sem komnir eru til “Síonfjalls og til borgar hins lifanda Guðs, hins himneska staðar, hins helgasta allra.

67 Þetta eru þeir, sem sameinast hafa óteljandi skörum engla, allsherjar samkomu og kirkju “Enoks og ^bfrumburðarins.

68 Þetta eru þeir, sem eiga nöfn sín “skráð á himni, þar sem Guð og Kristur eru ^bdómarar allra.

69 Þetta eru þeir, sem eru “réttvísir menn, ^bfullkomnir gjörðir fyrir Jesú, meðalgöngumann hins “nýja sáttmála, sem leiddi til lykta þessa ^dfullkomnu friðþæginu með því að úthella sínu eigin ^bblóði.

70 Þetta eru þeir, sem eiga “himneska líkama, og ^bdýrð þeirra er sem “sólarinnar, já, dýrð Guðs, hins æðsta alls, og sólin á festingunni er dæmigjörð um dýrð hans, eins og ritað er.

71 Og enn fremur sáum við hinn “yfirjarðneska heim, og sjá og tak eftir. Þetta eru þeir, sem eru af hinu yfirjarðneska, en dýrð þeirra er önnur en kirkju frumburðarins, sem hlotið hefur fyllingu föðurins,

já, eins og dýrð ^btunglsins er önnur en dýrð sólarinnar á festingunni.

72 Sjá, þetta eru þeir, sem dóu “án ^blög máls —

73 Og einnig þeir, sem eru “andar manna sem í ^bvarðhaldi eru, sem sonurinn vitjaði og “prédikaði ^dfagnaðarerindið fyrir, svo að þeir mættu dæmast eins og menn í holdinu —

74 Sem meðtóku ekki “vitnisburð um Jesú í holdinu, heldur hlutu hann síðar.

75 Þetta eru hinir heiðvirðu menn jarðarinnar, sem blindaðir voru af slægð manna.

76 Þetta eru þeir, sem meðtaka af dýrð hans, en ekki af fyllingu hans.

77 Þetta eru þeir, sem meðtaka af návist sonarins, en ekki af fyllingu föðurins.

78 Þess vegna eru þeir “yfirjarðneskir líkamar, en ekki himneskir líkamar, og dýrð þeirra er önnur, á sama hátt og tunglið er frábrugðið sólinni.

79 Þetta eru þeir, sem ekki eru “hugdjarfir í vitnisburðinum um Jesú. Þess vegna hljóta þeir ekki kórónu Guðs ríkis.

80 Og hér endar sýnin, sem

65a LR Upprisa.

66a Jes 24:23;
Hebr 12:22–24;
Op 14:1;
K&S 84:2; 133:56.
LR Síon.

67a K&S 45:9–12.
b Hebr 12:23;
K&S 76:53–54.
LR Frumburður.

68a LR Lifsins bók.
b LR Jesús Kristur —
Dómari.

69a K&S 129:3; 138:12.

b Moró 10:32–33.

c LR Nýr og ævarandi sáttmáli.

d LR Friðþægja,
friðþæging.

e LR Blóð.

70a K&S 88:28–29; 131:1–4;
137:7–10.
LR Himnesk dýrð.

b K&S 137:1–4.

c Matt 13:43.

71a K&S 88:30.
LR Yfirjarðnesk dýrð.
b 1 Kor 15:40–41.

72a K&S 137:7, 9.

b LR Lög máls.

73a Al 40:11–14.

LR Andi.

b K&S 88:99; 138:8.

LR Helja;

Sáluhjálp fyrir hina dáu.

c 1 Pét 3:19–20; 4:6;
K&S 138:28–37.

d LR Fagnaðarerindi.

74a LR Vitnisburður.

78a 1 Kor 15:40–42.

79a K&S 56:16.

við sáum yfir hið yfirjarðneska, sem Drottinn bauð okkur að skrá meðan við vorum enn í andanum.

81 Og enn sáum við dýrð hins “jarðneska, en dýrð þess er minni, já, á sama hátt og dýrð stjarnanna er önnur en dýrð tunglsins á festingunni.

82 Þetta eru þeir, sem hvorki meðtóku fagnaðarerindi Krists né “vitnisburð um Jesú.

83 Þetta eru þeir, sem afneita ekki hinum heilaga anda.

84 Þetta eru þeir, sem varpað er niður til “heljar.

85 Þetta eru þeir, sem ekki losna undan “djöflinum fyrr en í ^bsíðustu upprisunni, ekki fyrr en Drottinn, já, “lambið Kristur, hefur lokið verki sínu.

86 Þetta eru þeir, sem meðtaka ekki af fyllingu hans í hinum eilífa heimi, heldur af hinum heilaga anda fyrir þjónustu hins yfirjarðneska —

87 Og hið yfirjarðneska fyrir “þjónustu hins himneska.

88 Og hið jarðneska meðtekur það einnig frá þjónustuenglum, sem útnefndir eru til að þjóna þeim, eða sem útnefndir eru sem þjónustuandar fyrir þá, því að þeir verða erfingjar sáluhjálpar.

89 Og þannig sáum við í himnskri sýn dýrð hins jarðneska, sem er ofar öllum skilningi —

90 Og enginn maður veit það nema sá, sem Guð hefur opinberað það.

91 Og þannig sáum við dýrð hins yfirjarðneska, sem í öllu er ofar dýrð hins jarðneska, já, í dýrð og í valdi og í mætti og í yfirráðum.

92 Og þannig sáum við dýrð hins himneska, sem öllu er æðri — þar sem Guð, sjálfur faðirinn, ríkir í hásæti sínu alltaf og að eilífu —

93 Frammi fyrir því hásæti lýtur allt í auðmjúkri “lotning og veitir honum dýrð alltaf og að eilífu.

94 Þeir, sem í “návist hans dvelja, eru kirkja ^bfrumburðarins. Og þeir sjá eins og þeir sjást og “þekkja eins og þeir þekkjast, og hafa meðtekið fyllingu hans og “náð —

95 Og hann gjörir þá “jafna að valdi og að mætti og að yfirráðum.

96 Og dýrð hins himneska er eitt, rétt eins og dýrð “sólarinnar er eitt.

97 Og dýrð hins yfirjarðneska er eitt, rétt eins og dýrð tunglsins er eitt.

98 Og dýrð hins jarðneska er eitt, rétt eins og dýrð stjarnanna er eitt, því að stjarna ber af stjörnu í dýrð, svo ber og dýrð eins af öðrum í hinum jarðneska heimi —

81a K&S 88:31.
LR Jarðnesk dýrð.

82a K&S 138:21.

84a 2 Ne 9:12;
Al 12:11.
LR Helja.

85a LR Djöfull.

b Al 11:41;
K&S 43:18; 88:100–101.

c LR Guðslambið.

87a K&S 138:37.

93a LR Lotning.

94a K&S 130:7.

b LR Frumburður.

c 1 Kor 13:12.

d LR Náð.

95a K&S 29:13; 78:5–7;
84:38; 88:107; 132:20.

96a 1 Kor 15:40–41.

99 Því að þetta eru þeir, sem eru “Páls og Apollós og Kefasar.

100 Þetta eru þeir, sem sumir segjast vera af einum, en sumir af öðrum — sumir Krists og aðrir Jóhannesar, sumir Móse og aðrir Elíasar, sumir Esaja, sumir Jesaja og aðrir Enoks —

101 En tóku hvorki á móti fagnaðararindinu né vitnisburði um Jesú, né spámönnunum, né heldur hinum ævarandi sáttmála.

102 Að lokum, allir þessir eru þeir, sem ekki verða sameinaðir hinum heilögu, til að verða “hrifnir upp til ^bkirkju frumburðarins, þar sem tekið verður á móti þeim á skýi uppi.

103 Þetta eru “þeir, sem eru ^blygarar og töframenn og ^cfrillulífmenn og hórkarlar, og allir þeir, sem elska lygi og iðka.

104 Þetta eru þeir, sem þola heilaga “reiði Guðs á jörðu.

105 Þetta eru þeir, sem þola “refsingu eilífs elds.

106 Þetta eru þeir, sem varpað er niður til “heljar og ^bþola heilaga reiði hins ^calmáttuga Guðs fram að ^dfyllingu tímanna, þegar Kristur hefur ^elagt alla óvini sína að fótum sér og hefur ^ffullkomnað verk sitt —

107 Þegar hann mun afhenda ríkið og leggja það flekklaust fyrir föðurinn og segja: Ég hef sigrað og “vínlagarþróna hef ég ^btroðið aleinn, já, vínlagarþró hinna heitu og heilögu reiði almáttugs Guðs.

108 Þá mun hann krýndur kórónu dýrðar sinnar og sitja í “há-sæti veldis síns og ríkja alltaf og að eilífu.

109 En sjá og tak eftir, við sáum dýrð jarðneska heimsins og íbúa hans, að þeir voru jafn óteljandi og stjórnurnar á festingu himins eða sandkornin á sjávarströndu —

110 Og heyrðum rödd Drottins sem sagði: Allir þessir skulu beygja kné sín og sérhver tunga skal “viðurkenna hann, sem situr í hásetinu, alltaf og að eilífu —

111 Því að þeir munu dæmdir af verkum sínum og í samræmi við “verk sín hlýtur hver maður sín eigin yfirráð í þeim ^bhíbýlum, sem fyrirbúin eru —

112 Og þeir verða þjónar hins æðsta, en “þangað sem Guð og Kristur ^bdvelja, geta þeir aldrei að eilífu komist.

113 Þetta eru lok sýnarinnar, sem við sáum, og okkur var boðið að skrá meðan við vorum enn í andanum.

99a 1 Kor 3:4–7, 22.

101a LR Nýr og ævarandi sáttmáli.

102a 1 Pess 4:16–17; K&S 88:96–98.

b K&S 78:21.

103a Op 21:8;

K&S 63:17–18.

b LR Lygar.

c LR Hórdómur.

104a LR Fordæming.

105a Júd 1:7.

106a LR Helja.

b K&S 19:3–20.

c K&S 87:6.

d Ef 1:10.

e 1 Kor 15:24–28.

f Hebr 10:14.

107a 1 Mós 49:10–12;

Jes 63:1–3.

b Op 19:15;

K&S 88:106; 133:46–53.

108a K&S 137:3.

110a Fil 2:9–11;

Mósía 27:31.

111a Op 20:12–13.

LR Verk.

b Jóh 14:2;

K&S 59:2; 81:6.

112a K&S 29:29.

b Op 21:23–27.

114 En ^amikil og undursamleg eru verk Drottins og ^bleyndardómar ríkis hans, sem hann sýndi okkur, sem er ofar öllum skilningi, að dýrð, að mætti og að yfirráðum —

115 Sem hann bauð okkur að skrá ekki meðan við vorum enn í andanum, og engum manni er ^aleyft að mæla —

116 Né er manninum ^amögulegt að kunngjöra þau, því að aðeins er hægt að sjá þau og ^bskilja

með krafti hins heilaga anda, sem Guð veitir þeim, er elska hann og hreinsa sig fyrir honum —

117 Þeim, sem hann veitir þau forréttindi að sjá og vita sjálfir —

118 Að fyrir kraft og opinberun andans geti þeir þolað návist hans í heimi dýrðar, meðan þeir eru í holdinu.

119 Og Guði og lambinu sé dýrðin og heiðurinn og yfirráðin, alltaf og að eilífu. Amen.

77. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith í Hiram, Ohio, í kringum mars 1832. Í sögu Josephs Smith segir: „Við þýðingu á ritningunum fékk ég eftirfarandi skýringar á opinberun Jóhannesar.“

1–4, *Dýr hafa anda og munu dvelja í eilífri sælu*; 5–7, *Stundleg tilvera þessarar jarðar er 7.000 ár*; 8–10, *Ýmsir englar endurreisa fagnaðarerindið og þjóna á jörðu*; 11, *Innsíglun hinna 144.000*; 12–14, *Kristur mun koma í upphafi sjö þúsundasta ársins*; 15, *Tveir spámenn verða upp vaktir fyrir Gyðingana*.

SP.: Hvert er ^aglerhafið, sem Jóhannes talar um í 4. kapítula og 6. versu Opinberunarinnar?

SVAR: Það er ^björðin, helguð, ódaudleg og ^ceilíf.

2 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja

verurnar fjórar, sem talað er um í sama versu?

Svar: Það er ^alíkingamynd, sem opinberarinn Jóhannes notar, er hann lýsir ^bhimninum, ^cparadís Guðs, ^dhamingju mannsins, dýranna, skriðkvikindanna og fugla loftans; hið andlega í líkingu hins stundlega, og hið stundlega í líkingu hins andlega; ^eandi mannsins í líkingu persónu sinnar, sem og andi ^fdýranna og sérhverrar annarrar skepnu, sem Guð hefur skapað.

3 Sp.: Eru þessar fjórar verur ein-skorðaðar við einstakar skepnur eða sýna þær tegundir eða flokka?

114a Op 15:3;
Morm 9:16–18;
HDP Móse 1:3–5.

b Jakób 4:8.

115a 2 Kor 12:4.

116a 3 Ne 17:15–17;
19:32–34.

b 1 Kor 2:10–12.

77 1a K&S 130:6–9.

b K&S 88:17–20, 25–26.

c LR Himnesk dýrð;

Jörð — Lokaástand
jarðar.

2a LR Táknræn merking.

b LR Himinn.

c LR Paradís.

d LR Gleði.

e Et 3:15–16;

Abt 5:7–8.

LR Andí.

f HDP Móse 3:19.

Svar: Þær einskorðast við fjögur einstök dýr, sem sýnd voru Jóhannesi og sýna skyldu dýrð hinna mismunandi tegunda lífveranna, hværrar í sinni ákveðnu reglu eða ^asköpunarsviði, í gleði þeirra yfir eilífri ^bsælu sinni.

4 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja augun og vængina, sem dýrin hafa?

Svar: Augun tákna ljós og ^aþekkingu, það er að segja, þau eru full af þekkingu, og vængirnir tákna ^bkraft, til að hreyfa sig, framkvæma o. s. frv.

5 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja ^aöldungana tuttugu og fjóra, sem Jóhannes talar um?

Svar: Okkur ber að skilja, að þessir öldungar, sem Jóhannes sá, voru öldungar, sem höfðu verið ^btrúir í hinni helgu þjónustu, en voru látnir; sem tilheyrðu kirkjunum ^csjö og voru þá í paradís Guðs.

6 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja bókina, sem Jóhannes sá, sem ^ainnsigluð var á bakhlið með sjö innsiglum?

Svar: Okkur ber að skilja, að hún geymir opinberaðan vilja, ^bleyndardóma og verk Guðs, hið hulda í áætlun hans varðandi þessa ^cjörð, á sjö þúsund ára lífsskeiði hennar eða stundlegri tilveru.

7 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja innsiglin sjö, sem hún var innsigluð með?

Svar: Okkur ber að skilja, að fyrsta innsiglið varðar ^afyrstu þúsund árin, annað tákna næstu þúsund árin og þannig áfram til hins sjöunda.

8 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja englana fjóra, sem talað er um í 7. kapítula og 1. versu Opinberunarinnar?

Svar: Okkur ber að skilja, að þeir eru fjórir englar, útsendir af Guði, og er þeim gefið vald yfir hinum fjóru heimshlutum, að bjarga lífi eða tortíma því. Þetta eru þeir, sem hafa hið ^aævarandi fagnaðarerindi að færa hverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð. Þeir hafa vald til að loka himnunum, að innsigla til lífs eða varpa niður til ^bmyrkravalds.

9 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja engilinn, sem stígur upp frá austri, Opinberunin, 7. kapítuli og 2. vers?

Svar: Okkur ber að skilja, að engillinn, sem stígur upp frá austri, er sá, sem fengið hefur innsigli lifanda Guðs yfir hinum tólf ættkvíslum ^aÍsraels. Þess vegna hrópar hann til englanna fjögurra, sem hafa hið ævarandi fagnaðarerindi, og segir: Vinnið ekki jörðunni grand og heldur ekki hafinu, né trjánunum, þar til er vér höfum innsiglað þjóna Guðs vors á ^bennum þeirra. Og ef þér viljið veita því viðtöku, þá er þetta

3a K&S 93:30;
HDP Móse 3:9.

b K&S 93:33–34.

4a LR Þekking.

b LR Kraftur.

5a Op 4:4, 10.

b Op 14:4–5.

c Op 1:4.

6a Op 5:1.

b LR Leyndardómar

Guðs.

c LR Jörð.

7a K&S 88:108–110.

8a Op 14:6–7.

b Matt 8:11–12; 22:1–14;
K&S 133:71–73.

9a Op 7:4–8.

b Esek 9:4.

‘Elías, sem koma átti og safna saman ættkvíslum Ísraels og ^dendurreisa alla hluti.

10 Sp.: Hvenær mun því lokið, sem talað er um í þessum kapitula?

Svar: Því mun lokið á “sjötta árþúsundinu, eða við opnun sjötta innsiglisins.

11 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja innsigliun hinna “eitt hundrað fjörutíu og fjögurra þúsunda af öllum ættkvíslum Ísraels — tólf þúsund af hverri ættkvísl?

Svar: Okkur ber að skilja, að þeir, sem innsiglaðir eru, eru ^bháprestar, vígðir hinni heilögu reglu Guðs, til að framkvæma hið ævarandi fagnaðarerindi. Því þetta eru þeir, sem vígðir eru af hverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð, af þeim englum, sem gefið er vald yfir þjóðum jarðarinnar, til að leiða alla þá, sem vilja, inn í kirkju ‘frumburðarins.

12 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja “básúnublásturinn, sem talað er um í 8. kapitula Opinberunarinnar?

Svar: Okkur ber að skilja, að eins og Guð skapaði heiminn á sex dögum og lauk á sjöunda degi verki sínu og ^bhelgaði það og myndaði einnig manninn úr ‘dufti jarðar, svo mun Drottinn Guð og

við upphaf sjöunda árþúsundsins ^dhelga jörðina, og fullkomna sáluhjálp mannsins og ^edæma alla hluti, og ^fendurleysa allt, utan það, sem hann hefur ekki tekið sér vald yfir, þegar hann hefur innsiglað allt, til fullkomnunar öllu. Og básúnuhljómur sjöunda engilsins er undirbúningur og lok verks hans, við upphaf sjöunda árþúsundsins — er greiðir veginn fyrir komutíma hans.

13 Sp.: Hvenær mun því lokið, sem ritað er um í 9. kapitula Opinberunarinnar?

Svar: Því mun lokið eftir opnun sjöunda innsiglisins, fyrir komu Krists.

14 Sp.: Hvernig ber okkur að skilja litlu bókina, sem Jóhannes “át, og talað er um í 10. kapitula Opinberunarinnar?

Svar: Okkur ber að skilja, að það var köllun hans og vígsla að ^bsafna saman ættkvíslum Ísraels. Sjá, þetta er Elías, sem, eins og ritað er, verður að koma og ‘endurreisa alla hluti.

15 Sp.: Hvernig ber að skilja “vottana tvo í 11. kapitula Opinberunarinnar?

Svar: Þeir eru tveir spámenn, sem vaktir verða upp fyrir ^bGyðingaþjóðina á ‘síðustu dögum, á tíma

9c LR Elías.

d LR Endurreisn fagnaðarerindisins.

10a Op 6:12–17.

11a Op 14:3–5.

b LR Háprestur.

c K&S 76:51–70.

LR Frumburður.

12a Op 8:2.

b 1 Mós 2:1–3;

2 Mós 20:11; 31:12–17;

Mósía 13:16–19;

HDP Móse 3:1–3;

Abr 5:1–3.

c 1 Mós 2:7.

d K&S 88:17–20.

e LR Jesús

Kristur — Dómari.

f LR Endurleysa, endurleystur,

endurlausn.

14a Esek 2:9–10; 3:1–4;

Op 10:10.

b LR Ísrael — Samansöfnun Ísraels.

c Matt 17:11.

15a Op 11:1–14.

b LR Gyðingar.

c LR Síðustu dagar, síðari dagar.

“endurreisnarinnar, og spá skulu fyrir Gyðingana, eftir að þeir hafa safnast saman og byggt upp Jerúsalem borg í ‘landi feðra sinna.

78. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, í mars 1832. Þann dag höfðu spámaðurinn og aðrir leiðtogar safnast saman til að ræða málefni kirkjunnar. Upprunalega sagði þessi opinberun spámanningum, Sidney Rigdon og Newel K. Whitney að ferðast til Missouri og skipuleggja kaupsýslu- og útgáfustarf kirkjunnar með því að stofna „fyrirtæki“ sem hefði yfirumsjón með þessu starfi og aflaði fjár til stofnunar Síonar og hjálpar hinum fátæku. Þetta fyrirtæki, sem kallaðist Sameinaða fyrirtækið, var stofnað í apríl 1832 og lagt niður 1834 (sjá kafla 82). Nokkru eftir að það var lagt niður kom, að ráði Josephs Smith, setningin „málefnum forðabúrs fyrir hina fátæku“ í stað „kaupsýslu og útgáfustarf“ í opinberuninni og orðið „regla“ kom í stað „fyrirtækis.“

1–4, Hinir heilögu skulu stofna og reka forðabúr; 5–12, Viturleg meðferð eigna þeirra mun leiða til sáluhjálpar; 13–14, Kirkjan skal vera óháð jarðnesku valdi; 15–16, Mikael (Adam) þjónar undir stjórn hins heilaga (Krists); 17–22, Blessaðir eru hinir staðföstu, því að þeir munu erfa alla hluti.

DROTTINN talaði til Josephs Smith yngri og sagði: Hlýðið á mig, segir Drottinn Guð yðar, þér, sem eruð vígðir hinu “háa prestdæmi kirkju minnar og safnast hafið saman —

2 Og hlustið á “ráðleggingar hans, sem hefur ^bvígt yður frá upphæðum, sem mæla mun vísdómsorð í eyru yðar, svo að þér megið hljóta sáluhjálp í því, sem

þér hafið borið undir mig, segir Drottinn Guð.

3 Því að sannlega segi ég yður: Tíminn er kominn og er í nánd. Og sjá, og tak eftir, nauðsynlegt hlýtur að vera að fast “skipulag verði hjá fólki mínu við framkvæmd og fyrirkomulag á málum ^bforðabúrsins fyrir hina “fátæku meðal fólks míns, bæði á þessum stað og í landi “Síonar —

4 Kirkju minni til varanlegs og ævarandi skipulags og reglu og þeim málstað til stuðnings, sem þér hafið tekið að yður, manningum til sáluhjálpar og föður yðar, sem er á himnum, til dýrðar —

5 Svo að þér séuð “jafnir í himneskum efnum, já, og einnig jarðneskum til að öðlast hið himneska.

6 Því að ef þér eruð ekki jafnir í

15d LR Endurreisn fagnaðarerindisins.
e Amos 9:14–15.

78 1a LR Melkisedeksprestdæmi.

2a LR Ráðgjöf.
b LR Vígja, vígsla.
3a K&S 82:11–12, 15–21.
b K&S 72:9–10; 83:5–6.
c K&S 42:30–31.

LR Velferð.
d K&S 57:1–2.
5a K&S 49:20.
LR Helgun,
helgunarlögmál.

jarðneskum efnum, getið þér ekki náð því himneska að jöfnu —

7 Því að ef þér viljið, að ég gefi yður stað í hinum ^ahimneska heimi, verðið þér að ^bbúa yður undir það með því að ^cgjöra það, sem ég hef boðið yður og krafist af yður.

8 Og sannlega, svo segir Drottinn nú: Nauðsynlegt er, að allt verði gjört mér til ^adýrðar af yður, sem sameinast hafið í þessari ^breglu —

9 Eða með öðrum orðum, látið þjón minn Newel K. Whitney og þjón minn Joseph Smith yngri og þjón minn Sidney Rigdon sitja í ráði með hinum heilögu, sem í Síon eru —

10 Ella leitast ^aSatan við að snúa hjörtum þeirra frá sannleikanum og blinda þá, svo að þeir skilji ekki það, sem þeim er fyrirbúið.

11 Þess vegna gef ég yður fyrir-mæli um að vera viðbúin og skipulögð með bandalagi eða ævarandi ^asáttmála, sem ekki er unnt að rjúfa.

12 Og sá, sem rýfur hann, mun missa embætti sitt og stöðu sína í kirkjunni og verða ofurseldur ^ahirtingu Satans, þar til dagur endurlausnarinnar rennur upp.

13 Sjá, þetta er undirbúningurinn, sem ég veiti yður, og grundvöllurinn og fyrirmyndin, sem ég gef yður til að þér getið uppfyllt boðin, sem yður eru gefin —

14 Svo að fyrir mína forsjá fái kirkjan staðið óháð, ofar öllum öðrum skepnum undir hinum himneska heimi, þrátt fyrir það ^aandstreymi sem þér munuð mæta —

15 Og þér getið náð þeirri ^akórónu, sem yður er fyrirbúin, og orðið ^bstjórnendur margra ríkja, segir Drottinn Guð, hinn heilagi Síonar, sem lagt hefur grunninn að ^cAdam-ondi-Ahman —

16 Sem útnefnt hefur ^aMíkael höfðingja yðar og tryggt fótfestu hans og sett hann í upphæðir og veitt honum lykla sáluhjálpar undir ráði og stjórn hins heilaga, sem er án upphafs daganna eða loka lífsins.

17 Sannlega, sannlega segi ég yður: Þér eruð lítil börn, og þér hafið enn ekki skilið hversu miklar þær blessanir eru, sem faðirinn heldur í höndum sér og hefur fyrirbúið yður.

18 Og þér fáið ei ^aborið alla hluti nú, en verið samt vonglaðir, því að ég mun ^bleiða yður. Ríkið er yðar og blessanir þess eru yðar og auðæfi ^ceilífðarinnar eru yðar.

19 Og sá, sem veitir öllu viðtöku með ^aþakklæti, mun dýrðlegur gjörður, og það sem jarðarinnar er mun bætast honum, jafnvel ^bhundraðfalt, já, meira.

7a LR Himnesk dýrð.

b K&S 29:8; 132:3.

c K&S 82:10.

8a HDP Móse 1:39.

b K&S 92:1.

10a LR Djöfull.

11a LR Sáttmáli.

12a 1 Kor 5:5;

K&S 82:21; 104:8–10.

14a K&S 58:2–4.

15a LR Kóróna; Upphafning.

b Op 5:10;

K&S 76:56–60; 132:19.

c LR Adam-ondi-Ahman.

16a K&S 27:11; 107:54–55.

LR Adam.

18a Jóh 16:12; 3 Ne 17:2–3;

K&S 50:40.

b K&S 112:10.

c LR Eilíft líf.

19a Mósía 2:20–21.

LR Þakklátur, þakkir,

þakkargjörð.

b Matt 19:29.

20 Gjörið þess vegna það, sem ég hef boðið yður, segir lausnari yðar, sjálfur sonurinn ^aAhman, sem gjörir allt til reiðu áður en hann ^btekur yður —

21 Því að þér eruð ^akirkja frum-

burðarins, og hann mun ^btaka yður upp í skýi og útnefna hverjum manni sinn hlut.

22 Og sá, sem er trúr og ^ahygginn ^bráðsmaður, mun erfa ^calla hluti. Amen.

79. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Hiram, Ohio, 12. mars 1832.

1–4, Jared Carter er kallaður til að prédika fagnaðarerindið með huggaranum.

SANNLEGA segi ég yður, að það er vilji minn, að þjónn minn Jared Carter fari aftur til landsvæðanna í austri, fari stað úr stað og borg úr borg, í krafti þeirrar ^avígslu, sem hann hefur verið vígður, og kunngjöri gleðitíðindin um

mikinn fögnuð, já, hið ævarandi fagnaðarerindi.

2 Og ég mun senda honum ^ahuggarann, sem kennir honum sannleikann og segir honum hvert halda skal —

3 Og reynist hann trúr, mun ég enn krýna hann með kornbindum.

4 Ver þess vegna glaður í hjarta, þjónn minn Jared Carter, og ^aóttast ei, segir Drottinn þinn, sjálfur Jesús Kristus. Amen.

80. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith til Stephens Burnett í Hiram, Ohio, 7. mars 1832.

1–5, Stephen Burnett og Eden Smith eru kallaðir til að prédika hvar sem þeir vilja.

SANNLEGA, svo segir Drottinn við þig, þjón minn Stephen Burnett: Far þú, far þú út í heiminn og ^aprédika fagnaðarerindið hverri skepnu, sem heyra má raust þína.

2 Og þar eð þú æskir féлага, mun ég gefa þér þjón minn Eden Smith.

3 Farið þess vegna og prédikið fagnaðarerindi mitt, hvort heldur er í norðri eða suðri, austri eða vestri, það skiptir engu, því að þér getið ekki farið villu vegar.

4 Boðið þess vegna það, sem þér

20a K&S 95:17.

b 1 Pess 4:17.

21a K&S 76:53–54.

b K&S 88:96–98.

22a K&S 72:3–4.

b LR Ráðsmaður, ráðsmennska.

c K&S 84:38.

79 1a K&S 52:38.

LR Vígja, vígsla.

2a Jón 14:26.

LR Huggari.

4a K&S 68:5–6.

80 1a Mark 16:15.

hafið heyrð og sannlega trúið og
 “vitið að er sannleikur.
 5 Sjá, þetta er vilji hans, sem

hefur ^akallað yður, lausnara yðar,
 sjálfes Jesú Krists. Amen.

81. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Hiram, Ohio, 15. mars 1832. Frederick G. Williams er kallaður til að vera háprestur og ráðgjafi í forsætisráði hins háa prestdæmis. Skráð sagan sýnir, að þegar þessi opinberun var gefin í mars 1832, kallaði hún Jesse Gause í embætti ráðgjafa Josephs Smith í forsætisráðinu. Þegar það síðan brást, að hann starfaði í samræmi við þessa útnefningu, var köllunin flutt til Fredericks G. Williams. Líta skal á opinberunina (dags. mars 1832) sem skref í átt að formlegri stofnun Æðsta forsætisráðsins, sérstaka köllun í embætti ráðgjafa þar, og skýringu á tign þeirrar útnefningar. Bróðir Gause þjónaði um tíma, en var vikið úr kirkjunni í desember 1832. Bróðir Williams var vígður til þessa embættis 18. mars 1833.

1–2, Æðsta forsætisráðið heldur alltaf
 lykllum ríkisins; 3–7, Ef Frederick G.
 Williams reynist staðfastur í helgri
 þjónustu sinni, mun hann eignast
 eilíft líf.

SANNLEGA, sannlega segi ég þér,
 þjónn minn Frederick G. Williams:
 Hlýð á rödd þess sem talar, á orð
 Drottins Guðs þíns, og hlýð þeirri
 köllun, sem þú ert kallaður til, já,
 að verða “háprestur í kirkju minni
 og ráðgjafi þjóns míns Josephs
 Smith yngri —

2 En honum hef ég afhent ^alykla
 ríkisins, sem ávallt tilheyrir ^bfor-
 sætisráði hins háa prestdæmis:

3 Sannlega viðurkenni ég hann
 því og mun blessa hann og einnig

þig, reynist þú trúr í ráðum í
 því embætti, sem ég hef útnefnt
 þér, í bæn ætíð, munnlegri og í
 hjarta, opinberlega og í einrúmi,
 einnig í helgri þjónustu þinni við
 boðun fagnaðarerindisins í landi
 hinna lifandi og á meðal bræðra
 þinna.

4 Og með því að gjöra svo munt
 þú þjóna meðbræðrum þínum á
 bestan veg og auka ^adýrð hans,
 sem er Drottinn þinn.

5 Ver þess vegna trúr. Gegn því
 embætti, sem ég hef útnefnt þér.
^aStyð þá óstyrku, lyft máttvana
 örmum og ^bstyrk ^cveikbyggð kné.

6 Og reynist þú trúr allt til enda,
 skalt þú öðlast kórónu ^aóðauð-
 leika og ^beilíft líf í þeim ^chíbýlum,

4a LR Vitnisburður.

5a LR Köllun, kallaður
 af Guði.

81 1a LR Háprestur.

2a LR Lyklar
 prestdæmisins.

b K&S 107:8–9, 22.

LR Æðsta forsætisráðið.

4a HDP Móse 1:39.

5a Mósía 4:15–16.

b K&S 108:7.

c Jes 35:3.

6a LR Óðauðlegur,
 óðauðleiki.

b LR Eilíft líf;
 Upphafning.

c Jóh 14:2–3;

K&S 59:2; 106:8.

sem ég hef fyrirbúið í húsi föður míns.

7 Sjá og tak eftir. Þetta eru orð

Alfa og Ómega, já, Jesú Krists. Amen.

82. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith í Independence, Jackson-sýslu, Missouri, 26. apríl 1832. Tilefnið var fundur hápresta og öldunga kirkjunnar. Á fundinum var Joseph Smith studdur sem forseti hins háa prestdæmis, en í það embætti hafði hann áður verið vígður á ráðstefnu hápresta, öldunga og meðlima í Amherst, Ohio, 25. janúar 1832 (sjá formála að kafla 75). Þessi opinberun ítrekar leiðsögn sem gefin er í fyrri opinberun (kafla 78) varðandi stofnun fyrirtækis — þekkt sem Sameinaða fyrirtækið (að ráði Josephs Smith var orðinu „fyrirtæki“ breytt í „regla“) — til að stýra kaup-sýslu og útgáfustarfi kirkjunnar.

1–4, Þar sem mikið er gefið er mikils krafist; 5–7, Myrkur ríkir yfir heiminum; 8–13, Drottinn er bundinn, þegar við gerum það sem hann segir; 14–18, Síon verður að vaxa að fegurð og heilagleika; 19–24, Sérhver maður skal bera hag náunga síns fyrir brjosti.

SANNLEGA, sannlega segi ég yður, þjónar mínir, að sem þér hafið „fyrirgefið hver öðrum misgjörðir yðar, svo mun ég, Drottinn, fyrirgefa yður.

2 Þó eru þeir á meðal yðar, sem syndgað hafa stórlega, já, jafnvel „allir hafið þér syndgað. En sannlega segi ég yður, gætið yðar héðan í frá og haldið yður frá synd, svo að þungur dómur falli ekki yfir yður.

3 Því að af þeim, sem „mikið er gefið, er mikils ^bkrafist. Og sá, sem ‘syndgar gegn stærra ^aljósi, hlýtur þyngri dóm.

4 Þér ákallið nafn mitt til að fá „opinberanir og ég gef yður þær. En sem þér hlítið ekki orðum mínum, sem ég gef yður, svo gjör-ist þér brotlegir, og ^bréttvísi og dómur er refsingin, sem bundin er lögmáli mínu.

5 Það, sem ég þess vegna segi einum, segi ég öllum: „Verið á verði, því að ^bandstæðingurinn þenur út yfirráð sín og ‘myrkur ríkir —

6 Og reiði Guðs er tendruð gegn íbúum jarðar og enginn gjörir gott, því að allir hafa villst af ^aleið.

7 Og sannlega segi ég yður nú,

82 1a Matt 6:14–15;
K&S 64:9–11.

2a Róm 3:23.

3a Lúk 12:48;

Jakbr 4:17.

LR Ábyrgð, ábyrgur,
ábyrgðarskylda.

b LR Ráðsmaður,
ráðsmennska.

c LR Fráhvarf;

Synd.

d Jóh 15:22–24.

LR Ljós, ljós Krists.

4a LR Opinberun.

b LR Réttvísi.

5a LR Vaka, vera á verði,
verðir.

b LR Djöfull.

c LR Myrkur, andlegt.

6a Róm 3:12;

K&S 1:16.

ég, Drottinn, mun ekki telja yður neitt til ^asyndar. Farið og syndgið ekki frammar, en yfir þá sál, sem syndgar, munu hinar ^bfyrri syndir falla, segir Drottinn Guð yðar.

8 Og enn segi ég yður, ég gef yður ^anýtt boðorð, svo að þér fáið skilið vilja minn varðandi yður —

9 Eða með öðrum orðum, ég gef yður tilsögn í því hvernig þér skuluð ^bbreyta gagnvart mér, svo að það megi snúast yður til sáluhjálpar.

10 Ég, Drottinn, er ^abundinn, þegar þér gjörð það sem ég segi, en þegar þér gjörð ekki það sem ég segi, hafið þér engin loforð.

11 Sannlega segi ég yður því, að nauðsynlegt er að þjónar mínir Edward Partridge og Newel K. Whitney, A. Sidney Gilbert og Sidney Rigdon, og þjónn minn Joseph Smith, og John Whitmer og Oliver Cowdery og W. W. Phelps og Martin Harris ^atengist sáttmála-böndum, sem ekki er unnt að rjúfa með broti, án þess að dómur fylgi samstundis, í hinni ýmsu ráðs-mennsku yðar —

12 Að stjórna málefnum fátækra og öllu því, sem tilheyrir bisk-upsráðinu, bæði í landi Síonar og í landi Kirtlands —

13 Því að á mínum tíma helgaði ég land Kirtlands til gagns hinum

heilögu hins hæsta og sem ^astiku Síonar.

14 Því að fegurð Síonar og helgi verður að aukast, mörk hennar að færast út og stikur hennar að styrkjast. Já, sannlega segi ég yður, ^aSíon verður að rísa og klæðast ^bskrautklæðum sínum.

15 Þess vegna gef ég yður þetta boðorð, að þér bindist sáttmála-böndum, og það skal gjört í sam-ræmi við lögmál Drottins.

16 Sjá, hér í liggur einnig viska mín, yður til góðs.

17 Og þér skuluð vera ^ajafnir, eða með öðrum orðum, þér skuluð eiga jafnar kröfur til eignanna, til að auðvelda yður að annast ráðs-mennsku yðar, sérhver maður í samræmi við þörf sína og nauð-syn, svo fremi að þarfir hans séu réttmætar —

18 Og allt er þetta til heilla kirkju hins lifanda Guðs, svo að sérhver maður geti ávaxtað ^atalentur sínar, og sérhver maður geti áunnið sér fleiri talentur, já, hundraðfalt, sem leggja skal í ^bforðabúr Drottins, og verða þar almenn eign allrar kirkjunnar —

19 Sérhver maður beri hag ná-unga síns fyrir brjósti og gjöri allt með einbeittu ^aaugliti á dýrð Guðs.

20 Þessa ^areglu hef ég sett yður

7a LR Synd.

b K&S 1:32–33; 58:43.

8a Jóh 13:34.

9a K&S 43:8.

10a Jós 23:14; 1 Kon 8:23;

K&S 1:38; 130:20–21.

LR Blessa, blessaður,

blessun;

Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

11a K&S 78:3–7, 11–15.

13a Jes 33:20; 54:2.

LR Stíka.

14a LR Síon.

b Jes 52:1; K&S 113:7–8.

17a K&S 51:3.

LR Helgun,

helgunarlögmál.

18a Matt 25:14–30;

K&S 60:13.

LR Gjafir andans;

Gjöf, gáfa.

b K&S 42:30–34, 55;

119:1–3.

LR Forðabúr.

19a K&S 88:67.

LR Auga, augu.

20a LR Sameiningarreglan.

og þeim, sem á eftir yður koma, sem ævarandi reglu, svo fremi að þér syndgið ekki.

21 En við þá sál, sem syndgar gegn þessum sáttmála og herðir hjarta sitt gegn honum, skal breyta samkvæmt lögum kirkju minnar, og skal hún ofurseld "hirtingu Satans, fram að degi endurlausnarinnar.

22 Og sannlega segi ég yður nú,

og í þessu er viska, aflið yður vina meðal mammons óréttlætisins, og þeir munu eigi tortíma yður.

23 Látið mig einan um dóminn, því að hann er minn og ég mun "endurgjalda. Friður sé með yður, blessanir mínar verða með yður.

24 Því að enn er "ríkið yðar og mun verða að eilífu, ef þér víkið eigi frá staðfestu yðar. Já, vissulega. Amen.

83. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Independence, Missouri, 30. apríl 1832. Þessa opinberun meðtók spámaðurinn, er hann sat í ráði með bræðrunum.

1–4, Konur og börn eiga kröfu á eiginmenn sína og feður um framfærslu; 5–6, Ekkjur og munaðarleysingjar eiga kröfu á kirkjunum um framfærslu sína.

SANNLEGA, svo segir Drottinn til viðbótar lögum kirkjunnar, varðandi konur og börn, sem tilheyra kirkjunni og "misst hafa eiginmenn sína eða feður:

2 Konur eiga "kröfu á eiginmenn sína um framfærslu, þar til eiginmenn þeirra eru burtu teknir. Og séu þær ekki brotlegar, skulu þær eiga samfélag í kirkjunni.

3 En reynist þær ekki staðfastar,

skulu þær ekki eiga samfélag í kirkjunni. Samt mega þær halda erfðahluta sínum í samræmi við lög landsins.

4 Öll "börn eiga kröfu á foreldra sína um framfærslu, þar til þau eru myndug.

5 Og eftir það eiga þau kröfu á kirkjunum, eða með öðrum orðum á "forðabúr Drottins, hafi foreldrar þeirra ekki tók á að veita þeim erfðahluta.

6 Og forðabúri skal við haldið með helgun kirkjunnar. Og séð skal fyrir "ekkjum og munaðarleysingjum, sem og ^bfátækum. Amen.

21a K&S 104:8–10.

23a Róm 12:19;
Morm 3:15.

24a Lúk 12:32;
K&S 64:3–5.
LR Ríki Guðs eða ríki

himna.

83 1a Jakbr 1:27.

2a 1 Tím 5:8.

4a Mósía 4:14.

5a K&S 78:3.

LR Forðabúr.

6a LR Ekkja.

b Mósía 4:16–26;

He 4:11–13;

K&S 42:30–39.

LR Fátækur.

84. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 22. og 23. september 1832. Þennan septembermánuð tóku öldungarnir að koma heim frá trúboði sínu í eystri fylkjunum og gefa skýrslu um störf sín. Opinberunin var gefin meðan þeir voru samankomnir á þessari gleðistundu. Spámaðurinn nefndi hana opinberun um prestdæmið.

1–5, Nýja Jerúsalem og musterið munu reist í Missouri; 6–17, Prestdæmisliða frá Móse til Adams er gefin; 18–25, Æðra prestdæmið hefur lykllana að þekkingu Guðs; 26–32, Lægra prestdæmið hefur lykllana að englaþjónustu og undirbúningi fagnaðarerindisins; 33–44, Menn öðlast eilíft líf fyrir eið og sáttmála prestdæmisins; 45–53, Andi Krists upplýsir menn, og veröldin liggur í synd; 54–61, Hinir heilögu verða að bera vitni um það sem þeir hafa meðtekið; 62–76, Þeir munu prédika fagnaðarerindið, og tákn munu fylgja; 77–91, Öldungar skulu ferðast án pyngju eða mals, og Drottinn mun sjá um þarfir þeirra; 92–97, Plágur og fordæming bíða þeirra sem hafna fagnaðarerindinu; 98–102, Hinn nýi söngur um endurlausn Síonar gefinn; 103–110, Lát sérhvern mann standa í sínu eigin embætti og starfa í sinni eigin köllun; 111–120, Þjónar Drottins skulu boða viðurstygð eyðingarinnar, sem verður á síðustu dögum.

OPINBERUN Jesú Krists til þjóns

hans Josephs Smith yngri og sex öldunga, er þeir sameinuðu hjörtu sín og ^ahófu raust sína til upphæða.

2 Já, orð Drottins varðandi kirkju hans, sem stofnuð var á síðustu dögum til ^aendurreisnar fólks hans, eins og hann hefur talað um fyrir munn ^bspámannanna sinna, og til samansöfnunar hans ^cheilögu, sem standa skulu á ^dSíonfjalli, er verða skal borgin ^eNýja Jerúsalem.

3 Sú borg skal reist, og hefst á ^amusterislóðinni, sem fingur Drottins hefur tilgreint á vesturmörkum Missouririkis, og Joseph Smith yngri og aðrir, sem Drottinn hefur velpóknun á, hafa helgað.

4 Sannlega er þetta orð Drottins, að hin ^aNýja Jerúsalemborg skuli byggð með samansöfnun hinna heilögu, og hefjast á þessum stað, já, á ^bmusterislóðinni, og skal það musteri reist í tíð þessarar kynslóðar.

5 Því að sannlega mun þessi kynslóð ekki öll líða undir lok fyrr en hús verður reist Drottni, og ský

84 1a LR Bæn.
2a LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
b Post 3:19–21.
c LR Heilagur.
d Jes 2:2–5;

Hebr 12:22;
Op 14:1;
K&S 76:66; 84:32;
133:18, 56.
e Et 13:2–11;
K&S 42:8–9; 45:66–67;

TA 1:10.
LR Nýja Jerúsalem.
3a K&S 57:3.
4a LR Nýja Jerúsalem.
b LR Musteri, hús
Drottins.

“mun hvíla á því, ský sem verða mun sjálf dýrð Drottins, og fylla húsið.

6 Og synir Móse, samkvæmt hinu heilaga prestdæmi, sem hann meðtók af “hendi tengdaföður síns ^bJetró —

7 Og Jetró meðtók af hendi Kalebs —

8 Og Kaleb meðtók það af hendi Elíhú —

9 Og Elíhú af hendi Jeremí —

10 Og Jeremí af hendi Gaðs —

11 Og Gað af hendi Esaja —

12 Og Esaja meðtók það af hendi Guðs.

13 Esaja lifði einnig á dögum Abrahams og hlaut blessun hans —

14 Og “Abraham hlaut prestdæmið frá ^bMelkisedek, sem meðtók það um ættlegg feðra sinna, allt til ‘Nóa —

15 Og frá Nóa til “Enoks um ættlegg feðra þeirra —

16 Og frá Enok til “Abels, sem drepinn var fyrir ^bfláttskap bróður síns og ‘meðtók prestdæmið samkvæmt boði Guðs af hendi föður síns “Adams, sem var fyrsti maðurinn —

17 Þetta “prestdæmi helst í kirkju

Guðs með öllum kynslóðum og er án upphafs daganna eða loka árána.

18 Og Drottinn veitti einnig “Aron og niðjum hans ^bprestdæmi í alla ætliði þeirra. Prestdæmi, sem einnig varir og ‘stenst að eilífu, ásamt því prestdæmi, sem er eftir hinni helgustu reglu Guðs.

19 Og þetta æðra prestdæmi framkvæmir fagnaðarerindið og heldur lyklinum að “leyndardómum ríkisins, já, lyklinum að ^bþekkingu Guðs.

20 Í “helgiathöfnum þess opinberast því kraftur guðleikans.

21 Og án helgiathafnanna og “valds prestdæmisins opinberast ekki hinn guðlegi kraftur mönnum í holdinu —

22 Því að án þessa getur enginn “maður séð ásjónu Guðs, já, föðurins, og haldið lífi.

23 Þetta kenndi “Móse Ísraelsbörnum greinilega í eyðimörkinni og reyndi af kostgæfni að ^bhelga þjóð sína, svo að hún mætti ‘líta ásjónu Guðs —

24 En þeir “hertu hjörtu sín og fengu ei staðist návist hans, og þess vegna sór Drottinn í heilagri ^breiði sinni, því að reiði hans var tendruð

5a K&S 45:67; 64:41–43;
97:15–20; 109:12, 37.

6a LR Handayfirlagning.
b LR Jetró.

14a LR Abraham.
b LR Melkisedek.
c LR Nói, patriarki í
Biblíunni.

15a LR Enok.

16a LR Abel.
b HDP Móse 5:29–32.
c K&S 107:40–57.
d LR Adam.

17a Al 13:1–19;
Abr 2:9, 11.

LR Melkisedeksprest-
dæmi.

18a LR Aron, bróðir Móse.
b LR Aronsprestdæmið.
c K&S 13.

19a K&S 63:23; 107:18–19.
LR Leynardómar
Guðs.

b Abr 1:2.

20a LR Helgiathafnir.
21a LR Prestdæmi;

Vald.

22a K&S 67:11.

23a 2 Mós 19:5–11; 33:11.
b LR Lausn frá synd.
c 2 Mós 24:9–11;
K&S 93:1.

24a 2 Mós 20:18–21; 32:8;
5 Mós 9:23;
1 Ne 17:30–31, 42.

b Sálm 95:8;
Hebr 3:8–11;
Jakob 1:7–8;
Al 12:36.

gegn þeim, að þeir skyldu ekki ‘ganga inn til hvíldar hans meðan þeir væru í eyðimörkinni, þeirrar hvíldar, sem er fylling dýrðar hans.

25 Þess vegna tók hann ^aMóse frá þeim og einnig hið heilaga ^bprestdæmi —

26 En lægra ^aprestdæmið hélst, sem hefur ^blykilinn að ^cþjónustu engla og undirbúningi fagnaðarerindisins —

27 Og það fagnaðarerindi er boðskapur ^aiðrunar og ^bskírnar og ^cfyrirgefningar syndanna og ^dlög-mál hinna ^eholdlegu boðorða, sem Drottinn í heilagri reiði sinni lét haldast í húsi Arons meðal Ísraelsbarna fram á tíma ^fJóhannesar, sem Guð vakti upp og ^gfulltur var heilögum anda strax frá móðurkviði.

28 Því að hann var skírður meðan hann var enn í bernsku, og engill Guðs vígði hann þessu valdi þegar hann var átta daga gamall, til að kollvarpa ríki Gyðinga og ^agjöra beinar brautir Drottins frammi fyrir þjóð hans, og búa hana undir komu Drottins, sem allt ^bvald hefur fengið í hendur.

29 Og enn fremur eru embætti

öldungs og biskups nauðsynlegir ^aviðaukar hins háa prestdæmis.

30 Og enn fremur eru embætti kennara og djákna nauðsynlegir viðaukar hins lægra prestdæmis, þess prestdæmis, sem veitt var Aron og sonum hans.

31 Eins og ég þess vegna sagði varðandi syni Móse — því að synir Móse og einnig synir Arons skulu færa þóknanlegar ^agjafir og fórnir í húsi Drottins, því húsi, sem reist verður Drottni með þessari kynslóð, á þeim helgaða ^bstað, sem ég hef útnefnt —

32 Og synir Móse og Arons skulu fyllast ^adýrð Drottins á ^bSíonfjalli, í húsi Drottins, og þeir synir eruð þér og einnig margir aðrir, sem ég hef kallað og sent til að byggja upp ^ckirkju mína.

33 Því að hver sá, sem af ^astaðfestu hlýtur þessi tvö ^bprest-dæmi, sem ég hef talað um, og eflir köllun sína, er ^chelgaður af andanum til endurnýjunar líkama sínum.

34 Þeir verða synir Móse og Arons og ^aniðjar ^bAbrahams, og kirkjan og ríkið og hinir ^ckjörnu Guðs.

24c ÞJS 2 Mós 34:1–2

(Viðauki);

4 Mós 14:23;

Hebr 4:1–11.

25a 5 Mós 34:1–5.

b LR Melkisedeksprest-dæmi.

26a LR Aronsprest-dæmið.

b K&S 13.

c K&S 107:20.

27a LR Iðrast, iðrun.

b LR Skírn, skíra.

c LR Fyrirgefning synda.

d LR Móselögmál.

e Hebr 7:11–16.

f LR Jóhannes skírari.

g Lúk 1:15.

28a Jes 40:3;

Matt 3:1–3;

Jóh 1:23.

b Matt 28:18;

Jóh 17:2;

1 Pét 3:22;

K&S 93:16–17.

29a K&S 107:5.

31a K&S 128:24.

b K&S 57:3.

32a LR Dýrð.

b Hebr 12:22;

K&S 76:66; 84:2; 133:56.

c LR Kirkja Jesú Krists.

33a LR Verðugur, verðleiki.

b LR Prestdæmi.

c LR Lausn frá synd.

34a Gal 3:29;

Abr 2:9–11.

LR Abraham — Niðjar Abrahams.

b K&S 132:30–32.

LR Sáttmáli Abrahams.

c LR Kjörinn, hinir kjörnu.

35 Og einnig allir þeir, sem taka á móti þessu prestdæmi, taka á móti mér, segir Drottinn —

36 Því að sá, sem tekur á móti þjónum mínum, “tekur á móti mér —

37 Og sá, sem “tekur á móti mér, tekur á móti föður mínum —

38 Og sá, sem tekur á móti föður mínum, tekur á móti ríki föður míns. Fyrir því mun “allt, sem faðir minn á, verða honum gefið.

39 Og þetta er í samræmi við “eið þann og sáttmála, sem prestdæminu tilheyrar.

40 Allir þeir, sem þess vegna taka á móti prestdæminu, taka á móti þessum eiði og sáttmála föður míns, sem hann getur ekki rofið, né heldur verður því haggað.

41 En hver sá, sem “rýfur þennan sáttmála, eftir að hafa tekið á móti honum, og snýr að fullu frá honum, mun ^bhvorki hljóta fyrirgefningu syndanna í þessum heimi né í komanda heimi.

42 Og vei sé öllum þeim, sem ekki koma undir þetta prestdæmi, sem þér hafið veitt viðtöku og ég nú staðfesti yður, sem viðstaddir eruð í dag, með minni eigin rödd frá hinnum. Og ég sjálfur hef falið

hinum himnesku herskörungum og “englum mínum ábyrgð á yður.

43 Og nú gef ég yður boð um að gæta yðar og af kostgæfni gefa “gaum að orðum eilífs lífs.

44 Því að þér skuluð “lifa samkvæmt sérhverju orði, sem fram gengur af Guðs munn.

45 Því að “orð Drottins er sannleikur, og það sem er ^bsannleikur er ljós, og það sem er ljós er andi, já, andi Jesú Krists.

46 Og andinn gefur “sérhverjum manni ^bljós, sem í heiminn kemur. Og andinn upplýsir sérhvern mann í heiminum, sem á rödd andans hlýðir.

47 Og sérhver maður, sem á rödd andans hlýðir, kemur til Guðs, já, föðurins.

48 Og faðirinn “fræðir hann um ^bsáttmálann, sem hann hefur endurnýjað og staðfest yður, sem veittur er yður yðar vegna, en ekki aðeins yðar vegna, heldur vegna alls heimsins.

49 Og allur “heimurinn liggur í synd og stynur undan ^bmyrkrinu og undan fjötrum syndarinnar.

50 Og þannig getið þér vitað að þeir eru í “fjötrum ^bsundarinnar, að þeir koma ekki til mín.

36a Matt 10:40–42;

Lúk 10:16;

K&S 112:20.

37a Jóh 13:20.

38a Lúk 12:43–44;

Róm 8:32;

Op 21:7;

3 Ne 28:10;

K&S 132:18–20.

LR Upphafning.

39a LR Eiður og sáttmáli

Prestdæmisins.

41a LR Fráhvarf.

b K&S 76:34–38; 132:27.

42a K&S 84:88.

43a 1 Ne 15:23–25;

K&S 1:14.

44a 5 Mós 8:3;

Matt 4:4;

K&S 98:11.

45a Sálm 33:4.

LR Orð Guðs.

b LR Sannleikur.

46a Jóh 1:9;

K&S 93:2.

b LR Ljós, ljós Krists;

Samviska.

48a LR Innblástur, guðleg

andagift.

b LR Nýr og ævarandi

sáttmáli;

Sáttmáli.

49a 1 Jóh 5:19.

b LR Myrkur, andlegt.

50a Gal 4:9.

b LR Synd.

51 Því að hver sá, sem ekki kemur til mín, er í fjötrum syndarinnar.

52 Og hver sá, sem tekur ekki á móti rödd minni, þekkir ekki „rödd mína og er ekki minn.

53 Og þannig getið þér þekkt hinn réttláta frá hinum rangláta og að allur ^aheimurinn ^bstynur undan ^csynd og myrkri, jafnvel nú.

54 Og hugur yðar hefur áður fyrr verið myrkvaður vegna ^avantrúar og vegna þess að þér hafið farið léttúðlega með það, sem þér hafið meðtekið —

55 En ^aléttúð sú og vantrú hefur leitt alla kirkjuna undir fordæmingu.

56 Og þessi fordæming hvílir á börnum Síonar, já, öllum.

57 Og þau skulu verða undir þessari fordæmingu þar til þau iðrast og minnast hins nýja ^asáttmála, já, ^bMormónsbókar og fyrri ^cboða, sem ég hef gefið þeim, ekki aðeins í orðum, heldur einnig ^abreyta samkvæmt því, sem ég hef skrifað —

58 Svo að þeir geti borið ávöxt, sem hæfir ríki föður þeirra. Að öðrum kosti bíður refsing og fordæming, sem úthellt verður yfir börn Síonar.

59 Því að eiga börn ríkisins að

saurga heilagt land mitt? Sannlega segi ég yður, nei.

60 Sannlega, sannlega segi ég yður, sem nú hlýðið á ^aorð mín, sem er rödd mín: Blessaðir eruð þér, svo sem þér veitið þessu viðtöku —

61 Því að ég ^afyrirgef yður syndir yðar með þeim fyrirmælum — að þér með einbeittum huga séuð staðfastir í ^bhátíðleika yðar og bænaranda, og berið öllum heiminum vitnisburð um það, sem yður er gefið.

62 ^aFarið þess vegna út um allan heim. Og þangað sem þér getið eigi farið, skuluð þér senda, svo að vitnisburðurinn fari frá yður út um allan heim til sérhverrar skepnu.

63 Og hið sama og ég sagði postulum mínum, já það segi ég yður, því að þér eruð ^apostular mínir, já, háprestar Guðs: Þér eruð þeir, sem faðirinn hefur ^bgefið mér, þér eruð ^cvinir mínir —

64 Það sem ég þess vegna sagði postulum mínum segi ég einnig yður, að sérhver ^asál, sem ^btrúir orðum yðar og er skírð í vatni til ^cfyrirgefningar syndanna, skal taka á móti ^dheilögum anda.

65 Og þessi ^atákn munu fylgja þeim sem trúá:

52a Jóh 10:27.

53a LR Heimur.

b Róm 8:22;

HDP Móse 7:48.

c LR Veraldarhyggja.

54a LR Vantrú.

55a LR Hégómlegur, hégómi.

57a Jer 31:31–34.

b LR Mormónsbók.

c 1 Ne 13:40–41.

d Jakbr 1:22–25;

K&S 42:13–15.

60a K&S 18:34–36.

61a Dan 9:9.

LR Fyrirgefa.

b K&S 43:34; 88:121; 100:7.

62a Mark 16:15;

K&S 1:2–5.

LR Trúboðsverk.

63a LR Postuli.

b 3 Ne 15:24;

K&S 50:41–42.

c Jóh 15:13–15;

K&S 93:45.

64a LR Sál.

b Mark 16:15–16.

LR Trú, trúa.

c LR Fyrirgefning synda.

d LR Gjóf heilags anda.

65a Mark 16:17–18.

LR Tákn.

66 Í mínu nafni munu þeir vinna mörg undursamleg "verk —

67 Í mínu "nafni munu þeir reka út djöfla —

68 Í mínu nafni munu þeir "lækna sjúka —

69 Í mínu nafni munu þeir ljúka upp augum hins blinda og eyrum hins dauða —

70 Og tunga hins dumba mun mæla —

71 Og þó að einhver gefi þeim "eitur, mun þá eigi saka —

72 Og eitur nöðrunnar mun ekki hafa kraft til að vinna þeim mein.

73 En boð gef ég þeim, að þeir skulu hvorki "hreykja sér af þessu né segja það heiminum, því að þetta er yður gefið til gagns og til sáluhjálpar.

74 Sannlega, sannlega segi ég yður: Þeir sem ekki trúá orðum yðar og ekki eru "skírðir í vatni í mínu nafni til fyrirgefningar synda sinna, svo að þeir geti öðlast heilagan anda, skulu ^bdæmdir verða og eigi koma í ríki föður míns, þar sem faðir minn og ég erum.

75 Og þessi opinberun til yðar, og þetta boðorð, er í gildi frá þessari stundu um allan heim, og fagnaðarerindið er til allra, sem ekki hafa veitt því viðtöku.

76 En sannlega segi ég við alla þá, sem fengið hafa ríkið í hendur — frá yður verður að

prédika það fyrir þeim, svo að þeir iðrist fyrri illverka. Því að þeir skulu átaldir fyrir ill og vantrúa hjörtu, og bræður yðar í Síon fyrir uppreisn sína gegn yður, þegar ég sendi yður.

77 Og enn segi ég yður, vinir mínir, því að héðan af kalla ég yður vini: Mér þykir æskilegt að gefa yður þessi fyrirmæli, svo að þér verðið eins og vinir mínir voru á þeim tíma, þegar ég var með þeim og ferðaðist um og prédikaði fagnaðarerindið með krafti mínum —

78 Því að ég leyfði þeim hvorki að hafa "pyngju né mal, né heldur tvo kyrtla.

79 Sjá, ég sendi yður til að reyna heiminn, og verður er verkamaðurinn ^alauna sinna.

80 Og sérhver maður, sem fer og "prédikar þennan ^bfagnaðarboðskap ríkisins og er áfram trúur í öllu, skal hvorki þreytast eða formyrkvast í huga, né í líkama, limum eða liðamótum. Og ekki skal eitt ^chár af höfði hans falla til jarðar án þess að eftir því verði tekið. Og þá skal hvorki hungra né þyrsta.

81 Hafið þess vegna ekki ^aáhyggjur af morgundeginum, hvað þér eigið að eta eða hvað þér eigið að drekka eða hverju þér skuluð klæðast.

82 Gefið gaum að liljum

66a LR Verk.

67a Matt 17:14–21.

68a LR Lækna, lækningar.

71a Mark 16:18;

Post 28:3–9;

K&S 24:13; 124:98–100.

73a K&S 105:24.

LR Drambsemi.

74a 2 Ne 9:23;

K&S 76:50–52.

LR Skírn, skíra —

Nauðsynleg.

^b Jóh 3:18.

78a Matt 10:9–10;

K&S 24:18.

79a K&S 31:5.

80a LR Trúboðsverk.

^b LR Fagnaðarerindi.

^c Lúk 21:18.

81a Matt 6:25–28.

vallarins, hversu þær vaxa. Hvorki vinna þær né spinna, og þó eru ríki heimsins í allri dýrð sinni ekki svo búin sem ein þeirra.

83 Því að ^afaðir yðar, sem er á himnum, ^bveit að þér þarfnist alls þessa.

84 Látið þess vegna morgundeginum eftir ^aáhyggjur sínar.

85 Ekki skuluð þér heldur fyrirfram hafa áhyggjur af því ^ahvað þér eigið að segja, heldur ^bvarðveitið lífsins orð stöðugt í huga yðar, og einmitt á þeirri stundu munu yður ^cgefin þau þeirra, sem mæld verða hverjum manni.

86 Þess vegna skal enginn yðar á meðal — því að þessi fyrir-mæli eru til allra hinna ^astaðföstu, sem Guð kallar í kirkjunni til helgrar þjónustu — sem fer til að kunn-gjöra fagnaðarerindi ríkisins, taka með sér pyngju eða mal frá þessari stundu.

87 Sjá, ég ^asendi yður til að ávíta heiminn fyrir öll óréttlát verk hans og fræða hann um dóm, sem í vændum er.

88 Og hjá hverjum þeim, sem ^aveitir yður viðtöku, mun ég einnig vera, því að ég mun fara fyrir yður. Ég mun verða yður til hægri handar og til þeirrar vinstri, og andi minn mun vera í hjörtum

yðar og ^benglar mínir umhverfis yður, yður til stuðnings.

89 Hver, sem tekur á móti yður, tekur á móti mér, og sá hinn sami mun gefa yður fæði og klæði og fjármuni.

90 Og sá, sem gefur yður fæði, klæði eða fjármuni, mun í engu ^aglata launum sínum.

91 En sá, sem eigi gjörir slíkt, er ekki lærisveinn minn. Þannig getið þér þekkt ^alærisveina mína.

92 Farið burt frá þeim, sem ekki veitir yður viðtöku, og ^alaugið fætur yðar í einrúmi, já, með vatni, hreinu vatni, hvort heldur heitt er eða kalt, og berið föður yðar, sem er á himni, vitnisburð um það, og snúið ekki aftur til þess manns.

93 Og gjörið svo í öllum þeim þorpum eða borgum sem þér komið í.

94 Leitið þó af kostgæfni og hlífist ei. En vei sé því húsi, þorpi eða borg, sem hafnar yður eða orðum yðar eða vitnisburði yðar um mig.

95 Vei, segi ég aftur, sé því húsi, þorpi eða borg, sem hafnar yður eða orðum yðar eða vitnisburði yðar um mig —

96 Því að ég, hinn ^aalmáttugi, hef lagt hendur mínar yfir þjóðirnar

83a LR Faðir á himnum.

b Matt 6:8.

84a Matt 6:34.

85a Matt 10:19–20;

Lúk 12:11–12;

K&S 100:6.

b 2 Ne 31:20;

Al 17:2–3;

K&S 6:20; 11:21–26.

LR Íhuga, ígrunda.

c LR Kenna, kennari —

Kennsla með

andanum.

86a Matt 24:44–46;

K&S 58:26–29;

107:99–100.

87a LR Trúboðsverk.

88a Matt 10:40; Jóh 13:20.

b K&S 84:42.

LR Englar.

90a Matt 10:42;

Mark 9:41.

91a Jóh 13:35.

92a Matt 10:14;

Lúk 9:5;

K&S 60:15.

96a LR Alvaldur.

til að ^brefsa þeim fyrir ‘ranglæti þeirra.

97 Og plágur munu herja og þær munu ekki af jörðunni teknar, fyrir en ég hef fullnað verk mitt, sem með hraði skal ^alokið í réttlæti —

98 Ekki fyrir en allir, sem eftir verða, þekjja mig, já, frá þeim lægsta til hins æðsta, og munu fylltir þekkingu á Drottni og sjá ^aaugliti til auglitis, og hefja upp raust sína og einum rómi ^bsyngja þennan nýja söng, og segja:

99 Drottinn hefur aftur fært oss Síon, Drottinn hefur ^aendurleyst þjóð sína, ^bÍsrael, samkvæmt ^cnáðarkjöri, sem trúin og ^dsáttmáli feðra þeirra kom til leiðar.

100 Drottinn hefur endurleyst þjóð sína, og Satan er ^abundinn og tíminn ei lengur til.

Drottinn hefur sameinað allt í ^beitt. Drottinn hefur leitt ^cSíon niður ofan frá.

Drottinn hefur ^dleitt Síon upp neðan frá.

101 ^aJörðin hefur haft fæðing-arhríðir og borið fram styrk sinn,

og sannleikurinn hefur fest rætur í brjósti hennar,

og himnarnir hafa brosað við henni;

og hún er íklædd ^bdýrð Guðs síns; því að hann stendur mitt á meðal þjóðar sinnar.

102 Dýrð og heiður og vald og máttur

tileinkist Guði vorum, því að hann er fullur ^amiskunnar, réttvísi, náðar, sannleika og ^bfriðar, alltaf og að eilífu. Amen.

103 Og sannlega, sannlega segi ég yður enn, að æskilegt er að allir þeir, sem fara og kunngjöra ævarandi fagnaðarerindi mitt og fá fé að gjöf og fjölskyldur eiga, sendi þeim það eða noti það í þeirra þágu, eins og Drottinn leiðbeinir þeim, því að slíkt er mér þóknanlegt.

104 Og allir þeir, sem engar fjölskyldur eiga og fá ^afé, skulu senda það til biskupsins í Síon eða biskupsins í Ohio, svo að hægt sé að helga það til prentunar og birtingar opinberananna, og til uppbyggingar Síonar.

105 Og gefi einhver yðar yfirhöfn eða klæðnað, takið þá hið gamla og gefið það ^afátækum og haldið fagnandi leiðar yðar.

106 Og sé einhver maður yðar á meðal sterkur í andanum, skal

96 *b* K&S 1:13–14.

c LR Ranglátur, ranglæti.

97 *a* Matt 24:22.

98 *a* Jes 52:8.

b Sálm 96:1;

Op 15:3;

K&S 25:12; 133:56.

LR Syngja.

99 *a* Op 5:9; K&S 43:29.

b LR Ísrael.

c LR Kjör;

Náð.

d LR Sáttmáli Abrahams.

100 *a* Op 20:2–3;

K&S 43:31; 45:55;

88:110.

b Ef 1:10;

K&S 27:13.

c K&S 45:11–14;

HDP Móse 7:62–64.

LR Síon.

d K&S 76:102; 88:96.

101 *a* LR Jörð.

b LR Dýrð.

102 *a* LR Miskunnssamur,

miskunnsemi.

b LR Friður.

104 *a* K&S 51:8–9, 12–13.

105 *a* LR Fátækur — Fátækt

efnislegra gæða.

hann “taka með sér þann, sem óstyrkur er, svo að hann megi uppbyggjast í fullri ^bhógværð og verða einnig styrkur.

107 Takið þess vegna með yður þá, sem vígðir eru hinu “lægra prestdæmi, og sendið þá á undan yður til að setja yður mót, greiða veginn og sækja þau mót, sem þér getið eigi sótt.

108 Sjá, á þennan hátt byggðu postular mínir til forna upp kirkju mína.

109 Lát þess vegna sérhvern mann standa í stöðu sinni og starfa í sinni eigin köllun, og höfuðið skal ekki segja við fæturna, að það þarfnist þeirra ekki, því að hvernig fær líkaminn staðið án fótanna.

110 Líkaminn hefur einnig þörf fyrir hvern “lim, svo að allir geti uppbyggst saman og kerfið haldist fullkomið.

111 Og sjá, “háprestarnir skulu ferðast og einnig öldungarnir og einnig lægri ^bprestarnir, en “djáknarnir og “kennararnir skulu tilnefndir til að “vaka yfir kirkjunni og vera helgir fastaþjónar kirkjunnar.

112 Og biskupinn, Newel K. Whitney, skal einnig ferðast um meðal allra safnaðanna og leita uppi hina fátæku og “annast þarfir þeirra með því að ^bauðmýkja hina ríku og dramblátu.

113 Hann skal einnig ráða “erindreka til að annast veraldleg mál undir sinni stjórn.

114 Engu að síður skal biskupinn fara til New York-borgar, einnig til Albany-borgar og einnig til borgarinnar Boston, og aðvara íbúa þessara borga hárra raustu með hljómi fagnaðarerindisins um þá “eyðingu og fullkomnu upplausn, sem bíður þeirra, ef þeir hafna þessu.

115 Því að ef þeir hafna því, er dagur dóms þeirra í nánd og hús þeirra mun í “eyði lagt.

116 Hann skal setja “traust sitt á mig og á engan hátt verða sér til ^bsmánar. Og eitt “hár á höfði hans mun ekki falla til jarðar án þess að eftir því verði tekið.

117 Og sannlega segi ég við yður, aðra þjóna mína: Farið eftir því sem aðstæður yðar leyfa í hinum ýmsu köllunum yðar, til hinna stóru og markverðu borga og þorpa og ávítið heiminn í réttlæti fyrir alla óréttláta og óguðlega breytni og setjið skýrt og greinilega fram eyðingu viðurstyggðarinnar á síðustu dögum.

118 Því að með yður, segir Drottinn almáttugur, mun ég “rífa niður ríki þeirra. Ég mun ekki aðeins ^bhrista jörðina, heldur skal stjörnuhvolfið skjálfa.

119 Því að ég, Drottinn, hef rétt

106a LR Samfélag,
b LR Hógvær, hógværð.
107a LR Aronsprestæmið.
110a 1 Kor 12:12–23.
111a LR Háprestur,
b LR Prestur,
Aronsprestæmi.
c LR Djákni.
d LR Kennari í

Aronsprestæminu.
e LR Vaka, vera á verði,
verðir.
112a LR Velferð.
b K&S 56:16.
113a K&S 90:22.
114a K&S 1:13–14.
115a Lúk 13:35.
116a LR Treysta.

b Sálm 22:5; 1 Pét 2:6.
c Matt 10:29–31.
118a Dan 2:44–45.
b Jóel 2:10;
K&S 43:18; 45:33, 48;
88:87, 90.
LR Síðustu dagar, síðari
dagar;
Tákn tímanna.

út hönd mína til að koma kröftum himins á hreyfingu. Þér getið eigi séð það nú, en innan tíðar skuluð þér sjá það og vita að ég er, og að

ég mun ^akoma og ^bríkja með þjóð minni.

120 Ég er ^aAlfa og ^Ómega, upphafið og endirinn. Amen.

85. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 27. nóvember 1832. Þessi kafli er útdráttur úr bréfi spámannsins til Williams W. Phelps, sem bjó í Independence, Missouri. Opinberunin svarar spurningum varðandi þá heilögu, sem fluttust til Síonar, en höfðu ekki fylgt því boðorði að helga eigur sínar og þar af leiðandi ekki fengið arfleifð sína samkvæmt fastri reglu kirkjunnar.

1–5, *Arfleifð í Síon fæst með helgun; 6–12, Einn máttugur og sterkur mun gefa hinum heilögu arfleifð þeirra í Síon.*

ÞAÐ er skylda ritara Drottins, sem hann hefur útnefnt, að skrá sögu og almenna ^akirkjuskýrslu um allt, sem gerist í Síon, og um alla þá sem ^bhelga eigur sínar og fá löglegan arfshlut frá biskupi —

2 Og einnig um lífsmáta þeirra, trú og störf, og einnig fráhrar þeirra sem hverfa frá, eftir að hafa fengið arf sinn.

3 Það er andstætt vilja og boði Guðs, að skráð verði með fólki Guðs, nöfn þeirra, sem ekki hljóta arfleifð sína með ^ahelgun, í samræmi við lögmál þau sem hann hefur gefið, svo að hann geti krafði fólk sitt um ^btíund til að búa það undir dag ^crefsingar og brennu.

4 Né heldur skal ættartala þeirra geymd eða höfð þar sem hana megi finna í einhverri skýrslu kirkjunnar eða sögu hennar.

5 Hvorki nöfn þeirra né nöfn feðra þeirra, né nöfn barna þeirra, skulu finnast í ^alög málsbók Guðs, segir Drottinn hersveitanna.

6 Já, svo segir hin ^alága, hljóðláta rödd, sem hvíslar og ^bsmýgur í gegnum allt og iðulega fær bein mín til að skjálfa þegar hún opinberast, og segir:

7 Og svo ber við, að ég, Drottinn Guð, mun senda einn máttugan og sterkan, sem heldur veldisprotanum í hendi sér, íklæddur ljósi sér til hlífðar, og munnur hans mun mæla orð, eilíf orð, um leið og brjóst hans verður uppspretta sannleikans, til að koma reglu á hús Guðs, og úthluta með hlutkesti arfleifð hinna heilögu,

119a K&S 1:12, 35–36;
29:9–11; 45:59.
LR Síðari koma Jesú
Kristis.
b LR Þúsundarárfikið.
120a LR Alfa og Ómega.

85 1a K&S 21:1; 47:1; 69:3–6.
b K&S 42:30–35.
3a LR Helgun,
helgunarlögmál.
b LR Tíund,
tíundargreiðslur.

c Mal 3:10–11, 17;
K&S 97:25–26.
5a LR Lífsins bók.
6a 1 Kon 19:11–12;
He 5:30–31; 3 Ne 11:3–7.
b Hebr 4:12.

en nöfn þeirra, feðra þeirra og barna finnast skráð í lögmálsbók Guðs —

8 En sá maður, sem Guð hefur kallað og útnefnt, og réttir fram hönd sína til að stilla “örk Guðs, mun falla fyrir sverði dauðans líkt og tré, sem lostið er skærri eldingu.

9 Og allir þeir, sem ekki finnast skráðir í “minningabókinni, munu enga arfleifð fá á þeim degi, heldur munu þeir sundurhöggnir og hlutur þeirra mun útnefndur meðal hinna vantrúuðu, þar sem er ^bgrátur og gnístran tanna.

10 Þetta tala ég ekki af sjálfum

mér. Það sem Drottinn þess vegna talar, mun hann einnig uppfylla.

11 Og þeir, sem eru af hinu háa prestdæmi, og eins þeir, sem eru af hinu lægra prestdæmi eða meðlimir, sem ekki eiga nöfn sín skráð í “lögmálsbókinni eða sem hafa ^bfallið frá eða verið “útilokaðir úr kirkjunni, munu ekki finna arfleifð sína á meðal hinna heilögu hins æðsta á þeim degi —

12 Þess vegna skal við þá breytt sem við börn prestsins, eins og skrifað stendur í öðrum kapitula, sextugasta og fyrsta og sextugasta og öðru versí Esrabókar.

86. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 6. desember 1832. Þessi opinberun var gefin meðan spámaðurinn las yfir og lagfærði handrit sitt að þýðingu á Biblíunni.

1–7, Drottinn skýrir dæmisöguna um hveitið og illgresið; 8–11, Hann útskýrir prestdæmisblessanir til þeirra, sem eru lögerfingjar í holdinu.

SANNLEGA, svo segir Drottinn við ykkur, þjóna mína, varðandi “dæmisöguna um hveitið og illgresið:

2 Sjá, sannlega segi ég, akurinn var heimurinn og postularnir voru sáðmenn frækornsins —

3 Og þegar þeir voru sofnaðir, kom hinn mikli ofsóknari

kirkjunnar, hinn fráfallni, hóran, sjálf “Babýlon, sem lætur allar þjóðir bergja af bikar sínum, og í hjarta hennar situr og ríkir óvinurinn, sjálfur Satan — sjá, hann sáir illgresinu og þess vegna kæfir illgresið hveitið og flæmir ^bkirkjuna út í eyðimörkina.

4 En sjá, á “síðustu dögum, já, nú þegar Drottinn er farinn að senda út orð sitt og sprotarnir spretta upp og eru enn viðkvæmir —

5 Sjá, sannlega segi ég yður: “Englarnir hrópa á Drottin dag og nótt, og eru reiðubúnir og bíða

8a 2 Sam 6:6–7;
1 Kro 13:9–10.
LR Sáttmálsörkin.

9a 3 Ne 24:16;
HDP Móse 6:5–6.
LR Minningabókin.

b K&S 19:5.
11a LR Lífsins bók.
b LR Fráhvarf.
c LR Brottvikning.
86 1a Matt 13:6–43;
K&S 101:64–67.

3a Op 17:1–9.
LR Babel, Babýlon.
b Op 12:6, 14.
4a LR Síðustu dagar, síðari dagar.
5a K&S 38:12.

eftir að verða sendir til að ^buppskera akrana —

6 En Drottinn segir við þá: Reytið ekki upp illgresið meðan sprotarnir eru enn viðkvæmir (því að vissulega er trú yðar veik), svo að þér tortímið ekki hveitinu einnig.

7 Lát þess vegna hveitið og illgresið vaxa saman þar til uppskeran er fullsprottin. Þá skuluð þér fyrst tína hveitið frá illgresinu. Og eftir að hveitinu hefur verið safnað, sjá og tak eftir, skal illgresið bundið í bindin og akurinn brenndur.

8 Svo segir Drottinn þess vegna við yður, sem “prestdæmið hefur

haldist með gegnum ættlegg feðra yðar —

9 Því að þér eruð “lögerfingjar í holdinu og hafið verið ^bhuldir heiminum með Kristi í Guði —

10 Þess vegna hefur líf yðar og prestdæmið varað og verður að haldast með yður og ætt yðar fram að “endurreisn allra hluta, sem talað hefur verið um fyrir munn allra hinna heilögu spámanna frá upphafi heimsins.

11 Blessaðir eruð þér þess vegna, ef þér haldið áfram í gæsku minni og verðið Þjóðunum “ljós, og með prestdæminu frelsari þjóðar minnar, ^bÍsraels. Drottinn hefur sagt það. Amen.

87. KAFLI

Opinberun og spádómur um stríð, gefið með spámanninum Joseph Smith, í eða nálægt Kirtland, Ohio, 25. desember 1832. Á þessum tíma voru í Bandaríkunum miklar deilur um þrælshald og afnám Suður Karólínu á alríkistollum. Saga Josephs Smith segir, að „útlit fyrir róstur á meðal þjóðanna“ virtust spámanninum „sýnilegri en það hafði áður verið, síðan kirkjan hóf ferð sína úr óbyggðunum.“

1–4, Sagt fyrir um stríð milli Norðurríkjanna og Suðurríkjanna; 5–8, Miklar hörmungar munu koma yfir alla íbúa jarðar.

SANNLEGA, SVO segir Drottinn um styrjaldir, sem fljótlega munu verða og hefjast með uppreisn “Suður-Karólínu, sem að lokum

mun leiða til dauða og vansældar margra sálna:

2 Og sá tími kemur, að “styrjöld hvolfist yfir allar þjóðir og á upp-tök sín á þessum stað.

3 Því að sjá, Suðurríkin munu snúast gegn Norðurríkjunum og Suðurríkin munu kalla á aðrar þjóðir, jafnvel þjóð Stóra-Bretlands,

5b LR Uppspera.

8a K&S 113:8.

LR Melkisedeksprestdæmi.

9a Abr 2:9–11.

LR Sáttmáli Abrahams.

b Jes 49:2–3.

10a Post 3:19–21.

LR Endurreisn fagnaðarerindisins.

11a Jes 49:6.

b K&S 109:59–67.

87 1a K&S 130:12–13.

2a Jóel 3:9–16;

Matt 24:6–7;

K&S 45:26, 63; 63:33.

eins og það nefnist, og þau munu einnig kalla á fleiri þjóðir sér til varnar gegn öðrum þjóðum, og þá mun “styrjöld hvolfast yfir allar þjóðir.

4 Og svo ber við að mörgum dögum liðnum, að þrælar, sem eru vígbúnir og herþjálfaðir, munu rísa gegn húsbændum sínum.

5 Og svo ber einnig við, að þeir sem eftir standa í landinu munu vígbúast, fullir heiftar, og hrella Þjóðirnar sárlega.

6 Og þannig munu íbúar jarðarinnar “trega vegna sverðsins og blóðsúthellingar, og með ^bhungursneyð, plágu, jarðskálfta og

þrumum himins og einnig kröftugum og ógurlegum eldingum munu íbúar jarðar finna heilaga og réttláta reiði, og ‘agandi hönd almáttugs Guðs, þar til hin fyrirbúna eyðing hefur bundið ^aenda á allar þjóðir —

7 Svo að hróp hinna heilögu og “blóð hinna heilögu berist ekki lengur frá jörðunni til eyrna Drottins ^bhersveitanna um refsingu yfir óvinum þeirra.

8 “Standið þess vegna á heilögum stöðum og haggist ekki, þar til dagur Drottins kemur, því að sjá, hann kemur ^bskjótt, segir Drottinn. Amen.

88. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 27. og 28. desember 1832 og 3. janúar 1833. Spámaðurinn nefnir hana „Olífulaufið,“ . . . tínt af Paradísartrénu, friðarboðskapur Drottins til okkar.“ Opinberunin var gefin eftir að háprestar á ráðstefnu báðu „hver í sínu lagi og upphátt til Drottins, að hann opinberaði okkur vilja sinn varðandi uppbyggingu Síonar.“

1–5, Hinir heilögu, sem staðfastir eru, hljóta huggarann, sem er fyrirheitið um eilíft líf; 6–13, Öllu er stjórnað og stýrt með ljósi Krists; 14–16, Upprisan kemur fyrir endurlausnina; 17–31, Hljóðni við himneskt, yfirjarðneskt, eða jarðneskt lögmál býr menn undir samsvarandi ríki og dýrðir; 32–35, Þeir sem vilja haldast í synd verða áfram saurugir; 36–41, Öll ríki stjórnast af lögmálum; 42–45,

Guð hefur gefið öllu lögmál; 46–50, Maðurinn mun skynja sjálfan Guð; 51–61, Dæmisagan um manninn, sem sendi þjóna sína út á akurinn og vitjaði þeirra allra; 62–73, Nálgest Drottin og þér munuð sjá ásjónu hans; 74–80, Helgið yður og kennið hvert öðru kenningar ríkisins; 81–85, Sérhver maður, sem fengið hefur viðvörðun skal aðvara náunga sinn; 86–94, Tákn, náttúruhamfarir og englar

3a K&S 45:68–69.

4a K&S 134:12.

6a K&S 29:14–21; 45:49.

b JS — M 1:29.

c LR Aga.

d LR Heimur —
Heimsendir.

7a Et 8:22–24.

b Jakbr 5:4;

K&S 88:2; 95:7.

8a Matt 24:15;

K&S 45:32; 101:21–22.

b Op 3:11.

greiða veginn fyrir komu Drottins; 95–102, Englabásúnur kalla fram hina dáu í réttri röð; 103–116, Englabásúnur boða endurreisn fagnaðarerindisins, fall Babýlonar, og orrustu hins mikla Guðs; 117–126, Leitið fræðslu, reisið hús Guðs (musteri), og íklæðist böndum kærleikans; 127–141, Reglur um skóla spámanna gefnar, þar á meðal um helgiathöfnina, laugun fóta.

SANNLEGA, svo segir Drottinn við yður, sem safnast hafið saman til að meðtaka vilja hans varðandi yður:

2 Sjá, þetta er Drottinn yðar þóknanlegt og englarnir ^afagna yfir yður. ^bVelgjörningur bæna yðar hefur borist upp til eyrna Drottins ^chersveitanna og er skráður í ^anafnabók hinna helguðu, já, þeirra, sem tilheyra hinum himneska heimi.

3 Þess vegna sendi ég yður nú annan ^ahuggara, já, yður vinum mínum, svo að hann geti búið í hjörtum yðar, já, ^bheilagan anda fyrirheitsins, þann sama huggara sem ég lofaði lærisveinum mínum, eins og skráð er í vitnisburði Jóhannesar.

4 Þessi huggari er fyrirheitið, sem ég gef yður um ^aeilíft líf, sjálfa ^bdýrð hins himneska ríkis —

5 En dýrð þess er dýrð kirkju

^afrumburðarins, já, Guðs hins alheilagasta, fyrir son hans Jesú Krist —

6 ^aHann, sem sté til upphæða og ^bsté einnig neðar öllu, og ^cskynjaði þannig alla hluti, svo að hann gæti í öllu og með öllu verið ^aljós sannleikans —

7 Sannleikans, sem ljómar. Þetta er ^aljós Krists. Hann er einnig í sólinni og ljósi sólarinnar og sá kraftur, sem hún var ^bgjörð með.

8 Hann er einnig í tunglinu og er ljós tunglsins og sá kraftur, sem það var gjört með —

9 Og einnig ljós stjarnanna og sá kraftur, sem þær voru gjörðar með —

10 Og einnig jörðin og kraftur hennar, já, jarðarinnar, sem þér ^astandið á.

11 Og ljósið, sem ljómar og lýsir yður, er frá honum, sem lýsir upp augu yðar, það sama ljós, sem lifgar ^askilning yðar —

12 Það ^aljós, sem kemur úr návist Guðs til að ^bfylla ómælisgeiminn —

13 Ljósið, sem er í ^aöllu og gefur öllu ^blíf, sem er ^clög málið, er öllu stjórnar, sjálfur kraftur Guðs, sem situr í hásæti sínu, sem hvílir við brjóst eilífðarinnar, sem er mitt í öllu.

88 2a Lúk 15:10.

b Post 10:1–4.

LR Bæn.

c Jakbr 5:4; K&S 95:7.

d LR Lífsins bók.

3a Jóh 14:16.

b K&S 76:53.

LR Heilagur andi

fyrirheitsins.

4a K&S 14:7.

b LR Himnesk dýrð.

5a LR Frumburður.

6a LR Jesús Kristur.

b K&S 122:8.

LR Friðþægja, friðþæging.

c LR Alvitur.

d K&S 93:2, 8–39.

LR Ljós, ljós Krists;

Sannleikur.

7a Moró 7:15–19;

K&S 84:45.

b 1 Mós 1:16.

LR Skapa, sköpun.

10a HDP Móse 2:1.

11a LR Skilningur.

12a LR Ljós, ljós Krists.

b Jer 23:24.

13a Kól 1:16–17.

b 5 Mós 30:20;

K&S 10:70.

c Job 38:70.

K&S 88:36–38.

LR Lögmal.

14 Sannlega segi ég yður nú, að fyrir “endurlausnina, sem fyrir yður er gjörð, verður upprisa frá dauðum að veruleika.

15 Og “andinn og ^blíkaminn eru “sál mannsins.

16 Og “upprisa frá dauðum er endurlausn sálarinnar.

17 Og endurlausn sálarinnar er frá honum, sem allt lífgar, en í hjarta hans er ákvarðað, að hinir “fátæku og ^bhógværu á “jörðunni skulu erfa hana.

18 Þess vegna verður að hreinsa hana af öllu óréttlæti, svo að hún verði undir hina “himnesku dýrð búin —

19 Því að þegar hún hefur fyllt mæli sköpunar sinnar, mun hún krýnd með “dýrð, já, með návist Guðs föðurins —

20 Og líkamar hins himneska ríkis “eignast hana alltaf og að eilífu, því að í þeim ^btilgangi var hún gjörð og sköpuð og í þeim tilgangi eru þeir “helgaðir.

21 Og þeir, sem ekki helgast fyrir það lögmál, sem ég hef gefið yður, sjálft lögmál Krists, verða að erfa annað ríki, já, hið yfirjarðneska ríki eða hið jarðneska ríki.

22 Því að sá, sem ekki fær staðist “lögmál himneska ríkisins, fær ekki staðist himneska dýrð.

23 Og sá, sem ekki fær staðist lögmál yfirjarðnesks ríkis, fær ekki staðist “yfirjarðneska dýrð.

24 Og sá, sem ekki fær staðist lögmál jarðnesks ríkis, fær ekki staðist “jarðneska dýrð. Þess vegna er hann ekki hæfur neins dýrðarríkis. Þess vegna verður hann að dvelja í ríki, sem ekki er dýrðarríki.

25 Og sannlega segi ég yður enn, “jörðin stenst lögmál himnesks ríkis, því að hún fyllir mæli sköpunar sinnar og brýtur ekki lögmálið —

26 Þess vegna mun hún “helguð. Já, þó að hún ^bdeyi mun hún lífguð aftur og skal standast kraft þann, sem lífgar hana, og hinir “réttlátu munu ^derfa hana.

27 Því að þótt þeir deyi, munu þeir einnig “ríska upp aftur, ^bandlegur líkami.

28 Þeir, sem eiga himneskan anda, hljóta þann sama líkama og var náttúrlegur líkami, já, þér munuð hljóta líkama yðar og “dýrð yðar verður sú dýrð sem líkami yðar er ^blífgaður með.

14a LR Endurlausnaráætlunin;
Friðþægja, friðþæging.

15a LR Andi;
Maður, menn —
Maður, andabarn
himnesks föður.

b LR Líkami.

c 1 Mós 2:7.

LR Sál.

16a Al 11:42.

LR Upprisa.

17a LR Fátækur.

b LR Hógvær, hógværð.

c LR Jörð — Lokaástand
jarðar.

18a LR Himnesk dýrð.

19a K&S 130:7–9.

20a K&S 38:20.

b HDP Móse 1:39.

LR Maður, menn —
Maður, með möguleika
til að verða líkur
himneskum föður.

c LR Lausn frá synd.

22a K&S 105:5.

23a LR Yfirjarðnesk dýrð.

24a LR Jarðnesk dýrð.

25a LR Jörð.

26a LR Jörð — Lokaástand
jarðar.

b LR Heimur —

Heimsendir.

c 2 Pét 3:11–14.

LR Réttlátur, réttlæti.

d Matt 5:5;

K&S 45:58; 59:2; 63:49.

27a LR Upprisa.

b 1 Kor 15:44.

28a LR Lokadómur.

b K&S 43:32; 63:51;

101:31.

29 Þér, sem lífgaðir eruð með hluta hinnar ^ahimnesku dýrðar, munuð hljóta þá sömu, jafnvel fyllingu hennar.

30 Og þeir, sem lífgaðir eru með hluta hinnar ^ayfirjarðnesku dýrðar, munu hljóta þá sömu, jafnvel fyllingu hennar.

31 Og einnig þeir, sem lífgaðir eru með hluta ^ajarðneskrar dýrðar, munu hljóta þá sömu, jafnvel fyllingu hennar.

32 Og þeir, sem eftir eru, munu einnig ^alífgaðir verða. Engu að síður munu þeir snúa aftur á sinn stað, til að njóta þess, sem þeir eru ^bfúsir til að taka á móti, þar eð þeir voru ekki fúsir til að njóta þess, sem þeir gætu hafa hlotið.

33 Því að hvað gagnar það mannum, ef gjöf er honum gefin og hann veitir gjöfinni ekki viðtöku? Sjá, hann gleðst ekki yfir því, sem honum er gefið, né heldur gleðst sá, sem gjöfina gefur.

34 Og enn, sannlega segi ég yður: Það sem með lögmáli stjórnast er einnig varðveitt með lögmáli og fullkomnað og ^ahelgað með hinu sama.

35 Það, sem ^abrýtur lögmál og stenst ekki með lögmáli, heldur

reynir að setja sér sitt eigið lögmál og kýs að lifa í synd, og lifir algjörlega í synd, getur hvorki helgast með lögmáli né með ^bmiskunn, ^créttvísi eða dómi. Þess vegna verða þeir áfram ^aóhreinir.

36 Öllum ríkjum er gefið lögmál —

37 Og ^aríkin eru mörg, því að ekkert rúm finnst án ríkis, og ekkert ríki, stórt eða smátt, finnst án rúms.

38 Og hverju ríki er gefið ^alögmál og hverju lögmáli fylgja ákveðin takmörk og einnig skilyrði.

39 Allir þeir, sem ekki hlíta þeim ^askilyrðum, ^bréttlætast eigi.

40 Því að ^avitsmunir laðast að vitsmunum. ^bVísdomur meðtekur vísdom. ^cSannleikur umlykur sannleik. ^dDyggð elskar dyggð. ^eLjós laðast að ljósi. Miskunn hefur ^fsamúð með miskunn og krefst þess sem hennar er. Réttvísinn heldur stefnu sinni og gjörir kröfu til þess sem hennar er. Dómur gengur frammi fyrir ásjónu hans, sem situr í hásetinu og stjórnar öllu og framkvæmir allt.

41 Hann ^askynjar allt og allt er frammi fyrir honum og allt er umhverfis hann. Og hann er ofar

29a LR Himnesk dýrð;
Maður, menn —
Maður, með möguleika
til að verða líkur
himneskum föður.
30a LR Yfirjarðnesk dýrð.
31a LR Jarðnesk dýrð.
32a AL 11:41–45.
b LR Sjálfræði.
34a LR Lausn frá synd.
35a LR Uppreisn.
b LR Miskunnsamur,

miskunnsemi.
c LR Réttvísi.
d Op 22:11;
1 Ne 15:33–35;
2 Ne 9:16;
Al 7:21.
37a K&S 78:15.
38a K&S 88:13.
39a K&S 130:20–21.
b LR Réttlætning, réttlæta.
40a LR Vitsmunir,
vitsmunaverur.

b LR Viska.
c LR Sannleikur.
d LR Dyggð.
e LR Ljós, ljós Krists.
f LR Samúð,
meðaumkun.
41a 1 Jóh 3:20;
1 Ne 9:6;
2 Ne 9:20;
K&S 38:1–3.
LR Alvitur.

öllu og í öllu og með öllu og umhverfis allt, og allt er frá honum og af honum, sjálfum Guði, alltaf og að eilífu.

42 Og sannlega segi ég yður enn: Hann hefur gefið öllu lögmál, sem stjórnar hreyfingu þess á sínum tíma og sínu skeiði —

43 Og brautir þeirra eru ákveðnar, já, brautir himna og jarðar, sem umlykja jörðina og allar reikistjörnurnar.

44 Og þau gefa hvert „öðru ljós á sínum tíma og sínu skeiði, í mínútum þeirra og stundum, dögum þeirra og vikum, mánuðum þeirra og árum — allt er þetta ^beitt ár hjá Guði, en ekki hjá mönnum.

45 Jörðin svífur á vængjum sínum og „sólin veitir birtu sína á daginn og tunglið veitir birtu sína á nóttunni og stjörnurnar veita einnig birtu sína, um leið og þau svífa á vængjum sínum í dýrð sinni, mitt í ^bkrafti Guðs.

46 Við hvað skal ég líkja þessum ríkjum, svo að þér fáið skilið?

47 Sjá, allt eru þetta ríki, og sérhver maður, sem hefur séð eitt-hvert þeirra eða hið minnsta þeirra, hefur „séð Guð hreyfa sig í hátígn sinni og veldi.

48 Ég segi yður, hann hefur séð hann. Hann sem kom til sinna „eigin, en engu að síður tóku þeir ekki á móti honum.

49 „Ljosið skín í myrkrinu og myrkrið skynjar það ekki. Þó mun

sá dagur koma er þér munuð ^bskynja sjálfan Guð, lífgaðir í honum og af honum.

50 Þá munuð þér vita, að þér hafið séð mig, að ég er, og að ég er hið sanna ljós, sem í yður er, og að þér eruð í mér. Annars fengujuð þér eigi þrifist.

51 Sjá, ég vil líkja þessum ríkjum við mann, sem á akur, og hann sendi þjóna sína út á akurinn til að stinga hann upp.

52 Og hann sagði við þann fyrsta: Far þú og vinn á akrinum og á fyrstu stundu mun ég koma til þín og þú munt sjá gleði ásjónu minnar.

53 Og hann sagði við annan: Far þú einnig út á akurinn og á annarri stundu mun ég vitja þín með gleði ásjónu minnar.

54 Og einnig við þann þriðja sagði hann: Ég mun vitja þín —

55 Og við þann fjórða og þannig áfram til hins tólfta.

56 Og herra akursins fór til hins fyrsta á fyrstu stundu og dvaldi með honum alla þá stund, og hann gladdist við ljós ásjónu herra síns.

57 Og síðan yfirgaf hann þann fyrsta, svo að hann gæti einnig vitjað annars og hins þriðja og fjórða og þannig til hins tólfta.

58 Og þannig meðtóku þeir allir ljós ásjónu herra síns, sérhver maður á sinni stundu og á sínum tíma, og á sínu skeiði —

42a Dan 2:20–22;
Abr 3:4–19.

44a 1R Ljós, ljós Krists.
b Sálms 90:4; 2 Pét 3:8.

45a 1 Mós 1:16; Abr 4:16.

b K&S 88:7–13.

47a Al 30:44;
HDP Móse 1:27–28;

6:63;

Abr 3:21.

48a Jóh 1:11; 3 Ne 9:16;
K&S 39:1–4.

49a K&S 6:21; 50:23–24;
84:45–47.

b Jóh 17:3; K&S 93:1, 28.

59 Byrjað á þeim fyrsta og þannig til hins “síðasta, og frá þeim síðasta til hins fyrsta og frá þeim fyrsta til hins síðasta —

60 Sérhver maður í sinni röð, þar til stund hans var liðin, já, eins og herra hans hefur boðið honum, svo að herra hans megi dýrðlegur verða í honum og hann í herra sínum, svo að þeir megi allir dýrðlegir verða.

61 Við þessa dæmisögu vil ég því líkja öllum þessum ríkjum og “íbúum þeirra — sérhverju ríki á sinni stundu og á sínum tíma og á sínu skeiði, já, eins og Guð hefur ákvarðað.

62 Og sannlega segi ég yður enn, “vinir mínir, ég læt yður þessi orð eftir til að ^bíhuga í hjörtum yðar, með því boði, sem ég gef yður, að þér “ákallið mig meðan ég er nálægur —

63 “Nálgist mig og ég mun nálgast yður. ^bLeitið mín af kostgæfni og þér munuð “finna mig. Biðjið og yður mun gefast, knýið á og fyrir yður mun upplokið verða.

64 Hvað sem þér “biðjið föðurinn um í mínu nafni, og yður er ^bgagnlegt, það mun yður gefast —

65 Og biðjið þér einhvers, sem yður er ekki “gagnlegt, mun það snúast yður til ^bfordæmingar.

66 Sjá, það sem þér heyrið er sem “rödd þess, er hrópar í óbyggðinni — í óbyggðinni vegna þess að þér getið ekki séð hann — rödd mín, vegna þess að rödd mín er ^bandi. Andi minn er sannleikur. “Sannleikurinn varir og hefur engan endi, og sé hann í yður mun hann þrífast.

67 Og sé auglit yðar “einbeitt á ^bdýrð mína, mun allur líkami yðar fyllast ljósi og ekkert myrkur skal í yður búa. Og sá líkami, sem er fullur af ljósi “skynjar allt.

68 “Helgið yður því, svo að ^bhugur yðar beinist eingöngu að Guði, og þeir dagar koma, er þér “sjáið hann, því að hann mun afhjúpa ásjónu sína fyrir yður og það gjörir hann á sínum tíma og á sinn hátt og samkvæmt sínum eigin vilja.

69 Munið hið mikla og síðasta fyrirheit, sem ég hef gefið yður. Varpið langt frá yður “hégómlegum hugsunum og öfgafullum ^bhlátri.

70 Haldið kyrru fyrir, haldið kyrru fyrir á þessum stað og boðið til hátíðarsamkomu, já, fyrstu verkamannanna í þessu síðasta ríki.

59a Matt 20:1–16.

61a K&S 76:24.

62a K&S 84:63; 93:45.

b LR Íhuga, ígrunda.

c Jes 55:6; Jakbr 1:5; K&S 46:7.

63a Sak 1:3; Jakbr 4:8; Op 3:20.

b 1 Kro 28:9; Et 12:41; K&S 101:38.

c K&S 4:7; 49:26.

64a LR Bæn.

b K&S 18:18; 46:28–30.

65a Jakbr 4:3.

b K&S 63:7–11.

66a Jes 40:3; 1 Ne 17:13; Al 5:37–38; K&S 128:20.

b LR Heilagur andi; Ljós, ljós Kristis.

c LR Sannleikur.

67a Matt 6:22; Lúk 11:34–36; K&S 82:19.

b Jóh 7:18.

c Okv 28:5; K&S 93:28.

LR Dómgreind, dómgreindargáfa.

68a LR Lausn frá synd.

b LR Hugur.

c K&S 67:10–13; 93:1; 97:15–17.

69a Matt 12:36;

Mósía 4:29–30; Al 12:14.

b K&S 59:15; 88:121.

71 Og lát þá, sem þeir hafa ^aaðvarað á ferðum sínum, ákalla Drottin og íhuga um stund þá viðvörun, sem þeir hafa fengið.

72 Sjá, og tak eftir, ég mun annast hjarðir yðar og mun vekja upp öldunga og senda þeim.

73 Sjá, ég mun hraða verki mínu þegar að því kemur.

74 Og ég gef yður, fyrstu ^averka-mönnunum í þessu síðasta ríki, boð um að safnast saman og skipuleggja yður, undirbúa yður og ^bhelga yður. Já, hreinsa hjörtu yðar, ^clauga hendur yðar og fætur fyrir mér, svo að ég geti gjört yður ^ahreina —

75 Svo að ég geti borið ^aföðurnum og Guði yðar og Guði mínum vitni um, að þér séuð hreinir af blóði þessarar ranglátu kynslóðar, og geti, þegar ég vil, uppfyllt fyrirheitið, þetta mikla og síðasta fyrirheit, sem ég hef gefið yður.

76 Ég gef yður einnig boð um að halda áfram í ^abæn og ^bföstu héðan í frá.

77 Og ég gef yður boð um að ^afræða hvert annað um ^bkenningu ríkisins.

78 Kennið af kostgæfni og ^anád mín verður með yður, svo að þér

megið enn betur ^bfræddir verða um fræðisetningar, reglur, kenningu og lögmál fagnaðarerindisins, um allt er lýtur að Guðs ríki og yður er gagnlegt að skilja —

79 Bæði um það, sem er á ^ahimni og á jörðu og undir jörðu. Það sem var, það sem er, það sem brátt mun verða, það sem er heima og það sem er að heiman, um ^bstyrjaldir og glundroða þjóðanna og dómana, sem á landinu hvíla, og einnig þekkingu á löndum og ríkjum —

80 Svo að þér séuð í öllu reiðubúnir, þegar ég sendi yður aftur til að efla þá köllun, sem ég hef kallað yður til, og það ætlunarverk, sem ég hef falið yður.

81 Sjá, ég sendi yður til að bera ^avitni og aðvara fólkið, og hverjum manni sem fengið hefur viðvörun ber að ^baðvara náunga sinn.

82 Þess vegna eru þeir án afsökunar og syndir þeirra falla á þeirra eigin höfuð.

83 Sá, sem ^aarla ^bleitast mín, mun finna mig og ekki verða eftir skilinn.

84 Haldið þess vegna kyrru fyrir og vinnið ötullega, svo að þér getið orðið fullkomnir í þeirri helgu þjónustu yðar, að fara út á

71a LR Vara við, viðvörun.

74a Matt 20:1, 16.

b 3 Mós 20:7–8;

3 Ne 19:28–29;

K&S 50:28–29; 133:62.

c LR Hreint og óhreint.

d Et 12:37.

75a LR Faðir á himnum;

Guð, guðdómur —

Guð faðirinn;

Maður, menn —

Maður, andabarn

himnesks föður.

76a LR Bæn.

b LR Fasta.

77a LR Kenna, kennari.

b LR Kenning Krists.

78a LR Náð.

b K&S 88:118; 90:15;

93:53.

79a LR Himinn.

b LR Stríð.

81a LR Vitna, bera vitni.

b K&S 63:58.

LR Vara við, viðvörun.

83a Al 37:35.

b 5 Mós 4:29–31;

Jer 29:12–14;

K&S 54:10.

meðal ^aÞjóðanna í síðasta sinn, allir þeir sem munnur Drottins nefnir, til að ^bbinda lögmálið og innsigla vitnisburðinn og búa hina heilögu undir stund dómsins, sem koma skal —

85 Svo að sálir þeirra fái umflúið heilaga reiði Guðs, ^aeyðingu viðurstyggðarinnar, sem bíður hinna ranglátu, bæði í þessum heimi og í komanda heimi. Sannlega segi ég yður: Látið þá, sem ekki eru fyrstu öldungarnir, halda áfram í vín-garðinum, þar til munnur Drottins ^bkallar þá, því að tími þeirra er enn ekki inni. Klæði þeirra eru ekki ^chrein af blóði þessarar kynslóðar.

86 Standið fast við það ^afrelsi, sem gjört hefur yður ^bfrjálsa. ^cFlækið yður ekki í ^dsynd, heldur haldið höndum yðar ^ehreinum, þar til Drottinn kemur.

87 Því að innan fárra daga mun ^ajörðin ^bskjálfa og veltast fram og aftur eins og drukkinn maður. Og ^csólin mun hylja ásjónu sína og neita að gefa birtu, og tunglið mun baðað ^dblóði, og ^estjörnurnar fyllast mikilli reiði og varpa sér niður eins og fíkja, sem fellur af fíkjutré.

88 Og eftir vitnisburð yðar fellur heilög og réttlát reiði yfir fólkið.

89 Því að eftir vitnisburð yðar kemur vitnisburður ^ajarðskjálftanna, sem framkalla mun stunur á jörðunni miðri, og menn munu falla til jarðar og eigi fá staðið.

90 Og einnig kemur vitnisburður með ^arödd þrumunnar og rödd eldingarinnar og rödd fellibylsins og rödd sjávaröldunnar, sem hefur sig upp og slítur af sér bönd sín.

91 Og allt verður í ^auppnámi. Og hjörtu manna munu vissulega bregðast þeim, því að allir verða slegnir ótta.

92 Og ^aenglar munu fljúga um miðhimininn og hrópa hárra raustu og þeyta básúnur Guðs og segja: Búið yður, búið yður, ó, íbúar jarðar, því að dómur Guðs vors er kominn. Sjá, og tak eftir, ^bbrúðguminn kemur. Gangið út til móts við hann.

93 Og samstundis mun birtast ^amikið tákn á himni og allir munu sjá það saman.

94 Og annar engill mun þeyta básúnu sína og segja: Sú ^amikla ^bkirkja, ^cmóðir viðurstyggðarinnar, sem lét allar þjóðir teygja reiðivín

84a JS — S 1:41.

b Jes 8:16–17.

85a Matt 24:15.

b K&S 11:15.

c 1 Ne 12:10–11;

Jakob 1:19; 2:2;

K&S 112:33.

LR Hreinn, hreinleiki.

86a Mósía 5:8.

LR Lýðfrelsi.

b Jóh 8:36.

LR Frjáls, frelsi;

Sjálfræði.

c Gal 5:1.

d LR Synd.

e Job 17:9;

Sálm 24:4;

Al 5:19.

87a Jes 13:4–13.

b K&S 43:18.

c Jóel 2:10;

K&S 45:42; 133:49.

d Op 6:12.

e Jóel 3:15.

89a K&S 45:33.

90a Op 8:5;

K&S 43:17–25.

91a K&S 45:26.

92a Op 8:13;

K&S 133:17.

b Matt 25:1–13;

K&S 33:17; 133:10, 19.

93a Matt 24:30;

Lúk 21:25–27.

LR Tákn tímanna.

94a 1 Ne 13:4–9.

b LR Djöfull — Kirkja

djöfulsins.

c Op 17:5.

“saurlifnaðar síns, sem ofsækir hina heilögu Guðs og úthellir blóði þeirra — hún, sem situr yfir mörgum vötnum og á eyjum sjávarins — sjá, hún er ‘illgresi jarðar. Hún er bundin í bindin. Bönd hennar eru gjörð sterk og enginn maður fær leyst þau. Þess vegna bíður hún þrennunnar. Og hann mun þeyta básúnu sína bæði hátt og lengi, og allar þjóðir munu heyra hana.

95 Og “þögn mun ríkja á himni í hálfra stund, og strax á eftir verður fortjaldi himins svipt frá, eins og samanvöfðu ^bbókfelli sem opnast, og ‘ásjóna Drottins mun afhjúpuð —

96 Og hinir heilögu, sem lifandi eru á jörðu, munu glæddir verða og “hrifnir upp til móts við hann.

97 Og þeir, sem sofið hafa í gröfum sínum, munu “koma fram, því að grafir þeirra opnast, og þeir munu einnig hrifnir upp til móts við hann mitt í stoðum himins —

98 Þeir eru Krists, “frumgróðinn, þeir sem fyrstir munu niður stíga með honum, og þeir sem á jörðunni eru og í gröfum sínum, sem fyrstir eru hrifnir upp til móts við hann, og allt er þetta með hlóm-inum frá básúnu engils Guðs.

99 Og eftir þetta mun annar engill hljóma og það er önnur básúnan, og þá kemur endurlausn þeirra, sem tilheyra Kristi við komu hans, sem meðtekið hafa hlut sinn í því “varðhaldi, sem þeim er fyrirbúið, svo að þeir fengju meðtekið fagnaðarerindið og yrðu ^bdæmdir sem menn í holdinu.

100 Og enn mun önnur básúna hljóma, sem er þriðja básúnan, og þá koma “andar þeirra manna, sem dæmast eiga og eru undir ^bfordæmingu —

101 Og þetta eru þeir, sem eftir eru af hinum “látinu og þeir lifa ekki aftur fyrr en ^bþúsund árin eru liðin, ekki fyrr en við endalok jarðar.

102 Og önnur básúna mun hljóma, sem er fjórða básúnan, og segja: Á meðal þeirra, sem bíða skulu fram á hinn mikla og síðasta dag, já, allt til enda, eru þeir, sem áfram verða “óhreinir.

103 Og önnur básúna mun hljóma, sem er fimmta básúnan, sem er fimmti engillinn, er flytur hinn “ævarandi fagnaðarboðskap — og flýgur um miðhimininn, til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða —

94*a* Op 14:8.

e Matt 13:38.

f K&S 64:23–24;

101:23–25.

LR Jörð — Hreinsun jarðar.

95*a* K&S 38:12.

b Op 6:14.

c LR Siðari koma Jesú Krists.

96*a* 1 Þess 4:16–17.

97*a* K&S 29:13; 45:45–46; 133:56.

LR Upprisa.

98*a* 1 Kor 15:23.

99*a* K&S 76:73; 138:8.

LR Sáluhjálpi fyrir hina dónu.

b 1 Pét 4:6.

100*a* Op 20:12–13;

Al 11:41;

K&S 43:18; 76:85.

b LR Fordæma, fordæming.

101*a* Op 20:5.

b LR Þúsundarárikið.

102*a* LR Óhreinindi.

103*a* Op 14:6–7.

LR Endurrein fagnaðarerindisins.

104 Og þetta verður hljómur básúnu hans, er segir öllum lýðum, bæði á himni og á jörðu og þeim sem undir jörðu eru — því að “hvert eyra skal heyra það og hvert kné ^bbeygja sig og hver tunga viðurkenna, þegar þeir hlýða á básúnuhljóminn, sem segir: “Óttist Guð og gefið honum, sem í hásetinu situr, dýrðina alltaf og að eilífu, því að stund dóms hans er upp runnin.

105 Og enn mun annar engill þeyta básúnu sína, sem er sjötti engillinn, og segja: Hún er “fallin, hún, sem lét allar þjóðir teygja af reiðivíni saurlifnaðar síns. Hún er fallin, fallin!

106 Og enn mun annar engill þeyta básúnu sína, sem er sjöundi engillinn, og segja: Því er lokið, því er lokið! “Guðslambið hefur ^bsigrað og ^ctroðið vínþröngina aleinn, já, vínþröng hinnar áköfu og heilögu reiði almáttugs Guðs.

107 Og þá munu englarnir krýndir dýrð máttar hans og hinir “heilögu fyllast ^bdýrð hans og hljóta ^carf sinn og gerðir ^djafnir honum.

108 Og þá mun fyrsti engillinn aftur þeyta básúnu sína í eyru allra sem lifa og “opinbera leyniverk manna og máttug verk Guðs á ^bfyrsta árþúsundinu.

109 Og þá mun annar engillinn þeyta básúnu sína og opinbera leyniverk manna og hugsanir og áform hjartna þeirra og máttug verk Guðs á öðru árþúsundinu —

110 Og þannig áfram, þar til sjöundi engillinn mun þeyta básúnu sína. Og hann mun standa á landi og á hafi og sverja þess eið í nafni hans, sem í hásetinu situr, að ^atím-inn sé ei lengur. Og ^bSatan mun bundinn, hinn gamli höggormur, sem kallast djöfullinn, og mun ekki leystur í ^cþúsund ár.

111 En þá mun hann “leystur skamma hríð, svo að hann geti safnað saman herjum sínum.

112 Og “Míkael, sjöundi engillinn, sjálfur erkiengillinn, mun safna saman herjum sínum, já, hersveitum himins.

113 Og djöfullinn mun safna saman herjum sínum, já, hersveitum heljar og mun ganga til orrustu við Míkael og hersveitir hans.

114 Og þá verður “orrusta hins mikla Guðs, og djöflinum og herjum hans verður vísað burt á sinn stað, svo að þeir hafi aldrei aftur vald yfir hinum heilögu.

115 Því að Míkael mun heyja orrustu þeirra og sigra þann, sem “sækist eftir háseti þess, sem í hásetinu situr, já, lambsins.

104a Op 5:13.
b Jes 45:23; Fil 2:9–11.
c LR Lotning;
Ótti — Ótti við Guð.

105a Op 14:8;
K&S 1:16.
106a LR Guðslambið.
b 1 Kor 15:25.
c Jes 63:3–4;

Op 19:15;
K&S 76:107; 133:50.

107a LR Heilagur.
b LR Himnesk dýrð.
c LR Upphafning.
d K&S 76:95.

108a Al 37:25; K&S 1:3.
b K&S 77:6–7.
110a K&S 84:100.

b Op 20:1–3; 1 Ne 22:26;
K&S 101:28.

LR Djöfull.
c LR Þúsundarárikið.
111a K&S 29:22; 43:30–31.
112a LR Míkael.
114a Op 16:14.
115a Jes 14:12–17;
HDP Móse 4:1–4.

116 Þetta er dýrð Guðs og hinna “helguðu, og þeir munu ekki framar sjá ^bdauðann.

117 Sannlega segi ég yður þess vegna, “vinir mínir, boðið til hátíðarsamkomu yðar, eins og ég hef boðið yður.

118 Og þar eð ekki eiga allir trú, skuluð þér af kostgæfni leita “vísdomsorða og ^bkenna þau hver öðrum. Já, leitid að vísdomsorðum í hinum bestu ^bbókum. Sækist eftir fræðslu með námi og einnig með trú.

119 Komið reglu á líf yðar. Gjöríð allt gagnlegt til reiðu og stofnið “hús, já, hús bænar, hús föstu, hús trúar, hús fræðslu, hús dýrðar, hús reglu, hús Guðs —

120 Svo að innganga yðar verði í nafni Drottins, að útganga yðar verði í nafni Drottins, að allar kveðjur yðar verði í nafni Drottins, með upplyftum örmum í átt til hins æðsta.

121 “Látid þess vegna af öllu léttúðarhjali yðar, af öllum ^bhlátri, af öllum ^clostafullum þrám yðar, af öllu ^ddrambi yðar og kæruleysi og af öllum ranglátum verkum yðar.

122 Tilnefnið kennara yðar á meðal og gætið þess að allir taki ekki til máls samtímis, heldur tali

einn í einu og allir hlusti á orð hans. Þannig, að þegar allir hafa lokið máli sínu, hafi allir uppbyggst af öllum og allir njóti sama réttar.

123 Sjáið svo um að þér “elskið hver annan. Látið af ^bágirnd. Lærið að miðla hver öðrum eins og fagnaðarerindið ætlast til.

124 Látið af ^aiðjuleysi. Verið ei framar óhrein. Hættið að ^bgagnrýna hvert annað. Sofið ei framar lengur en nauðsyn krefur. Gangið snemma til hvílu, svo að þér þreytist ekki. Rísið árla úr rekkju, svo að líkami yðar og hugur glæðist.

125 Og umfram allt, klæðist bandi “kærleikans, sem kyrtill væri, bandi fullkomunar og ^bfriðar.

126 “Biðjið ávallt, svo að þér látið ekki hugfallast fram að ^bkomu minni. Sjá og tak eftir, ég kem skjótt og tek yður til mín. Amen.

127 Og enn fremur, varðandi reglu fyrir það hús, sem ætlað er forsætisráði “skóla spámanna, sem settur er á stofn þeim til fræðslu í öllu því, sem þeim er gagnlegt, já, öllum ^bembættismönnum kirkjunnar, eða með öðrum orðum þeim, sem

116a LR Lausn frá synd; Upphafning.
b Op 21:4;
Ál 11:45; 12:18;
K&S 63:49.
LR Ódauðlegur, ódauðleiki.
117a K&S 109:6.
118a LR Víska.
b K&S 88:76–80.
LR Kenna, kennari.

c K&S 55:4; 109:7, 14.
119a K&S 95:3; 97:10–17;
109:2–9; 115:8.
LR Musteri, hús Drottins.
121a K&S 43:34; 100:7.
b K&S 59:15; 88:69.
c LR Holdlegur.
d LR Drambsemi.
123a LR Elska, ást.
b LR Ágirnd.

124a LR Iðjulaus, iðjuleysi.
b K&S 64:7–10.
LR Illt umtal.
125a LR Kærleikur.
b LR Friður.
126a LR Bæn.
b K&S 1:12.
127a LR Skóli spámanna.
b LR Embætti, embættismaður.

kallaðir eru til helgrar þjónustu í kirkjunni, allt frá háprestum til djákna —

128 Og þessi regla skal vera á húsi forsætisráðs skólans: Sá, sem tilnefndur er forseti eða kennari, skal vera á sínum stað í því húsi, sem honum verður ætlað.

129 Þess vegna skal hann koma fyrstur í hús Guðs, á þann stað, þar sem söfnuðurinn í húsinu getur heyrt orð hans skýrt og greinilega, án þess að tala þurfi hárrí röddu.

130 Og þegar hann kemur inn í hús Guðs, því að hann skal vera fyrstur í húsið — sjá, þetta er fagurt, svo að hann sýni fordæmi —

131 Hann skal falla á kné og “fórna bæn sinni til Guðs, til tákns eða minningar um hinn ævarandi sáttmála.

132 Og þegar einhver kemur inn á eftir honum, skal kennarinn rísa á fætur og með upplyftum örmum beint til himins heilsa bróður sínum eða bræðrum með þessum orðum:

133 Ert þú bróðir eða eruð þið bræður? Ég heilsa þér í nafni Drottins Jesú Krists til tákns eða minningar um hinn ævarandi sáttmála, en í þeim sáttmála tek ég ykkur í “samfélag, með þeirri föstu ákvörðun, óhagganlegri og óbreytanlegri, að vera vinur ykkar og ^bbróðir, fyrir náð Guðs og með böndum kærleikans, og

fara flekklaus og með þakkargjörð eftir öllum boðorðum Guðs alltaf og að eilífu. Amen.

134 Og sá, sem óverðugur reynist þessarar kveðju, skal ekki eiga stað meðal yðar, því að þér skuluð ekki leyfa að hús mitt “saurgist af honum.

135 Og sá, sem inn kemur og er staðfastur gagnvart mér og er bróðir, eða séu þeir bræður, skal heilsa forsetanum eða kennaranum með upplyftum örmum til himins, með þessari sömu bæn og sáttmála, eða segja amen til tákns um það sama.

136 Sjá, sannlega segi ég yður: Þetta er yður til eftirbreytni, þegar þér heilsað hver öðrum í Guðs húsi, í skóla spámannanna.

137 Og þér eruð kallaðir til að gjöra þetta með bænum og þakkargjörð, eins og andinn gefur að mæla, við allt er þér gjörð í húsi Drottins, í skóla spámannanna, svo að hann megi verða helgidómur, tjaldbúð hins heilaga anda, yður til “uppbyggingar.

138 Og þér skuluð ekki taka neinn inn í þennan skóla, sem ekki er hreinn af “blóði þessarar kynslóðar —

139 Og við honum skal tekið með hinni helgu athöfn að “lauga fætur, því að í þeim tilgangi var þeirri helgiathöfn, að lauga fætur, komið á.

140 Og helgiathöfnina, að lauga

131a LR Tilbeiðsla.

133a LR Samfélag.

b LR Bræður, bróðir;

Systir.

134a K&S 97:15–17; 110:7–8.

137a K&S 50:21–24.

138a K&S 88:74–75, 84–85.

139a LR Lauga, laugaður, laugun.

fætur, skal forsetinn eða ráðandi öldungur kirkjunnar inna af hendi.

141 Hún skal hefjast með bæn, og eftir að hafa “neytt brauðs og

víns, skal hann girða sig ^beins og sagt er fyrir um í þrettánda kaþítula vitnisburðar Jóhannesar um mig. Amen.

89. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 27. febrúar 1833. Þar sem bræðurnir notuðu þá tóbak á fundum sínum, tók spámaðurinn að hugleidda málið, og leitaði til Drottins varðandi það. Árangurinn varð þessi opinberun, þekkt sem Vísdómsorðið.

1–9, Notkun víns, sterkra drykkja, tóbaks og heitra drykkja dæmd; 10–17, Jurtir, ávextir, hold, og korn er ætlað mönnum og dýrum til neyslu; 18–21, Hljóðni við lögmál fagnaðarerindisins, þar á meðal Vísdómsorðið, færir stundlegar og andlegar blessanir.

“VÍSDÓMSORÐ, til heilla fyrir ráð háprestanna, saman komið í Kirtland, og fyrir kirkjuna og einnig hina heilögu í Síon —

2 Sendist sem kveðja. Ekki sem boðorð eða nauðung, heldur sem opinberun og vísdómsorð, sem sýnir reglu og “vilja Guðs varðandi stundlegt hjálpræði allra heilagra á síðustu dögum —

3 Gefið sem regla með “fyrirheiti, sniðið eftir getu hinna veiku og veikustu allra ^bheilagra, sem eru eða hægt er að kalla heilaga.

4 Sjá, sannlega segir Drottinn svo við yður: Sökum “illsku og klækja, sem finnast og munu finnast í hjörtum ^bundirhyggjumanna á síðustu dögum, hef ég ráðlagt yður og “aðvara yður með því að gefa yður þetta vísdómsorð með opinberun —

5 Að ef einhver maður drekkur “vín eða sterka drykki meðal yðar, sjá, þá er það hvorki gott né heldur rétt í augum föður yðar, utan þess er þér komið saman til að færa sakramenti yðar frammi fyrir honum.

6 Og sjá, það skal vera vín, já, “hreint vín af aldini vínviðarins, sem þér hafið sjálfir gjört.

7 Og enn fremur, “sterkir drykkir eru ekki ætlaðir maganum, heldur til að lauga líkama yðar.

141a LR Sakramenti.

b Jóh 13:4–17.

89 1a LR Vísdómsorðið.

2a K&S 29:34.

LR Boðorð Guðs.

3a K&S 89:18–21.

b LR Heilagur.

4a LR Blekking, blekkja.

b LR Leynisamtök, samsæri.

c LR Vara við, viðvörum.

5a 3 Mós 10:9–11;

Jes 5:11–12;

1 Kor 6:10.

6a K&S 27:1–4.

7a Okv 20:1; 23:29–35.

8 Og enn fremur, tóbak er ekki ætlað ^alíkamanum og ekki heldur maganum, og er mönnum ekki hollt, heldur er það jurtt til að leggja við mar og nota við sjúka nautgripi, og skal notað með dómgreind og kunnáttu.

9 Og enn fremur, heitir drykkir eru ekki ætlaðir líkama eða maga.

10 Og sannlega segi ég yður enn: Guð hefur vígt allar hollar ^ajurttir mannum til styrktar, uppbyggingar og nota —

11 Hverja jurtt á árstíð hennar og hvern ávöxt á árstíð hans. Og allt skal þetta notað með fyrirhyggju og ^aþakkargjörð.

12 Já, ^ahold ^bdýra og fugla loftshins hef ég, Drottinn, ætlað mannum að nota með þakklæti, en slíks skal þó neytt ^csparlega —

13 Og það er mér þóknanlegt að þess skuli ekki neytt, nema um vetur eða þegar kalt er eða sultur sverfur að.

14 Allar ^akorntegundir eru ætlaðar mönnum og dýrum til neyslu, skulu vera aðalviðurværi, ekki aðeins mannum heldur og dýrum merkurinnar og fuglum himins og öllum villtum dýrum, sem hlaupa eða skriða um jörðina —

15 En þau hefur Guð skapað til nytja fyrir manninn aðeins þegar sultur sverfur að eða hungursneyð ríkir.

16 Allar korntegundir eru góðar mannum til viðurværis, svo og ávextir vínviðarins, það sem ávöxt ber, hvort heldur er í jörðu eða á jörðu —

17 Þó, hveiti handa mönnum og maís handa uxum, hafrar handa hestum, rúgur handa fuglum og svínum og handa öllum dýrum merkurinnar og bygg handa öllum nytjadýrum og til mildra drykkja, sem og aðrar korntegundir.

18 Og allir heilagir, sem hafa hugfast að halda þessi orð og fara eftir þeim og ganga í hlýðni við boðorðin, skulu hljóta ^aheilsu í nafla sína og merg fyrir bein sín —

19 Og munu finna ^avísdóm og mikinn ^bþekkingarauð, jafnvel hulinn auð —

20 Og munu ^ahlaupa án þess að þreytast og ganga án þess að örmagnast.

21 Og ég, Drottinn, gef þeim ^afyrirheit um að engill tortímingarinnar muni ^bleiða þá hjá sér, eins og börn Ísraels, og eigi deyða þá. Amen.

8a 1 Kor 3:16–17.

LR Líkami.

10a Þ.E. plöntur.

1 Mós 1:29;

K&S 59:17–20.

11a LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

12a 1 Mós 9:3;

3 Mós 11:1–8.

b 1 Tím 4:3–4;

K&S 49:18–21.

c K&S 59:20.

14a Dan 1:6–20.

18a Okv 3:8.

19a LR Viska.

b LR Vitnisburður;

Þekking.

20a Jes 40:31.

21a K&S 84:80.

b 2 Mós 12:23, 29.

90. KAFLI

Opinberun til spámannsins Josephs Smith, gefin í Kirtland, Ohio, 8. mars 1833. Opinberunin er í framhaldi af stofnun Æðsta forsætisráðsins (sjá formála að kafla 81), og þar af leiðandi voru nefndir ráðgjafar vígðir 18. mars 1833.

1–5, *Lyklar ríkisins eru afhentir Joseph Smith og kirkjunni með honum; 6–7, Sidney Rigdon og Frederick G. Williams skulu þjóna í Æðsta forsætisráðinu; 8–11, Fagnaðarerindið skal prédikað fyrir þjóðum Ísraels, Þjóðunum, og Gyðingunum, hver maður heyri það á sinni eigin tungu; 12–18, Joseph Smith og ráðgjafar hans komi reglu á kirkjuna; 19–37, Drottinn ráðleggur ýmsum einstaklingum að ganga grandvarir og þjóna í ríki hans.*

Svo segir Drottinn: Sannlega, sannlega segi ég þér sonur minn, syndir þínar eru þér “fyrirgefna, samkvæmt heitum bænum þínum, því að bænar þínar og bænar bræðra þinna hafa borist eyrum mínum.

2 Blessaður ert þú því framvegis, þú, sem fengið hefur “lykla ríkisins afhenta, þess ^bríkis, sem fram gengur í síðasta sinn.

3 Sannlega segi ég þér, að lyklar þessa ríkis skulu aldrei frá þér teknir, hvorki meðan þú dvelst í heiminum né í komanda heimi —

4 Með þér munu hin lifandi “orð þó gefin öðrum, já, einmitt kirkjunni.

5 Og allir þeir, sem meðtaka hin lifandi orð Guðs, skulu “gæta þess að fara ekki léttuðlega með þau, svo að þeir komist ekki þannig undir fordæmingu og hrasi og falli, þegar stormar geisa og vindar blása og ^bregnið fellur og bylur á húsi þeirra.

6 Og enn, sannlega segi ég við bræður þína, Sidney Rigdon og Frederick G. Williams, að syndir þeirra eru þeim einnig fyrirgefna og þeir teljast halda lykllum þessa síðasta ríkis til jafns við þig —

7 Og fyrir þinn tilverknað einnig lyklunum að “skóla spámannanna, sem ég hef boðið að stofnaður verði —

8 Og á þann veg megi þeir fullkomnast í helgri þjónustu sinni til sáluhjálpar Síon, Ísraelsþjóðum, og Þjóðunum, öllum sem trúá vilja —

9 Að fyrir þinn tilverknað fái þeir meðtekið orðið og fyrir þeirra tilverknað berist orðið til endimarka jarðarinnar, “fyrst til ^bÞjóðanna og síðan, sjá og tak eftir, snúi þeir sér til Gyðinganna.

10 Og þá rennur upp sá dagur, er armur Drottins mun

90 1a LR Fyrirgefna.

2a K&S 65:2.

LR Lyklar
prestdæmisins.

b LR Ríki Guðs eða ríki
himna.

4a Post 7:38;

Róm 3:2;

Hebr 5:12;

K&S 124:39, 126.

LR Spádómur, spá.

5a K&S 1:14.

b Matt 7:26–27.

7a LR Skóli spámannanna.

9a Matt 19:30;

Et 13:10–12.

b 1 Ne 13:42;

K&S 107:33; 133:8.

“opinberast í veldi og sannfæra þjóðirnar, hinar heiðnu þjóðir, hús ^bJósefs, um fagnaðarerindi sálu-hjálpar þeirra.

11 Því að svo ber við þann dag, að sérhver maður mun ^aheyra fyllingu fagnaðarerindisins á sinni eigin tungu og á sínu eigin máli, frá þeim sem ^bvígðir eru þessu ^cvaldi, fyrir tilverknað ^ahuggarans, sem úthellt mun yfir þá til opinberunar á Jesú Kristi.

12 Og sannlega segi ég þér nú: Ég býð þér að halda áfram í helgri ^aþjónustu þinni og forsætisráði.

13 Og eftir að þú hefur lokið þýðingunni á spámönnunum skalt þú þaðan í frá hafa ^aforsæti í málum kirkjunnar og ^bskólans —

14 Og smátt og smátt meðtaka ^aopinberanir, sem afhjúpa ^bleyndardóma ríkisins, eins og huggarinn birtir þér þær —

15 Og koma reglu á söfnuðina og ^anema og ^blæra og kynnast öllum góðum bókum, ^cmálum, tungum og lýðum.

16 Og þetta skal vera starf ykkar og ætlunarverk í öllu lífi ykkar, að vera í forsæti í ráðum og koma reglu á öll mál þessarar kirkju og ríkis.

17 Verið ei til ^askammar eða háðungar, heldur varist ofmetnað ykkar og ^bdramb, því að það leggur snöru fyrir sálir ykkar.

18 Komið reglu á hús ykkar, haldið ^ahyskni og ^bóhreinleika fjarri ykkur.

19 Sannlega segi ég þér nú, sjá þú fjölskyldu ráðgjafa þíns og ritara, já, Fredericks G. Williams, fyrir íverustað, eins fljótt og unnt er.

20 Og lát hinn aldna þjón minn, ^aJoseph Smith eldri, dvelja áfram ásamt fjölskyldu sinni á þeim stað, þar sem hann nú býr; og lát ekki selja hann, fyrr en munnur Drottins segir.

21 Og lát ráðgjafa minn, já, ^aSidney Rigdon, halda kyrru fyrir þar sem hann nú dvelst, þar til munnur Drottins segir annað.

22 Og lát biskupinn af kostgæfni leita sér að ^aerindreka, og lát það vera mann, sem er birgur af ^bauði — sterkrúaðan Guðsmann.

23 Svo að hann sé þannig fær um að greiða hverja skuld, og forðabúr Drottins vanvirðist eigi í augum fólksins.

24 Leitið af ^akostgæfni, ^bbiðjið

10a K&S 43:23–27;
88:84, 87–92.

b 1 Mós 49:22–26;
1 Ne 15:13–14.

11a LR Trúboðsverk.
b LR Köllun, kallaður af Guði;

Víga, vígsla.

c LR Prestdæmi.
d LR Huggari.

12a LR Þjónn.

13a K&S 107:91–92.

b LR Skóli spámannanna.

14a LR Opinberun.

b LR Leyndardómar Guðs.

15a K&S 88:76–80, 118;
93:53.

b K&S 107:99–100;
130:18–19.

c LR Tungumál.

17a Róm 1:16;
2 Ne 6:13.

b K&S 88:121.

LR Drambsemi.

18a K&S 58:26–29.

LR Iðjulaus, iðjuleysi.
b K&S 38:42.

20a LR Joseph Smith eldri.

21a LR Sidney Rigdon.

22a K&S 84:112–113.

b Jakob 2:17–19.

24a LR Kostgæfni.

b LR Bæn.

ávallt og trúið, og ‘allt mun vinna saman að velfarnaði yðar, ef þér gangið grandvarir og hafið þann “sáttmála í huga, sem þér hafið gjört hver við annan.

25 Hafið ekki fjölda “heimilisfólks, og er þar átt við þá, sem ekki tilheyra fjölskyldum ykkar, sérsaklega gildir þetta um hinn aldraða þjón minn, Joseph Smith eldri —

26 Svo að það, sem ykkur er léð til að koma verki mínu til leiðar, verði ekki frá ykkur tekið og gefið þeim, sem ekki eru verðugir —

27 Og þið séuð þannig hindraðir í að gjöra það, sem ég hef boðið.

28 Og enn, sannlega segi ég ykkur: Það er vilji minn að ambátt mín Vienna Jaques fái fé fyrir útgjöldum sínum og fari til Síonarlands —

29 En annað fé verði mér helgað, og mun henni launað þegar mér hentar.

30 Sannlega segi ég ykkur, að í mínum augum er rétt að hún fari til Síonarlands og fái arfshluta hjá biskupi —

31 Svo að hún geti komið sér

fyrir í friði, í samræmi við trú sína og iðjusemi þaðan í frá.

32 Og sjá, sannlega segi ég ykkur, að þið skuluð skrá þessi fyrir-mæli og segja bræðrum ykkar í Síon, með kærri kveðju, að ég hafi einnig kallað ykkur til að vera í “forsæti yfir Síon á mínum tíma.

33 Lát þá þess vegna hætta að ónáða mig varðandi þetta mál.

34 Sjá, ég segi þér, að bræður þínir í Síon eru teknir að iðrast, og englarnir fagna yfir þeim.

35 Engu að síður er margt, sem ég er ekki vel ánægður með. Ég er ekki vel ánægður með þjón minn “William E. McLellin, né þjón minn Sidney Gilbert. Eins hafa biskupinn og aðrir margs að iðrast.

36 En sannlega segi ég yður, að ég, Drottinn, mun stríða við “Síon og höfða til hinna sterku og ^baga hana, þar til hún sigrar og stendur ‘hrein frammi fyrir mér.

37 Því að hún skal ekki flutt úr sínum stað. Ég, Drottinn, hef talað það. Amen.

91. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 9. mars 1833. Spámaðurinn var á þeim tíma önnum kafinn við þýðingu á Gamla testamentinu. Þegar hann kom að þeim hluta hinna fornu rita, sem nefndust Apókrýfa, leitaði hann til Drottins og fékk þessar leiðbeiningar.

24c Esra 8:22;
Róm 8:28;
K&S 100:15; 122:7–8.
d LR Sáttmáli.

25a Þ.E. hinir fátæku, sem
Joseph Smith eldri
annaðist.
32a K&S 107:91–92.

35a K&S 66:1; 75:6–9.
36a LR Síon.
b LR Aga.
c LR Hreinn, hreinleiki.

1–3, *Apókrýfuritín eru að mestu rétt þýdd, en geyma margt sem ekki er rétt og er innskot af hendi manna; 4–6, Þau gagna þeim, sem upplýstir eru af andanum.*

SANNLEGA, svo segir Drottinn við yður varðandi “Apókrýfuritín — Margt í þeim er sannleikur og er að mestu rétt þýtt —

2 Margt í þeim er ekki rétt, sem er innskot af hendi manna.

3 Sannlega segi ég yður, að ekki er gagnlegt að Apókrýfuritín verði þýdd.

4 Hver sá, sem þess vegna les þau, lát hann “skilja þau, því að andinn opinberar sannleikann —

5 Og hver sá, sem “andinn upplýsir, skal hafa gagn þar af —

6 Og hver sá, sem ekki meðtekur með andanum, getur engan hag haft af þeim. Þess vegna er ekki gagnlegt að þau verði þýdd. Amen.

92. KAFLI

Opinberun gefin spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 15. mars 1833. Opinberunin leiðbeinir Frederick G. Williams, sem nýlega hafði verið útnefndur ráðgjafi Josephs Smith, í skyldum hans varðandi Sameinaða fyrirtækið. (sjá formála að kafla 78 og 82).

1–2, *Drottinn gefur fyrirmæli varðandi inngöngu í sameiningarregluna.*

SANNLEGA, svo segir Drottinn, ég gef “sameiningarreglunni, sem stofnuð er í samræmi við áður gefin fyrirmæli, opinberun og boð varðandi þjón minn Frederick G. Williams, að þér veitið honum

inngöngu í regluna. Það, sem ég segi einum, segi ég öllum.

2 Og enn fremur segi ég þér, þjónn minn Frederick G. Williams: Þú skalt vera ötull meðlimur þessarar reglu. Og sem þú heldur staðfastlega öll fyrri boð, svo munt þú blessaður verða að eilífu. Amen.

93. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 6. maí 1833.

1–5, *Allir sem staðfastir eru munu sjá Drottin; 6–18, Jóhannes bar vitni um að sonur Guðs hafi haldið áfram frá náð til náðar, þar til hann meðtók fyllingu dýrðar föðurins; 19–20,*

Staðfastir menn, sem halda áfram frá náð til náðar, munu einnig meðtaka fyllingu hans; 21–22, Þeir sem getnir eru fyrir Krist eru kirkja frumburðarins; 23–28, Kristur meðtók

91 1a LR Apókrýfuritín.
4a LR Skilningur.
5a LR Heilagur andi;

Innblástur, guðleg andagift.
92 1a K&S 82:11, 15–21.

LR Sameiningarreglan.

fyllingu alls sannleika, og maðurinn getur með hlýðni gert hið sama; 29–32, Maðurinn var í upphafi hjá Guði; 33–35, Frumefnin eru eilíf, og maðurinn getur hlotið fyllingu gleðinnar í upprisunni; 36–37, Dýrð Guðs eru vitsmunir; 38–40, Börn eru saklaus fyrir Guði vegna endurlausnar Krists; 41–53, Leiðandi bræðrum er boðið að koma reglu á fjölskyldur sínar.

SANNLEGA, SVO segir Drottinn: Svo ber við, að sérhver sál, sem „hverfur frá syndum sínum og kemur til mín og ^bákallar nafn mitt og ^chlýðir rödd minni og heldur boðorð mín, mun ^dsjá ^eásjónu mína og vita að ég er —

2 Og að ég er hið sanna ^aljós, sem lýsir hverjum manni, sem í heiminn kemur —

3 Og að ég er ^aí föðurnum og faðirinn í mér, og faðirinn og ég erum eitt —

4 Faðirinn ^avegna þess að hann ^bgaf mér af fyllingu sinni, og sonurinn vegna þess að ég var í heiminum og gjörði ^choldið að tjaldbúð minni og dvaldi meðal manna sona.

5 Ég var í heiminum og meðtók

frá föður mínum, og ^averk hans opinberuðust greinilega.

6 Og ^aJóhannes sá og bar vitni um fyllingu ^bdýrðar minnar og fylling heimildar ^cJóhannesar mun síðar opinberuð.

7 Og hann bar vitni og sagði: Ég sá dýrð hans, að hann var í ^aupphafi, áður en heimurinn varð til —

8 Í upphafi var ^aOrðið, því að hann var Orðið, já, boðberi hjálpræðisins —

9 ^aLjós og ^blausnari heimsins, andi sannleikans, sem kom í heiminn, vegna þess að heimurinn var gjörður af honum, og í honum bjó líf manna og ljós manna.

10 Heimarnir voru af honum ^agjörðir. Mennirnir voru af honum gjörðir. Allt var af honum gjört, með honum og fyrir hann.

11 Og ég, Jóhannes, ber vitni um, að ég sá dýrð hans, sem dýrð hins eingetna föðursins, fullan náðar og sannleika, já, anda sannleikans, sem kom og bjó í holdinu og dvaldi með oss.

12 Og ég, Jóhannes, sá, að hann hlaut ekki ^afyllinguna í fyrstu, heldur hlaut hann ^bnáð á náð ofan —

93 1a LR Iðrast, iðrun; Verðugur, verðleiki.
b Jól 2:32.
c LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.
d 2 Mós 33:11; K&S 38:7–8; 67:10–12; 88:68; 101:23; 130:3. LR Huggari.
e ÞJS 1 Jól 4:12 (Viðauki).
2a Jól 1:4–9; K&S 14:9; 84:45–47; 88:6–7.

LR Ljós, ljós Krists.
3a Jól 10:25–38; 17:20–23; K&S 50:43–45.
4a Mósía 15:1–7.
b LR Jesús Kristur — Vald.
c Lúk 1:26–35; 2:4–14; 3 Ne 1:12–14; Et 3:14–16.
5a Jól 5:36; 10:25; 14:10–12.
6a Jól 1:34.
b LR Jesús Kristur —

Dýrð Jesú Krists.
c Jól 20:30–31.
7a Jól 1:1–3, 14; 17:5; K&S 76:39.
8a LR Jehóva; Jesús Kristur.
9a LR Ljós, ljós Krists.
b LR Lausnari.
10a Hebr 1:1–3; K&S 76:24; HDP Móse 1:31–33.
12a Fil 2:6–11.
b Jól 1:16–17.

13 Og hann hlaut ekki fyllinguna í fyrstu, heldur hélt áfram frá ^anáð til náðar, þar til hann hafði hlotið fyllingu —

14 Og þannig nefndist hann ^asonur Guðs, vegna þess að hann hlaut ekki fyllinguna í fyrstu.

15 Og ég, ^aJóhannes, ber vitni, og tak eftir, himnarnir lukust upp og ^bheilagur andi kom yfir hann í ^cdúfulíki og settist á hann, og rödd kom frá himni og sagði: Þetta er minn ^aelskaði sonur.

16 Og ég, Jóhannes, ber vitni um, að hann hlaut fyllingu dýrðar föðurins —

17 Og hann fékk ^aallt ^bvald, bæði á himni og á jörðu, og dýrð ^cföðurins var með honum, því að hann bjó í honum.

18 Og svo ber við, að séuð þér staðfastir, munuð þér taka á móti fyllingu vitnisburðar Jóhannesar.

19 Ég gef yður þessi orð, svo að þér megið skilja og vita hvernig ^atilbiðja skal, og vita hvað tilbiðja skal, svo þér getið komið til föðurins í mínu nafni og tekið á móti fyllingu hans á sínum tíma.

20 Því að ef þér haldið ^aboðorð mín, munuð þér taka á móti ^bfyllingu hans og verða ^cdýrðlegir í mér eins og ég er í föðurnum. Fyrir því segi ég yður: Þér munuð hljóta ^anáð á náð ofan.

21 Og sannlega segi ég yður: Í ^aupphafi var ég hjá föðurnum og ég er ^bfrumburðurinn —

22 Og allir þeir, sem af mér eru getnir, eru ^ahluttakendur í ^bdýrð hins sama, og eru kirkja frumburðarins.

23 Þér voruð einnig í upphafi ^ahjá föðurnum. Það sem er andi, já, andi sannleikans —

24 Og ^asannleikurinn er ^bþekking á hlutum eins og þeir eru, eins og þeir voru og eins og þeir munu verða —

25 Og sérhvað það, sem er ^ameira eða minna en þetta, er andi hins illa, sem var ^blygari frá upphafi.

26 Andi ^asannleikans er frá Guði. Ég er andi sannleikans, og Jóhannes bar vitni um mig og sagði: Hann tók á móti fyllingu sannleikans, já, jafnvel alls sannleika —

13a Lúk 2:52.

14a Lúk 1:31–35;

K&S 6:21.

LR Guð, guðdómur —

Guð sonurinn.

15a Jóh 1:29–34.

^b LR Heilagur andi.

^c LR Merki dúfunnar.

^d Matt 3:16–17.

17a Matt 28:18;

Jóh 17:2;

1 Pét 3:22.

^b LR Jesús Kristur —

Vald;

Kraftur.

^c LR Guð,

guðdómur — Guð faðirinn.

19a Jóh 4:21–26; 17:3;

Post 17:22–25.

LR Tilbeiðsla.

20a K&S 50:28.

^b Jóh 1:16;

K&S 84:36–39.

^c Jóh 17:4–5, 22.

LR Maður, menn —

Maður, með möguleika

til að verða líkur

himneskum föður.

^d LR Náð.

21a Jóh 1:1–2;

1 Pét 1:19–20;

HDP Móse 4:2.

^b LR Frumburður.

22a 1 Pét 5:1;

K&S 133:57.

^b LR Himnesk dýrð.

23a LR Maður, menn —

Maður, andabarn

himnesks föður.

24a LR Sannleikur.

^b LR Þekking.

25a K&S 20:35.

^b Jóh 8:44;

2 Ne 2:18;

HDP Móse 4:4.

26a Jóh 14:6.

27 Og enginn maður tekur á móti ^a“fyllingu, nema hann haldi boð-orð hans.

28 Sá, sem ^aheldur boðorð hans, tekur á móti sannleika og ^bljósi, þar til hann er dýrðlegur gjörður í sannleika og ^cveit alla hluti.

29 Maðurinn var einnig í ^a“upphafi hjá Guði. ^bVitsmunir, eða ljós sannleikans, voru ekki skapaðir eða gjörðir, né heldur er það hægt.

30 Allur sannleikur er sjálfstæður á því sviði, sem Guð hefur markað honum, og ^a“starfar óháður, eins og allir vitsmunir, ella væri engin tilvera.

31 Sjá, í því liggur ^a“sjálfræði mannsins og í því liggur fordæming mannsins. Vegna þess að það, sem var frá upphafi, er ^bgreinilega sýnt þeim, og þeir taka ekki á móti ljósinu.

32 Og sérhver maður er undir fordæmingu, taki andi hans ekki á móti ^a“ljósinu.

33 Því að maðurinn er ^a“andi.

^bFrumefnin eru eilíf, og andi og frumefni, óaðskiljanlega samtengd, taka á móti fyllingu gleðinnar —

34 En þegar þau eru ^a“aðskilin, getur maðurinn ekki tekið á móti fyllingu ^bgleðinnar.

35 ^aFrumefnin eru tjaldbúð Guðs. Já, maðurinn er tjaldbúð Guðs, jafnvel ^bmusteri. Og hverju þvímusteri, sem vanhelgað er, þvímusteri mun Guð eyða.

36 ^a“Dýrð Guðs er ^bvitsmunir, eða með öðrum orðum, ^c“ljós og sannleikur.

37 Ljós og sannleikur yfirgefa þann ^a“illa.

38 Sérhver andi mannsins var ^a“saklaus í upphafi, og þegar Guð ^bendurleysti manninn frá ^c“fallinu, urðu mennirnir aftur ^d“saklausir sem ungbörn fyrir Guði.

39 Og hinn illi kemur og ^a“tekur burtu ljósið og sannleikann frá mannanna börnum fyrir óhlýðni þeirra og ^berfikenningar feðra þeirra.

27a LR Fullkominn.
28a LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.
b K&S 50:24; 84:45.
LR Ljós, ljós Krists.
c Jóh 17:3;
K&S 88:49, 67.
29a Abr 3:18.
LR Fortilvera;
Maður, menn.
b LR Vitsmunir,
vitsmunaverur.
30a 2 Ne 2:13–27.
31a LR Sjálfræði.
b 5 Mós 30:11–14;
K&S 84:23–24.
32a LR Ljós, ljós Krists;
Sannleikur.
33a K&S 77:2;
Abr 5:7–8.

LR Maður, menn —
Maður, andabarn
himnesks föður.
b K&S 131:7–8; 138:17.
LR Upprisa.
34a 2 Ne 9:8–10.
b LR Gleði.
35a K&S 130:22.
b 1 Kor 3:16–17.
36a LR Dýrð;
Jesús Kristur — Dýrð
Jesú Krists.
b K&S 130:18–19;
Abr 3:19.
LR Vitsmunir,
vitsmunaverur.
c K&S 88:6–13.
37a HDP Móse 1:12–16.
LR Djöfull.
38a LR Sakleysi, saklaus.

b Mósía 27:24–26;
HDP Móse 5:9;
TA 1:3.
LR Endurleysa,
endurleystur,
endurlausn.
c LR Fall Adams og Evu.
d Moró 8:8, 12, 22;
K&S 29:46–47.
LR Sáluhjálp,
hjálfpræði —
Sáluhjálp barna.
39a Matt 13:18–19;
2 Kor 4:3–4;
Al 12:9–11.
b Esek 20:18–19;
Al 3:8.
LR Arfsagnir.

40 En ég hef boðið yður að ala “börn yðar upp í ljósi og sannleika.

41 En sannlega segi ég þér, þjónn minn Frederick G. Williams: Þú hefur haldist undir þessari fordæmingu —

42 Þú hefur ekki “kennt börnum þínum ljós og sannleika, samkvæmt boðunum, og hinn illi hefur enn vald yfir þér, og þetta er orsök þrenginga þinna.

43 Og nú býð ég þér: Ef þú vilt varðveitast, skalt þú koma “reglu á hús þitt, því að margt er í ólagi í húsi þínu.

44 Sannlega segi ég þjóni mínum Sidney Rigdon, að í sumu hefur hann ekki haldið boðin varðandi börn sín. Kom þess vegna fyrst reglu á hús þitt.

45 Sannlega segi ég þjóni mínum Joseph Smith yngri, eða með öðrum orðum vil ég kalla yður “vini, því að þér eruð vinir mínir og þér skuluð hljóta arf með mér —

46 Ég kallaði yður “þjóna sakir heimsins, og þér eruð þjónar hans sakir mín —

47 Og sannlega segi ég nú við Joseph Smith yngri: Þú hefur ekki haldið boðorðin og hlýtur því að vera “átalinn frammi fyrir Drottni —

48 “Fjölskylda þín verður að iðrast og afneita ýmsu og gefa einlægari gaum að orðum þínum,

ella verður að víkja henni úr stöðu sinni.

49 Það, sem ég segi einum, segi ég öllum. “Biðjið ávallt, svo að hinn illi fái eigi vald yfir yður og víki yður úr stöðu yðar.

50 Þjónn minn Newel K. Whitney, biskup kirkju minnar, þarf einnig ögunar við og verður að koma reglu á fjölskyldu sína og sjá um að hún sýni meiri kostgæfni og umhyggjusemi heima fyrir, og biðji ávallt, ella verður að víkja henni úr “stöðu sinni.

51 Nú segi ég yður, vinir mínir: Lát þjón minn Sidney Rigdon leggja upp í ferð sína í skyndi og kunngjöra einnig “náðarár Drottins og fagnaðarerindi sáluhjálpar, eins og ég gef honum að mæla. Og fyrir sameinaðar trúarbænar yðar mun ég styðja hann.

52 Og lát þjóna mína, Joseph Smith yngri og Frederick G. Williams, einnig fara í skyndi, og þeim mun gefið samkvæmt trúarbæn. Og sem þér farið að orðum mínum, svo munuð þér eigi verða yður til smánar, hvorki í þessum heimi né í komanda heimi.

53 Og sannlega segi ég yður, að það er vilji minn að þér flýtið “þýðingu ritninga minna og ^baflið yður þekkingar á sögu, löndum og ríkjum, á lögmálum Guðs og manna, og allt þetta vegna sáluhjálpar Síonar. Amen.

40a LR Fjölskylda —
Ábyrgð foreldra.

42a 1 Sam 3:11–13;
K&S 68:25–31.

43a 1 Tím 3:4–5.

45a K&S 84:63; 88:62.

46a 3 Mós 25:55;

1 Ne 21:3–8.

LR Þjónusta.

47a K&S 95:1–2.

LR Aga.

48a LR Fjölskylda —

Ábyrgð barnanna.

49a 3 Ne 18:15–21.

50a K&S 64:40.

51a Lúk 4:19.

53a LR Þýðing Josephs
Smith (þjs).

b K&S 88:76–80, 118.

c LR Þekking.

94. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 2. ágúst 1833. Hyrum Smith, Reynolds Cahoon og Jared Carter eru tilnefndir í byggingarnefnd kirkjunnar.

1–9, *Drottinn gefur fyrirmæli varðandi byggingu húss undir starf forsætisráðsins; 10–12, Prentsmiðja skal reist; 13–17, Ákveðnum arfshlutum úthlutað.*

Og sannlega segi ég yður enn, „vinir mínir, fyrirmæli gef ég yður, um að hefja undirbúning að grundvöllun borgar í ^bSionarstíku, hér í landi Kirtlands, og byrja með húsi mínu.

2 Og sjá, það verður að gjörast eftir þeirri „fyrirmynd, sem ég hef gefið yður.

3 Og fyrsta lóðin til suðurs skal helguð mér til byggingar húss fyrir forsætisráðið, til starfa forsætisráðsins, til að taka á móti opinberunum, og til helgra þjónustustarfa ^aforsætisráðsins við allt, er varðar kirkjuna og ríkið.

4 Sannlega segi ég yður, að það skal vera fimmtíu og fimm sinnum sextíu og fimm fet á breidd og lengd að innanmáli.

5 Og það skal hafa neðri sal og efri sal, að þeirri fyrirmynd, sem síðar verður gefin yður.

6 Og það skal helgað Drottni allt frá grundvöllun þess, samkvæmt reglu prestdæmisins og

samkvæmt þeirri fyrirmynd, sem síðar verður gefin yður.

7 Og það skal að fullu helgað Drottni undir starfsemi forsætisráðsins.

8 Og inn í það skuluð þér ekki leyfa neinu „óhreinu að koma, og ^bdýrð mín mun vera þar og návist mín mun vera þar.

9 En komi eitthvað „óhreint inn í það, mun dýrð mín ekki vera þar, og návist mín mun ekki inn í það koma.

10 Og sannlega segi ég yður enn, að önnur lóð til suðurs skal helguð mér til byggingar húss fyrir mig undir „prentun á ^bþýðingum ritninga minna og hvers þess, sem ég býð yður.

11 Og það skal vera fimmtíu og fimm sinnum sextíu og fimm fet að breidd og lengd, að innanmáli, og þar skal vera neðri og efri salur.

12 Og þetta hús skal að fullu helgað Drottni frá grundvöllun þess, undir prentun á öllu því, sem ég býð yður, og vera heilagt og óflekkað, og í öllu eftir þeirri fyrirmynd, sem yður verður gefin.

13 Og á þriðju lóðinni skal þjónn minn Hyrum Smith fá arfshluta sinn.

14 Og á fyrstu og annarri lóð til

94 1a K&S 93:45.

b LR Stíka.

2a K&S 52:14–15.

3a K&S 107:9, 22.

8a Lúk 19:45–46;

K&S 109:16–20.

b 1 Kon 8:10–11.

LR Dýrð.

9a K&S 97:15–17.

10a K&S 104:58–59.

b LR Þýðing Josephs Smith (ÞJS).

norðurs skulu þjónar mínir Reyn-olds Cahoon og Jared Carter fá arfshluta sinn —

15 Svo að þeir megi vinna það verk, sem ég hef útnefnt þeim, að vera nefnd, sem sér um byggingu húsa minna, samkvæmt því

boði, sem ég, Drottinn Guð, hef gefið yður.

16 Þessi tvö hús skulu ekki reist, fyrir en ég gef yður fyrirmæli um það.

17 Og nú gef ég yður ekki fleira að sinni. Amen.

95. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 1. júní 1833. Opinberunin er áframhald guðlegrar leiðsagnar um byggingu húss undir guðsþjónustu og fræðslu, húss Drottins (sjá kafla 88:119–136).

1–6, *Hinir heilögu eru agaðir fyrir að byggja ekki hús Drottins; 7–10, Drottinn þráir að nota hús sitt til að veita fólki sínu kraft frá upphæðum; 11–17, Húsið skal tileinkað guðsþjónustu og skóla postulanna.*

SANNLEGA, svo segir Drottinn við yður, sem ég elska: Og þá, sem ég elska, ^aaga ég einnig, svo að syndir þeirra verði ^bfyrirgefna, því að með öguninni greiði ég veginn fyrir ^clausn þeirra frá öllu því sem ^dfreistar. Og ég hef elskað yður —

2 Þess vegna er nauðsynlegt að þér verðið agaðir og standið átaldir frammi fyrir mér —

3 Því að þér hafið drýgt afar

hryggilega synd gegn mér, þar eð þér hafið ekki í öllu farið eftir hinu mikla boði, sem ég gaf yður varðandi byggingu ^ahúss míns —

4 Sem ég hef í huga til að búa postula mína undir að ^asniðla vín-garð minn í síðasta sinn, svo að ég megi koma til leiðar hinu ^bsér-stæða verki mínu, og geti ^cúthellt anda mínum yfir allt hold —

5 En sjá, sannlega segi ég yður, að margir eru þeir á meðal yðar, sem vígðir hafa verið og ég hef kallað, en fáir þeirra eru ^aútvaldir.

6 Þeir, sem ekki eru útvaldir, hafa drýgt afar hryggilega synd, þar eð þeir ganga í ^amyrkri um hábjartan dag.

95 1a 5 Mós 11:1–8;
Okv 13:18;
Hebr 12:5–11;
He 15:3;
K&S 101:4–5; 105:6.
LR Aga.
b LR Fyrirgefa.
c 1 Kor 10:13.
d LR Freista, freisting.

3a Hagg 1:7–11;
K&S 88:119.
LR Musteri, hús
Drottins.
4a Jakob 5:61–75;
K&S 24:19; 33:3–4.
LR Vín-garður Drottins.
b Jes 28:21;
K&S 101:95.

c Okv 1:23; Jóel 2:28;
K&S 19:38.
LR Gjafir andans;
Heilagur andi.
5a Matt 20:16;
K&S 105:35–37;
121:34–40.
LR Kjör.
6a LR Myrkur, andlegt.

7 Og fyrir því gaf ég yður boð um að kalla saman ^ahátíðarsamkomu yðar, svo að ^bfasta yðar og hryggð berist upp til eyrna Drottins ^chersveitanna, sem útleggst ^dskapari hins fyrsta dags, upphafið og endirinn.

8 Já, sannlega segi ég yður, ég gaf yður boð um að byggja hús, en í því húsi hyggst ég ^egefa þeim, sem ég hef útvalið, kraft frá upphæðum —

9 Því að þetta er ^ffyrirheit föðurins til yðar. Þess vegna býð ég yður að halda kyrru fyrir, já, eins og postulum mínum í Jerúsalem.

10 Engu að síður drýgðu þjónar mínir afar hryggilega synd og ^gdeilur risu í ^hskóla spámanna, sem hryggði mig mjög, segir Drottinn yðar. Þess vegna sendi ég þá burt til ögunar.

11 Sannlega segi ég yður, það er vilji minn að þér reisið hús. Ef þér haldið boðorð mín, munuð þér hafa kraft til að byggja það.

12 Ef þér ⁱhaldið ekki boðorð mín, mun ^jelska föður míns ekki

verða áfram með yður, og þér munuð þess vegna ganga í myrkri.

13 Hér er viska og hugur Drottins — lát reisa húsið, ekki að hætti heimsins, því að ég segi yður ekki að lifa að hætti heimsins —

14 Lát því byggja það á þann hátt, sem ég mun sýna þremur yðar, er þér skuluð tilnefna og vígja þessu valdi.

15 Og stærð þess skal vera fimmtíu og fimm fet á breidd og lát það vera sextíu og fimm fet á lengd að innanmáli þess.

16 Og neðri hluti innri salarins skal helgaður mér fyrir sakramentisfórnir yðar, og prédikanir yðar, föstu yðar og bænir og ^kfórna mér helgustu þrám yðar, segir Drottinn yðar.

17 Og efri hluti innri salarins skal helgaður mér fyrir skóla postula minna, segir sonurinn ^lAhman, eða með öðrum orðum Alfus, eða með öðrum orðum Ómegus, sjálfur Jesús Kristur ^mDrottinn yðar. Amen.

96. KAFLI

Opinberun er sýnir fyrirkomulag borgar eða stiku Síonar í Kirtland, gefin spámanninum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 4. júní 1833. Gefin hinum heilögu í Kirtland til eftirbreytni. Tilefnið var ráðstefna háprestanna og var aðalefnið ráðstöfun ákveðins landsvæðis, er kirkjan átti í grennd við Kirtland, þekkt sem franska býlið. Þar sem ekki náðist

7a K&S 88:70, 74–82,
117–120.

b LR Fasta.

c LR Jehóva.

d LR Skapa, sköpun.

8a K&S 38:32; 39:15; 43:16;

110:9–10.

LR Musterisgjöf.

9a Lúk 24:49.

10a LR Deilur.

b LR Skóli spámanna.

12a Jöh 15:10.

b 1 Jöh 2:10, 15.

16a K&S 59:9–14.

17a K&S 78:20.

b LR Drottinn.

ein hugur á ráðstefnunni um hver skyldi vera ábyrgur fyrir býlinu, voru allir sammála um að leita til Drottins varðandi málið.

1, Gera skal Kirtlandstíku Síonar öfluga; 2–5, Biskup skal úthluta arfshlutum til hinna heilögu; 6–9, John Johnson skal vera meðlimur sameiningarreglunnar.

SJÁ, ég segi yður, hér er viska, sem segir yður hvernig fara skuli með þetta mál, því að mér þykir æskilegt að þessi „stíka, sem ég hef sett til styrktar Síon, verði gjörð öflug.

2 Lát því þjón minn Newel K. Whitney annast staðinn, sem tilnefndur er meðal yðar og ég hef ætlað undir byggingu míns heilaga húss.

3 Og enn, lát skipta honum í lóðir af skynsemi og eins og ráð yðar ákveður, til heilla fyrir þá, sem leita arfshluta.

4 Gætið þess því að gefa gaum að þessu máli og þeim hluta, sem nauðsynlegur og gagnlegur er „reglu minni við að flytja manna börnum orð mitt.

5 Því að sjá, sannlega segi ég yður: Það er mér æskilegast, að orð mitt breiðist út til manna

barna, til að milda hjörtu manna barna, yður til góðs. Já, vissulega. Amen.

6 Og sannlega segi ég yður enn: Það er viska mín og mér æskilegt, að þjónn minn John Johnson, en fórn hans hef ég tekið á móti, og bænir hans hef ég heyrt, og honum gef ég fyrirheit um eilíft líf, svo fremi að hann haldi boðorð mín héðan í frá —

7 Því að hann er niðji „Jósefs og hluttakandi þeirra blessana fyrirheitsins, sem feðrum hans var gefið —

8 Sannlega segi ég yður, mér þykir æskilegt, að hann verði meðlimur reglunnar, svo að hann geti aðstoðað við útbreiðslu orðs míns til manna barna.

9 Fyrir því skuluð þér vígja honum þessa blessun og hann skal af kostgæfni leitast við að greiða þau gjöld, sem hvíla á því húsi, sem tilnefnt er á meðal yðar, svo að hann geti dvalið þar. Já, vissulega. Amen.

97. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 2. ágúst 1833. Þessi opinberun varðar sérstaklega málefni hinna heilögu í Síon, Jacksonsýslu, Missouri, og er svar við beiðni spámannsins til Drottins um upplýsingar. Meðlimir kirkjunnar í Missouri urðu á þessum tíma fyrir hörðum ofsóknum og höfðu hinn 23. júlí 1833 neyðst til að undirrita samning um að yfirgefa Jacksonsýslu.

1–2, *Margir hinna heilögu í Síon (Jacksonsýslu, Missouri) eru blessaðir fyrir staðfestu sína*; 3–5, *Parley P. Pratt er lofaður fyrir störf sín í skól-anum í Síon*; 6–9, *Drottinn veitir þeim viðtöku, sem virða sáttmála sína*; 10–17, *Hús skal reist í Síon, þar sem hinir hjartahreinu munu sjá Guð*; 18–21, *Síon er hinir hjartahreinu*; 22–28, *Síon fær umflúid svipu Drottins, ef hún er staðföst.*

SANNLEGA segi ég yður, vinir mínir: Ég beini til yðar rödd minni, já, rödd anda míns, svo að ég fái sýnt yður vilja minn varðandi bræður yðar í “Síonarlandi, en margir þeirra eru sannlega auðmjúkir og leitast af kostgæfni við að nema vísdom og finna sannleika.

2 Sannlega, sannlega segi ég yður: Blessaðir eru slíkir, því að þeim mun hlotnast. Því að ég, Drottinn, er miskunnsamur öllum ^ahógværum og hverjum þeim sem ég vil, svo að ég sé réttlættur, þegar ég leiði þá til dóms.

3 Sjá, ég segi yður varðandi “skólann í Síon, að ég, Drottinn, er mjög ánægður yfir því að skóli skuli vera í Síon og einnig með þjón minn ^bParley P. Pratt, því að hann er trúr í mér.

4 Og sem hann er áfram trúr í mér, svo skal hann halda áfram

að vera í forsæti skólans í Síonarlandi, uns ég gef honum önnur fyrirmæli.

5 Og ég mun blessa hann margföldum blessunum við útlistun á öllum ritningum og leyndardómum, til uppbyggingar skól-anum og kirkjunni í Síon.

6 Og öðrum í skólanum sýni ég, Drottinn, fúslega miskunn. Þó eru þeir sem ^aaga verður, og verk þeirra skulu kunngjörð.

7 ^aÖxin er lögð að rótum trjáanna, og sérhvert tré, sem ber ekki góðan ^bávöxt, verður upp höggið og í eld kastað. Ég, Drottinn, hef talað það.

8 Sannlega segi ég yður, að öllum þeim, sem vita ^ahjörtu sín ^beinlæg og sundurkramin og anda sinn sáriðrandi og virða ^cfúslega sáttmála sína með ^dfórn — já, sérhverri fórn, sem ég, Drottinn, gef boð um — þeim veiti ég ^eviðtöku.

9 Því að ég, Drottinn, mun láta þá bera ávöxt líkt og afar frjósamt tré, sem gróðursett er á gjöfulu landi, við tært vatn, og ber ríkulega dýrmætan ávöxt.

10 Sannlega segi ég yður, að það er vilji minn, að ^ahús verði reist mér í landi Síonar, að þeirri ^bfyrirmynd, sem ég hef gefið yður.

11 Já, reisið það skjótt fyrir tíundargreiðslur fólks míns.

12 Sjá, þetta er ^atíundin og fórnin, sem ég, Drottinn, krefst af þeirra

97 1a LR Síon.

2a Matt 5:5;
Mósía 3:19.

3a LR Skóli
spámannanna.
b LR Parley Parker Pratt.

6a LR Aga.

7a Matt 3:10.

b Lúk 6:43–45;

Al 5:36, 52;
3 Ne 14:15–20.

8a LR Sundurkramið
hjarta.

b LR Heiðarlegur,
heiðarleiki.

c K&S 64:34.

d LR Fórn.

e K&S 52:15; 132:50.

10a K&S 57:3; 88:119;
124:51.

b K&S 115:14–16.

12a LR Tíund,
tíundargreiðslur.

hendi, að ^bhús verði reist mér, Síon til sáluhjálpar —

13 Hús til ^aþakkargjörðar fyrir alla hina heilögu og til leiðbeiningar öllum, sem kallaðir eru til helgra þjónustustarfa í öllum hinum mörgu köllunum þeirra og embættum —

14 Svo að þeir geti fullkomnast hvað varðar ^askilning á helgri þjónustu sinni, fræðisetningum, grundvallarreglum og kenningum í öllu er lýtur að ^bríki Guðs á jörðu, en yður hafa verið afhentir ^clyklar þess ríkis.

15 Og reisi fólkíð mér hús í nafni Drottins og láti ekkert ^aóhreint inn í það koma, svo að það vanhelgist ekki, skal ^bdýrð mín hvíla á því —

16 Já, og ^anávist mín mun vera þar, því að ég mun koma inn í það, og allir ^bhjartahreinar, sem inn í það koma, skulu sjá Guð.

17 En verði það vanhellað mun ég ekki inn í það koma og dýrð mín mun ekki vera þar, því að ég kem ekki inn í vanheilög musteri.

18 Og sjá nú, gjöri Síon þetta, mun henni ^avegna vel, hún mun breiða úr sér og verða afar dýrðleg, mikil og ógnþrungin.

19 Og ^aþjóðir jarðar munu heiðra hana og segja: Vissulega er ^bSíon

borg Guðs okkar og vissulega getur Síon hvorki fallið né má hræra hana úr stað, því að Guð er þar og hönd Drottins er þar —

20 Og hann hefur unnið þess eið með valdi máttar síns að vera hjálpræði hennar og hár ^aturn.

21 Þess vegna segir Drottinn sannlega svo: Lát Síon fagna, því að þetta er ^aSíon — HINIR HJARTA-HREINU. Lát því Síon fagna á meðan allir hinir ranglátu syrgja.

22 Því að sjá og tak eftir, ^arefsingin kemur skyndilega yfir hina óguðlegu sem hvirfilvindur. Og hver fær umflúið hana?

23 ^aRefsivöndur Drottins mun ríða yfir nótt og dag, og frásögnin af því mun hrella alla. Já, því mun ekki linna fyrir en Drottinn kemur —

24 Því að réttlát reiði Drottins er tendruð gegn viðurstyggð þeirra og öllum ranglátum verkum þeirra.

25 Engu að síður mun Síon ^akomast undan, ef hún gætir þess að gjöra allt, sem ég hef boðið henni.

26 En gæti hún þess eigi að gjöra það, sem ég hef boðið henni, mun ég ^avitja hennar í samræmi við öll verk hennar, með sárum

12b LR Musteri, hús Drottins.

13a LR Þakkklátur, þakkir, þakkargjörð.

14a LR Skilningur.

b LR Ríki Guðs eða ríki himna.

c LR Lyklar prestdæmisins.

15a K&S 94:9; 109:20–21.

b Hagg 2:7;

K&S 84:5.

16a K&S 110:1–10.

b Matt 5:8;

K&S 67:10–13; 88:68.

LR Hreinn, hreinleiki.

18a K&S 90:24; 100:15.

19a Jes 60:14;

Sak 2:10–12;

K&S 45:66–70; 49:10.

b LR Nýja Jerúsalem.

20a 2 Sam 22:3.

21a HDP Móse 7:18.

LR Hreinn, hreinleiki; Síon.

22a LR Hefnd.

23a Jes 28:14–19;

K&S 45:31.

25a 2 Ne 6:13–18;

K&S 63:34;

JS — M 1:20.

26a K&S 84:54–59.

þrengingum, með ^bdrepsótt, með plágu, með sverði, með ^crefsingu, með ^deyðandi eldi.

27 Lát það eigi að síður hljóma einu sinni enn fyrir eyrum hennar, að ég, Drottinn, hef veitt fórnur hennar viðtöku, og syndgi hún

ekki frammar, mun ^aekkert af þessu yfir hana ganga —

28 Og ég mun ^ablessa hana með blessunum og úthella margföldum blessunum yfir hana og ættiliði hennar alltaf og að eilífu, segir Drottinn Guð yðar. Amen.

98. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 6. ágúst 1833. Opinberunin kom vegna ofsókna á hendur hinum heilögu í Missouri. Aukið landnám kirkjumeðlima í Missouri vakti ugg hjá öðrum landnemum, sem fannst ógn stafa af fjölda hinna heilögu, stjórn-málalegum og fjárhagslegum áhrifum og menningarlegum og trúarlegum mismun. Í júlí 1833 eyðilagði múgur eignir kirkjunnar, tjargaði og fiðraði tvo kirkjumeðlimi, og kröfðust þess að hinir heilögu yfirlögðu Jackson-sýslu. Þó að einhverjar fréttir af vandamálunum í Missouri hafi án efa borist spámanninginum í Kirtland (núu hundruð mílna fjarlægð), gat hann einungis á þessum tíma vitað með opinberun hversu alvarleg þau voru.

1–3, Þrengingar hinna heilögu verða þeim til góðs; 4–8, Hinir heilögu skulu vinveittir stjórnskipunarlegum landsins; 9–10, Heiðvirðir, vitrir og góðir menn skulu studdir í veraldleg stjórnunarstörf; 11–15, Þeir sem fórna lífi sínu fyrir málstað Drottins munu eignast eilíft líf; 16–18, Hafnið styrjöldum og boðið frið; 19–22, Hinir heilögu í Kirtland eru ávittir og þeim boðið að iðrast; 23–32, Drottinn opinberar lögmál sín varðandi ofsóknir og þrengingar, sem fólk hans má þola; 33–38, Stríð er aðeins réttlæt-anlegt, þegar Drottinn býður það; 39–48, Hinum heilögu ber að fyrirgefa

óvinum sínum, sem einnig munu umflýja refsingu Drottins, ef þeir iðrast.

SANNLEGA segi ég yður, vinir mínir: “Óttist ei, látið huggast. Já, gleðjist ævinlega og færið þakkir í öllu —

2 “Þjónið Drottini af þolinmæði, því að bænir yðar hafa náð eyrum Drottins hersveitanna og eru skráðar með þessu innsigli og þessari yfirlýsingu — Drottinn hefur unnið þess eið og ákvarðað, að þær verði veittar.

3 Þess vegna gefur hann yður þetta fyrirheit, með

26 *b* Lúk 21:10–13.

c Mal 4:1–3;

3 Ne 21:20–21.

d Jóel 1:15–20.

27 *a* Esek 18:27.

28 *a* LR Blessa, blessaður, blessun.

98 *1a* K&S 68:6.

b LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

2 *a* Sál 27:14;

Jes 30:18–19;

K&S 133:45.

ófrávíkjanlegum sáttmála um að þær skuli uppfyllast. Og allar “þrengingar yðar munu í heild verða yður til góðs og nafni mínu til dýrðar, segir Drottinn.

4 Og sannlega segi ég yður nú varðandi lög landsins, að það er vilji minn að fólk mitt gæti þess að gjöra allt, sem ég býð því.

5 Og “stjórnskipunarlæg landsins, sem styðja frelsi með því að tryggja rétt og réttindi fólksins, tilheyra öllu mannkyni og eru réttlætlanleg fyrir mér.

6 Þess vegna réttlæti ég, Drottinn, yður og bræður yðar í kirkju minni í því að vera hliðhollir þeim lögum, sem eru stjórnskipunarlæg landsins —

7 En með tilliti til mannlegra laga, er hvað sem er meira eða minna en þetta frá hinu illa.

8 Ég, Drottinn Guð, gjöri yður “frjálsa. Þess vegna eruð þér vissulega frjálsir, og lögin gjöra yður einnig frjálsa.

9 En þegar hinir “ranglátu stjórna, grætur þjóðin.

10 Þess vegna skyldi af kostgæfni leitað eftir “heiðvirðum og vitrum mönnum, og góða og vitra menn skuluð þér gæta þess að styðja. Að

öðru leyti er allt, sem er minna en það, af hinu illa.

11 Og ég gef yður boðorð um að hafna öllu illu og halda yður fast að öllu góðu, og lifa eftir sérhverju “orði, sem fram gengur af Guðs munn.

12 Því að hann mun “gefa hinum staðföstu orð á orð ofan og setning á setning ofan. Og með því mun ég ^breyna yður og sanna.

13 Og hver sá, sem “fórnar lífi sínu mín vegna, vegna nafns míns, mun finna það aftur, já, eilíft líf.

14 “Óttist þess vegna ekki óvini yðar, því að ég hef ákvarðað í hjarta mínu, segir Drottinn, að ég muni ^breyna yður í öllu, hvort þér séuð sáttmála mínum trúir, allt til ^cdauða, svo að þér reynist verðugir.

15 Því að ef þér eruð eigi trúir sáttmála mínum, eruð þér ekki verðugir mín.

16 “Hafnið þess vegna ^bstríði og boðið ^cfríð og reynið af kostgæfni að ^dsnúa hjörtum barnanna til feðra sinna og hjörtum feðranna til barnanna —

17 Og enn fremur hjörtum “Gyðinganna til spámannanna og spámannanna til Gyðinganna, svo að ég komi ekki og ljósti alla jörðina banni, og allt hold eyðist fyrir mér.

3a K&S 122:7.
LR Andstreymi.

5a 1 Pét 2:13–14;
K&S 58:21; 101:77–80;
109:54; 134:5.
LR Lýðfrelsi;
Stjórnaarskrá.

8a Jóh 8:32;
2 Kor 3:17.
LR Frjáls, frelsi;
Sjálfræði.

9a Okv 29:2.

10a LR Heiðarlegur,
heiðarleiki.

11a 5 Mós 8:3;
Matt 4:4;
K&S 84:43–44.

12a Jes 28:10;
K&S 42:61.

b Abr 3:25–26.

13a Lúk 9:24;
K&S 101:35–38;
103:27–28.

LR Þíslarvottur,

þíslarvætti.

14a Nehem 4:14;
K&S 122:9.

b K&S 124:55.

c Op 2:10;
K&S 136:31, 39.

16a Al 48:14.
LR Friðflytjandi.

b LR Stríð.

c LR Friður.

d Mal 4:5–6; K&S 2:1–2.

17a LR Gyðingar.

18 Hjörtu yðar skelfist ekki, því að í húsi föður míns eru “mörg hóbýli, og ég hef búið yður stað, og þar sem faðir minn og ég erum, þar skuluð þér einnig vera.

19 Sjá, ég, Drottinn, er ekki vel ánægður með marga í kirkjunni í Kirtland —

20 Því að þeir láta ekki af syndum sínum og ranglátum háttum, stærilæti hjarta síns og ágirnd sinni og allri viðurstygð sinni og virða eigi vísdómsorðin og eilíft líf, sem ég hef gefið þeim.

21 Sannlega segi ég yður, að ég, Drottinn, mun “aga þá og gjöra eins og mér hentar, ef þeir iðrast ekki og virða ekki allt, sem ég hef sagt þeim.

22 Og enn segi ég yður: Ef þér gætið þess að “gjöra allt, sem ég býð yður, mun ég, Drottinn, snúa allri heilagri og réttlátri reiði frá yður og ^hlið heljar munu eigi á yður sigrast.

23 Nú tala ég til yðar varðandi fjölskyldur yðar — ef menn “ljósta yður eða fjölskyldur yðar einu sinni, og þér umberið það með þolinmæði og hvorki lastið þá né leitið hefnda, þá skal yður launað —

24 En ef þér umberið það ekki með þolinmæði, mun aðeins svo á það litið, að yður sé “mælt eins og réttmætt er.

25 Og enn, ef óvinur yðar lýstur yður í annað sinn og þér lastið

óvin yðar eigi og umberið það af þolinmæði, munu laun yðar verða hundraðföld.

26 Og enn, ljósti hann yður í þriðja sinn og þér umberið það af “þolinmæði, munu margföld laun yðar fjórfaldast —

27 Og þessir þrír vitnisburðir munu standa gegn óvini yðar og verða ekki afmáðir, ef hann iðrast ekki.

28 Og sannlega segi ég yður nú: Ef óvinur yðar fær umflúið refsingu mína og verður eigi leiddur fyrir mig til dóms, þá skuluð þér sjá um að “aðvara hann í mínu nafni, svo að hann ráðist ekki oftari að yður eða fjölskyldu yðar, jafnvel barnabörnum yðar í þriðja og fjórða ætlið.

29 Og ef hann mun ráðast að yður eða börnum yðar eða barnabörnum í þriðja og fjórða lið, þá hef ég selt óvin yðar í yðar hendur —

30 Og viljið þér þá hlífa honum, munuð þér hljóta laun fyrir réttlæti yðar, og einnig börn yðar og barnabörn í þriðja og fjórða lið.

31 Eigi að síður er óvinur yðar í yðar höndum, og ef þér launið honum í samræmi við verk hans, eruð þér réttlættir. Hafi hann sóst eftir lífi yðar og lífi yðar sé hætta búin af honum, er óvinur yðar í höndum yðar og þér eruð réttlættir.

32 Sjá, þetta er það lögmál,

18a Jóh 14:2;
K&S 59:2; 76:111; 81:6.
21a Mósía 23:21;
He 12:3.
LR Aga.

22a LR Hlýðni, hlýðinn,
hlýða.
b Matt 16:17–18;
K&S 33:12–13.
23a Lúk 6:29;

Al 43:46–47.
LR Ofsækja, ofsókn.
24a Matt 7:1–2.
26a LR Polinmæði, þolgæði.
28a LR Vara við, viðvör.

sem ég gaf þjóni mínum Nefí og “feðrum yðar Jósef og Jakob og Ísak og Abraham og öllum fornum spámönnum mínum og postulum.

33 Og enn fremur, þetta er það “lögmaðl, sem ég gaf mínum til forna, svo að þeir legðu ekki til orrustu við neina þjóð, kynkvísl, tungu eða lýð, nema ég, Drottinn, byði þeim svo.

34 Og segði einhver þjóð, tunga eða lýður þeim stríð á hendur, skyldu þeir fyrst lyfta upp “friðarmerki gegn þeim lýð, þeirri þjóð eða tungu —

35 Og sinntu þau engu því friðarmerki, né heldur öðru sinni eða þriðja sinni, skyldu þeir færa Drottni þessa vitnisburði sína —

36 Þá mundi ég, Drottinn, gefa þeim fyrirmæli og réttlæta þá í að ganga til orrustu við þá þjóð, tungu eða þann lýð.

37 Og ég, Drottinn, myndi “heyja orrustu þeirra og orrustu barna þeirra og barnabarna, þar til þeir hefðu náð rétti yfir öllum óvinum sínum í þriðja og fjórða lið.

38 Sjá, þetta er öllu fólki mínu til eftirbreytni, segir Drottinn Guð yðar, og til réttlættingar fyrir mér.

39 Og enn, sannlega segi ég yður, að ef óvinur yðar iðrast, eftir að hafa ráðist að yður í fyrsta sinn, og biður um fyrirgefningu, þá skuluð þér fyrirgefa honum og eigi lengur halda því sem vitnisburði gegn óvini yðar —

40 Og þannig í annað og þriðja sinn. Og jafnoft og óvinur yðar iðrast misgjörða sinna gegn yður, skuluð þér “fyrirgefa honum, allt að sjötíu sinnum sjö.

41 Og brjóti hann gegn yður og iðrist ekki í fyrsta sinn, skuluð þér engu að síður fyrirgefa honum.

42 Og ef hann brýtur gegn yður í annað sinn og iðrast ekki, skuluð þér engu að síður fyrirgefa honum.

43 Og brjóti hann gegn yður í þriðja sinni og iðrist ekki, skuluð þér einnig fyrirgefa honum.

44 En brjóti hann gegn yður í fjórða sinn, skuluð þér ekki fyrirgefa honum, heldur færa Drottni þessa vitnisburði og þeir munu ekki afmáðir fyrir en hann iðrast og launar yður fjórfalt fyrir allt það, sem hann hefur brotið gegn yður.

45 Og gjöri hann svo, skuluð þér fyrirgefa honum af öllu hjarta, en gjöri hann það ekki, mun ég Drottinn ná “rétti yðar yfir óvinum yðar hundraðfalt —

46 Og börnum hans og barnabörnum og öllum þeim, sem forsmá mig, í “þriðja og fjórða ættlið.

47 En ef börnin eða barnabörnin skyldu iðrast og “snúa sér til Drottins Guðs síns af öllu hjarta sínu og öllum mætti sínum, huga og styrk, og endurgjalda fjórfalt allar

32a K&S 27:10.

33a 5 Mós 20:10;
Al 48:14–16.

34a K&S 105:38–41.

37a Jós 23:10;

Jes 49:25.

40a Matt 18:21–22;
K&S 64:9–11.

LR Fyrirgefa.

45a Morm 8:20.

46a 5 Mós 5:9–10.

47a Mósía 7:33;
Morm 9:6.

misgjörðir sínar eða misgjörðir feðra sinna eða forfeðra sinna, þá skal bræði yðar snúið frá þeim —
48 Og “refsing skal ekki lengur

koma yfir þau, segir Drottinn Guð yðar, og misgjörðir þeirra skulu aldrei frammar færðar Drottni sem vitnisburður gegn þeim. Amen.

99. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith til Johns Murdock 29. ágúst 1832, í Hiram, Ohio. Í rúmt ár hafði John Murdock prédikað fagnaðarerindið, og á meðan börn hans dvöldu hjá öðrum fjölskyldum í Ohio, móðurlaus eftir að kona hans, Julia Clapp, dó í apríl 1831.

1–8, John Murdock er kallaður til að boða fagnaðarerindið, og þeir, sem taka á móti honum, taka á móti Drottni og munu hljóta miskunn.

SJÁ, svo mælir Drottinn til þjóns síns Johns Murdock: Þú ert kallaður til þess að fara til landsvæðanna í austri, hús úr húsi, þorp úr þorpi, borg úr borg, til þess að kunngjöra íbúum þeirra ævarandi fagnaðarerindi mitt, mitt í “ofsóknum og ranglæti.

2 Og hver, sem tekur á móti þér, “tekur á móti mér, og þú munt hafa kraft til að boða orð mitt eins og hinn heilagi andi minn ^bsýnir þér.

3 Og hver, sem tekur á móti þér “eins og lítið barn, tekur á móti ^briki mínu. Og blessaðir eru þeir, því að þeir munu “miskunn hljóta.

4 En hverjum, sem hafnar þér,

mun faðir minn “hafna, og húsi hans. Og þú skalt hreinsa ^bfætur þína á leyndum stöðum á leið þinni, sem vitnisburð gegn þeim.

5 Og sjá og tak eftir, ég “kem skjótt til að ^bdæma, til að sannfæra alla um óguðleg verk þeirra, sem þeir hafa unnið gegn mér, eins og skráð er af mér í bókinni.

6 Og sannlega segi ég þér nú, að ekki er æskilegt að þú farir fyrr en séð hefur verið fyrir börnum þínum og þau hafa umhyggjusamlega verið send til biskupsins í Síon.

7 Og eftir nokkur ár, ef þú æskir þess af mér, mátt þú einnig fara til hins góða lands til að fá erfðahluta þinn —

8 Að öðru leyti skalt þú halda áfram og boða fagnaðarerindi mitt, “uns þú ert burtu numinn. Amen.

48a Esek 18:19–23.

99 1a LR Ofsækja, ofsókn.

2a Matt 10:40.

b 1 Kor 2:4–5.

3a Matt 18:1–6.

b LR Ríki Guðs eða

ríki himna.

c LR Miskunnssamur, miskunnsemi.

4a Jóh 12:44–50.

b K&S 75:19–22.

5a K&S 1:11–14.

b Júd 1:14–15.

LR Jesús Kristur —
Dómari.

8a Matt 19:29.

100. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith og Sidney Rigdon í Perrysburg, New York, 12. október 1833. Bræðurnir tveir höfðu undanfarið verið lengi fjarvostum frá fjölskyldum sínum og höfðu áhyggjur af þeim.

1–4, Joseph og Sidney prédiki fagnaðarerindið til hjálpræðis sálum; 5–8, Þeim mun gefið einmitt á réttri stundu hvað segja skal; 9–12, Sidney skal vera talsmaður og Joseph skal vera opinberari og gefa máttugan vitnisburð; 13–17, Drottinn mun vekja upp hreint fólk og hinir hlýðnu munu frelsaðir verða.

SANNLEGA, svo segi ég, Drottinn, við yður vini mína “Sidney og ^bJoseph: Fjölskyldum yðar líður vel. Þær eru í mínum höndum og ég mun fara með þær eins og ég tel best, því að allt vald er mér gefið.

2 Fylgið mér þess vegna og hlustið á þau ráð, sem ég gef yður.

3 Sjá og tak eftir, ég á marga á þessum slóðum, í nærliggjandi héruðum, og áhrifamiklar dyr munu opnast á nálægum svæðum hér í austurhluta landsins.

4 Þess vegna hef ég, Drottinn, látið yður koma til þessa staðar, því að það var mér æskilegt til “hjálpræðis sálunum.

5 Sannlega segi ég yður þess vegna: Hefjið upp raust yðar til þessa fólks. “Mælið fram það

sem ég blæs yður í brjóst, og þér þurfið ekki að blygðast yðar fyrir mönnum —

6 Því að yður mun “gefið einmitt á þeirri stundu, já, á því andartaki, hvað segja skal.

7 En það gef ég yður, að þér skuluð boða allt, sem þér “boðið í mínu nafni, með hjartans hátíðleik og andans ^bhógværð í öllu.

8 Og ég gef yður það fyrirheit, að sem þér gjörði þetta, svo mun “heilögum anda úthellt til að bera vitni um allt það, er þér mælið.

9 Og mér þykir æskilegt, að þú, þjónn minn Sidney, sért “talsmaður fyrir þetta fólk. Já, sannlega, ég mun vígja þig til þeirrar köllunar, já, til að vera talsmaður þjóns míns Josephs.

10 Og ég mun gefa honum kraft til að gefa máttugan “vitnisburð.

11 Og ég mun gefa þér kraft til að vera “máttugur í útskýringum þínum á öllum ritningum, svo að þú getir verið talsmaður hans, og hann skal vera þér ^bopinberari, svo að þú vitir með vissu allt er tilheyrir ríki mínu á jörðu.

100 1a LR Sidney Rigdon.

b LR Joseph Smith yngri.

4a LR Sáluhjálp, hjálpræði.

5a He 5:18;

K&S 68:3–4.

6a Matt 10:19–20;

K&S 84:85.

7a K&S 84:61.

b LR Hógvær, hógværð.

8a 2 Ne 33:1–4.

9a 2 Mós 4:14–16;

2 Ne 3:17–18;

K&S 124:103–104.

10a LR Vitna, bera vitni.

11a Al 17:2–3.

b K&S 124:125.

12 Hald þess vegna áfram ferð yðar og gleðjast í hjarta, því að sjá og tak eftir, ég er með yður allt til enda.

13 Og nú tala ég til yðar orð varðandi “Síon. Síon skal ^bendurleyst, þó að hún sé öguð skamma stund.

14 Bræður yðar, þjónar mínir “Orson Hyde og John Gould, eru í mínum höndum, og svo fremi þeir haldi boðorð mín munu þeir hólpnir.

15 Lát því huggast, því að “allt mun samverka þeim til góðs, sem ganga grandvarir, og kirkjunni til helgunar.

16 Því að ég mun upp vekja mér til handa “hreinan lýð, sem mun þjóna mér í réttlæti —

17 Og allir, sem “ákalla nafn Drottins og halda boðorð hans, munu hólpnir verða. Já, vissulega. Amen.

101. KAFLI

Opinberun gefin spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 16. og 17. desember 1833. Á þessum tíma þoldu hinir heilögu, sem safnast höfðu saman í Missouri, miklar ofsóknir. Múgur manns hafði hrakið þá frá heimilum þeirra í Jacksonsýslu og nokkrir hinna heilögu höfðu reynt að koma sér fyrir í Van Buren-, Lafayette- og Raysýslum, en ofsóknirnar fylgdu þeim. Meginhluti hinna heilögu var á þessum tíma í Claysýslu, Missouri. Mörgum meðlimum kirkjunnar var hótad dauða. Hinir heilögu í Jackson sýslu höfðu misst húsbúnað, klæði, búpening og aðrar persónulegar eigur, og mikið af uppskeru þeirra hafði verið eyðilag.

1–8, *Hinir heilögu eru agaðir og aðþrengdir vegna brota sinna; 9–15, Réttlát reiði Drottins mun falla yfir þjóðirnar, en fólki hans mun safnað saman og það verða huggað; 16–21, Síon og stikur hennar verða stofnaðar; 22–31, Lifinu í þúsund ára ríkinu lýst; 32–42, Þá munu hinir heilögu blessaðir og þeim launað; 43–62, Dæmisagan um aðalsmanninn og olíufutrén sýnir erfiðleika og endanlega endurlausn Síonar; 63–75, Hinir heilögu skulu halda áfram*

sameiningu sinni; 76–80, Drottinn stofnsetti stjórnarskrá Bandaríkjanna; 81–101, Hinir heilögu skulu fara fram á miskabætur samkvæmt dæmisögunni um konuna og rangláta dómaramann.

SANNLEGA segi ég yður varðandi bræður yðar, sem aðþrengdir hafa verið og “ofsóttir og ^bhraktir af erfðalandi sínu —

2 Ég, Drottinn, hef leyft þessum aðþrengingum að koma yfir þá, en

13a LR Síon.
b K&S 84:99;
105:9–10, 31, 37.
14a LR Orson Hyde.

15a Róm 8:28;
K&S 90:24; 105:40.
16a LR Hreinn, hreinleiki.
17a Jóel 2:32; Al 38:4–5.

101 1a LR Ofsækja, ofsókn.
b K&S 103:1–2, 11;
109:47.
2a K&S 58:3–4.

sú þrenging þeirra er afleiðing
^bbrotá þeirra —

3 Samt eru þeir mínir og verða
“mínir á þeim degi, er ég kem og
raða saman gimsteinum mínum.

4 Þess vegna verður að “aga þá
og reyna, alveg eins og ^bAbraham,
sem boðið var að fórna einkasyni
sínium.

5 Því að enginn getur “helgast,
sem ekki stenst ögunina, en ^baf-
neitar mér.

6 Sjá, ég segi yður, á meðal þeirra
var misklíð, “deilur, ^böfund og
ófriður, ^closti og ágirnd, og þannig
vanhelguðu þeir arfleifð sína.

7 Þeir voru tregir til að “hlýða
rödd Drottins Guðs síns. Þess
vegna er Drottinn Guð þeirra
tregur til að hlýða á bænir þeirra
og svara þeim á erfiðleikatímum
þeirra.

8 Á friðartímum mátu þeir ráð
mín lítills, en á “erfiðleikatímum
sínium ^bleita þeir mín af nauðsyn.

9 Sannlega segi ég yður: Þrátt
fyrir syndir þeirra er brjóst mitt
fullt “samúðar með þeim. Ég mun
ekki algjörlega ^bvísa þeim burt, og
á degi ^cheilagrar reiði mun ég hafa
miskunn í huga.

10 Ég hef unnið þess eið, og sú
ákvörðun er kunngjörð í fyrra
boði mínu til yðar, að ég muni láta
“sverð réttlátrar reiði minnar falla
vegna fólks míns, og það mun
verða, já, eins og ég hef sagt.

11 Réttlátri reiði minni verður
brátt úthellt takmarkalaust yfir
allar þjóðir, og það mun ég gjöra
þegar bikar misgjörða þeirra er
“fullur.

12 Og á þeim degi munu allir
frelstast, sem í “varðturninum finn-
ast, eða með öðrum orðum, allur
Ísraelslýður minn.

13 Og þeim, sem dreift hefur
verið, mun “safnað saman.

14 Og allir þeir, sem “syrgt hafa,
munu huggaðir verða.

15 Og allir þeir, sem látið hafa
“líf sitt vegna nafns míns, munu
krýndir verða.

16 Lát því hjörtu yðar huggast
vegna Síonar, því að allt hold er
í mínum “höndum. Hald ró yðar
og ^bvitið að ég er Guð.

17 “Síon mun ekki haggast úr
stað, jafnvel þó að börn hennar
séu dreifð.

18 Þeir, sem eftir verða og eru
hjartahreindir, munu aftur hverfa

2b Mósía 7:29–30;
K&S 103:4; 105:2–10.

3a Jes 62:3;
Mal 3:17;
K&S 60:4.

4a K&S 95:1–2; 136:31.

LR Aga.
b 1 Mós 22:1–14;
Jakob 4:5.
LR Abraham.

5a LR Lausn frá synd.

b Matt 10:32–33;
Róm 1:16;
2 Ne 31:14.

6a LR Deilur.

b LR Öfund.

c LR Losti.

7a Jes 59:2;
Mósía 11:22–25; 21:15;
Al 5:38.

8a He 12:3.

b Post 17:27;
Al 32:5–16.

9a LR Miskunnsamur,
miskunnsemi;
Samúð, meðaumkun.

b Jer 30:11.

c K&S 98:21–22.

10a K&S 1:13–14.

11a He 13:14;

Et 2:9–11.

12a LR Vaka, vera á verði,
verðir.

13a 5 Mós 30:3–6;
1 Ne 10:14.
LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

14a Matt 5:4.

15a Matt 10:39.
LR Píslarvottur,
píslarvætti.

16a HDP Móse 6:32.
b 2 Mós 14:13–14;
Sálm 46:10.

17a LR Síon.

að ^aarfleifð sinni, þeir og börn þeirra, syngjandi ^bsöngva ævarandi gleði, til að ^cbyggja upp eyðistaði Síonar —

19 Og allt þetta til að orð spámannanna rætist.

20 Og sjá, enginn annar ^astaður er útnefndur en sá, sem ég hef útnefnt, né heldur mun annar staður útnefndur en sá, sem ég hef útnefnt fyrir verk samansöfnunar minna heilögu —

21 Þar til sá dagur kemur, er ekki finnst meira rúm fyrir þá, og þá hef ég aðra staði, sem ég mun útnefna þeim, og þeir munu nefnast ^astíkur, fyrir tjalddúka eða styrk Síonar.

22 Sjá, það er vilji minn að allir þeir, sem ákalla nafn mitt og tilbiðja mig samkvæmt hinu ævarandi fagnaðarerindi mínu, skuli ^asafnast saman og ^bstanda á helgum stöðum —

23 Og búa sig undir þá opinberun, sem koma skal, þegar ^ahulan, er umlykur musteri mitt í tjaldbúð minni og sem hylur jörðina, verður dregin frá og allt hold mun saman ^bsjá mig.

24 Og allt ^aforgengilegt, bæði manna og dýra merkurinnar eða

fugla himinsins eða fiska sjávarins, sem dvelur á yfirborði jarðar, mun ^beyðast —

25 Einnig munu frumefnin ^abráðna í brennandi hita og allt verða ^bnýtt, svo að þekking mín og ^cdýrð fái hvílt á allri jörðunni.

26 Og þann dag mun ^afjandskap manna og fjandskap dýra, já, fjandskap alls holds, ^blinna fyrir augliti mínu.

27 Og á þeim degi mun hvað, sem maðurinn biður um, verða honum gefið.

28 Og á þeim degi mun ^aSatan ekki hafa vald til að freista nokkurs manns.

29 Og engin ^asorg verður, vegna þess að enginn dauði er til.

30 Á þeim degi mun ^aungbarn ekki deya fyrir en það nær gamalsaldri, og aldur þess verður sem aldur trésins —

31 Og þegar það deyr mun það ekki sofa, það er að segja í jörðu niðri, heldur ^abreytast á augabragði og verða ^bhrifið upp, og hvíld þess verður dýrðleg.

32 Já, sannlega segi ég yður, á þeim ^adegi þegar Drottinn kemur, mun hann ^bopinbera allt —

18a K&S 103:11–14.

b Jes 35:10; K&S 45:71.

LR Syngja.

c Amos 9:13–15;

K&S 84:2–5; 103:11.

20a K&S 57:1–4.

21a K&S 82:13–14;

115:6, 17–18.

LR Stíka.

22a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

b Matt 24:15;

K&S 45:32; 115:6.

23a LR Hula.

b Jes 40:5;

K&S 38:8; 93:1.

LR Síðari koma Jesú

Krists.

24a K&S 29:24.

b Sef 1:2–3; Mal 4:1;

K&S 88:94;

JS — S 1:37.

25a Amos 9:5;

2 Pét 3:10–14.

LR Jörð — Hreinsun

jarðar.

b Op 21:5.

c LR Þúsundarárikið.

26a Jes 11:6–9.

LR Fjandskapur.

b LR Friður.

28a Op 20:2–3; 1 Ne 22:26;

K&S 88:110.

29a Op 21:4.

30a Jes 65:20–22;

K&S 63:51.

31a 1 Kor 15:52;

K&S 43:32.

b 1 Þess 4:16–17.

32a K&S 29:11.

LR Þúsundarárikið.

b K&S 121:26–28.

33 Það sem liðið er og það sem “hulið er og enginn maður þekkti, það sem jörðina varðar, upphaf hennar, tilgang hennar og endi —

34 Það dýrmætasta, það sem er ofar og það sem er neðar, það sem er í jörðu og á jörðu og á himni.

35 Og allir þeir, sem þola “ofsóknir vegna nafns míns og standa stöðugir í trú, þó að þeir séu kallaðir til að fórna lífi sínu mín^b vegna, þeir verða samt hluttakendur í allri þessari dýrð.

36 Hræðist þess vegna ekki, jafnvel ekki “dauðann, því að í þessum heimi er gleði yðar ekki algjör, en í mér er^b gleði yðar algjör.

37 Hafið þess vegna hvorki áhyggjur af líkamanum né lífi líkamans, heldur hugsíð um “sálina og líf sálarinnar.

38 Og “leitið ásjónu Drottins öllum stundum, svo að þér með^b þolinmæði fáíð varðveitt sálir yðar, og þér munuð öðlast eilíft líf.

39 Þegar menn eru kallaðir til “ævarandi fagnaðarerindis míns og gjöra ævarandi sáttmála, teljast þeir sem^b salt jarðar og selta mannsins —

40 Þeir eru kallaðir til að vera selta mannsins. Ef þess vegna salt glatar seltu sinni, sjá, er það til

einskis annars nýtt, en að vera kastað út og fótum troðið af mönnum.

41 Sjá, hér er viska varðandi börn Síonar, já mörg, en ekki öll. Þau voru fundin brotleg, þess vegna verður að “aga þau —

42 Sá, sem “upphefur sjálfan sig, mun niðurlægður verða, og sá, sem^b niðurlægir sjálfan sig, mun upphafinn verða.

43 Og nú mun ég sýna yður dæmisögu, svo að þér megið þekkja vilja minn varðandi lausn Síonar.

44 “Aðalsmaður einn átti landsvæði, mjög kostum búið, og hann sagði við þjóna sína: Farið í^b víngarð minn, já, til þessa kostalands, og gróðursetjið tólf olífutré —

45 Og setjið “varðmenn umhverfis þau og reisið turn, þaðan sem sjá má landið umhverfis, og setjið varðmann í turninn, svo að olífutré mín verði eigi brotin niður, þegar óvinurinn kemur til að eyðileggja og taka sjálfur ávexti víngarðs míns.

46 Þjónar aðalsmannsins fóru nú og gjörðu sem húsbóndi þeirra bauð þeim og gróðursettu olífutré og reistu garð umhverfis og settu varðmenn yfir og hófu að reisa turn.

33a LR Leynardómar Guðs.
35a K&S 63:20.
LR Ofsækja, ofsókn.
b K&S 98:13.
36a LR Dauði, líkamlegur.
b LR Gleði.
37a LR Sál.
38a 2 Kro 7:14; K&S 93:1.

b LR Polinmæði, þolgæði.
39a LR Nýr og ævarandi sáttmáli.
b Matt 5:13;
K&S 103:10.
41a LR Aga.
42a Óbad 1:3–4;
Lúk 14:11;
He 4:12–13.

b Lúk 18:14.
LR Auðmjúkur, auðmýkt.
44a K&S 103:21–22.
b LR Víngarður Drottins.
45a Esek 33:2, 7;
3 Ne 16:18.
LR Vaka, vera á verði, verðir.

47 Og meðan þeir enn unnu við grunn hans, fóru þeir að segja sín á milli: Hvaða þörf hefur húsbóndi minn fyrir þennan turn?

48 Og þeir réðu ráðum sínum lengi vel og sögðu sín á milli: Hvaða þörf hefur húsbóndi minn fyrir þennan turn, nú á þessum friðartímum?

49 Mætti ekki gefa víxlurunum þetta fé? Því að engin þörf er fyrir þetta.

50 Og meðan þeir þráttuðu um þetta, gjörðust þeir mjög hysknir og hlýddu ekki fyrir mælum húsbónda síns.

51 Og óvinurinn kom að nóttu til og braut niður "garðinn, og þjónar aðalsmannsins risu skelfdir á fætur og flýðu, og óvinurinn tortímdi verki þeirra og braut niður olífutrén.

52 Sjá, aðalsmaðurinn, herra víngarðsins, kallaði nú á þjóna sína og sagði við þá: Hvers vegna! Hver er orsök þessa mikla illvirkis?

53 Bar yður ekki að gjöra sem ég bauð yður, og — eftir að þér höfðuð gróðursett í víngarðinn og reist garð umhverfis og sett varðmenn á vegg hans — að byggja einnig turn og setja varðmann í turninn og vakta víngarð minn, en ekki falla í svefn, svo að óvinurinn kæmi yfir yður?

54 Og sjá, varðmaðurinn í turninum hefði séð óvininn meðan hann var enn víðs fjarri, og þá hefðuð þér verið reiðubúnir og varnað óvininum að brjóta niður

garðinn og bjargað víngarði mínum úr höndum eyðandans.

55 Og herra víngarðsins sagði við einn þjóna sinna: Far og safna saman öðrum þjónum mínum og tak "allan styrk húss míns, stríðsmenn mína, hina ungu menn mína, og einnig þá af þjónum mínum, sem miðaldra eru, þá sem eru styrkur húss míns, utan þá, sem ég hef útnefnt til að halda kyrru fyrir —

56 Og farið samstundis í víngarðsland mitt og endurheimtið víngarð minn, því að hann er minn. Ég hef keypt hann fyrir fé.

57 Farið þess vegna samstundis til lands míns, brjótið niður múra óvina minna, fellið turna þeirra og tvístrið varðmönnum þeirra.

58 Og sem þeir safnast saman gegn yður, svo skuluð þér ná "rétti mínum á óvinum mínum, svo að smám saman geti ég komið með það, sem eftir er húss míns, og eignast landið.

59 Og þjónninn sagði við húsbónda sinn: Hvenær mun þetta verða?

60 Og hann sagði við þjón sinn: Þegar mér hentar. Far samstundis og gjör allt, sem ég hef boðið yður —

61 Og þetta skal vera innsigli mitt og blessun til yðar — trúr og "vitur ráðsmaður í húsi mínu, ^bstjórnandi í ríki mínu.

62 Og þjónn hans fór samstundis og gjörði allt, sem húsbóndi hans hafði boðið honum,

51a Jes 5:1–7.

55a K&S 103:22, 29–30;

105:16, 29–30.

58a K&S 97:22–24; 105:15.

61a K&S 78:22.

b Matt 25:20–23.

og “eftir marga daga var allt uppfyllt.

63 Sannlega segi ég yður enn: Ég mun sýna yður visku mína varðandi alla söfnuðina, svo sem þeir eru fúsir til að taka leiðsögn á réttan og sannan hátt, sér til sáluhjálpar —

64 Svo að samansöfnun minna heilögu haldi áfram, og ég megi uppbyggja þá í mínu nafni á “helgum stöðum, því að ^buppskerutíminn er kominn og orð mitt hlýtur að ^cuppfyllast.

65 Þess vegna verð ég að safna saman fólki mínu, samkvæmt dæmisögunni um hveitið og “illgresið, svo að safna megi hveitinu í hlöðu og það hljóti eilíft líf og krýnist ^bhimneskri dýrð, þegar ég kem í ríki föður míns til að launa sérhverjum manni samkvæmt verkum sínum —

66 En illgresið skal bundið í bindin og bönd þess gjörð sterk, svo að ^abrenna megi það í óslökkvandi eldi.

67 Þess vegna gef ég öllum söfnuðum mínum fyrirmæli um að þeir safnist áfram saman á þeim stöðum, sem ég hef tilgreint.

68 Engu að síður, eins og ég hef sagt yður í fyrra boði, skal ^asamansöfnun yðar hvorki gerast í flaustri né með flóttu, heldur skal allt vel undirbúið fyrir yður.

69 Og til þess að allt verði undirbúið fyrir yður, skuluð þér virða

þau fyrirmæli, sem ég hef gefið varðandi þetta —

70 Sem segir eða kennir að ^akaupa skuli allt það land fyrir fé, sem unnt er að kaupa fyrir fé, í héruðunum umhverfis það land, sem ég hef útnefnt sem land Síonar, við upphaf samansöfnunar minna heilögu —

71 Allt land, sem hægt er að kaupa í Jacksonsýslu og í nærliggjandi héruðum, en annað sé lagt í mínar hendur.

72 Sannlega segi ég yður nú: Látið alla söfnuðina safna saman öllu fé sínu og lát þetta gjörast á sínum tíma, en ekki í “flaustri. Og gætið þess að allt sé undirbúið fyrir yður.

73 Og heiðvirðir menn séu tilnefndir, já, vitrir menn, og sendið þá til að kaupa þessi lönd.

74 Og þegar söfnuðirnir í austursýslum landsins styrkjast, geta þeir keypt lönd og safnast saman á þeim, vilji þeir hlíta þessum ráðum. Og á þann hátt geta þeir stofnað Síon.

75 Jafnvel nú þegar er nægilegt í birgðum, já, jafnvel gnægð, til að endurleysa Síon og byggja upp eyðistaði hennar, sem ei munu frammar niður rifnir, ef allir þeir söfnuðir, sem nefna sig mínu nafni, væru ^afúsir til að hlýða rödd minni.

76 Og enn segi ég yður: Það er vilji minn að þeir, sem óvinirnir

62a K&S 105:37.

64a K&S 87:8.

b K&S 33:3, 7.

LR Uppsæra.

c K&S 1:38.

65a Matt 13:6–43;

K&S 86:1–7.

b LR Himnesk dýrð.

66a Nahúm 1:5;

Matt 3:12;

K&S 38:12; 63:33–34.

68a K&S 58:56.

70a K&S 63:27–29.

72a Jes 52:10–12.

75a Al 5:37–39.

hafa dreift, haldi áfram að þræbiðja um bætur, og lausn, af þeim, sem settir eru stjórnendur og valds-
menn yðar —

77 Samkvæmt lögum þjóðar-
innar og “stjórnarskrá, sem ég hef
látið gjöra, og tryggja skal ^brétt
og vernd alls holds, samkvæmt
réttum og helgum reglum —

78 Að sérhver maður geti með
tilliti til kenninga og reglna starfað
framvegis í samræmi við það
siðferðislega “sjálfræði, sem ég
hef gefið honum, svo að sérhver
maður verði ^bábyrgur fyrir sínar
eigin syndir á degi ^cdómsins.

79 Þess vegna er ekki rétt að ein-
hver maður sé í annars ánaud.

80 Og í þeim tilgangi hef ég sett
“stjórnarskrá þessa lands með
vitrum mönnum, sem ég vakti ein-
mitt í þeim tilgangi, og endurheimt
landið með ^búthellingu blóðs.

81 Nú, við hvað skal ég líkja
börnum Síonar? Ég mun líkja þeim
við “dæmisöguna um konuna og
rangláta dómarrann, því að menn
ættu ávallt að ^bbiðja og ekki láta
hugfallast, en þar segir:

82 Í borg einni var dómari, sem
hvorki óttaðist Guð né skeytti um
nokkurn mann.

83 En í borg þeirri var ekkja, og
hún kom til hans og sagði: Lát mig
ná rétti gagnvart mótstöðumanni
mínum.

84 Og hann vildi það ekki um
hríð, en að lokum sagði hann við
sjálfan sig: Þótt ég óttist ekki Guð
né skeyti um nokkurn mann, vil
ég samt láta ekkju þessa ná rétti
sínum, þar eð hún gjörir mér
ónæði, og til þess að hún sé ekki
ávallt að koma og þreyta mig.

85 Við þetta vil ég líkja börnum
Síonar.

86 Þau skulu krefjast miskabóta
fyrir dómarrannum —

87 Og sinni hann þeim ekki,
skulu þau leggja þær fyrir
fylkisstjórnann —

88 Og sinni fylkisstjórinn þeim
ekki, skulu þau leggja þær fyrir
forsetann —

89 Og sinni forsetinn þeim ekki,
mun Drottinn hefjast handa og
fram stíga úr “skýli sínu og í reiði
sinni hrella þjóðina —

90 Og í mikilli vanþóknun sinni
og brennandi reiði mun hann á
sínum tíma útiloka þessa rang-
látu, ótrúu og óréttlátu “ráðsmenn
og útnefna þeim hlut sinn meðal
hræsnara og ^bvantrúaðra —

91 Jafnvel í ystu myrkrum,
þar sem er “grátur og kvein og
gnístran tanna.

92 Biðjið þess vegna að eyru
þeirra ljúkist upp fyrir ákalli yðar,
svo að ég geti verið þeim “misk-
unnsamur og þetta komi ekki
yfir þá.

77a LR Stjórn.

b LR Lýðfrelsi.

78a LR Sjálfræði.

b LR Ábyrgð, ábyrgur,
ábyrgðarskylda.

c LR Lokadómur.

80a 2 Ne 1:7–9;

K&S 98:5–6.

LR Stjórnarskrá.

b 1 Ne 13:13–19.

81a Lúk 18:1–8.

b LR Bæn.

89a Jes 45:15;

K&S 121:1, 4; 123:6.

90a LR Ráðsmaður,

ráðsmennska.

b Op 21:8.

LR Vantrú.

91a Matt 25:30;

K&S 19:5; 29:15–17;
124:8.

92a LR Miskunnsamur,
miskunnssemi.

93 Það sem ég hef mælt til yðar hlýtur að verða, svo að allir menn verði án "afsökunar —

94 Að vitrir menn og stjórnendur megi heyra og vita það, sem þeir hafa aldrei "hugleitt —

95 Og ég fái haldið áfram iðju minni, minni "sérstæðu iðju, og vinna mitt verk, mitt sérstæða verk, svo að menn fái "greint milli hinna réttlátu og hinna ranglátu, segir Guð yðar.

96 Og enn segi ég yður, að það er andstætt boði mínu og vilja, að þjónn minn Sidney Gilbert selji óvinum mínum í hendur "forðabúr mitt, sem ég hef útnefnt fólki mínu.

97 Lát ekki óvini mína vanhelga það, sem ég hef útnefnt með

samþykki þeirra, sem "kenna sig við nafn mitt —

98 Því að þetta er mikil og alvarleg synd gegn mér og gegn fólki mínu, vegna þess sem ég hef ákvarðað og bráðlega hendir þjóðirnar.

99 Þess vegna er það vilji minn, að fólk mitt gjöri kröfu og haldi fast við hana um það, sem ég hef útnefnt þeim, þó að það fái ekki leyfi til að dveljast þar.

100 Þó segi ég ekki, að það skuli ekki dvelja þar, því að beri það ávöxt og vinni verk er hæfa ríki mínu, skal það dvelja þar.

101 Þeir munu byggja og aðrir skulu "ekki erfa það. Þeir munu gróðursetja víngarða og skulu neyta ávaxtar þeirra. Já, vissulega. Amen.

102. KAFLI

Fundargjörð um skipan háráðs Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu í Kirtland, Ohio, 17. febrúar 1834. Fundargjörðina rituðu upphaflega öldungarnir Oliver Cowdery og Orson Hyde. Spámaðurinn fór yfir fundargjörðina næsta dag og daginn eftir það var leiðrétt fundargjörðin samþykkt einróma af háráðinu sem „mótun og stjórnskipulag háráðs“ kirkjunnar. Versum 30 til og með 32, sem varða Tólfpostularáðið, var bætt við undir stjórn Josephs Smith árið 1835, þegar þessi kaflí í Kenningu og sáttmálum var búinn undir prentun.

1–8, Háráð er útnefnt til að leysa erfíðan vanda, sem upp kemur í kirkjunni; 9–18, Dómskóp við yfirheyrslur gefin; 19–23, Forseti ráðsins tekur ákvörðunina; 24–34, Aðferð við áfrýjun sett fram.

ÞENNAN dag kom aðalráð tuttugu og fjögurra hápresta saman í húsi Josephs Smith yngri, samkvæmt opinberun, og vann að skipulagningu "háráðs kirkju Krists, sem í ættu sæti tólf háprestar

93a Róm 1:18–21.

94a Jes 52:15;
3 Ne 20:45; 21:8.

95a Jes 28:21;
K&S 95:4.

b Mal 3:18.

LR Dómgreind,
dómgreindargáfa.

96a LR Forðabúr.
97a K&S 103:4; 112:25–26;

125:2.

101a Jes 65:21–22.

LR Þúsundáraríkið.

102 1a LR Háráð.

og einn eða þrír forsetar eftir aðstæðum.

2 Háráðið var tilnefnt með opinberun í þeim tilgangi að leysa erfiðan vanda, sem kynni að koma upp í kirkjunni og kirkjan eða "biskupsráðið gæti ekki leyst þannig, að hlutaðeigendur væru ánægðir.

3 Joseph Smith yngri, Sidney Rigdon og Frederick G. Williams voru með rödd ráðsins viðurkenndir forsetar, og Joseph Smith eldri, John Smith, Joseph Coe, John Johnson, Martin Harris, John S. Carter, Jared Carter, Oliver Cowdery, Samuel H. Smith, Orson Hyde, Sylvester Smith og Luke Johnson, háprestar, voru með einróma samþykki ráðsins valdir í fastaráð kirkjunnar.

4 Fyrirnefndir ráðsmenn voru síðan spurðir hvort þeir samþykktu tilnefningu sína og hvort þeir vildu starfa í því embætti í samræmi við lögmál himins, og svöruðu þeir allir, að þeir samþykktu tilnefningu sína og myndu rækja embætti sín í samræmi við þá náð, sem Guð sýndi þeim.

5 Tala þeirra, er sátu ráðið og greiddu atkvæði fyrir kirkjuna og í nafni hennar um tilnefningu fyrirnefndra ráðsmanna, var fjörutíu og þrír, sem skiptist þannig: Níu háprestar, sautján öldungar, fjórir prestar og þrettán meðlimir.

6 Samþykkt: Að háráðið hafi ekki úrskurðarvald, ef færri en sjö hinna fyrirnefndu ráðsmanna, eða

rétt tilnefndir eftirmenn þeirra, eru viðstaddir.

7 Þessir sjö skulu hafa vald til að tilnefna aðra hápresta, sem þeir telja verðuga og hæfa til starfa í stað fjarstaddra ráðsmanna.

8 Samþykkt: Að hvenær sem einhver staðan losni, vegna dauðsfalls, brottvikningar úr embætti einhvers fyrrgreindra ráðsmanna vegna misferlis, eða brottflutnings frá umráðasvæði stjórnar þessarar kirkju, skuli staðan skipuð með tilnefningu forsetans eða forsetanna og staðfestingu aðalráðs háprestanna, sem kallað væri saman í þeim tilgangi og starfar í nafni kirkjunnar.

9 Forseti kirkjunnar, sem einnig er forseti ráðsins, er tilnefndur með "opinberun, og er stjórnunarstaða hans "staðfest með rödd kirkjunnar.

10 Og það er í samræmi við tign embættis hans, að hann sé í forsæti í ráði kirkjunnar og það er réttur hans að hafa sér til aðstoðar tvo aðra forseta, sem tilnefndir eru á sama hátt og hann sjálfur var tilnefndur.

11 Og séu annar eða báðir þeirra, sem tilnefndir eru honum til aðstoðar, fjarverandi, hefur hann vald til að vera í forsæti ráðsins án aðstoðarmanns. Og sé hann sjálfur fjarverandi, hafa hinir forsetarnir vald til að vera í forsæti í stað hans, annar þeirra eða báðir.

12 Hvenær sem háráð kirkju

2a K&S 107:72–74.
9a LR Opinberun.

b LR Stuðningur við
kirkjuleiðtoga.

Krists er formlega skipað, á þann hátt sem að framan greinir, skal það vera skylda ráðsmannanna tólf að varpa hlutkesti um röð þeirra og þannig ákveða hver hinna tólf skuli fyrstur tala, og er byrjað á númer eitt og þannig áfram að númer tólf.

13 Hvenær sem þetta ráð kemur saman til afgreiðslu einhvers máls, skulu ráðsmennirnir tólf íhuga hvort um erfitt mál sé að ræða eða ekki. Ef ekki, skulu aðeins tveir ráðsmannanna reifa það, á þann hátt sem að framan greinir.

14 En teljist það erfitt, skulu fjórir tilnefndir. Og sé það sérlega erfitt, þá sex. En í engu tilvikum skal tilnefna fleiri en sex.

15 Hinir ákærðu í öllum málum eiga rétt á helmingi ráðsmannanna, til að koma í veg fyrir misbeitingu eða óréttlæti.

16 Þeir ráðsmenn, sem nefndir eru til að tala fyrir ráðinu, eiga að sækja málið, eftir að málgögn hafa verið skoðuð í réttu ljósi fyrir ráðinu, og hver maður tali af sanngírni og "réttvísi.

17 Þeir ráðsmenn, sem draga jafnar tölur, það er 2, 4, 6, 8, 10 og 12, skulu koma fram fyrir hönd hins ákærða og koma í veg fyrir misbeitingu og óréttlæti.

18 Í öllum málum skulu ákærandi og ákærði eiga rétt á að tala sjálfir fyrir ráðinu, eftir að málgögn hafa verið kynnt og þeir ráðsmenn, sem tilnefndir hafa verið til að flytja málið, hafa lokið máli sínu.

19 Eftir að málgögn hafa verið kynnt, ráðsmenn, ákærandi og hinn ákærði hafa talað, skal forseti fella úrskurð sinn í samræmi við þann skilning, sem hann hefur á málinu, og kalla til ráðsmennina tólf til að staðfesta hann með atkvæði sínu.

20 En ef aðrir ráðsmenn, sem ekki hafa talað, eða einhver þeirra, verða varir við villu í úrskurði forsetans, eftir að hafa hlýtt á málflutninginn allan á óhlutdrægan hátt, geta þeir látið það í ljós, og skal málið þá tekið fyrir að nýju.

21 Og ef, eftir vandlegan endurflutning málsins, einhverju nýju ljósi er varpað á það, skal úrskurðinum breytt í samræmi við það.

22 En komi ekkert nýtt í ljós, skal fyrri úrskurður gilda, og hefur meiri hluti ráðsins vald til að ákveða það.

23 Sé um erfiðleika að ræða varðandi "kenningu eða grundvallarreglu og ekki finnst nægilegt um það skráð til að gjöra ráðinu málið augljóst, getur forsetinn spurt og leitað álits Drottins með ^bopinberun.

24 Þegar háprestarnir eru erlendis, hafa þeir vald til þess að kalla saman og skipuleggja ráð á fyrrgreindan hátt til að leysa vandamál, þegar annar eða báðir aðilar fara fram á það.

25 Og umrætt ráð háprestanna skal hafa vald til að tilnefna einn úr þeirra hópi til að vera í forsæti slíks ráðs þann tíma.

26 Það skal vera skylda umrædds ráðs að senda samstundis eintak af málsskjölum ásamt fullri greinargerð fyrir vitnaleiðslunni, sem ákvörðun þeirra byggist á, til háráðsins, þar sem aðsetur æðsta forsætisráðs kirkjunnar er.

27 Verði málsaðilar, báðir eða annarhvor, óánægðir með úrskurð umrædds ráðs, geta þeir áfrýjað til háráðsins, þar sem aðsetur æðsta forsætisráðs kirkjunnar er, og fengið málið tekið upp, og skal málið flutt þar í samræmi við framanskráð, eins og engin ákvörðun hafi verið tekin.

28 Þetta ráð hápresta erlendis skal aðeins kalla saman, þegar upp koma mjög „erfið mál innan kirkjunnar, en ekkert venjulegt eða algengt mál nægir til að kalla saman slíkt ráð.

29 Farand-háprestar eða háprestar staðsettir erlendis hafa vald til að úrskurða hvort nauðsynlegt sé að kalla saman slíkt ráð eða ekki.

30 Mismunur er á ákvörðunum háráðsins eða „farand-hápresta erlendis annars vegar og

farand-háráðsins, sem ^hpostularnir tólf eru í, hins vegar.

31 Ákvörðun hinna fyrrnefndu má áfrýja, en ákvörðun hinna síðarnefndu ekki.

32 Hina síðarnefndu geta aðeins aðalvaldhafar kirkjunnar véfengt, sé um lög málsbrot að ræða.

33 Ákvörðun: Að forsetinn eða forsetarnir í æðsta forsætisráði kirkjunnar hafi í hverju tilviki vald til að ákveða hvort rétt sé að taka það mál fyrir að nýju, sem áfrýjað hafi verið, eftir að hafa skoðað áfrýjunina og málsöggn þau og yfirlýsingar, sem henni fylgja.

34 Ráðsmennirnir tólf vörpuðu síðan hlutkesti um hverjir skyldu fyrstir tala, og niðurstaðan varð sem hér segir: 1, Oliver Cowdery; 2, Joseph Coe; 3, Samuel H. Smith; 4, Luke Johnson; 5, John S. Carter; 6, Sylvester Smith; 7, John Johnson; 8, Orson Hyde; 9, Jared Carter; 10, Joseph Smith eldri; 11, John Smith; 12, Martin Harris.

Fundinum lauk með bæn.

OLIVER COWDERY,

ORSON HYDE,

ritarar

103. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 24. febrúar 1834. Þessi opinberun var gefin eftir komu Parleys P. Pratt og Lymans Wight til Kirtlands, Ohio, en þeir komu frá Missouri til að ráðgast við spámanninginn varðandi aðstoð við hina heilögu og endurheimt þeirra á löndum sínum í Jacksonsýslu.

1–4, *Hvers vegna Drottinn leyfði, að hinir heilögu í Jacksonsýslu væru*

ofsóttir; 5–10, Hinir heilögu munu sigra, ef þeir halda boðorðin; 11–20,

Lausn Síonar verður með mætti, og Drottinn mun fara fyrir fólki sínu; 21–28, Hinir heilögu munu sameinast í Síon, og þeir sem fórna lífi sínu munu finna það aftur; 29–40, Ýmsir bræður eru kallaðir til að skipuleggja Síonarfylkingu og fara til Síonar; þeim er heitið sigri, ef þeir eru staðfastir.

SANNLEGA segi ég yður, vinir mínir: Sjá, ég gef yður opinberun og fyrirmæli, svo að þér vitið hvernig þér skuluð framfylgja skyldum yðar varðandi sálhjálp og lausn bræðra yðar, sem dreifðir hafa verið í landi Síonar —

2 Óvinir mínir hafa hrakið þá og þjáð, en heilagri reiði minni mun ég úthella takmarkalaust yfir þá á sínum tíma.

3 Því að ég hef leyft þeim fram að þessu, að þeir fái að fylla mæli misgjörða sinna, svo að bikar þeirra verði fullur —

4 Og svo að skamma hríð mætti með sárrí og þungbærri ögun aga þá, sem kenna sig við nafn mitt, vegna þess að þeir hlýddu ekki að fullu þeim boðum og fyrirmælum, sem ég gaf þeim.

5 En sannlega segi ég yður, að ég hef tekið ákvörðun, sem fólki mínu verður ljós, svo sem það frá þessari sömu stundu hlítir þeim ráðum, sem ég, Drottinn Guð þeirra, mun gefa því.

6 Sjá, það mun einmitt frá þessari stundu fara að sigrast á óvinum mínum, því að ég hef ákvarðað það.

7 Og með því að hlýða á og virða öll þau orð, sem ég, Drottinn Guð þeirra, mæli til þeirra, skal sigurgöngu þeirra aldrei linna fyrr en ríki heimsins eru lögð að fótum mér og jörðin verður afhent hinum heilögu til eignar, alltaf og að eilífu.

8 En sem þeir halda ekki boðorð mín og hlýða ekki á né virða öll mín orð, svo munu ríki heimsins sigrast á þeim.

9 Því að þeim var ætlað að verða heiminum ljós og mönnunum frelsarar —

10 Og sem þeir eru mönnunum ekki frelsarar, svo eru þeir sem salt er dofnað hefur, og því til einskis annars nýtt en að vera kastað út og fótum troðið af mönnum.

11 En sannlega segi ég yður, ég hef ákvarðað að bræður yðar, sem dreifðir hafa verið, snúi aftur til erfðalanda sinna og byggji upp eyðistaði Síonar.

12 Því að eftir mikið andstreymi kemur blessunin, eins og ég hef áður boðið.

13 Sjá, þetta er sú blessun, sem ég hef heitið yður eftir andstreymi yðar og andstreymi bræðra yðar — lausn yðar og lausn bræðra yðar,

103 1a K&S 43:8.

b K&S 101:43–62.

2a K&S 101:1; 109:47.

3a Al 14:10–11; 60:13.

4a K&S 95:1.

LR Aga.

b K&S 101:2; 105:2–6.

5a LR Ráðgjöf.

7a K&S 35:24.

LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

b Dan 2:44.

c Dan 7:27.

d LR Heilagur.

e K&S 38:20.

8a Mósa 1:13;

K&S 82:10.

9a 1 Ne 21:6.

10a Matt 5:13–16;

K&S 101:39–40.

11a K&S 101:18.

12a Op 7:13–14;

K&S 58:4; 112:13.

jafnvel endurreisn þeirra í Síonarlandi, sem skal uppbyggt og aldrei framfar niður rífið.

14 Ef þeir eigi að síður vanhelga arfleifð sína, mun þeim kollvarpað, því að ég mun ekki hlífa þeim, ef þeir vanhelga arfleifð sína.

15 Sjá, ég segi yður, að lausn Síonar hlýtur að verða með mætti —

16 Þess vegna mun ég vekja mann fyrir fólk mitt, sem mun leiða það líkt og “Móse leiddi börn Ísraels.

17 Því að þér eruð börn Ísraels og af “niðjum Abrahams og yður verður að leiða úr ánaud af mætti og með útréttum armi.

18 Og á sama hátt og feður yðar voru í fyrstu leiddir, já, þannig mun endlausn Síonar verða.

19 Látið þess vegna ekki hugfallast, því að ég segi ekki við yður eins og ég sagði við feður yðar: “Engill minn mun fara fyrir yður, en ekki ^bnávist mín.

20 En ég segi við yður: “Englar mínir munu fara fyrir yður og einnig návist mín, og er tímar líða munuð þér ^beignast hið góða land.

21 Sannlega, sannlega segi ég yður, að þjónn minn Joseph Smith yngri er sá “maður, sem ég líkti þjóninum við, sem herra ^bvín-garðsins talaði til í dæmisögunni, sem ég hef gefið yður.

22 Þess vegna skal þjónn minn Joseph Smith yngri mæla hina ungu menn mína og þá miðaldra við “styrk húss míns — Safnist saman á landi Síonar, á því landi, sem ég hef keypt fyrir það fé, er mér hefur verið helgað.

23 Og allir söfnuðirnir sendi hyggna menn með fé sitt og ^akaupi land, já, eins og ég hef boðið þeim.

24 Og sem óvinir mínir koma gegn yður og reka yður af hinu góða ^alandi mínu, er ég hef helgað sem land Síonar, já, af yðar eigin löndum, eftir að þér hafið vitnað gegn þeim fyrir mér, svo skuluð þér formæla þeim —

25 Og hverjum, sem þér formælið, mun ég formæla, og þér skuluð ná rétti mínum á óvinum mínum.

26 Og návist mín verður með yður, já, við að ná ^arétti mínum yfir óvinum mínum, allt í þriðja og fjórða ætlið þeirra, sem forsmá mig.

27 Enginn maður skal óttast að fórna lífi sínu mín vegna, því að sá, sem ^aleggur líf sitt í sölurnar mín vegna, mun finna það aftur.

28 Og hver sá, sem ekki er fús til að fórna lífi sínu mín vegna, er ekki lærisveinn minn.

29 Það er vilji minn, að þjónn minn “Sidney Rigdon hefji upp raust sína yfir söfnuðunum í

16a 2 Mós 3:2–10;
K&S 107:91–92.
LR Móse.

17a LR Abraham — Niðjar
Abrahams;
Sáttmáli Abrahams.

19a LR Englar.
b K&S 84:18–24.

20a 2 Mós 14:19–20.
b K&S 100:13.

21a K&S 101:55–58.
b LR Vín-garður Drottins.

22a K&S 35:13–14;
105:16, 29–30.

23a K&S 42:35–36; 57:5–7;
58:49–51; 101:68–74.

24a K&S 29:7–8; 45:64–66;
57:1–2.

26a K&S 97:22.

27a Matt 10:39;

Lúk 9:24;

K&S 98:13–15; 124:54.

29a LR Sidney Rigdon.

austurhlutum landsins og búi þá undir að halda þau boð, sem ég hef gefið þeim varðandi endurreisn og endurlausn Síonar.

30 Það er vilji minn, að þjónn minn "Parley P. Pratt og þjónn minn Lyman Wight snúi ekki aftur til lands bræðra sinna, fyrr en þeir hafa náð tíu, tuttugu, fimmtíu eða hundrað manna hópum til að fara til Síonarlands, ekki fyrr en þeir hafa skipulagt fimm hundruð manns af ^bstyrk húss míns.

31 Sjá, þetta er vilji minn. Biðjið og yður mun gefast. En menn gjöra "ekki alltaf vilja minn.

32 Ef þér getið því ekki náð fimm hundruðum, leitið þá af kostgæfni, svo að þér mögulega náðið þremur hundruðum.

33 Og ef þér náðið ekki þremur hundruðum, leitið þá af kostgæfni, svo að þér mögulega náðið einu hundraði.

34 En sannlega segi ég yður: Þau fyrirmæli gef ég yður, að fara ekki til Síonarlands, fyrr en þér hafið náð einu hundraði af styrk húss míns til að fara með yður til Síonarlands.

35 Eins og ég því sagði yður, biðjið og yður mun gefast. Biðjið einlæglega að þjóni mínum Joseph Smith yngri megi auðnast að fara með yður og vera í forsæti meðal fólks míns og skipuleggja ríki mitt á hinu "helgaða landi og koma börnum Síonar fyrir samkvæmt þeim lögum og boðum, sem hafa verið og gefin verða yður.

36 Allur sigur og öll dýrð fellur yður í skaut fyrir "kostgæfni yðar, staðfestu og ^btrúarbæni.

37 Lát þjón minn Parley P. Pratt fara með þjóni mínum Joseph Smith yngri.

38 Lát þjón minn Lyman Wight fara með þjóni mínum Sidney Rigdon.

39 Lát þjón minn Hyrum Smith fara með þjóni mínum Frederick G. Williams.

40 Lát þjón minn Orson Hyde fara með þjóni mínum Orson Pratt, hvert sem þjónn minn Joseph Smith yngri ræður þeim að fara, til uppfyllingar þeim boðum, sem ég hef gefið yður. En felið allt annað í mínar hendur. Já, vissulega. Amen.

104. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith í eða nálægt Kirtland Ohio, 23. apríl 1834, varðandi Sameinaða fyrirtækið (sjá formála að kafla 78 og 82). Tilefnið var líklega ráðsfundur meðlima Sameinaða fyrirtækisins, þar sem brýnar stundlegar þarfir kirkjunnar voru ræddar. Á fyrri fundi fyrirtækisins þann 10. apríl var ákveðið að leggja samtökin niður. Þessi opinberun veitir þá leiðsögn að þess í stað skylði fyrirtækið

30a LR Parley Parker Pratt.
b K&S 101:55.

31a K&S 82:10.
35a K&S 84:31.

36a LR Kostgæfni.
b K&S 104:79–82.

endurskipulagt og eignum þess skipt á milli meðlima fyrirtækisins, og yrði það þeirra ráðsmennska. Í opinberuninni, undir leiðsögn Josephs Smith var nafninu Sameinaða fyrirtækið breytt í Sameiningarreglu.

1–10, Hinir heilögu, sem brjóta gegn sameiningarreglunni, munu for-dæmdir; 11–16, Drottinn sér fyrir sínum heilögu á sinn hátt; 17–18, Lögmál fagnaðararindisins stjórnar umönnun hinna fátæku; 19–46, Ráðsmennska og blessanir ýmissa bræðra tilgreindar; 47–53, Sameiningarreglan í Kirtland og reglan í Síon skulu starfa aðskildar; 54–66, Hin helga fjárhirsla Drottins stofnsett til prentunar á ritningunum; 67–77, Hin almenna fjárhirsla sameiningarreglunnar skal starfa á grundvelli almennrar samþykktar; 78–86, Þeir sem eru í sameiningarreglunni skulu greiða allar skuldir sínar, og Drottinn mun frelsa þá úr fjárhagsfjötrum.

SANNLEGA segi ég yður, vinir mínir, ég gef yður ráð og fyrirmæli varðandi allar eigur þeirrar reglu, sem ég bauð að skipulögð yrði og stofnsett, og vera skyldi “sameiningarregla og ævarandi regla kirkju minni til heilla og mönnum til hjálpræðis, þar til ég kem —

2 Með því óhagganlega og óbreytanlega fyrirheiti, að sem þeir, er ég hef boðið, eru trúir, svo skuli þeir hljóta margfaldar blessanir —

3 En sem þeir eru ekki trúir, svo vofir yfir þeim bölvun.

4 En sem sumir þjóna minna hafa

ekki haldið boðorðið, heldur rofið sáttmálann með “ágirnd og hræsnisfullum orðum, svo hvílir yfir þeim þung og alvarleg bölvun.

5 Því að ég, Drottinn, hef ákvarðað í hjarta mínu, að sem einhver maður, er reglunni tilheyrir, reynist brotlegur, eða með öðrum orðum, rjúfi sáttmálann, sem þér eruð bundin, svo hvílir yfir honum bölvun í lífi hans og hann mun fótumtroðinn af hverjum sem ég vil —

6 Því að ég, Drottinn, læt ekki að mér “hæða í þessu —

7 Og allt er þetta svo að hinir saklausu meðal yðar verði ekki dæmdir með hinum ranglátu og hinir seku meðal yðar komist ekki undan, vegna þess að ég, Drottinn, hef heitið yður “dýrðarkórónu mér til hægri handar.

8 Sem þér þess vegna reynist brotlegir, svo fáid þér eigi umflúið heilaga reiði mína í lífi yðar.

9 Sem þér eruð “útilokaðir vegna afbrota, svo fáid þér eigi umflúið ^bhirtingu “Satans fram að degi endurlausnarinnar.

10 Og ég gef yður nú vald einmitt frá þessari stundu, að reynist einhver maður meðal yðar í reglunni brotlegur og iðrist ekki hins illa, þá skuluð þér ofurselja hann hirtingu Satans, og hann

104 1a K&S 78:3–15.

LR Sameiningarreglan.

4a LR Ágirnd.

6a Gal 6:7–9.

7a Jes 62:3;

K&S 76:56.

LR Dýrð.

9a LR Brottvikning.

b K&S 82:21.

c LR Djöfull.

mun ekkert vald hafa til að ^aleiða illt yfir yður.

11 Þetta er viska mín. Þess vegna gef ég yður þau fyrirmæli, að þér komið málum yðar í lag og útnefnið hverjum manni sína ^aráðsmennsku —

12 Svo að sérhver maður gjöri mér grein fyrir þeirri ráðsmennsku, sem honum er útnefnd.

13 Því að æskilegt er, að ég, Drottinn, gjöri sérhvern mann ^aábyrgan sem ^bráðsmann þeirra jarðnesku blessana, sem ég hef gjört og fyrirbúið lífverum mínum.

14 Ég, Drottinn, þandi út himnana og ^askóp jörðina, mitt eigið ^bhandaverk. Og allt, sem þar er, er mitt.

15 Og ætlun mín er að sjá um mína heilögu, því að allt er mín eign.

16 En það verður að gjörast á minn ^ahátt. Og sjá, þannig hef ég, Drottinn, ákvarðað að sjá um mína heilögu, að hinir ^bfátæku verði upp hafnir með því að hinir ríku verði niðurlægðir.

17 Því að ^ajörðin er auðug, af nógu er að taka og meira en það, já, ég gjörði allt til reiðu og hef gefið mannanna börnum ^bsjálfræði.

18 Ef einhver maður tekur því

af þeirri ^agnægð, sem ég hef gjört, og gefur ekki sinn hluta af því til hinna ^bfátæku og þurfandi, í samræmi við ^clög málfagnaðar erindis míns, skal hann ásamt hinum ranglátu í kvöl ljúka upp augum sínum í ^dvíti.

19 Og sannlega segi ég yður nú varðandi eigur ^areglunnar:

20 Lát útnefna þjóni mínum Sidney Rigdon ráðsmennsku staðarins, sem hann nú býr á, og lóð sútunarstöðvarinnar, honum til framfærslu, meðan hann starfar í vingarði mínum, já, að mínum vilja, þegar ég býð honum.

21 Og allt skal gjört að ráðum reglunnar og með einróma samþykkt eða rödd reglunnar, sem hefur aðsetur í landi Kirtlands.

22 Og þessa ráðsmennsku og blessun veiti ég þjóni mínum Sidney Rigdon honum til blessunar og niðjum hans eftir hann —

23 Og ég mun margfalda blessanir hans, svo sem hann reynist auðmjúkur fyrir mér.

24 Og enn, lát útnefna þjóni mínum Martin Harris ráðsmennsku landshluta þess, sem þjónn minn John Johnson fékk í skiptum fyrir fyrri arfleifð sína, fyrir hann og niðja hans eftir hann —

10a K&S 109:25–27.

11a K&S 42:32.

LR Ráðsmaður,
ráðsmennska.

13a LR Ábyrgð, ábyrgur,
ábyrgðarskylda.

b K&S 72:3–5, 16–22.

14a Jes 42:5; 45:12.

LR Skapa, sköpun.

b Sálm 19:1; 24:1.

16a K&S 105:5.

LR Velferð.

b 1 Sam 2:7–8;

Lúk 1:51–53;

K&S 88:17.

17a K&S 59:16–20.

LR Jörð.

b LR Sjálfræði.

18a Lúk 3:11;

Jakbr 2:15–16.

b Okv 14:21;

Mósía 4:26;

K&S 52:40.

c K&S 42:30.

d Lúk 16:20–31.

19a LR Sameiningarreglan.

25 Og sem hann reynist trúr, svo mun ég margfalda blessanir hans og niðja hans eftir hann.

26 Og lát þjón minn Martin Harris helga fé sitt til boðunar orðs míns, eins og þjónn minn Joseph Smith yngri segir til um.

27 Og enn, lát þjón minn Frederick G. Williams hafa þann stað, sem hann nú býr á.

28 Og þjónn minn Oliver Cowdery hafi landið er liggur að húsinu, sem verða skal prentsmiðjan, sem er lóð númer eitt, og einnig lóðina, sem faðir hans býr á.

29 Og lát þjóna mína Frederick G. Williams og Oliver Cowdery hafa prentsmiðjuna og allt, sem henni tilheyrir.

30 Og þetta skal vera sú ráðsmennska, sem þeim er útnefnd.

31 Og sem þeir reynast trúir, sjá, svo mun ég blessa þá og margfalda blessanir þeirra.

32 Og þetta er upphaf þeirrar ráðsmennsku, sem ég hef útnefnt þeim og niðjum þeirra eftir þá.

33 Og sem þeir reynast trúir, svo mun ég úthella blessunum yfir þá og niðja þeirra eftir þá, já, margföldum blessunum.

34 Og enn, lát þjón minn John Johnson hafa húsið, sem hann býr í og arfleifðina, allt utan þá grund, sem frátekin var og tilheyrir arfleifðinni og ætluð er undir "byggingu húsa minna, ásamt þeim lóðum, sem ánafnaðar hafa verið þjóni mínum Oliver Cowdery.

35 Og sem hann reynist trúr, svo mun ég margfalda blessanir hans.

36 Og það er vilji minn, að hann selji þær lóðir, sem ætlaðar eru til uppbyggingar borgar minna heilögu, eftir því sem "rödd andans kunnjörir honum og samkvæmt ráði reglunnar og samþykkt reglunnar.

37 Og þetta er upphaf þeirrar ráðsmennsku, sem ég hef útnefnt honum, honum til blessunar og niðjum hans eftir hann.

38 Og sem hann reynist trúr, svo mun ég margfalda margfaldar blessanir hans.

39 Og enn, lát útnefna þjóni mínum "Newel K. Whitney húsin og lóðina, sem hann nú býr á, og lóðina og bygginguna, þar sem verslunin er, og einnig lóðina, sem er á horninu sunnan við verslunina, og einnig lóðina, þar sem pottöskuverksmiðjan er staðsett á.

40 Og allt þetta hef ég útnefnt til ráðsmennsku þjóni mínum Newel K. Whitney, honum til blessunar og niðjum hans eftir hann, til heilla fyrir verslun reglu minnar, sem ég hef stofnsett fyrir stiku mína í landi Kirtlands.

41 Já, vissulega, þetta er sú ráðsmennska, sem ég hef útnefnt þjóni mínum N. K. Whitney, já, alla verslunina, honum og "erindreka hans, og niðjum hans eftir hann.

42 Og sem hann reynist trúr þeim fyrirmælum, sem ég hef gefið honum, svo mun ég margfalda

34a K&S 94:3, 10.
36a LR Opinberun.

39a LR Newel K. Whitney.
41a K&S 84:112–113.

blessanir hans og niðja hans eftir hann, já, með margföldum blessunum.

43 Og enn, lát útnefna þjóni mínum Joseph Smith yngri lóðina, sem ákveðin er undir byggingu húss míns, sem er fjörutíu stangir á lengd og tólf á breidd, og einnig arfleifðina, sem faðir hans býr nú á —

44 Og þetta er upphaf þeirrar ráðsmennsku, sem ég hef útnefnt honum, honum og föður hans til blessunar.

45 Því að sjá, ég hef ætlað “föður hans arfleifð, honum til framfærslu. Þess vegna skal hann talinn með húsi þjóns míns Josephs Smith yngri.

46 Og svo mun ég úthella blessunum yfir hús þjóns míns Josephs Smith yngri, sem hann reynist trúr, já, margföldum blessunum.

47 Og nú gef ég yður þau boð varðandi Síon, að þér séuð ekki lengur bundnir bræðrum yðar í Síon sem sameiningarregla nema á þennan hátt:

48 Þegar þér hafið komið málum yðar í lag, skuluð þér kallast Sameiningarregla “Síonarstiku, Borg Kirtlands. Og bræður yðar, eftir að þeir hafa komið sínum málum í lag, skulu kallast Sameiningarregla Síonarborgar.

49 Og þeir skulu skipulagðir í eigin nöfnum, og eigin nafni, og reka viðskipti sín í eigin nafni, og eigin nöfnum —

50 Og þér skuluð reka viðskipti yðar í eigin nafni, og eigin nöfnum.

51 Og þetta hef ég boðið að gjört verði, yður til hjálpræðis og einnig þeim til hjálpræðis, vegna þess að þeir hafa verið “hraktir burtu, og vegna þess sem koma skal.

52 “Sáttmálarnir hafa verið rofnir með broti, ^bágirnd og hræsnisfullum orðum —

53 Þess vegna eruð þér leystir upp sem sameiningarregla með bræðrum yðar, svo að þér séuð frá þessari stundu aðeins bundnir þeim á þann hátt, sem ég sagði, með láni eins og ráð þessarar reglu er einhuga um og aðstæður yðar leyfa og rödd ráðsins segir til um.

54 Og fyrirmæli gef ég yður enn varðandi ráðsmennsku þá, sem ég hef útnefnt yður.

55 Sjá, allar þessar eignir eru mínar, ella er trú yðar einskisverð, og þér eruð fundnir hræsnarar, og sáttmálarnir, sem þér hafið gjört við mig, eru rofnir —

56 Og séu eignirnar mínar, þá eruð þér “ráðsmenn, ella eruð þér engir ráðsmenn.

57 En sannlega segi ég yður, ég hef útnefnt yður sem ráðsmenn húss míns, já, vissulega ráðsmenn.

58 Og í þeim tilgangi hef ég boðið yður að koma á skipulagi, já, jafnvel að prenta “orð mín, fyllingu ritninga minna, opinberanirnar, sem ég hef gefið yður og

45a K&S 90:20.

LR Joseph Smith eldri.

48a K&S 82:13; 94:1; 109:59.

LR Stika.

51a K&S 109:47.

52a LR Sáttmáli.

b LR Ágirnd.

56a LR Ráðsmaður,

ráðsmennska.

58a LR Þýðing Josephs Smith (þjs).

sem ég mun síðar öðru hverju gefa yður —

59 Í þeim tilgangi að byggja upp kirkju mína og ríki á jörðu og búa fólk mitt undir þann tíma, er ég mun ^bdvelja með því, tíma, sem er í nánd.

60 Og þér skuluð gjöra fjárhirslu til reiðu fyrir yður og helga hana nafni mínu.

61 Og þér skuluð tilnefna einn yðar til að sjá um fjárhirsluna, og hann skal vígður þeirri blessun.

62 Og innsigli skal vera á fjárhirslunni og allt, sem heilagt er, skal afhent fjárhirslunni, og enginn yðar á meðal skal kalla það eða nokkurn hluta þess sitt eigið, því að það skal tilheyra yður öllum sem einum.

63 Og ég gef yður það einmitt frá þessari stundu. Og sjáið nú um að þér farið og notið þá ráðsmennsku, sem ég hef útnefnt yður, að undanskildu því, sem heilagt er, í þeim tilgangi að prenta þá helgu hluti, sem ég hef talað um.

64 Og arður af hinu heilaga skal geymdur í fjárhirslunni og innsigli skal á því. Og enginn skal nota það né taka það úr fjárhirslunni, né heldur skal innsiglið rofið, sem á það verður sett, nema til komi samþykki reglunnar eða fyrirsmáli.

65 Og þannig skuluð þér varðveita arðinn af hinu helga í fjárhirslunni í heilögum tilgangi.

66 Og hún skal nefnast hin helga fjárhirsla Drottins, og innsigli skal

á henni haft, svo að hún verði heilög og helguð Drottni.

67 Og enn fremur skal önnur fjárhirsla höfð til reiðu og féhirðir tilnefndur til að gæta hennar og innsigli skal á hana sett —

68 Og allt fé, sem þér takið á móti í ráðsmennsku yðar, vegna endurbóta á eignum þeim sem ég hef útnefnt yður, af húsum, landi eða búpeningi, eða af öllu utan hinna helgu rita, sem ég hef varðveitt fyrir sjálfan mig í heilögum tilgangi, skal sett í fjárhirsluna jafnóðum og þér fáið peninga í hendur, í hundruðum, eða í fimmtíu, eða í tuttugu, eða í tíu eða í fimm.

69 Eða með öðrum orðum, fái einhver yðar fimm dali, skal hann láta það í fjárhirsluna, eða fái hann tíu, eða tuttugu, eða fimmtíu, eða hundrað, skal hann gjöra hið sama —

70 Og enginn yðar á meðal skal segja, að það sé sitt eigið, því að hvorki það né hluti þess mun kallast hans.

71 Og enginn hluti þess skal notaður eða tekinn úr fjárhirslunni, nema til komi rödd eða almenn samþykkt reglunnar.

72 Og þetta skal vera rödd eða almenn samþykkt reglunnar — að sérhver yðar á meðal segi við féhirðinn: Ég þarfnast þess mér til hjálpar í ráðsmennsku minni —

73 Og séu það fimm dalir eða séu það tíu dalir eða tuttugu eða fimmtíu eða hundrað, skal féhirðirinn gefa honum þá upphæð, sem

59a LR Þúsundarárikið.

b K&S 1:35–36; 29:9–11.

64a Þ.E. ágóði eða afrakstur.

hann krefst, honum til hjálpar við ráðsmennsku hans —

74 Þar til hann reynist brotlegur og það er greinilega staðfest frammi fyrir ráði reglunnar, að hann sé ótrúur og „grunnhygginn ráðsmaður.

75 En svo lengi sem hann nýtur fullrar aðildar og er trúur og hygginn ráðsmaður, skal það verða féhirðinum tákn um að synja honum ekki.

76 En verði um brot að ræða, skal féhirðirinn háður ráðinu og rödd reglunnar.

77 Og reynist féhirðirinn ótrúur og grunnhygginn ráðsmaður, skal hann undirgefinn ráðinu og rödd reglunnar, og honum skal vikið úr stöðu sinni og „annar tilnefndur í hans stað.

78 Og sannlega segi ég yður enn varðandi skuldir yðar: Sjá, það er vilji minn að þér „greiðið allar ^bskuldir yðar.

79 Og það er vilji minn, að þér „auðmýkið yður fyrir mér og hljótið þessa blessun með ^bkostgæfni yðar, auðmýkt og trúarbæn.

80 Og sem þér sýnið kostgæfni og auðmýkt og iðkið „trúarbæn, sjá, svo mun ég milda hjörtu

lánardrottna yðar, þar til ég sendi yður úrræði til bjargar.

81 Skrifðið þess vegna í skyndi til New York og skrifðið eins og „andi minn segir yður, og ég mun milda hjörtu lánardrottna yðar, svo að það hverfi úr huga þeirra að leiða þrengingar yfir yður.

82 Og sem þér eruð „auðmjúkir og trúir og ákallið nafn mitt, sjá, svo mun ég veita yður ^bsigur.

83 Ég gef yður fyrirheit, að þér verðið í þetta sinn leystir úr fjötrum yðar.

84 Ef þér hafið möguleika á peningaláni, hundruðum eða þúsundum, já, þar til þér hafið nægilegt til að leysa yður úr fjötrum, þá er það réttur yðar.

85 Og í þetta eina sinn skuluð þér veðsetja eigur þær, sem ég hef falið yður í hendur, með undirskrift yðar eftir almenna samþykkt eða á annan hátt, eins og yður þykir best henta.

86 Ég veiti yður þann rétt í þetta sinn, og sjá. Ef þér gjörðið það sem ég hef lagt fyrir yður, samkvæmt boði mínu, er allt þetta mitt og þér eruð ráðsmenn mínir, og húsbóndinn leyfir ekki að hús hans sé leyst upp. Vissulega ekki. Amen.

105. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith við Fishing River, Missourí, 22. júní 1834. Undir stjórn spámannsins gengu heilagir frá Ohio og öðrum svæðum til Missouri, í leiðangri sem seinna kallaðist Sónarfylkingin. Tilgangur þeirra var að fylgja hinum heilögu, sem vísað hafði verið

74a Lúk 16:1–12.

77a K&S 107:99–100.

78a K&S 42:54.

b LR Skuld.

79a LR Auðmjúkur,
auðmýkt.

b LR Kostgæfni.

80a Jakbr 5:15.

81a LR Heilagur andi.

82a Lúk 14:11;

K&S 67:10.

b K&S 103:36.

burt úr Missouri, aftur tilbaka til landa þeirra í Jacksonsýslu. Íbúar Missouri, sem höfðu áður ofsótt hina heilögu, óttuðust hefndaradgerðir af hálfu Síonarfyllkingarinnar og réðust því að fyrra bragði á nokkra heilaga sem bjuggu í Claysýslu, Missouri. Eftir að fylkisstjóri Missouri dró tilbaka loforð sitt um að styðja hina heilögu, meðtók Joseph Smith þessa opinberun.

1–5, Síon mun uppbyggð í samræmi við himneskt lögmál; 6–13, Björgun Síonar er frestað um hríð; 14–19, Drottinn mun heyja orrustur Síonar; 20–26, Hinir heilögu skulu vera hyggna og ekki guma af máttugum verkum, þegar þeir safnast saman; 27–30, Kaupa skal land í Jackson og nærliggjandi sýslum; 31–34, Öldungarnir skulu taka á móti musterisgjöf í húsi Drottins í Kirtland; 35–37, Hinir heilögu, sem bæði eru kallaðir og útvaldir munu helgaðir verða; 38–41, Hinir heilögu skulu hefja upp friðartákn fyrir heiminn.

SANNLEGA segi ég yður, sem safnast hafið saman til að heyra vilja minn varðandi „lausn hins aðþrengda fólks míns —

2 Sjá, ég segi yður: Væri það ekki fyrir „brot fólks míns, og þar er átt við kirkjuna en ekki einstaklinga, hefði lausn þeirra nú þegar átt sér stað.

3 En sjá, það hefur ekki lært að hlíta því sem ég krefst af þeirra hendi, heldur er fullt af alls kyns illsku og „gefur ekki af eigum sínum til hinna fátæku og aðþrengdu meðal þess, eins og hinum heilögu hæfir —

4 Og er ekki „sameinað á þann hátt, sem lögmál himneska ríkisins krefst —

5 Og „Síon verður ekki reist ^bnema eftir ^clögmalesreglum himneska ríkisins, að öðrum kosti get ég ekki tekið hana til mín.

6 Og „aga verður fólk mitt, þar til það lærir ^bhlýðni, enda þótt það þurfi að gerast þannig, að það þjáist.

7 Ég tala ekki um þá, sem útnefndir eru til að leiða fólk mitt, „æðstu öldunga kirkju minnar, því að þeir eru ekki allir undir þessari fordæmingu —

8 En ég tala um fjarlægari söfnuði mína — margir eru þeir sem segja munu: Hvar er Guð þeirra? Sjá, hann mun bjarga þeim á erfíðleikatímum, annars förum við ekki til Síonar, og munum halda fé okkar.

9 Mér er þess vegna æskilegt vegna „brota fólks míns, að öldungar mínir bíði um stund lausnar Síonar —

10 Svo að þeir sjálfir verði reiðubúnir og kenna megi fólki mínu betur og það hljóti reynslu og aukna þekkingu á „skyldum sínum og því, sem ég krefst af því.

105 1a K&S 100:13.
2a K&S 104:4–5, 52.
3a Post 5:1–11;
K&S 42:30.
LR Helgun,
helgunarlögmál.

4a K&S 78:3–7.
5a LR Síon.
b K&S 104:15–16.
c K&S 88:22.
6a K&S 95:1–2.
LR Aga.

b LR Hlýðni, hlýðinn,
hlýða.
7a K&S 20:2–3.
9a K&S 103:4.
10a LR Skylda.

11 Og það getur ekki orðið fyrir en “öldungum mínum ^bveitist kraftur frá upphæðum.

12 Því að sjá, ég hef fyrirbúið mikla gjöf og blessun, sem “úthellt verður yfir þá, svo sem þeir eru mér trúir og haldast auðmjúkir fyrir mér.

13 Mér er þess vegna æskilegt, að öldungar mínir bíði um hríð eftir lausn Síonar.

14 Því að sjá, ég ætla þeim ekki að heyja orrustu Síonar, því að það, sem ég sagði í fyrra boði, já, einmitt það mun ég uppfylla — ég mun “heyja orrustur yðar.

15 Sjá, “eyðandann hef ég sent til að tortíma og eyða óvinum mínum, og innan fárra ára verða þeir ekki lengur til að ^bvanhelga arfleifð mína og hæða nafn mitt á þeim landsvæðum, sem ég hef “helgað til samansöfnunar minna heilögu.

16 Sjá, ég hef boðið þjóni mínum Joseph Smith yngri að segja við “styrk húss míns, já, stríðsmenn mína, unga menn mína og miðaldra, að safnast saman til lausnar fólki mínu, brjóta niður turna óvina minna og dreifa ^bvarðmönnum þeirra —

17 En styrkur húss míns hefur ekki hlýtt orðum mínum.

18 En sem þeir hafa hlýtt orðum mínum, hef ég fyrirbúið þeim

blessun og “gjöf, séu þeir áfram trúir.

19 Ég hef heyrt bænir þeirra og veiti fórn þeirra viðtöku, og mér þykir æskilegt að leiða þá þetta langt til að reyna “trú þeirra.

20 Og sannlega segi ég yður nú: Fyrirmæli gef ég yður, að allir þeir, sem hingað eru komnir og geta dvalið í nærliggjandi héruðum, dvelji þar —

21 En þeir, sem ekki geta dvalið þar og eiga fjölskyldur í austri, skulu halda kyrru fyrir um stund, eða eins og þjónn minn Joseph tilnefni þeim.

22 Því að ég mun ráðleggja honum í þessu máli, og allt sem hann tilnefni þeim mun uppfyllast.

23 Og allt mitt fólk, sem dvelur í nærliggjandi héruðum, sé mjög staðfast, bænheitt og auðmjúkt fyrir mér og opinberi ekki það, sem ég hef opinberað því, fyrir en ég tel viturlagt að það sé opinberað.

24 Talið ekki um dóm og “hreykið yður hvorki af trú né máttugum verkum, heldur safnist gætilega saman á einum stað, eftir því sem unnt er, með tilliti til tilfinninga fólksins —

25 Og sjá, ég mun láta yður njóta hylli og náðar í augum þess, svo að þér fáið “hvílst í friði og öryggi, meðan þér segið við fólkíð: Látið oss njóta réttar og réttvísi í

11a LR Öldungur.
b K&S 38:32; 95:8.
LR Musterisgjöf.

12a K&S 110.

14a Jós 10:12–14;
Jes 49:25; K&S 98:37.

15a K&S 1:13–14.
b K&S 112:24–26.
LR Guðlasta, guðlast.

c K&S 84:3–4; 103:35.

16a K&S 101:55; 103:22, 30.
b LR Vaka, vera á verði,

verðir.
18a K&S 110:8–10.

19a LR Átrúnaður.

24a K&S 84:73.

LR Drambsemi.
25a LR Friður.

samræmi við lögin og bætið oss þann órétt, sem vér höfum verið beittir.

26 Sjá, ég segi yður nú vinir mínir: Á þennan hátt getið þér fundið náð fyrir augum fólksins, þar til “Ísraelsher verður afar voldugur.

27 Og ég mun milda hjertu fólksins öðru hverju eins og ég mildaði hjarta “Faraós, þar til þjónn minn Joseph Smith yngri og öldungar mínir, sem ég hef tilnefnt, hafa fengið ráðrúm til að sameina styrk húss míns —

28 Og hafa sent “hyggna menn til að gjöra það, sem ég hef boðið varðandi ^bkaup á öllu því landi, sem unnt er að kaupa í Jackson-sýslu og nærliggjandi héruðum.

29 Því að vilji minn er, að þetta land verði keypt, og eftir að það hefur verið keypt, þá sé það eign minna heilögu, samkvæmt “helgunarlögmálinu, sem ég hef gefið.

30 Og eftir að þessi lönd hafa verið keypt, mun ég ekki sakfella “Ísraelsheri fyrir að taka til eignar sitt eigið land, sem þeir hafa áður keypt fyrir eigið fé, og brjóta niður turna óvina minna, sem á því kunna að vera, og dreifa varðmönnum þeirra og ná ^brétti mínum yfir óvinum mínum í

þriðja og fjórða ættlið þeirra, sem forsmá mig.

31 En gjörið fyrst her minn mjög voldugan og lát “helga hann fyrir mér, svo að hann verði bjartur sem sólin og heiður sem ^bmáninn og gunnfáni hans ógnvekjandi öllum þjóðum —

32 Svo að ríki þessa heims neyðist til að viðurkenna, að ríki Síonar sé vissulega “ríki Guðs og Krists hans. Þess vegna skulum vér verða ^bundirgefin lögum hennar.

33 Sannlega segi ég yður: Mér er það æskilegt, að æðstu öldungar kirkju minnar fái “musterisgjöf sína frá upphæðum í húsi mínu, sem ég hef boðið að reist verði nafni mínu í landi Kirtlands.

34 Og þau boðorð, sem ég hef gefið varðandi Síon og “lög hennar, skulu framkvæmd og uppfyllt, eftir lausn hennar.

35 Verið hefur dagur “köllunar, en tíminn er kominn fyrir dag útvalningar, og þeir skulu útvaldir, sem ^bverðugir eru.

36 Og það mun opinberað þjóni mínum með rödd andans, hverjir eru “útvaldir, og þeir munu ^bhelgaðir verða —

37 Og sem þeir fylgja þeim “ráðum, sem þeim eru gefin, svo munu þeir, eftir marga daga,

26a Jóel 2:11.

27a 1 Mós 47:1–12.

28a K&S 101:73.

b K&S 42:35–36.

29a K&S 42:30.

LR Helgun,
helgunarlögmál;
Sameiningarreglan.

30a K&S 35:13–14; 101:55;
103:22, 26.

b K&S 97:22.

31a LR Lausn frá synd.

b Ljód 6:10;

K&S 5:14; 109:73.

32a Op 11:15.

LR Ríki Guðs eða ríki
himna.

b LR Stjórn.

33a K&S 95:8–9.

LR Musterisgjöf.

34a Þ.E. K&S 42 er þekktur
sem „Lögmálið.“

35a LR Köllun, kallaður af
Guði.

b LR Verðugur, verðleiki.

36a K&S 95:5.

LR Velja, valdi, valinn.

b LR Lausn frá synd.

37a LR Ráðgjöf.

hafa kraft til að afreka allt er Síon varðar.

38 Og enn segi ég yður: Biðjið um frið, ekki aðeins við þá sem hafa lostið yður, heldur við alla —

39 Og dragið upp “friðartákn og sendið friðarboð til endimarka jarðar —

40 Og færið þeim friðarboð, sem hafa lostið yður, í samræmi við rödd andans, sem í yður býr, og “allt mun samverka yður til góðs.

41 Verið þess vegna staðföst, og sjá og tak eftir. “Ég er með yður, já, allt til enda. Já, vissulega. Amen.

106. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 25. nóvember 1834. Þessari opinberun er beint til Warrens A. Cowdery, eldri bróður Oliver's Cowdery.

1–3, Warren A. Cowdery er kallaður sem yfirembættismaður staðarins; 4–5, Síðari koman mun ekki koma yfir börn ljóssins eins og þjófur; 6–8, Miklar blessanir fylgja dyggri þjónustu í kirkjunni.

ÞAÐ er vilji minn að þjónn minn Warren A. Cowdery verði tilnefndur og vígður ráðandi háprestur kirkju minnar í “Freedom landi og nærliggjandi héruðum —

2 Að hann boði hið ævarandi fagnaðarerindi mitt og hefji upp raust sína og aðvari fólkið, ekki aðeins á sínu svæði, heldur í nærliggjandi sýslum —

3 Og helgi þessari háu og heilögu köllun, sem ég nú veiti honum, allan tíma sinn og “leiti af

kostgæfni ^bhimnaríkis og réttlætis þess, og allt nauðsynlegt mun bættast honum að auki, því að verður er “verkamaðurinn launa sinna.

4 Og sannlega segi ég yður enn, að “koma Drottins ^bnálgast og kemur yfir heiminn sem “þjófur á nóttu —

5 Girðið þess vegna lendar yðar, svo að þér verðið börn “ljóssins og þessi dagur ^bkomi ekki yfir yður eins og þjófur.

6 Og sannlega segi ég yður enn, gleði var á himni, þegar þjónn minn Warren laut veldissprota mínum og sagði skilið við slægð mannanna —

7 Blessaður er því þjónn minn Warren, því að ég mun vera honum miskunnsamur, og þrátt

39a LR Friður;
Merki.

40a Róm 8:28;
K&S 90:24; 100:15.

41a Matt 28:19–20.

106 1a Þ.E. borg frelsisins,
New York, og

umhverfi.

3a Matt 6:33.

b LR Ríki Guðs eða ríki
himna.

c Matt 10:10;
K&S 31:5.

4a Jakbr 5:8.

b LR Síðustu dagar, síðari
dagar.

c 1 Þess 5:2.

5a LR Ljós, ljós Krists.

b Op 16:15.

fyrir “fordild hjarta hans mun ég hefja hann upp, svo sem hann er auðmjúkur gagnvart mér.

8 Og ég mun veita honum “náð og fullvissu, svo að hann fái

staðist. Og sé hann áfram staðfast vitni og kirkjunni ljós, hef ég fyrirbúið honum kórónu í híbýlum^b föður míns. Já, vissulega. Amen.

107. KAFLI

Opinberun um prestdæmið, gefin með spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, dagsett í kringum apríl 1835. Þó að þessi kafla hafi verið skáður 1835, þá styðja söguheimildir, að flest versin frá 60 til og með 100 feli í sér opinberun sem gefin var með Joseph Smith 11. nóvember 1831. Þessi kafla tengdist skipulagningu Tólfpostularáðsins í febrúar og mars 1835. Líklega flutti spámaðurinn hana í návist þeirra, sem voru að undirbúa brottför sína í fyrsta trúboð sveitar sinnar, 3. maí 1835.

1–6, Prestdæmin eru tvö: Melkisedeks og Arons; 7–12, Þeir sem hafa Melkisedeksprestdæmið hafa vald til að starfa í öllum embættum kirkjunnar; 13–17, Biskupsráðið er yfir Aronsprestdæminu, sem starfar að ytri helgiathöfnum; 18–20, Melkisedeksprestdæmið hefur lykla að öllum andlegum blessunum; Aronsprestdæmið hefur lykla að englaþjónustunni; 21–38, Æðsta forsætisráðið, hinir tólf, og hinir sjötíu, mynda yfirsveitirnar, og skulu ákvarðanir þeirra teknar einhuga og í réttlæti; 39–52, Patriarkareglan stofnuð frá Adam til Nóa; 53–57, Hinir heilögu til forna söfnuðust saman í Adam-ondi-Ahman, og Drottinn birtist þeim; 58–67, Hinir tólf skulu koma reglu á embættismenn kirkjunnar; 68–76, Biskupar þjóna sem almennir dómarar í Ísrael; 77–84, Æðsta

forsætisráðið og hinir tólf mynda hæstarétt kirkjunnar; 85–100, Prestdæmisforsetar stjórnna viðkomandi sveitum sínum.

Í KIRKJUNNI eru tvö prestdæmi, það er ^aMelkisedeks og ^bArons, sem felur í sér levíska prestdæmið.

2 Hið fyrra nefnist Melkisedeksprestdæmi, vegna þess hve ^aMelkisedek var mikils metinn háprestur.

3 Fyrir hans daga nefndist það Hið heilaga prestdæmi eftir ^areglu Guðssonarins.

4 En vegna virðingar eða ^alotninga fyrir nafni hinnar æðstu veru og til að forðast stöðugar endurtekningar á nafni hans, nefndi kirkjan til forna það prestdæmi eftir Melkisedek, eða Melkisedeksprestdæmi.

7a LR Hégómlegur, hégómi.

8a LR Náð.

b Jóh 14:2; Et 12:32–34; K&S 59:2; 76:111; 81:6;

98:18.

107 1a LR Melkisedeksprestdæmi.

b LR Aronsprestdæmið.

2a ÞJS 1 Mós 14:25–40

(Viðauki);

K&S 84:14.

LR Melkisedek.

3a Al 13:3–19; K&S 76:57.

4a LR Lotning.

5 Allt annað vald eða öll önnur embætti kirkjunnar eru “viðaukar við þetta prestdæmi.

6 En aðaldeildir eru tvær — önnur er prestdæmi Melkisedeks og hin er prestdæmi Arons eða “Levís.

7 Embætti “öldungs fellur undir Melkisedeksprestdæmið.

8 Melkisedeksprestdæmið hefur réttinn til forsætis og kraft og “vald yfir öllum embættum kirkjunnar á öllum tímum heimsins til að starfa að andlegum málum.

9 “Forsætisráð hins háa prestdæmis, eftir reglu Melkisedeks, hefur rétt til að starfa í öllum embættum kirkjunnar.

10 “Háprestar, eftir reglu Melkisedeksprestdæmis, hafa ^brétt til að starfa í stöðu sinni undir stjórn forsætisráðsins við framkvæmd andlegra mála, og einnig í embætti öldungs, prests (hinnar levísku reglu), kennara, djákna og meðlims.

11 Öldungur hefur rétt til að starfa í hans stað, þegar háprestur er ekki viðstaddur.

12 Háprestur og öldungur skulu starfa að andlegum málum, í samræmi við sáttmála og fyrirmæli kirkjunnar, og þeir hafa rétt til að starfa í öllum þessum embættum kirkjunnar, þegar enginn æðri valdhafi er til staðar.

13 Hitt prestdæmið nefnist “prestdæmi Arons, vegna þess að það var veitt ^bAron og niðjum hans í alla ættliði.

14 Það nefnist lægra prestdæmið, vegna þess að það er “viðauki við hið æðra, eða Melkisedeksprestdæmið, og hefur vald til að starfa að ytri helgiathöfnum.

15 “Biskupsráðið er forsætisráð þessa prestdæmis og hefur lykla eða vald þess.

16 Enginn maður hefur laga- legan rétt til þessa embættis, að hafa lykla þessa prestdæmis, nema hann sé “beinn afkomandi Arons.

17 En þar eð háprestur Melkisedeksprestdæmis hefur vald til að starfa í öllum lægri embættum, getur hann starfað í embætti biskups þegar enginn beinn afkomandi Arons finnst, svo fremi að hann sé kallaður og settur í embætti og “vígður þessu valdi af hendi ^bforsætisráðs Melkisedeksprestdæmisins.

18 Kraftur og vald hins æðra, eða Melkisedeksprestdæmis, er að hafa “lykla að öllum andlegum blessunum kirkjunnar —

19 Og njóta þess réttar að meðtaka “leyndardóma himnaríkis og sjá himnana ljúkast upp fyrir sér og eiga samfélag við ^balls- herjarsöfnuð og kirkju frum- burðarins og njóta samfélags og

5a K&S 84:29; 107:14.

6a 5 Mós 10:8–9.

7a LR Öldungur.

8a LR Vald.

9a K&S 81:2;

107:22, 65–67, 91–92.

10a LR Háprestur.

b K&S 121:34–37.

13a LR Aronsprestdæmið.

b LR Aron, bróðir Móse.

14a K&S 20:52; 107:5.

15a LR Biskup.

16a K&S 68:14–21;

107:68–76.

17a LR Vígja, vígsla.

b K&S 68:15.

18a LR Lyklar

prestdæmisins.

19a Al 12:9–11;

K&S 63:23; 84:19–22.

LR Leynardardómar

Guðs.

b Hebr 12:22–24.

návistar Guðs föðurins og Jesú, ‘meðalgöngumanns hins nýja sáttmála.

20 Kraftur og vald hins lægra, eða Aronsprestðæmis, er að hafa “lykla að þjónustu engla og starfa að ytri ^bhelgiathöfnum, bókstaf fagnaðarerindisins, ‘iðrunarskírni til ^dfyrirgefningar syndanna, í samræmi við sáttmálana og boðorðin.

21 Af nauðsyn koma forsetar eða ráðandi embættismenn frá eða eru útnefndir af eða úr hópi þeirra, sem vígðir eru í hin ýmsu embætti þessara tveggja prestðæma.

22 Þrír ^aráðandi háprestar ^bMelkisedeksprestðæmis, sem heildin velur, tilnefnir og vígir til þessa embættis og ^cstuddir eru með trausti, trú og bænum kirkjunnar, mynda sveit, sem er forsætisráð kirkjunnar.

23 Hinir ^a“tölf farand-ráðgjafar eru kallaðir sem ^bpostularnir tölf eða sérstök vitni nafns Krists um allan heim — og skilja sig þannig frá öðrum embættismönnum kirkjunnar í skyldustörfum köllunar sinnar.

24 Og þeir mynda sveit, sem hefur sama vald og kraft og fyrirnefndir þrír forsetar.

25 Hinir ^asjötíu eru einnig kallaðir til að boða fagnaðarerindið og vera Þjóðunum sérstök vitni um allan heim — og skilja sig þannig

frá öðrum embættismönnum kirkjunnar í skyldustörfum köllunar sinnar.

26 Og þeir mynda sveit, sem hefur sama vald og sveit hinna tölf sérstöku vitna eða fyrrgreindra postula.

27 Og sérhver ákvörðun, sem hver þessara sveita tekur, verður að vera með einróma samþykki hennar, það er, sérhver meðlimur hverrar sveitar verður að samþykkja ákvörðun hennar, eigi ákvarðanir þeirra að hafa sama vald eða gildi innbyrðis —

28 Meirihluti getur myndað sveit þegar aðstæður gjöra allt annað útilokað —

29 Sé þetta ekki reyndin, eiga ákvarðanir þeirra ekki rétt á sömu blessunum og ákvarðanir sveitar hinna þriggja forseta höfðu til forna, sem vígðir voru eftir reglu Melkisedeks og voru réttlátir og helgir menn.

30 Ákvarðanir þessara sveita, eða einhverrar þeirra, skulu teknar í fullu ^aréttlæti, heilagleika og hjartans lítillæti, hógværð og umburðarlyndi, trú og ^bdyggð og þekkingu, hófsemi, þolinmæði, guðrækni, bróðurlegri góðvild og kærleika —

31 Vegna þess að fyrirheitð er, að þrífist þetta í þeim, verða þeir ekki ^aávaxtalausir í þekkingunni á Drottni.

19 c LR Meðalgöngumaður.

20 a K&S 13; 84:26–27.

b LR Helgiathafnir.

c LR Skírni, skíra.

d LR Fyrirgefning synda.

22 a K&S 90:3, 6; 107:9, 65–67, 78–84, 91–92.

b LR Melkisedeksprestðæmi.

c LR Stuðningur við kirkjuleiðtoga.

23 a K&S 107:33–35.

b LR Postuli.

25 a LR Sjötíu, hinir sjötíu.

30 a K&S 121:36.

LR Réttlátur, réttlæti.

b K&S 121:41.

LR Dyggð.

31 a 2 Pét 1:5–8.

32 Og verði einhver ákvörðun þessara sveita tekin óréttlátlega, má leggja hana fyrir allsherjarsamkomu hinna ýmsu sveita, sem mynda andlegt vald kirkjunnar. Á annan hátt verður ákvörðun þeirra ekki áfrýjað.

33 Hinir tólf eru ráðandi farand-háráð, sem starfa skal í nafni Drottins undir stjórn forsætisráðs kirkjunnar, í samræmi við tilskipun himins, og byggja upp kirkjuna og stjórna öllum málum hennar hjá öllum þjóðum, fyrst meðal "Þjóðanna og þar næst meðal Gyðinganna.

34 Hinir sjöttíu skulu starfa í nafni Drottins undir stjórn hinna "tólf eða farand-háráðsins að uppbyggingu kirkjunnar og stjórna öllum málum hennar meðal allra þjóða, fyrst meðal Þjóðanna og síðan Gyðinganna —

35 Hinir tólf eru sendir út og hafa lykla, sem ljúka upp dyrum að boðun fagnaðarerindis Jesú Krists, fyrst meðal Þjóðanna og síðan Gyðinganna.

36 Hin föstu "háráð í stikum Síonar mynda sveit, sem hefur sama vald varðandi mál kirkjunnar við alla ákvarðanatöku og sveit forsætisráðsins eða farand-háráðið.

37 Háráðið í Síon myndar sveit, sem hefur sama vald varðandi mál kirkjunnar við alla ákvarðanatöku og ráð hinna tólf í stikum Síonar.

38 Það er skylda farand-háráðsins að kalla til hina "sjöttíu fremur en nokkra aðra, þegar þeir þarfnast aðstoðar, til að gegna hinum ýmsu köllunum við boðun og framkvæmd fagnaðarerindisins.

39 Það er skylda hinna tólf í öllum stórum greinum kirkjunnar að vígja "guðspjallaþjóna, eins og þeim verður falið með opinberun —

40 Regla þessa prestdæmis var staðfest og skyldi hún ganga frá föður til sonar og tilheyra réttilega beinum afkomendum hinna útvöldu niðja, sem fyrirheitið fengu.

41 Þessi regla var sett á dögum "Adams og gekk í ^bættir á eftirfarandi hátt:

42 Frá Adam til "Set, sem vígður var af Adam sextíu og níu ára gamall og hlaut blessun hans þremur árum fyrir dauða hans (Adams) og hlaut það fyrirheit Guðs frá föður sínum, að afkomendur hans yrðu Drottins útvöldu og yrðu varðveittir allt til endiloka jarðar —

43 Vegna þess að hann (Set) var "fullkominn maður og lifandi ^beftirmynd föður síns, líktist hann föður sínum svo í öllu, að einungis mátti milli þeirra greina af aldri hans.

44 Enos var vígður af hendi Adams eitt hundrað þrjátíu og fjögurra ára og fjögurra mánaða gamall.

33a 1 Ne 13:42;
3 Ne 16:4–13;
K&S 90:8–9.
34a K&S 112:21.
36a LR Háráð.

38a LR Sjöttíu, hinir sjöttíu.
39a LR Guðsorðamaður,
guðspjallamaður;
Patriarki.
41a LR Adam.

b 1 Mós 5; K&S 84:6–16;
HDP Móse 6:10–25.
42a LR Set.
43a LR Fullkominn.
b 1 Mós 5:3.

45 Guð vitjaði Kenans í eyði-mörkinni á fertugasta aldursári hans og hann hitti Adam á leið hans til staðarins Sedólamak. Hann var áttatíu og sjö ára þegar hann hlaut vígslu sína.

46 Mahalalel var fjögur hundruð níutíu og sex ára og sjö daga gamall þegar hann var vígður af hendi Adams, sem einnig blessaði hann.

47 Jared var tvö hundruð ára gamall þegar hann var vígður af hendi Adams, sem einnig blessaði hann.

48 ^aEnok var tuttugu og fimm ára gamall þegar hann var vígður af hendi Adams, og hann var sextíu og fimm og Adam blessaði hann.

49 Og hann sá Drottin og hann gekk með honum og var stöðugt fyrir augliti hans. Og hann ^agekk með Guði í þrjú hundruð sextíu og fimm ár, og var þannig fjögur hundruð og þrjátíu ára þegar hann var ^bnuminn upp.

50 ^aMetúsala var eitt hundrað ára þegar hann var vígður af hendi Adams.

51 Lamek var þrjátíu og tveggja ára þegar hann var vígður af hendi Sets.

52 ^aNói var tíu ára þegar hann var vígður af hendi Metúsala.

53 Þremur árum fyrir dauða sinn kallaði Adam Set, Enok, Kenan, Mahalalel, Jared, Enok

og Metúsala, sem allir voru ^aháprestar, og aðra afkomendur sína, sem réttlátir voru, til ^bAdam-ondi-Ahman dalsins og veitti þeim þar síðustu blessun sína.

54 Og Drottinn birtist þeim og þeir risu á fætur og blessuðu ^aAdam og kölluðu hann ^bMíkael, höfðingjann, erkiengilinn.

55 Og Drottinn hughreysti Adam og mælti til hans: Ég hef sett þig fremstan, og frá þér mun koma fjöldi þjóða og þú ert ^ahöfðingi þeirra að eilífu.

56 Og Adam stóð upp mitt á meðal safnaðarins, og þótt hann væri beygður af elli, ^asagði hann fyrir um það sem henda mundi afkomendur hans allt til síðustu kynslóðar, fylltur af heilögum anda.

57 Allt var þetta skráð í bók Enoks og um það mun vitnað á sínum tíma.

58 Það er einnig skylda hinna ^atólf að ^bvígja og koma reglu á alla aðra embættismenn kirkjunnar, í samræmi við þá opinberun, sem segir:

59 Til kirkju Krists í landi Síonar, til viðbótar ^alögum kirkjunnar varðandi málefni hennar —

60 Sannlega segi ég yður, segir Drottinn hersveitanna: ^aRáðandi öldunga verður að hafa, sem eru í forsæti þeirra, er gegna embætti öldungs —

48a LR Enok.

49a 1 Mós 5:22;

Hebr 11:5;

HDP Móse 7:69.

b LR Umbreyttar verur.

50a LR Metúsala.

52a LR Nói, patriarki í

Bibliúnni.

53a LR Háprestur.

b K&S 78:15; 116.

LR Adam-ondi-Ahman.

54a K&S 128:21.

LR Adam.

b LR Míkael.

55a K&S 78:16.

56a HDP Móse 5:10.

58a LR Postuli.

b LR Vígja, vígsla.

59a K&S 43:2–9.

60a K&S 107:89–90.

61 Og einnig “presta sem eru í forsæti þeirra, er gegna embætti prests —

62 Og einnig kennara í “forsæti þeirra, sem gegna embætti kennara, á sama hátt, og einnig djákna —

63 Og þannig frá djákna til kennara og frá kennara til prests og frá presti til öldungs, sérhver eins og tilnefning hans segir til um, í samræmi við sáttmála og fyrirmæli kirkjunnar.

64 Þá kemur hið háa prestdæmi, sem er æðst allra.

65 Þess vegna hlýtur einn að vera tilnefndur af hinu háa prestdæmi til að vera í forsæti prestdæmisins, og skal hann nefndur forseti hins háa prestdæmis kirkjunnar —

66 Eða með öðrum orðum, “ráðandi háprestur yfir hinu háa prestdæmi kirkjunnar.

67 Frá honum kemur framkvæmd helgiathafna og blessana til kirkjunnar, með “handayfirlagningu.

68 Þess vegna er embætti biskups ekki jafnt því, þar eð embætti “biskups starfar að stundlegum málum —

69 Engu að síður verður hið “háa prestdæmi að velja biskupinn, nema hann sé ^bbeinn afkomandi Arons —

70 Því að sé hann ekki beinn afkomandi Arons getur hann ekki haft lykla þessa prestdæmis.

71 Þó má setja háprest, það er eftir reglu Melkisedeks, í embætti til að starfa að stundlegum málum, þar eð hann fyrir sannleiksandann hefur þekkingu á þeim —

72 Og einnig til að vera “dómari í Ísrael, til að vinna að málum kirkjunnar, til að dæma í málum hinna brotlegu eftir framburði vitna, sem lagður verður fyrir hann, í samræmi við lögin, með aðstoð ráðgjafa hans, sem hann hefur valið eða mun velja meðal öldunga kirkjunnar.

73 Þetta er skylda biskups, sem ekki er beinn afkomandi Arons, heldur hefur verið vígður hinu háa prestdæmi eftir reglu Melkisedeks.

74 Þannig skal hann vera dómari, já, almennur dómari meðal íbúa Síonar eða í stiku Síonar eða í hverri grein kirkjunnar, þar sem hann er settur til þessarar helgu þjónustu, þar til mörk Síonar verða færð út og nauðsynlegt reynist að hafa fleiri biskupa eða dómara í Síon eða annars staðar.

75 Og verði fleiri biskupar útnefndir, skulu þeir starfa í þessu sama embætti.

76 En beinn afkomandi Arons hefur lagalegan rétt til forsætisráðs þessa prestdæmis, til “lykla þessarar helgu þjónustu, til að starfa sjálfstætt í embætti

61a K&S 107:87.

62a K&S 107:85–86.

66a K&S 107:9, 91–92.

LR Forseti.

67a LR Handayfirlagning.

68a LR Biskup.

69a LR Melkisedeksprestdæmi.

^b K&S 68:14–24; 84:18; 107:13–17.

72a K&S 58:17–18.

76a LR Lyklar prestdæmisins.

biskups án ráðgjafa, til að sitja sem dómari í Ísrael, nema þegar forseti hins háa prestdæmis er yfirheyrður, eftir reglu Melkisedeks.

77 Og ákvörðun þessara ráða, hvors um sig, sé í samræmi við þau boð, sem segja:

78 Sannlega segi ég yður enn: Mikilvægustu og ^aerfiðustu mál kirkjunnar, þegar ekki næst eining um ákvörðun biskups eða dómanna, séu afhent og borin undir ráð kirkjunnar frammi fyrir ^bforsætisráði hins háa prestdæmis.

79 Og forsætisráð hins háa prestdæmisráðs skal hafa vald til að kalla aðra hápresta, já, tólf, til að þjóna sem ráðgjafar. Og þannig skulu forsætisráð hins háa prestdæmis og ráðgjafar þess hafa vald til að dæma eftir framburði vitna í samræmi við lög kirkjunnar.

80 Og eftir þann úrskurð skal þess ekki minnst framfar fyrir Drottni, því að þetta er æðsta ráð kirkju Guðs og lokaákvörðun í ágreiningi um andleg efni.

81 Enginn, sem tilheyrir kirkjunni, stendur utan valdsviðs þessa ráðs kirkjunnar.

82 Og brjóti forseti hins háa prestdæmis af sér, skal hans minnst fyrir almennu ráði kirkjunnar, sem njóta skal aðstoðar tólf ráðgjafa hins háa prestdæmis —

83 Og úrskurður sá, er þeir fella yfir honum, skal binda endi á ágreining er hann snertir.

84 Þannig skal enginn undanþeginn ^aréttvísi og lögmálum Guðs, svo að allt sé gjört af reglu og háttíðleik fyrir honum, í samræmi við sannleika og réttlæti.

85 Og sannlega segi ég yður enn, að skylda forseta ^adjáknaembættis er að vera í forsæti tólf djákna, að sitja í ráði með þeim og ^bkenna þeim skyldur þeirra, að hver uppbyggji annan, eins og segir í sáttmálunum.

86 Og einnig er skylda forseta ^akennaraembættis að vera í forsæti tuttugu og fjögurra kennara og sitja í ráði með þeim, kenna þeim skyldur embættis síns, eins og segir í sáttmálunum.

87 Einnig er skylda forseta Aronsprestæmis að vera í forsæti fjörtíu og átta ^apresta og sitja í ráði með þeim, kenna þeim skyldur embættis síns, eins og segir í sáttmálunum —

88 Þessi forseti skal vera ^abiskup, því að það er ein af skyldum þessa prestdæmis.

89 Enn fremur, skylda forseta ^aöldungaembættis er að vera í forsæti níutíu og sex öldunga og sitja í ráði með þeim og kenna þeim samkvæmt sáttmálunum.

90 Þetta forsætisráð er annað en ráð hinna sjötíu, og er ætlað þeim, sem ekki ^aferðast um heiminn.

91 Og enn fremur, skylda forseta hins háa prestdæmisembættis er

78a K&S 102:13, 28.

b K&S 68:22.

84a LR Réttvísi.

85a LR Djákni.

b K&S 38:23;

88:77–79, 118.

86a K&S 20:53–60.

LR Kennari í

Aronsprestæminu.

87a LR Prestur,

Aronsprestæmi.

88a LR Biskup.

89a LR Öldungur.

90a K&S 124:137.

að vera ^aí forsæti allrar kirkjunnar, og vera líkt og ^bMóse —

92 Sjá, hér er viska. Já, að vera ^asjáandi, ^bopinberari, þýðandi og ^cspámaður, og njóta allra ^dgjafa Guðs, sem hann veitir yfirmanni kirkjunnar.

93 Og það er samkvæmt þeirri sýn, sem sýnir reglu hinna ^asjötíu, að þeir hafi sjö forseta, sem eru í forsæti þeirra og valdir eru úr hópi hinna sjötíu —

94 Og sjöundi forseti þessara forseta skal vera í forsæti hinna sex —

95 Og þessir sjö forsetar skulu velja aðra sjötíu auk hinna fyrri sjötíu, sem þeir tilheyra, og eiga að vera í forsæti þeirra —

96 Og einnig aðra sjötíu, þar til þeir eru sjö sinnum sjötíu, ef starfið í vingarðinum gjörir það nauðsynlegt.

97 Og þessir sjötíu skulu vera ^afarand-þjónar, fyrst til Þjóðanna og síðan Gyðinganna.

98 En aðrir embættismenn kirkjunnar, sem hvorki tilheyra hinum tólf né hinum sjötíu, eru ekki skuldbundnir til að ferðast um meðal allra þjóða, heldur skulu þeir ferðast eins og aðstæður þeirra krefja, þó að þeir kunni að halda jafn háum og ábyrgð-armiklum embættum í kirkjunni.

99 Lát því hvern mann læra ^askyldu sína og starfa af fullri ^bkostgæfni í því embætti, sem hann hefur verið tilnefndur í.

100 Sá, sem er ^ahyskinn, skal ekki teljast ^bverðugur þess að standast, og sá sem ekki lærir skyldu sína og reynist ekki þóknanlegur, skal ekki teljast verðugur þess að standast. Vissulega ekki. Amen.

108. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Kirtland, Ohio, 26. desember 1835. Þessi opinberun var gefin að beiðni Lyman Sherman, sem áður hafði verið vígður einn hinna sjötíu, og komið hafði til spámannsins með beiðni um opinberun, sem greindi frá skyldu hans.

1–3, Lyman Sherman fær fyrirgefningu synda sinna; 4–5, Hann skal talinn með leiðandi öldungum kirkjunnar; 6–8, Hann er kallaður til að boða fagnaðareringið og styrkja bræður sína.

SANNLEGA, svo segir Drottinn við þig, þjónn minn Lyman: Syndir þínar eru þér fyrirgefna vegna þess að þú hefur hlýtt rödd minni með því að koma hingað í morgun til að fá

91a K&S 107:9, 65–67.
b K&S 28:2; 103:16–21.

92a Mósía 8:13–18.
LR Sjáandi.
b LR Opinberun.
c K&S 21:1.

LR Spámaður.
d LR Gjafir andans.
93a K&S 107:38.
LR Sjötíu, hinir sjötíu.
97a K&S 124:138–139.
99a LR Skylda.

b LR Kostgæfni.
100a K&S 58:26–29.
LR Iðjulaus, iðjuleysi.
b LR Verðugur, verðleiki.

ráðleggingar hans, sem ég hef útnefnt.

2 Lát þess vegna sál þína vera í "ró varðandi andlega stöðu þína, og óhlýðnast ekki framar rödd minni.

3 Og far því og gæt þess betur héðan í frá að virða eiða þá, sem þú hefur gjört og gjörir, og þú munt blessaður mjög miklum blessunum.

4 Bíð polinmóður þar til þjónar mínir boða til "hátíðarsamkomunnar, og þá skal þín minnst með æðstu öldungum mínum og með vígslu öðlast rétt með öðrum öldungum mínum, sem ég hef valið.

5 Sjá þetta er "fyrirheit föðurins til þín, ef þú ert áfram staðfastur.

6 Og það skal uppfyllt á þeim degi, að þú hefur rétt til að "prédika fagnaðarerindi mitt hvert sem ég mun senda þig, allt frá þeim tíma.

7 "Styrk þess vegna bræður þína í öllum samskiptum þínum við þá, í öllum bænum þínum, í öllum áminningum þínum og í öllum gjörðum þínum.

8 Og sjá og tak eftir, ég er með þér til að blessa þig og "varðveita þig að eilífu. Amen.

109. KAFLI

Bæn flutt við helgun musterisins í Kirtland, Ohio, 27. mars 1836. Samkvæmt skráðri yfirlýsingu spámannsins fékk hann þessa bæn með opinberun.

1–5, Kirtland musterið var reist sem vitjunarstaður mannsónarins; 6–21, það skal vera hús bænna, föstu, trúar, lærdóms, dýrðar, og reglu, og hús Guðs; 22–33, Megi þeir, sem ekki iðrast og rísa gegn fólki Drottins, verða smánaðir; 34–42, Megi hinir heilögu ganga fram í krafti og safna hinum réttlátu til Síonar; 43–53, Megi hinum heilögu forðað frá því hræðilega, sem úthellt verður yfir hina ranglátu á síðustu dögum; 54–58, Megi þjóðir og lýðir og kirkjur verða undir fagnaðarerindið búin; 59–67, Megi Gyðingar, Lamanítar og allur

Ísrael, verða endurleystir; 68–80, Megi hinir heilögu krýndir dýrð og heiðri og öðlast eilífa sáluhjálp.

"ÞAKKIR séu nafni þínu, ó, Drottinn Guð Ísraels, sem heldur "sáttmála og sýnir miskunn þjónum þínum, sem af öllu hjarta sínu ganga grandvarir fyrir þér —

2 Þú, sem hefur boðið þjónum þínum að "reisa nafni þínu hús á þessum stað [Kirtland].

3 Og nú sérð þú, ó Drottinn, að þjónar þínir hafa farið að boði þínu.

108 2a LR Hvíld.
4a K&S 109:6–10.
5a K&S 82:10.
6a LR Trúboðsverk.

7a Lúk 22:31–32.
8a 2 Ne 9:19.
109 1a Al 37:37; K&S 46:32.
LR Þakklátur, þakkir,

þakkargjörð.
b Dan 9:4.
LR Sáttmáli.
2a K&S 88:119.

4 Og nú biðjum vér þig, heilagi faðir, í nafni Jesú Krists eigin sonar þíns, en aðeins í hans nafni getur hjálpraðið veist manna börnum, vér biðjum þig, ó Drottinn, að þekkjast þetta “hús, handaverk vor, þjóna þinna, sem þú bauðst oss að reisa.

5 Því að þú veist að verk þetta höfum vér unnið við mikið andstreymi og af fátækt vorri höfum vér gefið af eignum vorum til að reisa nafni þínu “hús, svo að mannsönnurinn hafi stað til að opinbera sig fólki sínu.

6 Og eins og þú hefur sagt í “opinberun, sem oss var gefin, er þú kallaðir oss vini og sagðir — Boðið til hátíðarsamkomu, eins og ég hef boðið yður —

7 Og þar eð ekki eiga allir trú, skuluð þér af kostgæfni leita vísdómsorða og kenna þau hver öðrum. Já, leitið að vísdómsorðum í hinum bestu bókum, sækist eftir fræðslu með námi og einnig með trú —

8 Komid þu reglu á líf yðar, gjörð allt gagnlegt til reiðu og stofnið hús, já, hús bænna, hús föstu, hús trúar, hús lærdóms, hús dýrðar, hús reglu, hús Guðs —

9 Að innganga yðar verði í nafni Drottins, að útganga yðar verði í nafni Drottins, að allar kveðjur yðar verði í nafni Drottins, með upplyftum örmum í átt til hins hæsta —

10 Og nú biðjum vér þig, heilagi

faðir, að hjálpa oss, fólki þínu, af náð þinni, við boðun hátíðarsamkomu vorrar, svo að hún megi verða þér til heiðurs og guðdómlegrar velþóknunar —

11 Og á þann hátt, að vér reynumst verðug í augum þínum, til að tryggja uppfyllingu “fyrirheitanna, sem þú hefur gefið oss, fólki þínu, í opinberunum þeim, sem vér höfum fengið —

12 Að “dýrð þín megi hvíla á fólki þínu og á þessu húsi þínu, sem vér nú helgum þér, að það megi heilagt og helgað verða, og að heilög návist þín megi stöðugt verða í þessu húsi —

13 Og að allir þeir, sem ganga inn fyrir þröskuld húss Drottins, megi finna kraft þinn og finna sig knúna til að viðurkenna, að þú hefur helgað það og að það sé þitt hús, staður heilagleika þíns.

14 Og veit þú, heilagi faðir, að öllum þeim, sem tilbiðja í þessu húsi, verði kennd vísdómsorð úr hinum bestu bókum, og þeir sækist eftir lærdómi með námi og einnig með trú, eins og þú hefur sagt —

15 Og að þeir megi vaxa í þér og hljóta fyllingu heilags anda og laga sig að lögmálum þínum og verða undir það búnir að öðlast allt, sem gagnlegt er —

16 Og að þetta hús verði hús bænna, hús föstu, hús trúar, hús dýrðar og Guðs, já, þitt hús —

17 Að öll innganga fólks þíns í þetta hús verði í nafni Drottins —

4a 1 Kon 9:3.
LR Musteri, hús
Drottins.

b 2 Ne 5:16.
5a K&S 124:27–28.
6a K&S 88:117–120.

11a K&S 38:32;
105:11–12, 18, 33.
12a LR Dýrð.

18 Að öll útganga þess úr húsi þessu verði í nafni Drottins —

19 Og að allar kveðjur þess verði í nafni Drottins, með heilögum örmum og upplyftum í átt til hins hæsta —

20 Og að ekkert “óhreint fái að koma inn í hús þitt til að vanhelga það —

21 Og brjóti einhver af fólki þínu af sér, megi það iðrast fljótt og snúa aftur til þín og finna náð fyrir augum þínum og hljóta aftur þær blessanir, sem þú hefur ákveðið að úthellt verði yfir þá, sem veita þér “lotningu í húsi þínu.

22 Og vér biðjum þig, heilagi faðir, að þjónar þínir megi fara úr þessu húsi brynjaðir krafti þínum, og að nafn þitt hvíli á þeim og dýrð þín umljúki þá og “englar þínir vaki yfir þeim —

23 Og frá þessum stað megi þeir flytja í sannleika stórfengleg og dýrðleg tíðindi til “endimarka jarðarinnar. Að þeir megi vita að þetta er þitt verk og að þú hefur rétt út hönd þína til að uppfylla það, sem þú hefur talað um fyrir munn spámannanna varðandi síðustu daga.

24 Vér biðjum þig, heilagi faðir, að rótfesta þá, sem tilbiðja munu og heiðarlega halda nafni og stöðu sinni í þessu húsi þínu, í alla ættliði og að eilífu —

25 Að engin vopn, sem “smíðuð verða gegn þeim, verði sigursæl. Að sá, sem grefur þeim ^bgröf, falli sjálfur í hana —

26 Að engin ranglát samtök hafi kraft til að rísa upp og “sigrast á fólki þínu, sem gengst undir ^bnafn þitt í þessu húsi —

27 Og rísi einhverjir gegn þessu fólki, þá verði reiði þín tendruð gegn þeim —

28 Og ljósti þeir þetta fólk, þá ljóstir þú þá, að þú munir berjast fyrir fólk þitt eins og þú gjörðir á orrustustundum, svo að því megi bjargað verða úr höndum óvina sinna.

29 Vér biðjum þig, heilagi faðir, að niðurlægja og skelfa og leiða smán og glundroða yfir alla þá, sem breiða lygi út um heiminn, gegn þjóni þínum eða þjónum, vilji þeir ekki iðrast, þegar hið ævarandi fagnaðarerindi berst þeim til eyrna —

30 Og að öll verk þeirra verði að engu gjörð og sópuð burt með “hagli og þeim dómum, sem þú munt senda yfir þá í reiði þinni, svo að endir verði á ^blygi og rógburði um fólk þitt.

31 Því að þú veist, ó Drottinn, að þjónar þínir hafa í sakleysi borið nafni þínu vitni, og fyrir það hafa þeir þjáðst.

32 Þess vegna sárbiðjum vér þig um fullkomna lausn undan þessu “oki —

33 Brjót það sundur, ó Drottinn. Brjót það sundur af hálsi þjóna þinna með krafti þínum, svo að vér fáum risið upp meðal þessarar kynslóðar og unnið verk þitt.

20a K&S 94:8–9; 97:15–17.

21a LR Lotning.

22a LR Englar.

23a K&S 1:2.

25a Jes 54:17.

^b Okv 26:27;

1 Ne 14:3; 22:14.

26a K&S 98:22.

^b 1 Kon 8:29.

30a Jes 28:17;

Mósía 12:6;

K&S 29:16.

^b 3 Ne 21:19–21.

32a LR OK.

34 Ó Jehóva, ver þessu fólki miskunnsamur, og þar sem allir menn “syndga, fyrirgef brot fólks þíns og lát afmá þau að eilífu.

35 Lát “smurningu þjóna þinna verða innsiglaða með valdi frá upphæðum.

36 Lát það rætast á þeim, eins og á dögum hvítasunnunnar. Lát “tungutalsgjöf verða úthellt yfir fólk þitt, jafnvel tungur, er ^bkvíslast sem af eldi, og útleggingu þeirra.

37 Og lát hús þitt fyllast af “dýrð þinni, sem af gný máttuga vinda.

38 Veit þjónum þínum “vitnisburð sáttmálans, svo að þegar þeir fara og boða orð þitt geti þeir ^binnsiglað lögmálið og búið hjörtu þinna heilögu undir alla þá dóma, sem þú hefur í hyggju að senda í heilagri reiði þinni yfir íbúa jarðarinnar vegna brota þeirra. Svo að fólk þitt láti eigi hugfallast á erfiðleikatímum.

39 Lát frið þinn og hjálpræði hvíla á hverri þeirri borg, sem þjónar þínir koma í, ef íbúar hennar veita vitnisburði þeirra viðtöku, svo að þeir geti safnað hinum réttlátu úr þeirri borg og þeir geti komið til “Síonar eða í stikur hennar, hina útnefndu staði þína, með söngvum ævarandi gleði —

40 Og lát eigi dóma þína falla yfir þá borg, fyrr en því er náð.

41 Og fyrir hverri þeirri borg, sem þjónar þínir koma inn í og íbúar hennar meðtaka ekki vitnisburð þjóna þinna, og þjónar þínir hvetja þá til að forða sér frá þessari rangsnúnu kynslóð, lát þú fara fyrir þeirri borg eins og þú hefur mælt fyrir munn spámanna þinna.

42 En bjarga þú, ó Jehóva, vér grátbænum þig, þjónum þínum úr höndum þeirra og hreinsa þá af blóði þeirra.

43 Ó Drottinn, vér gleðjumst ekki yfir tortímingu meðbræðra vorra. “Sálir þeirra eru þér dýrmætar —

44 En orð þitt hlýtur að uppfyllast. Hjálpa þjónum þínum til að segja með “náð þinni: Verði þinn vilji, ó Drottinn, en ekki vor.

45 Vér vitum að þú hefur fyrir munn spámanna þinna sagt ógnvekjandi hluti um hina ranglátu á “síðustu dögum — að þú munir takmarkalaust úthella dómum þínum —

46 Bjarga þess vegna, ó Drottinn, fólki þínu frá hörmungum hinna ranglátu. Gjör þjónum þínum kleift að innsigla lögmálið og binda vitnisburðinn, svo að þeir verði undir dag brennunnar búnir.

47 Vér biðjum þig, heilagi faðir, að minnast þeirra, sem íbúar Jacksonsýslu, Missouri, hafa hrakið frá erfðalöndum sínum, og brjót þú sundur, ó Drottinn, þetta þrengingaok, sem á þá hefur verið lagt.

34a Róm 3:23; 5:12.

LR Synd.

35a LR Smyrja.

36a LR Tungur, gjöf tungutals.

b Post 2:1–3.

37a K&S 84:5; 109:12.

LR Dýrð.

38a LR Vitnisburður.

b Jes 8:16;

K&S 1:8.

c LR Jörð — Hreinsun

jarðar.

39a Jes 35:10.

43a LR Sál.

44a LR Náð.

45a LR Síðustu dagar, síðari dagar.

48 Þú veist, ó Drottinn, að ranglátir menn hafa sárlega kúgað þá og þrengt að þeim, og hjörtu vor eru “full hryggðar vegna hinna þungu byrða þeirra.

49 Ó Drottinn, “hversu lengi ætlar þú að líða að þetta fólk þoli þessar þrengingar, og að hróp hinna saklausu berist þér til eyrna, og ^bblóð þeirra stígi sem vitnisburður upp til þín, án þess að þú vitnir þeirra vegna?

50 Haf “miskunnsemi, ó Drottinn, með hinum rangláta múg, sem hrakið hefur fólk þitt, svo að hann láti af yfiringangi sínum, að hann iðrist synda sinna, sé iðrun möguleg —

51 En vilji þeir það ekki, gjör þá beran armlegg þinn, ó Drottinn, og “endurheimt það, sem þú útnefndir fólk þínu sem Síon.

52 Og sé engin önnur leið til að málstaður fólks þíns bregðist þér ekki, megi þá reiði þín tendrast og réttlát reiði þín falla yfir þá, svo að þeir þurrkist burt undan himninum, bæði rætur og greinar —

53 En sem þeir iðrast, svo ert þú náðugur og miskunnsamur og munt snúa frá heilagri reiði þinni, þegar þú lítur ásjónu þíns smurða.

54 Sýn miskunn, ó Drottinn, öllum þjóðum jarðar. Sýn miskunn stjórnendum lands vors. Meги

þær reglur, sem feður vorir vörðu svo heiðarlega og göfugmannlega, það er “stjórnarskrá lands vors, standa að eilífu.

55 Minnst þú konunga, höfðingja, aðalsmanna og stórmenna jarðarinnar, og alls fólks, og kirkna, allra hinna fátæku og þurfsandi og aðþrengdu á jörðu —

56 Að hjörtu þeirra megi mildast, þegar þjónar þínir fara úr húsi þínu, ó Jehóva, til að bera nafni þínu vitni, að fordómar þeirra víki fyrir “sannleikanum og fólk þitt öðlist hylli fyrir allra augum —

57 Að endimörk jarðarinnar megi vita að vér, þjónar þínir, höfum “heyrt rödd þína og að þú hafir sent oss —

58 Að frá þeim öllum megi þjónar þínir, synir Jakobs, safna saman hinum réttlátu og reisa nafni þínu helga borg, eins og þú hefur boðið þeim.

59 Vér biðjum þig að útnefna aðrar “stikur í Síon auk þessarar, sem þú hefur útnefnt, svo að ^bsamsöfnun fólks þíns megi miða áfram af miklum krafti og tign, að verki þínu verði með “hraða lokið í réttlæti.

60 Þessi orð, ó Drottinn, höfum vér mælt til þín, varðandi opinberanirnar og fyrirmælin, sem þú hefur gefið oss, er teljumst með “þjóðunum.

48a LR Samúð, meðaumkun.

49a Sálms 13:1–2.
b LR Þíslarvottur, þíslarvætti.

50a LR Miskunnsamur,

miskunnsemi.

51a K&S 100:13; 105:2.

54a 1 Pét 2:13–15;
K&S 98:5–7; 101:77, 80.
LR Stjórnarskrá.

56a LR Sannleikur.

57a K&S 20:16; 76:22–24.

59a Jes 54:2.

b LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
c Matt 24:22.

60a 1 Ne 13:1–32; 15:13–18.

61 En þú veist að þú hefur mikla ást á börnum Jakobs, sem dreifð hafa verið á fjöllum um langan tíma, um dimman og þungbúinn dag.

62 Vér biðjum þig þess vegna að auðsýna börnum Jakobs miskunn, að frá þessari stundu megi endur-reisn ^aJerúsalem hefjast.

63 Og ok ánauðar fari að brotna af húsi ^aDavíðs.

64 Og að börn ^aJúda megi fara að snúa aftur til ^blandanna, sem þú gafst Abraham, föður þeirra.

65 Og lát ^aleifar Jakobs, sem hafa verið fordæmdar og lostnar vegna lögmálsbrota sinna, ^bsnúa frá hinum villtu og frumstæðu háttum sínum að fyllingu hins ævarandi fagnaðarerindis —

66 Svo að þeir leggi niður blóðug vopn sín og láti af uppreisn sinni.

67 Og megi allar dreifðar leifar ^aÍsraels, sem hrakist hafa til endimarka jarðarinnar, öðlast þekkingu á sannleikanum, trúa á Messías og verða leystar undan áþján og fagna frammi fyrir þér.

68 Ó Drottinn, minnst þú þjóns þíns Josephs Smith yngri, og allra þrenginga hans og ofsókna — að hann hefur gjört ^asáttmála við ^bJehóva og unnið þér eið, ó, máttugi Guð Jakobs — og fyrirmæla

þeirra, sem þú hefur gefið honum, og að hann hefur einlæglega kappkostað að fara að vilja þínum.

69 Sýn miskunn, ó Drottinn, konu hans og börnum, svo að þau megi upphafin verða í návist þinni og varðveitt verða af föðurlegri hendi þinni.

70 Auðsýn miskunn öllum þeirra ^anánustu, að fordómar þeirra leysist upp og sópist burtu, líkt og af flóði, og þau megi snúa til trúar og endurleyst verða með Ísrael, og vita að þú ert Guð.

71 Minnst þú, ó Drottinn, forsetanna, já, allra forseta kirkjunnar, að hægri hönd þín megi upphefja þá, ásamt öllum fjölskyldum þeirra og þeirra nánustu, að nöfn þeirra verði varðveitt og í ævarandi minnum höfð frá kyni til kyns.

72 Minnst þú allra safnaða þinna, ó Drottinn, ásamt öllum fjölskyldum þeirra og allra þeirra nánustu, ásamt öllum þeirra sjúku og aðþrengdu og öllum fátækum og hógværum á jörðunni, svo að ^aríkið, sem þú hefur reist án þess að mannhöndin snerti það, verði að stóru fjalli og fylli alla jörðina —

73 Og kirkja þín komi út úr eyðimörk myrkursins og ljómi björt sem ^amáninn og heið sem sólin

62a 3 Ne 20:29.
LR Jerúsalem.

63a LR Davíð.

64a Sak 12:6–9;
Mal 3:4;
K&S 133:13, 35.
LR Júda.

b 1 Mós 17:1–8.
LR Fyrirheitið land.

65a 2 Ne 30:3;
Al 46:23–24;
3 Ne 20:15–21;
K&S 19:27.
b 2 Ne 30:6;
3 Ne 21:20–22.
LR Trúskipti,
trúskiptingur.
67a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

68a LR Sáttmáli.

b LR Jehóva.

70a Þ.E. nánir ættingjar.

72a Dan 2:44–45;

K&S 65:2.

73a Ljód 6:10;
K&S 5:14; 105:31.

og ógnvekjandi sem her undir merkjum —

74 Og verði prýdd sem brúður fyrir þann dag, þegar þú munt afhjúpa himnana og láta fjöllin ^ahjaðna og ^bdalina upphefst við návist þína, og hamrana verða að dalgrundum, svo að dýrð þín fylli jörðina —

75 Að þegar lúðurinn hljómar fyrir hina dáu, verðum vér ^ahrifin upp í skýinu til móts við þig, að vér megum ætíð vera með Drottni —

76 Að klæði vor verði hrein, að vér megum íklæðast ^askikkjum réttlætisins, með pálma í höndum vorum og ^bdýrðarkórónur á höfðum vorum, og fáum uppskorið eilífa ^cgleði fyrir allar ^dþjánningar vorar.

77 Ó, Drottinn Guð almáttugur, heyr þessar bænir vorar og svara oss frá himni, þínum heilaga

bústað, þar sem þú situr í háseti, krýndur ^adýrð, heiðri, krafti, tign, mætti, yfirráðum, sannleika, réttvísi, dómi, miskunn og algjörri fylling frá eilífð til eilíðar.

78 Ó heyr, ó heyr, ó heyr oss, ó Drottinn! Vér biðjum þig að svara þessum bænum og þekkjast helgun þessa húss til þín, þessa handaverks vors, sem vér höfum reist nafni þínu —

79 Og einnig þessa kirkju, og set á hana nafn þitt. Og hjálpa oss með krafti anda þíns, svo að vér getum tekið undir með hinum björtu og ljómandi ^aseröfum umhverfis háseti þitt, með einróma lofi, og sungið hósanna Guði og ^blambinu!

80 Og lát þú þessa, þína smurðu, ^asveipast sáluhjálp, og þína heilögu hrópa hátt af gleði. Amen og amen.

110. KAFLI

Sýn, sem birtist spámanningnum Joseph Smith og Oliver Cowdery í must-erinu í Kirtland, Ohio, 3. apríl 1836. Tilefnið var hvíldardagssamkoma. Í sögu Josephs Smith segir, „Um miðjan dag aðstoðaði ég aðra forseta við að deila út kvöldmáltíð Drottins til safnaðarins, en við henni tókum við af hinum tólf, sem nutu þeirra forréttinda þann dag að þjóna við hið heilaga borð. Eftir að hafa veitt bræðrum mínum þessa þjónustu fór ég aftur að ræðustólnum, fyrir luktum tjöldum, og laut ásamt Oliver Cowdery í helgri og hljóðri bæn. Eftir að við risum upp frá bæninni, birtist eftirfarandi sýn okkur báðum.“

1–10, Drottinn Jehóva birtist í dýrð og veitir Kirtland musterinu viðtöku

sem húsi sínu; 11–12, Móse og Elías birtast báðir og afhenda lykla sína og

74a K&S 133:21–22, 40.

b Jes 40:4; Lúk 3:5;

K&S 49:23.

75a 1 Þess 4:17.

76a Op 7:13–15;

2 Ne 9:14.

b LR Kóróna;

Upphafning.

c LR Gleði.

d Hebr 12:1–11;

K&S 58:4.

77a LR Dýrð.

79a Jes 6:1–2.

b LR Guðslambið.

80a Sálm 132:16.

ráðstafanir; 13–16, Elía kemur til baka og afhendir lykla sinnar ráðstöfunar eins og Malakí lofaði.

“HULUNNI var svipt frá hugum okkar og ^baugu skilnings okkar lukust upp.

2 Við sáum Drottin standa á brjósthlíf prédikunarstólsins, frammi fyrir okkur, og undir fótum hans var stétt úr skíru gulli, rauðgullin á lit.

3 “Augu hans voru sem eldslogi, hárið á höfði hans var hvítt sem nýfallin mjöll, ljómínn frá ^bsvip hans bar af ljóma sólarinnar og ^crödd hans var sem dynur mikilla vatnsfalla, já, rödd ^dJehóva, sem sagði:

4 Ég er hinn ^afyrsti og hinn síðasti. Ég er sá, sem ^blifir. Ég er sá, sem deyddur var. Ég er ^cmálsvari yðar hjá föðurnum.

5 Sjá, syndir yðar eru yður ^afyrirgefna. Þér eruð hreinir fyrir mér, lyftið því höfði og fagnið.

6 Lát hjörtu bræðra yðar fagna og lát hjörtu alls míns fólks fagna, sem af mætti sínum hafa ^areist nafni mínu þetta hús.

7 Því að sjá, ég hef veitt þessu

“húsi ^bviðtöku og nafn mitt skal vera hér. Og af miskunn mun ég opinbera mig fólki mínu í þessu húsi.

8 Já, ég mun ^abirtast þjónum mínum og mæla til þeirra eigin röddu, ef fólk mitt heldur boðorð mín og ^bvanhelgar ekki þetta ^cheilaga hús.

9 Já, hjörtu þúsunda og tugþúsunda skulu fagna ákaft yfir þeim ^ablessunum, sem úthellt verður, og þeirri ^bgjöf, sem þjónum mínum hefur verið veitt í þessu húsi.

10 Og frægð þessa húss mun breiðast til annarra landa, og þetta er upphaf þeirra blessana, sem ^aúthellt verður yfir fólk mitt. Já, vissulega. Amen.

11 Eftir að ^asýn þessari lauk, lukust himnarnir enn upp fyrir okkur og ^bMóse birtist okkur og fól okkur ^clyklana að ^dsamansöfnun Ísraels frá hinum fjórum heims hlutum og að leiða ættkvíslirnar tíu úr landinu í ^enorðri.

12 Eftir það birtist ^aElías og fól okkur ^bráðstöfun ^cfagnaðarboðskapar Abrahams, sagði að með okkur og niðjum okkar verði allar kynslóðir eftir okkur blessaðar.

110 1a LR Hula.
b K&S 76:12, 19; 136:32; 138:11.
3a Op 1:14.
b Op 1:16;
JS — S 1:17.
c Esek 43:2; Op 1:15;
K&S 133:21–22.
d LR Jehóva.
4a LR Frumburður.
b 5 Mós 5:24.
c LR Málsvari.
5a LR Fyrirgefna.
6a K&S 109:4–5.

7a LR Musteri, hús
Drottins.
b 2 Kro 7:16.
8a K&S 50:45.
b K&S 97:15–17.
c LR Helgur.
9a 1 Mós 12:1–3;
K&S 39:15;
Abr 2:8–11.
b K&S 95:8.
LR Musterisgjöf.
10a K&S 105:12.
11a LR Sýn.
b Matt 17:3.

c LR Lyklar
prestðæmisins.
d Jakob 6:2;
K&S 29:7.
LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
e K&S 133:26–32.
LR Ísrael — Hinar tíu
horfnu kynkvíslir
Ísraels.
12a LR Elías.
b LR Ráðstöfunartími.
c Gal 3:6–29.
LR Sáttmáli Abrahams.

13 Eftir að þeirri sýn lauk, birtist okkur önnur mikil og dýrðleg sýn, því að spámaðurinn “Elía, sem ^bhrifinn var til himins án þess að smakka dauðann, stóð frammi fyrir okkur og sagði:

14 Sjá, sá tími er nú að fullu kominn, sem talað var um fyrir munn Malakís — er vitnaði að hann [Elía] yrði sendur, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kæmi —

15 Til að “snúa hjörtum feðranna til barnanna og barnanna til feðranna, til þess að öll jörðin verði ekki lostin banni —

16 Þess vegna eru lykjar þessara ráðstafana seldir yður í hendur, og með því skuluð þér vita, að hinn mikli og ógurlegi “dagur Drottins er í nánd, já, fyrir dyrum.

111. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith í Salem, Massachusetts, 6. ágúst 1836. Á þessum tíma voru leiðtogar kirkjunnar hlaðnir skuldum vegna helgra þjónustustarfa sinna. Þegar þeir heyrðu að miklar fjárhæðir væru þeim tiltækar í Salem, fór spámaðurinn, ásamt Sidney Rigdon, Hyrum Smith og Oliver Cowdery, þangað frá Kirtland, Ohio, til að kanna þetta, svo og að boða fagnaðarerindið. Bræðurnir afgreiddu nokkur mál kirkjunnar og prédikuðu nokkuð. Þegar ljóst varð, að ekkert fé fengist afhent, sneru þeir aftur til Kirtlands. Nokkur atríði, sem þarna voru mest áberandi, endurspeglast í orðum þessarar opinberunar.

1–5, Drottinn lítur eftir stundlegum þörfum þjóna sinna; 6–11, Hann mun vera Síon miskunnsamur og haga öllu til góðs fyrir þjóna sína.

Ég, Drottinn Guð yðar, er ekki óánægður með þessa ferð yðar, þrátt fyrir heimskupör yðar.

2 Ég á mikil auðæfi í þessari borg fyrir yður, Síon til heilla og einnig marga í þessari borg, sem ég mun fyrir yðar tilstilli safna saman á sínum tíma Síon til heilla.

3 Þess vegna er mér æskilegt, að þér komist í kynni við menn í þessari borg, eins og yður verður leiðbeint og yður mun gefið.

4 Og svo ber við, að á sínum tíma mun ég afhenda yður þessa borg, og þér skuluð hafa vald yfir henni, svo að þeir uppgötvu ekki launung yðar. Og auðæfi hennar í gulli og silfri verða yðar.

5 Hafið eigi áhyggjur af “skuldum yðar, því að ég mun gefa yður kraft til að greiða þær.

13a LR Elía.
b LR Umbreyttar verur.
15a JS — S 1:38–39.

LR Sáluhjálpi fyrir hina
dánu;
Ættfræði.

16a LR Síðustu dagar,
síðari dagar.
111 5a K&S 64:27–29.

6 Hafið eigi áhyggjur af Síon, því að ég mun auðsýna henni miskunn.

7 Haldið kyrru fyrir á þessum stað og í nærliggjandi héruðum —

8 Og sá staður, sem ég vil að þér haldið að mestu kyrru fyrir á, skal sýndur yður með “friði og krafti anda míns, sem mun streyma til yðar.

9 Þann stað fáid þér leigðan. Og spyrjið af kostgæfni um forna íbúa og stofnendur þessarar borgar —

10 Því að fleiri en einn fjársjóð getið þér fundið í þessari borg.

11 Verið því “hygggnir sem höggormar, en syndlausir þó. Og ég mun haga öllu yður til ^bgóðs, jafn óðum og þér eruð færir um að meðtaka það. Amen.

112. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith til Thomasar B. Marsh í Kirtland, Ohio, 23. júlí 1837, varðandi tólf postula lambsins. Þessi opinberun var meðtekin sama dag og öldungar Heber C. Kimball og Orson Hyde kenndu fyrst fagnaðarerindið á Englandi. Thomas B. Marsh var á þessum tíma forseti tólfpostulasveitarinnar.

1–10, *Hinir tólf skulu senda út fagnaðarerindið og hefja upp aðvörunarraust til allra þjóða og lýða; 11–15, Þeir skulu taka upp kross sinn, fylgja Jesú og næra sauði hans; 16–20, Þeir sem taka á móti Æðsta forsætisráðinu taka á móti Drottni; 21–29, Myrkur grúfir yfir jörðunni, og aðeins þeir sem trúá og eru skírðir munu hólpnir; 30–34, Æðsta forsætisráðið og hinir tólf hafa lyklana að ráðstöfuninni í fyllingu tímanna.*

SANNLEGA, svo mælir Drottinn til þjóns míns Thomasar: Ég hef heyrt bænir þínar og ölmusa þín hefur stigið upp til mín sem “minnisvarði frammi fyrir mér, í þágu bræðra þinna, sem útvaldir

voru og vígðir fyrir tilstilli þjóna minna til að bera nafni mínu vitni og ^bsenda það út á meðal allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýðs.

2 Sannlega segi ég þér, að nokkuð er það í hjarta þínu og hjá þér, sem ég, Drottinn, var ekki vel ánægður með.

3 Engu að síður munt þú upphafinn, þar eð þú “auðmýkir þig. Þess vegna eru allar syndir þínar þér fyrirgefnar.

4 Ver því “vonglaður í hjarta fyrir augliti mínu, og þú skalt bera nafni mínu vitni, ekki aðeins ^bÞjóðunum, heldur einnig “Gyðingunum. Og þú skalt senda orð mitt til endimarka jarðar.

8a K&S 27:16.

LR Friður.

11a Matt 10:16.

b Róm 8:28;

K&S 90:24; 100:15.

112 1a Post 10:4.

b K&S 18:28.

3a Matt 23:12;

Lúk 14:11.

4a Matt 9:2; Jóh 16:33.

b K&S 18:6; 90:8–9.

c K&S 19:27.

5 Þess vegna skalt þú ^aberjast morgun eftir morgun, og dag eftir dag láta ^baðvörunarrödd þína berast. Og þegar kvöldu tekur skulu íbúar jarðar ekki blunda, vegna ræðu þinnar.

6 Lát bústað þinn verða kunnan í Síon og ^aflyt ekki hús þitt, því að ég, Drottinn, ætla þér mikið verk að vinna við að kynna mannanna börnum nafn mitt.

7 ^aGirð þess vegna lendar þínar fyrir þetta verk. Haf fætur þína einnig skóaða, því að þú ert útvalinn, og leið þín liggur um fjöllin og meðal margra þjóða.

8 Og með orði þínu munu margir háir ^aniðurlægðir og með orði þínu munu margir smáir upphafðir.

9 Rödd þín skal átella hina brotlegu, og við átölur þínar skal tunga rögberans láta af rangfærslum sínum.

10 Ver ^aauðmjúkur og Drottinn Guð þinn mun leiða þig sér við hönd og svara bænum þínum.

11 Ég þekki hjarta þitt og hef heyrt bænir þínar varðandi bræður þína. Ver eigi hlutdrægur gagnvart þeim með því að ^aelska þá umfram marga aðra, heldur skalt þú elska þá eins og sjálfan þig og láta kærleik þinn streyma til allra manna og allra þeirra, sem elska nafn mitt.

12 Og bið fyrir bræðrum þínum af hinum tólf. Áminn þá af festu vegna nafns míns og lát ávíta þá fyrir allar syndir þeirra. Og ver þú ^anafni mínu trúr frammi fyrir mér.

13 Og eftir ^afreistingar þeirra og mikið ^bandstreymi, sjá, þá mun ég, Drottinn, leita þeirra, og ef þeir herða ekki hjörtu sín og gjörast ekki harðsvíraðir gegn mér, munu þeir ^csnúast til trúar og ég mun lækna þá.

14 Nú segi ég yður, og það sem ég segi yður segi ég öllum hinum tólf: Rísið og girðið lendar yðar, takið upp ^akross yðar, fylgið mér og ^bnærið sauði mína.

15 Upphefjið ekki sjálfa yður. ^aRísið ekki gegn þjóni mínum Joseph, því að sannlega segi ég yður: Ég er með honum og hönd mín skal hvíla yfir honum, og ^blyklar þeir, sem ég hef gefið honum og yður, verða ekki frá honum teknir fyrr en ég kem.

16 Sannlega segi ég þér, þjónn minn Thomas: Þú ert sá maður, sem ég hef útvalið til að halda lyklum ríkis míns úti á meðal allra þjóða, eins og þeir heyra til hinum tólf —

17 Svo að þú megir verða þjónn minn og upp ljúka dyrum ríkisins á öllum þeim stöðum, sem þjónn minn Joseph og þjónn minn

5a Júd 1:3.

b K&S 1:4–5.

6a Sál 125:1.

7a Ef 6:13–17.

8a LR Auðmjúkur, auðmýkt.

10a Okv 18:12.

11a Matt 5:43–48.

LR Elsa, ást;

Kærleikur.

12a LR Jesús Kristur —

Að taka á okkur nafn

Jesú Krists.

13a LR Freista, freisting.

b Jóh 16:33; Op 7:13–14;

K&S 58:3–4.

c 3 Ne 18:32.

LR Trúskipti,

trúskiptingur.

14a Matt 16:24;

þjs Matt 16:25–26

(Viðauki);

Lúk 9:23.

b Jóh 21:15–17.

15a LR Uppreisn.

b K&S 28:7.

LR Lyklar prestdæmisins.

“Sidney og þjónn minn ^bHyrum geta ekki verið —

18 Því að á þá hef ég lagt þunga allra safnaðanna um hríð.

19 Far þess vegna hvert sem þeir senda þig og ég mun vera með þér, og hvar sem þú kunngjörir nafn mitt munu ^aáhrifamiklar dyr opnast þér, svo að þeir geti tekið á móti orði mínu.

20 Hver sem ^atekur á móti orði mínu, tekur á móti mér, og hver sem tekur á móti mér, tekur á móti Æðsta forsætisráðinu, sem ég hef sent og ég hef gjört að ráðgjöfum, vegna nafns míns.

21 Og enn segi ég þér, að hver sá, sem þú sendir í mínu nafni, með samþykki bræðra þinna, hinna ^atólf, með réttum meðmælum þínum og ^bvaldi, skal hafa kraft til að opna dyr ríkis míns fyrir hverja þá þjóð, sem þú sendir þá til —

22 Svo sem þeir auðmýkja sig fyrir mér og fara eftir orðum mínum og ^ahlýða á rödd anda míns.

23 Sannlega, sannlega segi ég þér: ^aMyrkur grúfir yfir jörðunni og formyrkvar huga fólksins, og allt hold er ^bspillt orðið fyrir augum mínum.

24 Sjá, ^arefsingin fellur skjótt yfir

íbúa jarðar. Dagur heilagrar reiði, dagur brennu, dagur eyðingar, ^bgráts, hryggðar og harmakveins, og sem hvirfilvindur kemur hún yfir alla jörðina, segir Drottinn.

25 Og á húsi mínu mun hún ^ahefjast, og frá húsi mínu mun hún út ganga, segir Drottinn —

26 Fyrst til þeirra meðal yðar, segir Drottinn, sem ^asegjast hafa þekkt nafn mitt, en hafa ekki ^bþekkt mig og hafa ^cguðlastað gegn mér, mitt í húsi mínu, segir Drottinn.

27 Hafið þess vegna ekki áhyggjur af málefnum kirkjunnar á þessum stað, segir Drottinn.

28 En ^ahreinsið heldur hjörtu yðar frammi fyrir mér og ^bfarið síðan um allan heim og prédikið fagnaðarerindi mitt fyrir hverri skepnu, sem ekki hefur meðtekið það —

29 Og sá, sem ^atrúir og lætur ^bskírast, mun hólpinn verða, en sá, sem ekki trúir og ekki lætur skírast, mun ^cfordæmdur verða.

30 Því að yður, hinum ^atólf, og þeim, ^bÆðsta forsætisráðinu, sem útnefndir eru ásamt yður til að vera ráðgjafar yðar og leiðtogar, er veitt vald þessa prestdæmis, fyrir hina síðustu daga og í síðasta

17a LR Sidney Rigdon.

b LR Hyrum Smith.

19a 1 Kor 16:9;

K&S 118:3.

20a K&S 84:35–38.

21a K&S 107:34–35.

b LR Vald.

22a LR Hlusta og hlýða á; Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

23a Jes 60:2;

Míka 3:6;

K&S 38:11.

LR Fráhvarf — Fráhvarf frumkirkju Krists.

b K&S 10:20–23.

24a LR Hefnd.

b K&S 124:8.

25a 1 Pét 4:17–18.

26a Matt 7:21–23;

K&S 41:1; 56:1.

b Lúk 6:46;

Mósía 26:24–27;

3 Ne 14:21–23.

c LR Guðlasta, guðlast.

28a LR Hreinn, hreinleiki.

b Mark 16:15–16.

29a Morm 9:22–23;

K&S 20:25–26.

b LR Skirn, skíra.

c LR Fordæming.

30a LR Postuli.

b LR Æðsta forsætisráðið.

sinn, sem er ráðstöfunin í fyllingu tímanna.

31 Og þetta vald hafið þér með öllum þeim, sem tekið hafa á móti ráðstöfunum á hverjum tíma, allt frá upphafi sköpunarinnar —

32 Því að sannlega segi ég yður, að ^alyklar þeirrar ráðstöfunar, sem þér hafið meðtekið, hafa ^bborist áfram frá feðrunum, og að lokum verið sendir yður niður frá himni.

33 Sannlega segi ég yður: Sjá hversu mikil köllun yðar er. ^aHreinsið hjörtu yðar og klæði, svo að þér þurfið ekki að ^bsvara fyrir blóð þessarar kynslóðar.

34 Ver staðföst þar til ég ^akem, því að ég kem skjótt, og laun mín hef ég með mér til að gjalda hverjum manni eins og ^bverk hans verða. Ég er Alfa og Ómega. Amen.

113. KAFLI

Svör við ákveðnum spurningum varðandi rit Jesaja, gefin af spámanninum Joseph Smith í eða nálægt Far West, Missouri, mars 1838.

1–6, Stofn Ísaí, kvisturinn kemur þaðan, og rötarkvistur Ísaí er skilgreindur; 7–10, Dreifðar leifar Síonar eiga rétt á prestdæminu og eru kalladar aftur til Drottins.

HVER er stofn ^aÍsaí, sem talað er um í 1., 2., 3., 4. og 5. versu, 11. kapítula Jesaja?

2 Sannlega svo segir Drottinn: Hann er Kristur.

3 Hver er kvisturinn, sem talað er um í fyrsta versu 11. kapítula Jesaja, sem spretta skyldi fram af stofni Ísaí?

4 Sjá, svo segir Drottinn: Það er þjónn í hendi Krists, sem að nokkru er afkomandi Ísaí sem og

^aEfraíms eða af ætt Jósefs, sem veitt er mikið ^bvald.

5 Hver er rötarkvistur Ísaí, sem talað er um í 10. versu 11. kapítula?

6 Sjá, svo segir Drottinn: Það er afkomandi Ísaí, sem og Jósefs, en honum tilheyrir prestdæmið og ^alyklar ríkisins réttilega, sem ^bmerki og til ^csamansöfnunar á fólki mínu á síðustu dögum.

7 Spurningar Eliasar Higbees: Hvað er átt við með boðinu í Jesaja, 52. kapítula, 1. versu, sem segir: Íklæð þig styrk þínum, Síon — og við hverja á Jesaja?

8 Hann á við þá, sem Guð mun kalla á síðustu dögum, sem hafa munu prestdæmisvaldið til að

30c Ef 1:10;
K&S 27:13; 124:40–42.
LR Ráðstöfunartími.

32a K&S 110:11–16.
LR Lyklar
prestdæmisins.

b Abr 1:2–3.

33a Jakob 1:19.

b K&S 72:3.

34a Op 22:7, 12;
K&S 49:28; 54:10.

b LR Verk.

113 1a LR Ísaí.

4a 1 Mós 41:50–52;
K&S 133:30–34.

LR Efraím.

b LR Kraftur.

6a LR Lyklar
prestdæmisins.

b K&S 45:9.

LR Merki.

c LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.

leiða “Síon aftur, og til endurlausnar Ísraels. Og að íklæðast ^bstyrk er að íklæðast valdi prestdæmisins, sem hún, Síon, hefur erfðarétt á, og einnig að endurheimta þann kraft, sem hún hefur glatað.

9 Hvernig ber að skilja að Síon losi sig við hálsfjötra sína, 2. vers?

10 Okkur ber að skilja, að hinar

“dreifðu leifar eru hvattar til að ^bsnúa aftur til Drottins, sem þær hafa fallið frá. Og ef þær gjöra það, heitir Drottinn þeim, að hann muni tala til þeirra eða veita þeim opinberun. Sjá 6., 7. og 8. vers. Hálsfjötrar hennar eru bölvun Guðs, sem á henni hvílir, eða leifum Ísraels, sem dreifðar eru meðal Þjóðanna.

114. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Far West, Missouri, 11. apríl 1838.

1–2, Þau embætti, er skipuð eru mönnum sem ekki eru staðfastir, munu veitt öðrum.

SANNLEGA, svo segir Drottinn: Það er viska hjá þjóni mínum, David W. Patten, að ganga frá öllum málum sínum og selja vörur sínar eins fljótt og hann mögulega getur, svo að hann geti unnið

það verk fyrir mig næsta vor, ásamt öðrum, já, tólf að honum meðtöldum, að bera nafni mínu vitni og flytja öllum heiminum gleðitíðindi.

2 Því að sannlega, svo segir Drottinn: Séu einhverjir yðar á meðal, sem afneita nafni mínu, þá skulu aðrir “settir í þeirra ^bstað og taka við embætti þeirra. Amen.

115. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Far West, Missouri, 26. apríl 1838, sem kunngjörði vilja Guðs varðandi uppbyggingu þess staðar og húss Drottins. Þessari opinberun er beint til yfirmanna og meðlima kirkjunnar.

1–4, Drottinn nefnir kirkju sína Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu; 5–6, Síon og stikur hennar eru vörn og athvarf hinna heilögu; 7–16, Hinum heilögu er boðið að reisa hús Drottins

í Far West; 17–19, Joseph Smith hefur lykllana að ríki Guðs á jörðu.

SANNLEGA, svo segir Drottinn við yður, þjónn minn

8a LR Síon.

b K&S 82:14.

c LR Frumburðarréttur.

10a LR Ísrael — Tvístrun

Ísraels.

b Hós 3:4–5;

2 Ne 6:11.

114 2a K&S 118:1, 6.

b K&S 64:40.

“Joseph Smith yngri, og einnig við þjón minn ^bSidney Rigdon og einnig þjón minn ^cHyrum Smith og ráðgjafa yðar, sem tilnefndir eru og síðar verða það —

2 Og einnig við þig, þjónn minn ^aEdward Partridge, og ráðgjafa hans —

3 Og einnig við trúa þjóna mína, sem eru í háráði kirkju minnar í Síon, því að svo skal það kallað, og við alla öldunga og alla í minni Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, sem dreifðir eru um heiminn —

4 Því að svo mun ^akirkja mín nefnd á síðustu dögum, já, ^bKirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

5 Sannlega segi ég yður öllum: ^aRísið og látið ljós yðar skína, svo að það verði þjóðunum ^btákn —

6 Og að ^asamansöfnunin á landi ^bSíonar og í ^cstikum hennar megi verða vörn og ^dathvarf fyrir storminum og hinni heilögu reiði, þegar henni verður skilyrðislaust ^eúthellt yfir gjörvalla jörðina.

7 Borgin Far West skal vera mér ^aheilagt og helgað land, og hún skal kallast heilögust, því að jörðin sem þér standið á er heilög.

8 Þess vegna býð ég yður að ^areisa mér hús fyrir samansöfnun

minna heilögu, svo að þeir geti ^btilbeðið mig.

9 Og lát þetta verk hefjast, grundvöll lagðan og undirbúning hafinn, næsta sumar —

10 Og lát verkið hefjast fjórða dag næstkomandi júlímánaðar, og frá þeim tíma skal fólk mitt vinna ötullega að því að reisa nafni mínu hús —

11 Og lát þá að ^aári liðnu frá deginum í dag leggja aftur grundvöllinn að ^bhúsi mínu.

12 Og lát þá frá þeim tíma vinna ötullega, þar til því er lokið, frá hornsteini þess til mænis þess, þar til engu er ólokið.

13 Sannlega segi ég yður: Lát eigi þjón minn Joseph, eða þjón minn Sidney, eða þjón minn Hyrum, setja sig framár í skuldir við að reisa nafni mínu hús —

14 En lát reisa nafni mínu hús á þann ^ahátt, sem ég mun sýna þeim.

15 Og reisi fólk mitt það ekki á þann veg, sem ég mun sýna forsætisráði þess, mun ég ekki veita því viðtöku.

16 En reisi fólk mitt það á þann veg, sem ég mun sýna forsætisráði þess, já, þjóni mínum Joseph og ráðgjöfum hans, þá mun ég taka við því úr höndum fólks míns.

115 1a LR Joseph Smith yngri.

b LR Sidney Rigdon.

c LR Hyrum Smith.

2a LR Edward Partridge.

4a 3 Ne 27:4–8.

b LR Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

5a Jes 60:1–3.

b Jes 11:12.

LR Merki.

6a LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

b LR Síon.

c K&S 101:21.

LR Stíka.

d Jes 25:1, 4;

K&S 45:66–71.

e Op 14:10;

K&S 1:13–14.

7a LR Helgur.

8a K&S 88:119; 95:8.

b LR Tilbeidsla.

11a K&S 118:5.

b K&S 124:45–54.

14a Hebr 8:5;

K&S 97:10.

17 Og sannlega segi ég yður enn, að það er vilji minn að borgin Far West verði byggð upp í skyndi með samansöfnun minna heilögu —

18 Og einnig að aðrir staðir verði tilgreindir undir “stikur í nærliggjandi héruðum, eins og

sýnt verður þjóni mínum Joseph, er tímar líða.

19 Því að sjá, ég mun vera með honum, og ég mun helga hann fyrir fólkinu, því að honum hef ég afhent “lykla þessa ríkis og þessarar helgu þjónustu. Já, vissulega. Amen.

116. KAFLI

Opinberun gefin spámanninginum Joseph Smith nálægt Wight's Ferry, á stað, sem nefnist Spring Hill, Daviess-sýslu, Missouri, 19. maí 1838.

DROTTINN nefnir Spring Hill “Adam-ondi-Ahman, vegna þess, sagði hann, að það er staðurinn, sem ^bAdam kemur til, er hann

vitjar fólks síns, eða þar sem hinn “aldni daganna skal sitja, eins og spámaðurinn Daníel talar um.

117. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninginum Joseph Smith í Far West, Missouri, 8. júlí 1838, varðandi skyldur Williams Marks, Newels K. Whitney og Olivers Granger.

1–9, Þjónar Drottins skulu ekki girnast veraldlega hluti, því að „hvað eru eigur í augum Drottins?"; 10–16, Þeir munu láta af lítilmennsku sál-arinnar, og fórnir þeirra skulu vera Drottni heilagar.

SANNLEGA, SVO segir Drottinn við þjón minn William Marks og einnig þjón minn Newel K. Whitney: Þeir skulu ganga frá málum sínum í skyndi og fara frá landi Kirtlands, áður en ég, Drottinn, læt aftur snjó falla á jörðina.

2 Þeir skulu vakna og rísa á fætur og fara og dvelja ei, því að ég, Drottinn, býð svo.

3 Ef þeir þess vegna dvelja, mun ekki fara vel fyrir þeim.

4 Þeir skulu iðrast allra synda sinna og allrar ágirndar sinnar frammi fyrir mér, segir Drottinn, því að hvað eru “eigur í mínum augum? segir Drottinn.

5 Látið eignirnar í Kirtland ganga upp í “skuldir, segir Drottinn. Lát þær af hendi, segir Drottinn, og það sem verður eftir

18a K&S 101:21.

LR Stika.

19a LR Lyklar
prestðæmisins.

116 1a K&S 78:15.

LR Adam-ondi-

Ahman.

b LR Adam.

c Dan 7:13–14, 22.

117 4a K&S 104:14.

5a K&S 104:78.

verða enn í höndum yðar, segir Drottinn.

6 Því að á ég ekki fugla himins og fiska sjávar og dýr fjallanna? Hef ég ekki gjört jörðina? Eru ekki "örlog allra hersveita þjóða jarðar í mínum höndum?

7 Mun ég því ekki láta "eyðistaðina bruma og blómstra og bera fram gnægð? segir Drottinn.

8 Er ekki nægilegt rúm á fjöllum "Adam-ondi-Ahman og á sléttum Ólaha ^bSíneha, eða á "landinu sem Adam dvaldi á, að þér skulið girnast það sem aðeins er dropi, og vanrækja það sem mikilvægara er?

9 Komið þess vegna hingað til lands fólks míns, já, Síonar.

10 Þjónn minn William Marks sé "trúr yfir litlu og hann mun settur yfir mikið. Lát hann vera í forsæti meðal fólks míns í borginni Far West og verða blessaðan með blessunum fólks míns.

11 Þjónn minn Newel K. Whitney skal blygðast sín fyrir flokk "Nikólaíta og alla þeirra ^bleyndu viðurstyggð, og fyrir alla lítilmennsku sálar sinnar fyrir mér, segir Drottinn, og koma upp til lands Adam-ondi-Ahman og verða "biskup fólks míns, segir Drottinn. Ekki að

nafni til, heldur í verki, segir Drottinn.

12 Og enn segi ég yður: Ég er minnugur þjóns míns "Olivers Grangers. Sjá, sannlega segi ég honum, að nafn hans skal í helgum minnum haft kynslóð fram af kynslóð, alltaf og að eilífu, segir Drottinn.

13 Þess vegna skal hann af einlægni vinna að endurlausn ædsta forsætisráðs kirkju minnar, segir Drottinn. Og þegar hann fellur skal hann rísa aftur, því að "fórn hans verður mér helgari en arður hans, segir Drottinn.

14 Þess vegna skal hann koma í skyndi hingað upp til Síonarlands. Og á sínum tíma mun hann gjörður kaupmaður fyrir nafn mitt, til gagns fyrir fólk mitt, segir Drottinn.

15 Þess vegna skal enginn maður óvirða þjón minn Oliver Granger, heldur skulu blessanir fólks míns hvíla á honum alltaf og að eilífu.

16 Og sannlega segi ég yður enn: Allir þjónar mínir í landi Kirtlands skulu minnast Drottins Guðs síns og húss míns einnig, og gæta þess að halda því heilögu og reka víxlarana á brott þegar mér hentar, segir Drottinn. Já, vissulega. Amen.

6a Post 17:26;
1 Ne 17:36–39.

7a Jes 35:1;
K&S 49:24–25.

8a K&S 116.
LR Adam-ondi-Ahman.
b Abr 3:13.

c LR Eden.
10a Matt 25:23.

11a Op 2:6, 15.
b LR Leynisamtök,
samsæri.

c LR Biskup.

12a Þ.E. fulltrúinn sem

spámaðurinn lét verða eftir til að ganga frá málefnum sínum í Kirtland.

13a LR Fórn.

118. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Far West, Missouri, 8. júlí 1838, sem svar við bæninni: „Sýn oss, ó Drottinn, vilja þinn varðandi hina tólf.“

1–3, *Drottinn mun annast fjölskyldur hinna tólf; 4–6, Skipað í stöður meðal hinna tólf.*

SANNLEGA, svo segir Drottinn: Ráðstefna skal haldin nú þegar. Hinir tólf skulu skipulagðir og menn skulu útnefndir til að fylla „sæti þeirra, sem fallið hafa.

2 Lát þjón minn „Thomas halda um stund kyrru fyrir í landi Síonar, til að gefa út orð mitt.

3 Lát aðra halda áfram að prédika frá þessari stundu, og gjöri þeir það af hjartans lítillæti, hógværð og „auðmýkt og með umburðarlyndi, gef ég, Drottinn, þeim loforð um, að ég mun annast fjölskyldur þeirra og að

áhrifamiklar dyr munu opnast þeim héðan í frá.

4 Og næsta vor skulu þeir halda yfir hin miklu vötn og birta þar fagnaðarerindi mitt, fyllingu þess, og bera nafni mínu vitni.

5 Þeir skulu yfirgefa mína heilögu í borginni Far West tuttugusta og sjötta dag aprílmánaðar næstkomandi, á byggingarlóð húss míns, segir Drottinn.

6 Lát útnefna þjón minn John Taylor og einnig þjón minn John E. Page og einnig þjón minn Wilford Woodruff og einnig þjón minn Willard Richards, til að taka sæti þeirra sem fallið hafa, og verði opinberlega tilkynnt um útnefningu þeirra.

119. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Far West, Missouri, 8. júlí 1838, sem svar við bæninni: „Ó Drottinn! Sýn þjónum þínum hve mikils þú krefst af eigum fólks þíns í tíund.“ Tíundarlögmálið, í þeim skilningi sem það er nú, hafði ekki verið gefið kirkjunni fyrir þessa opinberun. Orðið tíund í fyrrgreindri bæn og í fyrri opinberunum (64:23, 85:3, 97:11) þýddi ekki aðeins einn tíunda hluta, heldur allar fórnir og framlög, sem af frjálsum vilja voru gefin sjóðum kirkjunnar. Drottinn hafði áður gefið kirkjunni helgunarlögmálið og ráðsmennsku eigna, sem meðlimirnir (aðallega leiðandi öldungar) tóku að sér með sáttmála, sem vera skyldi ævarandi. Vegna þess að margir héldu ekki þennan sáttmála, dró Drottinn hann til baka um hríð og gaf allri kirkjunni þess í stað

118 1a Post 1:13, 16–17,
22–26.

2a LR Thomas B. Marsh.
3a LR Auðmjúkur,

auðmýkt.
b LR Standast.

tíundarlögmálið. Spámaðurinn spurði Drottin, hve mikið af eigum þeirra hann krefðist í þessum heilaga tilgangi. Svareð var þessi opinberun.

1–5, *Hinir heilögu skulu greiða umframeigur og síðan gefa sem tíund einn tíunda hluta af ábata sínum árlega; 6–7, Slíkur málstaður mun helga Síonarland.*

SANNLEGA, svo segir Drottinn: Ég krefst þess, að allar umframeigur verði afhentar biskupi kirkju minnar í Síon.

2 Til byggingar húss míns og til að leggja grundvöllinn að Síon, og til prestdæmisins og til greiðslu á skuldum forsætisráðs kirkju minnar.

3 Og þetta skal verða upphaf tíundargreiðslu fólks míns.

4 Og eftir það skulu þeir, sem þannig hafa goldið tíund, greiða einn tíunda hluta alls ábata síns árlega, og þetta skal vera þeim

gildandi lögmál að eilífu fyrir heilagt prestdæmi mitt, segir Drottinn.

5 Sannlega segi ég yður, að svo mun bera við, að allir þeir, sem safnast til lands Síonar, skulu greiða umframeigur sínar í tíund, og skulu virða þetta lögmál, ella munu þeir ekki teljast verðugir þess að búa meðal yðar.

6 Og ég segi yður, að ef fólk mitt virðir ekki þetta lögmál eða heldur það heilagt og helgar ekki land Síonar fyrir mig með þessu lögmáli, svo að ákvæði mín og reglur séu haldin þar, og hún verði hin helgasta, sjá, sannlega segi ég yður, þá mun það ekki verða yður land Síonar.

7 Og þetta er öllum stikum Síonar til eftirbreytni. Já, vissulega. Amen.

120. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Far West, Missouri, 8. júlí 1838. Hún greinir frá hvernig farið skuli með tíundargreiðslu fólksins, sem nefnd er í fyrri opinberun, 119. kafla.

SANNLEGA, svo segir Drottinn: Tíminn er nú inni og úthlutun hennar skal annast ráð, sem æðsta forsætisráð kirkju minnar

og biskupinn og ráð hans skipa, og háráðið og rödd mín til þeirra, segir Drottinn. Já, vissulega. Amen.

119 1a K&S 42:33–34, 55;
51:13; 82:17–19.
2a K&S 115:8.
3a Mal 3:8–12;

K&S 64:23.
LR Tíund,
tíundargreiðslur.
5a K&S 57:2–3.

6a LR Síon.
7a LR Stika.
120 1a P.E. tíund.

121. KAFLI

Bæn og spádómar, sem spámaðurinn Joseph Smith skráði í sendibréfi til kirkjunnar, meðan hann var í haldi í fangelsinu í Liberty, Missouri, dagsett 20. mars 1839. Spámaðurinn, ásamt nokkrum félagá sinna, höfðu setið í fangelsi mánuðum saman. Beiðnir þeirra og skírskotun til ráðandi embættismanna og dómstóla höfðu engan árangur borið.

1–6, Spámaður biður heitt til Drottins vegna þjáninga hinna heilögu; 7–10, Drottinn færir honum frið; 11–17, Bölvæðir eru allir þeir, sem hrópa falskar ásakanir um afbrot gegn fólki Drottins; 18–25, Þeir munu ekki eiga rétt til prestdæmisins og munu fordæmdir; 26–32, Þeim sem standast hughraustir er heitið dýrðilegum opinberunum; 33–40, Hvers vegna margir eru kallaðir en fáir útvaldir; 41–46, Prestdæminu skal aðeins beitt í réttlæti.

Ó Guð, hvar ert þú? Og hvar er tjaldið, sem hylur “skýli þitt?

2 “Hversu lengi munt þú halda að þér hendi þinni og hversu lengi mun auga þitt, hið hreina auga þitt, horfa frá hinum eilífu himnum á rangindi þau, sem fólk þitt og þjónar þínir eru beittir, og eyra þitt daufheyrast við ákalli þeirra?

3 Já, ó Drottinn, “hversu lengi skulu þau þola þessi rangindi og þessa óréttmætu áþján, áður en hjarta þitt mildast gagnvart þeim og brjóst þitt hrærist til meðaumkunar með þeim?

4 Ó, Drottinn Guð “almáttugur, skapari himins, jarðar og sjávar og alls þess, sem í þeim er, og sem hefur vald yfir djöflinum og undirokar hann og hin myrku og skuggalegu yfirráð Sheols — rétt þú fram hönd þína, ljúk upp auga þínu, lyft tjaldi þínu frá, hyl ekki lengur ^bskýli þitt, legg við hlustir, lát hjarta þitt mildast og brjóst þitt hrærast til meðaumkunar með oss.

5 Tendra reiði þína gegn óvinum vorum og lát oss með heift hjarta þíns og sverði þínu ná “rétti vorum vegna rangindanna.

6 Minnstu þjáninga þinna heilögu, ó, Guð vor, og þjónar þínir munu að eilífu fagna í nafni þínu.

7 Sonur minn, friður sé með sál þinni. “Mótlæti þitt og þrengingar munu aðeins vara örskamma stund —

8 Og ef þú “stenst það vel, þá mun Guð upphefja þig í upphæðum. Þú munt fagna sigri yfir öllum óvinum þínum.

9 “Vinir þínir standa með þér og þeir munu hylla þig aftur með heitu hjarta og hlýjum höndum.

121 1a Sálm 13:1–2; 102:1–2.
2a Hab 1:2.
3a K&S 109:49.
4a LR Alvaldur.

b K&S 123:6.
5a Lúk 18:7–8.
7a LR Andstreymi.
8a 1 Pét 2:19–23.

LR Standast.
9a K&S 122:3.

10 Enn ert þú ekki sem „Job. Vinir þínir berjast hvorki gegn þér né saka þig um afbrot, eins og þeir gjörðu við Job.

11 Og von þeirra, sem saka þig um afbrot, mun breyta og væntingar þeirra hjaðna niður eins og „frosthélan bráðnar undan brennheitum geislum hækkandi sólar —

12 Og Guð hefur einnig ákveðið með hendi sinni og innsigli að breyta „tímum og árstíðum og blinda hugi þeirra, svo að þeir skilji ekki hin undursamlegu verk hans, og hann fái einnig reynt þá og fellt þá á þeirra eigin bragði —

13 Og þar eð hjörtu þeirra eru spillt, mun það, sem þeir vilja leiða yfir aðra, og þjáningarnar, sem þeir óska að aðrir líði, koma yfir „þá sjálfa að fullu —

14 Að þeir verði einnig vonsviknir og vonir þeirra að engu gjörðar —

15 Og innan fárra ára mun þeim og afkomendum þeirra sópað burtu undan himninum, segir Guð, svo að enginn þeirra standi eftir við múrinn.

16 Bölvaðir séu allir þeir, sem lyfta hæli sínum móti mínum „smurðu, segir Drottinn, og segja þá hafa ^bsyndgað, þegar þeir hafa ekki syndgað gegn mér, segir Drottinn, heldur hafa gjört það, sem rétt var í augum mínum, og sem ég bauð þeim.

17 En þeir, sem hrópa afbrot, gjöra svo vegna þess að þeir eru þjónar syndarinnar og eru sjálfir „börn óhlýðninnar.

18 Og þeir, sem vinna falskan eið gegn þjónum mínum til þess að geta fjötrað þá og deytt —

19 Vei sé þeim, og vegna þess að þeir hafa „misboðið smælingjum mínum, skulu þeir sneiddir frá ^bhelgiathöfnum húss míns.

20 „Karfa þeirra mun ekki fyllast, hús þeirra og hlöður skulu farast, og þeir munu sjálfir fyrirlitnir af þeim sem skjölluðu þá.

21 Þeir skulu ekki hafa rétt til „prestdæmisins, og ekki heldur afkomendur þeirra eftir þá, kynslóð eftir kynslóð.

22 „Betra hefði þeim verið að myllusteinn hefði verið hengdur um háls þeirra og þeim drekkt í djúpi sjávar.

23 Vei, öllum þeim, sem hrella fólk mitt og hrekja, myrða og vitna gegn því, segir Drottinn hersveitanna. „Nöðruafkvæmi fá ekki umflúið fordæmingu vítis.

24 Sjá, augu mín „sjá og þekkja öll verk þeirra, og ég geymi þeim öllum bráðan ^bdóm á sínum tíma —

25 Því að „tími er útnefndur hverjum manni, samkvæmt því hver ^bverk hans verða.

10a LR Job.
11a 2 Mós 16:14.
12a Dan 2:21.
13a Okv 28:10; 1 Ne 14:3.
16a 1 Sam 26:9;
Sálm 105:15.
b 2 Ne 15:20;

Moró 7:14, 18.
17a Ef 5:6.
19a Matt 18:6.
LR Mísþjóða.
b LR Helgiathafnir.
20a 5 Mós 28:15–20.
21a LR Prestdæmi.

22a Matt 18:6; K&S 54:5.
23a Matt 12:34.
24a LR Alvitur.
b He 8:25.
LR Dómari, dómur.
25a Job 7:1; K&S 122:9.
b LR Verk.

26 Guð mun veita yður ^aþekkingu með ^bhinum heilaga anda sínum, já, með hinni ólýsanlegu ^cgjöf heilags anda, sem ekki hefur verið opinberuð síðan heimurinn varð til, fyrr en nú.

27 Sem forfeður okkar hafa með mikilli eftirvæntingu beðið eftir að opinberuð yrði á síðustu tímum, sem englarnir beindu hugum þeirra að, og geymd var til fyllingar dýrðar þeirra.

28 Til komandi tíma, þegar ^aengu verður haldið til baka. Hvort sem um er að ræða einn Guð eða marga ^bguði, skulu þeir opinberast.

29 Öll hásæti, herradómar, tignir og völd skulu ^aopinberuð verða og veitast öllum þeim, sem hugdjarfir hafa staðið stöðugir í fagnaðarerindi Jesú Krists.

30 Og einnig, ef ^atakmörk verða sett himnunum, höfunum, þurr-lendunum eða sólinni, tunglinu eða stjörnunum —

31 Allur snúningstími þeirra, allir útnefndir dagar, mánuðir og ár, og allir dagar daga þeirra, mánaða og ára, og öll dýrð þeirra, lög-mál og ákveðið tímaskeið, mun opinberað á dögum ^aráðstöfunarinnar í fyllingu tímanna —

32 Samkvæmt því sem ákveðið

var í ^aráði hins eilífa ^bGuðs allra annarra guða áður en þessi heimur varð til, það sem geymast skyldi til fullnustu og loka hans, þegar sérhver maður skal ganga inn í eilífa ^cnávist hans og ódauðlega ^dhvíld hans.

33 Hversu lengi geta straumvötn haldist óhrein? Hvaða vald fær stöðvað himnana? Eins vel gæti maðurinn rétt fram veikan arm sinn til að stöðva markað rennsli Missourifljótsins eða snúa straumi þess í gagnstæða átt, eins og að koma í veg fyrir að almættið úthelli ^aþekkingu frá himni yfir höfuð síðari daga heilagra.

34 Sjá, margir eru ^akallaðir en fáir eru ^bútvaldir. Og hvers vegna eru þeir ekki útvaldir?

35 Vegna þess að hjörtu þeirra beinast svo mjög að því, sem þessa ^aheims er, og leita sér svo mannlegrar ^bupphefðar, að þeir læra ekki þessi einu sannindi —

36 Að ^aréttur prestdæmisins er óaðskiljanlega tengdur ^bkrafti himins, og að krafti himins verður aðeins stjórnað og beitt eftir reglum ^créttlætisins.

37 Hægt er að fela okkur hann, rétt er það, en þegar við reynum að ^ahylja ^bsyndir okkar

26a Dan 2:20–22; TA 1:9.

LR Opinberun.

b K&S 8:2–3.

c LR Gjóf heilags anda.

28a K&S 42:61; 76:7–8; 98:12.

b Sálm 82:1, 6;

Jóh 10:34–36;

1 Kor 8:5–6;

K&S 76:58; 132:20;

Abr 4:1; 5:1–2.

29a K&S 101:32.

30a Job 26:7–14;

Sálm 104:5–9; Post 17:26.

31a LR Ráðstöfunartími.

32a LR Ráð eða þing á himnum.

b 5 Mós 10:17.

c LR Maður, menn —

Maður, með möguleika

til að verða líkur

himneskum föður.

d LR Hvíld.

33a K&S 128:19.

LR Þekking.

34a Matt 20:16; 22:1–14;

K&S 95:5–6.

LR Köllun, kallaður af Guði.

b LR Útvalinn.

35a LR Veraldarhyggja.

b Matt 6:2; 2 Ne 26:29.

36a LR Prestdæmi; Vald.

b LR Kraftur.

c LR Réttlátur, réttlæti.

37a Okv 28:13.

b LR Synd.

eða seðja ^chroka okkar og fánýta metorðagirnd, eða beita stjórn eða yfirráðum eða þvingun við sálir mannanna barna, hversu lítið sem óréttlætið er, sjá, þá ^ddraga himnarnir sig í hlé. Andi Drottins tregar, og þegar hann er vikinn á brott, er úr sögunni prestdæmi eða vald þess manns.

38 Sjá, áður en hann veit af, er hann skilinn einn eftir til að ^aspyrna gegn broddunum, til að ^bofsækja hina heilögu og berjast gegn Guði.

39 Við höfum lært af sárri reynslu, að það er ^aeðli og tilhneiging nánast allra manna, að jafnskjótt og þeir telja sig hafa eitt-hvert vald, fara þeir samstundis að beita óréttlátum yfirráðum.

40 Þess vegna eru margir kallaðir, en fáir eru útvaldir.

41 Engu valdi eða áhrifum er hægt eða ætti að beita af hendi prestdæmisins, heldur með ^afortölum einum, með ^bumburðarlyndi, með mildi og hógværð og með fölskvalausri ást —

42 Með góðvild og hreinni þekkingu, sem stórum mun þroska sálina, án ^ahræsni og án ^bflærðar —

43 ^aVanda um tímanlega með myndugleik, þegar heilagur andi hvetur til þess, og auðsýna síðan vaxandi ^bkærleik þeim, sem þú hefur vandað um við, svo að hann telji þig ekki óvin sinn —

44 Svo að hann megi vita, að tryggð þín er sterkari en bönd dauðans.

45 Lát brjóst þitt og vera fullt af kærleika til allra manna og til heimamanna trúarinnar. Lát ^adyggðir þrýða ^bhugsanir þínar linnulaust, og þá mun traust þitt vaxa og styrkjast í návist Guðs og kenning prestdæmisins falla á sál þína sem ^cdögg af himni.

46 ^aHeilagur andi verður þér stöðugur förunautur, og veldisproti þinn óbreytanlegur veldisproti réttlætis og sannleika. Og ^byfirráð þín skulu verða ævarandi yfirráð og streyma til þín án þvingana alltaf og að eilífu.

122. KAFLI

Orð Drottins til spámannsins Josephs Smith, meðan hann var í haldi í fangelsinu í Liberty, Missouri. Þessi kaflí er útdráttur úr sendibréfi til kirkjunnar, dagsett 20. mars 1839 (sjá formála að kafla 121).

1–4, Endimörk jarðar munu spyrjast fyrir um nafn Josephs Smith;

5–7, Allar hættur og erfiðleikar, sem á vegi hans verða, munu veita honum

37c LR Drambsemi.

d K&S 1:33.

38a Post 9:5.

b LR Ofsækja, ofsókn.

39a LR Hinn náttúrlegi maður.

41a 1 Pét 5:1–3.

b 2 Kor 6:4–6.

42a Jakbr 3:17.

b LR Svik.

43a LR Ága.

b LR Elska, ást; Kærleikur.

45a LR Dyggð.

b LR Hugsanir.

c 5 Mós 32:1–2; K&S 128:19.

46a LR Heilagur andi.

b Dan 7:13–14.

reynslu og verða honum til góðs; 8–9, Mannssonurinn hefur beygt sig undir það allt.

ENDIMÖRK jarðar munu spyrjast fyrir um “nafn þitt, heimskingjar munu hæða þig og hel fara hamförum gegn þér —

2 En hinir hjartahreinu og hyggnu, göfugu og dyggðugu munu stöðugt leita “ráða, valds og blessana af hendi þér.

3 Og fólk þitt mun aldrei snúast gegn þér fyrir vitnisburð svikara.

4 Og þó að þú lendir í erfiðleikum og undir lás og slá vegna áhrifa þeirra, skalt þú í heiðri hafður. Og vegna réttlætis þíns mun raust þín innan “skamms verða ógurlegri meðal óvina þinna en öskur hins óða ^bljóns. Og Guð þinn mun standa með þér alltaf og að eilífu.

5 Verðir þú kallaður til að þola andstreymi, verðir þú í hættu meðal falskra bræðra, verðir þú í hættu meðal ræningja, verðir þú í hættu á láði eða legi —

6 Verðir þú ákærður með alls kyns fólkskum ásökunum, ráðist óvinir þínir á þig, rífi þeir þig frá samfélagi föður þíns og móður, bræðra þinna og systra, og slíti óvinir þínir þig úr faðmi eiginkonu þinnar og barna með brugðnu sverði, og eldri sonur

þinn, aðeins sex ára gamall, ríghaldi í þig og hrópi: Faðir minn, faðir minn, hvers vegna getur þú ekki verið hjá okkur? Ó, faðir minn, hvað ætla mennirnir að gera þér? Og verði honum þá með sverði ýtt burt frá þér og þú dreginn í fangelsi og óvinir þínir setjist að þér líkt og blóðþyrstir “úlfar að lambi —

7 Og verði þér varpað í gryfju eða í hendur morðingja og dauðadómur felldur yfir þér, verði þér kastað í “djúpið, gjöri beljandi öldurnar samsæri gegn þér, verði ólmandi stormar óvinir þínir, myrkvist himnarnir og sameinist allar höfuðskepnurnar um að loka leiðinni, og umfram allt, opni skoltar ^bheljar gin sitt upp á gátt fyrir þér, vita skaltu þá, sonur minn, að allt mun þetta veita þér “reynslu og verða þér til góðs.

8 “Mannssonurinn hefur ^bbeygt sig undir allt þetta. Ert þú meiri en hann?

9 Hald þess vegna stefnu þinni, og “prestdæmið mun vera með þér, því að ^btakmörk þeirra eru sett, þeir komast ei lengra. “Dagar þínir eru ákveðnir og ár þín skulu ekki verða færri. “Óttast þess vegna ekki hvað maðurinn kann að gjöra, því að Guð verður með þér alltaf og að eilífu.

122 1a JS — S 1:33.

2a LR Ráðgjöf.

4a K&S 121:7–8.

b 3 Ne 20:16–21; 21:12.

6a Lúk 10:3.

7a Jónas 2:3–6.

b 2 Sam 22:5–7;

JS — S 1:15–16.

c 2 Kor 4:17;

Hebr 12:10–11;

2 Ne 2:11.

8a LR Mannssonurinn.

b Hebr 2:9, 17–18;

K&S 76:107; 88:6.

9a K&S 90:3.

b Post 17:26.

c K&S 121:25.

d Nehem 4:14;

Sálm 56:4; 118:6;

Okv 3:5–6;

Jes 51:7;

Lúk 12:4–5;

2 Ne 8:7;

K&S 3:7; 98:14.

123. KAFLI

Skylða hinna heilögu varðandi ofsóknara sína, skrifað af spámanninum Joseph Smith, meðan hann var í haldi í fangelsinu í Liberty, Missouri. Þessi kafli er útdráttur úr sendibréfi til kirkjunnar, dagsett 20. mars 1839 (sjá formála að kafla 121).

1–6, *Hinir heilögu skulu safna heimildum og birta frásagnir af þjáningum sínum og ofsóknum á hendur þeim; 7–10, Sami andinn sem setur fram falskar játningar, leiðir einnig til ofsókna á hendur hinum heilögu; 11–17, Margir meðal allra trúfélaga munu enn taka á móti sannleikanum.*

OG enn, vér bendum yður á að hugleiða hvort ekki sé rétt, að allir hinir heilögu safni saman vitneskju um allar staðreyndir og þjáningar og ofsóknir þær, sem þeir hafa orðið fyrir af íbúum þessa ríkis —

2 Og einnig um allt það tjón, sem þeir hafa beðið, bæði á mannorði og fasteignum —

3 Og einnig nöfn þeirra, sem tekið hafa þátt í þessum ofsóknum, svo framarlega sem þeim reynist unnt að ná þeim og finna þau.

4 Ef til vill mætti skipa nefnd til að rannsaka þetta og skrá niður yfirlýsingar og eiðfesta framburði og safna saman ærumeiðandi skrifum, sem í umferð eru —

5 Og öllu því, sem er í tímaritum og alfræðibókum og öllum ærumeiðandi sögusögnum, sem birtar eru og skráðar eru, og hverjir skrá þær, og kynna allan þann samtvinnaða og djöfullega óþverra og þær níðingslegu

og mannskæðu ráðagerðir, sem hafðar hafa verið í frammi gegn þessu fólki —

6 Svo að við getum ekki aðeins birt það öllum heiminum, heldur og kynnt það yfirvöldum í öllum þess myrku og djöfullegu litum, sem síðasta tilraunin, sem himneskur faðir okkar leggur að okkur að gjöra, áður en við með fullum rétti getum krafist þess fyrirheits, sem kalla mun hann fram úr “skýli sínu. Og einnig svo að öll þjóðin verði án afsökunar, áður en hann fær sent kraft síns máttuga arms.

7 Það er óhjákvæmileg skylda okkar gagnvart Guði, englunum, sem við verðum látin standa með, og einnig okkur sjálfum, eigin konum okkar og börnum, sem beygð hafa verið af hryggð, sorg og áhyggjum undan níðingslegum morðum, harðstjórn og áþján, sem styrkt var, mögnuð og studd af áhrifum þess anda, sem svo sterkelega hefur mótað trúarskoðanir feðranna, sem arfleitt hefur börnin að lygum og fyllt hefur heiminn af glundroða, og orðið hefur sterkari og sterkari og er nú aðaluppsetta allrar spillingar, og gjörvöll “jörðin stynur undan þunga misgjörða hans.

8 Þetta er “járnok, þetta eru

sterkir fjötrar, þetta eru sjálf handjárn, hlekkir, fótjárn og höft vítis.

9 Þess vegna er það óhjákvæmleg skylda okkar, ekki aðeins gagnvart eiginkonum okkar og börnum, heldur og gagnvart ekkjum og munaðarleysingjum þeirra eiginnanna og feðra, sem “myrtir hafa verið með járnhendi þess —

10 Og myrkraverk hans nægja til að sjálf helja skelfur, stendur agndofa og bliknar og hendur sjálfs djöfulsins titra og lamast.

11 Einnig er það óhjákvæmleg skylda okkar gagnvart öllum komandi kynslóðum og öllum hjartahreinum —

12 Því að enn eru margir á jörðunni meðal allra trúarflokka, hópa og trúfélaga, sem “blindaðir eru vegna slóttugra klækja mannanna, sem þeir bíða eftir að beita, og aðeins er haldið frá sannleikanum vegna þess

að þeir ^bvita ekki hvar hann er að finna —

13 Þess vegna skyldum við eyða lífi okkar og gefa það allt til þess að leiða öll hin “huldu myrkraverk, sem við þekkjum, fram í ljósið, og vissulega er gert uppskatt um þau frá himni —

14 Þessu skyldi sinnt af fyllstu alvöru.

15 Enginn maður skal líta á þetta sem smámuni, því að margt varðandi framtíðina og hina heilögu hvílir á því.

16 Þér vitið bræður, að í stormi hefur mjög stórt skip afar mikið “gagn af mjög litlu stýri, sem beitir því upp í vind og sjóa.

17 Þess vegna skulum vér, ástærðu bræður, með “glöðu geði gjöra allt, sem í okkar valdi stendur, og síðan getum við með fullri vissu beðið eftir að sjá ^bhjalpræði Guðs, og arm hans opinberast.

124. KAFLI

Opinberun gefin spámanninum Joseph Smith í Nauvoo, Illinois, 19. janúar 1841. Vegna síaukinna ofsókna og ólögmætra aðgerða opinberra embættismanna gegn hinum heilögu, höfðu þeir neyðst til að yfirgefa Missouri. Þegar Lilburn W. Boggs, fylkisstjóri Missouri, gaf út tilskipun, dagsetta 27. október 1838, um að útrýma þeim, áttu þeir engra annarra kosta vöð. Þegar þessi opinberun var gefin, 1841, höfðu hinir heilögu reist borgina Nauvoo, þar sem þorpið Commerce í Illinois hafði áður staðið, og þar urðu höfuðstöðvar kirkjunnar

1–14, Joseph Smith er boðið að senda forseta Bandaríkjanna, fylkisstjórum og ráðamönnum allra þjóða, hátíðlega

yfirlýsingu um fagnaðarerindið; 15–21, Hyrum Smith, David W. Patten, Joseph Smith eldri og aðrir meðal

9a K&S 98:13; 124:54.
12a Kól 2:8;
K&S 76:75.

b 1 Ne 8:21–23.
13a 1 Kor 4:5.
16a Jakbr 3:4; Al 37:6–7;

K&S 64:33.
17a K&S 59:15.
b 2 Mós 14:13.

lifenda og dauðra eru blessaðir fyrir heiðarleika sinn og dyggðir; 22–28, Hinum heilögu er bæði boðið að byggja gistihús fyrir ferðamenn og musteri í Nauvoo; 29–36, Skírnið fyrir dána skulu framkvæmdar í musteum; 37–44, Fólki Drottins reisir alltaf musteri fyrir framkvæmd heilagra athafna; 45–55, Hinir heilögu þurfa ekki að reisa musteri í Jacksonsýslu vegna ofsókna óvina sinna; 56–83, Leiðbeiningar gefnar um byggingu Nauvoohússins; 84–96, Hyrum Smith er kallaður sem patriarki og til að hljóta lyklana og koma í stað Olivers Cowdery; 97–122, William Law og aðrir fá ráðleggingar varðandi störf sín; 123–145, Aðalembættismenn og embættismenn staða eru tilnefndir, og skyldur þeirra að aðild að sveitum tilgreind.

SANNLEGA, svo segir Drottinn við þig, þjón minn Joseph Smith: Fórnið þínar og játningar eru mér þóknanlegar, því að í þeim tilgangi hefi ég uppvakið þig, að ég gæti sýnt visku mína með hinu “veika á jörðunni.

2 Bæni þínar eru mér þóknanlegar, og sem svar við þeim segi ég þér, að þú ert nú kallaður samtundis til að gefa út hátiðlega yfirlýsingu um fagnaðarerindi mitt og um þessa “stiku, sem ég hef sett til að vera hornstein Síonar, sem fægð skal þar til hún jafnast á við glæsta höll.

3 Þessi yfirlýsing skal gefin

öllum “konungum heims, hinna fjögurra skauta hans, hinum hæstvirta kjörna forseta og háttvirtu fylkisstjórum þeirrar þjóðar, sem þér lifið meðal, og öllum þjóðum jarðar um alla jörð.

4 Hún skal rituð í anda “hög-værðar og með krafti heilags anda, sem vera skal í þér, þegar þú ritar hana —

5 Því að það mun þér gefið með heilögum anda að þekkja vilja minn varðandi þessa konunga og þessi yfirvöld, jafnvel það, sem hendir þá á komandi tíð.

6 Því að sjá, ég er á leið með að kalla þá til að gefa gaum að ljósi og dýrð Síonar, því að hinn ákveðni tími er kominn, er hlúð skal að henni.

7 Kalla þess vegna á þá háum rómi, með yfirlýsingu þinni og vitnisburði, svo að þeir verði einnig án afsökunar. Óttast þá ekki, því að þeir eru sem “gras, og öll dýrð þeirra sem blóm þess, er bráðlega fellur —

8 Og svo að ég megi vitja þeirra á degi vitjunarinnar, þegar ég mun afhjúpa ásjónu mína, til að útnefna kúgaranum hlut sinn meðal hræsnara, þar sem er “gnístran tanna, ef þeir hafna þjónum mínum og vitnisburði mínum, sem ég hef opinberað þeim.

9 Og enn, ég mun vitja þeirra og milda hjörtu margra þeirra yður til góðs, svo að þér finnið náð fyrir augum þeirra, og þeir megi koma

124 1a 1 Kor 1:26–28;
K&S 1:19; 35:13.
2a LR Stika.
3a Sálml 119:46;

Matt 10:18;
K&S 1:23.
4a LR Hógvær, hógværd.
7a Sálml 103:15–16;

Jes 40:6–8;
1 Pét 1:24–25.
8a Matt 8:12; Al 40:13;
K&S 101:91; 112:24.

til "ljóss sannleikans, og Þjóðirnar til upphafningar eða upplýftingar Síonar.

10 Því að vitjunardagur minn rennur skyndilega upp, á þeirri "stundu sem þér hyggið ekki að. Og hvar verður öryggi fólks míns og athvarf fyrir þá þeirra sem eftir verða?

11 Vaknið, ó, konungar jarðar! Komið, ó, komið þér með gull yðar og silfur, til hjálpar fólki mínu, til húss dætra Síonar.

12 Og sannlega segi ég þér enn, lát þjón minn Robert B. Thomson aðstoða þig við að rita þessa yfirlýsingu, því að ég er vel ánægður með hann og vil að hann verði með þér —

13 Hann skal því fara að ráðum þínum og ég mun blessa hann margföldum blessunum. Hann skal vera trúr og sannur í öllu héðan í frá, og hann mun verða mikill í augum mínum —

14 En hann skal hafa hugfast, að ég mun krefja hann reikningsskila fyrir "ráðsmennsku sína.

15 Og sannlega segi ég þér enn: Blessaður er þjónn minn ^aHyrum Smith, því að ég, Drottinn, elska hann fyrir ^beinlægni hjarta hans og vegna þess að hann elskar það, sem rétt er í mínum augum, segir Drottinn.

16 Enn fremur skal þjónn minn

John C. Bennett hjálpa þér í því starfi þínu að senda konungum og þjóðum jarðar orð mitt, og standa með þér, já, þér þjóni mínum Joseph Smith, á þrengingartímum. Og laun hans munu ekki bregðast, fari hann að "ráðleggingum.

17 Og vegna elsku sinnar skal hann mikill verða, því að hann verður minn, ef hann gjörir þetta, segir Drottinn. Ég hef séð verk hans og ég þigg þau, ef hann heldur áfram. Og ég mun krýna hann blessunum og mikilli dýrð.

18 Og enn segi ég þér, að það er vilji minn, að þjónn minn Lyman Wight haldi áfram að prédika fyrir Síon, í anda hógværðar, og kannist við mig fyrir heiminum. Og ég mun bera hann uppi sem á "arnarvængjum og hann skal leiða dýrð og heiður yfir sig og nafn mitt.

19 Svo að þegar hann hefur lokið verki sínu, geti ég tekið hann til mín, já, eins og þjón minn ^aDavid Patten, sem með mér er nú, og einnig þjón minn ^bEdward Partridge, og einnig hinn aldraða þjón minn ^cJoseph Smith eldri, sem situr ^dhjá Abraham, honum til hægri handar, og blessaður og heilagur er hann, því að hann er minn.

20 Og sannlega segi ég þér enn, að þjónn minn George Miller er "falslaus. Honum má treysta

9a Jes 60:1–4.
LR Ljós, ljós Krists.

10a Matt 24:44;
JS — M 1:48.

14a LR Ráðsmaður,
ráðsmennska.

15a LR Hyrum Smith.
b LR Ráðvendni.

16a LR Ráðgjöf.
18a 2 Mós 19:4;

Jes 40:31.
19a K&S 124:130.

LR David W. Patten.

b LR Edward Partridge.

c LR Joseph Smith eldri.

d K&S 137:5.

20a LR Svik.

vegna einlægni hjarta hans, og ég, Drottinn, elska hann fyrir ást þá, sem hann hefur á vitnisburði mínum.

21 Þess vegna segi ég þér, að ég innsigla embætti ^abiskupsráðsins á höfuð hans, eins og þjóns míns Edwards Partridge, svo að hann megi taka á móti helgunargjöfum húss míns, og megi veita fátæku fólki mínu blessanir, segir Drottinn. Enginn maður skal vanvirða þjón minn George, því að hann mun heiðra mig.

22 Lát þjón minn George og þjón minn Lyman og þjón minn John Snider, og aðra, reisa nafni mínu ^ahús, slíkt sem þjónn minn Joseph mun sýna þeim, á þeim stað, sem hann mun einnig sýna þeim.

23 Og það skal vera gistihús, hús, sem framandi menn, langt að komnir, geta búið í. Það skal því vera gott hús, verðugt eftirsóknar, svo að þreyttur ^aferðamaður finni þar heilsu og öryggi meðan hann íhugar orð Drottins, og þann ^bhyrningarstein, sem ég hef útnefnt Síon.

24 Þetta hús skal vera heilsusamlegur bústaður, sé það reist mínu nafni, og ef sá, sem útnefndur verður til að veita því forstöðu, leyfir ekki að það vanhelgist. Það skal vera heilagt, ella mun Drottinn Guð yðar ekki dvelja í því.

25 Og sannlega segi ég yður enn: Lát alla mína heilögu koma hvaðanæva að.

26 Og sendið hraðboða, já, valda boðbera, að segja þeim: Komið með allt gull yðar og silfur og dýrmæta steina og með alla forn-gripi yðar, og með alla þá, sem þekkingu hafa á forngrípum, og þeir, sem vilja koma, mega koma, og hafi með sér límvið, þintré og furu, ásamt öllum dýrmætum trjám jarðar —

27 Og með járn, kopar og látún og sink og með alla dýrmæta jarðneska muni yðar, og reisa nafni mínu ^ahús, fyrir hinn æðsta að ^bdvelja í.

28 Því að enginn staður finnst á jörðu, sem hann getur komið til og ^aendurreist aftur það, sem yður var glatað eða hann hefur burtu tekið, sjálfa fyllingu prestdæmisins.

29 Því að ^askírnarfontur er ekki til á jörðu, sem þeir, mínir heilögu, geti ^bskírst í fyrir þá, sem dánir eru —

30 Því að þessi helgiathöfn tilheyrir húsi mínu og getur ekki verið mér þóknanleg nema á fátæktardögum yðar, þegar þér eruð ekki færir um að reisa mér hús.

31 En ég býð yður, öllum yður, mínum heilögu, að ^areisa mér hús, og ég gef yður nægilegan tíma

21 *a* K&S 41:9.

LR Biskup.

22 *a* K&S 124:56–60.

23 *a* 5 Mós 31:12;

Matt 25:35, 38.

b K&S 124:2.

27 *a* K&S 109:5.

LR Musteri, hús
Drottins.

b 2 Mós 25:8;

K&S 97:15–17.

28 *a* LR Endurreisn
fagnaðarerindisins.

29 *a* K&S 128:13.

b 1 Kor 15:29;

K&S 127:6; 138:33.

LR Sáluhjálpi fyrir hina

dánu;

Skírn, skíra — Skírn

fyrir dána.

31 *a* K&S 97:10.

til að byggja hús fyrir mig, og á meðan á því stendur eru skírnir yðar mér þóknanlegar.

32 En sjá, að þeim útnefnda tíma loknum mun ég ekki viðurkenna skírnir yðar fyrir yðar látnu. Og ef þér hafið ekki gjört þetta að útnefndum tíma loknum, mun yður hafnað sem kirkju, ásamt yðar látnu, segir Drottinn Guð yðar.

33 Því að sannlega segi ég yður, að eftir að þér hafið fengið nægilegan tíma til að reisa mér hús, þar sem helgiathöfnin skírn fyrir hina dáu á heima í, og sem innleidd var áður en jörðin var grundvölluð, viðurkenni ég ekki skírnir yðar fyrir yðar dáu —

34 Því að þar í eru ^alyklar hins heilaga prestdæmis vígðir, svo að þér fáið meðtekið heiður og dýrð.

35 Og eftir þann tíma viðurkenni ég ekki skírnir yðar fyrir yðar dáu, sem framkvæmdar eru af þeim sem dreifðir eru vítt og breitt, segir Drottinn.

36 Því að ákveðið er, að í Síon og stikum hennar og í Jerúsalem, þeim stöðum sem ég hef tilgreint sem ^aathvarf, skuli skírnir yðar fyrir yðar dáu framkvæmdar.

37 Og sannlega segi ég yður enn, hvernig getur ^alaugun yðar verið mér þóknanleg, nema þér

framkvæmið hana í því húsi, sem þér hafið reist nafni mínu?

38 Því að af þessari ástæðu bauð ég Móse að reisa ^ahelgidóm, svo að þeir gætu flutt hann með sér í eyðimörkinni, og að reisa ^bhús í fyrirheitna landinu, svo að þessar helgiathafnir, sem huldar höfðu verið frá því áður en heimurinn varð til, mættu opinberaðar verða.

39 Sannlega segi ég yður þess vegna, að ^asmurningar yðar og lauganir og ^bskírnir fyrir hina dáu, og ^chátíðarsamkomur yðar og minningarhátíðir yðar fyrir ^dfórnir yðar með sonum Levís, og lifandi orð yðar á ^ehelgustu stöðum yðar, þar sem þér meðtakið orðin, og ákvæði yðar og dómar til upphafs opinberananna og grundvöllunar Síonar, og til dýrðar, heiðurs og gjafar öllum íbúum hennar, er vígt með helgiathöfn í heilögu húsi mínu, sem fólki mínu er ætíð boðið að reisa heilögu nafni mínu.

40 Og sannlega segi ég yður: Lát reisa þetta hús nafni mínu, svo að ég geti opinberað fólki mínu helgiathafnir mínar í því —

41 Því að náðarsamlegast vil ég ^aopinbera kirkju minni það, sem verið hefur ^bhulið allt frá grundvöllun veraldar, það sem

34a K&S 110:14–16.
LR Lyklar
prestdæmisins.

36a Jes 4:5–6.

37a LR Lauga, laugaður,
laugun.

38a 2 Mós 25:1–9; 33:7.
LR Tjaldbúð.

b LR Musteri, hús
Drottins.

39a 2 Mós 29:7.

LR Smyrja.

b LR Helgiathafnir —
Helgiathöfn með
staðgengli.

c K&S 88:117.

d K&S 13; 84:31; 128:24;
JS — S 1:69.

e Esek 41:4;

K&S 45:32; 87:8; 101:22.

41a TA 1:9.

b K&S 121:26–32.

tilheyrir ráðstöfunum í ‘fyllingu tímanna.

42 Og “ég mun sýna þjóni mínum Joseph allt, sem tilheyrir þessu húsi og prestdæmi þess, og staðinn sem það skal reist á.

43 Og þér skuluð byggja það á þeim stað, sem þér hafið hugsað yður að byggja það á, því að það er bletturinn, sem ég hef valið yður fyrir það.

44 Ef þér erfiðið af öllum mætti yðar, mun ég helga þann blett, svo að hann verði “heilagur gjörður.

45 Og vilji fólk mitt hlýða rödd minni og rödd “þjóna minna, sem ég hef útnefnt til að leiða fólk mitt, sjá, sannlega segi ég yður, þá skal það ekki flutt úr stað.

46 En vilji það hvorki hlýða rödd minni né rödd þeirra manna, sem ég hef útnefnt, mun það eigi blessað, því að það vanhelgar heilög landsvæði mín og helgiathafnir mínar og reglur og heilög orð mín, sem ég gef þeim.

47 Og svo ber við, að ef þér reisið nafni mínu hús, en gjörði ekki það sem ég segi, mun ég hvorki halda þann “eið, sem ég gef yður, né uppfylla fyrirheitin, sem þér væntið af mér, segir Drottinn.

48 Því að í “stað blessana munuð þér með verkum yðar leiða bölvun, heilaga og réttláta reiði og dóm yfir yður sjálfa með heimsku yðar og allri þeirri við-

urstyggð, sem þér hafið í frammi, segir Drottinn.

49 Sannlega, sannlega segi ég yður, að þegar ég gef einhverjum mannanna sonum boð um að vinna verk fyrir mitt nafn, og þessir mannanna synir ganga að því af öllum mætti sínum og með öllu, sem þeim er tiltækt, að framkvæma þetta verk, og láta ekki af “kostgæfni sinni, og óvinir þeirra sækja að þeim og hindra þá í að vinna þetta verk, sjá, þá þóknast mér að ^bkrefjast ekki lengur þessa verks af þessum mannanna sonum, heldur þiggja fórnir þeirra.

50 Og misgjörðirnar og brotin á heilögum lögmaðlum mínum og boðorðum mun ég láta “falla yfir þá, sem hindra verk mitt, í þriðja og fjórða ^bættlið, svo lengi sem þeir “iðrast ekki og forsmá mig, segir Drottinn Guð.

51 Af þeim sökum hef ég þegið fórnir þeirra, sem ég hef boðið að byggja upp borg og reisa “hús fyrir nafn mitt í ^bJacksonsýslu í Missouri, en hindraðir voru af óvinum sínum, segir Drottinn Guð yðar.

52 Og ég mun svara með “dómi, heilagri og réttlátri reiði, gráti og angist og gnístran tanna yfir höfuð þeirra í þrjá og fjóra ættliði, svo lengi sem þeir iðrast ekki, og forsmá mig, segir Drottinn Guð yðar.

41c Ef 1:9–10;
K&S 27:13; 112:30.

42a K&S 95:14–17.

44a LR Helgur.

45a K&S 1:38.

LR Spámaður.

47a LR Eiður.

48a 5 Mós 28:15.

49a LR Kostgæfni.

^b K&S 56:4; 137:9.

50a Mósía 12:1.

^b 5 Mós 5:9;

K&S 98:46–47.

c LR Iðrast, iðrun.

51a K&S 115:11.

^b LR Jackson-sýsla,

Missouri (Bandar).

52a K&S 121:11–23.

53 Og þetta gef ég yður sem dæmi, yður til huggunar vegna allra þeirra, sem hafa fengið boð um að vinna verk, en hafa verið hindraðir í því af höndum óvina sinna og af nauðung, segir Drottinn Guð yðar.

54 Því að ég er Drottinn Guð yðar og mun frelsa alla þá bræður yðar, sem hafa verið ^ahjártahreinir og ^bdeyddir í landi Missouri, segir Drottinn.

55 Og sannlega segi ég yður: Enn býð ég yður að reisa nafni mínu ^ahús, já, á þessum stað, svo að þér fáið ^bsannað mér trúfesti yðar í öllu því, sem ég býð yður, að ég megi blessa yður og krýna yður heiðri, ódauðleika og eilífu lífi.

56 Og varðandi ^agistihúsið, sem ég hef boðið yður að reisa fyrir ókunnuga, segi ég yður nú: Lát reisa það nafni mínu og setja nafn mitt á það, og látið þjón minn Joseph og heimilisfólk hans vera þar til húsa, kynslóð eftir kynslóð.

57 Því að þeirri smurningu hef ég smurt hann, að blessanir hans skulu einnig falla á höfuð afkomenda hans eftir hann.

58 Og eins og ég sagði við ^aAbraham varðandi kynkvíslir jarðarinnar, einmitt svo segi ég við þjón minn Joseph: Í þér og ^bniðjum þínum skulu allar kynkvíslir jarðar blessun hljóta.

59 Lát þess vegna þjón minn Joseph og niðja hans eftir hann

eiga aðsetur í þessu húsi, kynslóð eftir kynslóð, alltaf og að eilífu, segir Drottinn.

60 Og nafn þessa húss skal vera Nauvoohúsið og það skal vera unaðslegur mannabústaður og hvíldarstaður þreyttum ferðamanni, svo að hann megi ígrunda dýrð Síonar og dýrð þessa, hyrningarsteins hennar —

61 Að hann megi einnig hljóta ráðleggingar þeirra, sem ég hef sett sem rómaðan ^agróður og ^bvarðmenn á múrum hennar.

62 Sjá, sannlega segi ég yður, lát þjón minn George Miller, og þjón minn Lyman Wight, og þjón minn John Snider og þjón minn Peter Haws, taka höndum saman, og tilnefnið einn þeirra sem forseta sveitar sinnar, í þeim tilgangi að byggja þetta hús.

63 Og þeir skulu mynda félag til að fá inn hlutfé til byggingar þessa húss.

64 Og þeir skulu ekki taka minna en fimmtíu dollara fyrir hvern hlut í þessu húsi, og þeir skulu hafa heimild til að taka á móti fimmtán þúsund dollurum af einum einstökum manni fyrir hlut í því húsi.

65 En þeir skulu ekki hafa heimild til að taka meira en fimmtán þúsund dollara frá nokkrum einstökum manni.

66 Og þeir skulu ekki hafa heimild til að taka minna en fimmtíu dollara sem hlut í þessu

54a LR Hreinn, hreinleiki.
b K&S 98:13; 103:27–28.

55a K&S 127:4.
b Abr 3:25.

56a K&S 124:22–24.

58a 1 Mós 12:3; 22:18;
Abr 2:11.

LR Abraham.

b K&S 110:12.

LR Sáttmáli Abrahams.

61a Jes 61:3;
Esek 34:29.

b LR Vaka, vera á verði,
verði.

húsi frá nokkrum einstökum manni.

67 Og þeir skulu ekki hafa heimild til að taka nokkurn mann sem hluthafa í því húsi, nema hann greiði sinn hlut, þegar hann tekur við hlut sínum —

68 Og hlutur hans í húsinu skal vera í hlutfalli við hlutafjárupp-hæð þá, sem hann greiðir þeim. En greiði hann þeim ekkert, skal hann engan hlut fá í því húsi.

69 Og hver sem greiðir þeim hlutafé skal eiga hlut í því húsi, hann sjálfur og afkomendur hans, frá kyni til kyns, svo lengi sem hann eða erfingjar hans halda þeim hlut og selja hann ekki eða af frjálsum vilja og verki láta hann af hendi, ef þér farið að vilja mínum, segir Drottinn Guð yðar.

70 Og sannlega segi ég yður enn: Ef þjónn minn George Miller og þjónn minn Lyman Wight og þjónn minn John Snider og þjónn minn Peter Haws fá í hendur einhvern hlut, í peningum eða eigum, sem jafngilda fjárhæðum, skulu þeir ekki nota neitt af því til nokkurs annars en þessa húss.

71 Og noti þeir einhvern hluta þessa hlutafjár til einhvers annars en þessa húss án samþykkis hluthafa, og greiða ekki fjórfalt fyrir hvern hlut, sem þeir nota til annars en þessa húss, skulu þeir bölvaðir og þeim vikið úr stöðu sinni, segir Drottinn Guð. Því að ég, Drottinn, er Guð og læt í engu þessu að mér ^ahæða.

72 Sannlega segi ég yður: Lát þjón minn Joseph greiða þeim hlut til byggingar þessa húss eins og honum hentar, en þjónn minn Joseph getur ekki greitt yfir fimmtán þúsund dollara hlut í þessu húsi, né minna en fimmtíu dollara, né heldur nokkur annar maður, segir Drottinn.

73 Og enn eru aðrir, sem óska þess að vita vilja minn varðandi þá, því að þeir hafa beðið mig um það.

74 Þess vegna segi ég yður varðandi þjón minn Vinson Knight, að vilji hann fara að vilja mínum, skal hann eignast hlut í þessu húsi fyrir sjálfan sig og niðja sína eftir sig, frá kyni til kyns.

75 Og lát hann hefja upp raust sína, lengi og hátt, mitt á meðal fólksins, og ^atala máli hinna fátæku og þurfandi, og hann skal hvorki bregðast né láta hugfallast, og ég mun ^bþiggja fórnir hans, því að þær verða mér ekki sem fórnir Kains, því að hann verður minn, segir Drottinn.

76 Fjölskylda hans skal fagna og snúa hjörtum sínum frá þrengingum, því að ég hef útvalið hann og smurt hann, og hann skal heiðraður meðal húss síns, því að ég fyrirgef honum allar syndir hans, segir Drottinn. Amen.

77 Sannlega segi ég yður, lát þjón minn Hyrum kaupa hlut í þessu húsi, eins og honum hentar, fyrir sjálfan sig og niðja sína eftir sig, frá kyni til kyns.

71a Gal 6:7.
75a Okv 31:9.

b 1 Mós 4:4–5;
HDP Móse 5:18–28.

78 Lát þjón minn Isaac Galland kaupa hlut í þessu húsi, því að ég, Drottinn, ann honum fyrir það verk, sem hann hefur unnið, og mun fyrirgefa allar syndir hans. Þess vegna skulu hagsmunir hans í þessu húsi í minnum hafðir frá kyni til kyns.

79 Lát tilnefna þjón minn Isaac Galland yðar á meðal og lát þjón minn William Marks vígja hann og blessa, til að fara með þjóni mínum Hyrum og vinna það verk, sem þjónn minn Joseph mun fela þeim, og þeir skulu ríkulega blessaðir.

80 Lát þjón minn William Marks kaupa hlut í þessu húsi, eins og honum hentar, fyrir sjálfan sig og ætt sína, frá kyni til kyns.

81 Lát þjón minn Henry G. Sherwood kaupa hluta í þessu húsi, eins og honum hentar, fyrir sjálfan sig og niðja sína eftir sig, frá kyni til kyns.

82 Lát þjón minn William Law kaupa hlut í þessu húsi fyrir sjálfan sig og niðja sína eftir sig, frá kyni til kyns.

83 Vilji hann gjöra vilja minn, skal hann ekki fara með fjölskyldu sína í austurátt, já, til Kirtland. Engu að síður mun ég, Drottinn, byggja upp Kirtland, en ég, Drottinn, hef refsivönd til reiðu fyrir íbúana þar.

84 Og margt er það varðandi þjón minn Almon Babbitt, sem ég er ekki ánægður með. Sjá,

hann vill helst fylgja eigin ráðum í stað þess að hlíta þeim ráðum, sem ég hef gefið, já, forsætisráðs kirkju minnar. Og hann stillir upp “gullkálfi handa fólki mínu að tilbiðja.

85 Enginn, sem hingað er kominn til að reyna að halda boðorð mín, skal “yfirgefa þennan stað.

86 Lifi þeir hér, skulu þeir lifa mér, og deyi þeir, skulu þeir deyja mér, því að þeir munu “hvílast frá öllu erfiði sínu hér og halda áfram starfi sínu.

87 Þjónn minn William setji þess vegna traust sitt á mig og óttist ei lengur um fjölskyldu sína vegna sjúkdómsins í landinu. Ef þér “elskið mig, skuluð þér halda boðorð mín, og sjúkdómurinn, sem herjar landið, skal ^bverða yður til dýrðar.

88 Lát þjón minn William fara og með hárra raust og mikilli gleði kunngjóra ævarandi fagnaðarerindi mitt íbúum Varsjár og einnig íbúum Carthage og einnig íbúum Burlington og einnig íbúum Madison, eins og “andi minn býður honum, og bíða þolinmóður og af kostgæfni frekari leiðbeininga á aðalráðstefnu minni, segir Drottinn.

89 Vilji hann gjöra vilja minn, skal hann héðan í frá hlíta ráðum þjóns míns Josephs, og af áhuga styðja “málstað hinna fátæku og birta íbúum jarðarinnar ^bhina nýju þýðingu á heilögu orði mínu.

84a 2 Mós 32:2–4.

85a Lúk 9:62.

86a Op 14:13.

LR Hvíld;

Paradís.

87a Jóh 14:15.

b K&S 121:8; 122:7.

88a LR Guð, guðdómur —

Guð heilagur andi.

89a K&S 78:3.

b Þ.E. Biblíupýðing

Josephs Smith.

90 Og vilji hann gjöra svo, mun ég “blessa hann margföldum blessunum, og hann skal ekki yfirgefinn, og niðjar hans ekki þurfa að ^bbetla sér brauð.

91 Og sannlega segi ég yður enn: Lát tilnefna þjón minn William, vígja hann og smyrja sem ráðgjafa þjóns míns Josephs, í stað þjóns míns Hyrums, svo að þjónn minn Hyrum geti tekið við embætti prestdæmis og “patriarka, sem faðir hans útnefndi honum með blessunum og einnig rétti —

92 Og hann hafi héðan í frá lykla “patriarkablessana fyrir allt mitt fólk.

93 Og hver, sem hann blessar, mun blessaður verða, og hver, sem hann “fordæmir, mun fordæmdur verða. Og hvað, sem hann ^bbindur á jörðu, mun bundið verða á himni, og hvað, sem hann leysir á jörðu, mun leyst verða á himni.

94 Og frá þessari stundu útnefni ég hann sem spámann, “sjáanda og opinberara kirkju minnar, eins og þjón minn Joseph —

95 Svo að hann í eindrægni geti starfað með þjóni mínum Joseph, og að hann fái ráðleggingar frá þjóni mínum Joseph, er sýni honum þá ^alykla, sem opna honum leið til að biðja og fá svar og verða krýndur sömu blessun,

dýrð og heiðri og prestdæmi og gjöfum prestdæmisins, sem eitt sinn veittist þjóni mínum ^bOliver Cowdery —

96 Svo að þjónn minn Hyrum megi bera vitni um það, sem ég mun sýna honum, og nafn hans megi í heiðri og minnum haft frá kyni til kyns, alltaf og að eilífu.

97 Þjónn minn William Law skal einnig hljóta lyklana, svo að hann megi biðja og fá blessanir. Hann skal vera “auðmjúkur gagnvart mér og ^bfalslaus, og hann skal meðtaka anda minn, sjálfan “huggarann, sem mun opinbera honum sannleiksgildi allra hluta og gefa honum á hverri stundu hvað segja skal.

98 Og þessi “tákn munu fylgja honum: Hann mun ^blækna sjúka, hann mun kasta út djöflum og hann mun losna undan þeim, sem byrja vilja honum banvænt eitur —

99 Og hann mun leiddur þá stigu, þar sem “eitradar nöðrur ná ekki að stinga hæl hans, og ^bhugarflug hans mun lyfta honum sem arnarvængir væri.

100 Og sé það vilji minn að hann uppveki dauða, skal hann ekki hlífa raust sinni.

101 Þess vegna skal þjónn minn William hrópa hátt af gleði og fögnuði og hlífast hvergi, og með

90a LR Blessa, blessaður, blessun.

b Sálm 37:25.

91a K&S 107:39–40.

LR Patriarki.

92a LR Patriarkablessanir.

93a K&S 132:45–47.

b Matt 16:19.

LR Innsigli, innsiglun.

94a K&S 107:91–92.

LR Sjáandi.

95a K&S 6:28.

b LR Oliver Cowdery.

97a LR Auðmjúkur, auðmýkt.

b LR Svík.

c LR Huggari.

98a Mark 16:17–18.

LR Gjafir andans.

b LR Lækna, lækningar.

99a K&S 84:71–73.

b 2 Mós 19:4; Jes 40:31.

hósanna til hans, sem situr í há-sætinu alltaf og að eilífu, segir Drottinn Guð yðar.

102 Sjá, ég segi yður: Ég geymi þjóni mínum William og þjóni mínum Hyrum ætlunarverk, og þeim einum. Og þjónn minn Joseph skal dvelja kyrr heima, því hans er þörf. Annað mun ég sýna yður síðar. Já, vissulega. Amen.

103 Og sannlega segi ég yður enn: Ef þjónn minn “Sidney vill þjóna mér og vera ráðgjafi þjóns míns Josephs, skal hann rísa á fætur og koma og standa í embætti köllunar sinnar og vera auðmjúkur gagnvart mér.

104 Og vilji hann færa mér þóknanlega fórn og viðurkenningu og vera kyrr hjá fólki sínu, sjá, þá mun ég, Drottinn Guð yðar, lækna hann, svo að hann verði heill, og hann mun aftur hefja upp raust sína á fjöllunum og verða “talsmaður fyrir augliti mínu.

105 Hann skal koma og koma fjölskyldu sinni fyrir í grennd við þann stað, sem þjónn minn Joseph býr á.

106 Og á öllum ferðum sínum skal hann hefja upp raust sína sem með lúðurhljómi og aðvara íbúa jarðarinnar um að flýja hina heilögu reiði, sem koma skal.

107 Hann skal aðstoða þjón minn Joseph, og einnig skal þjónn minn William Law aðstoða

þjón minn Joseph við að semja hátíðlega “yfirlýsingu til konunga jarðar, já, eins og ég hef áður sagt yður.

108 Vilji þjónn minn Sidney gjöra vilja minn, skal hann ekki flytja fjölskyldu sína til landsvæðanna í “austri, heldur skipta um verustað, eins og ég hef mælt.

109 Sjá, það er ekki vilji minn, að hann leiti öryggis og athvarfs utan þeirrar borgar, sem ég hef útnefnt yður, já, “Nauvooborgar.

110 Sannlega segi ég yður, já nú, vilji hann hlýða rödd minni, mun honum farnast vel. Já, vissulega. Amen.

111 Og sannlega segi ég yður enn: Lát þjón minn Amos Davies greiða hlutafé til þeirra, sem ég hef útnefnt til að reisa gistihús, já, Nauvoohúsið.

112 Þetta skal hann gjöra, vilji hann gæta hagsmuna sinna. Og hann skal hlíta ráðum þjóns míns Josephs og erfiða eigin höndum, svo að hann öðlist traust manna.

113 Og þegar hann sannar sig trúan í öllu, sem honum verður falið að annast, já, jafnvel í litlu, skal hann “yfir mikið settur —

114 Þess vegna skal hann “niðurlægja sig, svo að hann megi upphafinn verða. Já, vissulega. Amen.

115 Og sannlega segi ég yður enn: Vilji þjónn minn Robert D.

103a LR Sidney Rigdon.

104a 2 Mós 4:14–16;

2 Ne 3:17–18;

K&S 100:9–11.

107a K&S 124:2–4.

108a K&S 124:82–83.

109a LR Nauvoo, Illinois

(Bandar.).

113a Matt 25:14–30.

114a Matt 23:12;

K&S 101:42.

Foster hlýða rödd minni, skal hann byggja hús fyrir þjón minn Joseph, samkvæmt þeim samningi, sem hann hefur við hann gjört, og eins og honum opnast leiðir er tímar líða.

116 Og lát hann iðrast allrar heimsku sinnar og íklæðast ^akærleika og láta af öllu illu og leggja niður alla harðmælgí —

117 Og greiða sveit Nauvoohússins hlutafé fyrir sjálfan sig og niðja sína eftir sig, frá kyni til kyns —

118 Og hlíta ráðum þjóna minna Josephs og Hyrums og Williams Law og þeirra valdhafa, sem ég hef kallað til að leggja grundvöllinn að Síon, og honum mun farnast vel alltaf og að eilífu. Já, vissulega. Amen.

119 Og sannlega segi ég yður enn: Enginn maður skal greiða hlutafé til sveitar Nauvoohússins nema hann trúi Mormónsbók og opinberunum þeim, sem ég hef gefið yður, segir Drottinn Guð yðar —

120 Því að það, sem er ^ameira eða minna en þetta, kemur frá hinu illa, og því skal tekið með bölvun en ekki blessun, segir Drottinn Guð yðar. Já, vissulega. Amen.

121 Og sannlega segi ég yður enn: Lát sveit Nauvoohússins fá réttmæt laun fyrir alla vinnu sína

við byggingu Nauvoohússins, og lát laun þeirra vera þau, sem þeir verða einhuga um og í samræmi við verðmæti hennar.

122 Og reynist það nauðsynlegt, skal hver maður, sem kaupir hlut, bera hluta af launum þeirra, þeim til framfærslu, segir Drottinn, ella skal starf þeirra metið til hluts í húsinu. Já, vissulega. Amen.

123 Sannlega segi ég yður: Ég gef yður nú, ^aembættismönnum prestdæmis míns, leyfi til að halda ^blyklum þess, sjálfs prestdæmisins, sem er eftir reglu ^cMelkisedeks, sem er eftir reglu míns eingetna sonar.

124 Í fyrsta lagi gef ég yður Hyrum Smith sem ^apatriárka yðar, til að halda ^binnsiglungar blessunum kirkju minnar, já, heilögum anda ^cfyrirheitsins, sem ^dinnsiglar yður fram að degi endurlausnar, svo að þér fallið ei, þó að ^estundir freistinga geti komið yfir yður.

125 Ég gef yður þjón minn Joseph sem ráðandi öldung yfir allri kirkju minni, að vera þýðandi, opinberari, ^asjáandi og spámaður.

126 Ég gef honum sem ráðgjafa þjón minn Sidney Rigdon og þjón minn William Law, að þeir myndi saman sveit og ^aÆðsta forsætisráð, sem tekur á móti ^blifandi orðum fyrir alla kirkjuna.

116a Kól 3:14.
LR Kærleikur.

120a Matt 5:37;
K&S 98:7.

123a LR Embætti,
embættismaður.
b LR Lyklar

prestdæmisins.
c LR Melkisedeksprest-
dæmi.

124a LR Patriárki.
b LR Innsigli, innsiglung.
c K&S 76:53; 88:3–4.
LR Heilagur andi

fyrirheitsins.
d Ef 4:30.
e Op 3:10.
125a K&S 21:1.
LR Sjáandi.
126a K&S 90:4–5.

127 Ég gef yður þjón minn “Brigham Young sem forseta yfir farandráði hinna tólf —

128 En þeir “tólf hafa lyklana, sem ljúka upp valdi ríkis míns á hinum fjórum jarðarskautum og þar næst að ^bsenda orð mitt til sérhvarrar skepnu.

129 Þeir eru Heber C. Kimball, Parley P. Pratt, Orson Pratt, Orson Hyde, William Smith, John Taylor, John E. Page, Wilford Woodruff, Willard Richards, George A. Smith —

130 “David Patten hef ég ^btekið til mín. Sjá, prestdæmi hans tekur enginn maður frá honum, en sannlega segi ég yður, annan má tilnefna í sömu köllun.

131 Og enn segi ég yður: Ég gef yður “háráð sem hornstein Síonar —

132 Þá: Samuel Bent, Henry G. Sherwood, George W. Harris, Charles C. Rich, Thomas Grover, Newel Knight, David Dort, Dunbar Wilson — Seymour Brunson hef ég tekið til mín. Enginn maður tekur prestdæmi hans, en annan má tilnefna í hans stað til hins sama prestdæmis. Og sannlega segi ég yður: Lát þjón minn Aaron Johnson vígjast í þessa köllun í hans stað — David Fullmer, Alpheus Cutler, William Huntington.

133 Og enn gef ég yður Don C. Smith sem forseta háprestasveitar —

134 Sú vígsla er gefin í þeim

tilgangi að gera hæfa þá sem tilnefndir verða fastaforsetar eða þjónar hinna ýmsu “stika, sem dreifðar eru —

135 Og þeir mega einnig ferðast, ef þeir æskja þess, en skulu frekar vígðir sem fastaforsetar. Það er embætti köllunar þeirra, segir Drottinn Guð yður.

136 Ég gef honum Amasa Lyman og Noah Packard sem ráðgjafa, svo að þeir geti verið í forsæti háprestasveitar kirkju minnar, segir Drottinn.

137 Og enn segi ég yður: Ég gef yður John A. Hicks, Samuel Williams og Jesse Baker, hverra prestdæmi er að vera í forsæti “öldungasveitar, þeirrar sveitar, sem stofnuð var fyrir fastaþjóna. Þó mega þeir ferðast, en eru samt vígðir til að vera fastaþjónar kirkju minnar, segir Drottinn.

138 Og enn gef ég yður Joseph Young, Josiah Butterfield, Daniel Miles, Henry Herriman, Zera Pulsipher, Levi Hancock, James Foster til að vera í forsæti sveitar hinna “sjötíu —

139 En sú sveit er stofnuð fyrir farandöldunga, sem bera nafni mínu vitni um víða veröld, hvert sem farand-háráðið, postular mínir, sendir þá til að greiða mér veg.

140 Munurinn á þessari sveit og sveit öldunganna er, að önnur skal ferðast að staðaldri, en hin skal vera í forsæti safnaðanna frá

127a LR Brigham Young.

128a LR Postuli.

b Mark 16:15.

130a LR David W. Patten.

b K&S 124:19.

131a LR Háráð.

134a LR Stika.

137a K&S 107:11–12, 89–90.

LR Sveit;

Öldungur.

138a LR Sjötíu, hinir sjötíu.

einum tíma til annars. Önnur ber þá ábyrgð að vera í forsæti frá einum tíma til annars, en hin ber enga ábyrgð á forsæti, segir Drottinn Guð yðar.

141 Og enn segi ég yður: Ég gef yður Vinson Knight, Samuel H. Smith og Shadrach Roundy, vilji hann taka við því, til að vera í forsæti "biskupsráðsins, en yður er veitt þekking á nefndu biskupsráði í bókinni ^bKenningu og sáttmálum.

142 Og sannlega segi ég yður enn, Samuel Rolfe og ráðgjafar hans yfir prestunum, og forseti kennaranna og hans ráðgjafar og einnig forseti djáknanna og hans

ráðgjafar og einnig forseti stikunnar og hans ráðgjafar.

143 Þessi fyrrnefndu embætti hef ég gefið yður og tilheyrandi lykla til hjálpar og til stjórnunar, til helgra þjónustustarfa og "fullkonnunar minna heilögu.

144 Og fyrirmæli gef ég yður, að þér fyllið öll þessi embætti og "samþykkið þau nöfn, sem ég hef nefnt, eða hafnið þeim á aðalráðstefnu minni —

145 Og að þér ætlið öllum þessum embættum herbergi í húsi mínu, þegar þér reisið það nafni mínu, segir Drottinn Guð yðar. Já, vissulega. Amen.

125. KAFLI

Opinberun gefin með spámanningnum Joseph Smith í Nauvoo, Illinois, í mars 1841, varðandi hina heilögu í Iowahéraði.

1–4, *Hinir heilögu skulu reisa borgir og safnast í stikur Síonar.*

HVER er vilji Drottins varðandi hina heilögu í Iowahéraði?

2 Sannlega, svo segir Drottinn: Ég segi yður, ef þeir, sem "bera nafn mitt og leitast við að vera mínir heilögu, gjöra vilja minn og halda boðorð mín til þeirra, þá skulu þeir safnast til þeirra staða, sem ég tilnefni þeim með þjóni mínum Joseph, og reisa borgir

fyrir nafn mitt, svo þeir verði undir það búnir, sem koma skal er tímar líða.

3 Þeir skulu reisa nafni mínu borg í landinu gegnt Nauvooborg og nefna hana "Sarahemla.

4 Og allir þeir, sem koma úr austri og vestri og norðri og suðri, og þrá að dvelja þar, skulu taka arfshlut sinn í henni, eins og í "Nashvilleborg eða í Nauvooborg og í öllum þeim ^bstikum, sem ég hef tilnefnt, segir Drottinn.

141 *a* K&S 68:14; 107:15.

b LR Kenning og sáttmálur.

143 *a* Ef 4:11–14.

144 *a* K&S 26:2.

LR Almenn samþykkt.

125 *2a* LR Jesús Kristur —

Að taka á okkur nafn Jesús Kristis.

3 *a* LR Sarahemla.

4 *a* P.E. Nashville, Lee-sýslu, Iowa.

b LR Stika.

126. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í húsi Brighams Young í Nauvoo, Illinois, 9. júlí 1841. Á þessum tíma var Brigham Young forseti Tölpóstulasveitarinnar.

1–3, *Brigham Young fær lof fyrir störf sín og er leystur undan ferðalögum á komandi tímum.*

ELSKULEGI og ástkæri bróðir, “Brigham Young, sannlega segir Drottinn svo við þig: Þjónn minn Brigham, ekki er þess lengur krafist, að þú yfirgefir fjölskyldu þína

eins og áður fyrr, því að fórn þín er mér þóknanleg.

2 Ég hef fylgst með “starfi þínu og erfiði á ferðum þínum fyrir nafn mitt.

3 Þess vegna býð ég þér að senda orð mitt út og annast “fjölskyldu þína sérstaklega héðan í frá og að eilífu. Amen.

127. KAFLI

Bréf frá spámanninum Joseph Smith til Síðari daga heilagra í Nauvoo, Illinois, sem inniheldur leiðbeiningar um skírn fyrir dána, dagsett í Nauvoo 1. september 1842.

1–4, *Joseph Smith finnur fögnuð í ofsóknum og mótlæti; 5–12, Halda verður skýrslur um skírn fyrir dána.*

ÞAR sem Drottinn hefur opinberað mér, að óvinir mínir, bæði í Missourí og í þessu fylki, ásækja mig enn, og þar sem þeir ásækja mig að “ástæðulausu og án minnsta réttar eða vottar af réttvísi í ofsóknum sínum gegn mér, og þar eð allar ásakanir þeirra byggjast á lygum af verstu tegund, hef ég talið æskilegt og skynsamlegt af mér að yfirgefa staðinn um hríð, vegna eigin öryggis og öryggis þessa fólks. Ég vil segja öllum þeim, sem ég

á samskipti við, að mál mín eru í höndum erindreka og ritara, sem munu reka öll mín mál á skjótan og réttan hátt og munu sjá um að allar skuldir mínar greiðist á réttum tíma með því að selja eignir eða á annan hátt, eftir því sem málum háttar eða aðstæður leyfa. Þegar ég fregna, að storminn hafi að fullu lægt, mun ég snúa aftur til yðar.

2 Og þær “hættur, sem ég er kallaður til að ganga gegnum, virðast mér smávægilegar, þar sem ég hef alla ævi mína mátt þola ^böfund og reiði manna. Hvers vegna væri mér ráðgáta, ef ég hefði ekki verið ^cvígður áður en grundvöllur

126 1a LR Brigham Young.

2a LR Verk.

3a LR Fjölskylda.

127 1a Job 2:3;

Matt 5:10–12;

1 Pét 2:20–23.

2a Sálm 23.

LR Ofsækja, ofsókn.

b LR Öfund.

c LR Forvígsla.

heimsins var lagður í einhverjum góðum, eða slæmum, tilgangi, allt eftir því sem þér óskið að nefna það. Dæmið sjálf. Guð þekkir þetta allt, hvort heldur það er gott eða illt. Engu að síður er ég vanur að synda í djúpu vatni. Það er orðið mér eðlislægt og mér fer, líkt og Páli, að ég finn ^afögnuð í andstreymi, því að fram á þennan dag hefur Guð feðra minna bjargað mér úr því öllu og mun bjarga mér héðan í frá. Því að sjá og tak eftir, ég mun fagna sigri yfir öllum óvinum mínum, því að Drottinn Guð hefur sagt það.

3 Allir hinir heilögu skulu því fagna og gleðjast ríkulega, því að Ísraels ^aGuð er þeirra Guð, og hann mun gjalda kúgurum þeirra réttmæt laun.

4 Og enn, sannlega svo segir Drottinn: Halda skal linnulaust áfram vinnu við ^amusteri mitt og öll önnur ^bverkefni, sem ég hef falið yður, og margfaldið ^ckostgæfni yðar, þrautseigju, þolinmæði og afköst, og þér munuð í engu glata launum yðar, segir Drottinn hersveitanna. Og ofsæki þeir yður, þá ofsóttu þeir spámennina og réttláta menn á undan yður. Fyrir allt þetta veitast laun á himni.

5 Og enn, orð gef ég yður varðandi ^askírn fyrir yðar ^bdánu.

6 Sannlega, svo segir Drottinn við yður varðandi yðar dáu: Þegar einhver yðar lætur ^askírast fyrir yðar dáu, skal ^britari vera viðstaddur og hann skal vera sjónarvottur að skírnum yðar. Hann skal heyra með eyrum sínum, svo að hann megi bera sannleikanum vitni, segir Drottinn —

7 Svo að allar ^askýrslur yðar verði skráðar á himni. Og hvað sem þér ^bbindið á jörðu verði bundið á himni. Hvað sem þér leysið á jörðu verði leyst á himni —

8 Því að ég er á leið með að ^aendurreisa margt á jörðu, sem tilheyrir ^bprestdæminu, segir Drottinn hersveitanna.

9 Og enn, regla skal höfð á öllum ^askýrslum, svo að geyma megi þær í skjalasafni heilags musteris míns, og þær í minnum hafðar kynslóð fram af kynslóð, segir Drottinn hersveitanna.

10 Ég vil segja öllum hinum heilögu, að það var brennandi þrá mín að tala til þeirra frá ræðustólnum næsta hvíldardag um efnið: Skírn fyrir dána. En þar eð það er ekki í mínu valdi að gjöra svo, mun ég skrifa orð Drottins um þetta efni öðru hverju og senda yður í pósti, ásamt mörgu öðru.

11 Ég lýk nú bréfi mínu í bili vegna tímaskorts. Því að óvinurinn er á verði, og eins og frelsarinn

2d 2 Kor 6:4–5.

LR Andstreymi.

3a 3 Ne 11:12–14.

4a K&S 124:55.

b LR Kostgæfni.

c LR Ofsækja, ofsókn.

5a LR Skírn, skíra — Skírn

fyrir dána.

b LR Sáluhjálpi fyrir hina dáu.

6a 1 Kor 15:29;

K&S 128:13, 18.

b K&S 128:2–4, 7.

7a LR Lífsins bók.

b LR Innsigli, innsigljun.

8a LR Endurreisn

fagnaðarerindisins.

b LR Melkisedeksprestdæmi.

9a K&S 128:24.

sagði, “höfðingi þessa heims kemur, en í mér á hann ekkert.

12 Sjá, bæn mín til Guðs er sú, að öll megið þér frelsast. Og ég

skrifa mig þjón yðar í Drottni, spámann og “sjáanda Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

JOSEPH SMITH.

128. KAFLI

Bréf frá spámanninum Joseph Smith til Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, sem inniheldur frekari leiðbeiningar um skírn fyrir dána, dagsett í Nauvoo, Illinois, 6. september 1842.

1–5, *Almennir skrásetjarar og skrásetjarar á hverjum stað verða að votta skírn fyrir dána*; 6–9, *Skýrslur þeirra eru bindandi og skráðar á jörðu og á himni*; 10–14, *Skírnarfonturinn er í líkingu grafarinnar*; 15–17, *Elía endurreisti valdið varðandi skírn fyrir dána*; 18–21, *Allir lykjar, kraftar og öll völd liðinna ráðstafana hafa verið endurreist*; 22–25, *Dýrðleg gleðitíðindi boðuð fyrir lifendur og dána.*

EINS og ég sagði í bréfi mínu áður en ég fór að heiman, að ég mundi skrifa yður öðru hverju og veita yður upplýsingar varðandi ýmislegt, tek ég nú fyrir “skírn fyrir dána, þar sem það efni virðist fylla huga minn og sækja sterkast á mig, síðan óvinir mínir tóku að ofsækja mig.

2 Ég skrifaði nokkur opinberunarorð til yðar varðandi skrásetjara. Ég hef fengið frekari innsýn í þetta efni, sem ég nú votta. Frá því var skýrt í fyrra bréfi mínu,

að “skrásetjara yrði að hafa, sem vera skyldi sjónarvottur og einnig heyra með eyrum sínum, svo að hann gæti skráð sannleikann fyrir Drottin.

3 Nú í sambandi við þetta mál, þá yrði það mjög erfitt fyrir einn skrásetjara að vera alltaf viðstaddur og sinna því öllu. Til að koma í veg fyrir þá erfiðleika má tilnefna í hverri deild borgarinnar skrásetjara, sem er vel fær um að skrá af nákvæmni það sem gerist, og skal hann vera mjög nákvæmur og áreiðanlegur við skráningu alls sem fram fer og votta í skýrslu sinni, að hann hafi séð það með eigin augum og heyrt með eigin eyrum, og geta dagsetningar, nafna og svo framvegis, og skrá alla atburðarás og nefna einnig þrjá einstaklinga, sem viðstaddir eru, ef einhverjir eru viðstaddir, sem geta hvenær sem þess væri óskað vottað hið sama, svo að af munni tveggja eða þriggja “vitna verði hvert orð staðfest.

11a Jóh 14:30;
þjs Jóh 14:30 (Viðauki).
LR Djöfull.

12a K&S 124:125.
LR Sjáandi.
128 1a LR Skírn, skíra —

Skírn fyrir dána.
2a K&S 127:6.
3a LR Vitni.

4 Síðan skal vera aðalskrásetjari, sem tekur á móti þessum öðrum skýrslum, en þeim skal fylgja vottorð þeirra sem skýrsluna gera, þar sem þeir votta að skýrslur þeirra séu sannar. Þá getur aðalkirkjuskrásetjarinn fært skýrslurnar inn í aðalbók kirkjunnar, ásamt vottorðunum og öllum viðstöddum vottum, með eigin yfirlýsingu um, að hann vissulega trúi að fyrrgreind yfirlýsing og skýrslur séu sannar, samkvæmt þeirri vitneskju, sem hann hefur um persónuleika þessara manna og tilnefningu þeirra af kirkjunni. Og þegar þetta hefur verið fært inn í aðalkirkjubókina, skal skýrslan vera rétt eins heilög og helgiathöfnin rétt eins gild og hann hefði sjálfur séð hana með eigin augum og heyrt með eigin eyrum og skráð skýrsluna sjálfur í aðalkirkjubókina.

5 Þér kunnið að telja þetta fyrirkomulag nokkuð smásmugulegt, en leyfið mér að segja yður, að þetta er aðeins vilji Guðs og í samræmi við þær helgiathafnir og þann undirbúning, sem Drottinn vígði og gjörði áður en grundvöllur veraldar var lagður, til „sáluhjálpar hinum dáu, sem deyja mundu án ^bþekkingar á fagnaðarboðskapnum.

6 Og enn fremur vil ég að þér minnst þess, að opinberarinn Jóhannes hafði þetta sama í huga varðandi hina dáu, þegar hann

sagði, eins og þér finnið skráð í Opinberunarbókinni 20:12 — *Og ég sá þá dauðu, stóra og smáa, standa frammi fyrir Guði, og bókum var lokið upp. Og annarri bók var lokið upp og það er lífsins bók. Og hinir dauðu voru dæmdir, eftir því sem ritað var í bókunum, samkvæmt verkum þeirra.*

7 Þér munuð sjá í þessari tilvitnun, að bókum var upp lokið og að annarri bók var lokið upp, sem var „bók lífsins, en hinir dáu voru dæmdir eftir því, sem skráð var í þessum bókum, samkvæmt verkum þeirra. Þar af leiðandi hljóta bækurnar, sem talað er um, að vera þær bækur, sem geyma frásagnir af verkum þeirra, og þar átt við þær ^bskýrslur, sem haldnar eru á jörðu. Og bókin, sem var bók lífsins, er sú skýrsla, sem haldin er á himni, og er þetta í nákvæmu samræmi við þá kenningu, sem yður er boðuð í opinberun þeirri, sem bréf mitt geymir, er ég skrifaði yður áður en ég fór að heiman — að allar skýrslur yðar megi skráðar verða á himni.

8 Eðli þessarar helgiathafnar liggur í „valdi prestdæmisins, fyrir opinberun Jesú Krists, þar sem gefið er, að hvað sem þér ^bbindið á jörðu skal bundið verða á himni, og hvað sem þér leysið á jörðu, skal leyst verða á himni. Eða með öðrum orðum, ef túlkað er á annan hátt, hvað sem þér skráið á jörðu skal skráð á himni,

5a LR Sáluhjálpar fyrir hina dáu.

b 1 Pét 4:6.

7a Op 20:12;

K&S 127:6–7.
LR Lífsins bók.

b K&S 21:1.

8a LR Kraftur;

Prestdæmi.

b LR Innsigli, innsigliun.

hvað sem þér skráið ekki á jörðu skal ekki skráð á himni, því að eftir bókunum munu yðar dauðu dæmdir, samkvæmt þeirra eigin verkum, hvort sem þeir sjálfir hafa tekið þátt í ‘helgiathöfnunum í *propria persona* eða fulltrúar þeirra, samkvæmt þeim helgiathöfnum, sem Guð hefur undirbúið þeim til “sáluhjálpar, frá því áður en grundvöllur veraldar var lagður, samkvæmt þeim skýrslum, sem þeir hafa haldið um sína dáu.

9 Sumum kann að virðast þetta mjög djörf kenning, sem við tölum um — vald, sem skráir eða bindur á jörðu og bindur á himni. Á öllum öldum heimsins hefur Drottinn þó, hvenær sem hann hefur gefið “ráðstöfun prestdæmisins til eins manns eða fleiri með raunverulegri opinberun, ávallt veitt þetta vald. Allt, sem þessir menn því gjörðu með ^bvaldi Drottins og í nafni hans, og gjörðu það trúverðuglega og samviskusamlega, og héldu sannar og trúverðugar skýrslu um, það varð lögmál á jörðu og á himni, og gat ekki orðið ógilt, samkvæmt ákvörðun hins mikla ‘Jehóva. Þessi orð eru sönn. Hver fær heyrt þau?

10 Og enn, sem dæmi, Matteus 16:18, 19: *Og ég segi þér einnig: Þú ert Pétur, og á þessum kletti mun ég byggja kirkju mína, og hlið heljar munu eigi á henni sigrast. Ég mun*

fá þér lykla himnaríkis, og hvað sem þú bindur á jörðu mun bundið á himnum, og hvað sem þú leysir á jörðu mun leyst á himnum.

11 Hinn mikli leyndardómur alls þessa máls og niðurstaða *summum bonum*, sem liggur frammi fyrir okkur, felst í því að öðlast vald hins heilaga prestdæmis. Fyrir þann, sem fær þessa “lykla, eru engir erfiðleikar á að hljóta vitneskju um staðreyndir varðandi ^bsáluhjálp mannanna barna, hvort heldur er hinna dauðu eða hinna lifandi.

12 Í þessu felst “dýrð og ^bheiður, “ó dauðleiki og eilíft líf — Helgiathöfnin, skírni með vatni, ^dniurdýfing í það, er svarar til líkingar dauðans, svo að hver regla falli að annarri. Að fara ofan í vatnið og stíga aftur upp úr vatninu er í líkingu við upprisu dauðra, er þeir stíga upp úr gröfum sínum. Þannig var þessi helgiathöfn ákveðin til að mynda tengsl við skírnarathöfn fyrir hina dáu, í líkingu dauðans.

13 Þar af leiðandi var “skírnarfonturinn ákveðinn sem ^blíking grafarinnar, og boðið var að hann sé hafður undir þeim stað, sem hinir lifandi koma venjulega saman á, til að sýna hina lifandi og hina dauðu, svo að allt hafi sína líkingu og sé í samræmi hvað við annað — hið jarðneska í

8c LR Helgiathafnir.
d LR Sáluhjálpar fyrir hina dáu.

9a LR Ráðstöfunartími.
b LR Vald.
c LR Jehóva.

11a LR Lyklar prestdæmisins.
b LR Sáluhjálpar, hjálpraði.
12a LR Dýrð.
b LR Heiður.
c LR Ódauðlegur,

ó dauðleiki.
d LR Skírni, skíra — Skírni með niurdýfingu.
13a K&S 124:29.
b LR Táknræn merking.

samræmi við hið himneska, eins og Páll hefur sagt, 1. Korintubréf 15:46, 47 og 48:

14 *En hið andlega kemur ekki fyrst, heldur hið náttúrlega, því næst hið andlega. Hinn fyrsti maður er af jörðu, jarðneskur, hinn annar maður er Drottinn af himni. Eins og hinn jarðneski er, þannig eru og hinir jarðnesku, og eins og hinn himneski er, þannig eru og hinir himnesku.* Og eins og skýrslurnar á jörðu í tengslum við yðar dánú eru, séu þær réttilega út fylltar, þannig eru og skýrslurnar á himni. Þetta er þess vegna *“innsiglunar- og bindingarvaldið, og í einni merkingu orðsins, ^blyklar ríkisins, sem felast í lykli ^cþekkingarinnar.*

15 Og nú, ástkæru bræður og systur, vil ég fullvissa yður um, að þetta eru reglur varðandi hina dánú og hina lifandi, sem ekki má auðveldlega ganga fram hjá, hvað sáluhjálp vora varðar. Því að þeirra *“sáluhjálp er nauðsynleg og óhjákvæmileg fyrir vora sáluhjálp, eins og Páll segir um feðurna — að þeir án vor geti ekki orðið ^bfullkomnir — né heldur getum vér án okkar dánú orðið fullkomin.*

16 Og varðandi skírni fyrir hina dánú, vil ég nú gefa yður aðra tilvitnun í Pál, 1. Korintubréf 15:29: *Til hvers eru menn annars að láta skírast fyrir hina dánú, ef dauðir menn rísa alls ekki upp. Hvers*

vegna láta menn þá skíra sig fyrir hina dánú?

17 Og enn, í sambandi við þessa tilvitnun vil ég gefa yður tilvitnun í einn spámanna, sem beindi augum sínum að *“endurreisn prestdæmisins, þeirri dýrð, sem opinberuð yrði á síðustu dögum og á vissan hátt því dýrðlegasta alls, sem tilheyrir hinu ævarandi fagnaðarerindi, sem sé, skírni fyrir hina dánú. Því að Malakí segir í síðasta kapitula, 5. og 6. versí: *Sjá, ég sendi yður ^bElía spámann áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur. Og hann mun snúa hjarta feðranna til barnanna og hjarta barnanna til feðra sinna, til þess að ég komi ekki og ljósti landið banni.**

18 Ég gæti hafa túlkað þetta *“betur, en það er nægilega skýrt eins og það stendur til að þjóna tilgangi mínum. Það er nóg að vita, í þessu tilviki, að jörðin verður lostin banni, ef ekki myndast einhvers konar ^bhlekkur milli feðra og barna, í einhvers konar mynd — og hver er sú mynd? Það er *“skírni fyrir hina dánú. Því að án þeirra getum við ekki orðið fullkomin, né heldur geta þau orðið fullkomin án okkar. Eigi heldur geta þeir, eða við, orðið fullkomin án þeirra, sem einnig hafa dáíð í fagnaðarerindinu, því að nauðsynlegt er, í innleiðingu þessara *“ráðstafana í***

14a LR Innsigli, innsiglun.
b LR Lyklar prestdæmisins.
c ÞJS Lúk 11:53 (Viðauki).
15a LR Sáluhjálp fyrir hina dánú.
b Hebr 11:40.

LR Fullkomin.
17a LR Endurreisn fagnaðarerindisins.
b 3 Ne 25:5–6;
K&S 2; 110:13–16.
LR Elía.
18a JS — S 1:36–39.

b LR Helgiathafnir — Helgiathöfn með staðgengli; Ættfræði.
c K&S 124:28–30; 127:6–7.
d LR Ráðstöfunartími.

yllingu tímanna, þeirra ráðstafana, sem nú þegar er farið að leiða inn, að heil og algjör og fullkomin eining og samanhlekkjun ráðstafana, lykla, valds og dýrðar, eigi sér stað og verði opinberuð frá dögum Adams allt til þessa tíma. Og ekki aðeins það, heldur mun það, sem aldrei hefur verið opinberað frá ^egrundvöllun veraldar, en hulið hefur verið hinum vitru og hyggnu, verða opinberað ^fbörnum og brjóstmylkingum í þessum ráðstöfunum í fyllingu tímanna.

19 Hvað heyrum við nú í því fagnaðarerindi, sem við höfum meðtekið? Gleðiraust! Náðarraust frá himni, og ^asannleiksraust úr jörðu, gleðitíðindi fyrir hina dánu, gleðiraust fyrir hina lifandi og hina dánu, ^bgleðitíðindi um mikinn fögnuð. Hversu yndislegir eru á fjöllunum ^cfætur fagnaðarboðans, sem gleðitíðindin flytur og sem segir við Síon: Sjá, Guð þinn er sestur að völdum! Eins og ^ddögg Karmels, svo mun þekking Guðs koma yfir þá!

20 Og hvað heyrum við enn fremur? Gleðitíðindi frá ^aKúmóra! ^bMoróní, engill frá himni, tilkynnir uppfyllingu

spádómanna — ^abókin skal opinberuð. Rödd Drottins í óbyggðum ^dFayette, í Senecasýslu, boðar vitnunum þremur að ^ebera vitni um bókina! Rödd ^fMíkæls á bökkum Susquehanna afhjúpar djöfulinn, þegar hann birtist sem engill ^gljóssins! Rödd ^hPéturs, Jakobs og Jóhannesar í óbyggðinni milli Harmony í Susquehannasýslu og Colesville í Broomesýslu, á Susquehanna-fljótinu, skýrir frá því, að þeir hafi ⁱlykla ríkisins og að ráðstöfuninni í fyllingu tímanna!

21 Og enn fremur rödd Guðs í herbergi hins aldna ^aföður Whitmers, í Fayette í Senecasýslu og á ýmsum tímum og á mismunandi stöðum, í öllum ferðum og andstreymi þessarar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu! Og rödd Míkæls, erkiengilsins, rödd ^bGabríels og ^cRafaels og hinna ýmsu ^dengla, allt frá Míkæli eða ^eAdam til þessa tíma, er allir skýra frá sínum ^fráðstöfunum, rétti, lyklum, heiðri, hátign og dýrð, og valdi prestdæmis síns, og gefa orð á orð ofan, ^gsetning á setning ofan, örlítið hér og örlítið þar, og færa okkur hughreystingu með því að sýna það sem koma skal, og styrkja ^hvon okkar!

18e K&S 35:18.

f Matt 11:25;

Lúk 10:21;

Al 32:23.

19a Sálms 85:10–11.

b Lúk 2:10.

c Jes 52:7–10;

Mósía 15:13–18;

3 Ne 20:40.

d 5 Mós 32:2;
K&S 121:45.

20a JS — S 1:51–52.

LR Kúmóra, hæðin.

b LR Moróní, sonur

Mormóns.

c Jes 29:4, 11–14;

2 Ne 27:6–29.

LR Mormónsbók.

d LR Fayette, New York

(Bandar.).

e K&S 17:1–3.

f K&S 27:11.
LR Adam.

g 2 Kor 11:14.

h K&S 27:12.

i LR Lyklar

prestdæmisins.

21a Þ.E. Peter Whitmer
eldri.

b LR Gabríel.

c LR Rafael.

d LR Englar.

e K&S 107:53–56.

f LR Ráðstöfunartími.

g Jes 28:10.

h LR Von.

22 Bræður, eigum við ekki að halda áfram í þágu svo mikils málstaðar? Halda áfram en ekki aftur á bak. Hugrekki, bræður, og áfram, áfram til sigurs! Hjörtu ykkar fagni og gleðjist ákaft. Jörðin hefji upp ^asöng. Hinir dónu syngi ^bImmanúel konungi eilíft lof, honum, sem vígt hefur, áður en heimurinn varð til, það sem gjöra mun okkur kleift að ^cleysa þá úr ^dvarðhaldi þeirra, því að fangarnir skulu frjálsir verða.

23 Lát ^afjöllin óma af gleði og alla dali hrópa hátt, og allt haf og þurrlendi segi frá undrum eilífs konungs yðar! Og þið, ár og lækir og sytrur, streymið áfram í gleði! Skógar og öll tré merkurinnar lofi Drottin, og þér traustu ^bbjörg grátið af gleði. Og sólin og tunglið og ^cmorgunstjörnurnar syngi saman, og allir Guðssynir hrópi af gleði! Og hin eilífu sköpunarverk kunngjörri nafn hans alltaf og að eilífu! Og enn segi ég: Hversu dýrðleg er sú rödd, sem við heyrum frá himni, sem kunngjörir eyrum okkar

dýrð og sáluhjálp og heiður og ^dóðauðleika og ^eeilíft líf, ríki, tign og völd!

24 Sjá, hinn mikli ^adagur Drottins er í nánd, og hver fær ^bstaðist komudag hans og hver fær staðist þegar hann birtist? Því að hann er sem eldur ^cmálmbraeðslumannsins og lútarsalt þvottamannsins, og hann mun sitja og ^dbræða og hreinsa silfrið og hann mun hreinsa syni ^eLevís og gjöra þá skíra sem gull og silfur, svo að þeir geti fært Drottin ^ffórn í réttlæti. Sem kirkja og einstaklingar og sem Síðari daga heilagir, skulum við þess vegna færa Drottin fórn í réttlæti, og færa honum í heilögu musteri hans, þegar því er lokið, bók, sem geymir ^gskrá yfir okkar dónu, sem verðugir eru fullrar móttöku.

25 Bræður, ég hef margt að segja yður um þetta efni, en lýk máli mínu um stund, en tek það upp aftur í annan tíma. Ég er, sem ætíð, auðmjúkur þjónn yðar og trúfastur vinur,

JOSEPH SMITH.

22a Jes 49:13.

b Jes 7:14;

Al 5:50.

LR Immanúel.

c LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

d Jes 24:22;

K&S 76:72–74.

23a Jes 44:23.

b Lúk 19:40.

c Job 38:7.

d LR Óðauðlegur, óðauðleiki.

e LR Eilíft líf.

24a LR Síðari koma Jesú Krists.

b Mal 3:1–3.

c 3 Ne 24:2–3.

LR Jörð — Hreinsun

jarðar.

d Sak 13:9.

e 5 Mós 10:8;

K&S 13; 124:39.

f K&S 84:31.

LR Fómargjöf.

g K&S 127:9.

LR Ættfræði.

129. KAFLI

Leiðbeiningar gefnar af spámanninum Joseph Smith í Nauvoo, Illinois, 9. febrúar 1843, sem gjöra kunnar þrjár aðalleiðir til að greina hið sanna eðli þjónustuengla og anda.

1–3, *Á himni eru bæði upprisnir líkamar og andalíkamar; 4–9, Kynntar leiðir, hvernig þekkja má boðbera handan hulunnar.*

TVENNS konar verur eru á ^ahimni, sem sé: ^bEnglar, sem eru ^cupprisnar verur og hafa líkama af holdi og beinum —

2 Jesús sagði til dæmis: *Þreifði á mér og lítið á, því að andi hefur ekki ^ahold og bein, eins og þér sjáið mig hafa.*

3 Í öðru lagi: *“Andar ^bréttvísa manna, sem orðið hafa fullkomnir, þeir sem ekki eru upprisnir, en erfa sömu dýrð.*

4 Þegar boðberi kemur og segist hafa boð frá Guði, bjóðið honum þá hönd yðar og biðjið hann að taka í hana.

5 Sé hann engill, mun hann gjöra svo og þér munuð þá finna hönd hans.

6 Sé hann andi réttvís manns, sem gjörður er fullkominn, mun hann koma í dýrð sinni, því aðeins á þann hátt getur hann birst —

7 Biðjið hann að taka í hönd yðar, en hann mun ekki hreyfa sig, þar eð það er andstætt reglu himins að réttlátur maður blekki. En hann mun samt flytja boð sín.

8 Sé það ^adjöfullinn, í líki engils ljóssins, mun hann rétta yður hönd sína, þegar þér biðjið hann um það, og þér munuð ekkert finna. Þér munuð þannig afhjúpa hann.

9 Þetta eru þær þrjár aðalleiðir, sem sýna yður hvort þjónusta er frá Guði komin.

130. KAFLI

Leiðbeiningaratriði, sem spámaðurinn Joseph Smith gaf í Ramus, Illinois, 2. apríl 1843.

1–3, *Faðirinn og sonurinn geta birst mönnum í eigin persónu; 4–7, Englar búa á himneskum hnetti; 8–9, Hin himneska jörð mun verða mikilfenglegur Úrim og Túmmím; 10–11, Öllum sem koma inn í hið himneska ríki er gefinn hvítur steinn; 12–17,*

Spámaðurinn fær ekki að vita um tíma síðari komunnar; 18–19, Þeir vitsmunir, sem við öðlumst í þessu lífi, munu fylgja okkur í upprisunni; 20–21, Allar blessanir fást með hlýðni við lögmálin; 22–23, Faðirinn og sonurinn hafa líkama af holdi og beinum.

129 1a LR Himinn.
b LR Englar.
c LR Upprisa.

2a Lúk 24:39.
3a LR Andi.
b Hebr 12:23;

K&S 76:69.
8a 2 Kor 11:14;
2 Ne 9:9.

ÞEGAR frelsarinn ^abirtist, munum við sjá hann eins og hann er. Við munum sjá, að hann er ^bmaður eins og við sjálf.

2 Og að sama félagslyndi og ríkir meðal okkar hér mun ríkja meðal okkar þar, en þar við bætist ^aeilíf dýrð, dýrð, sem við njótum ekki nú.

3 Jóhannes 14:23 — Opinberun ^aföðurins og ^bsonarins í þessu versni er persónuleg ^copinberun. Og sú hugmynd, að faðirinn og sonurinn ^ddvelji í hjarta mannsins, er gamall sértrúnaður og falskur.

4 Sem svar við spurningunni — Reiknast ekki ^atímatil Guðs, engla, spámanna og manna, eftir þeirri plánetu sem þeir búa á?

5 Ég svara, jú. En engir ^aenglar þjóna hér á þessari jörðu aðrir en þeir sem tilheyra henni eða hafa tilheyrt henni.

6 Englarnir búa ekki á plánetu eins og þessari jörð —

7 Þeir búa í návist Guðs, á hnetti sem líkist ^ahafi úr gleri og ^beldi, þar sem allt þeim til dýrðar er augljóst, bæði fortíð, nútíð og framtíð, og er stöðugt fyrir augliti Drottins.

8 Staðurinn, sem Guð býr á, er stór ^aÚrim og Túmmím.

9 Þessi ^ajörð, helguð og ódaudleg, mun verða lík krystalli og verður

í búaum sínum Úrim og Túmmím, þar sem allt er tilheyrir lægra ríki eða öll óæðri ríki verða augljós þeim, sem á henni dvelja, og þessi jörð verður Krists.

10 Og hvítu steinninn, sem talað er um í Opinberunarbókinni 2:17, verður Úrim og Túmmím hverjum einstökum sem meðtekur hann, og með honum mun það sem tilheyrir æðri ríkjum kunnugt verða —

11 Og öllum, sem koma í hið himneska ríki, er gefinn ^ahvítur steinn og á hann er letrað nýtt ^bnafn, sem enginn maður þekkir nema sá sem meðtekur hann. Hið nýja nafn er lykilorðið.

12 Ég spái, í nafni Drottins Guðs, að upphaf þeirra ^aerfiðleika, sem valda munu miklum blóðsúthellingum fyrir komu mannssonarins, verði í ^bSuður-Karólínu.

13 Kveikja þeirra verður sennilega þrælamálið. Þetta sagði mér rödd meðan ég í heitri bæn spurðist fyrir um þetta efni þann 25. desember 1832.

14 Eitt sinn, er ég það heitt um að fá að vita ^akomutíma mannssonarins, heyrði ég rödd endurtaka eftirfarandi orð:

15 Joseph, sonur minn, ef þú lifir það að verða áttatíu og fimm ára

130 1a 1 Jóh 3:2;
Moró 7:48.
LR Síðari koma Jesú Krists.
b Lúk 24:36–40.
2a LR Himnesk dýrð.
3a LR Guð,
guðdómur — Guð faðirinn.
b LR Guð,
guðdómur — Guð

sonurinn.
c K&S 93:1.
d K&S 130:22.
LR Guð, guðdómur.
4a 2 Pét 3:8;
Abr 3:4–10; Sjá einnig
Abr., eftirlíking 2,
mynd 1.
5a LR Englar.
7a Op 4:6; 15:2.
b Jes 33:14.

8a LR Úrim og Túmmím.
9a K&S 77:1.
LR Jörð — Lokaástand
jarðar.
11a Op 2:17.
b Jes 62:2.
12a K&S 38:29; 45:63.
b K&S 87:1–5.
14a LR Síðari koma Jesú
Krists.

gamall, munt þú sjá ásjónu manns-sonarins. Lát þetta því nægja og ónáða mig ekki frammar varðandi þetta mál.

16 Þannig varð mér ómögulegt að ákveða, hvort með þessari komu væri átt við upphaf þúsund ára ríkisins eða einhverja birtingu fyrir þann tíma, eða hvort ég myndi deyja og þannig sjá ásjónu hans.

17 Ég trúí að koma manns-sonarins verði ekki fyrir þann tíma.

18 Hvert það ^avitsmunastig, sem við öðlumst í þessu lífi, mun fylgja okkur í ^bupprisunni.

19 Og hljóti einhver, fyrir ^akostgæfni sína og ^bhlýðni, meiri þekkingu og vitsmuni í þessu lífi en annar, mun hann standa sem því nemur ^abetur að vígi í komandi heimi.

20 Það óafturkallanlega ^alögmál gildir á himni, ákvarðað ^báður en grundvöllur þessa heims var lagður, sem öll ^ablessun er bundin við —

21 Að þegar við öðlumst einhverja blessun frá Guði, þá er það fyrir hlýðni við það lögmál, sem sú blessun er bundin.

22 ^aFaðirinn hefur ^blíkama af holdi og beinum, jafn áþreifanlegan og mannlíkaminn er, sonurinn einnig, en ^aheilagur andi hefur ekki líkama af holdi og beinum, heldur er hann andavera. Væri ekki svo, gæti heilagur andi ekki dvalið í okkur.

23 Maðurinn getur meðtekið ^aheilagan anda, og hann getur komið yfir hann, án þess að vera áfram í honum.

131. KAFLI

Leiðbeiningar spámannsins Josephs Smith, gefnar í Ramus, Illinois, 16. og 17. maí 1843.

1–4, *Himneskt hjónaband er nauðsynlegt til upphafningar í hinum æðsta himni; 5–6, Hvernig menn eru innsiglaðir til eilífs lífs er útskýrt; 7–8, Allur andi er efni.*

Í hinni ^ahimnesku dýrð eru þrír himnar eða stig —

2 Og til þess að ná því ^aæðsta, verður maðurinn að ganga inn í þessa prestdæmisreglu [það er, hinn ^bnýja og ævarandi hjónabandsáttmála]

3 Og gjöri hann það eigi, getur hann ekki náð því.

4 Hann getur gengið inn í hin, en

18a LR Vitsmunir, vitsmunaverur.

b LR Upprisa.

19a LR Kostgæfni.

b LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

c LR Þekking.

d Al 12:9–11.

20a K&S 82:10.

b LR Fortilvera.

c 5 Mós 11:26–28;

K&S 132:5.

LR Blessa, blessaður, blessun.

22a LR Guð, guðdómur.

b Post 17:29.

c LR Heilagur andi.

23a LR Gjöf heilags anda.

131 1a K&S 76:70.

LR Himnesk dýrð.

2a K&S 132:5–21.

LR Upphafning.

b LR Giftast — Nýr

og ævarandi

hjónabandsáttmáli.

lengra nær ríki hans ekki. Hann getur ekki ^abætt við sig.

5 (17. maí 1843). Hið áreiðanlegra ^aspámannsorð þýðir, að maðurinn veit með opinberun og spádómsanda, fyrir kraft hins heilaga prestdæmis, að hann er ^binnsiglaður til ^ceilífs lífs.

6 Ógerlegt er að maðurinn ^afrelst í ^bvanþekkingu.

7 Ekkert er til án efnis. Allur ^aandi er efni, en hann er fíngerðari og tærari og aðeins hægt að greina hann með ^btærari augum —

8 Við getum ekki séð hann, en þegar líkamar okkar eru hreinsaðir munum við sjá, að hann er allur efni.

132. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Nauvoo, Illinois, skráð 12. júlí 1843, og fjallar um hinn nýja og ævarandi sáttmála, og einnig eilíft gildi hjónabandssáttmálans, sem og reglu fjölkvænis. Þó að opinberunin væri skráð á árinu 1843, eru vísbendingar um að sumar af reglum í þessari opinberun hafi verið kunnar spámanninum allt frá árinu 1831. Sjá Opinber yfirlýsing 1.

1–6, Upphafning fæst fyrir hinn nýja og ævarandi sáttmála; 7–14, Atriði og skilmálar þessa sáttmála tilgreind; 15–20, Himneskt hjónaband og áframhald fjölskyldueiningar gerir mönnum kleift að verða guðir; 21–25, Hinn krappi og þröngi vegur liggur til eilífra lífa; 26–27, Lögmál gefið varðandi guðníðslu gegn heilögum anda; 28–39, Fyrirheit um eilífa aukningu og upphafningu eru gefin spámönnum og heilögum á öllum öldum; 40–47, Joseph Smith er veitt vald til að binda og innsigla á jörðu og á himni; 48–50, Drottinn innsiglar honum upphafningu hans; 51–57, Emmu Smith er ráðlagt að

vera trú og staðföst; 58–66, Lögmál varðandi fjölkvæni gefin.

SANNLEGA, svo segir Drottinn við þig þjón minn Joseph, þar eð þú hefur beðið um að fá að vita og skilja hvernig ég, Drottinn, réttlætti þjóna mína Abraham, Ísak og Jakob, sem og þjóna mína Móse, Davíð og Salómon, með tilliti til þeirrar reglu og kenningar, að þeir höfðu margar ^aeiginkonur og hjákonur —

2 Sjá og tak eftir, ég er Drottinn Guð þinn og mun svara þér í þessu máli.

3 ^aBú hjarta þitt þess vegna undir

4a K&S 132:16–17.

5a 2 Pét 1:19.

LR Köllun og kjör.

b K&S 68:12; 88:4.

LR Innsigli, innsigliun.

c LR Eilíft líf.

6a LR Sáluhjálp, hjálpraði.

b K&S 107:99–100.

7a LR Andi.

b K&S 76:12; 97:16;

HDP Móse 1:11.

132 1a K&S 132:34, 37–39.

LR Giftast —

Fjölkvæni.

3a K&S 29:8; 58:6; 78:7.

að meðtaka og hlýða þeim leiðbeiningum, sem ég er í þann veg að gefa þér, því að allir þeir, sem fá þetta lögmál sér opinberað, verða að hlýða því.

4 Því að sjá, ég opinbera þér nýjan og ævarandi "sáttmála, og haldir þú ekki þann sáttmála, ert þú ^bfordæmdur. Því að enginn, sem ^chafnar þessum sáttmála, fær leyfi til að ganga inn í dýrð mína.

5 Því að allir þeir sem æskja "blessunar af minni hendi skulu halda það ^blögmál, sem sú blessun er bundin, ásamt skilyrðum þess, eins og ákveðið var áður en heimurinn var grundvallaður.

6 Og hvað hinn "nýja og ævarandi sáttmála varðar, var hann ákveðinn til fyllingar ^bdýrð minni, og sá sem meðtekur fyllingu hans verður og skal halda það lögmál, ella sé hann dæmdur, segir Drottinn Guð.

7 Og sannlega segi ég yður, að "skilyrði þessa lögmáls eru sem hér segir: Allir sáttmálar, samningar, bönd, skyldur, ^beiðar, heit, framkvæmdir, sambönd, tengsl eða vonir, sem ekki eru gjörð, stofnað til og ^cinnsiglið, bæði um tíma og alla eilífð, einnig á helgasta hátt, með ^dheilögum anda fyrirheitsins, af þeim sem smurður er, með ^eopinberun og boðorðum

fyrir meðalgöngu míns smurða, sem ég hef útnefnt á jörðu til að hafa þetta vald (og ég hef útnefnt þjón minn Joseph til að hafa þetta vald á síðustu dögum, og á jörðu er aldrei nema einn á hverjum tíma, sem fengið hefur þetta vald, svo og ^flykla þessa prestdæmis) — allt þetta hefur ekkert gildi, áhrif eða afl í upprisunni frá dauðum eða eftir hana, því að öllum samningum, sem ekki eru gjörðir í þessum tilgangi, lýkur við dauða manna.

8 Sjá, hús mitt er hús reglu, segir Drottinn Guð, en ekki hús glundroða.

9 Mun ég taka á móti "fórn, segir Drottinn, sem ekki er færð í mínu nafni?

10 Eða mun ég taka við úr yðar hendi, því sem ég hef ekki "útnefnt?

11 Og mun ég útnefna yður nokkuð, segir Drottinn, sem ekki er eftir lögmáli, já, eins og ég og faðir minn "vígði yður til handa, áður en heimurinn varð?

12 Ég er Drottinn Guð yðar, og ég gef yður þetta boðorð — að enginn "komi til föðurins nema fyrir mig eða mitt orð, sem er lögmál mitt, segir Drottinn.

13 Og allt, sem í heiminum er, hvort sem það er vígt af

4a LR Sáttmáli.

b LR Fordæming.

c K&S 131:1–4.

5a K&S 130:20–21.

b LR Lögmál.

6a K&S 66:2.

LR Nýr og ævarandi

sáttmáli.

b K&S 76:70, 92–96.

LR Himnesk dýrð.

7a K&S 88:38–39.

b LR Eiður.

c LR Innsigli, innsigliun.

d LR Heilagur andi fyrirheitsins.

e LR Opinberun.

f LR Lyklar

prestdæmisins.

9a Moró 7:5–6.

LR Fórn.

10a 3 Mós 22:20–25;

HDP Móse 5:19–23.

11a K&S 132:5.

12a Jóh 14:6.

mönnum, hásaetum, hátignum eða valdi eða öðru sem nefna mætti, sem ekki er af mér eða eftir mínu orði, segir Drottinn, skal rífið niður og “ekki standa eftir dauða mannanna, hvorki í upprisunni né eftir hana, segir Drottinn Guð yðar.

14 Því að allt sem varir er af mér, en allt sem ekki er af mér mun skjálfa og tortímast.

15 Ef maðurinn þess vegna “kvænist í heiminum og hann kvænist henni hvorki af mér né eftir mínu orði, og hann gjörir sáttmála við hana og hún við hann, sem gildir svo lengi sem hann er í heiminum, er sáttmáli þeirra og hjónaband ekki í gildi, þegar þau eru látin og farin úr heiminum, og eru þau þess vegna ekki bundin neinu lögmáli, þegar þau eru farin úr heiminum.

16 Þegar þau eru því farin úr heiminum, kvænast þau hvorki né “giftast, heldur eru þau útnefnd ^benglar á himni, en þeir englar eru þjónustuenglar, til þjónustu þeim, sem verðugir eru dýrðar í enn ríkari og eilífari mæli.

17 Því að þessir englar fóru ekki eftir lögmáli mínu og geta þess vegna ekki bætt við sig, heldur verða aðskildir og einhleypir, án upphafningar, í sínu frelsaða ásigkomulagi, um alla eilífð, og verða þaðan í frá ekki

guðir, heldur englar Guðs um alla eilífð.

18 Og sannlega segi ég yður enn fremur, að giftist maður konu og gjöri við hana sáttmála um tíma og alla eilífð, að sé sá sáttmáli hvorki af mér né eftir orði mínu, sem er lögmál mitt, og ekki innsiglaður með heilögum anda fyrirheitsins, af þeim sem ég hef smurt og útnefnt þetta vald, þá er hann hvorki gildur né bindandi, þegar þau eru farin úr heiminum, vegna þess að þau eru hvorki bundin af mér, segir Drottinn, né orði mínu. Þegar þau eru farin úr heiminum er ekki hægt að taka á móti honum, vegna þess að englararnir og guðirnir eru útnefndir þar, og fram hjá þeim geta þau ekki gengið. Þau geta þess vegna ekki erft dýrð mína, því að hús mitt er hús reglu, segir Drottinn Guð.

19 Og sannlega segi ég yður enn fremur, að kvænist maður eftir mínu orði, sem er lögmál mitt, og eftir hinum “nýja og ævarandi sáttmála, og hann er ^binnsiglaður þeim með heilögum anda “fyrirheitsins, af þeim sem smurður er, þeim sem ég hef falið þetta vald og ^dlykla þessa prestdæmis, og við þau verður sagt: Þér skuluð koma fram í fyrstu upprisunni, og verði það eftir fyrstu upprisuna, þá í næstu upprisunni, og skuluð erfa

13a 3 Ne 27:10–11.

15a LR Giftast.

16a Matt 22:23–33;
Mark 12:18–25;
Lúk 20:27–36.

^b LR Englar.

19a LR Giftast — Nýr

og ævarandi
hjónabandssáttmáli.

^b LR Innsigli, innsiglan.

^c K&S 76:52–53; 88:3–4.

^d LR Lyklar
prestdæmisins.

“hásæti, ríki, hátignir og völd, yfirráð, alla hæð og dýpt — þá skal það skráð í lífsbók lambsins, að hann skuli ekki morð fremja, þar sem saklausu blóði er úthellt, og ef þér haldið sáttmála minn og fremjið ekki morð, þar sem saklausu blóði er úthellt, þá skal við þau breytt í öllu eins og þjónn minn hefur veitt þeim, um tíma og um alla eilífð, og skal í fullu gildi, þegar þau eru farin úr heiminum. Og þau munu komast fram hjá englum og guðum, sem þar eru settir, til upphafningar sinnar og dýrðar í öllu, eins og innsiglað hefur verið á höfuð þeim, og sú dýrð skal vera fylling og áframhald niðjanna alltaf og að eilífu.

20 Þá verða þau guðir, vegna þess að þau eiga sér engan endi. Þess vegna verða þau frá eilífð til eilífðar, vegna þess að þau halda áfram. Þá verða þau ofar öllu, vegna þess að allt er þeim undirgefið. Þá verða þau “guðir, vegna þess að þau hafa ^ballt vald, og englarnir verða þeim undirgefnir.

21 Sannlega, sannlega segi ég yður: Ef þér haldið ekki ^alögmál mitt, getið þér ekki öðlast þessa dýrð.

22 Því að ^aþröngt er hliðið og mjór er ^bvegurinn, sem liggur að upphafningu og áframhaldandi lífum, og fáir eru þeir, sem finna hann, vegna þess að þér takið ekki á móti mér í heiminum, né heldur þekið þér mig.

23 En ef þér takið á móti mér í heiminum, munuð þér þekkja mig og hljóta upphafningu yðar, að ^aþar sem ég er, þar skuluð þér og vera.

24 Þetta er hin ^aeilífu líf — að þekkja hinn eina, vitra og sanna Guð, og Jesú Krist, sem hann hefur ^bsent. Ég er hann. Tak þess vegna á móti lögmáli mínu.

25 ^aVítt er hliðið og breiður vegurinn, sem liggur til ^bdauða, og margir eru þeir, sem inn um það ganga, vegna þess að þeir ^ataka ekki á móti mér og fara ekki eftir lögmáli mínu.

26 Sannlega, sannlega segi ég yður, að ef maður kvænist samkvæmt orði mínu, og þau eru innsigluð með ^aheilögum anda fyrirheitsins, samkvæmt útnefningu minni, og hann eða hún drýgir einhverja synd eða brot gegn hinum nýja og ævarandi sáttmála á einhvern hátt, og alls kyns guðlast, en ^bfremja ekki morð þar sem saklausu blóði er úthellt,

19^e 2 Mós 19:5–6;
Op 5:10; 20:6;
K&S 76:56; 78:15, 18.
^f LR Lífsins bók.
^g LR Upphafning.
20^a Matt 25:21;
K&S 29:12–13; 132:37.
LR Maður, menn —
Maður, með möguleika
til að verða líkur
himneskum föður.

^b K&S 50:26–29; 76:94–
95; 84:35–39.
21^a LR Lögmál.
22^a Lúk 13:24;
2 Ne 33:9;
He 3:29–30.
^b Matt 7:13–14, 23;
2 Ne 9:41; 31:17–21.
^c K&S 132:30–31.
23^a Jóh 14:2–3.
24^a Jóh 17:3.

LR Eilíft líf.
^b Jóh 3:16–17;
K&S 49:5.
25^a Matt 7:13–14;
3 Ne 14:13–15.
^b LR Dauði, andlegur.
^c Jóh 5:43.
26^a LR Heilagur andi
fyrirheitsins.
^b Al 39:5–6.

munu þau samt koma fram í hinni fyrstu uppreisnu og ganga inn til upphafningar sinnar. En þau skulu tortímast í holdinu og verða ‘ofurseld hirtingu’ “Satans fram að degi endurlausnarinnar, segir Drottinn Guð.

27 “Guðniðsla gegn heilögum anda, sem ^bhvorki verður fyrirgefin í heiminum né utan hans, er það, að þér fremjið morð þar sem þér úthellið saklausu blóði og samþykkið dauða minn, eftir að þér hafið meðtekið hinn nýja og ævarandi sáttmála minn, segir Drottinn Guð. Og sá, sem ekki hlítir þessu lögmáli, getur engan veginn gengið inn í dýrð mína, heldur skal ‘fordæmdur verða, segir Drottinn.

28 Ég er Drottinn Guð yðar, og mun gefa yður lögmál míns heilaga prestdæmis, eins og faðirinn og ég vígðum það, áður en heimurinn varð.

29 Allt sem “Abraham meðtók, meðtók hann með opinberun og boði, með mínu orði, segir Drottinn, og hann hefur gengið inn til upphafningar sinnar og situr í háseti sínu.

30 Abraham fékk “fyrirheit varðandi niðja sína og ávöxt lenda sinna — þeirra ^blenda sem þú, já, þjónn minn Joseph, ert af

kominn — sem haldast skyldu svo lengi sem þeir væru í heiminum. Og hvað varðar Abraham og hans niðja, þá skyldu þeir haldast utan heimsins, bæði í heiminum og utan heimsins skyldu þeir haldast, jafn óteljandi og ‘störnurnar, og ekki gætir þú fremur talið þá en sandkornin á ströndinni.

31 Þetta fyrirheit er einnig yðar vegna þess að þér eruð af “Abraham komin og fyrirheitið var gefið Abraham. Og með þessu lögmáli heldur verk föður míns áfram og með því gjörir hann sig dýrðlegan.

32 Farið því og vinnið “verk Abrahams, gangið undir lögmál mitt og þér skuluð hólpín verða.

33 En gangist þér ekki undir lögmál mitt, getið þér ekki hlotið fyrirheit föður míns, sem hann gaf Abraham.

34 Guð “bauð Abraham, og ^bSara gaf Abraham “Hagar fyrir konu. Og hvers vegna gjörði hún það? Vegna þess að þetta var lögmálið, og af Hagar eru margir komnir. Þetta var þess vegna meðal annars uppfylling fyrirheitanna.

35 Var Abraham þannig undir fordæmingu? Sannlega segi ég þér, nei, því að ég, Drottinn, “bauð það.

36 Abraham var “boðið að fórna syni sínum ^bÍsak. Engu að síður var ritað: Þú skalt ekki

26 c K&S 82:21; 104:9–10.
d LR Djöfull.

27 a LR Guðlasta, guðlast;
Ófyrirgefanleg synd.
b Matt 12:31–32;
Hebr 6:4–6;
K&S 76:31–35.
LR Glötunarsynirnir.
c LR Fordæming.

29 a LR Abraham.
30 a 1 Mós 12:1–3; 13:16.
LR Abraham — Niðjar
Abrahams;
Sáttmáli Abrahams.
b 2 Ne 3:6–16.
c 1 Mós 15:5; 22:17.
31 a K&S 86:8–11; 110:12.
32 a Jóh 8:39;

Al 5:22–24.
34 a 1 Mós 16:1–3.
b LR Sara.
c 1 Mós 25:12–18.
LR Hagar.
35 a Jakob 2:24–30.
36 a 1 Mós 22:2–12.
b LR Ísak.

“morð fremja. Abraham neitaði samt sem áður ekki, og það var talið honum til ^dréttlætis.

37 Abraham tók sér ^ahjákonur og þær ólu honum börn, og það var talið honum til réttlætis, vegna þess að honum voru gefnar þær og hann hélt lögmað mitt. Og Ísak og ^bJakob gjörðu ekkert utan það, sem þeim var boðið að gjöra, og vegna þess að þeir gjörðu ekkert annað en þeim var boðið, hafa þeir gengið inn til ^cupphafningar sinnar, samkvæmt fyrirheitunum, og sitja í hásetum, og eru ekki englar heldur guðir.

38 ^aDavíð tók sér einnig ^bmargar eiginkonur og hjákonur og einnig Salómon og Móse þjónar mínir, sem og margir aðrir þjóna minna, allt frá upphafi sköpunarinnar til þessa tíma, og í engu syndguðu þeir nema í því, sem þeir meðtóku ekki frá mér.

39 Eiginkonur og hjákonur Davíðs ^agaf ég honum með hendi Natans þjóns míns, og annarra spámanna, sem höfðu ^blykla þessa valds. Og í engu af þessu syndgaði hann gegn mér nema í máli ^cÚría og eiginkonu hans, og þess vegna hefur hann fallið frá upphafningu sinni og hlotið sinn hlut, og hann mun ekki erfa hann utan heimsins,

því að ég hef ^dgefið hann öðrum, segir Drottinn.

40 Ég er Drottinn Guð þinn og ég gaf þér, þjónn minn Joseph, útnefningu, og ^aendurreisi alla hluti. Bið hvers sem þú æskir, og það skal veitast þér samkvæmt orði mínu.

41 Og þar sem þú hefur spurst fyrir um hórdóm, segi ég þér sannlega, sannlega, að ef maður tekur sér konu í hinum nýja og ævarandi sáttmála, og ef hún er með öðrum manni, sem ég hef ekki útnefnt henni með heilagri smurningu, hefur hún drýgt hór og henni mun tortímt.

42 Sé hún ekki í hinum nýja og ævarandi sáttmála, og sé með öðrum manni, hefur hún ^adrýgt hór.

43 Og sé eiginmaður hennar með annarri konu, og hann er undir ^aeiði, hefur hann rofið eið sinn og drýgt hór.

44 Og hafi hún ekki drýgt hór, heldur er saklaus og hefur ekki rofið eið sinn, og hún veit það, og ég opinbera þér það, þjónn minn Joseph, þá hefur þú í krafti míns heilaga prestdæmis vald til að gefa hana þeim, sem ekki hefur drýgt hór, heldur verið ^atrúr. Því að hann skal settur yfir marga.

36 c 2 Mós 20:13.

d Jakob 4:5.

LR Réttlátur, réttlæti.

37 a Þ.E. aðrar eiginkonur.

1 Mós 25:5–6.

b 1 Mós 30:1–4;

K&S 133:55.

LR Jakob, sonur Ísaks.

c LR Maður, menn —

Maður, með möguleika til að verða líkur

himneskum föður;

Upphafning.

38 a LR Davíð.

b 1 Sam 25:42–43;

2 Sam 5:13;

1 Kon 11:1–3.

39 a 2 Sam 12:7–8.

b LR Lyklar

prestdæmisins.

c 2 Sam 11:4, 27; 12:9;

1 Kon 15:5.

LR Hórdómur;

Morð.

d Jer 8:10.

40 a JS — S 1:33.

LR Endurreisn

fagnaðarerindisins.

42 a K&S 42:22–26.

43 a LR Giftast;

Sáttmáli.

44 a LR Hreinlífi.

45 Því að ég hef afhent þér “lykla og vald prestdæmisins, og með því ^bendurreisi ég alla hluti og kunngjöri þér allt á sínum tíma.

46 Og sannlega, sannlega segi ég þér, að hvað sem þú ^ainnsiglar á jörðu mun innsiglað verða á himni, og hvað sem þú bindur á jörðu í mínu nafni og eftir mínu orði, segir Drottinn, mun eilíflega bundið á himnum, og allar þær syndir, sem þú ^bfyrirgefur á jörðu, munu eilíflega fyrirgefna á himnum, og allar þær syndir, sem þú geymir á jörðu, munu geymdar á himni.

47 Og sannlega segi ég þér enn fremur, að hvern sem þú blessar mun ég blessa, og hverjum sem þú bölvur mun ég ^a“bölva, segir Drottinn, því að ég, Drottinn, er Guð þinn.

48 Og sannlega segi ég þér enn fremur, þjónn minn Joseph, að hvað sem þú gefur á jörðu, og hverjum sem þú gefur einhvern á jörðu, eftir orði mínu og samkvæmt lögmáli mínu, því mun fylgja kraftur minn og blessanir, en ekki bölvun, segir Drottinn, og það mun verða án fordæmingar á jörðu og á himni.

49 Því að ég er Drottinn Guð þinn og mun vera með þér, já, allt til ^aenda veraldar og um alla eilífð. Því að sannlega ^binnsigla ég þér

“upphafningu þína og fyrirbý þér háseti í ríki föður míns, hjá Abraham ^a“föður þínum.

50 Sjá, ég hef séð ^afórnir þínar og mun fyrirgefa þér allar syndir þínar. Ég hef séð fórnir þínar í hlýðni þinni við það, sem ég hef sagt þér. Far þess vegna, og ég mun finna þér undankomuleið, eins og ég ^btók á móti fórn Abrahams á syni hans Ísak.

51 Sannlega segi ég þér: Fyrirmæli gef ég þernu minni, Emmu Smith, eiginkonu þinni, sem ég hef gefið þér, að hún láti kyrrt liggja og taki ekki þátt í því, sem ég bauð þér að leggja fyrir hana, því að ég gjörði það, segir Drottinn, til að reyna ykkur öll, eins og ég gjörði við Abraham, svo að ég gæti krafist gjafa af þinni hendi, með sáttmála og fórnunum.

52 Og lát þernu mína, “Emmu Smith, taka á móti öllum þeim, sem gefnar hafa verið þjóni mínum Joseph, og eru dyggðugar og hreinar í augum mínum, og þeim, sem ekki eru hreinar en hafa sagst vera það, mun tortímt, segir Drottinn Guð.

53 Því að ég er Drottinn Guð þinn, og þú skalt hlýða rödd minni, og þjóni mínum Joseph gef ég að verða yfir mikið settur, því að hann hefur verið ^a“trúr yfir litlu, og héðan í frá mun ég styrkja hann.

45a LR Lyklar prestdæmisins.

b Post 3:21;

K&S 86:10.

LR Endurreisn

fagnaðarerindisins.

46a LR Innsigli, innsiglungun.

b LR Fyrirgefning synda.

47a 1 Mós 12:1–3;

K&S 124:93.

49a Matt 28:20.

b K&S 68:12.

c K&S 5:22.

LR Köllun og kjör.

d 1 Mós 17:1–8; 2 Ne 8:2.

50a LR Fórn.

b 1 Mós 22:10–14;

K&S 97:8.

52a LR Emma Hale Smith.

53a Matt 25:21;

K&S 52:13.

54 Og ég býð þernu minni, Emmu Smith, að hlýða þjóni mínum Joseph og halda sér fast að honum og engum öðrum. En vilji hún ekki hlýða þessu boði, mun henni tortímt, segir Drottinn, því að ég er Drottinn Guð þinn og mun tortíma henni, ef hún hlýðir ekki lögmáli mínu.

55 En vilji hún ekki hlýða þessu boði, skal þjónn minn Joseph gjöra allt fyrir hana, já, sem hann hefur sagt. Og ég mun blessa hann og margfalda og gefa honum „hundradfalt í þessum heimi, af feðrum og mæðrum, bræðrum og systrum, húsum og landi, eiginkonum og börnum, og kórónum ^beilífra lífa í hinum eilífu heimum.

56 Og sannlega segi ég enn: Þerna mín „fyrirgefi þjóni mínum Joseph brot hans, og þá munu henni fyrirgefin brot hennar, þau sem hún hefur brotið gegn mér, og ég, Drottinn Guð þinn, mun blessa hana og margfalda og láta hjarta hennar fagna.

57 Og ég segi enn fremur: Þjónn minn Joseph skal ekki láta eigur sínar af hendi; svo að óvinur komi ekki og tortími honum, því að Satan ^aleitast við að tortíma; því að ég er Drottinn Guð þinn, og hann er þjónn minn. Og sjá og tak eftir, ég er með honum, eins og ég var með Abraham föður

þínum, allt til ^bupphafningar hans og dýrðar.

58 Nú, varðandi lögmál „prestdæmisins, þá er margt sem því tilheyrir.

59 Sannlega, sé maður kallaður af föður mínum, eins og „Aron, með minni eigin rödd og með rödd hans, sem sendi mig, og ég hef veitt honum ^blyklana að valdi þessa prestdæmis, og gjöri hann alla hluti í mínu nafni og samkvæmt lögmáli mínu og eftir orði mínu, mun hann ekki drýgja synd, og ég mun réttlæta hann.

60 Enginn maður skal þess vegna ásaka þjón minn Joseph, því að ég mun réttlæta hann. Því að hann skal færa þá fórn, sem ég krefst af honum fyrir brot hans, segir Drottinn Guð yðar.

61 Og enn fremur varðandi lögmál prestdæmisins — ef einhver maður giftist ^ahreinna mey og þráir að giftast ^bannarri, og hin fyrsta veitir samþykki sitt og hann kvænist hinni síðari, og þær eru hreinar meyjar og hafa ekki bundist neinum öðrum manni, þá er hann réttlættur. Hann getur ekki drýgt hór, því að þær eru honum gefnar. Hann getur ekki drýgt hór með því, sem tilheyrir honum og engum öðrum.

62 Og séu honum gefnar tíu meyjar eftir þessu lögmáli, getur

55a Mark 10:28–31.

^b LR Eilíft líf;
Fjölskylda — Eilífar
fjölskyldur.

56a LR Fyrirgefa.

57a Matt 10:28.

^b LR Upphafning.

58a K&S 84:19–26.

LR Prestdæmi.

59a Hebr 5:4.

LR Aron, bróðir Móse.

^b LR Lyklar

prestdæmisins.

61a LR Mey.

^b OY 1.

LR Giftast — Fjölkvæni.

hann ekki drýgt hór, því að þær tilheyra honum og þær eru honum gefnar. Þess vegna er hann réttlættur.

63 En verði ein eða einhver hinna tíu meyja með öðrum manni eftir að hún er gift, hefur hún drýgt hór og henni mun tortímt, því að þær eru gefnar honum til að „margfalda og uppfylla jörðina, samkvæmt mínu boðorði, og til að uppfylla fyrirheitið, sem faðir minn gaf áður en grundvöllur heimsins var lagður, og þeim til upphafningar í hinum eilífu heimum, svo að þær geti fætt mannsálirnar, því að með því heldur ^bverk föður míns áfram, svo að hann megi dýrðlegur verða.

64 Og sannlega, sannlega segi ég yður enn fremur, að ef maður, sem hefur lykla þessa valds, og á sér eiginkonu og kennir henni lögmál prestdæmis míns varðandi þessa hluti, þá skal hún trúa og veita

honum þjónustu, ella mun henni tortímt, segir Drottinn Guð þinn, því að ég mun tortíma henni. Því að ég mun vegsama nafn mitt á öllum þeim, sem meðtaka lögmál mitt og hlýða því.

65 Ef hún þess vegna meðtekur ekki þetta lögmál, skal það vera mér lögmætt, að hann taki á móti öllu því, sem ég, Drottinn Guð hans, mun gefa honum, vegna þess að hún trúði ekki og veitti honum ekki þjónustu samkvæmt orði mínu, og verður hún þá brotleg, en hann undanþeginn lögmáli Söru, sem þjónaði Abraham samkvæmt lögmálinu, þegar ég bauð Abraham að taka sér Hagar fyrir konu.

66 Og sannlega, sannlega segi ég þér nú varðandi þetta lögmál, ég mun opinbera þér fleira síðar. Lát þetta því nægja í bili. Sjá, ég er Alfa og Ómega. Amen.

133. KAFLI

Opinberun gefin með spámanninum Joseph Smith í Hiram, Ohio, 3. nóvember 1831. Í formála að þessari opinberun, segir í sögu Josephs Smith: „Á þessum tíma var það margt, sem öldungarnir vildu vita varðandi prédikun fagnaðarerindisins til íbúa jarðar og varðandi samansöfnunina. Og til að geta gengið í hinu sanna ljósi og fengið leiðbeiningar að ofan, spurði ég Drottin hinn 3. nóvember 1831 og hlaut þessa mikilvægu opinberun, sem hér fer á eftir.“ Þessum kafla var fyrst bætt við Kenningu og sáttmála sem viðauka, en fékk síðar kaflanúmer.

1–6, Hinum heilögu er boðið að búa sig undir síðari komuna; 7–16, Öllum mönnum er boðið að flýja frá Babylon, koma til Síonar og búa sig undir hinn

mikla dag Drottins; 17–35, Hann mun standa á Síonfjalli, meginlöndin verða eitt land, og hinar týndu ættkvíslir Ísraels munu snúa aftur; 36–40,

Fagnaðarerið var endurreist með Joseph Smith og skal prédikað um allan heim; 41–51, Drottinn mun koma niður með refsingu yfir hina ranglátu; 52–56, Það verður ár hans endurlestu; 57–74, Fagnaðarerið skal sent út til frelsunar hinum heilögu og tortímingar hinum ranglátu.

HLÝÐIÐ á, ó, fólk kirkju minnar, segir Drottinn Guð yðar, og hlustið á orð Drottins varðandi yður —

2 Drottins, sem skyndilega mun ^akoma til musteris síns, Drottins, sem koma mun yfir heiminn með fordæming og ^bdóm. Já, yfir allar þjóðir sem gleyma Guði og yfir alla óguðlega meðal yðar.

3 Því að hann mun gjöra ^aberan heilagan armlegg sinn fyrir augum allra þjóða, og öll endimörk jarðar munu sjá ^bhjálpæði Guðs síns.

4 Búið yður því, búið yður, ó, fólk mitt. Helgið yður, safnist saman í landi Síonar, ó, fólk kirkju minnar, allir þér sem ekki hafið fengið boð um að halda kyrru fyrir.

5 Farið út frá ^aBabýlon. Verið ^bhrein, sem berið ker Drottins.

6 Boðið til hátíðarsamkoma yðar og ^atalið oft hvert til annars.

Og sérhver maður ákalli nafn Drottins.

7 Já, sannlega segi ég yður enn, að tíminn er kominn er rödd Drottins segir við yður: Farið út frá Babýlon. ^aSafnist saman frá öllum þjóðum, frá hinum ^bfjörum vindum, frá einum enda himins til annars.

8 ^aSendið öldunga kirkju minnar til fjarlæggra þjóða, til ^beyja sjávarins. Sendið til annarra landa. Kallið allar þjóðir, fyrst ^cÞjóðirnar og síðan ^dGyðingana.

9 Og sjá og tak eftir, þetta skal vera hróp þeirra, og rödd Drottins til allra manna: Farið til lands Síonar, svo að þenja megi út landmæri þjóðar minnar og ^astikur hennar styrkist, og ^bSíon breiðist út til nærliggjandi héraða.

10 Já, látið hrópið hljóma meðal allra þjóða: Vaknið og rísið á fætur og farið til móts við ^abrúðgummann. Sjá og tak eftir, brúðguminn kemur, farið til móts við hann. Búið yður undir hinn ^bmikla dag Drottins.

11 Verið þess vegna á ^averði, því að hvorki ^bvitið þér daginn né stundina.

133 2a Mal 3:1;
K&S 36:8.
b K&S 1:36.
LR Jesús Kristur —
Dómari.
3a Jes 52:10.
b Jes 12:2; 52:10.
LR Endurlausnará-
ætlunin;
Sáluhjálp, hjálpræði.
5a Al 5:57;
K&S 1:16.
LR Babel, Babýlon;
Veraldarhyggja.

b 2 Tím 2:21;
3 Ne 20:41;
K&S 38:42.
LR Hreinn, hreinleiki.
6a Mal 3:16–18.
7a K&S 29:8.
LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
b Sak 2:6–7;
Mark 13:27.
8a LR Trúboðsverk.
b Jes 11:11;
1 Ne 22:4;
2 Ne 10:8, 20.

c LR Þjóðirnar.
d LR Gyðingar.
9a Jes 54:2.
LR Stika.
b LR Síon.
10a Matt 25:6;
K&S 33:17–18;
45:54–59.
LR Brúðgumi.
b K&S 1:12–14.
11a Mark 13:32–37;
JS — M 1:46, 48.
b K&S 49:7.

12 Þess vegna skulu þeir, sem „meðal Þjóðanna eru, flýja til ^bSíonar.

13 Og þeir, sem af ^aJúda eru komnir, flýi til ^bJerúsalem, til ^cfjalla ^ahúss Drottins.

14 Farið frá Þjóðunum, já, úr Babýlon, úr miðju ranglætinu, sem er hin andlega Babýlon.

15 En sannlega, svo segir Drottinn: Lát útgöngu yðar ekki verða í „flýti, heldur skal allt vel undirbúið. Og sá, sem fer, skal ^bekki líta til baka, svo að bráð tortíming komi ekki yfir hann.

16 Hlýðið á og heyrið, ó, þér íbúar jarðar. „Hlustið saman, þér öldungar kirkju minnar, og hlýðið á rödd Drottins, því að hann kallar á alla menn og hann býður öllum mönnum alls staðar að ^biðrast.

17 Því að sjá, Drottinn Guð hefur „sent engil, sem hrópar um miðhimininn og segir: Greiðið Drottni veg og gjörðið ^bbeinar brautir hans, því að stund ^ckomu hans er í nánd —

18 Þegar ^alambið mun standa á ^bSíonfjalli og með honum ^ceitt

hundrað fjörutíu og fjórar þúsundir, með nafn föðurins skráð á enni sér.

19 Búið yður þess vegna undir ^akomu ^bbrúðgumans, farið þér, farið til móts við hann.

20 Því að sjá, hann mun ^astanda á Olúfjallinu og á hinu máttuga hafi, já, hinu mikla djúpi, og á eyjum sjávarins og á landi Síonar.

21 Og hann lætur rödd sína ^aberast frá ^bSíon og hann talar frá Jerúsalem og rödd hans mun heyrast meðal allra manna —

22 Og rödd hans verður sem ^arödd margra vatna og rödd sterkrar ^bþrumu, sem ^cbrýtur niður fjöllin, og dalirnir finnast ei.

23 Hann mun gefa hinu mikla djúpi boð, og það hverfur aftur til landanna í norðri og ^aeyjarnar verða eitt land —

24 Og land ^aJerúsalem og land Síonar verða aftur á sínum stað og jörðin verður eins og hún var, áður en hún var ^bgreind í sundur.

25 Og Drottinn, sjálfur frelsarinn, mun standa mitt á meðal fólks síns og ^aríkja yfir öllu holdi.

12a K&S 38:31, 42.

b LR Síon.

13a LR Júda.

b LR Jerúsalem.

c Jes 2:1–3;

Esek 38:8.

d Sálm 122.

15a Jes 52:10–12;

K&S 58:56.

b 1 Mós 19:17, 26;

Lúk 9:62.

16a K&S 1:1–6.

b LR Iðrast, iðrun.

17a K&S 13; 27:7–8; 88:92.

b Jes 40:3–5.

c Mal 3:1.

18a Op 14:1.

LR Guðslambið.

b K&S 84:2.

c Op 7:1–4.

19a Matt 25:1–13;

K&S 33:17–18; 88:92.

LR Síðari koma Jesú

Krists.

b LR Brúðgumi.

20a Sak 14:4;

K&S 45:48–53.

21a Jóel 3:16;

Amos 1:2.

b Jes 2:2–4.

22a Esek 43:2;

Op 1:15;

K&S 110:3.

b Sálm 77:18;

Op 14:2.

c Dóm 5:5;

Jes 40:4; 64:1;

Op 16:20;

K&S 49:23; 109:74.

23a Op 6:14.

24a LR Jerúsalem.

b 1 Mós 10:25.

LR Jörð —

Sundurgreining jarðar.

25a LR Jesús Kristur —

Þúsund ára ríki Krists.

26 Og Drottinn verður minn-ugur þeirra, sem eru í löndunum í “norðri, og spámenn þeirra munu heyra rödd hans og ekki lengur draga sig í hlé, og þeir munu ljósta björgin og ísinn mun bráðna í návist þeirra.

27 Og “vegur skal lagður mitt á hið mikla djúp.

28 Óvinir þeirra verða þeim að bráð —

29 Og lifandi vatnslindir munu spretta upp í “nöktum eyðimörkunum og sólbrennar auðnir líða ekki lengur af þorsta.

30 Og þær munu gefa börnum “Efraíms, þjónum mínum, hina miklu fjársjóði sína.

31 Og mörk hinna ævarandi “hæða munu skjálfa í návist þeirra.

32 Og þar munu þeir falla til jarðar og verða krýndir dýrð, já, í Síon, með hendi þjóna Drottins, já, barna Efraíms.

33 Og þeir munu fyllast “söngvum hinnar ævarandi gleði.

34 Sjá, þetta er blessun hins ævarandi Guðs til “kynkvísla Ísraels og hin ríkari blessun á höfuð ^bEfraíms og meðbræðra hans.

35 Og einnig þeir, af ættkvísl “Júda, munu, eftir þjáning sína, ^bhelgaðir verða frammi fyrir

Drottni, til að dvelja í návist hans dag og nótt, alltaf og að eilífu.

36 Og sannlega segir Drottinn nú, svo að þetta verði kunnugt yðar á meðal: Ó, íbúar jarðar, ég hef sent “engil minn, og hann flýgur um miðhimininn og heldur á hinu ^bævarandi fagnaðarerindi og hefur birst nokkrum. Og hann hefur afhent það manningum, og mun birtast mörgum sem á jörðunni dvelja.

37 Og þetta “fagnaðarerindi skal ^bprédikað “sérhverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð.

38 Og þjónar Guðs munu ganga fram og segja hárrí röddu: Öttist Guð og gefið honum dýrðina, því að stund dóms hans er runnin upp —

39 Og “tilbiðjið hann, sem gjörði himin og jörð og hafið og uppsprettur vatnanna —

40 Ákallið nafn Drottins dag og nótt og segið: Ó, að þú vildir “sundurrífa himininn og koma niður, og að fjöllin hjaðni við návist þína.

41 Og það mun koma yfir höfuð þeirra, því að návist Drottins verður sem eyðandi eldur, er brennir, og sem eldur, er lætur vötnin “ólga.

26a Jer 16:14–15;
K&S 110:11.
LR Ísrael — Hinar tíu
horfnu kynkvíslir
Ísraels.
27a Jes 11:15–16;
2 Ne 21:16.
29a Jes 35:6–7.
30a Sak 10:7–12.
LR Efraím — Ættkvísl
Efraíms.

31a 1 Mós 49:26.
33a Jes 35:10; 51:11;
K&S 66:11.
34a LR Ísrael — Tölf
ættkvíslir Ísraels.
b 1 Mós 48:14–20;
1 Kro 5:1–2;
Et 13:7–10.
35a LR Júda — Ættkvísl
Júda.
b LR Heilagleiki.

36a Op 14:6–7;
K&S 20:5–12.
b LR Endurreisn
fagnaðarerindisins.
37a LR Fagnaðarerindi.
b LR Prédika;
Trúboðsverk.
c K&S 42:58.
39a LR Tilbeiðsla.
40a Jes 64:1–2.
41a Job 41:31.

42 Ó Drottinn, þú munt koma niður og gjöra andstæðingum þínum nafn þitt kunnugt, og allar þjóðir munu skjálfa við návist þína —

43 Þegar þú gjörir þá hræðilegu hluti, sem þeir eigi vænta —

44 Já, þegar þú kemur niður og fjöllin hjaðna við návist þína, munt þú ^ahitta þann, sem fagnar og iðkar réttlæti, og sem minnst þín og vegu þinna.

45 Því að frá upphafi veraldar hafa menn ekki haft spurnir af og ekkert eyra heyrt og ekkert auga séð, ó Guð, utan þú, hversu stórfenglega hluti þú hefur ^afyrirbúið þeim, sem ^bvæntir þín.

46 Og sagt mun verða: ^aHver er þessi, sem ^bkemur niður frá Guði á himni í lituðum klæðum. Já, frá svæðum, sem enginn veit deili á, klæddur dýrðarklæðum sínum og fer um í mikilleik styrks síns?

47 Og hann mun segja: Ég er sá, sem talaði í réttlæti, máttugur til að frelsa.

48 Og Drottinn verður ^arauður á að líta, og klæði hans verða eins og þess sem treður vínþröngina.

49 Og svo mikil verður dýrð návistar hans, að ^asólin mun hylja ásjónu sína af blygðun og tunglið

mun eigi bera birtu sína og stjörnur munu kastast úr stað.

50 Og rödd hans mun heyrast: Vínlagarþróna hef ég ^atroðið aleinn og dóm hef ég leitt yfir alla og enginn var með mér —

51 Ég hef fótumtroðið þá í heift minni og marið þá sundur í reiði minni, og blóð þeirra ^ahraut á klæði mín og litaði þau, því að þetta var dagur refsingarinnar, sem mér bjó í hjarta.

52 Og nú er ár minna endurleystu komið, og þeir munu tala um elskandi gæsku Drottins síns og allt, sem hann hefur gefið þeim, í samræmi við góðvild hans og í samræmi við elskandi gæsku hans, alltaf og að eilífu.

53 Í öllum ^aþrengingum þeirra var að honum þrengt. Og engill návistar hans frelsaði þá. Og af ^belsku sinni og af vægð sinni ^cendurleysti hann þá og tók þá á arma sér og bar þá alla forna daga —

54 Já, og einnig ^aEnok og þá sem með honum voru, spámennina, sem á undan honum voru, og einnig ^bNóa og þá sem á undan honum voru, og einnig ^cMóse og þá sem á undan honum voru —

55 Og frá Móse til Elía og frá Elía til Jóhannesar, sem voru með Kristi í ^aupprisu hans, og

44a 1 Þess 4:15–18.

45a Jes 64:4;
1 Kor 2:9.
^b Harm 3:25;
2 Ne 6:7, 13.

46a Jes 63:1–2.
^b LR Siðari koma Jesú Krists.

48a 1 Mós 49:11–12;
Lúk 22:44;

Op 19:11–15;
ÞJS Op 19:15 (Viðauki);
Mósía 3:7;
K&S 19:18.

49a Jes 13:10; 24:23;
K&S 45:42; 88:87.

50a Jes 63:2–3;
K&S 76:107; 88:106.

51a 3 Mós 8:30.
53a Jes 63:4–9.

^b LR Kærleikur.

^c LR Endurleysa,
endurleystur,
endurlausn.

54a LR Enok.
^b LR Nói, patriarki í
Bíblíunni.

^c LR Móse.
55a LR Upprisa.

hinir heilögu postular, ásamt Abraham, Ísak og Jakob, verða í návist lambsins.

56 Og „grafir hinna ^bheilögu munu ‘opnast, og þeir munu koma fram og standa lambinu til ^hhægri handar, þegar hann stendur á ^e‘Síonfjalli og á hinni helgu borg ^fNýju-Jerúsalem. Og þeir munu syngja ^ssöng ^hlambsins nótt og dag alltaf og að eilífu.

57 Og af þeirri ástæðu, að menn fengu hlutdeild í þeim ^a‘dýrðum, sem opinberaðar yrðu, sendi Drottinn fyllingu ^bfagnaðarerindis síns, ævarandi sáttmála sinn, sem talar máli sínu á skýran og einfaldan hátt —

58 Til að búa hina vanmáttugu undir það sem kemur á jörðina, og að reka erindi Drottins á þeim degi, þegar hinir ^avanmáttugu munu gjöra hinum vitru kinnroða, og hinir ^bsmáu verða að máttugri þjóð, og ^ctveir reka tugþúsundir sínar á flóttu.

59 Og með hinu vanmáttuga á jörðunni mun Drottinn ^aþreskja þjóðirnar með krafti anda síns.

60 Og af þeirri ástæðu voru boðorð þessi gefin. Á þeim tíma sem þau voru gefin var svo boðið, að

þau skyldu hulin heiminum, en nú skulu þau ^asend út til ^balls holds —

61 Og þetta er að óskum og vilja Drottins, sem ríkir yfir öllu holdi.

62 Og sá, sem ^aiðrast og ^bhelgar sig frammi fyrir Drottni, mun hljóta ^eeilíft líf.

63 Og á þeim, sem ^aekki hlýða rödd Drottins, mun uppfyllast það, sem spámaðurinn Móse ritaði, að þeir yrðu ^bútilokaðir frá fólkinu.

64 Og einnig það, sem spámaðurinn ^aMalakí ritaði: Því að sjá, ^bdagurinn kemur, ^cbrennandi sem ofn, og allir hrokafullir og allir þeir sem ranglæti fremja munu verða sem hálmleggir. Og dagurinn sem kemur mun brenna þá upp, segir Drottinn hersveitanna, svo að hvorki verði eftir af þeim rót né kvistur.

65 Þess vegna verður þetta svar Drottins til þeirra:

66 Á þeim degi þegar ég kom til minna eigin, ^atók enginn yðar á móti mér, og þér voruð burtu reknir.

67 Þegar ég kallaði aftur gegndi enginn yðar. Þó var hvorki ^aarmur

56a K&S 29:13.

b LR Heilagur.

c K&S 45:45–46;

88:96–97.

d Matt 25:33–34.

e Jes 24:23; Op 14:1;

K&S 76:66; 84:2, 98–102.

f LR Nýja Jerúsalem.

g Op 15:3;

K&S 84:98–102.

h LR Guðslambið.

57a LR Dýrðarstig.

b LR Fagnaðarerindi.

58a Matt 11:25; 1 Kor 1:27;

Al 32:23; 37:6–7.

b Jes 60:22.

c 5 Mós 32:29–30.

59a Míka 4:11–13.

60a K&S 104:58–59.

b K&S 1:2.

62a LR Iðrast, iðrun.

b K&S 88:74.

LR Lausn frá synd.

c LR Eilíft líf.

63a LR Hlusta og hlýða á.

b Post 3:22–23;

1 Ne 22:20–21;

3 Ne 20:23; 21:11;

K&S 1:14; JS — S 1:40.

64a Mal 4:1.

LR Malakí.

b JS — S 1:36–37.

c Jes 66:15–16;

1 Ne 22:15; 3 Ne 25:1;

K&S 29:9; 64:24.

LR Jörð — Hreinsun

jarðar.

66a Jóh 1:11.

67a 2 Ne 28:32.

minn of stuttur til að endurleysa, né ^bkraftur minn of veikur til að bjarga.

68 Sjá, við átölur mínar ^aþornar hafið. Ég gjöri fljótin að eyðimörk, fiskar þeirra fúlna og deyja úr þorsta.

69 Ég færi himnana í myrkuhjúp og sveipa þá sorgarbúningi.

70 Frá minni hendi kemur ^aþetta yfir yður — þér skuluð liggja í kvölum.

71 Sjá og tak eftir, enginn getur bjargað yður, því að þér hlýdduð

ekki rödd minni, þegar ég kallaði til yðar frá himnum. Þér trúðuð ekki þjónum mínum, og þegar þeir voru ^asendir yður, tókuð þér ekki á móti þeim.

72 Þess vegna ^ainnsigliðu þeir vitnisburðinn og bundu upp lög-málið, og þér voruð ofurseldir myrkrinu.

73 Þessir munu fara út í ystu myrkur, þar sem er ^agrátur og kvein og gnístran tanna.

74 Sjá, Drottinn Guð yðar hefur talað það. Amen.

134. KAFLI

Trúaryfirlýsing varðandi stjórnvöld og lög almennt, samþykkt einróma á aðalsamkomu kirkjunnar, sem haldin var í Kirtland, Ohio, 17. ágúst 1835. Margir hinna heilögu söfnuðust saman til að fjalla um tillögur um efni fyrstu útgáfunnar á Kenningu og sáttmálum. Á þeim tíma var svofellður inngangur hafður með þessari yfirlýsingu: „Svo að trú vor varðandi jarðnesk stjórnvöld og lög almennt verði ekki mistúlkuð eða misskilin, höfum við talið rétt að láta skoðun okkar varðandi þau koma fram í lok þessarar bókar.“

1–4, Stjórnvöld eiga að vernda skoðana- og trúfrelsi; 5–8, Allir menn eiga að styðja stjórnvöld sín og sýna landslögum virðingu og lotningu; 9–10, Trúfélög ættu ekki að hafa borgaralegt vald; 11–12, Menn eiga rétt á að verja sjálfa sig og eigur sínar.

VÉR trúum, að Guð hafi innleitt ^astjórnkerfi mannum til

heilla, og að hann gjöri manninn ^bábyrgan fyrir starfi sínu í þeim, bæði varðandi setningu laga og framkvæmd þeirra, til heilla og öryggis fyrir samfélagið.

2 VÉR álitum, að engin stjórnvöld fái starfað í friði, nema lög séu sett og þeim viðhaldið, sem tryggi sérhverjum einstaklingi ^afrelsi til að fylgja ^bsamvisku

67b Jes 50:2;
2 Ne 7:2.
68a 2 Mós 14:21;
Jós 3:14–17.
70a Jes 50:11.
71a 2 Kro 36:15–16;

Jer 44:4–5.
72a Jes 8:16–20.
73a Matt 8:11–12;
Lúk 13:28; K&S 19:5.
LR Helja;
Myrkur, andlegt.

134 1a K&S 98:4–7;
TA 1:12.
b LR Ábyrgð, ábyrgur,
ábyrgðarskylda.
2a LR Sjálfræði.
b LR Samviska.

sinni, eignar- og umráðarétt og “verndun lífs.

3 Vér álitum, að öll stjórnvöld verði að hafa opinbera “embættismenn og yfirvöld til að framfylgja lögum sínum, og að þeir, sem beiti lögunum af sannsýni og réttvísi, séu valdir og studdir með samþykki fólksins, ef um lýðveldi er að ræða, eða með vilja þjóðhöfðingja.

4 Vér álitum, að átrúnaður sé innleiddur af Guði, og að mennirnir séu ábyrgir gagnvart honum, og honum einum, fyrir iðkun hans, nema ef trúarskoðanir þeirra hvetja þá til að ganga á rétt og frelsi annarra. En vér álitum ekki, að mannleg lög hafi rétt til afskipta með því að setja reglur um “tilbeiðslu og binda þannig samvisku manna, né fyrirskipa nokkurt ákveðið form á almennri eða einstaklingsbundinni guðrækni. Að opinber yfirvöld skuli halda afbrotum niðri, en aldrei stjórna samvisku manna. Þau skulu refsa sekum, en aldrei hefta frelsi sálarinnar.

5 Vér álitum, að öllum mönnum sé skylt að styðja viðkomandi stjórnvöld, þar sem þeir búa, og veita þeim fulltingi sitt, svo lengi sem lög þeirra stjórnvalda vernda meðfæddan og ófrávíkjanlegan rétt þeirra, og að upphlaup og “uppreisn séu vansæmandi sérhverjum borgara, sem þannig verndar nýtur, og skyldi slíkum

refsað á viðeigandi hátt, og að öll stjórnvöld hafi rétt til að setja þau lög, sem að þeirra eigin dómi séu best til þess fallin að tryggja almenna hagsmunum, en virði þó á sama tíma helgi skoðanafrelsisins.

6 Vér álitum, að virða skuli sérhvern mann í stöðu sinni, stjórnendur og yfirvöld sem slík, því að þau eru sett til verndar hinum saklausu og til refsingar hinum seku, og að öllum mönnum beri að virða “lögin og lúta þeim, því að án þeirra mundi ríkja stjórnleysi og angist í stað friðar og einingar. Lög manna eru sett í þeim megintilgangi að gæta hagsmuna okkar sem einstaklinga og þjóða og manna á milli, og guðleg lög mátt sett á himni setja reglur í andlegum efnum, um trú og tilbeiðslu, og skal skaparannum gjörð skil á hvorum tveggja.

7 Vér álitum, að stjórnendur, ríki og stjórnvöld hafi rétt til, og þeim sé skylt, að setja lög, sem tryggi öllum þegnum vernd og fullt frelsi til trúariðkana. En vér álitum þau ekki hafa rétt til að svipta þegnana þessu frelsi eða afnema skoðanafrelsi þeirra, svo lengi sem lögunum er sýnd virðing og lotning og trúarskoðanir þeirra réttlæta ekki uppreisn eða samsæri.

8 Vér álitum, að “viðurlög við afbrotum skuli fara eftir eðli brotsins. Að fyrir morð, landráð, rán, þjófnað og brot á almennum friði, skuli í öllum tilvikum refsað í

2c K&S 42:18–19.

3a K&S 98:8–10.

4a Al 21:21–22; TA 1:11.

LR Tilbeiðsla.

5a TA 1:12.

LR Uppreisn.

6a K&S 58:21; 88:34.

8a Al 30:7–11;

K&S 42:84–87.

samræmi við sagnæmi og skaðsemi manna, eftir lögum þeirra stjórnvalda þar sem brotið er framið. Og til að viðhalda friði og spekt skuli allir menn eftir bestu getu ganga fram í því að þeir, sem góð lög brjóta, hljóti refsingu.

9 Vér álitum því, að ekki sé rétt að blanda saman trúaráhrifum og borgaralegri stjórn, þar sem einu trúfélaginu sé hyglað og annað rænt andlegum rétti sínum og einstaklingsréttur þegnanna sé virtur að vettugi.

10 Vér álitum, að öll trúfélög hafi rétt til að taka á ósæmilegri hegðun meðlima sinna, í samræmi við lög og reglur hvers félags, þó með því skilyrði, að slík afskipti varði aðeins aðild þeirra og góða stöðu. En vér álitum ekki, að nokkurt trúfélag hafi vald til að leiða menn til yfirheyrslu varðandi eignarrétt þeirra eða líf, eða til að taka frá þeim þessa heims gæði eða á nokkurn hátt ógna lífi þeirra eða limum eða beita þá nokkurri líkamlegri refsingu. Þau geta aðeins „vikið þeim úr trúfélaginu og svipt þá aðild.

11 Vér álitum því, að menn eigi

að skjóta máli sínu til borgaralegra dómstóla, þar sem þeir eru fyrir hendi þeim til verndar, og leita bóta á órétti og misgjörningi, sem valdið hefur þeim persónulegum miska eða ógnað eignarrétti þeirra og æru. En vér álitum, að allir menn hafi rétt til að verja sig, vini sína og eignir og stjórnvöld, fyrir ólögætum árásum og yfirgangi hverra sem vera skal, þegar aðstæður krefjast þess, og ekki er unnt að skjóta máli sínu til dómstóla og njóta aðstoðar þeirra.

12 Vér álitum, að rétt sé að „prédika fagnaðarerindið fyrir þjóðum jarðar, og hvetja hina réttlátu til að bjarga sér frá spillingu heimsins. En vér teljum ekki rétt að skipta sér af þrælum né prédika yfir þeim fagnaðarerindið, né heldur skíra þá, sé það andstætt vilja og óskum húsbænda þeirra, né að skipta sér af þeim eða hafa minnstu áhrif á þá í þá átt að gjöra þá óánægða með hlutskipti sitt í þessu lífi og ógna þannig lífi manna. Slík afskipti álitum vér ólögæt og röng og að þau ógni friði sérhvers stjórnkerfis, sem leyfir, að mönnum sé haldið í þrældómi.

135. KAFLI

Tilkynning um fórnardauða spámannsins Josephs Smith og bróður hans, Hyrums Smith, patriárka, í Carthage, Illinois, 27. júní 1844. Þessu skjal var bætt við 1844 útgáfuna af Kenningu og sáttmálum, sem var nær tilbúin til útgáfu, þegar Joseph og Hyrum Smith voru myrtir.

1–2, Joseph og Hyrum eru myrtir í Carthage-fangelsinu; 3, Joseph

hylltur vegna yfirburðastöðu sinnar; 4–7, Saklaust blóð þeirra ber

sannleikanum og guðdómleika verksins vitni.

TIL innsíglunar á vitnisburði þessarar bókar og Mormónsbókar, tilkynnum við ^afórnardauða spámannsins ^bJosephs Smith og patríarkans Hyrums Smith. Þeir voru skotnir í Carthage-fangelsinu, 27. júní 1844, um kl. fimm e. h., af vopnuðum múg — svartmáludóm — um 150 til 200 manns. ^aHyrum varð fyrst fyrir skoti og hné rólega niður, um leið og hann sagði: *Ég dey!* Joseph stökk út um gluggann og var skotinn til bana við þá tilraun, um leið og hann hrópaði: *Ó, Drottinn Guð minn!* Á þá báða var grimmilega skotið, eftir að þeir voru dánir, og hlutu báðir fjögur skotsár.

2 ^aJohn Taylor og Willard Richards, tveir hinna tólf, voru þeir einu sem voru í herberginu á þeim tíma. Hinn fyrrnefndi var særður á villimannlegan hátt með fjórum skotum, en hefur nú náð sér. Hinn síðarnefndi komst undan með Guðs hjálp, án þess að skotin snertu svo mikið sem klæði hans.

3 Joseph Smith, ^aspámaður og ^bsjáandi Drottins, hefur, að Jesús einum undanskildum, gjört meira manninum til sáluhjálpar í þessum heimi en nokkur annar, sem lifað hefur í honum. Á aðeins tuttugu

ára tímabili hefur hann leitt fram Mormónsbók, sem hann þýddi með gjöf og krafti Guðs, og hefur staðið að útgáfu hennar í tveimur heimsálfum. Hann hefur sent ^afyllingu hins ævarandi fagnaðarerindis, sem hún geymir, til allra hinna fjögurra heimshluta og hefur leitt fram opinberanir og boð, sem mynda þessa bók, Kenningu og sáttmála, og mörg önnur lærdómsrík skjöl og leiðbeiningar, manna börnum til heilla. Hann hefur safnað saman mörgum þúsundum Síðari daga heilagra, grundvallað mikla ^bborg og skilið eftir sig frægð og nafn, sem ekki verður þurrkað út. Hann var mikill í lífinu og mikill í dauðanum í augum Guðs og fólks hans, og líkt og flestir hinna Drottins smurðu til forna, hefur hann innsiglað ætluarverk sitt og starf með ^cblóði sínu, og svo hefur einnig bróðir hans Hyrum gjört. Í lífinu voru þeir ekki aðskildir, og í dauðanum urðu þeir ekki skildir að!

4 Þegar Joseph fór til Carthage til að gefa sig fram vegna meintrar kröfu laganna, tveimur eða þremur dögum áður en hann var myrtur, sagði hann: „Ég fer líkt og ^alamb til slátrunar, en ég er hægur sem sumarmorgunn. Samviska mín er hrein gagnvart Guði og gagnvart öllum mönnum.

135 1a K&S 5:22; 6:30.

LR Þíslarvottur, þíslarvætti.

^b LR Joseph Smith yngri.

^c LR Karþagó-fangelsi (Bandar.).

^d LR Hyrum Smith.

2a LR John Taylor.

3a LR Spámaður.

^b LR Sjáandi.

^c K&S 35:17; 42:12.

LR Endurreisn fagnaðarerindisins.

^d LR Nauvoo, Illinois (Bandar.).

^e Hebr 9:16–17;

K&S 136:39.

4a Jes 53:7.

ÉG MUN DEYJA SAKLAUS, OG UM MIG VERÐUR SAGT — HANN VAR MYRTUR MEÐ KÖLDU BLÓÐI.“ — Sama morgun, eftir að Hyrum hafði gjört allt til reiðu til fararinnar — ætti að segja til slátrunarinnar? Já, því að svo var það — las hann eftirfarandi málgrein við lok tólfta kapitula Eters í Mormónsbók og braut þar blaðið:

5 Og svo bar við, að ég bað Drottinn um að gefa Þjóðunum náð, svo að þær fengju öðlast kærleika. Og svo bar við, að Drottinn mælti við mig: Skorti þær kærleik, skiptir það þig engu, þú hefur verið trúr; þess vegna verða klæði þín „hreinsuð. Og vegna þess að þú hefur komið auga á veikleika þinn, skalt þú styrkur gjörður, já, til að setjast niður á þeim stað, sem ég hef fyrirbúið í hilylum föður míns. En ég, . . . kveð nú Þjóðirnar, já, og einnig bræður mína, sem ég elska, þar til við munum hittast fyrir ^bdómstóli Krists, þar sem allir menn skulu vita, að klæði mín eru óflekkuð af blóði yðar. Arfleiddurnir eru nú dánir, og erfðaskrá þeirra er í gildi.

6 Hyrum Smith varð fjörutíu og fjögurra ára í febrúar 1844 og Joseph Smith varð þrjátíu og átta ára í desember 1843, og héðan í frá munu nöfn þeirra talin með píslarvottum trúarinnar, og lesendur meðal allra þjóða munu minntir á, að það kostaði besta blóð níjtjándu aldarinnar að leiða fram Mormónsbók og þessa bók, Kenningu og sáttmála kirkjunnar,

til sáluhjálpar rotinni veröld. Og ef eldurinn fær skaðað hið „græna tré Guði til dýrðar, hversu auðveldlega mun hann þá ekki brenna upp hin þurru tré til að hreinsa vingarðinn af spillingu. Þeir lifðu fyrir dýrðina og þeir dóu fyrir dýrðina, og dýrð verður eilíf laun þeirra. Mann fram af manni munu nöfn þeirra lifa meðal komandi kynslóða, sem gimsteinar hinum helguðu.

7 Þeir voru sýknir allra saka, eins og oft hafði áður sannast, og voru aðeins hnepptir í varðhald vegna samsæris svikara og ranglátra manna. Og saklaust blóð þeirra á gólfi Carthage-fangelsisins er greinilegt innsigli á „Mormónisma,“ sem enginn dómstóll á jörðu fær hafnað, og saklaust blóð þeirra á skjaldarmerki Illinoisfylkis vegna svika fylkisins á því loforði, sem fylkisstjórnin gaf, er vitni um sannleika hins ævarandi fagnaðarerindis, sem allur heimurinn fær ekki hrakið. Og saklaust blóð þeirra á frelsisfánanum og á magna charta Bandaríkjanna, talar sínu máli um trúna á Jesú Krist, og mun snerta hjörtu heiðvirðra manna meðal allra þjóða. Og saklaust blóð þeirra, ásamt saklausu blóði allra píslarvotta, sem Jóhannes sá undir „altarinu, mun hrópa til Drottins hersveitanna, þar til hann nær rétti þessa blóðs á jörðunni. Amen.

5a K&S 88:74–75.
b Et 12:36–38.

c Hebr 9:16–17.
6a Lúk 23:31.

7a Op 6:9.

136. KAFLI

Orð og vilji Drottins gefin með Brigham Young forseta í Vetrarstöðvum Ísraelsfylkingar, í Omaha Nation á vesturbakka Missouriífljótsins, nálægt Council Bluffs, Iowa.

1–16, *Skýrt frá því hvernig skipuleggja skuli Ísraelsfylkingu fyrir ferðina í vesturátt; 17–27, Hinum heilögu er boðið að lifa eftir ýmsum reglum fagnaðarerindisins; 28–33, Hinir heilögu skulu syngja, dansa, biðja, og nema visku; 34–42, Spámennirnir eru drepnir, svo að hægt sé að heiðra þá og dæma hina ranglátu.*

ORÐ og vilji Drottins varðandi Ísraelsfylkingu á ferð hennar til vestursins:

2 Lát skipuleggja í hópa alla í “Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og þá, sem með þeim ferðast, með sáttmála og loforði um að halda öll boðorð og ákvæði Drottins Guðs vors.

3 Lát skipuleggja hópana með foringjum yfir “hundrað, foringjum yfir fimmtíu, og foringjum yfir tíu, með forseta og tvo ráðgjafa hans sem höfuð þeirra, undir stjórn þpostulanna tólf.

4 Og þetta skal vera “sáttmáli vor — að vér munum ^bfara í öllu eftir ^chelgiathöfnum Drottins.

5 Lát hvern hóp eftir bestu getu sjá sér fyrir dráttardýrum, vögnum, vistum, klæðum og öðrum nauðsynjum til ferðarinnar.

6 Þegar búið er að skipuleggja hópana, skulu þeir af öllum mætti gjöra allt til reiðu fyrir þá, sem kyrrir verða.

7 Lát hvern hóp, með foringja sínum og forseta, ákveða hve margir geti farið næsta vor, síðan velja nægilegan fjölda vinnufærra og hæfra manna til að taka dráttardýr, fræ og landbúnaðarverkfæri, og fara sem landnemar til að undirbúa vorsáninguna.

8 Lát hvern hóp að jöfnu, í samræmi við eigur sínar, annast hina “fátæku, ^bekkjurnar, ^cmunaðarleysingjana og fjölskyldur þeirra, sem gengið hafa í herinn, svo að hróp ekkjunnar og munaðarleysingjanna berist ekki til eyrna Drottins gegn þessu fólki.

9 Lát hvern hóp undirbúa húsnaði og akra til kornyrkju fyrir þá, sem eftir verða í þetta sinn. Og þetta er vilji Drottins varðandi fólk hans.

10 Lát hvern mann nota öll áhrif sín og allar eigur sínar til að flytja þetta fólk til þess staðar, þar sem Drottinn ætlar að setja “stiku Síonar.

11 Og ef þér gjörð þetta af hreinu hjarta og fullri staðfestu, munuð þér “blessuð, hjarðir yðar munu

136 2a LR Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

3a 2 Mós 18:21–26.

b LR Postuli.

4a LR Sáttmáli.

b LR Ganga, ganga með Guði.

c LR Helgiathafnir.

8a LR Fátækur.

b LR Ekkja.

c Jakbr 1:27;

3 Ne 24:5.

10a LR Stika.

11a 5 Mós 28:1–14.

LR Blessa, blessaður, blessun.

blessaðar, og akrar yðar og hús yðar og fjölskyldur yðar.

12 Lát þjóna mína Ezra T. Benson og Erastus Snow skipuleggja hóp.

13 Og lát þjóna mína Orson Pratt og Wilford Woodruff skipuleggja hóp.

14 Lát einnig þjóna mína Amasa Lyman og George A. Smith skipuleggja hóp.

15 Og tilnefna forseta og foringja yfir hundruð, og fimmtíu og tíu.

16 Og lát þjóna mína, sem tilnefndir hafa verið, fara og kynna hinum heilögu þennan vilja minn, svo að þeir verði reiðubúnir að fara til friðarlandsins.

17 Farið yðar leið og gjörið sem ég hef sagt yður og óttist ekki óvini yðar, því að þeir munu ekki hafa vald til að stöðva verk mitt.

18 Síon mun "endurleyst á mínum tíma.

19 Og reyni einhver maður að upphefja sjálfan sig og leitar ekki minna "ráða, mun hann engan kraft hafa, og heimiska hans mun gjörð opinber.

20 Leitið, og "haldið öll heit yðar hver við annan, og ^bgirnist ekki það sem bróðir yðar á.

21 "Haldið yður frá hinu illa og að leggja nafn Drottins við hégóma, því að ég er Drottinn Guð yðar, sjálfur ^bGuð fedra yðar, Guð Abrahams, Ísaks og Jakobs.

22 "Ég er sá, sem leiddi Ísraelsbörn út úr Egyptalandi, og armur minn er útréttur á síðustu dögum til að ^bfrelsa þjóð mína, Ísrael.

23 Leggið niður allar "þrætur yðar á meðal, hættið ^billu umtali hvert um annað.

24 Leggið niður "drykkjuskap og látið öll orð yðar verða hver öðrum til ^buppbyggingar.

25 Fáir þú lánað hjá nágretta þínum, skalt þú skila aftur því sem þú fékkst "lánað. Og getir þú ekki endurgreitt það, skaltu samtundis fara og skýra nágretta þínum frá því, svo að hann dæmi þig ekki.

26 Finnir þú það sem nágrenni þinn hefur "tapað, skalt þú leita hans af kostgæfni, svo að þú getir afhent honum það aftur.

27 Þú skalt af "kostgæfni varðveita það sem þú átt, svo að þú verðir hygginn ^bráðsmaður, því að það er endurgjaldslaus gjöf Drottins Guðs þíns, og þú ert ráðsmaður hans.

28 Sért þú glaður, skalt þú

18a K&S 100:13.

19a LR Ráðgjöf.

20a LR Heiðarlegur, heiðarleiki.

b LR Ágirnd.

21a LR Vanhelgun.

b 2 Mós 3:6;

1 Ne 19:10.

22a 2 Mós 13:18;

Jer 2:5–7;

1 Ne 5:15;

Al 36:28.

LR Jehóva.

b Jer 30:10; Esek 20:33–34; K&S 38:33.

23a 3 Ne 11:29–30.

LR Deilur.

b K&S 20:54.

LR Illt umtal.

24a LR Vísðómsorðið.

b K&S 108:7.

25a Sálm 37:21;

Mósía 4:28.

LR Heiðarlegur, heiðarleiki; Skuld.

26a 3 Mós 6:4;

5 Mós 22:3.

27a LR Kostgæfni.

b LR Ráðsmaður, ráðsmennska.

lofa Drottin með “söng, tónlist, dansi og með ^blofgjörðarbæn og ^cþakkargjörð.

29 Sért þú ^ahryggur, þá ákallaðu Drottin Guð þinn í heitri bæn, svo að sál þín megi ^bgleðjast.

30 Óttast ekki óvini þína, því að þeir eru í mínum höndum og ég mun breyta við þá eins og mér hentar.

31 “Reyna verður fólk mitt í öllu, svo að það sé undir það búið að meðtaka þá ^bdýrð, sem ég ætla því, já, dýrð Síonar. Og sá, sem ekki þolir ^cögun, er ekki verður ríkis mín.

32 Sá, sem fáfróður er, nemi “visku með því að ^bauðmýkja sig og ákalla Drottin Guð sinn, svo að augu hans opnist og hann megi sjá, og eyru hans ljúkist upp og hann megi heyra —

33 Því að ^aandi minn er sendur út í heiminn til að upplýsa auðmjúka og sáriðrandi, og til fordæmingar hinum óguðlegu.

34 Bræður yðar hafa hafnað yður og vitnisburði yðar, já, sú þjóð, sem hefur ^aútskúfað yður —

35 Og nú kemur hörmungadagur þeirra, já, sorgardagar, líkt og konu í jóðsótt. Og hryggð þeirra

verður mikil, nema þeir iðrist í skyndi, já, mjög skyndilega.

36 Því að þeir myrtu spámennina og þá sem sendir voru til þeirra. Og þeir hafa úthellt saklausu blóði, sem hrópar gegn þeim upp úr jörðunni.

37 Undrist því ekki yfir þessu, því að þér eruð enn ekki ^ahreinir. Þér fáid enn ekki staðist dýrð mína, en þér skuluð sjá hana, ef þér staðfastlega farið eftir öllum þeim orðum, sem ég hef ^bgefið yður, frá dögum Adams til Abrahams, frá Abraham til Móse, frá Móse til Jesú og postula hans, og frá Jesú og postulum hans til Josephs Smith, sem ég kallaði með ^cenglum mínum, þjónustuenglum mínum, og með minni eigin röddu frá himnum, til að vinna verk mitt —

38 Grundvöll þess lagði hann og var trúr, og ég tók hann til mín.

39 Margir hafa undrast vegna dauða hans, en nauðsynlegt var að hann ^ainnsiglaði ^bvitnisburð sinn með ^cblóði sínu, svo að hann hlyti heiður, og hinir ranglátu fordæmingu.

40 Hef ég ekki bjargað yður frá ^aóvinum yðar, aðeins með því að skilja eftir vitni fyrir nafn mitt?

28a LR Syngja.

b LR Bæn.

c 2 Kro 5:13;

K&S 59:15–16.

LR Þakklátur, þakkir, þakkargjörð.

29a 2 Sam 22:7.

b LR Gleði.

31a K&S 101:4.

LR Andstreymi.

b Róm 8:18;

K&S 58:3–4.

LR Dýrð.

c LR Ága.

32a LR Víska.

b LR Auðmjúkur, auðmýkt.

33a LR Heilagur andi.

34a LR Ofsækja, ofsókn.

37a LR Hreinn, hreinleiki.

b He 8:18.

c Op 14:6;

K&S 110:11–16;

128:19–21;

JS — S 1:30–47.

39a Mósía 17:20;

K&S 135:3.

b LR Vitnisburður.

c LR Píslarvottur, píslarvætti.

40a 2 Mós 23:22;

K&S 8:4; 105:15.

41 Ó, hlýðið þess vegna á, þér, fólk ^akirkju minnar, og þér öldungar, hlustið saman, þér hafið hlotið ^bríki mitt.

42 Haldið boðorð mín af

kostgæfni, svo að dómar falli ekki yfir yður og trú yðar bregðist yður ekki og óvinir yðar fagni ekki sigri yfir yður. Ekkert fleira að sinni. Amen og amen.

137. KAFLI

Sýn, sem veittist spámanninginum Joseph Smith í musterinu í Kirtland, Ohio, 21. janúar 1836. Tilefnið var framkvæmd helgiathafna í undirbúningi að vígslu musterisins.

1–6, *Spámaðurinn sér Alvin bróður sinn í himneska ríkinu; 7–9, Kenningin um sáluhjálp fyrir dána opinberuð; 10, Öll börn hólpín í himneska ríkinu.*

^aHIMNARNIR lukust upp fyrir okkur og ég sá hið ^bhimneska ríki Guðs og dýrð þess, hvort heldur í ^clíkamanum eða ekki, get ég ekki sagt.

2 Ég sá hina yfirnáttúrlegu fegurð ^ahliðsins, sem erfingjar þess ríkis munu ganga um, og virtist sem dansandi ^beldslogar —

3 Einnig ^aljómandi háseti Guðs, sem í sátu ^bfaðirinn og ^csonurinn.

4 Ég sá hin fögru stræti þess ríkis og virtist sem þau væru lögð ^agulli.

5 Ég sá föður ^aAdam og ^bAbraham, og ^cföður minn og ^amóður og bróður minn ^aAlvin, sem sofið hefur lengi —

6 Og ég furðaði mig á hvernig á því staði, að hann hefði hlotið ^aarf í þessu ríki, þar sem hann yfirgaf þetta líf, áður en Drottinn rétti út hönd sína til að safna saman Ísrael hið ^bannað sinn, og hafði ekki verið ^cskírður til fyrirgefningar syndanna.

7 Því barst ^arödd Drottins mér og sagði: Allir, sem dáíð hafa ^bán þekkingar á fagnaðarerindinu, en hefðu meðtekið það, ef þeim hefði leyft að dvelja lengur, verða ^cerfingjar hins ^ahimneska ríkis Guðs —

41a LR Kirkja Jesú Krists.
b Dan 7:27.
137 1a Post 7:55–56;
1 Ne 1:8; He 5:45–49;
JS — S 1:43.
b LR Himnesk dýrð.
c 2 Kor 12:2–4; 1 Ne 11:1;
HDP Móse 1:11.
2a 2 Ne 9:41; 31:17.
b 2 Mós 24:17;
Jes 33:14–15; He 5:23;
K&S 130:7.
3a Jes 6:1; Esek 1:26–28.
b LR Guð, guðdómur —

Guð faðirinn.
c LR Guð, guðdómur —
Guð sonurinn.
4a Op 21:21; K&S 110:2.
5a LR Adam.
b K&S 132:29.
LR Abraham.
c K&S 124:19.
LR Joseph Smith eldri.
d LR Lucy Mack Smith.
e JS — S 1:4.
6a LR Sáluhjálp fyrir hina dānu.
b Jes 11:11; 1 Ne 22:10–12;

Jakob 6:2.
LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
c Jóh 3:3–5; 2 Ne 9:23;
Et 4:18–19;
K&S 76:50–52; 84:74.
LR Skírín, skíra.
7a He 5:30.
LR Opinberun.
b ÞJS 1 Pét 4:6 (Viðauki);
2 Ne 9:25–26;
Mósía 15:24.
c K&S 76:50–70.
d LR Himnesk dýrð.

8 Einnig allir þeir, sem deyja
héðan í frá án þekkingar á því en
“hefðu meðtekið það af öllu hjarta,
verða erfingjar þess ríkis —

9 Því að ég, Drottinn, mun
“dæma alla menn samkvæmt

^bverkum þeirra, samkvæmt því,
sem hjörtu þeirra ^aþrá.

10 Og ég sá einnig, að öll börn,
sem deyja áður en þau ná “ábyrgð-
araldri, eru ^bhólpín í himneska
ríkinu.

138. KAFLI

Sýn sem veittist Joseph F. Smith forseta í Salt Lake City, Utah, 3. október 1918. Í upphafsávarpi sínu á 89. haustráðstefnu kirkjunnar, 4. október 1918, lýsti Smith forseti því yfir, að hann hefði meðtekið nokkrar guðlegar opinberanir á síðustu mánuðum. Eina þeirra, um heimsókn frelsarans til anda hinna dánu meðan líkami hans var enn í grafhvelfingunni, hafði Smith forseti hlotið daginn áður. Hún var samstundis skráð í lok ráðstefnunnar. Hinn 31. október 1918 var hún afhent ráðgjöfum Æðsta forsætisráðsins, Tólfmannaráðinu og patriarkanum, sem samþykktu hana einróma.

1–10, Joseph F. Smith forseti ígrundar rit Péturs og heimsókn Drottins í andaheiminn; 11–24, Smith forseti sér hina réttlátu dánu samankomna í Paradís og þjónustu Krists meðal þeirra; 25–37, Hann sér hvernig prédikun fagnaðarerindisins var skipulögð meðal andanna; 38–52, Hann sér Adam, Evu, og marga hinna heilögu spámanna í andaheiminum, sem litu á ástand anda sinna án líkama fyrir uppreisuna sem fjöttra; 53–60, Réttlátir dánir þessa tíma halda áfram starfi sínu í andaheiminum.

ÞANN þriðja október árið níttján hundruð og átján sat ég

í herbergi mínu og “ígrundaði ritningarnar —

2 Og hugleiddi hina miklu “friðþægingarförn Guðssonarins, til ^bendurlausnar heiminum —

3 Og þá miklu og undursamlegu “ást föðurins og sonarins sem ásannaðist við komu ^blausnarans í heiminn —

4 Svo að með “friðþægingu hans og ^bhlýðni við reglur fagnaðarerindisins, gæti mannkyn frelsast.

5 Meðan ég var að íhuga þetta, leitaði hugur minn til bréfa Péturs postula til hinna “fyrstu heilögu, sem dreifðir voru um

8a Al 18:32; K&S 6:16.

9a Op 20:12–13.

LR Lokadómur.

b LR Verk.

c K&S 64:34. LR Hjarta.

10a LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda.

b LR Sáluhjálp,

hjálpæði — Sáluhjálp barna.

138 1a LR Íhuga, ígrunda.

2a Matt 20:28.

LR Friðþægja,

friðþæging.

b LR Endurlausnaráæt-
unin.

3a Jóh 3:16.

LR Elska, ást.

b LR Lausnari.

4a TA 1:3.

b Matt 7:21.

LR Hlýðni, hlýðinn,
hlýða.

5a Þ.E. fyrri daga heilögu.

^bPontus, Galatíu, Kappadókiu og aðra hluta Asíu, þar sem fagnaðararindið hafði verið prédikað eftir krossfestingu Drottins.

6 Ég opnaði Biblíuna og las þriðja og fjórða kapitula af fyrra almenna bréfi Péturs, og það sem ég las hafði mikil áhrif á mig, meiri en þessar ritningargreinar höfðu nokkru sinni fyrir haft:

7 „Kristur dó í eitt skipti fyrir öll fyrir syndir, réttlátur fyrir rangláta, til þess að hann gæti leitt yður til Guðs. Hann var deyddur að líkamanum til, en lifandi gjörður í anda.

8 Í andanum fór hann einnig og prédikaði fyrir öndunum í „varðhaldi —

9 Þeir höfðu óhlýðnast fyrrum, þegar Guð sýndi langlyndi og beið á dögum Nóa meðan örkin var í smíðum. Í henni frelsuðust fáeinir — það er átta — sálir í vatni.“ (1 Pét 3:18–20.)

10 „Því að til þess var og dauðum boðað fagnaðararindið, að þeir, þótt dæmdir væru líkamlega með mönnum, mættu lifa í andanum með Guði.“ (1 Pét 4:6.)

11 Meðan ég ígrundaði það, sem „skrifað stendur, lukust ^baugu skilnings míns upp og andi

Drottins ^chvíldi yfir mér og ég sá herskara hinna ^ddánu, bæði smáa og stóra.

12 Og á einum stað söfnuðust saman óteljandi skarar af öndum hinna ^aréttvísu, sem ^btrúir höfðu verið vitnisburðinum um Jesú, meðan þeir lifðu hér á jörðu —

13 Og fært höfðu ^afórnir í líkingu við hina miklu fórn Guðssonarins, og ^bþolað höfðu þrengingar í nafni lausnara síns.

14 Allir höfðu þeir yfirgefið hið dauðlega líf, staðfastir í ^avon um dýrðlega ^bupprisu, fyrir ^cnád Guðs ^dföðurins og hans ^eeingetna sonar, Jesú Krists.

15 Ég sá, að þeir voru fullir ^aánægju og gleði og fögnuðu sameiginlega vegna þess að frelsunardagur þeirra var í nánd.

16 Þeir voru samankomnir og biðu komu Guðssonarins í ^aandaheiminn, til að boða endurlausn þeirra úr ^bviðjum dauðans.

17 Hið sofandi duft þeirra skyldi ^aendurreist til fullkominnar umgjörðar sinnar, ^bbein við bein, og sinar og hold á þau, ^candinn og líkaminn skyldu sameinaðir og aldrei frammar aðskildir, svo að þeir gætu hlotið fyllingu ^dgleðinnar.

5b 1 Pét 1:1.

8a Jes 61:1;

Lúk 4:18;

K&S 76:73–74; 88:99.

11a LR Ritningar — Gildi ritninganna.

b Ef 1:18;

K&S 76:10, 12, 19.

c Jes 11:2.

d LR Andi.

12a K&S 76:69–70.

b K&S 6:13; 51:19;

76:51–53.

13a LR Fórn.

b Matt 5:10–12.

14a Et 12:4;

Moró 7:3, 40–44.

LR Von.

b LR Upprisa.

c LR Náð.

d LR Guð, guðdómur —

Guð faðirinn.

e LR Eingetinn.

15a Jes 51:11;

Al 40:12.

16a Lúk 23:43;

Al 40:11–12.

LR Paradís.

b Morm 9:13.

17a 2 Ne 9:10–13.

c Esek 37:1–14.

c K&S 93:33–34.

d LR Gleði.

18 Meðan þessi mikli fjöldi beið og ræddi saman, fagnandi á lausnarstund sinni úr viðjum dauðans, birtist sonur Guðs og boðaði “frelsi hinum ánauðugu, sem trúir höfðu verið —

19 Og þar “prédikaði hann fyrir þeim hið eilífa ^bfagnaðarerindi, kenninguna um upprisu og endurlausn mannkyns frá ‘fallinu, og frá syndum hvers einstaks, að tilskilinni ^aiðrun.

20 En til hinna “ranglátu fór hann ekki, og til hinna óguðlegu og þeirra sem iðruðust eigi og ^bspillst höfðu, meðan þeir voru í holdinu, náði rödd hans eigi —

21 Og ekki fengu heldur hinir uppreisnargjörnu, sem höfnuðu vitnisburðum og aðvörunum hinna fornu spámanna, séð návist hans né litið ásjónu hans.

22 Þar sem þeir dvöldu ríkti “myrkur, en meðal hinna réttlátu ríkti ^bfriður —

23 Og hinir heilögu fögnuðu yfir “endurlausn sinni og beygðu ^bknéð og viðurkenndu Guðssoninn sem lausnara sinn og bjargvætt frá dauða og ‘hlekkjum heljar.

24 Það geislaði af svip þeirra og “ljóminn af návist Drottins hvíldi á þeim, og þeir ^blofsungu hans heilaga nafn.

25 Ég undraðist, því að mér

skildist að frelsarinn hefði varið um það bil þremur árum til helgrar þjónustu sinnar meðal Gyðinga og þeirra, sem af Ísraelsætt eru, og reynt að kenna þeim hið ævarandi fagnaðarerindi og kalla þá til iðrunar —

26 En þrátt fyrir hið mikla starf hans, og kraftaverk, og boðun sannleikans með miklum “krafti og valdi, voru aðeins fáeinir, sem hlýddu á rödd hans og fögnuðu í návist hans, og urðu hólpnir af hans hendi.

27 En helg þjónusta hans meðal þeirra sem dánir voru, var takmörkuð við hinn “stutta tíma milli krossfestingar hans og upprisu —

28 Og ég undraðist orð Péturs — þar sem hann segir, að Guðssonurinn hafi prédikað fyrir öndum í varðhaldi, sem óhlýðnast höfðu fyrrum, þegar langlyndi Guðs beið á dögum Nóa — og furðaði mig á hvernig honum hafði reynst mögulegt að prédika fyrir þessum öndum, og vinna nauðsynleg verk meðal þeirra, á svo skömmum tíma.

29 Og meðan ég undraðist þetta, lukust augu mín upp og skilningur minn “lifnaði, og ég sá, að Drottinn fór ekki sjálfur og kenndi meðal hinna ranglátu og óhlýðnu, sem hafnað höfðu sannleikanum —

18a Jes 61:1.
LR Sáluhjálpar fyrir hina dáu.

19a K&S 76:72–74.
b LR Fagnaðarerindi.
c LR Fall Adams og Evu.
d LR Íðrast, iðrun.

20a Al 40:13–14.
LR Helja;

Ranglátur, ranglæti.
b 1 Ne 10:21.
22a LR Myrkur, andlegt.
b LR Friður.
23a LR Endurlausnarættunin.
b Róm 14:11;
Mósía 27:31.
c 2 Ne 1:13; Al 12:11.

24a Sálm 104:1–2;
Jes 60:19;
Op 22:5;
JS — S 1:17.
LR Ljós, ljós Krists.
b LR Syngja.
26a 1 Ne 11:28.
27a Mark 8:31.
29a K&S 76:12.

30 En sjá, meðal hinna réttlátu skipulagði hann sveitir sínar og tilnefndi sendiboða, klædda “krafti og valdi, og fól þeim að ganga fram og flytja ljós fagnaðarerindisins til þeirra, sem í ^bmyrkri voru, já, til ‘allra anda mannanna. Og þannig var fagnaðarerindið boðað hinum dánú.

31 Og hinir útvöldu sendiboðar fóru og boðuðu “náðardag Drottins, boðuðu hinum fjötruðu ^bfrelsi, já, öllum, sem iðrast vildu synda sinna og taka á móti fagnaðarerindinu.

32 Þannig var fagnaðarerindið boðað þeim, sem “dáið höfðu í syndum sínum, án ^bþekkingar á sannleikanum eða í lögmálsbrotum, þar eð þeir höfðu hafnað spámönnunum.

33 Þeim var kennd “trú á Guð, iðrun syndanna, ^bstaðgengils-skírni til ‘fyrirgefningar syndanna og ^dgjöf heilags anda með handayfirlagningu —

34 Og allar aðrar reglur fagnaðarerindisins, sem nauðsynlegt var fyrir þá að þekkja, til þess að reynast hæfir og “dæma mætti þá eftir mönnum í holdinu, en þeir gætu lifað eftir Guði í anda.

35 Og þannig var það gjört

kunnugt meðal hinna dánú, jafnt smárra sem stórra, óréttlátra sem staðfastra, að endurlausn hefði orðið með “fórn Guðssonarins á ^bkrossinum.

36 Þannig var það kunnugt, að lausnari okkar varði þeim tíma, sem hann dvaldi í andaheiminum, við að leiðbeina og undirbúa hina staðföstu anda “spámanna, sem vitnað höfðu um hann í holdinu —

37 Svo að þeir gætu flutt endurlausnarboðin til allra hinna dánú, sem hann gat ekki sjálfur farið til, vegna “uppreisnar þeirra og lögmálsbrota, svo að þeir fyrir helga þjónustu þjóna hans gætu einnig heyrt orð hans.

38 Á meðal hinna miklu og máttugu, sem samankomnir voru í þessum mikla söfnuði hinna réttlátu, var faðir “Adam, hinn aldni daganna og faðir allra —

39 Og hin dýrðlega móðir okkar “Eva, ásamt mörgum staðföstum dætrum sínum, sem lifað höfðu í aldanna rás og tilbeið hinn sanna og lifanda Guð.

40 “Abel, fyrsta ^bfórnarlambið, var þar og bróðir hans ‘Set, einn hinna máttugu, sem var nákvæm ^deftirmynd föður síns, Adams.

41 “Nói, sem varaði við flóðinu,

30a Lúk 24:49.

b LR Myrkur, andlegt.

c K&S 1:2.

31a Jes 61:2; Lúk 4:17–19.

b LR Lýðfrelsi.

32a Jóh 8:21–24.

b K&S 128:5. LR Þekking.

33a TA 1:4.

LR Átrúnaður.

b LR Helgiathafnir — Helgiathöfn með staðgengli;

Skírni, skíra — Skírni fyrir dánú.

c LR Fyrirgefning synda.

d LR Gjóf heilags anda.

34a LR Lokadómur.

35a Al 34:9–16.

LR Fórn;

Friðþægja, friðþæging.

b LR Kross;

Krossfesting.

36a K&S 138:57.

37a K&S 138:20.

LR Uppreisni.

38a LR Adam.

39a HDP Móse 4:26.

LR Eva.

40a LR Abel.

b LR Píslarvottur, píslarvætti.

c LR Set.

d 1 Mós 5:3;

HDP Móse 6:10.

41a LR Núi, patriarki í Biblíunni.

^bSem, hinn mikli ^cháprestur, ^dAbr-
aham, faðir hinna staðföstu, ^eÍsak,
^fJakob og ^gMóse, hinn mikli lög-
málgjafi Ísraels

42 Og einnig voru þar ^aJesaja,
sem boðaði með spádómi, að
lausnarinn væri smurður til að
græða sundurkramin hjörtu og
boða ^bherteknum frelsi og ^cfjötr-
uðum lausn.

43 Enn fremur ^aEsekíel, sem sá
í sýn dal fullan af ^bskrælnuðum
beinum, er klæðast skyldu holdi
og koma fram aftur lifandi sálir í
^cupprisu dauðra —

44 ^aDaníel, sem sá og sagði fyrir
um stofnun Guðs ^bríkis á síðari
dögum, er aldrei frammar skyldi
á grunn ganga né annarri þjóð í
hendur fengið —

45 ^aElías, sem var með Móse á
fjalli ^bummyndunarinnar —

46 Og einnig var þar spámað-
urinn ^aMalakí, sem bar vitni
um komu ^bElía — sem Moróní
talaði einnig um við spámann-
inn Joseph Smith, og sagði, að
hann mundi koma áður en hinn
mikli og ógurlegi ^cdagur Drott-
ins kæmi.

47 Spámaðurinn Elía skyldi
gróðursetja í ^ahjörtum barnanna
fyrirheit það, sem feðrunum var
gefið —

48 Forboði hins mikla ^averks,
sem unnið yrði í ^bmusterum
Drottins í ^cráðstöfun fyllingar
tímanna, til endurlausnar hinum
dánú, og ^dinnsíglun barna til for-
eldra sinna, svo að öll jörðin yrði
ekki lostin banni og gjöreydd við
komu hans.

49 Allir þessir og margir fleiri, já,
^aspámennirnir, sem dvöldu meðal
Nefíta og báru vitni um komu
Guðssonarins, voru meðal hinnar
miklu samkomu og biðu lausnar
sinnar —

50 Því að hinir dánú höfðu
litið á hina löngu fjarveru ^aanda
sinna frá líkómum þeirra sem
^bfjötra.

51 Þessum kenndi Drottinn og
gaf þeim ^akraft til að koma fram
eftir upprisu hans frá dauðum
og ganga inn í ríki föður hans og
krýnast þar ^bóðauðleika og ^ceilífu
lífi —

52 Og halda áfram starfi sínu,
eins og Drottinn hafði heitið, og

41 *b* LR Sem.

c LR Háprestur.

d 1 Mós 17:1–8.

LR Abraham.

e 1 Mós 21:1–5.

LR Ísak.

f 1 Mós 35:9–15.

LR Jakob, sonur Ísaks.

g LR Móse.

42 *a* LR Jesaja.

b Jes 61:1–2.

c LR Helja.

43 *a* LR Esekíel.

b Esek 37:1–14.

c LR Upprisa.

44 *a* LR Daníel.

b Dan 2:44–45.

LR Ríki Guðs eða ríki

himna.

45 *a* LR Elías.

b LR Ummyndun.

46 *a* Mal 4:5–6;

JS — S 1:36–39.

LR Malakí.

b K&S 110:13–15.

LR Elía.

c LR Síðari koma Jesú

Krists.

47 *a* K&S 128:17.

48 *a* LR Sáluhjálpi fyrir hina

dánú.

b LR Musteri, hús

Drottins.

c LR Ráðstöfunartími.

d LR Fjölskylda — Eilífar

fjölskyldur;

Innsigli, innsíglun.

49 *a* He 8:19–22.

50 *a* LR Andi.

b K&S 45:17.

51 *a* 1 Kor 6:14;

Al 40:19–21.

b LR Óðauðlegur,

óðauðleiki.

c K&S 29:43.

LR Eilíft líf.

öðlast hlut í öllum þeim “blessunum, sem geymdar eru þeim, sem elska hann.

53 Spámaðurinn Joseph Smith og faðir minn Hyrum Smith, Brigham Young, John Taylor, Wilford Woodruff og aðrir útvaldir andar, sem “geymdir voru til að koma fram í fyllingu tímanna og taka þátt í að leggja ^bgrundvöllinn að hinu mikla verki síðari daga —

54 Þar á meðal byggingu mustera og framkvæmd helgiathafna þar inni til endurlausnar hinum “dánú, þeir voru einnig í andaheiminum.

55 Ég sá, að þeir voru einnig meðal hinna “göfugu og miklu, sem ^bútvaldir voru í upphafi til að verða stjórnendur í kirkju Guðs.

56 Jafnvel áður en þeir fæddust, hlutu þeir, ásamt mörgum öðrum, fyrstu kennslu sína í heimi andanna og voru “búnir undir það að koma fram á þeim ^btíma sem Drottinn hentaði og vinna í

“víngarði hans til hjálpræðis sálum manna.

57 Ég sá, að staðfastir “öldungar þessa ráðstöfunartíma halda áfram starfi sínu við prédíkun fagnaðar-erindis iðrunar og endurlausnar fyrir fórn hins eingetna sonar Guðs, eftir að þeir hafa yfirgefið hið dauðlega líf, meðal þeirra sem eru í ^bmyrkri og syndafjötrum í hinum mikla andaheimi hinna dánú.

58 Hinir dánú, sem iðrast, munu “endurleystir fyrir hlýðni við ^bhelgiathafnir Guðs húss.

59 Og eftir að þeir hafa tekið út refsingu fyrir brot sín og eru “laugaðir hreinir, munu þeir hljóta laun samkvæmt ^bverkum sínum, því að þeir eru erfingjar að sálhjálp.

60 Þetta var sýnin um endurlausn hinna dánú, sem mér birtist, og ég ber því vitni og veit, að þessi frásögn er “sönn, fyrir blessun Drottins vors og frelsara, Jesú Krists. Já, vissulega. Amen.

52a Jes 64:4; 1 Kor 2:9; K&S 14:7.

53a LR Forvígsla.
b K&S 64:33.

54a LR Helgiathafnir — Helgiathöfn með staðgengli.

55a Abr 3:22–24.

b LR Forvígsla.

56a Job 38:4–7; Al 13:3–7.

b Post 17:24–27.

c Jakob 6:2–3.

LR Víngarður Drottins.

57a LR Öldungur.

b LR Helja.

58a LR Endurleysa, endurleystur, endurlausn.

b LR Helgiathafnir.

59a Al 5:17–22.

LR Fyrirgefna.

b LR Verk.

60a LR Sannleikur.

OPINBER YFIRLÝSING 1

Biblían og Mormónsbók kenna að einkvæni sé staðall Guðs varðandi hjónaband, nema að hann lýsi öðru yfir (sjá 2 Sam 12:7–8 og Jakob 2:27, 30). Fjölkvæni var innleitt meðal meðlima kirkjunnar eftir opinberun til Josephs Smith snemma á fimmta tug 19. aldar (sjá kafla 132). Á tímabilinu frá 1860 til níunda áratugar 19. aldar setti Bandaríkjastjórn lög,

sem gerði þessa trúariðkun ólöglega. Þessi lög voru að lokum staðfest af hæstarétti Bandaríkjanna. Eftir að hafa meðtekið opinberun, gaf Wilford Woodruff forseti út eftirfarandi stefnuyfirlýsingu, sem var samþykkt af kirkjunni sem fullgild og bindandi 6. október 1890. Þetta leiddi til endaloka þess að fjölkvæni væri iðkað í kirkjunni.

Til þeirra, sem málið varðar.

Í blaðafregnum, sem sendar hafa verið frá Salt Lake City í pólitískum tilgangi og birst hafa víða, kemur fram að Utah-nefndin í nýlegri skýrslu sinni til innanríkisráðherra fullyrði, að enn sé stofnað til fjölkvænis og að stofnað hafi verið til fjörutíu eða fleiri slíkra hjónabanda í Utah síðan í júní s. 1. eða á síðast liðnu ári, einnig að í almennum ræðum hafi leiðtogar kirkjunnar kennt og hvatt til áframhaldandi iðkunar fjölkvænis —

Því lýsi ég, sem forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu því hér með allra hátíðlegast yfir, að þessar ásakanir eru rangar. Við hvorki kennum fjölkvæni né leyfum nokkrum að stofna til slíks. Og ég neita því að annaðhvort fjörutíu eða nokkur önnur tala fjölhjónavígslna hafi á þessum tíma verið framkvæmd í musturum okkar eða á nokkrum öðrum stað á þessu landsvæði.

Eitt tilfelli hefur verið tilkynnt, þar sem aðilar segja að hjónavígsla hafi farið fram í Endowment húsinu í Salt Lake City vorið 1889, en mér hefur ekki tekist að hafa upp á því hver framkvæmdi hana. Allt sem gerðist í þessu máli var án minnar vitundar. Vegna þessa meinta atviks var Endowment húsið tafarlaust rifið niður að minni skipan.

Þar sem þingið hefur sett lög, sem banna fjölkvæni, og ædstu dómstólar landsins hafa staðfest, að þau lög séu í samræmi við stjórnarskrána, lýsi ég yfir, að ásetningur minn er að hlýða þessum lögum og nota áhrif mín meðal meðlima kirkjunnar, sem ég er í forsæti fyrir, og fá þá til að gera hið sama.

Ekkert er það, sem ég eða samstarfsmenn mínir hafa kennt innan kirkjunnar á þessum tilgreinda tíma, sem hægt er með réttu að skilja sem uppörvun eða hvatningu til fjölkvænis. Og þegar einhver öldunga kirkjunnar hefur notað mál, sem mögulega mætti túlka sem slíka kenningu, hefur hann samstundis verið víttur. Og ég lýsi því nú opinberlega yfir, að ráðlegging mín til Síðari daga heilagra er að láta algjörlega vera að stofna til nokkurs þess hjúskapar, sem lög landsins banna.

WILFORD WOODRUFF

Forseti Kirkju Jesú Krists
hinna Síðari daga heilögu.

Lorenzo Snow forseti lagði fram eftirfarandi:

„Ég lýsi yfir, að við, sem viðurkennum Wilford Woodruff sem forseta Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og hinn eina mann á jörðu á þessum tíma, sem hefur lykla að helgiathöfnum innsíglunar, teljum hann hafa fullt vald vegna stöðu sinnar til að gefa út þá opinberu yfirlýsingu, sem lesin hefur verið í okkar áheyrn og dagsett er 24. september 1890. Og sem kirkja, samankomin á aðalráðstefnu, samþykkingum við yfirlýsingu hans varðandi fjölkvæni sem fullgilda og bindandi.“

Salt Lake City, Utah, 6. október 1890.

ÚTDRÆTTIR ÚR ÞREMUR RÆÐUM WILFORDS WOODRUFF FORSETA UM YFIRLÝSINGUNA

Drottinn mun aldrei leyfa mér eða nokkrum öðrum manni í embætti forseta þessarar kirkju að leiða ykkur afvega. Það er ekki með í dæminu. Það er ekki í huga Guðs. Ef ég reyndi það mundi Drottinn víkja mér úr sessi og svo mun hann gera við hvern þann sem reynir að leiða mannanna börn frá orði Guðs og frá skyldu sinni. (Sextugasta og fyrsta haustráðstefna kirkjunnar, mánudaginn 6. október 1890, Salt Lake City, Utah. Skráð í *Deseret Evening News*, 11. október 1890, bls. 2.)

Einu gildir hver lifir eða hver deyr, eða hver er kallaður til að leiða þessa kirkju, þeir verða að leiða hana með innblæstri frá almáttugum Guði. Ef þeir gera það ekki þannig geta þeir alls ekki gert það . . .

Ég hef fengið nokkrar opinberanir nýlega, mjög merkilegar að mínum dómi, og ég vil segja ykkur hvað Drottinn sagði við mig. Ég vil leiða huga ykkar að því sem sagt er í Yfirlýsingunni . . .

Drottinn hefur beðið mig að spyrja Síðari daga heilaga einnar spurningar og hann sagði mér einnig að ef þeir vildu hlusta á það sem ég hefði að segja þeim og svara spurningunni sem fyrir þá er lögð, með anda og krafti Guðs, myndu þeir allir svara á sama hátt, álit þeirra á þessu máli yrði eins.

Spurningin er þessi: Hver er skynsamlegasta stefnan fyrir Síðari daga heilaga að taka - að gera tilraun til þess að halda áfram fjölkvæni, í andstöðu við þjóðarlög og í andstöðu við sextíu milljónir manna, sem kosta myndi upptöku á öllum musterunum og missi þeirra, og allar helgiathafnir þar myndu stöðvast, bæði fyrir lifendur og látna, og Æðsta forsætisráðið, hinir tólf og forsvarsmenn fjölskyldna kirkjunnar yrðu settir í fangelsi, upptaka yrði á persónulegum eignum fólksins (en allt myndi þetta stöðva þessa iðju); eða, eftir að hafa iðkað þessa reglu og þjáðst vegna þess, að hætta iðkun hennar og undirgangast lögin, þannig að spámennirnir, postularnir og feðurnir gætu verið heima og leiðbeint fólkinu og sinnt skyldustörfunum í kirkjunni. Musterin héldust þá í höndum hinna heilögu og þeir gætu sinnt helgiathöfnum fagnaðarerindisins, bæði fyrir lifendur og látna?

Drottinn sýndi mér í sýn og opinberun nákvæmlega hvað myndi gerast ef við hættum ekki þessari iðkun. Ef við hefðum ekki hætt hefðuð þið enga þörf haft fyrir . . . neinn mannanna í þessumusteri í Logan; því allar helgiathafnirnar hefðu stöðvast alls staðar í Síon. Glundroði myndi ríkja með allri Ísrael og margir karlmanna hefðu verið fangelsaðir. Þessir erfiðleikar hefðu lagst á alla kirkjuna og við hefðum neyðst til þess að hætta þessari

iðkun. Spurningin er hvort við hættum henni á þennan hátt, eins og Drottinn hefur sýnt okkur, og spámennirnir og postularnir yrðu frjálssir menn, og musterin í höndum fólksins, þannig að endurleysa megi hina dánú. Þetta fólk hefur þegar endurleyst stóran hóp úr varðhaldi andaheimsins, og á þá starfið að halda áfram eða stöðvast? Þetta er sú spurning sem ég legg fyrir Síðari daga heilaga. Þið verðið að dæma sjálf. Ég vil að þið svarið fyrir ykkur sjálf. Ég ætla ekki að svara henni, en ég segi ykkur að þetta er nákvæmlega sú staða sem við í heild hefðum verið í hefðum við ekki tekið þá stefnu sem við gerðum.

... Ég sá nákvæmlega hvað myndi gerast ef ekkert væri að gert. Þessi andi hefur hvílt á mér lengi. En ég vil segja þetta: Ég hefði látið öll musterin af hendi. Ég hefði farið í fangelsi sjálfur og látið alla aðra fara þangað, hefði Guð á himnum ekki boðið mér að gera það sem ég gerði. Og þegar stundin rann upp að mér var boðið að gera það, var það algerlega ljóst fyrir mér. Ég fór til Drottins og ég skrifaði það sem Drottinn sagði mér að skrifa . . .

Ég skil þetta eftir hjá ykkur til þess að ihuga og athuga. Drottinn er að starfi með okkur. (Cache stikuráðstefnan, Logan, Utah, sunnudaginn 1. nóvember 1891. Skráð í *Deseret Weekly*, 14. nóvember 1891.)

Nú vil ég segja ykkur hvað mér var sýnt og hvað sonur Guðs gerði í því . . . Sem Guð almáttugur lifir hefði allt þetta orðið, ef Yfirlýsingin hefði ekki verið gefin. Því taldi sonur Guðs í eigin tilgangi best að þetta yrði kynnt kirkjunni og heiminum. Drottinn hafði ákveðið stofnun Síonar. Hann hafði ákveðið að þetta musteri yrði fullbyggt. Hann hafði ákveðið að sáluhljálpi lifenda og látinna yrði veitt í þessum fjalladölum. Og almáttugur Guð ákvað að djöfullinn fengi ekki hindrað það. Ef þið skiljið það, þá er það aðalatriðið. (Úr ræðu sem flutt var á sjöttu vígsluathöfn Salt Lake mustersins í apríl 1893. Vélritað eintak af vígsluathöfninni í skjalasafni Sögudeildar kirkjunnar, Salt Lake City, Utah.)

OPINBER YFIRLÝSING 2

Mormónsbók kennir, að „allir séu jafnir fyrir Guði,“ þar meðtaldir „[svartir og hvítir, ánauðugir og frjálssir, karlar og konur]“ (2 Nefi 26:33). Í allri sögu kirkjunnar hefur fólk af öllum kynþáttum og þjóðar-brotum í fjölmörgum löndum verið skírt og lifað sem trúfastir meðlimir kirkjunnar. Á æviskeiði Josephs Smith voru nokkrir svartir karlmenn, meðlimir kirkjunnar, vígðir til prestdæmisins. Snemma í sögu kirkjunnar hættu leiðtogar kirkjunnar að veita svörtum karlmönnum af afrískum uppruna prestdæmið. Kirkjuskrár veita ekki skýra sýn inn í uppruna þeirrar iðkunar. Kirkjuleiðtogar trúðu, að það þyrfti opinberun frá Guði til að breyta þessari hefð og leituðu leiðsagnar í bæn. Opinberunin kom til forseta kirkjunnar, Spencers W. Kimball, og var staðfest af öðrum leiðtogum kirkjunnar í Salt Lake musterinu 1. júní 1978. Opinberunin afnam öll þau höft, sem gilt höfðu um kynþætti í tengingu við prestdæmið.

Til þeirra, sem málið varða:

Þann 30. september 1978, á 148. haustráðstefnu Kirkju Jesú Krists

hinna Síðari daga heilögu, kynnti N. Eldon Tanner, forseti og fyrsti ráðgjafi í æðsta forsætisráði kirkjunnar, eftirfarandi:

Snemma í júní þetta ár tilkynnti Æðsta forsætisráðið, að Spencer W. Kimball forseti hefði fengið opinberun um útfærslu prestdæmis- og musterisblessana til allra verðugra karlmeðlima kirkjunnar. Kimball forseti hefur beðið mig að tilkynna ráðstefnunni, að eftir að hann fékk þessa opinberun, sem barst honum eftir djúpa íhugun og heitar bænir í helgum sölum hins heilaga musteris, kynnti hann hana ráðgjöfum sínum, sem tóku á móti henni og samþykktu hana. Hún var síðan kynnt sveit postulanna tólf, sem samþykktu hana samhljóða, og þar næst kynnt öllum öðrum aðalvaldhöfum, sem einnig samþykktu hana samhljóða.

Kimball forseti hefur nú beðið mig að lesa þetta bréf:

8. júní 1978.

Til allra yfir- og staðarprest dæmisembættismanna Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu um allan heim:

Kæru bræður:

Þegar við höfum orðið vitni að útbreiðslunni á verki Drottins um jörðina, höfum við orðið þakklátir fyrir, að fólk af ýmsum þjóðum hefur tekið á móti boðskapnum um hið endurreista fagnaðarerindi og hefur sameinast kirkjunni í síauknum mæli. Þetta hefur vakið hjá okkur þrá eftir að veita sérhverjum verðugum meðlimi kirkjunnar öll forréttindi og allar blessanir, sem fagnaðarerindið hefur fram að bjóða.

Meðvitandi um þau loforð, sem fyrri spámenn og forsetar kirkjunnar hafa gefið, um að einhvern tíma í eilífri áætlun Guðs fái allir bræður okkar, sem verðugir eru, meðtekið prestdæmið, og vitandi um trúfestu þeirra, sem prestdæmið hefur verið haldið frá, höfum við beðið lengi og einlæglega vegna þessara trúu bræðra okkar, og varið mörgum stundum í loftsal musterisins í heitri bæn til Drottins um guðlega leiðsögn.

Hann hefur heyrt bænir okkar og með opinberun staðfest, að hinn löngu fyrirheitni dagur sé upp runninn, þegar sérhver trúr og verðugur karlmaður innan kirkjunnar fái meðtekið hið heilaga prestdæmi, ásamt krafti til að beita guðlegu valdi þess, og njóta með ástvinum sínum sérhverra blessana, sem frá því streymir, þar á meðal blessana musterisins. Samkvæmt þessu má vígja til prestdæmisins alla verðuga karlmeðlimi kirkjunnar, án tillits til kynþáttar eða hörundslitar. Prestdæmisleiðtogum er ráðlagt að fylgja þeirri reglu, að eiga samviskusamlega viðtal við alla þá, sem vígja skal til Arons- eða Melkisedeksprest dæmisins, til að tryggja að þeir uppfylli settar kröfur um verðugleika.

Við lýsum því yfir í fullri alvöru, að Drottinn hefur nú kunngjört vilja sinn um blessanir til allra barna sinna um gjörvalla jörðina, sem

hlýða vilja á rödd löggiltra þjóna hans og búa sig undir að meðtaka sérhverja blessun fagnaðarerindisins.

SPENCER W. KIMBALL
N. ELDON TANNER
MARION G. ROMNEY

Æðsta forsætisráðið

Þar sem við viðurkennum Spencer W. Kimball sem spámann, sjáanda, opinberara og forseta Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, er þess óskað, að við sem stjórnskipuð samkoma samþykkjum þessa opinberun sem orð og vilja Drottins. Allir sem eru samþykkir því, gjöri svo vel að sýna það með því að reisa hægri hönd sína. Þeir, sem mótfallnir eru, gefi sama merki.

Framangreind tillaga var samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum.

Salt Lake City, Utah, 30. september 1978.

HIN
DÝRMÆTA
PERLA

ÚRVAL OPINBERANA,
ÞÝÐINGA OG FRÁSAGNA
JOSEPHS SMITH

FYRSTA SPÁMANNS, SJÁANDA OG OPINBERARA
KIRKJU JESÚ KRISTS
HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU

EFNI

Formáli	v
Móse	1
Abraham.	30
Myndeftirlíking 1	30
Myndeftirlíking 2	38
Myndeftirlíking 3	43
Joseph Smith — Matteus	47
Joseph Smith — Saga	51
Trúaratriðin	67

FORMÁLI

Hin dýrmæta perla er úrval af völdu efni varðandi mörg mikilvæg trúaratriði og kenningar Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Efni þetta var þýtt og gefið út af spámanninum Joseph Smith og meirihlutinn birtist í tímaritum kirkjunnar á hans dögum.

Fyrsta safnritið undir heitinu Hin dýrmæta perla gerði öldungur Franklin D. Richards árið 1851, en hann var þá í ráði hinna tólf og forseti breska trúboðsins. Tilgangurinn var að skapa greiðari aðgang að nokkrum mikilvægum atriðum, sem hlotið höfðu takmarkaða útbreiðslu á tímum Josephs Smith. Þegar meðlimafjöldi kirkjunnar jókst um alla Evrópu og Ameríku, þurftu þessi atriði að vera tiltæk. Hin dýrmæta perla var mikið notuð og varð þar af leiðandi eitt af höfuðritum kirkjunnar samkvæmt ákvörðun Æðsta forsætisráðsins og aðalráðstefnunnar í Salt Lake City 10. október 1880.

Nokkrar endurbætur hafa verið gerðar á efni bókarinnar, samkvæmt þörfum kirkjunnar. Árið 1878 var hluta af bók Móse, sem ekki birtist í fyrstu útgáfunni, bætt við. Árið 1902 var ákveðnu efni úr Hinni dýrmætu perlu, sem einnig er í Kenningu og sáttmálum, sleppt. Efninu var skipt í kapitula og vers, með neðanmálstilvísunum, árið 1902. Fyrsta útgáfan með tveggja dálka blaðsiðum ásamt efnislykli kom út árið 1902. Engar aðrar breytingar voru gerðar fram að apríl 1976, þegar tveimur opinberunum var bætt við. Árið 1979 voru þessar opinberanir fluttar úr Hinni dýrmætu perlu og settar í Kenningu og sáttmála, en þar birtast þær nú sem 137. og 138. kafli. Í núverandi útgáfu hafa nokkrar breytingar verið gerðar til að samræma textann við frumskjöl.

Hér á eftir er stutt yfirlit yfir núverandi innihald bókarinnar:

1. *Úrval úr Bók Móse*. Útdráttur úr 1. Mósebók eftir þýðingu Josephs Smith á Biblíunni, sem hann hóf í júní 1830.
2. *Bók Abrahams*. Innblásin þýðing á ritum Abrahams. Joseph Smith hóf þýðingu þeirra árið 1835 eftir að hafa áskotnast nokkur egyptsk papýrusrit. Þýðingin birtist í hlutum í *Times and Seasons* [Tímar og tíðir], fyrst 1. mars 1842, í Nauvoo, Illinois.
3. *Joseph Smith — Matteus*. Útdráttur úr vitnisburði Matteusar í þýðingu Josephs Smith á Biblíunni (sjá Kenningu og sáttmála 45:60–61 varðandi þá guðlegu áminningu, að hefja þýðingu á Nýja testamentinu).
4. *Joseph Smith — Saga*. Ágrip af opinberum vitnisburði og sögu Josephs Smith, sem hann og ritarar hans skrifuðu á árunum

1838–1839 og birtist í hlutum í *Times and Seasons* í Nauvoo, Illinois, fyrst 15. mars 1842.

5. *Trúaratriði Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu*. Yfirlýsing Josephs Smith, sem birtist í *Times and Seasons* 1. mars 1842, með ágrípi af sögu kirkjunnar, almennt þekkt sem Wentworth-bréfið.

ÚRVAL ÚR BÓK MÓSE

Útdráttur úr þýðingu Biblíunnar eins og opinberað var spámanninum
Joseph Smith í júní 1830 — febrúar 1831.

1. KAPÍTULI (Júní 1830)

*Guð opinberar sig Móse — Móse um-
myndast — Hann stendur andspænis
Satan — Móse sér marga byggða
heima — Sonurinn skapaði óteljandi
heima — Verk Guðs og dýrð er að
gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins
að veruleika.*

ORÐ Guðs, sem hann ^amælti til
^bMóse, þegar Móse var hrif-
inn upp á fjall eitt, afar hátt.

2 Og hann ^asá Guð ^baugliti til aug-
litis og talaði við hann, og ^cdýrð
Guðs var yfir Móse. Þess vegna fékk
Móse ^astaðist návist hans —

3 Og Guð talaði til Móse og
sagði: Sjá, ég er Drottinn Guð
^aalmáttugur, og ^bÓendanlegur er
nafn mitt, því að ég er án upphafs
daganna eða loka áranna. Og er
það ekki óendanlegt?

4 Og sjá, þú ert sonur minn. ^aLít
þess vegna og ég mun sýna þér

verk ^bhanda minna, en ekki öll,
því að ^cverk mín eru ^dóendanleg,
og svo eru einnig ^eorð mín, því að
þau taka aldrei enda.

5 Þess vegna getur enginn maður
séð öll verk mín, nema hann sjái
alla dýrð mína, og enginn maður
getur litið alla dýrð mína og eftir
sem áður lifað í holdinu á jörðunni.

6 Og ég ætla þér verk að vinna,
sonur minn Móse, og þú ert í ^alík-
ingu míns ^beingetna. Og minn
eingetni er og verður ^cfrelsarinn,
því að hann er fullur ^dnáðar og
^esannleika. En ^fenginn Guð er auk
mín, og allt er mér nálægt, því að
ég ^gþekki það allt.

7 Og sjá, þetta eitt sýni ég þér nú,
Móse, sonur minn, því að þú ert í
heiminum, og nú sýni ég þér það.

8 Og svo bar við, að Móse leit og
sá ^aheiminn, sem hann var skapa-
aður í. Og Móse ^bleit heiminn og
endimörk hans og öll manna-
börn, sem eru og voru sköpuð.

- 1 1a Al 12:30;
HDP Móse 1:42.
b LR Móse.
2a 2 Mós 3:6; 33:11;
ÞJS 2 Mós 33:20, 23
(Viðauki);
Jóh 1:18; 6:46;
Et 3:6-16;
HDP Móse 1:11.
b 4 Mós 12:6-8;
5 Mós 34:10;
K&S 17:1.
c 5 Mós 5:24;
HDP Móse 1:13-14, 25.
LR Dýrð.

- d LR Ummyndun.
3a Op 11:17; 19:6;
1 Ne 1:14;
K&S 121:4.
LR Guð, guðdómur.
b Jes 63:16; K&S 19:9-12;
HDP Móse 7:35.
LR Óendanlegur.
4a HDP Móse 7:4.
b HDP Móse 7:32, 35-37.
c Sálm 40:5;
K&S 76:114.
d Sálm 111:7-8;
HDP Móse 1:38.
e 2 Ne 9:16; K&S 1:37-39.

- LR Orð Guðs.
6a 1 Mós 1:26; Et 3:14-15;
HDP Móse 1:13-16.
b LR Eingetinn.
c LR Frelsari.
d Jóh 1:14, 17;
Al 13:9. LR Náð.
e HDP Móse 5:7.
f 1 Kon 8:60;
Jes 45:5-18, 21-22.
g 1 Ne 9:6; 2 Ne 9:20;
Al 18:32; K&S 38:1-2.
LR Alvitur.
8a HDP Móse 2:1.
b HDP Móse 1:27.

Og ‘undrun hans og furða yfir því var mikil.

9 Og návist Guðs hvarf Móse, svo að dýrð hans var ekki yfir honum, og Móse var einn eftir. Og þegar hann var einn orðinn, féll hann til jarðar.

10 Og svo bar við, að margar stundir liðu, þar til Móse fékk aftur náttúrlegan og mannlegan “styrk sinn, og hann sagði við sjálfan sig: Af þessu veit ég, að maðurinn er ^bekkert, en það hafði ég aldrei talið.

11 En nú hafa augu mín séð “Guð, en ekki ^bnáttúrleg augu mín, heldur andleg augu mín, því að náttúrleg augu mín gætu aldrei hafa litið hann, því að ég hefði ‘visnað upp og ^ddáið í návist hans, en dýrð hans var yfir mér og ég sá ‘ásjónu hans, því að ég ^fummyndaðist frammi fyrir honum.

12 Og svo bar við, að þegar Móse hafði mælt þessi orð, sjá, þá kom “Satan og ^bfreistaði hans og sagði: Móse, mannssonur, tigna þú mig.

13 Og svo bar við, að Móse leit á Satan og sagði: Hver ert þú? Því að sjá, ég er “sonur Guðs, í líkingu hans eingetna, og hvar er dýrð þín, að mér beri að tigna þig?

14 Því að sjá, ég gat ekki litið Guð nema dýrð hans kæmi yfir mig, og ég væri “ummyndaður

frammi fyrir honum. En þig get ég litið sem náttúrlegur maður. Er ekki vissulega svo?

15 Blessað sé nafn Guðs míns, því að andi hans hefur ekki að fullu horfið frá mér, eða hvar er annars dýrð þín, því að hún er mér myrkur? Og ég get dæmt milli þín og Guðs, því að Guð sagði við mig: “Tigna Guð, því að honum einum skalt þú ^bþjóna.

16 Vík burt héðan Satan, ekki skalt þú blekkja mig, því að Guð sagði við mig: Þú ert í “líkingu míns eingetna.

17 Og hann gaf mér einnig boð-orð, þegar hann kallaði mig frá brennandi “runnanum og sagði: ^bÁkalla Guð í nafni míns eingetna og tigna mig.

18 Og enn sagði Móse: Ég hætti ekki að ákalla Guð, ég hef fleira að spyrja hann um, því að dýrð hans hefur verið yfir mér, og fyrir því get ég dæmt milli hans og þín. Vík burt héðan, Satan.

19 Og þegar Móse hafði nú mælt þessi orð, hrópaði Satan hárrí röddu og æddi um jörðina og bauð og sagði: Ég er hinn “eingetni, tigna þú mig.

20 Og svo bar við, að mikill ótti greip Móse og við þann ótta sá hann beiskju “vítis. Engu að síður hlaut hann styrk við að ^bákalla

8c Sálms 8:3–4.

10a Dan 10:8, 17;

1 Ne 17:47; Al 27:17;

JS — S 1:20.

b Dan 4:35; He 12:7.

11a LR Guð, guðdómur.

b K&S 67:10–13;

HDP Móse 6:36.

c 2 Mós 19:21.

d 2 Mós 20:19.

e 1 Mós 32:30;

HDP Móse 7:4.

f Matt 17:1–8.

LR Ummyndun.

12a HDP Móse 4:1–4.

LR Djöfull.

b HDP Móse 6:49.

LR Freista, freisting.

13a Sálms 82:6; Hebr 12:9;

1 Jóh 3:2.

14a LR Ummyndun.

15a Matt 4:10.

LR Tilbeiðsla.

b 1 Sam 7:3; 3 Ne 13:24.

16a HDP Móse 1:6.

17a 2 Mós 3:2.

b HDP Móse 5:8.

19a Matt 24:4–5.

20a LR Helja.

b JS — S 1:15–16. LR Bæn.

Guð og hann bauð og sagði: Vík burt frá mér Satan, því að aðeins þann eina Guð vil ég tigna, sem er Guð dýrðarinnar.

21 Og nú tók „Satan að titra og jörðin skalf og Móse fékk styrk og ákallaði Guð og sagði: Í nafni hins eingetna, vík burt héðan Satan.

22 Og svo bar við, að Satan hrópaði hárrí röddu með gráti og kveini og „gnístran tanna. Og hann fór burt, já, úr návist Móse, svo að hann sá hann ekki.

23 Og um þetta bar Móse vitni, en vegna ranglætis er það ekki meðal mannanna barna.

24 Og svo bar við, að þegar Satan var horfinn úr návist Móse, hóf Móse augu sín til himins, fylltur „heilögum anda, sem ber vitni um föðurinn og soninn —

25 Og er hann ákallaði nafn Guðs, leit hann enn dýrð hans, því að hún var yfir honum. Og hann heyrði rödd er sagði: Blessaður ert þú Móse, því að ég, hinn almáttugi, hef útvalið þig, og styrkur þinn skal verða meiri en styrkur margra „vatna, því að þau skulu hlýða ^bboði þínu sem værir þú ^cGuð.

26 Og tak eftir, ég er með þér, já, allt til hinsta dags þíns, því að þú munt ^aleysa þjóð mína úr ^bánaud, já, ^cÍsrael mína ^dútvöldu.

27 Og svo bar við, að á meðan röddin hljómaði enn, leit Móse í kringum sig og „sá jörðina, já, alla jörðina. Og enginn blettur hennar var hulinn sjónum hans, og hann greindi hana með anda Guðs.

28 Og hann sá einnig íbúa hennar, og engin sála var hulin augum hans. Og hann greindi þá með anda Guðs, og fjöldi þeirra var mikill, já, óteljandi eins og sandkornin á ströndinni.

29 Og hann sá mörg lönd, og sérhvert land nefndist „jörð og íbúar voru á yfirborði þeirra.

30 Og svo bar við, að Móse ákallaði Guð og sagði: Seg mér, ég bið þig, hvers vegna þetta er svo og með hverju þú hefur skapað það?

31 Og sjá, dýrð Drottins var yfir Móse, svo að Móse stóð í návist Guðs og talaði við hann „augliti til auglitis. Og Drottinn Guð mælti við Móse: Í eigin ^btilgangi hef ég skapað þetta. Hér er viska og hún verður kyrr hjá mér.

32 Og ég hef skapað það með „orði krafts míns, sem er minn eingetni sonur, fullur ^bnáðar og ^csannleika.

33 Og ótal ^aheima hef ég ^bskapað og ég skapaði þá einnig í eigin tilgangi, og ég skapaði

21a LR Djöfull.

22a Matt 13:41–42;
Mósía 16:1–3.

24a LR Heilagur andi.

25a 2 Mós 14:21–22.

b LR Kraftur; Prestdæmi.

c 2 Mós 4:16.

26a 2 Mós 3:7–12.

b 1 Ne 17:23–25.

c 1 Kon 8:51–53.

LR Ísrael.

d LR Útvalinn.

27a K&S 88:47;
HDP Móse 1:8.

LR Sýn.

29a LR Jörð.

31a 5 Mós 5:4;

HDP Móse 1:11.

b Jes 45:17–18;

2 Ne 2:14–15.

32a Jóh 1:1–4, 14;

Hebr 1:1–3;

Op 19:13; Jakob 4:9;
HDP Móse 2:1, 5.

LR Jesús Kristur.

b Sálm 19:1;

HDP Móse 5:7–8.

LR Náð.

c LR Sannleikur.

33a Sálm 8:3–4;

K&S 76:24;

HDP Móse 7:29–30.

b LR Skapa, sköpun.

þá með syninum, sem er minn ‘eingetni.

34 Og “fyrsta mann allra manna hef ég kallað ^bAdam, sem er ‘margir.

35 En ég skýri þér aðeins frá þessari jörð og íbúum hennar. Því að sjá, margir heimur hafa liðið undir lok fyrir orð krafts míns. Og margir eru þeir, sem nú standa, og óteljandi eru þeir mannum. En á öllu hef ég tölu, því að það er mitt og ég “þekki það.

36 Og svo bar við, að Móse talaði til Drottins og sagði: Ver þjóni þínum miskunnsamur, ó Guð, og fræð mig um þessa jörð og íbúa hennar og einnig um himnana, og þá mun þjónn þinn ánægður verða.

37 Og Drottinn Guð talaði til Móse og sagði: “Himnarnir eru margir og maðurinn getur ekki talið þá, en á þeim hef ég tölu, því að þeir eru mínir.

38 Og sem ein jörð mun líða undir lok og himnar hennar, svo mun og önnur koma. Og enginn “endur er á verkum mínum, og ekki heldur á orðum mínum.

39 Því að sjá. Þetta er “verk mitt og ^bdýrð mín — að gjöra ‘ódaudleika og ^deilíft líf mannsins að veruleika.

40 Og nú, Móse, sonur minn, mun ég segja þér frá þessari jörð, sem þú stendur á, og þú skalt “skrá það, sem ég mun mæla.

41 Og á þeim degi, er manna börn meta orð mín einskis og “taka mörg þeirra burt úr þeirri bók, sem þú munt rita, sjá, þá mun ég vekja upp annan þér ^blíkan og “þau munu aftur verða meðal manna barna — meðal allra þeirra, sem trúa munu.

42 (Þessi orð voru “töluð til Móse á fjallinu, en nafn þess mun ekki kunnugt verða meðal manna barna. En nú eru þau töluð til þín. Sýn þau engum nema þeim, sem trúa. Já, vissulega. Amen.)

2. KAPÍTULI

(Júní — október 1830)

Guð skapar himnana og jörðina — Allt lífsform er skapað — Guð gjörir manninn og gefur honum yfirráð yfir öllu öðru.

Og svo bar við, að Drottinn talaði til Móse og sagði: Sjá, ég “opinbera þér það, sem varðar þennan ^bhimin og þessa “jörð. Skrá þau orð, sem ég mæli. Ég er upphafið og endirinn, hinn ^dalmáttugi Guð. Með mínum ^eeingetna ^fskapaði ég þetta, já, í upphafi skapaði

33c HDP Móse 1:6.

34a HDP Móse 3:7.

b Abr 1:3. LR Adam.

c HDP Móse 4:26; 6:9.

35a HDP Móse 1:6; 7:36.
LR Alvitur.

37a Abr 4:1. LR Himinn.

38a HDP Móse 1:4.

39a Róm 8:16–17;
2 Ne 2:14–15.

LR Endurlausnaráetlunin.

b LR Dýrð.

c LR Ódaudlegur, ódaudleiki.

d LR Eilíft líf.

40a 2 Ne 29:11–12.

41a 1 Ne 13:23–32;
HDP Móse 1:23.

b 2 Ne 3:7–19.

c 1 Ne 13:32, 39–40;
K&S 9:2.

42a HDP Móse 1:1.

2 1a HDP Móse 1:30, 36.

b LR Himinn.

c HDP Móse 1:8.

d LR Guð, guðdómur —
Guð faðirinn.

e LR Eingetinn.

f LR Skapa, sköpun.

ég himininn og jörðina, sem þú stendur á.

2 Og „jörðin var formlaus og auð, og ég lét myrkur grúfa yfir djúpinu og andi minn sveif yfir vötnunum, því að ég er Guð.

3 Og ég, Guð, sagði: Verði „ljós, og það varð ljós.

4 Og ég, Guð, sá ljósið og það ljós var „gott. Og ég, Guð, greindi ljósið frá myrkrinu.

5 Og ég, Guð, kallaði ljósið dag, en myrkrið kallaði ég nótt. Og með „orði krafts míns gjörði ég þetta, og svo varð sem ég ^bmælti. Og kvöld og morgunn voru hinn fyrsti ^cdagur.

6 Og ég, Guð, sagði enn: Verði „festing milli vatnanna, og svo varð, já, sem ég mælti. Og ég sagði: Lát hana greina vötn frá vötnum. Og það var gjört —

7 Og ég, Guð, gjörði festinguna og greindi „vötnin, já, hin miklu vötn undir festingunni, frá þeim vötnum, sem yfir festingunni voru. Og svo varð, já, sem ég mælti.

8 Og ég, Guð, kallaði festinguna „himin. Og kvöld og morgunn voru hinn annar dagur.

9 Og ég, Guð, sagði: Lát vötnin undir himninum safnast á „einn stað, og svo varð. Og ég, Guð, sagði: Verði þurrlendi, og svo varð.

10 Og ég, Guð, kallaði þurrlendið „jörð, en safn vatnanna kallaði ég sjó. Og ég, Guð, sá, að allt, sem ég hafði gjört, var gott.

11 Og ég, Guð, sagði: Lát jörðina gefa af sér „grös, sáðjurtir og aldintré, og beri aldintrén aldin hvert eftir sinni tegund, og tréð beri aldin með sæði í á jörðunni. Og svo varð, já, sem ég mælti.

12 Og jörðin gaf af sér grös, hver jurt bar sæði eftir sinni tegund og tréð bar aldin með sæði í, eftir sinni tegund. Og ég, Guð, sá, að allt, sem ég hafði gjört, var gott —

13 Og kvöld og morgunn voru hinn þriðji dagur.

14 Og ég, Guð, sagði: Verði ljós á festingu himins, til að greina dag frá nóttu, og séu þau til tákns og marks um árstíðir, daga og ár —

15 Og verði þau ljós á festingu himins til að bera jörðunni birtu. Og svo varð.

16 Og ég, Guð, gjörði tvö stór ljós. Hið stærra „ljós til að ráða degi og hið minna ljós til að ráða nóttu. Og stærra ljósið var sólin og minna ljósið var tunglið. Og stjörnurnar urðu einnig til, já, samkvæmt orði mínu.

17 Og ég, Guð, setti þau á festingu himins til að bera birtu á jörðina —

18 Og sólina til að ráða deginum og tunglið til að ráða nóttunni, og til að greina ljós frá myrkri. Og ég, Guð, sá, að allt, sem ég hafði gjört, var gott —

19 Og kvöld og morgunn voru hinn fjórði dagur.

2a 1 Mós 1:2;
Abr 4:2.

3a K&S 88:6–13.
LR Ljós, ljós Krists.

4a 1 Mós 1:4;
Abr 4:4.

5a HDP Móse 1:32.

b 2 Kor 4:6.
c 1 Mós 1:5.
6a 1 Mós 1:6–8.
7a Abr 4:9–10.
8a LR Himinn.

9a 1 Mós 1:9;
Abr 4:9.

10a LR Jörð.
11a 1 Mós 1:11–12;
Abr 4:11–12.
16a 1 Mós 1:16.

20 Og ég, Guð, sagði: Vötnin verði kvik af lifandi skepnum, og fuglar fljúgi yfir jörðina í opinni festingu himins.

21 Og ég, Guð, skapaði „stórhveli og allar lifandi skepnur, sem hræst og vötnin eru kvik af, eftir þeirra tegund, og alla fleyga fugla eftir þeirra tegund. Og ég, Guð, sá, að allt, sem ég hafði skapað, var gott.

22 Og ég, Guð, blessaði þau og sagði: Frjóvgist og „margfaldist og fyllið vötn sjávar, og fuglum fjölgi á jörðunni —

23 Og kvöld og morgunn voru hinn fimmti dagur.

24 Og ég, Guð, sagði: Jörðin beri lifandi skepnur, hverja eftir sinni tegund, fénað, skriðkvikindi og dýr jarðarinnar, hvert eftir sinni tegund. Og svo varð —

25 Og ég, Guð, gjörði dýr jarðarinnar, hvert eftir sinni tegund, fénaðinn eftir sinni tegund, og öll skriðkvikindi jarðar eftir sinni tegund. Og ég, Guð, sá, að allt þetta var gott.

26 Og ég, Guð, sagði við minn „eingetna, sem með mér var frá upphafi: Vér skulum ^bgjöra mann eftir vorri „mynd, líkan oss, og svo varð. Og ég, Guð, sagði: Þeir skulu ^ddrottna yfir fiskum sjávarins og fuglum loftsans og yfir fénaðinum og yfir allri jörðunni og yfir öllum skriðkvikindum, sem skríða á jörðunni.

27 Og ég, „Guð, skapaði manninn í minni mynd, í mynd míns eingetna skapaði ég hann. Karl og konu skapaði ég þau.

28 Og ég, Guð, blessaði þau og sagði við þau: Verið frjósöm, „margfaldist og uppfyllið jörðina og gjörið ykkur hana undirgefna og drottnið yfir fiskum sjávarins og yfir fuglum loftsans og yfir öllu, sem lifir og hrærist á jörðunni.

29 Og ég, Guð, sagði við manninn: Sjá, ég hef gefið þér hverja sáðjurt, sem á allri jörðunni finnst, og öll tré, sem bera eiga aldin með sæði í — það sé ykkur til „fæðu.

30 Og öllum dýrum og öllum fuglum loftsans og öllum skriðkvikindum á jörðu, sem ég gef líf, skulu gefin öll hrein grös og jurtir til fæðu. Og svo varð, já, eins og ég mælti.

31 Og ég, Guð, leit allt, sem ég hafði gjört, og sjá, allt, sem ég hafði gjört, var harla „gott. Og kvöld og morgunn voru hinn ^bsjötti dagur.

3. KAPÍTULI

(Júní — október 1830)

Guð skapaði allt andlega, áður en það var náttúrlega á jörðunni — Hann skapaði manninn, fyrsta holdið, á jörðunni — Konan er meðhjálpar fyrir manninn.

21a 1 Mós 1:21; Abr 4:21.

22a 1 Mós 1:22–25;
Abr 4:22–25.

26a LR Jesús Kristur.

b LR Skapa, sköpun.

c 1 Mós 1:26–27;

HDP Móse 6:8–10;

Abr 4:26–27.

d 1 Mós 1:28;

HDP Móse 5:1;

Abr 4:28.

27a LR Guð, guðdómur.

28a HDP Móse 5:2.

29a 1 Mós 1:29–30;
Abr 4:29–30.

31a 1 Mós 1:31;

K&S 59:16–20.

b 2 Mós 20:11; Abr 4:31.

ÞANNIG voru himinn og jörð ^afullgerð og allur ^bskari þeirra.

2 Og á sjöunda degi lauk ég, Guð, verki mínu og öllu sem ég hafði gjört. Og ég ^ahvíldist hinn ^bsjöunda dag frá öllu verki mínu, og allt var fullgert sem ég hafði gjört, og ég, Guð, sá, að það var gott —

3 Og ég, Guð, ^ablessaði hinn sjöunda dag og helgaði hann, því að á honum hvíldist ég af öllu ^bverki mínu, sem ég, Guð, hafði skapað og gjört.

4 Og sjá, nú segi ég þér, að þetta eru sköpunarstig himins og jarðar, þegar þau voru sköpuð, á þeim degi, þegar ég, Drottinn Guð, gjörði himin og jörð —

5 Og hverja plöntu vallarins, ^aáður en hún var á jörðunni, og hverja jurt vallarins, áður en hún óx. Því að alla hluti, sem ég, Drottinn Guð, hef talað um, ^bskapaði ég ^candlega, áður en þeir urðu náttúrlegir á jörðunni. Því að ég, Drottinn Guð, hafði ekki látið rigna á jörðina. Og ég, Drottinn Guð, hafði ^askapað öll mannanna börn, en ekki enn mann til að yrkja jörðina, því að á ^fhimni ^gskapaði ég þau. En enn var hvorki hold á jörðunni né í vatninu, né heldur í loftinu —

6 En ég, Drottinn Guð, talaði, og

^aþoku lagði upp af jörðunni og vökvaði allt yfirborð jarðar.

7 Og ég, Drottinn Guð, myndaði mann af ^adufti jarðar og blés lífsanda í nasir hans. Og ^bmaðurinn varð lifandi ^csál, hið ^dfyrsta hold á jörðu, sem og fyrsti maðurinn. Engu að síður var allt skapað áður, en andlega var það skapað og gjört, samkvæmt orði mínu.

8 Og ég, Drottinn Guð, gróðursetti aldingarð austan til í ^aEden og setti þar manninn, sem ég hafði myndað.

9 Og ég, Drottinn Guð, lét á náttúrlegan hátt vaxa upp af jörðunni sérhvert tré, sem girnilegt er á að líta fyrir manninn, og maðurinn fékk litið það. Og einnig það varð lifandi sál, því að það varð andlegt þann dag er ég skapaði það, því það er á því sviði, sem ég, Guð, skapaði það á, já, allt, sem ég ætlaði mannum til nota. Og maðurinn sá, að það var gott til fæðu. Og ég, Drottinn Guð, gróðursetti og ^alífsins tré í miðjum aldingarðinum og einnig ^bskilningstré góðs og ills.

10 Og ég, Drottinn Guð, lét fljót renna frá Eden, til að vökva aldingarðinn, og þaðan kvíslaðist það og varð að fjórum ^ahöfuðám.

11 Og ég, Drottinn Guð, nefndi

3 1a LR Skapa, sköpun.

b 1 Mós 2:1; Abr 5:1.

2a 1 Mós 2:2–3;

Abr 5:2–3.

LR Hvíld.

b LR Hvíldardagur.

3a Mósía 13:19.

b 2 Mós 31:14–15.

5a 1 Mós 2:4–5; Abr 5:4–5.

b HDP Móse 6:51.

c K&S 29:31–34;

Abr 3:23.

LR Andleg sköpun.

d LR Andi.

e 1 Mós 2:5.

f LR Himinn.

g LR Maður, menn —

Maður, andabarn

himnesks föður.

6a 1 Mós 2:6.

7a 1 Mós 2:7;

HDP Móse 4:25; 6:59;

Abr 5:7.

b LR Adam.

c LR Sál.

d HDP Móse 1:34.

8a LR Eden.

9a LR Lífsins tré.

b 1 Mós 2:9.

10a 1 Mós 2:10.

þá fyrstu Píson og hún fellur um allt landið Havíla, þar sem ég, Drottinn Guð, skapaði mikið gull —

12 Og gull þess lands var gott, og þar fékkst bedolakharpeis og sjóamsteinar.

13 Og önnur áin var nefnd Gíhon, hin sama og fellur um allt Kúsland.

14 Og þriðja áin var nefnd Kídekkel, sú sem fellur fyrir austan Assúr. Fjórða stóráin var Efrat.

15 Og ég, Drottinn Guð, tók manninn og setti hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans.

16 Og ég, Drottinn Guð, bauð manninum og sagði: Af öllum trjám í aldingarðinum er þér frjálst að eta —

17 En af skilningstré góðs og ills skalt þú ekki eta. Þó mátt þú sjálfur „velja, því að það er þér gefið, en haf hugfast, að ég fyrirbyð það, því að á þeim ^bdegi, sem þú etur af því, munt þú örugglega ^cdeyja.

18 Og ég, Drottinn Guð, sagði við minn „eingetna: Eigi er gott, að maðurinn sé einsamall. Ég vil því gjöra honum ^bmeðhjálp við hans hæfi.

19 Og ég, Drottinn Guð, myndaði af jörðunni öll dýr merkurinnar og alla fugla loftsins og bauð þeim að koma til Adams, til þess að sjá, hvað hann nefndi

þau. Og þau voru einnig lifandi sálir, því að ég, Guð, blés þeim lífsanda í brjóst og bauð, að hvert það heiti, sem Adam gæfi hverri skepnu, skyldi vera nafn hennar.

20 Og Adam gaf öllum fénaðinum nafn, og fuglum loftsins og öllum dýrum merkurinnar. En meðhjálp fyrir Adam var þar ekki við hans hæfi.

21 Og ég, Drottinn Guð, lét fastan svefn falla á Adam, og hann svaf, og ég tók eitt af rifjum hans og græddi holdið aftur í þess stað —

22 Og ég, Drottinn Guð, gjörði „konu af rifinu, sem ég hafði tekið úr manninum, og leiddi hana til mannsins.

23 Og Adam sagði: Þetta veit ég nú, að er bein af mínum beinum og „hold af mínu holdi. Hún skal kvenmaður nefnd, því að hún er af karlmanni tekin.

24 Þess vegna skal maðurinn yfirgefa föður sinn og móður sína og „halda sér fast að eiginkonu sinni. Og þau verði eitt „hold.

25 Og þau voru bæði nakin, maðurinn og kona hans, og blygðuðust sín ekki.

4. KAPÍTULI

(Júní — október 1830)

Hvernig Satan varð djöfullinn — Hann freistar Evu — Adam og Eva falla og dauði kemur í heiminn.

17a HDP Móse 7:32.

LR Sjálfræði.

b Abr 5:13.

c 1 Mós 2:17.

LR Dauði, líkamlegur;

Dauðlegur, dauðleiki.

18a LR Eingetinn.

b 1 Mós 2:18; Abr 5:14.

22a LR Evi; Kona, konur.

23a 1 Mós 2:23;

Abr 5:17.

24a 1 Mós 2:24;

K&S 42:22; 49:15–16;

Abr 5:17–18.

b LR Giftast.

Og ég, Drottinn Guð, talaði til Móse og sagði: Sá "Satan, sem þú hefur boðið í nafni míns eingetna, er hinn sami og var frá ^bupphafi, og hann kom til mín og sagði — Sjá, hér er ég, send mig, ég mun vera sonur þinn og ég mun endurleysa allt mannkyn, svo að ekki glatist ein sál, og vissulega mun 'ég gjöra það. Veit mér þess vegna heiður þinn.

2 En sjá, minn elskaði "sonur, sem var minn elskaði og ^bútvaldi frá upphafi, sagði við mig — "Faðir, verði þinn "vilji og þín sé "dýrðin að eilífu.

3 Og vegna þess að Satan "reis gegn mér og reyndi að tortíma ^bsjálfraði mannsins, sem ég, Drottinn Guð, hafði gefið honum, og vildi einnig, að ég gæfi sér minn eigin kraft, lét ég "varpa honum niður með krafti míns eingetna —

4 Og hann varð Satan, já, sjálfur djöfullinn, faðir allra "lyga, til að blekkja og blinda mennina og leiða þá ánauðuga að vilja sínum, já, alla þá, sem ekki hlýða á rödd mína.

5 En nú var höggormurinn "slægari en öll önnur dýr merkurinnar, sem ég, Drottinn Guð, hafði gjört.

6 Og Satan hafði áhrif á höggorminn (því að hann hafði dregið marga á eftir sér), og hann leitaðist

einnig við að tæla "Evu, því að hann þekkti ekki huga Guðs. Þess vegna reyndi hann að tortíma heiminum.

7 Og hann mælti við konuna: Já, hefur Guð sagt: Þú skalt ekki eta af öllum trjám í "aldingarðinum? (Og hann talaði um munn höggormsins).

8 Og konan sagði við höggorminn: Við megum eta af ávexti trjáanna í garðinum —

9 En um ávöxt þess trés, sem þú sérð í miðjum garðinum, hefur Guð sagt — Þú skalt hvorki eta hann né snerta hann, ella munt þú deyja.

10 En höggormurinn sagði við konuna: Þú munt ekki örugglega deyja —

11 Því að Guð veit, að þann dag, sem þið etið af honum, munu "augu ykkar ljúkast upp og þið verðið sem guðir, ^bvitið skyn góðs og ills.

12 Og er konan sá, að tréð var gott að eta af og að það var fagurt á að líta, og tré, sem "girnilegt var til að öðlast visku af, tók hún af ávexti þess og ^bát, og hún gaf einnig eiginmanni sínum með sér, og hann át.

13 Og augu þeirra beggja lukust upp og þau vissu, að þau höfðu verið "nakin, og þau fléttuðu saman fikjuviðarblöð og gjörðu sér mittissvuntur.

4 1a LR Djöfull.

b K&S 29:36–37.

c Jes 14:12–15.

2a LR Jesús Kristur.

b HDP Móse 7:39;

Abr 3:27. LR Forvígsla.

c LR Guð, guðdómur — Guð faðirinn.

d Lúk 22:42.

e LR Dýrð.

3a LR Ráð eða þing á himnum.

b LR Sjálfraði.

c K&S 76:25–27.

4a 2 Ne 2:18; K&S 10:25.

LR Blekking, blekkja; Lygar.

5a 1 Mós 3:1;

Mósía 16:3; Al 12:4.

6a LR Eva.

7a LR Eden.

11a 1 Mós 3:3–6;

HDP Móse 5:10.

b Al 12:31.

12a 1 Mós 3:6.

b LR Fall Adams og Evu.

13a 1 Mós 2:25.

14 Og þau heyrðu rödd Drottins Guðs, er þau voru á “gangi í aldingarðinum í svala dagsins. Og Adam og eiginkona hans fóru og földu sig fyrir návist Drottins Guðs milli trjána í aldingarðinum.

15 Og ég, Drottinn Guð, kallaði á Adam og sagði við hann: Hvert “ferð þú?

16 Og hann svarað: Ég heyrði rödd þína í aldingarðinum og varð hræddur, því ég sá, að ég var nakinn, og ég faldi mig.

17 Og ég, Drottinn Guð, sagði við Adam: Hver sagði þér, að þú værir nakinn? Hefur þú etið af trénu, sem ég bauð þér að eta ekki af, ef svo er, munt þú örugglega “deyja?

18 Þá svaraði maðurinn: Konan, sem þú gafst mér og bauðst að vera skyldi hjá mér, hún gaf mér ávöxt af trénu, og ég át.

19 Og ég, Drottinn Guð, sagði við konuna: Hvað er það, sem þú hefur gjört? Og konan svaraði: Höggormurinn “tældi mig, og ég át.

20 Og ég, Drottinn Guð, sagði við höggorminn: Af því að þú gjörðir þetta, skalt þú vera “bölvaður umfram allan fénað og umfram öll dýr merkurinnar. Á kviði þínum skalt þú skríða og duft skalt þú eta alla þína lífdaga —

21 Og fjandskap mun ég setja

milli þín og konunnar, milli þíns sæðis og hennar sæðis. Og hann mun merja höfuð þitt og þú munt merja hæl hans.

22 En ég, Drottinn Guð, sagði við konuna: Ég mun stórlega auka þjáning þína og þungun. Með “þjáning skalt þú börn fæða, og þrá þín verður til manns þíns, en hann mun drottna yfir þér.

23 Og ég, Drottinn Guð, sagði við Adam: Þar sem þú hlýddir röddu konu þinnar og hefur etið ávöxt þess trés, sem ég bauð þér og sagði: Þú skalt ekki eta af því — þá sé jörðin bölvuð þín vegna. Með þjáning skalt þú næra þig af henni alla þína lífdaga.

24 Þyrna og þistla skal hún og bera þér, og þú skalt eta jurtir vallarins.

25 Í “sveita andlitis þíns skalt þú neyta brauðs þíns, þar til þú hverfur aftur til moldarinnar, því að þú munt örugglega deyja — því að úr henni varst þú numinn, því að ^bduft varst þú og til duftsins skalt þú aftur hverfa.

26 Og maðurinn nefndi konu sína Evu, því að hún var móðir allra lifenda. Og svo hef ég, Drottinn Guð, nefnt hina fyrstu allra kvenna, sem eru “margar.

27 Og ég, Drottinn Guð, gjörði Adam og einnig eiginkonu hans skinnklæði og lét þau “klæðast þeim.

28 Og ég, Drottinn Guð, sagði

14a 1 Mós 3:8.
15a 1 Mós 3:9.
17a HDP Móse 3:17.
19a 1 Mós 3:13;
Mósía 16:3.

20a 1 Mós 3:13–15.
22a 1 Mós 3:16.
25a 1 Mós 3:17–19.
LR Fall Adams
og Evu.

b 1 Mós 2:7;
HDP Móse 6:59;
Abr 5:7.
26a HDP Móse 1:34; 6:9.
27a LR Hófsemi.

við minn eingetna: Sjá, ^amaðurinn er orðinn sem einn af oss, þar eð hann ^bveit skyn góðs og ills. Og til þess að hann rétti nú ekki út hönd sína og ^ctaki einnig af ^dlífsins tré og eti og lifi að eilífu —

29 Þá mun ég, Drottinn Guð, senda hann burt úr aldingarðinum ^aEden til að yrkja jörðina sem hann var numinn úr —

30 Og sem ég, Drottinn Guð, lifi, já, svo munu ^aorð mín ekki gjörð ógild, því að eins og þau ganga fram af mínum munni, svo hljóta þau að uppfyllast.

31 Svo að ég rak manninn burt og setti ^akerúba austan við Edensgarð, og logandi sverð, og snerist það í allar áttir, til að vakta veginn að lífsins tré.

32 (Og þetta eru þau orð, sem ég mælti til þjóns míns, Móse, og þau eru sönn og að vilja mínum, og ég hef talað þau til þín. Gættu þess að sýna þau engum manni öðrum en þeim, sem trúá, fyrr en ég býð þér það. Amen.)

5. KAPÍTULI (Júní — október 1830)

Adam og Eva eignast börn — Adam færir fórn og þjónar Guði — Kain og Abel fæðast — Kain gerir uppreisn, elskar Satan meira en Guð, og verður

Glötunin — Morð og ranglæti breiðist út — Fagnaðarerindið prédikað frá upphafi.

Og svo bar við, að eftir að ég, Drottinn Guð, hafði rekið þau burt, hóf Adam að yrkja jörðina og ^adrottina yfir öllum dýrum merkurinnar og neyta brauðs síns í sveita andlitis síns, eins og ég, Drottinn, hafði boðið honum. Og Eva, eiginkona hans, erfiðaði einnig með honum.

2 Og Adam kenndi konu sinnar og hún ^aól honum syni og ^bdætur og þau tóku að ^cmargfaldast og uppfylla jörðina.

3 Og frá þeim tíma fóru synir og ^adætur Adams að dreifa sér, tvö og tvö um landið, og yrkja landið og gæta hjarðanna og þau gátu einnig syni og dætur.

4 Og Adam og Eva, eiginkona hans, ákölluðu nafn Drottins, og þau heyrðu rödd Drottins tala til sín í átt frá aldingarðinum ^aEden, en þau sáu hann ekki, því að þau voru útilokuð úr ^bnávist hans.

5 Og hann gaf þeim boðorð um að ^atigna Drottin Guð sinn og fórna ^bfrumburðum hjarða sinna og færa Drottin þá fórn. Og Adam var ^chlýðinn boðorðum Drottins.

28a 1 Mós 3:22. LR Maður, menn — Maður, með möguleika til að verða líkur himneskum föður.
b LR Þekking.
c Al 42:4–5.
d 1 Mós 2:9; 1 Ne 11:25; HDP Móse 3:9.
LR Lífsins tré.

29a LR Eden.
30a 1 Kon 8:56; K&S 1:38.
31a Al 42:3. LR Kerúb.
5 1a HDP Móse 2:26.
2a 1 Mós 5:4.
b K&S 138:39.
c 1 Mós 1:28; HDP Móse 2:28.

3a HDP Móse 5:28.
4a LR Eden.
b Al 42:9.
5a LR Tilbeiðsla.
b 2 Mós 13:12–13; 4 Mós 18:17; Mósía 2:3.
LR Frumburður.
c LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

6 Og eftir marga daga birtist „engill Drottins Adam og sagði: Hvers vegna færir þú Drottni ^bfórnir? Og Adam svaraði honum: Ég veit það ekki, aðeins að Drottinn bauð mér það.

7 Og þá talaði engillinn og sagði: Þetta er í „líkingu ^bfórnar hins eingetna föðurins, sem er fullur „náðar og sannleika.

8 Þess vegna skalt þú gjöra allt, sem þú gjörir, í „nafni sonarins, og þú skalt ^biðrast og „ákalla Guð í nafni sonarins að eilífu.

9 Og þann dag kom „heilagur andi, sem ber vitni um föðurinn og soninn, yfir Adam og sagði: Ég er hinn ^beingetni föðurins frá upphafi, héðan í frá og að eilífu, til þess að þú, vegna „falls þíns, verðir „endurleystur ásamt öllu mannkyni, já, öllum þeim, sem vilja.

10 Og á þeim degi vegsamaði Adam Guð og „fylltist og hóf að ^bspá varðandi allar fjölskyldur jarðarinnar og sagði: Blessað sé nafn Guðs, því að vegna brots míns hafa augu mín lokist upp, og í þessu lífi mun ég „gleði njóta, og í „holdinu mun ég aftur sjá Guð.

11 Og „Eva, eiginkona hans,

heyrði allt þetta og gladdist og sagði: Ef ekki væri fyrir brot okkar, hefðum við aldrei eignast ^bafkvæmi og aldrei þekkt gott frá illu, né gleði endurlausnar okkar og eilíft líf, sem Guð gefur öllum þeim, sem hlýðnast.

12 Og Adam og Eva vegsömuðu nafn Guðs og „fræddu syni sína og dætur um alla hluti.

13 En „Satan kom til þeirra og sagði: Ég er einnig sonur Guðs, og hann bauð þeim og sagði: Trúið þessu ekki. Og þau ^btrúðu því ekki og „elskuðu Satan meira en Guð. Og frá þeim tíma tóku menn að verða „holdlegir, munúðarfullir og djöfullegir.

14 Og Drottinn Guð vitjaði manna alls staðar með „heilögum anda og bauð þeim að iðrast —

15 Og að allir þeir, sem „trúðu á soninn og iðruðust synda sinna, mundu ^bhólpnir verða, en allir þeir, sem trúðu ekki og iðruðust ekki, mundu „fordæmdir verða. Og orðin gengu fram af munnni Guðs sem föst ákvörðun og hljóta því að uppfyllast.

16 Og Adam og Eva, eiginkona hans, hættu ekki að ákalla Guð. Og

6a LR Englar.

b LR Fórn.

7a LR Jesús Kristur —

Tákn eða merki um Krist.

b Al 34:10–15. LR Blóð.

c HDP Móse 1:6, 32.

LR Náð.

8a 2 Ne 31:21.

b HDP Móse 6:57.

LR Iðrast, iðrun.

c LR Bæn.

9a LR Heilagur andi.

b LR Eingetinn;

Jesús Kristur.

c LR Dauði, andlegur;

Fall Adams og Evu.

d Mósía 27:24–26;

K&S 93:38;

TA 1:3.

LR Endurlausnaráæt-

unin; Endurleysa, end-

urleystur, endurlausn.

10a LR Endurfæddur,

fæddur af Guði.

b K&S 107:41–56.

LR Spádómur, spá.

c LR Gleði.

d Job 19:26; 2 Ne 9:4.

11a LR Eva.

b 2 Ne 2:22–23.

12a 5 Mós 4:9.

13a LR Djöfull.

b LR Vantrú.

c HDP Móse 6:15.

d LR Hinn náttúrlegi

maður; Holdlegur.

14a Jóh 14:16–18, 26.

15a LR Trú, trúa.

b LR Sáluhjálþ, hjálpraði.

c K&S 42:60.

LR Fordæming.

Adam kenndi Evu konu sinnar og hún varð þunguð og fæddi “Kain og sagði: Sveinbarn hef ég eignast frá Drottni, þess vegna má hann ekki hafna orði hans. En sjá, Kain hlýddi ekki og sagði: Hver er Drottinn að ég ætti að þekkja hann?”

17 Og enn varð hún þunguð og fæddi bróður hans, “Abel. Og Abel ^bhlýddi rödd Drottins. Og Abel varð hjarðmaður, en Kain jarðyrkjumaður.

18 Og Kain ^aelskaði Satan meira en Guð. Og Satan bauð honum og sagði: ^bFærðu Drottni fórn.

19 Og er fram liðu stundir bar svo við, að Kain færði Drottni fórn af ávexti jarðar.

20 En Abel færði einnig fórn af frumburðum hjarðar sinnar og af feiti þeirra. Og Drottinn leit með velþóknun til Abels og ^afórnar hans —

21 En til Kains og ^afórnar hans leit hann ekki með velþóknun. Satan vissi þetta og það gladdi hann. En Kain reiddist ákaflega og varð niðurlátur.

22 Þá mælti Drottinn til Kains: Hví reiðist þú? Hví ert þú niðurlátur?

23 Gjörir þú rétt, ert þú mér ^aþóknanlegur. En gjörir þú ekki rétt, liggur syndin við dyrnar og Satan þráir að eignast þig. Og ef þú hlýðir ekki boðorðum mínum, mun ég eftirláta honum þig, og fyrir þér fer eins og hann þráir. Og þú munt drotna yfir honum —

24 Því að héðan í frá skalt þú

verða faðir lyga hans. Þú skalt kallast “Glötunin, því að þú varst einnig áður en heimurinn varð.

25 Og sagt mun verða, er fram liða stundir — að þessi ^aviðurstygð sé frá Kain komin, því að hann hafnaði hinu stærra ráði, sem frá Guði kom, og þetta er bölvun, sem ég mun leggja á þig, iðrist þú ekki.

26 Og Kain var reiður og hlustaði ekki lengur á rödd Drottins, og ekki heldur á Abel bróður sinn, sem gekk í heilagleika frammi fyrir Drottni.

27 Og Adam og kona hans hryggðust gagnvart Drottni vegna Kains og bræðra hans.

28 Og svo bar við, að Kain tók eina bróðurdóttur sína fyrir konu, og þau ^aelskuðu Satan meira en Guð.

29 Og Satan sagði við Kain: Legg eið að því við háls þinn, og segir þú frá því munt þú deyja. Og lát bræður þína sverja við höfuð sitt og við lifanda Guð að segja það engum, svo að faðir þinn fái það ekki að vita, því að segi þeir frá því, munu þeir vissulega deyja, en í dag mun ég selja þér Abel bróður þinn í hendur.

30 Og Satan sór Kain, að hann mundi fara að boðum hans. Og allt þetta gjörðist í leynum.

31 Og Kain sagði: Vissulega er ég Mahan, herra þessa mikla leyndarmáls, að ég geti ^amyrt og

16a 1 Mós 4:1–2.

LR Kain.

17a LR Abel.

^b Hebr 11:4.

18a K&S 10:20–21.

^b K&S 132:8–11.

20a LR Fórn;

Fórnargjöf.

21a 1 Mós 4:3–7.

23a 1 Mós 4:7;

K&S 52:15; 97:8.

24a LR Glötunarsynirnir.

25a He 6:26–28.

28a HDP Móse 5:13.

31a LR Morð.

hagnast af. Þess vegna var Kain kallaður meistarinn ^bMahan, og hann miklaðist af ranglæti sínu.

32 Og Kain fór út á akurinn og Kain talaði við Abel bróður sinn. Og svo bar við, að er þeir voru á akrinum, réðst Kain á Abel bróður sinn og drap hann.

33 Og Kain ^amiklaðist af því, sem hann hafði gjört og sagði: Ég er frjáls, vissulega falla hjarðir bróður míns í mínar hendur.

34 Þá sagði Drottinn við Kain: Hvar er Abel bróðir þinn? En hann mælti: Það veit ég ekki, á ég að ^agæta bróður míns?

35 Og Drottinn mælti: Hvað hefur þú gjört? Blóð bróður þíns hrópar til mín úr jörðunni.

36 Og nú skalt þú bölváður og burt rekinn af jörðunni, sem opnað hefur munn sinn til að taka á móti blóði bróður þíns af hendi þinni.

37 Þegar þú yrkir jörðina skal hún eigi frammar gefa þér styrk sinn. ^aLandflóttá og flakkandi skalt þú vera á jörðunni.

38 Og Kain sagði við Drottin: Satan ^afreistaði mín vegna hjarða bróður míns. Og ég var einnig reiður, því að fórnir hans voru þér þóknanlegar en ekki mínar. Refsing mín er meiri en svo, að ég fái borið hana.

39 Sjá, á þessum degi rekur þú mig burt frá augliti Drottins, og ég

mun hulinn augliti þínu og vera landflóttá og flakkandi á jörðunni. Og svo ber við, að hver sem finnur mig mun drepa mig vegna misgjörða minna, því að þetta er ekki hulið Drottni.

40 Og ég, Drottinn, sagði við hann: Hver sem drepur þig mun sæta sjöfaldri refsingu. Og ég, Drottinn, setti ^amerki á Kain, svo að þeir, sem finna hann, drepi hann ekki.

41 Og Kain útilokaðist úr ^anávist Drottins, og hann settist að í landinu Nód fyrir austan Eden ásamt konu sinni og mörgum bræðra sinna.

42 Og Kain kenndi konu sinnar og hún varð þunguð og fæddi Henok og hann gat einnig marga syni og dætur. Og hann byggði borg og nefndi ^aborgina eftir nafni sonar síns, Henok.

43 Og Henoki fæddist Írad og aðrir synir og dætur. Og Írad gat Mehújael og aðra syni og dætur. Og Mehújael gat Metúsael og aðra syni og dætur. Og Metúsael gat Lamek.

44 Og Lamek tók sér tvær konur. Hét önnur Ada en hin Silla.

45 Og Ada ól Jabal. Hann varð ættfaðir þeirra, sem í tjöldum búa, og þeir voru hjarðmenn. Og bróðir hans hét Júbal, sem var ættfaðir allra þeirra, sem leika á gígjur og hjarðpípur.

31 ^b Þ.E. „Hugur,“ „eyðandi“ og „hinn mikli“ eru hugsanlega merkingar orðstofnanna í „Mahan.“
33 ^a LR Drambsemi; Veraldarhyggja.

34 ^a 1 Mós 4:9.
37 ^a 1 Mós 4:11–12.
38 ^a LR Ágirnd; Freista, freisting.
40 ^a 1 Mós 4:15.
41 ^a HDP Móse 6:49.
42 ^a Þ.E. Maður að nafni Henok finnst í ætt

Kains, og borg með því nafni meðal fólks hans. Ruglið því ekki saman við Enok meðal réttláttra afkomenda Sets og borg hans, Sion, sem einnig er nefnd „Borg Enoks.“

46 Og Silla ól einnig Túbal-Kain, sem kenndi kopar- og járnsmíði. Og systir Túbal-Kains var nefnd Naama.

47 Og Lamek sagði við konur sínar, Ódu og Sillu: Heyrið orð mín, þér konur Lameks, gefið gaum að ræðu minni. Mann hef ég vegið fyrir hvert mitt sár og ungmennti fyrir hverja skeinu mína.

48 Verði Kains hefnt sjö sinnum þá mun Lameks hefnt „sjötíu og sjö sinnum —

49 Því að Lamek hafði gjört „sáttmála við Satan að hætti Kains, og varð þannig meistari Mahan, herra hins mikla leyndarmáls, sem Satan veitti Kain. Og Írad, sonur Henoks, sem einnig þekkti leyndarmálið, hóf að kunngjöra það sonum Adams —

50 Og Lamek, sem var reiður, drap hann vegna þessa, ekki eins og Kain drap bróður sinn Abel til að hagnast af því, heldur drap hann vegna eiðsins.

51 Því að frá því á dögum Kains voru uppi „leynisamtök og verk þeirra voru unnin í myrkri og hver maður þekkti samherja sinn.

52 Þess vegna lagði Drottinn bölvun á Lamek og hús hans og alla þá, sem gjört höfðu sáttmála við Satan, því að þeir héldu ekki boðorð Guðs og Guði mislíkaði það, og hann veitti þeim enga

helga þjónustu, og verk þeirra voru viðurstyggð og tóku að breiðast út á meðal allra manna „sona. Og þetta var meðal mannanna sona.

53 En meðal mannanna dætra var ekki um þetta talað, en vegna þess að Lamek hafði sagt konum sínum leyndarmálið, risu þær gegn honum og sögðu vægðarlaust frá þessu hvar sem var —

54 Þess vegna var Lamek fyrir-litinn og honum var vísað burt og hann varð að halda sig frá manna sonum, svo að hann yrði ekki drepinn.

55 Og þannig urðu „myrkra-verkin ráðandi meðal allra manna sona.

56 Og Guð lagði sára bölvun yfir jörðina og var reiður hinum ranglátu, öllum mannanna sonum, sem hann hafði gjört —

57 Því að þeir vildu hvorki hlýða rödd hans né trú á hans „eingetna son, já, hann, sem hann boðaði að koma ætti á hádegisbaugi tímans og fyrirbúinn var áður en grundvöllur heimsins var lagður.

58 Og þannig var „fagnaðarerindið prédikað frá upphafi, boðað með heilögum ^benglum, sem sendir voru úr návist Guðs, og með hans eigin röddu og með ^cgjöf heilags anda.

59 Og þannig var allt staðfest

48a Þ.E. Lamek hafði í hávegum að Satan myndi gjöra meira fyrir hann en hann hafði gjört fyrir Kain. Ástæðurnar fyrir þessu álitni hans er að finna í

49. og 50. versí.
1 Mós 4:24.
49a LR Eiður.
51a LR Leynisamtök, samsæri.
52a HDP Móse 8:14–15.
55a LR Myrkur, andlegt;

Ranglátur, ranglæti.
57a LR Jesús Kristur.
58a LR Fagnaðarerindi.
b Al 12:28–30;
Moró 7:25, 29–31.
LR Englar.
c LR Gjóf heilags anda.

fyrir Adam með heilagri helgiathöfn og fagnaðarerindið var prédikað og ákvörðun gefin, að það yrði í heiminum allt til enda hans, og þannig var það. Amen.

6. KAPÍTULI

(Nóvember — desember 1830)

Niðjar Adams skrá minningabók — Réttlátir afkomendur hans prédika iðrun — Guð opinberar sig Enok — Enok prédikar fagnaðarerindið — Sáluhjálparáætlunin var opinberuð Adam — Hann meðtekur skírn og prestdæmið.

Og ^aAdam hlýddi rödd Guðs og kallaði syni sína til iðrunar.

2 Og Adam kenndi enn konu sinnar og hún ól son og hann nefndi hann ^aSet. Og Adam vegsamaði nafn Guðs, því að hann sagði: Guð hefur útnefnt mér annað afkvæmi í stað Abels, sem Kain drap.

3 Og Guð opinberaðist Set og hann gjörði ekki uppreist, heldur færði honum þóknanlega ^afórn, líkt og bróðir hans Abel. Og honum fæddist og sonur og hann gaf honum nafnið Enos.

4 Og þá hófu þessir menn að ^akalla nafn Drottins og Drottinn blessaði þá —

5 Og ^aminningabók var haldin og í hana skráð á tungu Adams,

því að öllum þeim, sem ákölluðu Guð, var gefið að rita það, sem andinn ^bblés þeim í brjóst —

6 Og þeir kenndu börnum sínum að lesa og skrifa á hinni hreinu og óspilltu tungu þeirra.

7 Og þetta sama ^aprestdæmi og var í upphafi skal einnig verða við endi veraldar.

8 Og þennan spádóm mælti Adam, knúinn af ^aheilögum anda, og ^bættartala var haldin yfir ^cbörn Guðs. Og þetta var ^dættarskrá Adams er segir: Þann dag, sem Guð skapaði manninn, í líkingu Guðs gjörði hann hann —

9 Í ^amynd síns eigin líkama skapaði hann ^bþau karl og konu, og þann dag, sem þau voru sköpuð og urðu lifandi ^csálir í landinu, á ^dfótskór Guðs, blessaði hann þau og ^enefndi þau Adam.

10 Og ^aAdam lifði eitt hundrað og þrjátíu ár og gat son í líking sinni, eftir sinni eigin ^bmynd, og nefndi hann Set.

11 Og dagar Adams, eftir að hann gat Set, voru átta hundruð ár, og hann gat marga sonu og dætur —

12 Og allir dagar Adams, sem hann lifði, voru níu hundruð og þrjátíu ár, og hann andaðist.

13 Set lifði eitt hundrað og fimm ár, og hann gat Enos. Og hann spáði alla sína daga og fræddi son

6 1a LR Adam.
2a 1 Mós 4:25. LR Set.
3a LR Fórn.
4a 1 Mós 4:26. LR Bæn.
5a Abr 1:28, 31.
LR Minningabókin.
b LR Innblástur, guðleg andagift.

7a LR Prestdæmi.
8a 2 Pét 1:21.
b LR Ættfræði.
c LR Synir og dætur Guðs.
d 1 Mós 5:1.
9a 1 Mós 1:26–28;
HDP Móse 2:26–29;

Abr 4:26–31.
b LR Maður, menn.
c LR Sál.
d Abr 2:7.
e HDP Móse 1:34; 4:26.
10a K&S 107:41–56.
b 1 Mós 5:3;
K&S 107:42–43; 138:40.

sinn Enos um vegu Guðs. Þess vegna spáði Enos einnig.

14 Eftir að Set gat Enos lifði hann átta hundruð og sjö ár og gat marga sonu og dætur.

15 Og fjöldi mannanna barna varð mikill á yfirborði landsins. Og á þeim tímum hafði Satan mikil ^aráð meðal manna og hamaðist í hjörtum þeirra. Og þaðan í frá urðu stríð og blóðsúthellingar, og hönd manna reis gegn eigin bróður og deyddi hann, vegna ^bleyndra verka og valdafýsnar.

16 Og allir dagar Sets voru níu hundruð og tólf ár, og hann andaðist.

17 Og Enos lifði níutíu ár og gat ^aKenan. Og Enos og aðrir af fólki Guðs fóru úr landinu, sem nefndist Shulon, og dvöldust í fyrirheitna landinu, sem hann nefndi eftir sínum eigin syni, er hann hafði nefnt Kenan.

18 Og eftir að Enos gat Kenan lifði hann átta hundruð og fimm-tán ár og gat marga sonu og dætur. Og allir dagar Enoss voru níu hundruð og fimm ár, og hann andaðist.

19 Og Kenan lifði sjötíu ár og gat Mahalalel. Og eftir að Kenan gat Mahalalel, lifði hann átta hundruð og fjörutíu ár og gat sonu og dætur. Og allir dagar Kenans urðu níu hundruð og tíu ár, og hann andaðist.

20 Og Mahalalel lifði sextíu og fimm ár og gat Jared. Og eftir að Mahalalel gat Jared, lifði hann átta hundruð og þrjátíu ár og gat sonu og dætur. Og allir dagar Mahalalels voru átta hundruð níutíu og fimm ár, og hann andaðist.

21 Og Jared lifði eitt hundrað sextíu og tvö ár og gat ^aEnok. Og eftir að Jared gat Enok, lifði hann átta hundruð ár og gat sonu og dætur. Og Jared fræddi Enok um alla vegu Guðs.

22 Og þetta er ættarskrá sona Adams, sem var sá ^asonur Guðs, er Guð sjálfur ræddi við.

23 Og þeir voru ^aboðberar réttlætisins og töluðu og ^bspáðu og kölluðu alla menn hvarvetna til ^ciðrunar. Og mannanna börnum var kennd ^dtrú.

24 Og svo bar við, að allir dagar Jareds voru níu hundruð sextíu og tvö ár, og hann andaðist.

25 Og Enok lifði sextíu og fimm ár og gat ^aMetúsala.

26 Og svo bar við, að Enok ferðaðist um landið meðal fólksins, og er hann ferðaðist, sté andi Guðs frá himni og var með honum.

27 Og hann heyrði rödd frá himni, er sagði: Enok, sonur minn, spá þú fyrir þetta fólk og seg því — Iðrist, því að svo mælir Drottinn: Ég er ^areiður þessu fólki og heit reiði mín er tendruð gegn því, því að hjörtu þess hafa

15a HDP Móse 5:13.
b LR Leynisamtök, samsæri.

17a 1 Mós 5:10–14;
K&S 107:45, 53.

21a 1 Mós 5:18–24;
HDP Móse 7:69; 8:1–2.
LR Enok.

22a Lúk 3:38.

23a LR Spámaður.

b LR Spádómur, spá.

c LR Iðrast, iðrun.

d LR Átrúnaður.

25a LR Metúsala.

27a K&S 63:32.

harðnað og ^beyru þess daufheyrast og augu þess sjá ‘ekki langt —

28 Og í marga ætliði, allt frá þeim degi er ég skapaði það, hefur það “farið afvega og afneitað mér og leitað sinna eigin ráða í myrkri. Og í viðurstygð sinni hefur það ráðgjört morð og ekki haldið boðorðin, sem ég gaf föður þess, Adam.

29 Þess vegna hefur það unnið meinsæri, og með ^aeidum sínum hefur það leitt yfir sig dauða. Og ^bvíti hef ég fyrirbúið því, ef það iðrast ekki —

30 Og þetta er ákvörðun, sem ég hef í upphafi heimsins gefið með eigin munni, frá grundvöllun hans, og fyrir munn þjóna minna, feðra yðar, hef ég ákvarðað það, já, eins og það mun kunngjört heiminum allt til loka hans.

31 Og þegar Enok hafði heyrt þessi orð, laut hann til jarðar fyrir Drottni, talaði frammi fyrir Drottni og sagði: Hvernig má það vera, að ég hef fundið náð fyrir augum þínum, og er ég þó aðeins drengur, og allir fyrir líta mig, því að mér er “tregt um mál. Hvers vegna er ég þjónn þinn?

32 Og Drottinn sagði við Enok: Far og gjör eins og ég hef boðið þér, og enginn maður skal granda þér. Ljúk upp ^amunni þínum og hann skal fyllast, og ég mun gefa þér málið, því að allt hold er í

mínum höndum, og ég mun gjöra sem mér þóknast.

33 Seg þessu fólki: “Veljið nú í dag að þjóna Drottni Guði, sem gjörði yður.

34 Sjá, andi minn er yfir þér, þess vegna mun ég réttlæta öll þín orð. Og ^afjöllin munu hörfa undan þér og ^bfljótin breyta farvegi sínum. Og þú munt vera í mér og ég í þér. “Gakk þess vegna með mér.

35 Og Drottinn talaði til Enoks og sagði við hann: Smyr augu þín með leir og lauga þau, og þú munt sjá. Og hann gjörði svo.

36 Og hann leit ^aandana, sem Guð hafði skapað, og hann sá einnig það, sem ekki var sýnilegt hinu ^bnáttúrlega auga. Og frá þeim tíma breiddist sú sögn um landið: “Sjáanda hefur Drottinn upp vakið fyrir fólk sitt.

37 Og svo bar við, að Enok fór um meðal fólksins í landinu, og frá hæðum og tindum hrópaði hann hárrí röddu og vitnaði gegn verkum þeirra. Og allir menn “stygðust vegna hans.

38 Og þeir komu til að hlusta á hann á hæðunum og sögðu við gæslumenn tjaldanna: Verið hér um kyrrt og gætið tjaldanna meðan við förum til að sjá sjáandann, því að hann spáir, og undarlegir hlutir eru í landinu. Brjálaður maður er á meðal okkar.

27b Matt 13:15; 2 Ne 9:31;

Mósía 26:28;

K&S 1:2, 11, 14.

c Al 10:25; 14:6.

28a LR Uppreisin.

29a LR Eiður.

b LR Helja.

31a 2 Mós 4:10–16;

Jer 1:6–9.

32a K&S 24:5–6; 60:2.

33a LR Sjálfræði.

34a Matt 17:20.

b HDP Móse 7:13.

c 1 Mós 5:24;

HDP Móse 7:69.

LR Ganga, ganga með Guði.

36a LR Andleg sköpun.

b HDP Móse 1:11.

c LR Sjáandi.

37a 1 Ne 16:1–3.

39 En svo bar við, að þegar þeir hlustuðu á hann, lagði enginn maður hendur á hann, því að ótti greip alla þá, sem á hann hlýddu, því að hann gekk með Guði.

40 Og maður kom til hans að nafni Mahía og sagði við hann: Seg þú okkur berum orðum hver þú ert og hvaðan þú kemur.

41 Og hann svaraði þeim: Ég kem frá Kenanslandi, landi feðra minna, landi réttlætisins fram á þennan dag. Og faðir minn fræddi mig um alla vegu Guðs.

42 Og svo bar við, að er ég ferðaðist frá Kenanslandi, sem liggur með sjónum í austri, þá sá ég sýn. Og tak eftir, ég sá himnana, og Drottinn talaði til mín og gaf mér fyrirmæli. Af þeim sökum, og til þess að hlíta þeim fyrirmælum, mæli ég þessi orð.

43 Og Enok hélt áfram ræðu sinni og sagði: Drottinn, sem talaði til mín, sá hinn sami er Guð himinisins, og hann er minn Guð og yðar Guð, og þér eruð bræður minir, og vegna hvers leitið þér eigin ráða, en hafnið Guði á himni?

44 Himnana gjörði hann. "Jörðin er ^bfótskór hans, og grundvöllun hennar er hans. Sjá, hann lagði hann, og herskara manna hefur hann sett á yfirborð hennar.

45 Og dauðinn kom yfir feður

vora. Þó þekkjum vér þá og afneitum þeim ekki. Og jafnvel hinn fyrsta allra þekkjum vér, sjálfan Adam.

46 Því að "minningabók höfum vér skráð meðal vor, með þeim hætti, sem fingur Guðs benti oss á, og hún er skráð á vorri tungu.

47 Og þegar Enok mælti fram orð Guðs, tók fólkíð að skjálfa og fékk eigi staðið í návist hans.

48 Og hann sagði við það: Vegna þess að Adam ^aféll, erum vér til, og með falli hans kom ^bdauðinn, og vér gjörðumst þátttakendur í vansæld og vesöld.

49 Sjá, Satan hefur komið meðal mannanna barna og ^atælir þau til að tilbiðja sig. Og mennirnir hafa orðið ^bholdlegir, ^cmunúðarfullir og djöfullegir og eru ^dútilokaðir úr návist Guðs.

50 En Guð hefur gjört feðrum vorum kunnugt, að allir menn verði að iðrast.

51 Og hann talaði til föður vors Adams með eigin röddu og sagði: Ég er Guð. Ég gjörði heiminn og ^amennina ^báður en þeir voru í holdinu.

52 Og hann sagði einnig við hann: Viljir þú snúa til mín og hlýða rödd minni og trúa og iðrast allra þinna brota og láta ^askírast, já, í vatni, í nafni míns eingetna sonar, sem er fullur ^bnáðar og

43a Okv 1:24–33;
K&S 56:14–15.

44a 5 Mós 10:14.

^b Abr 2:7.

46a LR Minningabókin.

48a 2 Ne 2:25.

LR Fall Adams

og Evu.

^b LR Dauði, líkamlegur.

49a HDP Móse 1:12.

LR Freista, freisting.

^b Mósía 16:3–4;

HDP Móse 5:13.

LR Holdlegur.

^c LR Munúðarfullur,

munúð.

^d LR Dauði, andlegur.

51a LR Maður, menn —

Maður, andabarn

himnesks föður.

^b LR Andleg sköpun.

52a 3 Ne 11:23–26.

LR Skírn, skíra.

^b LR Náð.

sannleika, sem er ‘Jesús Kristur, hið eina ^anafn, sem gefið verður undir himninum og mannanna börn öðlast ^esáluhjálp fyrir, þá munt þú meðtaka gjöf heilags anda og biðja allra hluta í hans nafni, og hvers sem þú beiðist, það mun þér gefið verða.

53 Og Adam faðir vor talaði við Drottin og sagði: Hvers vegna verða menn að iðrast og skírast í vatni? Og Drottinn sagði við Adam: Sjá, ég hef ^afyrirgefið þér brot þitt í aldingarðinum Eden.

54 Þess vegna breiddist sú sögn út á meðal fólksins, að ^asonur Guðs hefði ^bfriðþægt fyrir erfðasyndina, og því geta syndir foreldranna ekki komið yfir ^abörnin, því að þau eru hrein frá grundvöllun veraldar.

55 Og Drottinn mælti til Adams og sagði: Þar sem börn þín eru getin í synd þá mun ^asyndin frjógast í hjörtum þeirra þegar þau fara að vaxa upp, og þau munu bragða hið ^bbeiska, svo að þau læri að meta hið góða.

56 Og þeim er gefið að þekkja gott frá illu. Þess vegna hafa þau ^asjálfræði, og ég hef gefið þér annað lögmál og boðorð.

57 Kenn því börnum þínum, að allir menn, hvarvetna, verði að ^aiðrast, ella geti þeir engan veginn erft ríki Guðs, því að ekkert ^bóhreint fær dvalið þar eða ^cdvalið í návist hans, því að á tungu Adams er nafn hans ^dMaður heilagleika, og nafn hans eingetna er ^eMannssonurinn, já, Jesús Kristur, réttlátur ^fdómari, sem koma mun á hádegisbaugi tímans.

58 Þess vegna gef ég þér þau fyrirmæli, að fræða ^abörn þín óspart um þetta, og segja:

59 Vegna brots varð fallið, og fallið leiðir til dauða, og eins og þér fæddust í heiminn af vatni og blóði og ^aanda, sem ég hef gjört, og urðuð þannig úr ^bdufti að lifandi sál, já, eins verðið þér að ^cendurfæðast inn í himnaríki af ^dvatni og af anda og verða hreinsaðir með blóði, já, blóði míns eingetna, svo að þér megið helgast af allri synd og ^enjóta ^forða eilífs lífs í þessum heimi og eilífs lífs í komanda heimi, já, ódauðlegrar ^gdýrðar —

60 Því að með ^avatninu haldið þér boðorðið, með andanum eruð þér ^bréttlættilir, og með ^cblóðinu eruð þér ^dhelgaðir —

52c LR Jesús Kristur.
d Post 4:12; 2 Ne 31:21.
e LR Sáluhjálp, hjálpraði.
53a LR Fyrirgefa.
54a LR Jesús Kristur.
b LR Friðþægja, friðþægning.
c Mósía 3:16.
55a LR Synd.
b K&S 29:39.
LR Andstreymi.
56a 2 Ne 2:26–27;
He 14:29–30.
LR Sjálfræði.

57a 1 Kor 6:9–10.
LR Iðrast, iðrun.
b 1 Ne 10:21.
LR Hreint og óhreint.
c Sálm 24:3–4;
1 Ne 15:33–36;
Morm 7:7;
K&S 76:50–62.
d HDP Móse 7:35.
LR Maður heilagleika.
e LR Mannssonurinn.
f LR Jesús Kristur —
Dómari; Réttvísi.
58a LR Barn, börn.

59a 1 Jón 5:8.
b 1 Mós 2:7;
HDP Móse 4:25;
Abr 5:7.
c LR Endurfæddur,
fæddur af Guði.
d LR Skírn, skíra.
e 2 Ne 4:15–16; Al 32:28.
f Jón 6:68.
g LR Himnesk dýrð.
60a Moró 8:25.
b LR Réttlætting, réttlæta.
c LR Blóð.
d LR Lausn frá synd.

61 Þess vegna er gefið, að hann haldist í yður, vitni himins, ^ahuggarinn, friðsæld hinnar ódauðlegu dýrðar, sannleikur alls, hann sem lifgar alla hluti og gæðir allt lífi, hann sem veit allt og hefur allt vald varðandi visku, miskunn, sannleika, réttvísi og dóm.

62 Og sjá, nú segi ég yður: Þetta er ^aáætlun sáluhjálpar fyrir alla menn, með blóði míns ^beingetna, sem koma mun á hádegisbaugi tímans.

63 Og sjá, allt hefur sína líkingu og allt er skapað og gjört til að ^abera vitni um mig, bæði hið stundlega og hið andlega. Það sem er á himnum uppi og það sem er á jörðu og það sem er í jörðu og það sem er undir jörðu, bæði yfir og undir. Allt ber vitni um mig.

64 Og svo bar við, að eftir að Drottinn hafði talað við Adam, föður vörn, ákallaði Adam Drottin, og hann var hrifinn í burt af ^aanda Drottins og borinn niður í vatnið og lagður undir ^bvatnið og reistur upp úr vatninu.

65 Og þannig var hann skírður, og andi Guðs kom yfir hann, og þannig ^afæddist hann af andanum og ^binnri maður hans lifgaðist.

66 Og hann heyrði rödd frá himni er sagði: Þú ert ^askírður

með eldi og með heilögum anda. Þetta er ^bvitnið um föðurinn og soninn héðan í frá og að eilífu —

67 Og þú ert eftir ^areglu hans, sem var án upphafs daganna eða loka árána, frá allri eilífd til allrar eilífdar.

68 Sjá, þú ert ^aeitt í mér, sonur Guðs. Og þannig geta allir orðið ^bsynir mínir. Amen.

7. KAPÍTULI (Desember 1830)

Enok kennir, leiðir fólkið, flytur fjöll — Síonarborg stofnuð — Enok sér fyrir komu mannsónarins, friðþægingarförn hans, og upprisu hinna heilögu — Hann sér fyrir endurreisnina, sameininguna, síðari komuna, og endurkomu Síonar.

Og svo bar við, að Enok hélt áfram máli sínu og sagði: Sjá, faðir vor hafa trúað og orðið ^asynir Guðs og margir hafa ekki trúað og hafa farist í syndum sínum, og í ^bótta og kvöl horfa þeir fram til þess, er hinni réttlátu og heilögu reiði Guðs mun hvolfst yfir þá.

2 Og frá þeim tíma hóf Enok að spá og segja við fólkið: Þegar ég á ferð minni stóð uppi á Mahuja

61a LR Heilagur andi.

62a LR Endurlausnarætlunin.

b LR Eingetinn.

63a Al 30:44;

K&S 88:45–47.

64a LR Heilagur andi.

b LR Skírn, skíra.

65a LR Endurfæddur,

fæddur af Guði.

b Mósía 27:25;

Al 5:12–15.

66a K&S 19:31.

LR Gjöf heilags anda.

b 2 Ne 31:17–18;

3 Ne 28:11.

67a LR Melkisedeksprestdæmi.

68a 1 Jöh 3:1–3;

K&S 35:2.

b Jöh 1:12;

K&S 34:3.

LR Synir og dætur

Guðs.

7 1a LR Synir og dætur

Guðs.

b Al 40:11–14.

og ákallaði Drottin, barst rödd frá himni er sagði: Snú við og far upp á Símeonfjall.

3 Og svo bar við, að ég sneri við og fór upp á fjallið, og þegar ég stóð á fjallinu, sá ég himnana opnast, og ég varð íklæddur ^adýrð —

4 Og ég sá Drottin og hann stóð frammi fyrir mér og talaði til mín, já, eins og maður talar við mann, ^aaugliti til auglitis, og hann sagði við mig: ^bLít á, og ég mun sýna þér heiminn í marga ættliði.

5 Og svo bar við, og tak eftir, að ég sá í Shumdalum mikla þjóð, sem bjó í tjöldum, og var það Shumbjóðin.

6 Og enn sagði Drottinn við mig: Lít á, og ég leit til norðurs og sá Kanaansþjóðina, sem bjó í tjöldum.

7 Og Drottinn sagði við mig: Spá þú. Og ég spáði og sagði: Sjá, Kanaansþjóðin, sem er fjölmenn, mun ganga til orrustu gegn Shumbjóðinni og mun drepa hana, og henni mun algjörlega tortímt, og Kanaansþjóðin mun skiptast í landinu og landið verður nakið og ófrjósamt og engin þjóð mun dvelja þar önnur en Kanaansþjóðin —

8 Því að sjá, Drottinn mun leggja þá bölvun yfir landið, að miklir hitar verða þar og það verður ófrjósamt að eilífu. Og öll börn Kanaans urðu ^asvört, svo að allir fyrirritu þau.

9 Og svo bar við, að Drottinn sagði við mig: Lít á, og ég leit á og sá Saronsland og Enoksland og Omnersland og Henisland og Shemsland og Hanersland og Hananníaland og alla íbúa þeirra —

10 Og Drottinn sagði við mig: Far til þessa fólks og seg því — ^aIðrist, svo að ég komi ekki og ljósti það banni og það deyi.

11 Og hann gaf mér boðorð um að ég skyldi ^askíra í nafni föðurins og sonarins, sem er fullur ^bnáðar og sannleika, og ^cheilags anda, sem ber föðurnum og syninum vitni.

12 Og svo bar við, að Enok hélt áfram að kalla alla til iðrunar, nema Kanaansþjóðina —

13 Og svo mikil var ^atrú Enoks, að hann leiddi fólk Guðs, og óvinir þess börðust við það og hann mælti orð Drottins, og jörðin skalf og ^bfjöllin hörfuðu, já, að boði hans. Og ^cvatnsfljótin breyttu farvegi sínum og öskur ljónanna heyrðist úr óbyggðunum og allar þjóðir voru slegnar miklum ótta, svo ^akröftugt var orð Enoks og svo mikill var kraftur þess máls, sem Guð hafði gefið honum.

14 Land reis einnig úr djúpi sjávar, og svo mikill varð ótti óvina fólks Guðs, að þeir flýðu og héldu sér í fjarlægð og fóru til landsins, sem reis úr djúpi sjávar.

3a LR Ummyndun.

4a 1 Mós 32:30;

5 Mós 5:4;

HDP Móse 1:2, 11, 31.

b HDP Móse 1:4.

8a 2 Ne 26:33.

10a HDP Móse 6:57.

LR Iðrast, iðrun.

11a LR Skír, skíra.

b LR Náð.

c LR Heilagur andi.

13a LR Átrúnaður.

b Matt 17:20.

c HDP Móse 6:34.

d LR Kraftur; Prestdæmi.

15 Og ^arisar landsins stóðu einnig í fjarlægð, og bölvun lagðist á alla, sem börðust gegn Guði —

16 Og frá þeim tíma voru styrjaldir og blóðsúthellingar meðal þeirra, en Drottinn kom og dvaldi með fólki sínu og það lifði í réttlæti.

17 Og ^aótti við Drottin sló allar þjóðir, svo mikil var dýrð Drottins, sem yfir fólki hans hvíldi. Og Drottinn ^bblessaði landið, og fólkið var blessað á fjöllum og á hæðunum og það blómstraði.

18 Og Drottinn nefndi þjóð sína ^aSíon, vegna þess að hugur hennar og hjarta voru ^beitt, og hún lifði í réttlæti og enginn fátækur var á meðal hennar.

19 Og Enok hélt áfram að prédika í réttlæti fyrir fólki Guðs. Og svo bar við, að á dögum sínum byggði hann borg, sem nefnd var borgin helga, já, Síon.

20 Og svo bar við, að Enok talaði við Drottin og hann sagði við Drottin: Vissulega mun ^aSíon vera örugg að eilífu. En Drottinn sagði við Enok: Síon hef ég blessað, en aðra hef ég fordæmt.

21 Og svo bar við, að Drottinn sýndi Enok alla íbúa jarðarinnar, og hann leit, og tak eftir, Síon var ^atekin upp til himins er tímar liðu. Og Drottinn sagði við Enok: Sjá bústað minn að eilífu.

22 Og Enok leit einnig alla aðra, sem voru synir Adams, og þeir voru sambland af öllum niðjum Adams, nema niðjum Kains, því að niðjar Kains voru ^asvartir og voru ekki meðal þeirra.

23 Og eftir að Síon hafði verið tekin upp til ^ahimins, ^bleit Enok og tak eftir, ^callar þjóðir jarðar voru fyrir augum hans —

24 Og kynslóð kom eftir kynslóð, og Enok var ^alyft hátt upp, allt að brjósti föðurins og mannsönnarins, og sjá, kraftur Satans var yfir öllu yfirborði jarðar.

25 Og hann sá engla stíga niður frá himni og hann heyrði háa rödd segja: Vei, vei, sé íbúum jarðarinnar.

26 Og hann sá Satan, og hann hafði mikla ^akeðju í hendi sér, og hún sveipaði alla jörðina ^bmyrkri, og hann leit upp og hló og ^cenglar hans fögnuðu.

27 Og Enok sá ^aengla stíga niður af himni, er báru ^bvitni um föðurinn og soninn, og heilagur andi kom yfir marga og þeir voru hrifnir upp til Síonar með krafti himins.

28 Og svo bar við, að Guð himinsins leit yfir leifar fólksins og grét, og Enok bar vitni um það og sagði: Hvernig má það vera, að himnarnir gráti og tár þeirra falli sem regn yfir fjöllin?

15a 1 Mós 6:4;
HDP Móse 8:18.

17a 2 Mós 23:27.
b 1 Kro 28:7–8;
1 Ne 17:35.

18a LR Síon.
b Post 4:32;
Fil 2:1–4.

LR Eining.
20a HDP Móse 7:62–63.

LR Nýja Jerúsalem.
21a HDP Móse 7:69.
22a 2 Ne 26:33.

23a LR Himinn.
b LR Sýn.
c K&S 88:47;

HDP Móse 1:27–29.

24a 2 Kor 12:1–4.

26a Al 12:10–11.

b Jes 60:1–2.

c Júd 1:6;

K&S 29:36–37.

27a LR Englar.

b LR Vitnisburður.

29 Og Enok sagði við Drottin: Hvernig má það vera að þú „grátir, þar eð þú ert heilagur og ert frá eilífð til eilífðar?

30 Og væri mannum unnt að telja öreindir jarðar, já, milljóna „jarða sem þessarar, þá næði það ekki upphafstölu ^bsköpunarverka þinna, og tjöld þín eru enn útþanin, en samt ert þú þar, og brjóst þitt er þar, og þú ert einnig réttvís, þú ert miskunnsamur og góðviljaður að eilífu —

31 Og þú hefur tekið Síon að þínu eigin brjosti frá öllum sköpunarverkum þínum, frá allri eilífð til allrar eilífðar, og ekkert nema „friður, ^bréttvísi og „sannleikur býr við hásæti þitt, og miskunn mun verða fyrir ásjónu þinni og eiga sér engan endi. Hvernig má það vera, að þú getir grátið?

32 Drottinn sagði við Enok: Sjá þessa bræður þína. Þeir eru mín eigin ^ahandaverk, og ^bþekkingu þeirra gaf ég þeim, þegar ég skapaði þá, og í aldingarðinum Eden gaf ég mannum „sjálfræði sitt —

33 Og við bræður þína hef ég sagt, og einnig gefið þeim boðorð um, að þeir eigi að ^aelska hver annan og að þeir skuli velja mig, föður sinn. En sjá. Þeir eru

án ástúðar og hata sitt eigið blóð —

34 Og „eldur réttlátrar reiði minnar hefur blossað upp gegn þeim, og í heitri vanþóknun minni mun ég senda ^bflóðin yfir þá, því að heit reiði mín er tendruð gegn þeim.

35 Sjá, ég er Guð. „Maður heilagleika er nafn mitt, Ráðgefandi er nafn mitt, og Óendanlegur og Eilífur er ^bnafn mitt.

36 Þess vegna get ég rétt út hendur mínar og haldið öllum sköpunarverkum mínum. Og „augu mín sjá einnig gegnum þau, og meðal allra handaverka minna hefur ekki verið eins mikið ^branglæti og meðal bræðra þinna.

37 En sjá, syndir þeirra munu falla á höfuð feðra þeirra. Satan verður faðir þeirra og vansæld verður dómur þeirra, og allir himnarnir munu gráta yfir þeim, já, yfir öllu handaverki mínu. Hví skyldu himnarnir ekki gráta, er þeir sjá að þessir muni þjást?

38 En sjá, þeir sem augu þín hvíla á munu farast í flóðinu. Og sjá, ég mun loka þá inni, „varðhald hef ég búið þeim.

39 Og „það, sem ég hef útvalið, hefur talað máli þeirra fyrir mér. Þess vegna þjáist hann fyrir syndir þeirra, ef þeir vilja iðrast

29a Jes 63:7–10.

30a K&S 76:24;

HDP Móse 1:33.

^b LR Skapa, sköpun.

31a LR Friður.

^b LR Réttvís.

^c LR Sannleikur.

32a HDP Móse 1:4.

^b LR Þekking.

^c LR Sjálfræði.

33a LR Elska, ást.

34a Jes 30:27;

Nahúm 1:6;

K&S 35:14.

^b 1 Mós 7:4, 10;

HDP Móse 8:17, 24.

LR Flóðið á dögum

Nóa.

35a HDP Móse 6:57.

^b HDP Móse 1:3.

36a K&S 38:2; 88:41;

HDP Móse 1:35–37.

^b 1 Mós 6:5–6;

HDP Móse 8:22, 28–30.

38a 1 Pét 3:18–20.

LR Helja.

39a P.E. frelsari.

þann dag, er minn ^bútvaldi snýr aftur til mín, og fram að þeim degi munu þeir ^ckveljast —

40 Fyrir því munu himnarnir gráta, já, og öll handaverk mín.

41 Og svo bar við, að Drottinn talaði til Enoks og sagði Enok frá öllum gjörðum mannanna barna. Þess vegna vissi Enok og leit ranglæti þeirra og vansæld, og grét og rétti fram arma sína, og ^ahjarta hans þandist út sem eilífðin, og brjóst hans brann og öll eilífðin hrærðist.

42 Og Enok sá einnig ^aNóa og ^bfjölskyldu hans, að afkomendur allra sona Nóa mundu öðlast stundlegt hjálpræði —

43 Þess vegna sá Enok að Nói byggði ^aörk og að Drottinn brosti við henni og hélt henni í eigin hendi sinni. En yfir aðra, hina ranglátu, féll flóðið og glepti þá.

44 Og þegar Enok sá þetta, varð sál hans beisk og hann grét yfir bræðrum sínum og sagði við himnana: Ég læt ^aekki huggast. En Drottinn sagði við Enok: Léttu á hjarta þínu og vertu glaður og lít á.

45 Og svo bar við, að Enok leit, og frá Nóa sá hann allar fjölskyldur jarðar, og hann ákallaði Drottin og sagði: Hvenær kemur dagur Drottins? Hvenær mun blóði hins réttláta verða úthellt, svo að allir þeir sem trega verði ^ahelgaðir og öðlist eilíft líf?

46 Og Drottinn sagði: Það verður á ^ahádegisbaugi tímans, á degi ranglætis og refsingar.

47 Og sjá, Enok leit komudag mannssonarins, já, í holdinu. Og sál hans fagnaði og hann sagði: Hinum réttláta er lyft upp, og ^alambinu er slátrað frá grundvöllun veraldar, og fyrir trú er ég við brjóst föðurins, og sjá, ^bSíon er með mér.

48 Og svo bar við, að Enok leit til ^ajarðarinnar, og hann heyrði rödd úr iðrum hennar er sagði: Vei, vei sé mér, móður mannanna. Ég er kvalin, ég er þreytt, vegna ranglætis barna minna. Hvenær fæ ég ^bhvíld og verð hrein af ^cóhreinindum þeim, sem af mér hafa komið? Hvenær mun skapari minn helga mig, svo að ég fái hvílst og réttlætið fái um hríð dvalið á yfirborði mínu?

49 Og þegar Enok heyrði jörðina trega, grét hann, ákallaði Drottin og sagði: Ó Drottinn, vilt þú ekki sýna jörðinni samúð? Vilt þú ekki blessa börn Nóa?

50 Og svo bar við, að Enok hélt áfram ákalli sínu til Drottins og sagði: Ég bið þig, ó Drottinn, í nafni þíns eingetna, já, Jesú Krists, að sýna Nóa og niðjum hans miskunn, svo að jörðin fyllist aldrei aftur flóði.

51 Og Drottinn fékk ei staðist. Og hann gjörði sáttmála við Enok og sór honum eið, að hann mundi

39 *b* HDP Móse 4:2; Abr 3:27.

LR Jesús Kristur.

c LR Fordæming.

41 *a* Mósía 28:3. LR Samúð, meðaumkun.

42 *a* LR Nói, patriarki í

Bíbliunni.

b HDP Móse 8:12.

43 *a* 1 Mós 6:14–16; Et 6:7.

44 *a* Sál 77:2; Et 15:3.

45 *a* LR Lausn frá synd.

46 *a* HDP Móse 5:57.

47 *a* LR Guðslambið.

b HDP Móse 7:21.

48 *a* LR Jörð — Hreinsun jarðar.

b HDP Móse 7:54, 58, 64.

c LR Óhreinindi.

stöðva “flóðin; að hann mundi vitja barna Nóa —

52 Og hann tók ófrávíkjanlega ákvörðun um að “leifar niðja hans mundu alltaf finnast meðal allra þjóða, meðan jörðin stæði —

53 Og Drottinn sagði: Blessaður er sá, sem Messías kemur af, því að hann segir — Ég er “Messías, ^bkonungur Síonar, ^cbjarg himins, sem er víðfeðmt sem eilífðin. Sá, sem kemur inn um hliðið og “fetar upp með mér, mun aldrei falla. Blessaðir eru þess vegna þeir, sem ég hef talað um, því að þeir munu ganga fram með “söngvum ævarandi gleði.

54 Og svo bar við, að Enok ákallaði Drottin og sagði: Þegar mannssonurinn kemur í holdinu, mun jörðin þá hvílast? Ég bið þig, sýn mér þetta.

55 Og Drottinn sagði við Enok: Lít á. Og hann leit og sá að “mannssyninum var lyft upp á ^bkrossinum, að hætti manna —

56 Og hann heyrði háa raust og himnarnir huldust og öll sköpunarverk Guðs treguðu og jörðin “stundi og björgin klofnuðu og hinir heilögu ^brisu upp og voru ^ckrýndir dýrðarkórónum til “hægri handar mannssyninum —

57 Og allir þeir “andar, sem í ^bvarðhaldi voru, komu fram og

stöðu Guði til hægri handar, og þeir sem eftir voru, voru geymdir í hlekkjum myrkursins fram að dómi hins mikla dags.

58 Og enn grét Enok og ákallaði Drottin og spurði: Hvenær mun jörðin hvílast?

59 Og Enok sá mannssoninn stíga upp til föðurins, og hann ákallaði Drottin og sagði: Munt þú ekki koma aftur til jarðar? Því að þú ert Guð og ég þekki þig og þú hefur svarið mér eið og boðið mér að biðja í nafni þíns eingetna. Þú hefur gjört mig og veitt mér rétt til hásetis þíns, ekki af sjálfum mér, heldur fyrir þína eigin náð. Þess vegna spyr ég þig, hvort þú komir ekki aftur til jarðar.

60 Og Drottinn sagði við Enok: Sem ég lifi, já, svo mun ég koma á “síðustu dögum, á dögum ranglætis og refsingar, til að uppfylla eiðinn, sem ég hef unnið þér, varðandi börn Nóa —

61 Og sá dagur kemur, að jörðin mun “hvílast, en fyrir þann dag munu himnarnir ^bmyrkvast og ^chula myrkursins mun þekja jörðina, og himnarnir munu bifast og jörðin einnig, og miklar þrengingar verða meðal manna barna, en fólk mitt mun ég ^dvarðveita —

51 a Sálm 104:6–9.

52 a HDP Móse 8:2.

53 a LR Messías.

b Matt 2:2;

2 Ne 10:14;

Al 5:50;

K&S 128:22.

c Sálm 71:3; 78:35;

He 5:12.

LR Bjarg.

d 2 Ne 31:19–20.

e LR Tónlist.

55 a LR Mannssonurinn.

b 3 Ne 27:14.

LR Krossfesting.

56 a Matt 27:45, 50–51.

b LR Upprisa.

c LR Kóróna;

Upphafning.

d Matt 25:34.

57 a LR Andi.

b K&S 76:71–74; 88:99.

60 a LR Síðustu dagar, síðari dagar.

61 a LR Jörð — Lokaástand jarðar.

b K&S 38:11–12; 112:23.

c LR Hula.

d 1 Ne 22:15–22;

2 Ne 30:10.

62 Og ^aréttlæti mun ég senda niður af himni, og ^bsannleika mun ég senda frá ^cjörðu, til að bera ^dvitni um minn eingetna, ^eupprisu hans frá dauðum, já, og einnig upprisu allra manna. Og réttlæti og sannleika mun ég láta sópa jörðina sem vatnsflóð, til að ^fsafna mínum kjörnu saman frá öllum heimshornunum fjórum, til staðar, sem ég mun fyrirbúa, helgrar borgar, svo að fólk mitt megi girða lendar sínar og líta fram til komu minnar. Því að þar mun tjaldbúð mín standa, og hún skal nefnd Síon, ^gNýja Jerúsalem.

63 Og Drottinn sagði við Enok: Þá skalt þú og öll ^aborg þín mæta þeim þar, og við munum taka þau í faðm okkar og þau skulu sjá okkur og við munum falla þeim um háls og þau munu falla okkur um háls og við munum kyssa hvert annað —

64 Og þar mun bústaður minn vera, og hann verður Síon, sem koma mun út frá öllu því, sem ég hef skapað. Og í ^aþúsund ár skal jörðin ^bhvílast.

65 Og svo bar þar við, að Enok sá þann dag, er mannsönnurinn ^akemur á síðustu dögum, til að dvelja í réttlæti á jörðinni í þúsund ár —

66 En fyrir þann dag sá hann miklar þrengingar meðal hinna ranglátu, og hann sá einnig hafið, að það var ókyrrt, og hjörtu manna ^abrugðust þeim og þeir litu með ótta til ^bdóms hins almáttuga Guðs, sem koma mundi yfir hina ranglátu.

67 Og Drottinn sýndi Enok allt, allt til enda veraldar. Og hann sá dag hinna réttlátu, stund endurlausnar þeirra, og hlaut fyllingu ^agleðinnar —

68 Og allir dagar ^aSíonar, á dögum Enoks, voru þrjú hundruð sextíu og fimm ár.

69 Og Enok og allt hans fólk ^agekk með Guði, og hann dvaldi í miðri Síon. Og svo bar við, að Síon var ekki, því að Guð tók hana upp að sínum eigin barmi, og þaðan er sú sögn komin, að SÍON SÉ FLÚIN.

8. KAPÍTULI (Febrúar 1831)

Metúsala spáir — Nói og synir hans prédika fagnaðarerindið — Mikið ranglæti ríkir — Kalli um iðrun enginn gaumur gefinn — Guð ákvarðar tortímingu alls holds með flóði.

Og allir dagar Enoks voru fjögur hundruð og þrjátíu ár.

2 Og svo bar við, að ^aMetúsala,

62a Sálm 85:11.

LR Endurreisn
fagnaðarerindisins.

b LR Mormónsbók.

c Jes 29:4.

d LR Vitnisburður.

e LR Upprisa.

f LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

g LR Nýja Jerúsalem.

63a Op 21:9–11;

K&S 45:11–12;

HDP Móse 7:19–21.

64a LR Þúsundaráríkið.

b HDP Móse 7:48.

65a Júd 1:14. LR Síðari

koma Jesú Krists.

66a Jes 13:6–7.

b LR Lokadómur.

67a LR Gleði.

68a 1 Mós 5:23;

HDP Móse 8:1.

69a 1 Mós 5:24;

HDP Móse 6:34.

LR Ganga, ganga með

Guði.

8 2a LR Metúsala.

sonur Enoks, var ekki tekinn, svo að sáttmálar Drottins, sem hann gjörði við Enok, mættu uppfyllast. Því að sannlega gjörði hann sáttmála við Enok um að Nói skyldi verða ávöxtur lenda hans.

3 Og svo bar við, að Metúsala spáði því, að af lendum sínum kæmu öll ríki jarðar (gegnum Nóa) og hann tók sér dýrðina sjálfur.

4 Og mikil hungursneyð varð í landinu, og Drottinn lagði sára bölvun á jörðina og margir íbúar hennar dóu.

5 Og svo bar við, að Metúsala lifði eitt hundrað áttatíu og sjö ár og gat Lamek —

6 Og Metúsala lifði sjö hundrað áttatíu og tvö ár, eftir að hann gat Lamek, og gat sonu og dætur —

7 Og allir dagar Metúsala voru níu hundrað sextíu og níu ár, og hann andaðist.

8 Og Lamek lifði eitt hundrað áttatíu og tvö ár og gat son —

9 Og hann nefndi hann ^aNóa, og sagði: Þessi sonur mun vera oss huggun í erfiðni voru og striti handa vorra, vegna jarðarinnar, sem Drottinn hefur ^bbölvað.

10 Og Lamek lifði fimm hundrað níutíu og fimm ár, eftir að hann gat Nóa, og gat sonu og dætur —

11 Og allir dagar Lameks voru

sjö hundrað sjöttíu og sjö ár, og hann andaðist.

12 Og Nói var fjögur hundrað og fimmtíu ára gamall og gat ^aJafet. Og fjörutíu og tveimur árum síðar gat hann ^bSem með henni, sem var móðir Jafets, og þegar hann var fimm hundrað ára gamall gat hann ^cKam.

13 Og ^aNói og synir hans ^bhlýddu á Drottin og gáfu gaum að, og þeir nefndust ^csynir Guðs.

14 Og er þessum mönnum tók að fjölga á jörðunni og þeim fæddust dætur, sáu ^asynir mannanna, að þessar dætur voru fríðar og tóku sér konur meðal þeirra, já, að vild sinni.

15 Og Drottinn sagði við Nóa: Dætur sona þinna hafa ^aselt sig, því að sjá, reiði mín er tendruð gegn mannanna sonum, því að þeir vilja ekki hlýða rödd minni.

16 Og svo bar við, að Nói spáði og kenndi það sem Guðs er, já, eins og það var frá upphafi.

17 Og Drottinn sagði við Nóa: Andi minn mun ekki ætíð ^atakast á við manninn, því að hann skal vita, að allt ^bhold mun deyja. Veri dagar hans þó eitt hundrað og tuttugu ár, og ef menn iðrast ekki, mun ég senda ^cflóðin yfir þá.

18 Og á þeim tímum voru ^arisar á jörðunni, og þeir sóttust eftir lífi

9a LR Nói, patriarki í Biblíunni.

b HDP Móse 4:23.

12a 1 Mós 5:32. LR Jafet.

b LR Sem.

c LR Kam.

13a K&S 138:41. LR Gabriel.

b LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

c LR Synir og dætur Guðs.

14a HDP Móse 5:52.

15a LR Giftast —

Trúblendihjónaband.

17a 1 Mós 6:3; 2 Ne 26:11; Et 2:15; K&S 1:33.

b 2 Ne 9:4. LR Hold.

c 1 Mós 7:4, 10;

HDP Móse 7:34.

18a 1 Mós 6:4; 4 Mós 13:33; Jós 17:15.

Nóa, en Drottinn var með Nóa og ^bkraftur Drottins var yfir honum.

19 Og Drottinn ^avígði ^bNóa eftir ^creglu sinni, og bauð honum að fara og ^dboða mannanna börnum fagnaðarerindi sitt, já, eins og það var gefið Enok.

20 Og svo bar við, að Nói kallaði öll mannanna börn til ^aiðrunar, en þau hlýddu ekki orðum hans —

21 Og eftir að þeir höfðu hlýtt á hann, komu þeir einnig til hans og sögðu: Sjá, við erum synir Guðs. Höfum við ekki tekið okkur dætur mannanna? Og ^aetum við ekki og drekkum og kvænumst og gefum í hjónaband? Og konur okkar ala okkur börn. Og þau eru máttugir menn, líkt og menn til forna, nafntogaðir menn. Og þeir hlýddu ekki orðum Nóa.

22 Og Guð sá, að ^aranglæti manna var orðið mikið á jörðunni og að sérhver maður miklaðist í eigin hjarta, og ^bhugsanir hans voru einungis og stöðugt illar.

23 Og svo bar við, að Nói hélt áfram ^aprédikun sinni fyrir fólkinu og sagði: Hlýðið á og gefið gaum að orðum mínum —

24 ^aTrúið og iðrist synda yðar og látið ^bskírast í nafni Jesú Krists, Guðssonarins, rétt eins og feður vorir, og þér munuð hljóta

heilagan anda, svo að allt geti ^copinberast yður. En ef þér gjörði þetta ekki munu flóðin falla yfir yður. Engu að síður hlýddu þeir ekki.

25 Og Nói harmaði og hann kvaldist í hjarta sínu, að Drottinn hafði skapað manninn á jörðunni, og það hryggði hann.

26 Og Drottinn sagði: Ég vil ^ator-tíma manninum, sem ég skapaði, af yfirborði jarðar, bæði manni og dýri, skriðkvikindum og fuglum loftsins, því að Nói harmar, að ég hef skapað þau, og að ég hef gjört þau. Og hann hefur ákallað mig, því að þau hafa sóst eftir lífi hans.

27 Og þannig fann Nói ^anáð í augum Drottins, því að Nói var réttvís maður og ^bfullkominn meðal kynslóðar sinnar. Og hann ^cgekk með Guði, og svo gjörðu og synir hans þrír, Sem, Kam og Jafet.

28 Jörðin var ^aspillt í auglýn Guðs, og hún var full af ofbeldi.

29 Og Guð leit á jörðina, og sjá, hún var spillt, því að allt hold hafði spillt háttum sínum á jörðunni.

30 Og Guð mælti við Nóa: Endir alls holds blasir við mér, því að jörðin er full af ofbeldi, og sjá. Ég mun ^atortíma öllu holdi af jörðunni.

18b LR Kraftur.

19a K&S 107:52.

LR Vígja, vígsla.

b Abr 1:19.

c LR Melkisedeksprest-dæmi.

d LR Truboðsverk.

20a LR Iðrast, iðrun.

21a Matt 24:38–39;

JS — M 1:41.

22a 1 Mós 6:5;

HDP Móse 7:36–37.

b Mósía 4:30; Al 12:14.

LR Hugsanir.

23a LR Prédika.

24a LR Trú, trúa.

b LR Skír, skíra —

Forsendur skírnar.

c 2 Ne 32:2–5.

26a LR Jörð — Hreinsun jarðar.

27a LR Náð.

b 1 Mós 6:9.

c LR Ganga, ganga með Guði.

28a 1 Mós 6:11–13.

30a K&S 56:3.

MYNDEFTIRLÍKING ÚR BÓK ABRAHAMAS

Nr. 1



SKÝRINGAR

- Atr. 1. Engill Drottins.
Atr. 2. Abraham festur á altari.
Atr. 3. Skurðgoðadýrkandi og prestur Elkena reynir að fórna Abraham.
Atr. 4. Fórnaraltari skurðgoðaprestsins, stendur fyrir framan guði Elkena, Líbna, Mamakkra, Kórasar og Faraós.
Atr. 5. Skurðgoðið Elkena.
Atr. 6. Skurðgoðið Líbna.
Atr. 7. Skurðgoðið Mamakkra.
Atr. 8. Skurðgoðið Kóras.
Atr. 9. Skurðgoðið Faraó.
Atr. 10. Abraham í Egyptalandi.
Atr. 11. Á að sýna stoðir himins, samkvæmt skilningi Egypta.
Atr. 12. Raukeeyang, táknar víðáttu eða festinguna yfir höfðum okkar, en í þessu tilviki og í sambandi við þetta efni láta Egyptar það tákna Shaumau, sem þýðir hátt eða himnarnir, samanber hebreska orðið Shaumahyeem.

BÓK ABRAHAMSM

SEM JOSEPH SMITH ÞÝDDI AF PAPIRUS

Þýðing nokkurra fornra rita, sem komust í hendur okkar úr katakombum Egyptalands. Rit Abrahams meðan hann var í Egyptalandi, nefnd Bók Abrahams, rituð með hans eigin hendi á papiirus.

1. KAÞÍTULI

Abraham leitar blessana patriarka-reglunnar — Falsprestar ofsækja hann í Kaldeu — Jehóva bjargar honum — Yfirlit yfir uppruna og stjórn Egyptalands.

ÍLANDI ^aKaldverja, á heimili Ífeðra minna, sá ég, ^bAbraham, að nauðsynlegt var fyrir mig að finna mér annan ^caðseturstað —

2 Og er ég gjörði mér ljóst, að mín beið meiri ^ahamingja og friður og ^bhvíld, leitaði ég blessana feðranna, og þess réttar að mega vígjast til að veita þær. Ég hafði sjálfur verið fylgjandi ^créttlætisins og þráði einnig að öðlast mikla ^dþekkingu og verða betri fylgjandi réttlætisins og búa yfir meiri þekkingu og verða faðir margra þjóða, friðarhöfðingi. Og með þrá minni eftir að fá leiðbeiningar og halda boðorð Guðs, varð ég réttmætur erfingi, ^eháprestur, með sama ^frétt og feðurnir.

3 Feðurnir ^aveittu mér hann.

Hann kom frá feðrunum frá fyrstu tíð, já, allt frá upphafi eða áður en grundvöllur jarðar var lagður og til þessa tíma, já, réttur ^bfrumburðarins, eða hins fyrsta manns, sem er ^cAdam, eða fyrsti faðirinn, og með feðrunum til mín.

4 Ég leitaði ^aútnefningar minnar til prestdæmisins samkvæmt útnefningu Guðs til feðranna varðandi niðjana.

5 ^aFeður mínir höfðu snúið frá réttlætinu og hinum helgu boðorðum, sem Drottinn, Guð þeirra, hafði gefið þeim, og ^btilbáðu guði heiðingjanna og neituðu algjörlega að hlýða rödd minni —

6 Því að hjertu þeirra beindust að hinu illa og sneru eingöngu að ^aguði Elkena og guði Líbna og guði Mamakra og guði Kórsasar og guði Faraós, konungs Egypta —

7 Þess vegna sneru þeir sér að fórnnum heiðingja og fórnunum dumbum skurðgoðunum börnum sínum og hlýddu ekki rödd minni,

1 1a LR Úr.

b LR Abraham.

c Post 7:2–4.

2a LR Gleði.

b LR Hvíld.

c LR Réttlátur, réttlæti.

d K&S 42:61. LR Þekking.

e LR Háprestur.

f LR Melkisedeksprestdæmi.

3a K&S 84:14.

b K&S 68:17.

LR Frumburður.

c HDP Móse 1:34.

LR Adam.

4a LR Frumburðarréttur.

5a 1 Mós 12:1.

b LR Falsguðadýrkun.

6a Þ.E. falsguðirnir, sem sýndir eru á Abr.

eftirlíking 1.

heldur reyndu að taka mig af lífi með hendi prests Elkena. Prestur Elkena var einnig prestur Faraós.

8 Á þessum tíma var það til siðs hjá presti Faraós, konungs Egypta, að færa þessum framandi guðum fórnir á altari, sem reist var í Kald-ealandi, og voru fórnirnar karlar, konur og börn.

9 Og svo bar við, að presturinn færði guði Faraós og einnig guði Sagreels fórnir að hætti Egypta. En guð Sagreels var sólin.

10 Prestur Faraós fórnaði jafnvel barni sem þakkarfórn á altarinu, er stóð á hæð, sem nefnd var Pótífarhæð, á hæsta hluta Ólísensléttunnar.

11 Þessi prestur hafði fórnað á altari þessu þremur meyjum samtímis, og voru þær dætur Óníta, eins hinna konunglegu afkomenda í beinni línu af lendum "Kams. Þessum meyjum var fórnað vegna dyggða þeirra. Þær vildu ekki blúta og tilbiðja guði úr tré eða steini. Þess vegna voru þær drepnar á þessu altari, og var það gjört að hætti Egypta.

12 Og svo bar við, að prestarnir beittu mig ofbeldi, svo að þeir gætu einnig drepíð mig á altarinu eins og þessar meyjar. Og til að gefa yður hugmynd um þetta altari, vísa ég til myndarinnar í byrjun þessarar frásagnar.

13 Það var í laginu sem rúmstæði, eins og þau tíðkuðust meðal Kaldverja, og stóð það

fyrir framan guði Elkena, Líbna, Mamakkra, Kórasar og einnig guð eins og guð Faraós, konungs Egypta.

14 Svo að þér öðlist skilning á þessum guðum, hef ég sýnt yður þá á líkingamyndunum í byrjun, en Kaldverjar kalla þess konar myndir Ralínos, sem þýðir myndletur.

15 Og þegar þeir lögðu hendur á mig til að fórna mér og taka mig af lífi, sjá, þá hóf ég rödd mína til Drottins Guðs míns, og Drottinn "hlýddi á og heyrði, og hann fyllti mig sýn af almættinu, og engill návistar hans stóð hjá mér og blósaði samstundis bönd mín —

16 Og rödd hans mælti við mig: Abraham, Abraham, sjá, nafn mitt er "Jehóva og ég hef heyrt þig og hef komið niður til að leysa þig og taka þig brott úr húsi föður þíns, og frá öllu ættfólki þínu og til framandi blands, sem þú veist ekki um —

17 Og það vegna þess að þeir hafa snúið hjörtum sínum frá mér og tilbiðja guð Elkena og guð Líbna og guð Mamakkra og guð Kórasar og guð Faraós, konungs Egypta. Þess vegna hef ég komið niður til að vitja þeirra og tortíma honum, sem lyft hefur hendi sinni gegn þér, Abraham, sonur minn, til að taka líf þitt.

18 Sjá, ég mun leiða þig við hönd mér og ég mun taka þig til að setja á þig nafn mitt, já, "prest-dæmi föður þíns. Og kraftur minn verður yfir þér.

11a LR Kam.
b Dan 3:13–18.
15a Mósía 9:17–18.

b Abr 2:13.
16a LR Jehóva.
b LR Fyrirheitið land.

18a LR Prestdæmi.

19 Eins og var með Nóa, svo mun og verða með þig, en fyrir helga þjónustu þína mun "nafn mitt þekkt á jörðinni að eilífu, því að ég er Guð þinn.

20 Sjá, Pótífarhæð var á landi "Úr í Kaldeu. Og Drottinn braut niður altari Elkena og guða landsins og tortímdi þeim gjörsamlega og laust prestinn, svo að hann dó. Og mikil sorg var í Kaldeu og einnig við hirð Faraós, en Faraó merkir konungur, konunglegrar ættar.

21 Þessi konungur Egypta var afkomandi af lendum "Kams og hafði frá fæðingu blóð ^bKanaaníta í sér.

22 Af þessari ætt voru allir Egypatar, og þannig varðveittist blóð Kanaaníta í landinu.

23 Kona fann fyrst "Egyptaland og var hún dóttir Kams og dóttir Egyptusar, sem í Kaldeu merkir Egypti, sem aftur merkir það sem bannað er —

24 Þegar þessi kona fann landið var það undir vatni, en síðar setti hún syni sína þar, og þaðan, frá Kam, kom sú ætt, sem viðhélt bölvuninni í landinu.

25 Fyrstu stjórn Egyptalands stofnsetti Faraó, elsti sonur Egyptusar, dóttur Kams, og var hún ættföðurleg að hætti stjórnar Kams.

26 Faraó, sem var réttlátur maður, setti á stofn ríki sitt og dæmdi fólk sitt viturlega og af réttvísi alla sína daga, og reyndi í

einlægni að líkja eftir þeirri reglu, sem feðurnir höfðu komið á með fyrstu kynslóðinni á dögum hins fyrsta ættföðurríkis, já, í stjórnartíð Adams, og einnig Nóa föður síns, sem blessaði hann með "blessunum jarðar og blessunum visku, en bannfærði hann hvað prestdæmið varðar.

27 En Faraó, sem var af þeirri ætt sem ekki hafði "prestðemisréttinn, þótt Faraóarnir héldu því gjarna fram, að þeir ættu rétt á honum frá Nóa, gegnum Kam, og þess vegna leiddist faðir minn afvega af skurðgoðadýrkun þeirra —

28 En ég mun reyna síðar að rekja tímatalið frá sjálfum mér aftur til upphafs sköpunarinnar, því að "heimildirnar hafa fallið í hendur mínar og ég hef þær fram á þennan dag.

29 Eftir að prestur Elkena hafði nú verið lostinn svo að hann dó, uppfylltist það sem sagt var við mig um Kaldealand, að hungursneyð yrði í landinu.

30 Samkvæmt því varð hungursneyð í öllu Kaldealandi, og faðir minn þjáðist sárlega vegna hungursneyðarinnar, og hann iðraðist þess illvirkis gegn mér, að ætla að svipta mig "lífi.

31 En heimildir feðranna, jafnvel patriarkanna, varðandi prestðemisréttinn, varðveitti Drottinn Guð minn í mínum

19a 1 Mós 12:1–3.

20a 1 Mós 11:28; Abr 2:4.

21a 1 Mós 10:6;

Sálm 78:51;

HDP Móse 8:12.

^b HDP Móse 7:6–8.

LR Kanaan, Kanaanítar.

23a LR Egyptaland.

26a LR Blessa, blessaður, blessun.

27a K&S OY 2.

LR Prestdæmi.

28a HDP Móse 6:5.

LR Minningabókin.

30a Abr 1:7.

eigin höndum. Þess vegna hef ég geymt fram á þennan dag vitneskjuna um upphaf sköpunarinnar og einnig um ^apláneturnar og stjörnurnar, eins og það var kunngjört feðrunum. Og ég mun reyna að skrá eitthvað af því í þessa frásögn, til gagns fyrir afkomendur mína eftir mig.

2. KAPÍTULI

Abraham yfirgefur Úr og fer til Kanaanlands — Jehóva birtist honum í Haran — Niðjum hans er heitið öllum blessunum fagnaðararindisins og með niðjum hans berast þær til allra — Hann fer til Kanaanlands og áfram til Egyptalands.

Nú lét Guð hungursneyðina verða sára í landi Úr, slíka, að ^aHaran bróðir minn dó, en ^bTara faðir minn lifði enn í landi Úr í Kaldeu.

2 Og svo bar við, að ég, Abraham, tók mér ^aSaraí fyrir eiginkonu og ^bNahor bróðir minn tók sér Milku fyrir eiginkonu, sem var dóttir Harans.

3 Nú hafði Drottinn ^asagt við mig: Abraham, far þú burt úr landi þínu og frá ættfólki þínu og úr húsi föður þíns, til lands, sem ég mun vísa þér á.

4 Þess vegna yfirgaf ég landið

^aÚr í Kaldeu og fór til Kanaanlands, og ég tók Lot bróðurson minn og eiginkonu hans og Saraí eiginkonu mína, og ^bfaðir minn fylgdi mér einnig, til þess lands, sem við nefndum Haran.

5 Og hungursneyðin rénaði og faðir minn hélt kyrru fyrir í Haran og dvaldist þar, en margar hjarðir voru í Haran og faðir minn sneri sér aftur að ^askurðgoðadýrkun og dvaldist þess vegna áfram í Haran.

6 En ég, Abraham, og ^aLot bróðursonur minn báðum til Drottins og Drottinn ^bbirtist mér og mælti til mín: Rís á fætur og tak Lot með þér, því að ætlun mín er að taka þig burt frá Haran og gjöra þig að helgum þjóni mínum, sem bera mun ^anafn mitt í framandi ^alandi, sem ég mun gefa niðjum þínum eftir þig til ævarandi eignar, þegar þeir hlýða rödd minni.

7 Því að ég er Drottinn Guð þinn. Ég dvel á himni. Jörðin er ^afótskör mín. Ég rétti hönd mína út yfir hafið og það hlýðir rödd minni. Ég gjöri vindinn og eldinn að ^bfarkostum mínum. Ég segi við fjöllin — hverfið á brott — og sjá, hvirfilvindurinn feykir þeim burt á augabragði, já, á svipstundu.

8 Nafn mitt er ^aJehóva, og ég

31a Abr 3:1–18.

2 1a 1 Mós 11:28.

b 1 Mós 11:24–26;

1 Kro 1:26.

2a 1 Mós 11:29.

LR Sara.

b 1 Mós 11:27; 22:20–24.

3a 1 Mós 12:1;

Post 7:1–3.

4a Nehem 9:7.

b 1 Mós 11:31–32.

5a Jós 24:2.

6a LR Lot.

b 1 Mós 17:1.

LR Jesús Kristur —

Tilvist Krists í

fortilverunni.

c 1 Mós 12:2–3; Abr 1:19.

d 1 Mós 13:14–15; 17:8;

2 Mós 33:1.

LR Fyrirheitið land.

7a 1 Ne 17:39; K&S 38:17.

b Jes 66:15–16.

8a LR Jehóva.

^bþekki endalokin frá upphafinu. Fyrir því mun hönd mín vera yfir þér.

9 Og ég mun gjöra þig að mikilli þjóð og ^ablessa þig ómælanlega, og gjöra nafn þitt mikið meðal allra þjóða, og þú munt verða eftirkomandi niðjum þínum blessun, svo að þeir færi í höndum sér öllum þjóðum þessa helgu þjónustu og þetta ^bprestdæmi —

10 Og ég mun blessa þá fyrir nafn þitt, því að allir þeir, sem meðtaka þetta ^afagnaðarerindi, skulu kenndir við nafn þitt og teljast ^bniðjar þínir, og þeir munu rísa á fætur og blessa þig sem ^aföður sinn —

11 Og ég mun ^ablessa þá, sem blessa þig, en bölvu þeim, sem bölvu þér. Og í þér (það er, í prestdæmi þínu) og ^bniðjum þínum (það er, prestdæmi þínu), því að ég gef þér fyrirheit um, að þessi ^aréttur haldist með þér og niðjum þínum eftir þig (það er, beinum niðjum eða holdlegum niðjum), munu allar ættkvíslir jarðar verða blessaðar, já, með blessunum fagnaðarerindisins, sem eru blessanir sáluhjálpar, já, eilífs lífs.

12 Og eftir að Drottinn hafði lokið máli sínu og horfið úr

augsyn minni, sagði ég í hjarta mér: Þjónn þinn hefur ^aleitað þín einlæglega; nú hef ég fundið þig —

13 Þú sendir engil þinn til að ^abjarga mér frá guðum Elkena, og ég gjöri vel að hlýða rödd þinni. Lát þess vegna þjón þinn rísa á fætur og hverfa á brott í friði.

14 Svo að ég, Abraham, fór á brott eins og Drottinn hafði sagt mér, og Lot með mér. Og ég, Abraham, var ^asex tíu og tveggja ára þegar ég fór frá Haran.

15 Og ég tók með mér ^aSaraí, sem ég hafði tekið mér fyrir eigin konu í ^bÚr í Kaldeu, og Lot bróðurson minn, og allar þær eigur sem okkur höfðu safnast, og þær sálir sem við höfðum ^cunnið í Haran. Og við höldum til ^aKanaanlands og höfðumst við í tjöldum á leið okkar —

16 Þess vegna var eilífðin skjól okkar, ^abjarg okkar og sáluhjálpar, er við ferðuðumst frá Haran um Jerson til að komast til Kanaanlands.

17 Ég, Abraham, reisti nú ^aaltari í Jersonslandi og færði Drottni fórn og það þess að ^bhungursneyðinni yrði létt af húsi föður míns, svo að þau færust ekki.

18 Og síðan fórum við frá Jerson

8b LR Alvitur.

9a 1 Ne 17:40; 2 Ne 29:14; 3 Ne 20:27; Morm 5:20.
LR Abraham — Niðjar Abrahams.

b K&S 84:17–19;
HDP Móse 6:7.
LR Melkisedekspred-
dæmi.

10a Gal 3:7–9.

b 1 Mós 13:16;

Gal 3:29;
2 Ne 30:2.

c LR Patriárki.

11a LR Sáttmáli Abrahams.

b Jes 61:9.

c LR Frumburðarréttur;
Ísrael; Prestdæmi.

12a K&S 88:63.

13a Abr 1:15–17.

14a 1 Mós 12:4–5.

15a LR Sara.

b LR Úr.

c LR Trúskipti,
trúskiptingur.

d LR Kanaan,
Kanaanítar.

16a LR Bjarg.

17a LR Altari.

b Abr 1:29.

um landið og til Síkem, sem er á sléttum Móre, og við vorum nú þegar komin að mörkum lands “Kanaaníta, og ég færði ^bförn þar á sléttum Móre og ákallaði Drottin heitt, vegna þess að við vorum nú þegar komin í land þessarar skurðgoðadýrkandi þjóðar.

19 Og Drottinn birtist mér sem svar við bænnum mínum og sagði við mig: Niðjum þínum mun ég gefa þetta ^aland.

20 Og ég, Abraham, reis frá altarinu, sem ég hafði reist Drottni, og hélt þaðan upp til fjallanna fyrir austan ^aBetel og reisti þar tjöld mín, og Betel var í vestur og ^bAí í austur. Og þar reisti ég Drottni annað altari og ^cákallaði enn nafn Drottins.

21 Og ég, Abraham, hélt ferð minni áfram og enn í suður, og enn var mikil hungursneyð í landinu, og ég, Abraham, ákvað að halda niður til Egyptalands, til að dveljast þar, því að hungursneyðin var mjög sár.

22 Og svo bar við, að þegar ég nálgaðist Egyptaland, sagði Drottinn við mig: Sjá, “Saraí eiginkona þín er kona afar fríð sýnum —

23 Því ber svo við, þegar Egyptar sjá hana, að þeir segja — Hún er eiginkona hans, og þeir munu drepa þig, en láta hana lífi halda. Þess vegna skalt þú fara þannig að:

24 Lát hana segja Egyptum, að hún sé systir þín, og sál þín mun lífi halda.

25 Og svo bar við, að ég, Abraham, sagði Saraí eiginkonu minni allt, sem Drottinn hafði sagt við mig — Seg þeim þess vegna, ég bið þig, að þú sért systir mín, svo að mér farnist vel fyrir þínar sakir, og sál mín mun lífi halda þín vegna.

3. KAPÍTULI

Abraham fræðist um sólina, tunglið og stjörnurnar með Úrím og Túmmím — Drottinn opinberar honum eilíft eðli andanna — Hann fræðist um fortilveru, forvígslu, sköpunina, val lausnara og annað stig mannsins.

Og ég, Abraham, hafði ^aÚrím og Túmmím, sem Drottinn Guð minn hafði gefið mér í Úr í Kaldeu —

2 Og ég sá ^astjörnurnar, að þær voru stórfenglegar og að ein þeirra var næst háseti Guðs, og margar og miklar voru nærri því —

3 Og Drottinn mælti við mig: Þessar eru hinar ráðandi og nafn hinnar miklu er ^aKólob, vegna þess að hún er nálæg mér, því að ég er Drottinn Guð þinn: Ég hef sett hana til að stjórna öllum þeim, sem tilheyra sama kerfi og því, sem þú stendur á.

18a 1 Mós 12:6.

b LR Förn.

19a 1 Mós 13:12–15; 17:8;

2 Mós 3:1–10;

4 Mós 34:2.

LR Fyrirheitið land.

20a LR Betel.

b 1 Mós 13:3–4.

c 1 Mós 12:8.

22a 1 Mós 12:11–13.

3 1a 2 Mós 28:30;

Mósía 8:13; 28:13–16;

JS — S 1:35.

LR Úrím og Túmmím.

2a Abr 1:31.

3a Sjá Abr. eftirlíking 2,

myndir 1–5.

LR Kólob.

4 Og Drottinn sagði mér með Úrím og Túmmím, að Kólob væri að hætti Drottins, hvað tíma, árstíðir og snúning hennar snerti. Að einn snúningur væri einn dagur Drottins, samkvæmt hans tímatali, en væri ^bþúsund ár samkvæmt tímanum, sem tilnefndur er þar sem þú stendur. Þetta er tímatal Drottins samkvæmt tímatali Kólobs.

5 Og Drottinn mælti við mig: Plánetan, sem ber minni birtuna, minni en sú sem ráða skal deginum, sjálfri nóttunni, er yfir eða stærri en sú, sem þú stendur á, hvað tímatal varðar, því að hún hreyfist hægar. Þetta er vegna þess að hún er ofar jörðunni, sem þú stendur á, þess vegna telur hún ekki eins marga daga, mánuði og ár.

6 Og Drottinn mælti við mig: Nú, Abraham, þessar tvær staðreyndir eru til, sjá, augu þín líta það. Þér er það gefið að þekkja tímatalið og hinn ákveðna tíma, já, ákveðinn tíma jarðarinnar, sem þú stendur á, og ákveðinn tíma stærra ljóssins, sem ráða skal deginum, og ákveðinn tíma minna ljóssins, sem ráða skal nóttunni.

7 Hinn ákveðni tími minna ljóssins telst lengri að tímatali en tímatal þeirrar jarðar, sem þú stendur á.

8 Og þar sem þessar tvær staðreyndir eru til, mun enn ein staðreynd verða ofar þeim, það er,

önnur pláneta skal vera, sem hefur enn lengra tímatal —

9 Og þannig verður tímatal einnar plánetu ofar tímatali annarrar, þar til þú kemur að Kólob, en Kólob er að tímatali Drottins, og Kólob er sett nærri háseti Guðs til að stjórna öllum þessum plánetum, sem tilheyra sama kerfi og sú, sem þú stendur á.

10 Og þér er gefið að þekkja ákveðinn tíma allra stjarnanna, sem ákveðið er að gefi ljós, þar til þú kemur nærri háseti Guðs.

11 Þannig talaði ég, Abraham, við Drottin, augliti til auglitis, eins og einn maður talar við annan, og hann sagði mér frá þeim verkum, sem hendur hans höfðu unnið —

12 Og hann sagði við mig: Sonur minn, sonur minn (og hönd hans var útrétt), sjá, ég mun sýna þér allt þetta. Og hann lagði hönd sína á augu mín og ég sá það, sem hendur hans höfðu gjört, og það var margt, og það margfaldaðist fyrir augum mér og ég gat ekki séð hvar það endaði.

13 Og hann sagði við mig: Þetta er Síneha, sem er sólin. Og hann sagði við mig: Kókob, sem er stjarna. Og hann sagði við mig: Ólea, sem er tunglið. Og hann sagði við mig: Kókábím, sem táknar stjörnur eða öll hin miklu ljós, sem voru á festingu himins.

14 Og það var að nóttu til er Drottinn talaði þessi orð til mín: Ég mun margfalda þig

4a Abr 5:13.

b Sálm 90:4; 2 Pét 3:8.

6a Abr 3:16–19.


9a K&S 88:37–44.

11a 1 Mós 17:1; 4 Mós 12:5–8.

14a Abr 2:9.

MYNDEFTIRLÍKING ÚR BÓK ABRAHAMS

Nr. 2



SKÝRINGAR

Atr. 1. Kólob, merkir frumsköpunin, næst því himneska eða bústaði Guðs. Fremst í stjórnn en síðust í tímatali. Tímatalið er samkvæmt himneskum tíma, en einn dagur að himneskum tíma merkir eina alin. Einn dagur á Kólob samsvarar þúsund árum að jarðnesku tímatali, sem Egyptar nefna Jah-oh-eh.

Atr. 2. Stendur næst Kólob og Egyptar nefna Oliblis og er næstæðsta ráðandi sköpunin í grennd við hið himneska eða bústað Guðs. Hún hefur einnig lykilverald varðandi aðrar plánetur, samkvæmt því sem Guð opinberaði Abraham, þegar hann færði fram fórn á altarinu, sem hann hafði reist Drottinn.

Atr. 3. Er ætlað að sýna Guð í háseti sínu, íklæddan krafti og valdi, með kórónu eilífs ljóss á höfði sér. Sýnir einnig hin miklu lykilverð hins heilaga prestdæmis, eins og þau voru opinberuð Adam í aldingarðinum Eden sem og Set, Nóa, Melkisedek, Abraham og öllum þeim, sem prestdæmið var opinberað.

Atr. 4. Samsvarar hebreska orðinu Raukeyang, sem merkir víðátta eða festing himna. Einnig tala, sem á egypsku merkir eitt þúsund og samsvarar tímatali Oliblis, sem er hið sama og snúningur og tímatal Kólobs.

Atr. 5. Nefnist á egypsku Enish-go-on-dosh. Þetta er einnig ein hinna ráðandi reikistjarna og Egyptar segja að sé sólin, sem fái birtu sína frá Kólob fyrir tilstilli Kae-e-vanras, sem er lykillinn mikli, eða með öðrum orðum, hinn ráðandi kraftur, sem stjórnar fimmtán öðrum föstum plánetum eða stjörnum, sem og Floeese eða tunglinu, jörðunni og sólinni í árlegum snúningi þeirra. Þessi pláneta fær kraft sinn fyrir tilstilli Kli-flossis-es, eða Hah-kó-ká-bím, stjarnanna, sem sýndar eru með tölunum 22 og 23, fá birtu sína frá snúningi Kólobs.

Atr. 6. Sýnir fjórðunga jarðarinnar.

Atr. 7. Sýnir Guð í háseti sínu að opinbera gegnum himnana hin miklu lykilverð prestdæmisins. Ennfremur opinberar hann Abraham tákn heilags anda í dúfulíki.

Atr. 8. Áletrun, sem ekki má opinbera heiminum, en höfð skal í hinu heilaga musteri Guðs.

Atr. 9. Á ekki að opinberast á þessum tíma.

Atr. 10. Sama.

Atr. 11. Sama. Geti heimurinn ráðið í þessar tölur, þá verði svo. Amen.

Atriði 12, 13, 14, 15, 16, 17, 18, 19, 20 og 21 mun Drottinn útskýra á sínum tíma.

Ofangreind þýðing er gefin eins og við höfum rétt til að gefa hana á þessum tíma.

og ^bniðja þína eftir þig, eins og þessar. Og getir þú talið ‘fjölda sandkornanna, þá veist þú tölu niðja þinna.

15 Og Drottinn sagði við mig: Abraham, ég sýni þér þetta áður en þú ferð til Egyptalands, svo að þú megir boða öll þessi orð.

16 Séu tveir hlutir til og annar sé ofar hinum, þá eru enn stærri ofar þeim. Þess vegna er “Kólob stærst allra Kókábíma, sem þú hefur séð, því að hún er næst mér.

17 Séu nú tveir hlutir til og annar ofar hinum, og tunglið sé ofar jörðu, þá getur pláneta eða stjarna verið ofar því, og ekkert er það, sem Drottinn Guð þinn ákveður í hjarta sínu að gjöra, sem hann ekki “gjörir.

18 Svo sem hann gjörði stærri stjörnuna, þannig er einnig, ef til eru tveir andar og annar er vitrari hinum. Þá eiga þessir tveir andar, þó að annar sé vitrari hinum, sér ekkert upphaf, þeir voru til áður, og þeir munu engan endi hafa, þeir verða áfram til, því að þeir eru “gnólám eða eilífir.

19 Og Drottinn sagði við mig: Þessar tvær staðreyndir eru til, það eru tveir andar, annar vitrari hinum, og það verður enn einn vitrari þeim. Ég er Drottinn Guð þinn, ég er “vitrari en þeir allir.

20 Drottinn Guð þinn sendi engil

sinn til að ^abjarga þér úr höndum prests Elkena.

21 Ég dvel mitt á meðal þeirra allra. Þess vegna hef ég nú komið niður til þín, til að kunngjöra þér ^ahandaverk mín, en ^bviska mín tekur þeim öllum fram, því að ég ríki á himnum uppi og á jörðu niðri, í fullkominni visku og fyrirhyggju yfir öllum vitsmunaverum, sem augu þín hafa litið frá upphafi. Ég kom niður í upphafi mitt á meðal allra þeirra vitsmunavera, sem þú hefur séð.

22 Nú hafði Drottinn sýnt mér, Abraham, þær ^avitsmunaverur, sem skipulagðar voru ^báður en heimurinn varð til, og á meðal þeirra allra voru margir hinna ‘göfugu og miklu —

23 Og Guð sá, að þessar sálir voru góðar, og hann stóð mitt á meðal þeirra og sagði: Þessar vil ég gjöra að stjórnendum mínum, því að hann stóð á meðal þeirra, sem voru andar, og hann sá að þeir voru góðir. Og hann sagði við mig: Abraham, þú ert einn þeirra. Þú varst ^aútvalinn áður en þú fæddist.

24 Og ^aeinn stóð á meðal þeirra, líkur Guði, og hann sagði við þá, sem með honum voru: Við munum fara niður, því að þar er rúm, og við munum taka af þessu efni og ^bvið munum gjöra ‘jörð, sem þessir geta dvalið á —

14b 1 Mós 13:16; K&S 132:30.

c 1 Mós 22:17; Hós 1:10.

16a Abr 3:3.

17a Job 9:4–12.

18a *Gnolaum* er umritun hebresks orðs sem táknar eilífur.

19a Jes 55:8–9. LR Alvitur.

20a Abr 1:15.

21a K&S 88:45–47; HDP Móse 1:27–29.

b LR Viska.

22a LR Vitsmunir, vitsmunaverur.

b LR Fortilvera; Ráð eða þing á himnum.

c K&S 138:55.

23a Jes 49:1–5; Jer 1:5.

LR Forvígsla;

Velja, valdi, valinn.

24a LR Frumburður.

b LR Skapa, sköpun.

c LR Jörð — Sköpuð fyrir manninn.

25 Og með þessu munum við “reyna þá og sjá hvort þeir ^bgjöra allt, sem Drottinn Guð þeirra býður þeim —

26 Og þeim, sem standast “fyrsta stig sitt, mun bætast meira. En þeir, sem ekki standast fyrsta stig sitt, munu ekki njóta dýrðar í sama ríki og þeir, sem standast fyrsta stig sitt. Og þeim, sem standast ^bannað stig sitt, mun bætast “dýrð við dýrð alltaf og að eilífu.

27 Og “Drottinn sagði: Hvern á ég að senda? Og einn svaraði, líkur ^bmannssyninum: Hér er ég, send mig. Og “annar svaraði og sagði: Hér er ég, send mig. Og Drottinn sagði: Ég mun senda þann fyrsta.

28 Og “hinn varð reiður og stóðst ekki fyrsta stig sitt, og á þeim degi fylgdu ^bmarginir á eftir honum.

4. KAÞÍTULI

Guðirnir áætla sköpun jarðar og lífið á henni — Áætlun þeirra um sköpunardagana sex lögð fram.

Og síðan sagði Drottinn: Förum niður. Og þeir fóru niður í “upphafi, og þeir, það er að segja guðirnir, ^bskipulögðu og mynduðu himna og jörð.

2 Og eftir að jörðin hafði verið

mynduð, var hún auð og tóm, vegna þess að þeir höfðu ekki myndað neitt annað en jörðina. Og myrkur ríkti yfir djúpinu og andi guðanna “hvíldi yfir vötnunum.

3 Og þeir (guðirnir) sögðu: Verði ljós, og það varð ljós.

4 Og þeir (guðirnir) skynjuðu ljósið, því að það var bjart. Og þeir greindu ljósið eða létu greina það frá myrkrinu.

5 Og guðirnir nefndu ljósið dag, en myrkrið nefndu þeir nótt. Og svo bar við, að frá kvöldi til morguns nefndu þeir nótt. Og frá morgni til kvölds nefndu þeir dag. Og þetta var hið fyrsta eða upphaf þess, sem þeir nefndu dag og nótt.

6 Og enn sögðu guðirnir: Verði “hvelving milli vatnanna og hún skal greina vötn frá vötnum.

7 Og guðirnir buðu hvelvingunni og hún greindi vötnin, sem undir hvelvingunni voru frá þeim vötnum, sem yfir hvelvingunni voru. Og svo varð, sem þeir buðu.

8 Og guðirnir nefndu hvelvinguna “himin. Og svo bar við, að það var frá kvöldi til morguns, sem þeir nefndu nótt. Og svo bar við, að það var frá morgni til kvölds, sem þeir nefndu dag. Og þetta var ^bannað sinn, sem þeir nefndu nótt og dag.

25a K&S 98:12–14; 124:55.

LR Endurlausnarætlunin; Sjálfræði.

b LR Hlýðni, hlýðinn, hlýða.

26a Júd 1:6.

b LR Dauðlegur, dauðleiki.

c Títus 1:2.

LR Dýrð.

27a LR Guð, guðdómur — Guð faðirinn.

b LR Jesús Kristur; Mannssonurinn.

c HDP Móse 4:1–2.

28a LR Djöfull.

b LR Glötunarsynirnir.

4 1a 1 Mós 1:1;

HDP Móse 2:1.

b LR Skapa, sköpun.

2a 1 Mós 1:2;

HDP Móse 2:2.

6a 1 Mós 1:4–6;

HDP Móse 2:4.

8a LR Himinn.

b 1 Mós 1:8.

9 Og guðirnir buðu og sögðu: Lát “vötnin undir himninum safnast á ^beinn stað og lát þurrlendi rísa. Og svo varð, sem þeir buðu —

10 Og guðirnir lýstu þurrlandið jörð, en safn vatnanna lýstu þeir vötnin “miklu, og guðirnir sáu, að þeim var hlýtt.

11 Og guðirnir sögðu: Búum jörðina undir það að gefa af sér “grös; jurtin beri fræ, ávaxtatréð beri ávöxt, eftir sinni tegund, og af fræi þess spretti eigin líking þess á jörðu. Og svo varð, já, eins og þeir buðu.

12 Og guðirnir skipulögðu jörðina, svo að af henni spryttu grös af eigin fræi, og af jurtinni sprytti jurt af eigin fræi, hver eftir sinni tegund, og af jörðunni sprytti tré af eigin fræi, sem bæri ávöxt, og af fræi þess gæti aðeins sprottið samskonar, eftir sinni tegund. Og guðirnir sáu, að þeim var hlýtt.

13 Og svo bar við, að þeir töldu dagana, frá kvöldi til morguns nefndu þeir nótt. Og svo bar við, að frá morgni til kvölds nefndu þeir dag. Og það var hið þriðja sinn.

14 Og guðirnir skipulögðu “ljósin á hvelfingu himins og létu þau greina dag frá nóttu, og skipulögðu þau til að marka árstíðir, daga og ár —

15 Og skipulögðu þau til að vera ljós á hvelfingu himins til að veita jörðunni birtu. Og svo varð.

16 Og guðirnir skipulögðu tvö stærri ljósin, “stærri ljósið til að ráða deginum og minna ljósið til að ráða nóttunni. Og með minna ljósinu settu þeir einnig stjörnurnar —

17 Og guðirnir settu þau á hvelfingu himna til að veita jörðunni birtu og til að ráða degi og nóttu og til að greina ljósið frá myrkrinu.

18 Og guðirnir fylgdust með því, sem þeir höfðu gefið boð um, uns því var hlýtt.

19 Og svo bar við, að það var frá kvöldi til morguns, að það var nótt. Og svo bar við, að það var frá morgni til kvölds, að það var dagur. Og það var hið fjórða sinn.

20 Og guðirnir sögðu: Gjörum vötnin til reiðu, að þau verði kvik af lifandi skepnum, og fugla, að þeir fái flogið ofar jörðu í opinni hvelfingu himins.

21 Og guðirnir höfðu vötnin til reiðu, svo að þau gæfu af sér “stórhveli og allar lifandi skepnur, sem hrærast og vötnin skyldu vera kvik af, hverja eftir sinni tegund. Og hvern fleygan fugl eftir sinni tegund. Og guðirnir sáu að þeim var hlýtt og að áætlun þeirra var góð.

22 Og guðirnir sögðu: Vér viljum blessa þau og láta þau verða frjó-söm og margfaldast og fylla vötn sjávar eða “vötnin miklu, og láta fuglana fjölga sér á jörðu.

9a Amos 9:6;
HDP Móse 2:7.

b 1 Mós 1:9.
10a 1 Mós 1:10;

Abr 4:22.
11a 1 Mós 1:11–12;
HDP Móse 2:11–12.
14a K&S 88:7–11.

16a 1 Mós 1:16.
21a 1 Mós 1:21;
HDP Móse 2:21.
22a Abr 4:10.

MYNDEFTIRLÍKING ÚR BÓK ABRAHAM'S

Nr. 3



SKÝRINGAR

Atr. 1. Abraham situr í háseti Faraós að boði konungs, með kórónu á höfði sér, sem tákn prestdæmisins og í líkingu hins háa forsætis á himni, með sprota réttvísinnar og dómsins í hendi sér.

Atr. 2. Faraó konungur, en nafn hans er gefið í leturtáknunum yfir höfði hans.

Atr. 3. Sýnir Abraham í Egyptalandi eins og einng er sýnt á mynd 1, nr. 10.

Atr. 4. Prins Faraós, konungur Egyptalands, eins og ritað er yfir hendi hans.

Atr. 5. Súlem, einn aðalþjóna konungs, eins og sýnt er í leturtáknunum yfir hendi hans.

Atr. 6. Olimla, þræll prinsins.

Abraham ræðir stjarnfræðireglur við hirð konungs.

23 Og svo bar við, að það var frá kvöldi til morguns, sem þeir nefndu nótt. Og svo bar við, að það var frá morgni til kvölds, sem þeir nefndu dag. Og það var hið fimmta sinn.

24 Og „guðirnir gjörðu jörðina til reiðu, til að framfleyta lifandi skepnum, hverri eftir sinni tegund, fénaði og skriðkvikindum og dýrum jarðar eftir sinni tegund. Og svo varð, sem þeir höfðu sagt.

25 Og guðirnir skipulögðu jörðina, svo að hún framfleytti dýrunum, hverju eftir sinni tegund og fénaði eftir sinni tegund, og öllu sem skriður á jörðu eftir sinni tegund. Og guðirnir sáu, að þau mundu hlýða.

26 Og guðirnir „ráðguðust sín á milli og sögðu: Förum niður og mótum ^bmann í vorri mynd, líkan oss, og vér gefum þeim yfirráð yfir fiskum sjávarins og fuglum loftsins og yfir fénaðinum og yfir allri jörðunni, og yfir hverju skriðkvikindi, sem á jörðunni skriður.

27 Og „guðirnir fóru niður til að skipuleggja mann í sinni eigin mynd, í mynd guðanna mótuðu þeir hann, karl og konu mótuðu þeir þau.

28 Og guðirnir sögðu: Vér viljum blessa þau. Og guðirnir sögðu: Vér viljum gjöra þau frjósöm, svo að þau margfaldist og uppfylli jörðina og gjöri hana sér undirgefna, og þau drottni yfir fiskum sjávarins og fuglum

loftsins og yfir öllu lífi, sem hrærist á jörðu.

29 Og guðirnir sögðu: Sjá, vér munum gefa þeim sérhverja sáðjurt, sem vex á yfirborði allrar jarðarinnar, og sérhvert tré, sem ávöxt ber. Já, ávöxt trésins, sem sæði ber, munum vér gefa þeim. Það sé þeim til „fæðu.

30 Og öllum dýrum jarðarinnar og öllum fuglum loftsins og öllu sem skriður á jörðu, sjá, þeim viljum vér gefa líf og einnig viljum vér gefa þeim sérhverja græna jurt til fæðu. Og allt sé þannig skipulagt.

31 Og guðirnir sögðu: Vér munum gjöra allt, sem vér höfum sagt og skipuleggja það, og sjá, það skal vera mjög hlýðið. Og svo bar við, að það var frá kvöldi til morguns, sem þeir nefndu nótt, og svo bar við, að það var frá morgni til kvölds, sem þeir nefndu dag. Og þeir töldu það „sjötta sinn.

5. KAPÍTULI

Guðirnir ljúka áætlun sinni um sköpun allra hluta — Þeir gjöra sköpunina að veruleika í samræmi við áætlun sína — Adam nefnir sérhverja lifandi skepnu.

Og þannig viljum vér fullgjöra himna og jörð og allan þeirra herskara.

2 Og guðirnir sögðu sín á meðal: Í hið sjöunda sinn munum vér ljúka verki voru, sem vér höfum ráðgert. Og vér munum hvílast

24a LR Guð, guðdómur.

26a LR Ráðgjöf.

b LR Maður, menn.

c HDP Móse 6:8–10.

27a 1 Mós 1:26–27;

Abr 5:7.

29a 1 Mós 1:29–30.

31a 2 Mós 31:17.

hið “sjöunda sinn frá öllu verki voru, sem vér höfum ráðgert.

3 Og guðirnir luku því hið sjöunda sinn, vegna þess að hið sjöunda sinn “hvíldust þeir frá öllum verkum sínum, sem þeir (guðirnir) ráðgerðu sín á meðal að móta, og ^bhelguðu það. Og þannig voru ákvarðanir þeirra, þegar þeir ráðgerðu sín á meðal að móta himna og jörð.

4 Og guðirnir komu niður og mótuðu þessi sköpunarstig himna og jarðar, þegar þau voru mótuð á þeim degi, er guðirnir mótuðu jörðina og himnana —

5 Í samræmi við allt, sem þeir höfðu sagt varðandi hverja plöntu vallarins “áður en hún var á jörðu og hverja jurt vallarins áður en hún óx, því að guðirnir höfðu ekki látið rigna á jörðina, þegar þeir áformuðu að gjöra þau, og höfðu ekki mótað mann til að yrkja jörðina.

6 En þoku lagði upp af jörðu og vökvaði allt yfirborð jarðar.

7 Og “guðirnir mótuðu mann úr ^bdufti jarðar og tóku ^canda hans (það er anda mannsins) og settu hann í hann, og blésu lífsanda í nasir hans, og maðurinn varð að lifandi ^dsál.

8 Og guðirnir gróðursettu aldingarð austan til í “Eden og settu þar manninn, en anda hans höfðu þeir sett í líkamann, sem þeir höfðu mótað.

9 Og guðirnir létu upp vaxa af jörðinni hvers kyns tré, girnileg á að líta og góð af að eta, og “lífsins tré einnig mitt í aldingarðinum, og skilningstré góðs og ills.

10 Fljót rann frá Eden til að vökva garðinn, og þaðan kvíslaðist það og varð að fjórum höfuðám.

11 Og guðirnir tóku manninn og settu hann í aldingarðinn Eden til að yrkja hann og gæta hans.

12 Og guðirnir buðu manninum og sögðu: Af öllum trjám í aldingarðinum er þér frjálst að eta —

13 En af skilningstré góðs og ills skalt þú ekki eta, því að á þeirri stundu, er þú etur af því, munt þú örugglega deyja. Nú sá ég, Abraham, að þetta var að “tíma Drottins, sem var að tíma ^bKólobs, því að enn höfðu guðirnir ekki útnefnt Adam tímatal hans.

14 Og guðirnir sögðu: Vér skulum gjöra manninum meðhjálp við hæfi, því að eigi er gott að maðurinn sé einsamall. Vér viljum því móta handa honum meðhjálp við hæfi.

15 Og guðirnir létu fastan svefn falla á “Adam, og hann svaf, og þeir tóku eitt rifja hans og fylltu aftur með holdi —

16 Og guðirnir mótuðu ^akonu úr rifinu, er þeir höfðu tekið úr manninum, og leiddu hana til mannsins.

17 Og Adam sagði: Þetta var

5 2a LR Hvíldardagur.

3a 2 Mós 20:8–11;
Mósía 13:16–19.

b K&S 77:12.

5a LR Andleg sköpun.

7a Abr 4:26–31.

b HDP Móse 4:25; 6:59.

c 1 Mós 2:7; K&S 93:33.

LR Andi;
Fortilvera.

d LR Sál.

8a LR Eden.

9a LR Lífsins tré.

13a 2 Pét 3:8.

b Abr 3:2–4.

LR Kólob.

15a LR Adam.

16a LR Eva.

bein af mínum beinum og hold af mínu holdi. Hún skal kvenmaður nefnast, af því að hún er af karlmanni tekin —

18 Þess vegna yfirgefur maður föður sinn og móður sína og ^aheldur sig fast að eiginkonu sinni, og þau verða ^beitt hold.

19 Og þau voru bæði nakin, maðurinn og eiginkona hans, og blygðuðust sín ekki.

20 Þá mótuðu guðirnir af

jörðunni öll dýr merkurinnar og alla fugla loftsins og létu þau koma fyrir Adam, til þess að sjá hvað hann nefndi þau. Og hvert það heiti, sem Adam gaf sérhverri lifandi skepnu, skyldi vera nafn hennar.

21 Og Adam gaf nafn öllum fénaðinum og fuglum loftsins og öllum dýrum merkurinnar. Og meðhjálp við hæfi fannst handa Adam.

18a K&S 42:22; 49:15–16.

b LR Giftast.

JOSEPH SMITH — MATTEUS

Útdráttur úr þýðingu á Biblíunni eins og opinberaðist spámánninum
Joseph Smith árið 1831: Matteus 23:39 og 24. kaþítuli.

Jesús segir fyrir um yfirvoðandi tortímingu Jerúsalem — Hann ræðir einnig um síðari komu mannsónarins og tortímingu hinna ranglátu.

Því að ég segi yður, að þér munuð eigi sjá mig héðan af og vita, að ég er sá, sem spámennirnir hafa ritað um, fyrr en þér segið: Blessaður er sá, sem ^akemur í nafni Drottins, í skýjum himins, og allir hinir heilögu englar með honum. Þá skildu lærisveinar hans, að hann kæmi aftur til jarðar, eftir að hafa verið dýrðlegur gjörður og krýndur ^bGuði til hægri handar.

2 Og Jesús gekk út úr helgidóminum og hélt brott. Og lærisveinar hans komu til hans til að hlýða á hann og sögðu: Meistari, sýn þú oss varðandi byggingu helgidómsins, því að þú hefur sagt — Þær munu rifnar niður og eftirlátnar ykkur í auðn.

3 En Jesús sagði við þá: Sjáið þér ekki allt þetta, og skiljið þér það ekki? Sannlega segi ég yður, hér á þessu musteri mun eigi eftir verða ^asteinn yfir steini, er eigi sé niður brotinn.

4 Og Jesús yfirgaf þá og fór upp

á ^aÓlíufjallið. Og þá er hann sat á Ólíufjallinu, komu lærisveinarnir til hans einslega og sögðu: Seg þú oss, hvenær verður þetta, sem þú hefur sagt um tortímingu muste-risins og Gyðinganna, og hvert er ^btákn ^ckomu þinnar og ^denda-loka veraldar eða tortímingar hinna ^eranglátu, sem er endalok veraldar?

5 Og Jesús svaraði og sagði við þá: Varist að láta nokkurn blekkja yður —

6 Því að margir munu koma í mínu nafni og segja: Ég er Kristur! Og margi munu þeir blekkja —

7 Þá munu þeir framselja yður til ^aþrengingar og lífláta yður, og allar þjóðir munu ^bhata yður sakir nafns míns —

8 Og þá munu margir láta vélast og framselja hver annan, og hata hver annan —

9 Og fram munu koma margir falsspámennt og blekkja margi —

10 Og vegna þess að misgjörðir þrífast, mun ^akærleikur flestra kólna —

11 En sá, sem er staðfastur og lætur ekki yfirbugast, mun hólpinn verða.

12 Þegar þér því sjáið ^aviðurstygð

1 1a Matt 26:64; Post 1:11.

b LR Guð, guðdómur.

3a Lúk 19:44.

4a LR Ólíufjallið.

b Lúk 21:7–36;
K&S 45:16–75.

LR Síðustu dagar, síðari dagar; Tákn tímanna.

c LR Síðari koma Jesú Krists.

d LR Heimur —
Heimsendir.

e Mal 4:1; K&S 133:64–74.
LR Ranglátur, ranglæti.

7a 1 Pét 4:12–14.

b LR Ofsækja, ofsókn.

10a K&S 45:27.

12a Dan 12:11.

eyðingarinnar, sem ^bDaníel spámaður talaði um, varðandi tortímingu ^cJerúsalem, þá skuluð þér standa á ^a“helgum stað; lesarinn skilji það.

13 Þá flýi þeir, sem eru í Júdeu, til ^a“fjalla —

14 Sá sem er uppi á húspaki skal flýja, en ekki snúa aftur til að sækja eitthvað úr húsi sínu —

15 Né heldur skal sá, sem er á akrinum, snúa aftur til að sækja klæði sín —

16 En vei þeim, sem þungaðar eru, og þeim, sem ^a“börn hafa á brjósti, á þeim dögum —

17 Biðjið þess vegna til Drottins, að flótti yðar verði hvorki um vetur né á hvíldardegi —

18 Því að þá, á þeim dögum, munu ^a“Gyðingar og íbúar ^bJerúsalem mæta miklu andstreymi, slíku, sem Guð hefur ekki fyrr sent yfir Ísrael, frá upphafi ríkis þeirra til þessa, né heldur mun nokkru sinni aftur sent yfir Ísrael.

19 Allt, sem á þeim hefur hrinið, er aðeins upphaf þeirra sorga, sem yfir þá munu koma.

20 Og ef dagar þessir yrðu ekki styttr, mundi engu holdi þeirra borgið. En samkvæmt sáttmálanum munu þessir dagar styttr, sakir hinna kjörnu.

21 Sjá, þetta hef ég sagt við yður um Gyðinga. Og segi einhver við yður, eftir andstreymi þessara daga sem yfir Jerúsalem munu

koma, tak eftir, hér er Kristur eða þar, þá trúið honum ekki —

22 Því að á þeim dögum munu einnig koma upp falskristar og falsspámennt, og þeir munu gjöra stór tákni og undur, ef unnt væri að blekkja sjálfa hina kjörnu, þá sem eru hinir kjörnu samkvæmt sáttmálanum.

23 Sjá, ég segi yður þetta vegna hinna ^a“kjörnu. Og þér munuð enn fremur spyrja ^b“hernað og ófriðartíðindi. Gætið þess að skelfast ekki, því að allt, sem ég hef sagt yður, hlýtur að verða, en endirinn er ekki þar með kominn.

24 Sjá, ég hef sagt yður það fyrir —

25 Ef þeir því segja við yður: Sjá, hann er í óbyggðunum, þá farið ekki þangað: Sjá, hann er í leynum, þá trúið því ekki —

26 Eins og birta morgunsins rís í ^a“austri og skín allt til vesturs og nær yfir alla jörðina, svo mun og verða koma mannsönnarins.

27 Og nú sýni ég yður dæmisögu. Sjá, þar sem hræið er, þangað munu ernirnir safnast. Á sama hátt mun mínum kjörnu ^a“safnað saman frá öllum heimsfjórðungum.

28 Og þeir munu spyrja hernað og ófriðartíðindi.

29 Sjá, ég tala vegna minna kjörnu, því að þjóð mun rísa gegn þjóð og ríki gegn ríki. Þá verður ^a“hungur og fár og landskjálftar á ýmsum stöðum.

12b LR Daníel.
c LR Jerúsalem.
d K&S 101:22–25.
13a K&S 133:13.
16a Lúk 23:29–30.

18a LR Gyðingar.
b Sak 12; 14:1–5.
23a LR Kjörinn, hinir
kjörnu.
b K&S 45:26.

26a Esek 43:2.
27a LR Ísrael —
Samansöfnun Ísraels.
29a K&S 43:24–25.

30 Og enn fremur, sakir þess að misgjörðir þrífast, mun kærleikur manna kólna, en sá, sem ekki lætur yfirbugast, hann mun hólpinn verða.

31 Og enn, þessi fagnaðarboðskapur um ríkið verður prédikaður um alla heimsbyggðina, öllum þjóðum til vitnisburðar. Og þá mun endirinn koma eða tortíming hinna ranglátu —

32 Og enn fremur munu orð Daníels spámanns, um viðurstygð eyðingarinnar, uppfyllast.

33 En þegar eftir andstreymi þessara daga, mun sólin sortna og tunglið hætta að skína. Stjörnur munu hrapa af himni og kraftar himins bifast.

34 Sannlega segi ég yður, sú kynslóð, sem þetta mun sýnt, mun ekki líða undir lok, fyrr en allt, sem ég hef sagt, mun uppfyllt.

35 Þó að þeir dagar komi, að himinn og jörð muni líða undir lok, munu orð mín ekki undir lok líða, heldur skulu þau öll uppfyllast.

36 Og, eins og ég sagði áður, eftir andstreymi þessara daga, og eftir að kraftar himna munu bifast, þá mun tákn mannsónarins birtast á himni, og allar kynkvíslir jarðar hefja kveinstafi. Og þær munu sjá mannsóninn koma í skjújum himins í veldi og mikilli dýrð —

37 Og hver, sem varðveitir orð

mín, mun ekki láta blekkjast, því að mannsónurinn mun koma, og hann mun senda engla sína á undan sér með hvellum lúðri, og þeir munu safna saman leifunum af hans kjörnu úr áttunum fjórum, himinskauta á milli.

38 Nemið nú líkinguna af fíkju-trénu. Þegar greinar þess eru enn mjúkar og lafið tekur að springa út, þá vitið þér, að sumar er í nánd —

39 Eins skulu mínir kjörnu vita, þegar þeir sjá allt þetta, að hann er í nánd, já, fyrir dyrum —

40 En daginn og stundina veit enginn, nei, ekki englar Guðs á himni, enginn nema faðir minn einn.

41 En eins og var á dögum Nóa, svo mun og verða við komu mannsónarins —

42 Því að eins verður hjá þeim og var á dögum fyrir flóðið. Því að fram að þeim degi, er Nói gekk í örkina, átu þeir og drukku, kvæntust og giftust —

43 Og vissu ekki fyrr en flóðið kom og hreif þá alla burt. Eins verður við komu mannsónarins.

44 Þá mun rætast það, sem ritað er, að á síðustu dögum verði tveir á akri, annar mun tekinn, hinn eftir skilinn —

45 Tvær munu mala á kvörn, önnur verður tekin, hin eftir skilin —

31a Matt 28:19–20.

33a Jóel 2:10; K&S 29:14.

35a K&S 1:38.

36a JS — M 1:18.

b LR Síðari koma Jesú Kristis.

37a LR Ritningar.

b K&S 29:11–15.

c LR Ísrael —

Samansöfnun Ísraels.

38a K&S 35:16.

40a K&S 39:20–21; 49:7.

41a 1 Mós 6:5.

42a LR Flóðið á dögum Nóa.

44a LR Síðustu dagar, síðari dagar.

b Sak 13:8.

46 Það, sem ég segi einum, það segi ég öllum mönnum: “Vakið því, þér vitið eigi hvaða dag Drottinn yðar kemur.

47 Það skuluð þér vita, að ef hús-ráðandinn hefði vitað á hvaða stundu þjófurinn kæmi, hefði hann verið á verði og ekki látið brjótast inn í hús sitt, heldur verið viðbúinn.

48 Verið þér og viðbúinir, því að mannsönnurinn kemur á þeirri stundu, sem þér ætlið eigi.

49 Hver er þá “trúur og hygginn þjónn, sem húsbóndinn hefur sett yfir heimamenn sína til að gefa þeim mat á réttum tíma?

50 Blessaður er sá þjónn, sem húsbóndinn finnur breyta svo, þegar hann kemur. Og sannlega segi ég yður: Hann mun gjöra

hann að stjórnanda allra sinna eigna.

51 En segi hinn illi þjónn í hjarta sínu: Húsbónda mínum “dvelst —

52 Og tekur að berja samþjóna sína og eta og drekka með svöllurum —

53 Þá mun húsbóndi þess þjóns koma á þeim degi, sem hann væntir ekki, og á þeirri stundu, sem hann veit ekki —

54 Og mun höggva hann í sundur og útnefna honum hlutskipti með hræsnurum. Þar mun verða grátur og “gnístran tanna.

55 Og þá koma “endalok hinna ranglátu, samkvæmt spádómi Móse, er segir: Þeir munu útilokaðir frá öðrum, en endalok veraldar eru ekki þar með komin, heldur er tímar líða.

46a LR Vaka, vera á verði, verðir.

49a LR Treysta.

51a K&S 45:26.

54a Matt 8:12.

55a 2 Ne 30:10;

K&S 1:9–10; 29:17.

LR Heimur —

Heimsendir.

JOSEPH SMITH — SAGA

ÚTDRÁTTUR ÚR SÖGU SPÁMANNINS JOSEPHS SMITH

Joseph Smith segir frá ætt sinni, fjölskyldu sinni og fyrri dvalarstöðum hennar — Óvenjulegur áhugi á trúmálum kviknar í vesturhluta New York — Hann ákveður að leita sér vísku samkvæmt ábendingum Jakobs — Faðirinn og sonurinn birtast, og Joseph er kallaður í spámannsþjónustu sína. (Vers 1–20).

VEGNA þeirra mörgu frásagna, sem menn hafa dreift í illum tilgangi um ^atilurð og vöxt ^bKirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, sem allar eru frá höfundanna hendi til þess ætlaðar að vinna gegn kirkjunni sem slíkri og framgangi hennar í veröldinni, hef ég fundið mig knúinn til þess að skrifa þessa sögu til að leiða almenning í sannleikann og gjöra öllum leitendum sannleikans staðreyndirnar heyrinkunnar, eins og þær hafa verið, bæði varðandi mig sjálfan og kirkjuna, að svo miklu leyti sem þær eru mér tiltækar.

2 Í þessari frásögn mun ég greina satt og rétt frá hinum ýmsu atburðum, er snerta kirkjuna, eins og þeir hafa gjörst, eða eins og þeir eru nú [1838] að gjörast, á áttunda ári frá ^astofnun nefndrar kirkju.

3 ^aÉg fæddist á því Herrans ári eitt þúsund átta hundruð og fimm, hinn tuttugasta og þriðja dag desembermánaðar, í bænum Sharon, Windsorsýslu í Vermontríki. . . . Faðir minn, ^bJoseph Smith eldri, fluttist frá Vermont og til Palmyra í Ontaríó-sýslu (nú Wayne-sýsla) í New York-ríki, þegar ég var á tíunda ári eða um það leyti. Um það bil fjórum árum eftir komu föður míns til Palmyra fluttist hann með fjölskyldu sinni til Manchester, sem er í hinni sömu Ontaríó-sýslu —

4 Í fjölskyldu föður míns voru ellefu sálir, þ. e. faðir minn ^aJoseph Smith, ^bmóðir mín Lucy Smith (eftirnafn hennar fyrir giftingu var Mack, dóttir Solomons Mack), bræður mínir ^cAlvin (sem andaðist 19. nóvember 1823 á 26. ári), ^dHyrum, ég sjálfur, bræður mínir ^eSamúel Harrison, William, Don Carlos og systur mínar Sophronia, Catherine og Lucy.

5 Einhvern tíma á öðru ári eftir flutning okkar til Manchester kviknaði á þeim stað, þar sem við bjuggum, óvenjulegur áhugi á trúmálum. Þessi áhugi átti upptök sín meðal meþódista, en breiddist brátt út til allra trúarsafnaða

1 1a LR Endurreisn fagnaðarerindisins.
b LR Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

2a K&S 20:1.
3a LR Joseph Smith yngri.
b 2 Ne 3:15.
4a LR Joseph Smith eldri.
b LR Lucy Mack Smith.

c K&S 137:5–6.
d LR Hyrum Smith.
e LR Samuel H. Smith.

á þessu svæði. Héraðið virtist raunar allt gagntekið af þessu, og mikill fjöldi gekk í hin ýmsu trúfélög, en af þessu spratt engin smáræðis ókyrrð og sundurlyndi á meðal fólksins, því að sumir hrópuðu „sjá hér,“ en aðrir, „sjá þar.“ Sumir héldu fram trúarkenningum meþódista, aðrir presbytera og enn aðrir baptista.

6 Því að þrátt fyrir þann mikla kærleika, sem þeir, sem snerust til hinna ýmsu safnaða, létu í ljós, þegar trúskipti þeirra fóru fram, og þann mikla áhuga, sem fram kom hjá prestunum, sem unnu kappsamlega við að tendra og örva þessa óvenjulegu trúarhneigð, til þess að allir snerust til trúar, eða eins og þeim þóknaðist að kalla það — leyfið fólkinu sjálfu að velja sér söfnuð — þá fór svo, þegar trúskiptingarnir tóku að hvarfla frá og sumir gengu í einn flokk og aðrir í annan, að ljóst varð, að góðvild sú, sem virst hafði ríkjandi í huga presta jafnt sem trúskiptinga, var frekar uppgerð en raunveruleg. Þess vegna spratt af þessu mikill glundroði og úlfúð — prestur deildi við prest og trúskiptingur við trúskipting, svo að gagnkvæm vinsemi þeirra innbyrðis, hafi henni verið til að dreifa, hvarf með öllu í „orðasennum og deilum um skoðanir.

7 Ég var um þetta leyti á fimm-tánda ári. Fjölskyldu föður míns var snúið til trúar presbytera, og gengu fjögur þeirra í þá kirkju, þ.

e. Lucy móðir mín, bræður mínir Hyrum og Samúel Harrison og Sophronia systir mín.

8 Á þessum mikla æsingatíma hneigðist hugur minn til alvarlegra hugleiðinga og mikils kvíða, en þótt tilfinningar mínar væru djúpar og oft sárar, hélt ég mér utan við alla þessa flokka, þótt ég sækti samkomur þeirra eins oft og ég fékk við komið. Þegar tímar liðu, varð ég nokkuð hlynntur söfnuði meþódista, og lék mér hugur á að ganga í hann, en glundroði og barátta var svo hörð á meðal hinna ýmsu safnaða, að ógerningur var fyrir jafn ungan mann og mig og jafn ókunnugan mönnum og málefnum að komast að nokkurri öruggri niðurstöðu um það, hverjir hefðu rétt fyrir sér og hverjir rangt.

9 Hugur minn var oft í miklu uppnámi, hrópin og ókyrrðin voru svo mikil og linnulaus. Presbyterar voru mjög andsnúnir baptistum og meþódistum og beittu af fullum krafti bæði röksemdum og mælsku til að sanna villu þeirra, eða a. m. k. að telja fólki trú um villu þeirra. Á hinn bóginn reyndu baptistar og meþódistar jafn ákaft að sanna sínar kenningar og afsanna kenningar allra annarra.

10 Ég sagði oft við sjálfan mig í miðri þessari orrahríð orða og deilna: Hvað á ég að gera? Hver af öllum þessum flokkum hefur „rétt fyrir sér, eða skjátlást þeim öllum? Hafi einhver þeirra rétt fyrir sér,

hver er það þá og hvernig get ég vitað það?

11 Meðan ég átti í hinu mesta hugarstríði, sem stafaði af baráttu þessara trúfélaga, var ég dag einn að lesa í hinu almenna bréfi Jakobs, þar sem segir í 1. kapítula, 5. vers: *Ef einhvern yðar brestur visku, þá biðji hann Guð, sem gefur öllum örlátlega og átölulaust, og honum mun gefast.*

12 Engin ritningargrein hefur nokkru sinni knúð á hjarta nokkurs manns af meiri krafti en þessi knúði á mitt í þetta sinn. Hún virtist þrengja sér inn í hjarta mitt og tilfinningar af miklu afli. Ég hugleiddi hana aftur og aftur, því að ég vissi, að ef einhver þarfnadist visku frá Guði, þá var það ég, því að ég vissi ekki, hvað ég átti að gera, og ef ég öðlaðist ekki meiri visku en ég bjó þá yfir, mundi ég aldrei vita það, því að kennarar hinna ýmsu trúfélaga “túlkuðu sömu ritningargreinarnar með svo mismunandi hætti, að þeir gerðu að engu trúna á, að hægt væri að útkljá málið með því að skjóta því til ^bBiblíunnar.

13 Um síðir komst ég að þeirri niðurstöðu, að ég yrði annaðhvort að reika áfram í myrkri og óvissu eða ella gera eins og Jakob ráðleggur, það er að segja, biðja til Guðs. Um síðir einsetti ég mér að „biðja Guð,“ því að ég leit svo á, að ef hann veitti þeim visku, sem skorti visku, og veitti hana örlátlega og átölulaust, þá væri mér óhætt að freista þess.

14 Í samræmi við ákvörðun mína að biðja Guð fór ég út í skóg til að gera tilraun. Þetta var að morgunlagi, fagran og heiðskíran dag, snemma vors árið átján hundruð og tuttugu. Þetta var í fyrsta sinn á ævi minni, sem ég hafði gert slíka tilraun, því að þrátt fyrir allan kvíða minn hafði ég enn ekki gert tilraun til að “biðjast fyrir upphátt.

15 Þegar ég var kominn á þann stað, sem ég hafði áður ákveðið að fara, hafði litast þar um og séð, að ég var einn míns liðs, kraup ég á kné og tók að skýra Guði frá óskum hjarta míns. Ég hafði varla gert þetta, þegar einhver kraftur gagntók mig og bugaði gersamlega og hafði þau furðulegu áhrif á mig að lama tungu mína, svo að ég mátti ekki mæla. Niðamyrkur umlukti mig, og mér virtist svo um tíma, að ég væri dæmdur til skjótrar tortímingar.

16 En ég beitti öllu afli mínu til að “ákalla Guð og biðja hann að bjarga mér undan valdi þessa óvinnar, sem hafði náð tökum á mér, og rétt á sama andartaki og ég var að því kominn að láta bugast af örvilnan og gefa mig tortímingunni á vald — ekki ímyndaðri eyðileggingu, heldur á vald einhverrar raunverulegrar veru frá ósýnilegum heimi, sem hafði svo furðulegt vald, að ég hafði aldrei orðið slíks var hjá neinum — einmitt á því andartaki mikillar skelfingar, sá ég ^bljósstólpa beint yfir

12a 1 Kor 2:10–16.
b LR Biblíá.

13a LR Bæn.
14a LR Bæn.

16a HDP Móse 1:20.
b Post 26:13.

höfði mér, skærari en ‘sólin, og hann lækkaði hægt, uns hann féll á mig.

17 Hann hafði ekki fyrir birst en ég fann mig lausan undan óvininum, sem hélt mér fönngnum. Þegar ljósið hvíldi á mér, “sá ég ^btvær verur, svo bjartar og ^cdýrðlegar, að ekki verður með orðum lýst, og stóðu þær fyrir ofan mig í loftinu. Önnur þeirra ávarpaði mig, nefndi mig með nafni og sagði, um leið og hún benti á hina: *Þetta er minn ^aelskaði ^esonur. Hljóð þú á hann!*

18 Tilgangur minn með því að “spyrja Drottin var að fá vitneskju um, hvert allra trúfélaganna hefði rétt fyrir sér, svo að ég vissi, í hvert ég ætti að ganga. Ég hafði því ekki fyrir öðlast vald á sjálfum mér á ný, svo að ég mætti mæla, en ég spurði verur þær, sem stóðu fyrir ofan mig í ljósinu, hvert allra þessara trúfélaga hefði á réttu að standa (því að á þeim tíma hafði það aldrei hvarflað að mér að þau hefðu öll rangt fyrir sér) — og í hvert þeirra ég ætti að ganga.

19 Mér var svarað, að ég mætti ekki í neitt þeirra ganga, því að þeim “skjátlaðist öllum, og veran, sem ávarpaði mig, sagði, að allar játningar þeirra væru viðurstygð í hennar augum og kenningmenn þessir væru allir spilltir: „Þeir ^bnálgast mig með vörunum, en eru fjarri mér

í ‘hjarta sínu. Þeir kenna ^a“boðorð manna, sem eru guðleg að ^eformi til, en þeir afneita krafti þeirra.“

20 Aftur bannaði hún mér að ganga í nokkurt þeirra, og margt fleira sagði hún við mig, sem ég get ekki skráð á þessari stundu. Þegar ég kom til sjálfs mín á ný, varð ég þess áskynja, að ég lá á bakinu og horfði upp í himininn. Þegar ljósið hvarf, var ég gjörsamlega máttvana, en náði mér fljótt að nokkru marki og fór heim. Þegar ég hallaði mér að arminum, spurði móðir mín mig, hvað væri að. Ég svaraði: „Það er allt í lagi — mér líður vel.“ Ég sagði síðan móður minni, að ég hefði komist að því sjálfur, að presbyterar hefðu á röngu að standa. Svo virðist sem “andstæðingnum hafi orðið ljóst mjög snemma í lífi mínu, að mér væri ætlað að verða til ófriðar og skapraunar í ríki hans, eða hvers vegna sameinuðust myrkravöldin annars gegn mér? Hvers vegna varð slík ^bandstaða og ofsóknir gegn mér, strax á unga aldri?

Nokkrir prédikarar og aðrir trúarbragðakennarar hafna frásögninni af fyrstu sýninni — Joseph Smith verður fyrir miklum ofsóknum — Hann vitnar um raunveruleika sýnarinnar. (Vers 21–26).

21 Nokkrum dögum eftir að ég

16c Op 1:16.

17a LR Sýn.

b Post 7:55–56; Kól 3:1.

LR Guð, guðdómur.

c LR Dýrð.

d Matt 3:17; 17:5;

3 Ne 11:7.

e LR Jesús Kristur.

18a K&S 6:11; 46:7.

19a Sál 14. LR Fráhvarf —

Fráhvarf frumkirkju

Krists.

b Jes 29:13–14;

Esek 33:30–31.

c LR Fráhvarf —

Almennt fráhvarf.

d Titus 1:14; K&S 45:29.

e 2 Tím 3:5.

20a LR Djöfull.

b 2 Ne 2:11; K&S 58:2–4.

LR Andstreymi.

sá þessa ^asýn, var ég staddur hjá einum þeirra meðódistapresta, sem átti drjúgan þátt í fyrrgreindri trúaræsingu, og þar sem ég var að ræða trúmál við hann, notaði ég tækifærið til að lýsa sýn þeirri, sem ég hafði séð. Viðbrögð hans komu mér mjög á óvart, því að hann taldi frásögn mína ekki aðeins léttvæga, heldur auðsýndi hann henni fullkomna fyrirlitningu, kvað hana alla frá djöflinum komna, því að á okkar dögum gerðist ekkert, sem gæti talist ^bsýnir eða ^copinberanir, öllu slíku hefði lokið með postulunum, og slíkt kæmi aldrei aftur.

22 Ég komst þó brátt að raunum, að saga mín hafði komið af stað miklum hleypidómum í minn garð meðal kennimanna, og varð hún orsök mikilla ^aofsókna, sem fóru jafnt og þétt í vöxt. Og þótt ég væri aðeins ^bóþekktur ungl-ingur, milli fjórtán og fimmtán ára að aldri, og aðstaður mínar í lífinu vart slíkar, að ungl-ingur gæti skipt nokkru í heiminum, veittu háttsettir menn mér samt svo mikla athygli, að þeir æstu almenningsálitið gegn mér og hvöttu til grimmilegra ofsókna. Þetta var raunar sammerkt öllum trúfélögum — þau tóku öll höndum saman um að ofsækja mig.

23 Eins og svo oft síðar vakti þetta mig til alvarlegra hugleiðinga þá um hve einkennilegt það

væri, að ókunnur drengur, aðeins rúmra fjórtán ára og að auki nauðbeygður til að afla sér fábreyttasta lífsviðurværis með daglegu striti, skyldi teljast nógu mikilvægur til að vekja athygli stórmenna hinna fjölmennustu trúfélaga samtíðarinnar, og það með þeim hætti, að það æsti þá til grimmilegustu ofsókna og lastmæla. En þannig var þetta, þótt einkennilegt megi virðast, og það olli mér oft sárum harmi.

24 Engu að síður var það staðreynd, að ég hafði séð sýn. Mér hefur komið í hug síðar, að mér hafi verið líkt innanbrjósts og ^aPáli, þegar hann ^bvarði mál sitt fyrir Agrippa konungi og sagði frá sýn þeirri, sem fyrir hann hafði borið, þegar hann sá ljós og heyrði rödd, en samt lögðu aðeins fáir trúnað á orð hans. Sumir kváðu hann óheiðarlegan, en aðrir sögðu hann vitskertan, og hann var bæði hæddur og lastaður. En ekkert af þessu gat þó gert að engu raunveruleika sýnar hans. Hann hafði séð sýn, hann vissi að svo var, og hversu miklum ofsóknum sem hann yrði að sæta, fengi því ekkert breytt, og þótt ofsóknirnar yrðu honum að bana, þá vissi hann samt, og mundi vita, meðan hann drægi lífsanda, að hann hefði bæði séð ljós og heyrt rödd ávarpa sig, og allur heimurinn gæti ekki fengið hann til að hugsa annað eða trúa öðru.

21 *a* LR Fyrsta sýnin.
b LR Sýn.
c LR Opinberun.

22 *a* Jakbr 5:10–11.
 LR Ofsækja, ofsókn.
b 1 Sam 16:7;

Al 37:35.
 24 *a* LR Páli.
b Post 26.

25 Þannig var þessu farið með mig. Ég hafði raunverulega séð ljós og í ljósinu miðju hafði ég séð “tvær verur, og þær höfðu raunverulega ávarpað mig. Og þótt ég væri hataður og ofsóttur fyrir að segja, að ég hefði séð sýn, þá var það samt satt. Og meðan þeir ofsóttu mig og lastmæltu mér og töluðu illa um mig að ástæðulausu fyrir að segja frá þessu, spurði ég sjálfan mig í hjarta mínu: Hví er ég ofsóttur fyrir að segja sannleikann? Ég hef raunverulega séð sýn, og hvernig ætti ég að geta staðið gegn Guði, og af hverju hyggst heimurinn fá mig til að neita því, sem ég hef raunverulega séð? Því að ég hafði séð sýn. Ég vissi það, og ég vissi að Guð vissi það, og ég hvorki gat neitað því né þorði að gera það. Ég vissi að minnsta kosti, að með því mundi ég misbjóða Guði og eiga yfir mér fordæmingu.

26 Hvað trúfélögin varðaði, var ég nú orðinn sannfærður um, að mér bæri ekki að ganga í neitt þeirra, heldur halda uppteknum hætti, uns ég fengi önnur fyrirmæli. Ég hafði komist að raun um, að sá “vitnisburður Jakobs væri sannur — að maður, sem skorti visku, gæti beðið Guð ásjár, og hún gæti hlotnast honum átölulaust.

Moróni birtist Joseph Smith — Nafn Josephs verður tákn góðs og ills með öllum þjóðum — Moróni segir honum frá Mormónsbók og dómi Drottins, sem felldur verður, og vitnar í margar ritningargreinar — Felustaður

gulltaflnanna er opinberaður — Moróni heldur áfram að leiðbeina spámanninum. (Vers 27–54).

27 Ég hélt áfram að sinna venjulegum störfum mínum fram til 21. september árið átján hundruð tuttugu og þrjú, en allan þann tíma varð ég að þola miklar ofsóknir manna úr öllum stéttum, bæði trúaðra og trúlausra, af því að ég hélt áfram að staðhæfa, að ég hefði séð sýn.

28 Frá því ég sá sýnina og fram til ársins átján hundruð tuttugu og þrjú urðu alls kyns freistingar á vegi mínum, en mér hafði verið bannað að ganga í nokkurt trúfélag þeirra daga, og var að auki ungur að árum og ofsóttur af þeim, sem hefðu átt að vera vinir mínir og koma vingjarnlega fram við mig, enda hefðu þeir átt að reyna að frelsa mig með rétttri og ástríkt framkomu, ef þeir töldu mig blekktan. Og þar eð ég umgekkst fólk af öllu tagi, gerði ég mig oft sekan um heimskuleg glappaskot, sýndi oft veikleika æskunnar og bresti mannlegs eðlis, sem leiddu mig því miður í ýmiss konar “freistni, sem var ógeðfæld í augum Guðs. Þótt ég geri þessa játningu, þarf enginn að ætla, að ég hafi gert mig sekan um stórar eða illkynjaðar syndir. Í eðli mínu hefur aldrei verið hneigð til að drýgja þær. En ég gerði mig sekan um léttúð og var t. d. stundum í léttlyndum félagskap, sem ekki samræmdist þeim

eiginleikum, sem sá skyldi varðveita, er ^bkallaður var af Guði eins og ég. En engum, sem man æsku mína og þekkir glaðlyndi mitt, ætti að finnast þetta óeðlilegt.

29 Af þessu leiddi, að mér fannst ég oft vera fordæmdur vegna veikleika míns og ófullkonnunar. Því gerðist það að kvöldi framan- greinds tuttugasta og fyrsta dags septembermánaðar, þegar ég var genginn til hvílu, að ég hóf að ákalla almáttugan Guð og “biðja um fyrirgefningu á öllum syndum mínum og heimsku og það hann einnig að sýna mér horfur mínar og stöðu gagnvart honum, því að ég var sannfærður um, að ég ætti eftir að fá guðdómlega vitrun, eins og ég hafði áður fengið.

30 Meðan ég ákallaði Guð, sá ég ljós birtast í herbergi mínu, og jókst það stöðugt, uns birtan var orðin þar meiri en um hábjartan dag. Skyndilega birtist “maður við rúmstokk minn, og sveif hann í lausu lofti, því að fætur hans námu ekki við gólf.

31 Hann var klæddur víðum kyrtli, óviðjafnanlega “hvítum. Hann var hvítari en nokkuð jarðneskt, sem ég hafði nokkru sinni séð, enda trúi ég ekki, að nokkur jarðneskur hlutur geti orðið jafn frábærlega hvítur og ljómandi. Hendur hans voru berar, svo og handleggirnir nokkuð ofan við

úlnliði, og auk þess var hann berfættur og fótleggir hans berir nokkuð upp fyrir ökkla. Hann var einnig ber um höfuð og háls. Ég gat séð, að hann klæddist kyrtli þessum einum, því að hann var opinn, svo að ég sá í bringu hans.

32 Kyrtill hans var ekki aðeins framúrskarandi hvítur, heldur var og öll persóna hans svo “dýrðleg, að orð fá því ekki lýst, og yfirbragð hans var sannarlega sem ^bleiftur. Herbergið varð óumræðilega bjart, en þó ekki allt eins bjart og hið næsta manningum. Í fyrstu varð ég “óttasleginn, þegar ég sá hann, en óttinn hvarf mér von bráðar.

33 Hann ávarpaði mig með “nafni og sagði mér, að hann væri sendiboði, sem sendur væri á minn fund úr návist Guðs og hétí Moróní. Guð ætlaði mér verk að vinna og nafn mitt yrði talið tákn góðs og ills með öllum þjóðum, kynkvíslum og tungum, eða að bæði yrði talað vel og illa um það með öllum lýðum.

34 Hann sagði, að “bók væri geymd, letruð á ^bgulltöflur, þar sem lýst væri fyrri íbúum þessarar álfa og sagt frá uppruna þeirra. Hann sagði og, að hún hefði að geyma “fyllingu hins ævarandi fagnaðarerindis, eins og frelsarinn hefði fengið það íbúunum til forna —

28b LR Köllun, kallaður af Guði.

29a LR Bæn.

30a LR Englar; Moróní, sonur Mormóns.

31a Post 10:30;

1 Ne 8:5; 3 Ne 11:8.

32a 3 Ne 19:25. LR Dýrð.

b 2 Mós 34:29–35;

He 5:36; K&S 110:3.

c 2 Mós 3:6; Et 3:6–8, 19.

33a 2 Mós 33:12, 17;

Jes 45:3–4.

34a LR Mormónsbók.

b LR Gulltöflur.

c LR Endurreisn fagnaðarerindisins.

35 Einnig að tveir steinar greyptir í silfurboga — og steinar þessir, festir við ^abrjóstplötu, mynduðu það sem kallast ^bÚrím og Túmmím — væru með töflunum, en umráð og notkun steinanna hefði til forna eða fyrr á tímum gert menn að „sjáendum,“ og hefði Guð útbúið þá til þess að þýða bókina.

36 Þegar hann hafði sagt mér þetta, tók hann að vitna í spádóma ^aGamla testamentisins. Hann vitnaði fyrst í ^bþriðja kapítula Malakís, og hann vitnaði einnig í fjórða eða síðasta kapítula sama spádóms, en þó með nokkru fráviki frá okkar Biblíu. Í stað þess að vitna í fyrsta vers, eins og það er í okkar bókum, vitnaði hann þannig í það:

37 *Því að sjá. Sá dagur kemur, sem mun ^bglóa sem ofn, og allir hrokafullir og allir þeir, sem ranglæti fremja, munu brenna sem ^chálmleggir, því að þeir, sem koma, munu brenna þá, segir Drottinn hersveitanna, svo að hvorki verði eftir af þeim rót né kvistur.*

38 Síðan vitnaði hann þannig í fimmta vers: *Sjá, ég mun opinbera yður ^aprestdæmið með hendi ^bElía spámanns, áður en hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins kemur.*

39 Hann vitnaði einnig með breyttum hætti í næsta vers: *Og hann mun gróðursetja í hjörtum barnanna ^afyrirheit þau, sem feðrunum voru gefin, og hjörtu barnanna munu ^bsnúast til fedra sinna. Ef svo væri ekki, mundi jörðin öll verða gjörmynd við komu hans.*

40 Auk þess vitnaði hann í ellifta kapítula Jesaja og sagði, að hann væri um það bil að rætast. Hann vitnaði líka í þriðja kapítula, tuttugasta og annað og tuttugasta og þriðja vers Postulasögunnar, nákvæmlega eins og þau standa í Nýja testamenti okkar. Hann sagði, að ^aspámaðurinn væri Kristur, en sá dagur væri enn ekki kominn, þegar „sérhver sál, sem ekki hlýðir á þennan spámann, mun ^bútilokast frá lýðnum,“ en hann væri í nánd.

41 Hann vitnaði einnig í ^aþriðja kapítula Jóels, frá fyrsta vers til þess fimmta. Hann sagði einnig, að það hefði ekki ræst enn, en mundi senn rætast. Og enn fremur sagði hann, að fyllingartími ^bÞjóðanna kæmi brátt. Hann vitnaði í margar aðrar ritningargreinar og gaf margar skýringar, sem hér er ekki svigrúm til að minnst á

42 Hann sagði og, að þegar ég hefði fengið töflurnar, sem

35a 3 Mós 8:8.

LR Brjósthlífar.

b 2 Mós 28:30.

LR Úrím og Túmmím.

c LR Sjáandi.

36a LR Gamla testamentið.

b LR Malakí.

37a LR Síðari koma Jesú

Krists.

b 3 Ne 25;

K&S 64:23–24.

LR Heimur —

Heimsendir; Jörð —

Hreinsun jarðar.

c Nahúm 1:8–10;

1 Ne 22:15, 23;

2 Ne 26:4–6; K&S 29:9.

38a LR Lyklar

prestdæmisins;

Prestdæmi.

b K&S 27:9; 110:13–16.

LR Elía.

39a Gal 3:8, 19.

b LR Sáluhjálpar fyrir hina

dánu; Ættfræði.

40a 5 Mós 18:15–19.

b 3 Ne 20:23; 21:20.

41a Post 2:16–21.

b Róm 11:11–25;

K&S 88:84. LR Þjóðirnar.

hann hefði talað um — því að enn væri ekki komið að því að ég fengi þær — mætti ég engum sýna þær, ekki heldur brjóstplötuna með Úrím og Túmmím, nema þeim, sem mér yrði boðið að sýna þær, ella yrði mér tortímt. Meðan hann ræddi við mig um töflurnar, opnaðist mér “hugarsýn, svo að ég sá staðinn þar sem töflurnar voru geymdar, og það svo skýrt og greinilega að ég þekkti hann aftur þegar ég kom þangað.

43 Eftir þessar samræður sá ég að ljósið í herberginu tók að safnast umhverfis þann, sem við mig hafði talað, og hélt svo áfram, þar til aftur var myrkt í herberginu, nema rétt umhverfis hann. En þá sá ég skyndilega opnast göng beint upp til himins, að því er virtist, og hann sté upp, þar til hann hvarf með öllu, og herbergið varð aftur eins og það hafði verið, áður en þetta himneska ljós birtist.

44 Ég lá og hugleiddi hve einstakt þetta atvik hefði verið, og furðaði mig mjög á því, sem þessi sérstæði sendiboði hafði sagt mér, en þá uppgötvaði ég allt í einu, mitt í “hugleiðingum mínum, að aftur tók að birta í herberginu, og á augabragði, að því er virtist, birtist sami himneski sendiboðinn aftur við rúmstokk minn.

45 Hann tók til máls og endurtók nákvæmlega það sama og hann hafði sagt við fyrri heimsóknina, án minnstu breytingar. En að því búnu sagði hann mér frá miklum

dómum, sem yfir jörðina kæmu, með mikilli eyðingu af völdum hungursneyðar, hernaðar og drep-sóttar. Hann sagði, að þessir þungbæru dómar kæmu yfir jörðina á okkar tímum. Þegar hann hafði skýrt mér frá þessu, sté hann aftur upp á sama hátt og áður.

46 Þegar hér var komið, hafði þetta haft slík áhrif á huga minn, að mér kom ekki blundur á brá, og ég lá agndofa vegna þess, sem ég hafði séð og heyrð. En mikil varð undrun mín, þegar ég sá sama sendiboðann enn við rúm mitt og heyrði hann endurtaka, eða hafa yfir á ný, það sama og áður. Og hann bætti við, mér til varnaðar, að “Satan mundi reyna að ^bfreista mín (vegna fátæktar fjölskyldu minnar) til að ná töflunum í auðgunarskyni. Slíkt bannaði hann mér og sagði, að eina ^cmarkmið mitt með því að ná þeim skyldi vera að vegsama Guð, og ég mætti ekkert annað takmark hafa en byggja upp ríki hans, ella næði ég þeim ekki.

47 Eftir þessa þriðju heimsókn sté hann enn til himins eins og áður, en ég tók á ný að íhuga þessa einkennilegu reynslu mína. En næstum þegar eftir að hinn himneski sendiboði var horfinn mér til himins í þriðja sinn, gól haninn, og ég varð þess áskynja, að dagur var í nánd, þannig að samræður okkar hlutu að hafa staðið alla nóttina.

48 Ég reis úr rekkju skömmu

42a LR Hugur.

44a LR Íhuga, ígrunda.

46a LR Djöfull.

b LR Freista, freisting.

c K&S 121:37.

síðar og hóf að venju hið nauðsynlega strit dagsins, en þegar ég reyndi að haga vinnu minni eins og endranær, var ég svo farinn að kröftum, að ég var gjörsamlega óvinnufær. Faðir minn, sem vann mér við hlið, varð þess var að eitt-hvað amaði að mér og sagði mér að fara heim. Ég lagði af stað og ætlaði heim, en þegar ég reyndi að fara yfir girðinguna, sem var umhverfis akurinn, þar sem við vorum, hvarf mér allur máttur, ég hné örmagna til jarðar og lá síðan um tíma rænulaus með öllu.

49 Það fyrsta, sem ég man, var rödd, sem ávarpaði mig með nafni. Ég leit upp og sá sama sendiboðann og áður standa yfir höfði mér, umlukinn ljósi sem fyrr. Hann endurtók síðan enn á ný allt sem hann hafði sagt mér nóttina áður, og bauð mér að fara á fund “föður míns og segja honum frá sýninni og boðum þeim, sem ég hafði fengið.

50 Ég hlýddi. Ég fór aftur til föður míns úti á akrinum og sagði honum alla söguna. Hann svaraði því og sagði, að þetta væri frá Guði, og að ég ætti að fara og gera eins og sendiboðinn hafði boðið. Ég fór af akrinum og hélt til þess staðar, sem töflurnar voru geymdar, að sögn sendiboðans. Og vegna þess hve sýnin hafði verið greinileg, þekkti ég strax staðinn þegar ég kom þangað.

51 Skammt frá þorpinu Manchester í Ontaríó-sýslu, New

York-ríki, er allhá “hæð, öllum öðrum hæðum hærrí á þeim slóðum. Töflurnar var að finna í steinkistu undir allstórum steini í vesturhlíðum hæðarinnar, skammt þar frá sem hún er hæst. Steinn þessi var þykkur og bungaði í miðju að ofan, en var þynnri til jaðranna, svo að miðhluti hans stóð upp úr jörðunni, en brúnirnar voru þaktar mold allt um kring.

52 Þegar ég hafði mokað moldinni frá, fékk ég mér vogarstöng, sem ég rak undir brún steinsins, og tókst mér að lyfta honum með nokkru átaki. Ég leit í kistuna, og svo sannarlega sá ég þar “töflurnar, ^bÚrím og Túmmím og ^cbrjóstplötuna, eins og sendiboðinn hafði sagt. Kista sú, sem þetta var í, var gerð á þann hátt, að steinar voru lagðir saman í einhvers konar steinlím. Á botni kistunnar voru tveir steinar lagðir í kross, og á steinum þessum lágu töflurnar og aðrir hlutir, sem með þeim voru.

53 Ég gerði tilraun til að taka þær upp, en sendiboðinn bannaði mér það og endurtók að tíminn til að birta þær væri enn ekki kominn og kæmi ekki fyrr en eftir fjögur ár frá þessum tíma að telja. En hann sagði mér, að ég ætti að koma á þennan stað nákvæmlega að einu ári liðnu, og mundi hann þá hitta mig þar, og þetta ætti ég að gera árlega, þar til sú stund rynni upp, að ég fengi töflurnar.

49a LR Joseph Smith eldri.
51a LR Kúmóra, hæðin.

52a Morm 6:6.
LR Gulltöflur.

b LR Úrím og Túmmím.
c LR Brjósthlifur.

54 Ég fór því á staðinn árlega, eins og mér hafði verið boðið, og í hvert sinn var sami sendiboðinn þar fyrir, og í sérhverju viðtali okkar fékk ég hjá honum fyrirmæli og upplýsingar um fyrirætlan Drottins, hvernig og á hvaða hátt stýra ætti „ríki hans hina síðustu daga.

Joseph Smith giftist Emmu Hale — Hann fær gulltöflurnar frá Moróni og þýðir nokkur leturtákn — Martin Harris sýnir Anthon prófessor tákn og þýðingar á þeim, en hann segir: „Ég get ekki lesið innsiglaða bók.“ (Vers 55–65).

55 Þar sem veraldarauður föður míns var mjög takmarkaður, var okkur nauðsyn að stunda erfiðisvinnu, ráða okkur sem daglaunamenn og á annan hátt, eftir því sem tækifæri gafst til. Stundum vorum við heima, en þess á milli að heiman, og með stöðugu striti tókst okkur að komast sæmilega af.

56 Árið 1823 var mjög að fjölskyldu minni þrengt við dauða elsta bróður míns „Alvins. Í októbermánuði 1825 réðst ég til aldrads heidursmanns, sem hét Josia Stoyal, í Chenangosýslu í New York-ríki. Hann hafði frétt eitt hvað um, að Spánverjar hefðu opnað silfurnámu í Harmony, Susquehannasýslu í Pennsylvaníu, og hafði, áður en ég réðst til hans, verið við gröft í von um að finna námuna. Eftir að ég kom til hans,

lét hann mig, ásamt öðru vinnufólki sínu, grafa eftir námunni, og vann ég við það verk í tæpan mánuð, án nokkurs árangurs, en að lokum tókst mér að fá gamla manninn til að hætta greftrinum. Af þessu spratt sá þraláti orðrómur, að ég hafi verið að grafa eftir peningum.

57 Meðan ég vann þarna, var ég látinn búa hjá Ísak nokkrum Hale, sem bjó á þessum stað. Það var þar, sem ég sá konu mína (dóttur hans), „Emmu Hale, fyrsta sinni. Við vorum gefin saman í hjónaband 18. janúar 1827, meðan ég var enn í þjónustu Stoals.

58 Vegna áframhaldandi fullyrðinga minna um, að ég hefði séð sýn, var ég enn „ofsóttur, og fjölskylda eiginkonu minnar var mjög andvíg hjónabandi okkar. Mér var því nauðsynlegt að fara burt með hana, og fórum við til Squire Tarbill-hússins í Suður Bainbridge, Chenangosýslu, New York, og vorum vígð þar í hjónaband. Þegar eftir hjónavígsluna fór ég úr þjónustu Stoals og hélt heim til föður míns og stundaði búskap með honum það ár.

59 Um síðir var kominn tími til að taka töflurnar, Úrím og Túmmím og brjóstplötuna. Hinn tuttugasta og annan dag septembermánaðar árið átján hundruð tuttugu og sjö, þegar ég hafði að vana farið að enn einu ári liðnu á þann stað, þar sem það var geymt, afhenti sami himneski sendiboðinn mér það

54a LR Ríki Guðs eða ríki himna.

56a K&S 137:5–8.
57a LR Emma Hale Smith.

58a LR Ofsækja, ofsókn.

með þeim fyrirmælum, að ég ætti að bera ábyrgð á því, og ef ég léti það frá mér fara vegna "hirduleysis eða einhverrar vanrækslu, yrði ég útilokaður. Ef ég á hinn bóginn beitti öllu þreki mínu til að varðveita það, þar til hann, sendiboðinn, gerði tilkall til þess, yrði það varðveitt.

60 Ég komst brátt að ástæðu þess, að ég hafði fengið svo ströng fyrirmæli um að gæta þess og hverju það sætti, að sendiboðinn hafði sagt, að þegar ég hefði gert það, sem af mér væri krafist, kæmi hann til að sækja það. Ekki var það fyrr kunnugt að ég hefði það, en reynt var til hins ýtrasta að ná því frá mér. Í þeim tilgangi var neytt allra klækja, sem hægt var að finna upp. Ofsóknirnar urðu enn grimmilegri og hatrammari en áður, og hópar manna biðu sífellt færís á að ná því frá mér, ef hægt væri. En vegna visku Guðs var það óhult í höndum mínum, uns ég hafði gert það, sem ætlast var til af mér. Þegar sendiboðinn kom til að sækja það, eins og um hafði verið talað, afhenti ég honum það, og hann hefur það í sinni umsjá til þessa dags, sem er annar dagur maímánaðar árið átján hundruð þrjátíu og átta.

61 Æsingar héldu hins vegar áfram, og óteljandi slúðurtungur voru sífellt önnur kafnar við að dreifa lygum um fjölskyldu föður míns og mig. Þótt ég segði aðeins frá þúsundasta hluta þeirra, mundi

það fylla margar bækur. Ofsóknirnar urðu hins vegar svo óbærilegar, að ég neyddist til að flytjast frá Manchester, og fór ég ásamt konu minni til Susquehannasýslu í Pennsylvaníu. Meðan við bjuggumst til ferðar — við vorum sárfátæk og ofsóknirnar hvíldu svo þungt á okkur, að engar líkur voru til, að breyting yrði þar á — eignuðumst við mitt í þrengingum okkar vin, heiðursmann að nafni ^aMartin Harris, sem kom til okkar og gaf mér fimmtíu dali okkur til hjálpar á ferð okkar. Harris var búsettur í Palmyra í Wayne-sýslu í New York-ríki, og var hann þar virtur bóndi.

62 Vegna þessarar tímabæru aðstoðar tókst mér að komast á áfangastað í Pennsylvaníu, og þegar eftir komuna þangað hófst ég handa um að afrita táknin á töflunum. Ég afritaði talsverðan fjölda þeirra og þýddi sum þeirra með aðstoð ^aÚríms og Túmmíms, en þetta gerði ég frá þeim tíma, er ég kom á heimili tengdaföður míns í desembermánuði og fram í febrúar árið eftir.

63 Einhvern tíma í þessum febrúarmánuði kom fyrrnefndur Martin Harris heim til okkar, tók við táknunum, sem ég hafði ritað eftir töflunum, og fór með þau til New York-borgar. Varðandi atburði þá, sem gerðust að því er hann og táknin snerti, vísa ég til hans eigin frásagnar af þeim, eins og hann rakti þá fyrir mér við heimkomuna, en hún var á þessa leið:

59a JS — S 1:42.
b LR Ritningar —
Ritningar sem

varðveita ber.
61a K&S 5:1.
LR Martin Harris.

62a LR Úrím og Túmmím.

64 „Ég fór til New York-borgar og lagði tákinn, sem höfðu verið þýdd, ásamt þýðingunni á þeim, fyrir Charles Anthon prófessor, sem kunnur var fyrir bókmenntaafrek sín. Anthon prófessor sagði að þýðingin væri rétt, raunar betri en nokkur þýðing úr egypsku, sem hann hefði séð áður. Síðan sýndi ég honum þau tákni, sem höfðu ekki enn verið þýdd og kvað hann þau egypsk, kaldeísk, assyrísk og arabísk, og sagði þau vera sönn tákni. Hann fékk mér vottorð, sem fullvissaði íbúa Palmyra um að þetta væru sönn tákni og að þýðing þeirra tákna, sem hefðu verið þýdd, væri líka rétt. Ég tók vottorðið, stakk því í vasann og var rétt að fara út úr húsinu, þegar hr. Anthon kallaði á mig og spurði hvernig ungi maðurinn hefði orðið þess áskynja, að gulltöflurnar væru á þeim stað, þar sem hann hefði fundið þær. Ég svaraði því til, að engill Guðs hefði opinberað honum það.

65 Þá sagði hann við mig: „Leyf mér að sjá vottorðið.“ Ég tók það því úr vasa mínum og rétti honum, en hann tók það og reif það í smátt með þeim orðum, að nú væri ekkert til lengur, sem héti þjónusta „engla, og ef ég vildi færa sér töflurnar, skyldi hann þýða þær. Ég sagði honum, að hluti taflnanna væri ^binnsiglaður og mér væri forboðið að koma með þær. Hann svaraði: „Ég get ekki

lesið innsiglaða bók.“ Ég fór frá honum og til dr. Mitchells, sem staðfesti það, sem Anthon prófessor hafði sagt um tákni og þýðinguna.“

.....

Oliver Cowdery þjónar sem ritari við þýðingu Mormónsbókar — Joseph og Oliver hljóta Aronsprestðæmið frá Jóhannesi skírara — Þeir eru skírðir, vígðir, og hljóta spádómsandann. (Vers 66–75).

66 Hinn 5. apríl 1829 kom „Oliver Cowdery heim til mín, en ég hafði aldrei séð hann fyrr. Hann sagði mér, að þar eð hann hefði stundað kennslu í skóla í grennd við heimili föður míns og faðir minn hefði verið einn þeirra, sem sendu nemendur í skólann, hefði hann búið hluta af árinu á heimili hans, en meðan hann hafði verið þar, hefði fjölskyldan sagt honum frá því, hvernig ég hefði fengið töflurnar í hendur, og þess vegna hefði hann komið til að fá upplýsingar hjá mér.

67 Tveimur dögum eftir komu Cowderys (þ.e. 7. apríl) hóf ég að þýða Mormónsbók, en hann skrifaði upp eftir mér.

.....

68 Við unnum enn að þýðingunni, þegar við í næsta mánuði (maí 1829) fórum dag nokkurn út í skóg til að biðjast fyrir og spyrja Drottin um „skírni til ^bfyrirgefningar syndanna, sem við höfðum séð nefnda í þýðingunni

65a LR Englar.
b Jes 29:11–12;

2 Ne 27:10; Et 4:4–7.
66a LR Oliver Cowdery.

68a LR Skírni, skíra.
b LR Fyrirgefning synda.

á töflunum. Meðan við fengumst við þetta, báðumst fyrir og ákölluðum Drottin, sté ‘sendiboði frá himni niður í ^aljósskýi, lagði ‘hendur yfir okkur og ^fvígði okkur að því búnu, með svofelldum orðum:

69 *Yður, samþjónum mínum, veiti ég í nafni Messíasar ^aAronspred-dæmið, sem hefur lykla að þjónustu engla og fagnaðarerindi iðrunar og niðurdýfingarskírni til fyrirgefningar syndanna. Og þetta skal aldrei aftur af jörðunni tekið, uns synir ^bLevís færa Drottinni aftur fórn í réttlæti.*

70 Hann kvað þetta Aronspred-dæmi ekki hafa vald til handayfirlagningar fyrir ^agjöf heilags anda, en það yrði okkur veitt síðar. Og hann bauð okkur að fara og láta skírast og gaf okkur þær leiðbeiningar, að ég ætti að skíra Oliver Cowdery, sem síðan ætti að skíra mig.

71 Í samræmi við það fórum við og vorum skírðir. Ég skírði hann fyrst, og síðan skírði hann mig — en síðan lagði ég hendur á höfuð hans og vígði hann til Aronspred-dæmis, en að því búnu lagði hann hendur yfir mig og vígði mig til hins sama prestdæmis — því að svo var okkur boðið.*

72 Sendiboði sá, sem kom til okkar í þetta sinn og veitti okkur þetta prestdæmi, kvaðst heita ‘Jóhannes, sá hinn sami og nefndur væri Jóhannes skírari í Nýja testamentinu. Hann kvaðst starfa undir stjórn ^bPéturs, ‘Jakobs og ^dJóhannesar, sem hefðu ‘lykla ^fMelkisedeksprest-dæmisins, en það prestdæmi, sagði hann, yrði okkur veitt, er fram liðu stundir, og ætti ég að kallast fyrsti ^eöldungur kirkjunnar og hann (Oliver Cowdery) annar. Það var fimmtánda

* Oliver Cowdery lýsir þessum atburðum þannig: „Þetta voru ógleymanlegir dagar. Það vakti djúpa þakklætistilfinningu í brjósti mér að sitja undir hljómi raddar, sem barst með innblæstri frá himni. Dag eftir dag hélt ég ótruflað áfram að skrifa niður það, sem frá munni hans barst, þegar hann þýddi söguna eða heimildina, sem nefnd er ‚Mormónsbók,‘ með hjálp Úríms og Túmmíms, eða eins og Nefítarnir hefðu sagt, með hjálp ‚útlegjaranna.‘

Það samræmist ekki núverandi áformum mínum að segja, jafnvel í fáum orðum, frá hinni áhugaverðu frásögn Mormóns og hins trúfasta sonar hans, Morónís, af fólki, sem hinninn eitt sinn elskaði og hafði mætur á. Ég mun því fresta því til síðari tíma og, eins og ég sagði í upphafi, snúa mér heldur beint að nokkrum atburðum, sem eru í beinum tengslum við tilurð þessarar kirkju og gætu orðið til ánægju þeim þúsundum, sem gengið hafa fram þrátt fyrir fjandskap ofsatrúarmanna og rógburð hræsnaara og tekið á móti fagnaðarerindi Krists.

Enginn maður með fullu viti gæti þýtt og skráð þær nákvæmu leiðbeiningar, sem

68c LR Jóhannes skírari.

d 4 Mós 11:25;

Et 2:4–5, 14;

K&S 34:7.

e TA 1:5.

LR Handayfirlagning.

f LR Vald; Vígja, vígsla.

69a LR Aronspred-dæmið.

b 5 Mós 10:8;

K&S 13; 124:39.

LR Leví — Ættkvísl

Levís.

70a LR Gjóf heilags anda.

72a LR Jóhannes skírari.

b K&S 27:12–13.

LR Pétur.

c LR Jakob Sebedeusson.

d LR Jóhannes

Sebedeusson.

e LR Lyklar

prest-dæmisins.

f LR Melkisedeksprest-

dæmi.

g LR Öldungur.

dag maímánaðar 1829, sem þessi sendiboði vígði okkur og skírði.

73 Jafnskjótt og við höfðum komið upp úr vatninu eftir skírningu, nutum við mikilla og dýrðlegra blessana frá himneskum föður okkar. Ég hafði ekki fyrr skírt Oliver Cowdery en ^aheilagur andi kom yfir hann, og hann reis á fætur og ^bspáði fyrir um marga hluti, sem áttu senn að verða. Og aftur varð það, þegar ég hafði hlotið skírningu hjá honum, að spádómsandi kom og yfir mig, þegar ég reis á fætur, og spáði ég þá uppgangi þessarar kirkju og mörgu öðru í sambandi við kirkjuna og þessa kynslóð manna barna. Við fylltumst heilögum anda og fögnuðum í Guði hjálpræðis okkar.

74 Þar eð andar okkar höfðu nú verið upplýstir, fóru ritin að verða okkur ^aauðskildari, og hin

^braunverulega merking og tilgangur hinna dulúðugustu málsgreina varð okkur ljós með hætti, sem við höfðum aldrei kynnst áður eða okkur til hugar komið. En um sinn neyddumst við til að leyna, með hvaða hætti við hefðum hlotið prestdæmið og að við hefðum verið skírðir, sakir þess ofsóknaranda, sem þegar var auðsær í grenndinni.

75 Okkur hafði við og við verið hótað því, að múgur réðist á okkur, og jafnvel kennimenn höfðu hótað þessu. Það eina, sem hindraði árás af hálfu múgsins, var áhrif frá fjölskyldu tengd föður míns (fyrir guðlega forsjá), sem hafði vingast mjög við mig, var andvíg múgæði og hafði hug á, að ég gæti haldið þýðingarstarfinu áfram án truflana, og bauð því og hét okkur vernd gegn öllu ólöglegu athæfi, eftir því sem þeim væri unnt.

Nefitar fengu af munni frelsarans, um þann hátt, sem skyldi hafður á um uppbyggingu kirkju hans, sérstaklega þegar spilling hafði gert ótrygg öll form og kerfi manna, án þess að óska sér þeirra forréttinda að sýna vilja hjarta síns með því að verða grafinn í hinni votu gröf og standa með ‚góða samvisku fyrir upprisu Jesú Krists.‘

Eftir að hafa skrifað frásögnina um helga þjónustu frelsarans við leifarnar af niðjum Jakobs hér í þessari álfu, var auðvelt að sjá, eins og spámaðurinn sagði að yrði, að myrkur grúfði yfir jörðunni og formyrkvaði hugi manna. Við nánari athugun var auðvelt að sjá, að innan um miklar trúarbragðærjur og hávaða í sambandi við þær hafði enginn vald frá Guði til að framkvæma helgiathafnir fagnaðarerindisins. Því að spyrja mætti, hvort þeir menn hafi vald til að starfa í nafni Krists, sem afneita opinberunum, þegar vitnisburður hans er einmitt andi spádóms og trú hans grundvölluð, reist og studd með beinum opinberunum á öllum tímum veraldar, meðan hann hefur haft fólk á jörðunni? Ef þessar staðreyndir voru grafnar og vandlega huldar fyrir atbeina þeirra manna, sem hefðu átt starf sitt í hættu, ef þær hefðu fengið að blasa við mönnum, þá voru þær ekki lengur huldar okkur, heldur biðum við aðeins eftir að boðið kæmi: ‚Rísið og látið skírast.‘

Ekki leið langur tími, þar til ósk okkar varð að veruleika. Drottinn, sem er fullur miskunnar og sífellt fús til að svara staðfastri bæn hins auðmjúka, gjörðist svo lítillátur að sýna okkur vilja sinn, eftir að við höfðum ákallað hann heitt fjarri mannabygðum.

73a LR Heilagur andi.
b LR Spádómur, spá.

74a LR Skilningur.
b Jóh 16:13.

Skyndilega og eins og frá eilífðinni sjálfri færði rödd lausnarans okkur frið. Þá var hulnni svipt frá, og engill Guðs kom niður, íklæddur dýrð, og færði okkur þann boðskap, sem við höfðum svo ákaft vonast eftir, ásamt lykklum iðrunarboðskaparins. Hvílik gleði! Hvílik undur! Hvílik dásemd! Á sama tíma og heimurinn var kvalinn og viti sínu fjær — meðan milljónir fálmuðu sem blindir eftir veggnum, og meðan allir menn, sem einn hópur, höfðu aðeins óvissuna sér til stuðnings, heyrðu eyru okkar og sáu augu okkar eins og í ‚skærustu dagsbirtu,‘ já, skærari en geislar máisólarinnar, sem þá breiddi ljóma sinn yfir náttúruna! Þá smaug rödd hans, þó mild væri, inn í sjálft hjartað, og orð hans, ‚ég er samþjónn yðar,‘ dreifðu öllum ótta. Við hlustuðum, við stöðum og við fylltumst aðdáun. Þetta var rödd engils frá dýrðinni, þetta var boðskapur frá hinum æðsta. Og meðan við hlýddum á, fögnuðum við, meðan ást hans fékk sálir okkar til að brenna, og sýn hins almáttuga umlukti okkur. Hvar var rúm fyrir efa? Hvergi. Óvissan var á brott, efinn horfinn og mundi aldrei aftur vakna, og blekkingar og svik voru að eilífu að baki.

En kærri bróðir, hugsaðu þér, hugsaðu þér andartak enn, þá gleði, sem fyllti hjörtu okkar, og í hvílikri undrun við hljótum að hafa kropið (því að hver hefði ekki beygt kné sín fyrir slíkri blessun?), þegar við hlutum af hans hendi hið heilaga prestdæmi, um leið og hann sagði: ‚Yður, samþjónum mínum, veiti ég í nafni Messíasar þetta prestdæmi og þetta vald, sem haldast skal á jörðunni, svo að synir Levís megi enn færa Drottni fórn í réttlæti.‘

Ég mun hvorki reyna að lýsa fyrir ykkur tilfinningum mínum né hinni tignarlegu fegurð og dýrð, sem umlukti okkur í þetta skipti. En þið munuð trúá mér, þegar ég segi, að hvorki jörðin né mennirnir með málsnilld allra tíma gæti klætt mál sitt á jafn hrífandi og rismikinn hátt og þessi heilaga vera. Nei, ekki hefur heldur jörðin vald til að færa þá gleði, veita þann frið eða skilja þá visku, sem hver setning geymdi, er þær voru fluttar með krafti hins heilaga anda. Menn geta taldregið meðbræður sína, blekking fylgir ef til vill í kjölfar blekkingar, og börn hins rangláta geta haft vald til að ginna hina grunnhyggnu og fávísu, þar til fjöldinn nærast aðeins á hugarburði og hinn þungi straumur, sem blekkingunum fylgir, fleytir hinum óstöðugu til grafarinnar. En örllítill snerting frá fingri ástar hans, já, einn dýrðargeisli frá upphæðum eða eitt orð af munni frelsarans, frá barmi eilífðarinnar, gerir það allt léttvægt og þurrkar það að eilífu burt úr huganum. Vitneskjan um, að við vorum í návist engils, fullvissan um, að við heyrðum rödd Jesú, og óflekkaður sannleikurinn, eins og hann streymdi frá helgri veru að Guðs vilja, allt þetta er mér ólýsanlegt. Og svo lengi sem mér leyfist að dvelja hér, mun ég ætíð líta á þessa gæsku frelsarans með undrun og þakklæti. Og í þeim hífylum, þar sem fullkomnunin ríkir og syndin á engan aðgang að, vonast ég til að fá að tilbiðja á þeim degi, sem aldrei tekur enda.“ — Messenger and Advocate, 1. bindi, (október, 1834), bls. 14–16.

TRÚARATRIÐI

KIRKJU JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU

VÉR ^atrúum á ^bGuð, hinn eilífa föður, og á ^cson hans, Jesú Krist, og á ^dheilagan anda.

2 Vér trúum, að mönnum verði refsað fyrir ^eeigin syndir, en ekki fyrir brot ^bAdams.

3 Vér trúum, að fyrir ^afriðþægingu Krists geti allir menn orðið ^bhólpnir með ^chlýðni við ^dlögmal og helgiathafnir ^efagnaðarerindisins.

4 Vér trúum, að frumreglur og ^ahelgiathafnir fagnaðarerindisins séu: Í fyrsta lagi ^btrú á Drottin Jesú Krist; í öðru lagi ^ciðrun; í þriðja lagi ^dskírn með niðurdýfingu til ^efyrirgefningar synda; í fjórða lagi ^fhandayfirlagning til veitingar á ^ggjöf heilags anda.

5 Vér trúum, að maður verði að

vera ^akallaður af Guði með ^bspádómi og með ^chandayfirlagningu þeirra sem ^dvald hafa, til að ^eprédika fagnaðarerindið og framkvæma ^fhelgiathafnir þess.

6 Vér höfum trú á sama ^askipulagi og var í frumkirkjunni, þ.e. ^bpostulum, ^cspámönnum, ^dhirðum, fræðurum, ^eguðspjallamönnum og svo framvegis.

7 Vér höfum trú á ^agjöf til að tala ^btungum, gjöf ^cspádóma, ^dopinberana, ^esýna, ^flækninga, ^gtúlkunar tungna og svo framvegis.

8 Vér trúum, að ^aBiblían sé ^borð Guðs, að svo miklu leyti sem hún er ^crétt þýdd. Vér trúum einnig, að ^dMormónsbók sé orð Guðs.

9 Vér trúum öllu, sem Guð hefur ^aopinberað, öllu, sem hann nú

- 1 *a* LR Trú, trúa.
b LR Guð, guðdómur — Guð faðirinn.
c LR Guð, guðdómur — Guð sonurinn; Jesús Kristur.
d LR Guð, guðdómur — Guð heilagur andi; Heilagur andi.
2*a* 5 Mós 24:16; Esek 18:19–20.
LR Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda; Sjálfraði.
b LR Fall Adams og Evu.
3*a* LR Friðþægja, friðþæging.
b Mósía 27:24–26; HDP Móse 5:9.
LR Sáluhjálp, hjálpraði.
c LR Hlýðni, hlýðinn,

- hlýða.
d LR Lögmal.
e LR Fagnaðarerindi.
4*a* LR Helgiathafnir.
b LR Átrúnaður.
c LR Iðrast, iðrun.
d LR Skírn, skíra.
e LR Fyrirgefning synda.
f LR Handayfirlagning.
g LR Gjöf heilags anda.
5*a* LR Köllun, kallaður af Guði.
b LR Spádómur, spá.
c LR Handayfirlagning.
d LR Prestdæmi; Vald.
e LR Prédika.
f Al 13:8–16.
6*a* LR Kirkja, einkenni hinnar sönnu — Skipulag kirkjunnar.

- b* LR Postuli.
c LR Spámaður.
d LR Biskup.
e LR Guðsorðamaður, guðspjallamaður; Patriarki.
7*a* LR Gjafir andans.
b LR Tungur, gjöf tungutals.
c LR Spádómur, spá.
d LR Opinberun.
e LR Sýn.
f LR Lækna, lækningar.
g 1 Kor 12:10; Morm 9:7–8.
8*a* LR Biblían.
b LR Orð Guðs.
c 1 Ne 13:20–40; 14:20–26.
d LR Mormónsbók.
9*a* LR Opinberun.

opinberar, og vér trúum að hann muni enn ^bopinbera margt stórfenglegt og mikilvægt varðandi Guðs ríki.

10 Vér höfum trú á hinni raunverulegu ^asamansöfnun Ísraels og endurreisn hinna ^btíu kynkvísla; að ^cSíon (Nýja Jerúsalem) verði reist á meginlandi Ameríku, að Kristur muni sjálfur ^dríkja hér á jörðu og að jörðin verði ^eendurnýjuð og hljóti ^fparadísardýrð sína.

11 Vér krefjumst þeirra ^aréttinda að fá að tilbiðja almáttugan Guð, eftir því sem eigin ^bsamviska ^cbýður, og viðurkennum sömu réttindi til handa öllum mönnum.

Lofum þeim að ^dtilbiðja, hvernig, hvar eða hvað, sem þeim þóknast.

12 Vér höfum trú á að lúta konungum, forsetum, stjórnendum og yfirvöldum með því að hlýða ^alögnum, virða þau og styðja.

13 Vér trúum, að vér eigum að vera ^aheiðvirð, sönn, ^bskírlíf, góðgjörn, dyggðug og ^cgjöra öllum mönnum gott. Vér getum í sannleika sagt, að vér förum eftir ^dáminningu Páls: Vér trúum öllu, vér ^evonum allt, vér höfum staðist margt og vér vonumst til þess að geta ^fstaðist allt. Sé eitthvað ^gdyggðugt, fagurt, háleitt eða lofsvert, þá sækjumst vér eftir því.

JOSEPH SMITH.

- 9b Amos 3:7;
K&S 121:26–33.
LR Ritningar — Spáð um að ritningar komi fram.
10a Jes 49:20–22; 60:4;
1 Ne 19:16–17.
LR Ísrael — Samansöfnun Ísraels.
b LR Ísrael — Hinar tíu horfnu kynkvíslir Ísraels.
c Et 13:2–11;
K&S 45:66–67; 84:2–5;

- HDP Móse 7:18.
LR Nýja Jerúsalem; Síon.
d LR Þúsundarárikið.
e LR Jörð — Hreinsun jarðar.
f Þ.E. ástand líkt og í Edensgarði; Jes 11:6–9; 35; 51:1–3; 65:17–25; Esek 36:35.
LR Dýrð; Paradís.
11a K&S 134:1–11.
b LR Samviska.

- c LR Sjálfræði.
d LR Tilbeiðsla.
12a K&S 58:21–23.
LR Lögmál.
13a LR Heiðarlegur, heiðarleiki; Ráðvendni.
b LR Hreinlífi.
c LR Þjónusta.
d Fil 4:8.
e LR Von.
f LR Standast.
g LR Dyggð; Hófsemi.

VIÐAUKI

LEIÐARVÍSIR AÐ RITNINGUNUM

TÍMATAL

SAMRÆMI GUÐSPJALLANNA

ÞÝÐING JOSEPHS SMITH

BIBLÍUKORT

BIBLÍULJÓSMYNDIR

KIRKJUSÖGUKORT

LJÓSMYNDIR ÚR SÖGU KIRKJUNNAR

LEIÐARVÍSIR AÐ RITNINGUNUM

Leiðarvísir að ritningunum skilgreinir valdar kenningar, lögmál, fólk og staði sem fyrirfinnast í heilagri Biblíu, Mormónsbók, Kenningu og sáttmálum og Hinni dýr-mætu perlu. Þar er einnig vitnað í lykilvers úr ritningunum svo að kanna megi hvert atriði fyrir sig. Þessi leiðarvísir kemur þér og fjölskyldu þinni að gagni við könnun ritninganna. Hann getur auðveldað þér að svara spurningum um fagnaðarerindið, kanna efnisatriði í ritningunum, undirbúa ræður og lexíur og auka þekkingu þína og vitnisburð um fagnaðarerindið.

Eftirfarandi skýringarmynd sýnir dæmi um skráningu í leiðarvísi að ritningunum.

Atriðisorð eru feitletruð.

Stutt skilgreining fylgir hverju atriðisorði.

Sumum atriðisorðum fylgja nánari sundurgreiningar. Þær eru ritaðar skáletri.

Skylðar ritningargreinar eru gefnar í svigum.

Jörð. *Sjá einnig* Heimur; Skapa, sköpun

Plánetan sem við búum á, sköpuð af Guði með tilstilli Jesú Krists til afnota mannum á dauðlegum reynslutíma hans. Hún verður að lokum dýrðleg gjörð og upphafin (K&S 77:1–2; 130:8–9). Jörðin verður eilíf arfleifð þeirra sem lifað hafa verðugir himneskrar dýrðar (K&S 88:14–26). Þeir munu njóta samvista föðurins og sonarins (K&S 76:62).

Sköpuð fyrir manninn: Guð veitti mannum yfirráð yfir jörðinni, **1 Mós** 1:28 (HDP Móse 2:28). Jörðin er Drottins, **2 Mós** 9:29 (Sálm 24:1). Drottinn hefur gefið mannanna börnum jörðina, **Sálm** 115:16. Ég hef til búið jörðina og skapað mennina á henni, **Jes** 45:12.

Í krafti orðs hans varð maðurinn til á yfirborði jarðar, **Jakob** 4:9.

Jörðin mun gefin þeim sem hafa tekið heilagan anda sér til leiðsagnar, **K&S** 45:56–58 (K&S 103:7). Þeir sem hlýtt hafa fagnaðarerindi mínu skulu hljóta gæði jarðarinnar, **K&S** 59:3. Hinir fátæku og hógværðu á jörðunni munu erfa hana, **K&S** 88:17 (Matt 5:5; 3 Ne 12:5).

Við skulum gjöra jörð og við munum reyna þá, **Abr** 3:24–25.

Stundum hafa önnur atriðisorð í Leiðarvísinum upplýsingar að geyma sem tengjast atriðinu sem verið er að kanna. Skáletruðu orðin *sjá einnig* vísa þér á þau atriðisorð.

Tilvísanir í ritningargreinar sem auðvelda skilning á atriðinu eru í svigum.

Hverri tilvísun í ritningarnar fylgir stutt tilvitnun eða údráttur.

Kvöldmáltíð Drottins. *Sjá* Sakramenti

Niðjar Abrahams. *Sjá* Abraham —
Niðjar Abrahams

Fylgi strik á eftir skáletraða orðinu *sjá* (eða *sjá einnig*) er það merki þess að upplýsingu sé að finna í nánari sundurgreiningu („Niðjar Abrahams“) undir atriðisorðinu („Abraham“).

Stundum er upplýsingar ekki að finna undir því atriðisorði sem flett er upp. Skáletraða orðið *sjá* vísar þá til þess atriðisorðs sem upplýsingar veitir.

Abed-Negó

Abed-Negó. *Sjá einnig* Daníel

Í Gamla testamentinu voru ísraelsku ungmennin þrjú, Sadrak, Mesak og Abed-Negó ásamt Daníel færð til hallar Nebúkadnesars Babýloníukonungs. Hebreskt nafn Abed-Negós var Asarja. Ungu mennirnir fjórir neituðu að saurga sig með því að neyta kjöts og víns af borðum konungs (Dan 1). Konungur varpaði Sadraki, Mesaki og Abed-Negó í eldsofn en Guðssonurinn varðveitti þá á undursamlegan hátt (Dan 3).

Abel. *Sjá einnig* Adam; Kain

Í Gamla testamentinu, sonur Adams og Evu.

Færði Guði betri fórn en bróðir hans Kain gerði, **1 Mós** 4:4–5 (Hebr 11:4; HDP Móse 5:16–21). Var myrtur af Kain, **1 Mós** 4:8 (HDP Móse 5:32).

Meðtók prestdæmið frá Adam, **K&S** 84:16.

Satan lagði á ráðin með Kain að myrða Abel, **HDP Móse** 5:28–31 (He 6:27).

Abinadí. *Sjá einnig* Píslarvottur, píslarvætti

Nefítaspámaður í Mormónsbók.

Spáði að Guð mundi refsa þjóð hins illa konungs Nóa ef hún iðraðist ekki, **Mósía** 11:20–25. Var fangelsaður fyrir að spá fyrir um tortímingu Nóa konungs og þjóðar hans, **Mósía** 12:1–17. Fræddi hina spilltu presta Nóa konungs um Mósélögmálið og Krist, **Mósía** 12–16. Alma hinn eldri trúði og ritaði orð hans, **Mósía** 17:2–4. Var brenndur til dauða af Nóa konungi, **Mósía** 17:20.

Abraham. *Sjá einnig* Sáttmáli Abrahams

Sonur Tara, fæddur í Úr í Kaldeu (1 Mós 11:26, 31; 17:5). Spámaður Drottins sem Drottinn gjörði ævarandi sáttmála við til blessunar öllu mannkyni. Upphaflega var Abraham nefndur Abram.

Færði sig um set til Harran, þar andaðist Tara, **1 Mós** 11:31–32 (Abr 2:1–5). Var kallaður af Guði til Kanaanlands og til að gjöra guðlegan sáttmála, **1 Mós** 12:1–8

(Abr 2:4, 15–17). Ferðaðist til Egyptalands, **1 Mós** 12:9–20 (Abr 2:21–25). Settist að í Hebron, **1 Mós** 13:18. Bjargaði Lot, **1 Mós** 14:1–16. Hitti Melkisedek, **1 Mós** 14:18–20. Hagar fæddi honum soninn Ísmael, **1 Mós** 16:15–16. Nafni hans var breytt í Abraham, **1 Mós** 17:5. Drottinn tjáði Abraham og Söru að þau myndu eignast son, **1 Mós** 17:15–22; 18:1–14. Sara fæddi honum soninn Ísak, **1 Mós** 21:2–3. Fékk fyrirmæli um að fórna Ísak, **1 Mós** 22:1–18. Sara deyr og er greftruð, **1 Mós** 23:1–2, 19. Abraham deyr og er greftraður, **1 Mós** 25:8–10.

Vilji Abrahams til að fórna syni sínum var hliðstæða við Guð og hans eingetna son, **Jakob** 4:5. Greiddi tíund til Melkisedeks, **Al** 13:15. Sá fyrir og bar vitni um komu Krists, **He** 8:16–17.

Meðtók prestdæmið frá Melkisedek, **K&S** 84:14. Hinir trúu verða niðjar Abrahams, **K&S** 84:33–34 (Gal 3:27–29). Meðtók allt með opinberun og hefur meðtekið upphafningu sína, **K&S** 132:29.

Leitaði eftir blessun feðranna og útnefningu til prestdæmisins, **Ab** 1:1–4. Var ofsóttur af falsprestum í Kaldeu, **Ab** 1:5–15. Var bjargað af Drottni, **Ab** 1:16–20. Lærði um sól, tungl og stjörnur, **Ab** 3:1–14. Lærði um fortíilveru og sköpunina, **Ab** 3:22–28.

Bók Abrahams: Forn handrit skráð af Abraham sem komust í eigu kirkjunnar 1835. Ritin ásamt nokkrum múmum fann Antonio Lebolo í egyptskum katakombum og ánafnaði hann þau Michael Chandler. Chandler sýndi þau í Bandaríkjunum 1835. Nokkrir vinir Josephs Smith keyptu þau af Chandler og gáfu spámanninum, sem þýddi þau. Sum þessara rita er nú að finna í Hinni dýrmætu perlu.

Fyrsti kapituli greinir frá reynslu Abrahams í Úr í Kaldeu þar sem spilltir prestar reyndu að fórna honum. Annar kapituli greinir frá ferð hans til Kanaanlands. Drottinn birtist honum og gjörði við hann sáttmála. Þriðji kapituli segir frá því að Abraham sá alheiminn og skynjaði samhengi himneskra

hnatta. Kapítular 4–5 eru önnur frásögn af sköpuninni.

Niðjar Abrahams: Fólk sem með hlýðni við lögmal og sáttmála fagnaðarerindis Jesú Krists tekur á móti loforðum og sáttmálum sem Guð gjörði við Abraham. Karlar og konur geta meðtekið þessar blessanir ef þau eru beinir afkomendur Abrahams eða ef þau eru ættleidd inn í fjölskyldu hans með því að gangast fagnaðarerindinu á hönd og láta skírast (Gal 3:26–29; 4:1–7; K&S 84:33–34; 103:17; 132:30–32; Abr 2:9–11). Beinir afkomendur Abrahams kunna að glata blessunum sínum vegna óhlýðni (Róm 4:13; 9:6–8).

Abram. *Sjá* Abraham

Adam. *Sjá einnig* Adam-ondi-Ahman; Eden; Erkiengill; Eva; Fall Adams og Evu; Míkael

Hinn fyrsti maður skapaður á jörðu.

Adam er faðir og patriarki mannkyns á jörðu. Brot hans í aldingarðinum Eden (1 Mós 3; K&S 29:40–42; HDP Móse 4) varð til þess að hann „féll“ og varð dauðlegur, skref sem var nauðsynlegt til þess að mannkyn gæti haldið áfram framþróun sinni hér á jörðu (2 Ne 2:14–29; Al 12:21–26). Því skulu Adam og Eva heiðruð fyrir þeirra þátt í að gjöra eilífa þróun okkar mögulega. Adam er hinn Aldni daganna og einnig þekktur sem Míkael (Dan 7; K&S 27:11; 107:53–54; 116; 138:38). Hann er erkiengillinn (K&S 107:54) og mun koma aftur til jarðar sem patriarki mannkyns (K&S 116).

Guð skapaði manninn í sinni eigin mynd, **1 Mós** 1:26–28 (HDP Móse 2:26–28; Abr 4:26–28). Guð veitti manningnum yfirráð allra hluta og bauð honum að margfaldast og uppfylla jörðina, **1 Mós** 1:28–31 (HDP Móse 2:28–31; Abr 4:28–31). Guð setti Adam og Evu í aldingarðinn Eden og bannaði þeim að eta af skilningstré góðs og ills, **1 Mós** 2:7–9, 15–17 (HDP Móse 3:7–9, 15–17; Abr 5:7–13). Adam gaf nafn öllum lifandi verum, **1 Mós** 2:19–20 (HDP Móse 3:19–20; Abr 5:20–21). Adam og Eva voru gefin saman

af Guði, **1 Mós** 2:18–25 (HDP Móse 3:18–25; Abr 5:14–21). Adams og Evu var freistað af Satan, þau átu af forboðna ávextinum og var vísað út úr Eden, **1 Mós** 3 (HDP Móse 4). Adam var 930 ára er hann lést, **1 Mós** 5:5 (HDP Móse 6:12).

Adam var hinn fyrsti maður, **K&S** 84:16. Fyrir dauða sinn kallaði Adam afkomendur sína saman í Adam-ondi-Ahman og veitti þeim blessun, **K&S** 107:53–57.

Adam færði fórnir, **HDP Móse** 5:4–8. Adam var skírður, meðtók heilagan anda og var vígður til prestdæmisins, **HDP Móse** 6:51–68.

Adam-ondi-Ahman. *Sjá einnig* Adam

Staðurinn þar sem Adam blessaði réttláta afkomendur sína þrem árum fyrir dauða sinn (K&S 107:53–56) og þangað mun hann koma áður en síðari koman verður (K&S 116).

Aðalvaldhafar. *Sjá* Postuli; Sjötiú, hinir sjötiú; Yfirbiskup; Æðsta forsætisráðið

Afbryði. *Sjá einnig* Öfund; Vandlætning

Eins og það er notað í ritningunum táknar afbryði öfund í garð einhvers eða tortryggni vegna þess að hann hyggist ná einhvers konar yfirburðum.

Afbryði er karlmanns-reiði, **Okv** 6:32–35.

Akis varð afbryðisamur við son sinn, **Et** 9:7.

Varpið af yður afbryði og ótta, **K&S** 67:10.

Aftra. *Sjá* Knýja, aftra

Aga. *Sjá einnig* Andstreymi

Leiðrétting eða ögun veitt einstaklingum eða hópum þeim til hjálpar svo þeim fari fram eða styrkist.

Lítilsvirð því eigi ögun hins almátka, **Job** 5:17 (Okv 3:11). Sæll er sá maður, er þú agar, Drottinn, **Sálm** 94:12.

Sérhver ritning er gefin til umvöndunar, til leiðréttingar, **2 Tím** 3:16.

Agrippa

Drottinn agar þá sem hann elskar, **Hebr** 12:5–11.

Drottni þóknast að aga fólk sitt, **Mósía** 23:21–22. Ef Drottinn agar ekki fólk sitt, gleymir það honum, **He** 12:3. Drottinn talaði við bróður Jareds og átalði hann, **Et** 2:14.

Þeir voru agaðir að þeir mættu iðrast, **K&S** 1:27. Þá sem ég elska aga ég einnig, svo að syndir þeirra verði fyrirgefna, **K&S** 95:1. Enginn getur helgast sem ekki stenst ögunina, **K&S** 101:2–5. Aga verður fólk mitt þar til það lærir hlýðni, **K&S** 105:6. Sá sem ekki þolir ögun, er ekki verður ríkis míns, **K&S** 136:31.

Agrippa. *Sjá einnig* Páll

Í Nýja testamentinu, sonur Heródesar Agrippu I og bróðir Berníku og Drúsillu. Hann var konungur í Kalsis sem er í Líbanon. Hann hlýddi á Pál postula og munaði minnstu að hann tæki kristna trú (**Post** 25–26; **JS** — **S** 1:24).

Akab. *Sjá einnig* Jesebel (Ísebel)

Í Gamla testamentinu, einn af spilltustu og voldugustu konungum norðurríkis Ísrael. Hann kvongaðist Jesebel, sídónískri prinsessu og fyrir áhrif hennar komst dýrkun á Baal og Aserót á í Ísrael (1 **Kon** 16:29–33; 2 **Kon** 3:2) og tilraun var gerð til að ráða spámennina af dögum svo dýrkun á Jehóva legðist af (1 **Kon** 18:13).

Ríkti yfir Ísrael í Samaríu í tuttugu og tvö ár, **1 Kon** 16:29 (1 **Kon** 16–22). Gjörði það sem illt var í augum Drottins og hegðaði sér verr en allir þeir sem verið höfðu á undan honum, **1 Kon** 16:30. Féll í orrustu, **1 Kon** 22:29–40.

Akur. *Sjá einnig* Heimur; Víngarður Drottins

Í ritningunum, opið landsvæði notað til ræktunar eða beitar. Oft táknar hann heiminn og þjóðir hans.

Akurinn er heimurinn, **Matt** 13:38. Líkt er himnaríki fjársjóði sem fölginn er í jörðu, **Matt** 13:44.

Ég sá stórar og víðáttumiklar sléttur,

1 Ne 8:9, 20. Sáðlendið var fullþroskað, **Al** 26:5.

Akurinn er þegar hvítur til uppskeru, **K&S** 4:4 (**K&S** 6:3; 11:3; 12:3; 14:3; 31:4; 33:3, 7). Akurinn var heimurinn, **K&S** 86:1–2. Ég vil líkja þessum ríkjum við mann sem á akur, **K&S** 88:51.

Aldingarðurinn Eden. *Sjá* EdenAldni daganna. *Sjá* AdamAlfa og Ómega. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Alfa er fyrsti stafur gríska stafrófsins; ómega hinn síðasti. Þeir eru einnig nöfn gefin Jesú Kristi og notaðir sem tákn til að sýna að Kristur er bæði upphafið og endirinn (**Op** 1:8; **K&S** 19:1).

Alin

Venjuleg lengdareining meðal Hebrea. Upphaflega mæld frá olnboga fram á fingurgóma.

Alma eldri

Nefitaspámaður í Mormónsbók sem skipulagði kirkjuna á dögum hins spillta konungs Nóa.

Var prestur hins spillta konungs Nóa og afkomandi Nefís, **Mósía** 17:1–2. Eftir að hafa heyrt og trúað orðum Abinadís, var hann rekinn brott af konungi. Hann flúði, faldi sig og færði í letur orð Abinadís, **Mósía** 17:3–4. Iðraðist og kenndi orð Abinadís, **Mósía** 18:1. Skírði við Mormónsvötn, **Mósía** 18:12–16. Skipulagði kirkjuna, **Mósía** 18:17–29. Kom með fólki sínu til Sarahemla, **Mósía** 24:25. Var falin stjórn kirkjunnar, **Mósía** 26:8. Felldi dóma og leiddi kirkjuna, **Mósía** 26:34–39. Vígði son sinn til embættis æðsta prests, **Al** 4:4 (**Mósía** 29:42; **Al** 5:3).

Alma, sonur Alma. *Sjá einnig* Alma eldri; Amúlek; Mósia, synir hans

Í Mormónsbók, fyrsti yfirdómari og spámaður Nefítapjóðar. Fram eftir aldri leitaðist hann við að tortíma kirkjunni (**Mósía** 27:8–10). En þá birtist honum engill og hann snerist til trúar á fagnaðarerið (**Mósía** 27:8–24; **Al** 36:6–27).

Síðar sagði hann af sér sem yfirdómari til þess að kenna þjóð sinni (Al 4:11–20).

Bók Alma: Afmörkuð bók í Mormónsbók, útdráttur af heimildaskrá Alma spámanns, sonar Alma og sonar hans Helamans. Atburðirnir sem lýst er í bókinni gerðust um það bil 91 til 52 fyrir Krist. Bókin er 63 kapitular. Kapítular 1–4 lýsa uppreisn fylgjenda Nehors og Amlíkkí gegn Nefítum. Stríðin sem af uppreisninni leiddu urðu meðal þeirra verstu í sögu Nefíta til þess tíma. Kapítular 5–16 greina frá fyrstu trúboðsferðum Alma, hafa að geyma ræðu hans um góða hirðinn (Al 5) og prédikun hans með Amúlek í borginni Ammónía. Kapítular 17–27 segja frá sonum Mósía og þjónustu þeirra meðal Lamaníta. Kapítular 28–44 birta sumar mikilvægustu prédikanir Alma. Í kapitula 32 líkir Alma orðinu við sádkorn; í kapitula 36 rifjar hann upp söguna af trúskiptum sínum fyrir son sinn Helaman. Í kapitulum 39–42 er ráðgjöf Alma til sonar hans, Kóríantons, sem hafði framið siðferðisbrot; þessi mikilvæga prédikun útskýrir réttlæti, miskunn, uppris og friðþægingu. Kapítular 45–63 greina frá styrjöldum Nefíta á því tímabili og búferlaflutningum undir stjórn Hagots. Miklir leiðtogar svo sem herföngin Moróní, Teankúm og Lehí áttu þátt í að vernda Nefítapjóðina með hugrekki sínu og tímabærum athöfnum.

Almenn samþykkt. *Sjá einnig*

Kirkja Jesú Krists; Stuðningur við kirkjuleiðtoga

Sú regla að meðlimir kirkjunnar styðji þá sem kallaðir eru til þjónustu í kirkjunni og staðfesti aðrar ákvarðanir í kirkjunni sem leita þarf stuðnings þeirra við, venjulega með því að rétta upp hægri hönd.

Jesús Kristur er höfuð kirkju sinnar. Með leiðsögn heilags anda leiðbeinir hann kirkjuleiðtogum í mikilvægum athöfnum og ákvörðunum. Samt sem áður hafa allir meðlimir kirkjunnar þann rétt og þau forréttindi að styðja

eða styðja ekki athafnir og ákvarðanir leiðtoga sinna.

Svaraði þá fólkið einum munn, **2 Mós** 24:3 (4 Mós 27:18–19).

Postularnir og öldungarnir ályktuðu einróma, **Post** 15:25.

Enginn skal vígður til nokkurs embættis. . . án samþykkis safnaðarins, **K&S** 20:65–66. Allt skal gjört með almennt samþykkt, **K&S** 26:2 (K&S 28:13). Allt skal gjört með einróma samþykkt, **K&S** 104:21.

Alnálægur. *Sjá einnig* Guð, guðdómur

Hæfileiki Guðs til að vera alls staðar nálægur með anda sínum (Sálm 139:7–12; K&S 88:7–13, 41).

Altari. *Sjá einnig* Fórn

Upphækkun, t.d. pallur, notuð til fórna, fórnfæringa og tilbeiðslu.

Nói reisti Drottinn altari og bauð fram brennifórnir, **1 Mós** 8:20. Abram reisti Drottinn altari, **1 Mós** 12:7–8. Abraham batt son sinn Ísak á altarið, **1 Mós** 22:9 (1 Mós 22:1–13). Jakob reisti þar altari og kallaði staðinn El-Betel, **1 Mós** 35:6–7. Elía reisti altari og skoraði á Baalpresta, **1 Kon** 18:17–40.

Ef þú færir fórn þína á altarið, far þá fyrst að sættast við bróður þinn, **Matt** 5:23–24. Ég sá undir altarinu sálir þeirra manna sem drepnir höfðu verið sakir Guðs orðs, **Op** 6:9 (K&S 135:7).

Lehí reisti altari úr grjóti og flutti Guði þakkar, **1 Ne** 2:7.

Abraham var forðað frá dauða á altari Elkana, **Abr** 1:8–20.

Altarisganga. *Sjá* Sakramenti

Alvaldur. *Sjá einnig* Guð, guðdómur

Sá guðlegi eiginleiki að hafa vald á öllu (1 Mós 18:14; Al 26:35; K&S 19:1–3).

Alvitur. *Sjá einnig* Guð, guðdómur

Sá guðlegi eiginleiki að búa yfir allri þekkingu (**Matt** 6:8; 2 Ne 2:24).

Amalekítar (Gamla testamenti)

Amalekítar (Gamla testamenti)

Arabískur þjóðflokkur sem hélt til á Paraneyðimörkinni milli Arabíu og Miðjarðarhafs. Þeir áttu sífellt í stríði við Hebraea frá tímum Móse (2 Mós 17:8) til Sáls og Davíðs (1 Sam 15; 27:8; 30; 2 Sam 8:11–12).

Amalekítar (Mormónsbók)

Hópur fráfallinna Nefíta sem fóru fyrir Lamanítum í orrustu við Nefíta (Al 21–24; 43).

Amalikkía

Í Mormónsbók, svikari meðal Nefíta sem náði völdum hjá Lamanítum og leiddi þá gegn Nefítum (Al 46–51).

Amen. Sjá einnig Bæn

Merkir „megi svo verða“ eða „þannig er það.“ *Amen* er talið sýna hjartanlega eða alvarlega viðurkenningu og samþykki (5 Mós 27:14–26) eða sannleiksgildi (1 Kon 1:36). Nú á dögum segja menn *amen* upphátt að lokinni bæn, vitnisburði eða ræðu, til þess að láta í ljós samþykki og viðurkenningu.

Á dögum Gamla testamentis áttu menn að segja *amen* þegar eiður var unninn (1 Kro 16:7, 35–36; Nehem 5:12–13; 8:2–6). Kristur er nefndur „Amen, votturinn trúu og sann“ (Op 3:14). *Amen* var einnig notað sem sáttmálstákn í Skóla spámanna (K&S 88:133–135)

Amlíkí, Amlíkítar

Maður í Mormónsbók sem leiddi hóp Nefíta sem vildu taka upp konungdóm á valdatíma dómara. Þessir Nefítar, kallaðir Amlíkítar, risu opinskátt gegn Guði og kölluðu þar með yfir sig bölvun (Al 2–3).

Ammon, afkomandi Sarahemla. Sjá einnig Limí

Í Mormónsbók, sterkur maður og kjarkmikill sem leiddi leiðangur frá Sarahemla til lands Lehí-Nefí (Mósía 7:1–16). Honum voru sýndar fornar heimildir og útskýrt hvað sjáandi er (Mósía 8:5–18). Hann hjálpaði síðar við að frelsa

Limí og þjóð hans undan Lamanítum og koma þeim heim til Sarahemla (Mósía 22).

Ammon, sonur Mósía. Sjá einnig Antí-Nefí-Lehítar; Mósía, sonur Benjamíns; Mósía, synir hans

Í Mormónsbók, sonur Mósía konungs. Ammon þjónaði sem trúboði af miklum dugnaði og átti þátt í að snúa mörgum sálum til Krists.

Var trúleysingi sem leitaðist við að tortíma kirkjunni, **Mósía** 27:8–10, 34. Engill birtist honum og félögum hans, **Mósía** 27:11. Iðraðist og hóf að prédika orð Guðs, **Mósía** 27:32–28:8. Neitaði að taka við konungdómi en fór þess í stað til lands Lamaníta að kenna orð Guðs, **Al** 17:6–9. Fastaði og bað um leiðsögn, **Al** 17:8–11. Var færður bundinn fyrir Lamoní konung, **Al** 17:20–21. Bjargaði hjörðum Lamonís, **Al** 17:26–39. Kennði Lamoní, **Al** 18:1–19:13. Færði Guði þakkir og var ofurlíði borinn af gleði, **Al** 19:14. Þeir sem tóku trú gjörðust aldrei frá hverfir, **Al** 23:6. Gladdist yfir að fá að vera verkfæri í hendi Guðs og leiða þúsundir í sannleika, **Al** 26:1–8 (**Al** 26). Leiddi fólk Antí-Nefí-Lehís þangað sem það var óhult, **Al** 27. Gladdist mjög yfir að hitta Alma, **Al** 27:16–18.

Amos

Spámaður Gamla testamentis sem starfaði frá u.þ.b. 792 til 740 f.Kr. á dögum Ússía konungs í Júdeu og Jeróbóams konungs í Ísrael.

Bók Amosar: Bók í Gamla testamentinu. Margir af spádómum Amosar hvetja Ísrael og þjóðirnar í kring að snúa aftur til réttlætis.

Kapítular 1–5 hvetja Ísrael og nágrannþjóðir til iðrunar. Kapítuli 3 útskýrir að Drottinn opinberi leyndarmál sín spámönnum og að vegna brota sinna muni Ísrael tortímt af andstæðingi. Kapítular 6–8 spá fyrir um fall Ísraels mörgum árum fyrir innrás Assýriumanna. Í kapítula 9 er því spáð að Ísrael muni aftur ná heim til eigin lands.

Amúlek. *Sjá einnig* Alma, sonur Alma

Í Mormónsbók, trúboðsfélagi Alma, sonar Alma.

Engill vitjar hans, **AI** 8:20; 10:7. Tók á móti Alma á heimili sínu, **AI** 8:21–27. Prédikaði með krafti yfir íbúum Ammónía, **AI** 8:29–32; 10:1–11. Var afkomandi Nefís, Lehís og Manasse, **AI** 10:2–3. Bar sannleikanum vitni, **AI** 10:4–11. Kallaði fólkíð til iðrunar en var hafnað, **AI** 10:12–32. Í deilum við Seesrom, **AI** 11:20–40. Kenndi um upprisu, dóm og endurreisn, **AI** 11:41–45. Vildi stöðva píslarvætti trúaðra, **AI** 14:9–10. Var fangelsaður ásamt Alma, **AI** 14:14–23. Braust til frelsis úr fjöðrum fangelsis með trú, **AI** 14:24–29. Vitnaði um endurlausn, miskunn og réttlæti, **AI** 34:8–16. Kenndi um bænina, **AI** 34:17–28. Hvatti fólk til að slá ekki iðruninni á frest, **AI** 34:30–41. Trú Alma og Amúleks orsakaði fall fangelsismúra, **Et** 12:13.

Ananías frá Damaskus. *Sjá einnig*

Páll

Kristinn lærisveinn í Damaskus sem skírði Pál (**Post** 9:10–18; 22:12).

Ananías frá Jerúsalem

Í Nýja testamentinu, hann og kona hans Saffíra lugu að Drottni og héldu eftir hluta þess fjár sem þau höfðu helgað Drottni. Þegar Pétur stóð þau að verki féllu þau bæði dauð til jarðar (**Post** 5:1–11).

Andaheimur. *Sjá* Fortilvera; Helja; Paradís

Andi. *Sjá einnig* Dauði, líkamlegur; Maður, menn; Sál; Upprisa

Sá hluti lífveru sem er til fyrir stundlega fæðingu, dvelur í líkama í jarðlífinu og er til eftir dauðann sem sérstök vera fram að upprisu. Allt sem lifir — mannkyn, dýr og jurtir — voru andar áður en nokkurt líf var til á jörðu (1 Mós 2:4–5; HDP Móse 3:4–7). Andalíkami hefur sama útlit og jarðneskur líkama (1 Ne 11:11; **Et** 3:15–16; **K&S** 77:2; 129). Andi er

efni, en það er fíngerðara og tærara en dauðlegt efni eða frumefni (**K&S** 131:7).

Sérhver persóna er bókstaflega sonur eða dóttir Guðs, hefur fæðst sem andi himneskum foreldrum áður en hún fæddist dauðlegum foreldrum á jörðu (**Hebr** 12:9). Sérhver persóna á jörðu hefur ódauðlegan andalíkama ásamt líkama af holdi og blóði. Andinn og hinn dauðlegi líkama mynda í sameiningu sálina eins og sumstaðar segir í ritningum, (1 Mós 2:7; **K&S** 88:15; HDP Móse 3:7, 9, 19; **Abr** 5:7). Andi getur lifað án dauðlegs líkama, en dauðlegur líkama getur ekki lifað án andans (**Jakbr** 2:26). Líkamsdauði er aðskilnaður anda og líkama. Í upprisunni sameinast andi og hinn sami líkama af holdi og beini á ný með tvenns konar mikilvægum mun: Þeir aðskiljast aldrei aftur og efnislíkamin verður ódauðlegur og fullkomnast (**AI** 11:45; **K&S** 138:16–17).

Andi hefur ekki hold og bein, eins og þér sjáið mig hafa, **Lúk** 24:39. Sjálfur andinn vitnar með vorum anda, að vér erum Guðs börn, **Róm** 8:16. Vegsamið Guð í líkama yðar og í anda yðar, **1 Kor** 6:19–20.

Þessi líkama er líkama anda míns, **Et** 3:16.

Maðurinn er andi, **K&S** 93:33. Kristur þjónaði réttlátum öndum í paradís, **K&S** 138:28–30 (1 Pét 3:18–19).

Þér fæddust í heiminn af vatni og blóði og anda, **HDP Móse** 6:59. Hann stóð meðal þeirra sem voru andar, **Abr** 3:23.

Illir andar: Jesús rak út marga illa anda, **Mark** 1:27, 34, 39. Þú óhreini andi, far út af manningum, **Mark** 5:2–13.

Hinn illi andi kennir manningum að hann skuli ekki biðja, **2 Ne** 32:8. Í nafni Jesú stökkta hann út djöflum og óhreinum öndum, **3 Ne** 7:19.

Margir falskir andar fara um jörðina og blekkja heiminn, **K&S** 50:2, 31–32. Joseph Smith kynnir þrjár leiðir til að ákvarða hvort andi er af Guði eða djöflinum, **K&S** 129.

Andi, heilagur

Andi, heilagur. *Sjá* Heilagur andi

Andkrístur. *Sjá* einnig Djöfull

Sérhver eða sérhvað sem falsar hina sönnu sáluhjálparáætlun fagnaðarerindisins og sem opinskátt eða í leynum vinnur gegn Kristi. Jóhannes opinberari lýsti andkrísti sem afvegaleiðanda (1 Jón 2:18–22; 4:3–6; 2 Jón 1:7). Hinn mikli andkrístur er Lúsifer, en hann hefur marga til hjálpar, bæði andaverur og dauðlegar.

Sonur glötunarinnar rís gegn öllu því sem kallast Guð, **2 Þess** 2:1–12. Hann blekkir þá sem á jörðu dvelja með kraftaverkum, **Op** 13:13–17.

Serem afneitaði Kristi og blekkti marga, **Jakob** 7:1–23. Nehor kenndi falskenningar, stofnsetti kirkju og innleiddi prestaslægð, **Al** 1:2–16. Koríhor gerði gys að Kristi, friðþægígunni og anda opinberunar, **Al** 30:6–60.

Andleg sköpun. *Sjá* einnig Maður, menn; Skapa, sköpun

Drottinn skapaði allt andlega áður en hann skapaði það stundlega (HDP Móse 3:5).

Drottinn gjörði sérhverja plöntu áður en hún varð til á jörðu, **1 Mós** 2:4–6 (Abr 5:5).

Með krafti anda míns skapaði ég alla hluti, fyrst andlega, síðan stundlega, **K&S** 29:31–32. Það sem er stundlegt er í líkingu þess sem er andlegt, **K&S** 77:2.

Ég gjörði heiminn og mennina áður en þeir voru í holdinu, **HDP Móse** 6:51.

Andlegur dauði. *Sjá* Dauði, andlegur

Andrés

Í Nýja testamentinu, bróðir Símonar Péturs og einn postulanna tólf sem Jesús kallaði þegar hann þjónaði hér á jörðu (Matt 4:18–19; Mark 1:16–18, 29).

Andstreymi. *Sjá* einnig Aga; Freista, freisting; Ofsækja, ofsókn; Standast

Í gegnum andstreymi — erfiðleika, vandamál og neyð — öðlast menn margvíslega reynslu sem leiðir til andlegs

þroska og eilífrar framþróunar, snúi menn sér til Drottins.

Guð hjálpaði yður úr öllum nauðum og þrengingum, **1 Sam** 10:19. Þá hróp-uðu þeir til Drottins í neyð sinni, **Sálm** 107:6, 13, 19, 28. Þótt Drottinn gefi neyðarbrauð mun kennandinn ekki fela sig, **Jes** 30:20–21.

Andstæður eru nauðsynlegar í öllu, **2 Ne** 2:11.

Ef þeir kynnast aldrei hinu beiska geta þeir ekki þekkt hið sæta, **K&S** 29:39. Mótlati þitt og þrengingar munu aðeins vara örskamma stund, **K&S** 121:7–8. Allt mun þetta veita þér reynslu og verða þér til góðs, **K&S** 122:5–8.

Þau bragða hið beiska, svo að þau læri að meta hið góða, **HDP Móse** 6:55.

Andstæðingur. *Sjá* Djöfull

Anna

Í Nýja testamenti, spákona af ætt Assers. Þá er Jesús fæddist var hún háöldruð ekkja. Hún sá Jesúbarnið er það var fært í musterið og þekkti þar lausnarann (Lúk 2:36–38).

Annað tilverustig. *Sjá* Dauðlegur, dauðleiki

Annas. *Sjá* einnig Kaifás

Í Nýja testamenti, áhrifamikill maður í ráðinu. Þegar Jesús var handtekinn var hann fyrst færður fyrir hann (Jón 18:13); hann var einnig í fararbroddi þegar réttað var yfir postulunum (Post 4:3–6).

Antí-Nefí-Lehítar. *Sjá* einnig

Ammon, sonur Mósía; Helaman, synir hans; Mósía, synir hans

Í Mormónsbók, nafn gefið þeim Lamanítum sem tóku trú vegna sona Mósía. Eftir trúskiptin var þetta fólk, sem einnig var kallað fólk Ammons, heilt í trú sinni alla ævi, (Al 23:4–7, 16–17; 27:20–27).

Þeir tóku upp nafnið Antí-Nefí-Lehítar, **Al** 23:16–17; 24:1. Þeir neituðu að úthella blóði og grófu vopn sín í jörðu, **Al** 24:6–19. Synir þeirra bjuggust í stríð

og völdu Helaman sér til leiðtoga, **Al** 53:16–19; 56–58 (þessir synir voru einnig þekktir sem ungu stríðsmennirnir 2000).

Apókrýfuritin. *Sjá einnig* Biblíá; Ritningar

Helgar bækur Gyðingapjóðarinnar sem ekki voru teknar í hina hebresku Biblíu en eru varðveittar í Biblíum sumra kristinna safnaða. Þessar bækur koma oft að gagni sem tenging milli Gamla og Nýja testamentis og eru af kirkjunni taldar gagnleg lesning.

Apókrýfuritin eru að mestu rétt þýdd en með röngum innskotum, **K&S** 91:1–3. Apókrýfuritin geta komið þeim að gagni sem eru upplýstir af andanum, **K&S** 91:4–6.

Arfsagnir

Trú og siðir er ganga frá einni kynslóð til annarrar (2 Þess 2:15). Í ritningunum varar Drottinn hina réttlátu sífell til illum arfsögnum manna (3 Mós 18:30; Mark 7:6–8; Mósía 1:5; K&S 93:39–40).

Aron, bróðir Móse. *Sjá einnig* Aronsprestdæmið; Móse

Í Gamla testamentinu, sonur Amrams og Jókebedar af ættkvísl Levís (2 Mós 6:16–20); eldri bróðir Móse (2 Mós 7:7).

Var af Drottni falið að aðstoða Móse við að leiða Ísraelsbörn út af Egyptalandi og vera talsmaður hans, **2 Mós** 4:10–16, 27–31; 5:1–12:51. Á Sínaifjalli fékk Móse fyrirmæli um að veita Aron og fjórum sonum hans Aronsprestdæmið, **2 Mós** 28:1–4. Gjörði gullkálfi, sakir óska fólksins, **2 Mós** 32:1–6, 21, 24, 35. Dó á fjallinu Hór, 123 ára, **4 Mós** 20:22–29 (4 Mós 33:38–39).

Drottinn veitti einnig Aron og niðjum hans prestdæmi, **K&S** 84:18, 26–27, 30. Þeir sem efla prestdæmisköllun sína verða synir Móse og Arons, **K&S** 84:33–34.

Aron, sonur Mósía. *Sjá einnig* Mósía, sonur Benjamíns; Mósía, synir hans

Í Mormónsbók, sonur Mósía konungs.

Aron þjónaði sem ötull trúboði og átti þátt í að snúa mörgum sálum til Krists.

Var trúleysingi sem leitaðist við að tortíma kirkjunni, **Mósía** 27:8–10, 34. Engill birtist honum og félgum hans, **Mósía** 27:11. Iðraðist og hóf að prédika orð Guðs, **Mósía** 27:32–28:8. Hafnaði konungdómi og fór þess í stað til lands Lamaníta til að prédika orð Guðs, **Al** 17:6–9. Fastaði og baðst fyrir um leiðsögn, **Al** 17:8–11. Kenndi föður Lamonís konungs, **Al** 22:1–26. Fór til að kenna Sóramítum, **Al** 31:6–7.

Aronsprestdæmið. *Sjá einnig* Aron, bróðir Móse; Mósélgmál; Prestdæmi

Lægra prestdæmið (Hebr 7:11–12; K&S 107:13–14). Embætti þess eru biskup, prestur, kennari og djákni (K&S 84:30; 107:10, 14–15, 87–88). Til forna, undir Mósélgmálinu, voru æðstu prestar, prestar og Levítar. Ísraelsmenn til forna gjörðu uppreisn gegn Guði og því var Móse og hið helga prestdæmi tekið frá þeim en hið lægra prestdæmi hélst. Þeir höfðu hafnað helgun og prestdæmi Melkisedeks og helgisíðum þess. (Sjá K&S 84:23–26.) Aronsprestdæmið fæst við stundlegar og ytri athafnir lögmálsins og fagnaðarerindisins (1 Kro 23:27–32; K&S 84:26–27; 107:20). Það hefur lykla að englaþjónustu og fagnaðarerindi iðrunar (K&S 13). Aronsprestdæmið var endurreist á jörðu á þessum ráðstöfunartíma 15. maí 1829. Jóhannes skírari veitti það Joseph Smith og Oliver Cowdery í grennd við Harmony í Pennsylvaníu (K&S 13; JS — S 1:68–73).

Ög hann skal hafa sáttmála ævarandi prestdæmis, **4 Mós** 25:13. Drottinn mun hreinsa syni Levís og gjöra þá skíra sem gull, **Mal** 3:3 (3 Ne 24:3).

Enginn tekur sér sjálfur þann heiður, **Hebr** 5:4. Fullkomnurn fæst ekki með levíska prestdóminum, **Hebr** 7:11.

Þetta prestdæmi skal aldrei aftur af jörðunni tekið, uns synir Levís færa Drottni aftur fórn í réttlæti, **K&S** 13. Joseph Smith og Oliver Cowdery voru

Asa

vígðir til prestdæmis Arons, **K&S** 27:8. Hið lægra prestdæmi hefur lykla að englaþjónustu, **K&S** 84:26 (**K&S** 13). Prestdæmin eru tvö, nefnilega Melk-ísedeks og Arons, **K&S** 107:1. Hitt prestdæmið nefnist prestdæmi Arons, **K&S** 107:13.

Asa

Í Gamla testamenti, þriðji konungur Júdeu. Í ritningunum er skráð að „hjarta Asa var óskipt gagnvart Drottni alla ævi hans“ (1 Kon 15:14). Í stjórnartíð sinni kom hann upp vel búnum her, aflétti oki Eþíópíumanna, fjarlægði skurðgoð og bauð fólki að gjöra sáttmála um að leita Jehóva (1 Kon 15–16; 2 Kro 14–16). En þegar hann veiktist í fæti leitaði hann ekki hjálpar Drottins og dó (1 Kon 15:23–24; 2 Kro 16:12–13).

Asser. *Sjá einnig* Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamentinu, sonur Jakobs og Silpu, ambáttar Leu (1 Mós 30:12–13).

Ættbálkur Assers: Jakob blessaði Asser (1 Mós 49:20) og Móse blessaði afkomendur Assers (5 Mós 33:1, 24–29). Afkomendur þessir voru nefndir „frábærir kappar“ (1 Kro 7:40).

Assýría

Forn stórveldi sem ásamt keppinautinum Babýlon réð yfir flestum hinum gömlu ríkjum Sýrlands og Filisteu lengst af á tímabili Gamla testamentisins. Jafnvel þótt Assýríumenn væru mikið herveldi frá miðri 12. og framundir lok 7. aldar f.Kr., tókst þeim aldrei að treysta sig í sessi stjórnálalega. Þeir stjórnuðu með ógnaraðgerðum, brutu niður óvini sína með eldi og sverði eða drógu úr styrk þeirra með herleiðingu stórs hluta íbúanna til annarra hluta veldis síns. Fólkið sem var sett undir stjórn Assýríumanna barðist stöðugt á móti stórveldinu. (Sjá 2 Kon 18–19; 2 Kro 32; Jes 7:17–20; 10; 19; 37)

Audmjúkur, audmýkt. *Sjá einnig* Drambsemi; Fátækur; Hógvær,

hógværð; Sundurkramið hjarta; Veikleiki

Að gjöra mildan og námfúsan, eða vera mildur og námfús. Audmýkt felur í sér að viðurkenna hversu háðir vér erum Guði og þrá til að fara að vilja hans.

Guð leiddi þig fjörutíu ár í eyðimörkinni til þess að gjöra þig audmjúkan og láta reyna á þig, **5 Mós** 8:2. Ég þjáði mig með föstu, **Sálm** 35:13. Betri er fátækur og vitur unglingur en gamall konungur heimskur, **Préd** 4:13. Drottinn dvelur með hinum audmjúka, **Jes** 57:15.

Hver sem audmýkir sjálfan sig eins og barn þetta, sá er mestur í himnaríki, **Matt** 18:4. Sá sem audmýkir sjálfan sig skal upp hafinn verða, **Matt** 23:12 (Lúk 14:11; 18:14). Jesús lægði sjálfan sig og var hlýðinn allt til dauða, **Fil** 2:8 (Lúk 22:42; 23:46). Guð stendur gegn dramblátum, en audmjúkanum veitir hann náð, **1 Pét** 5:5–6 (2 Ne 9:42).

Sýnið audmýkt, já dýpstu audmýkt, **Mósía** 4:11 (2 Ne 9:42; 3 Ne 12:2). Hafid þér verið nægilega audmjúkir, **Al** 5:27–28. Audmjúkari hluti þjóðarinnar varð styrkari í audmýkt sinni, **He** 3:33–35. Ég gef mönnum veikleika, svo að þeir verði audmjúkir, **Et** 12:27.

Audmýkt er forsenda skírnar, **K&S** 20:37. Audmýkið yður fyrir mér og þér munuð sjá mig og vita að ég er, **K&S** 67:10. Ver audmjúkur og Drottinn mun svara bænnum þínum, **K&S** 112:10. Lát þann sem fáfróður er öðlast visku með því að vera audmjúkur, **K&S** 136:32. Andi minn er sendur út í heiminn til að upplýsa audmjúka, **K&S** 136:33.

Audugur, audur. *Sjá einnig* Drambsemi; Peningar

Ríkídæmi eða allsnægtir. Drottinn ráðleggur hinum heilögu að sækjast ekki eftir audæfum heimsins, nema með þeim ásetningi að gjöra gott. Hinir heilögu skulu leita fyrst ríkis Guðs, sem geymir audlegð eilífðarinnar, á undan audæfum heimsins, (Jakob 2:18–19).

Þótt audurinn vaxi, þá gefið því engan gaum, **Sálm** 62:11. Audæfi stoða ekki á

degi reiðinnar, **Okv** 11:4. Sá sem treystir á að sinn, hann fellur, **Okv** 11:28. Gott mannorð er dýrmætara en mikill auður, **Okv** 22:1.

Hve torvelt verður þeim, sem auðinn hafa, að ganga inn í Guðs ríki, **Mark** 10:23 (Lúk 18:24–25). Fégirndin er rót alls þess sem illt er, **1 Tím** 6:10.

Vei sé hinum ríku sem fyrirlíta hina snauðu og gjöra fjársjóði sína sér að guði, **2 Ne** 9:30. Hinir réttlátu sóttust ekki eftir auðæfum en voru örlátir við alla, **Al** 1:30. Fólkið fylltist hroka vegna auðæfa, **Al** 4:6–8. Fólkinu varð skipt í stéttir eftir auði sínum, **3 Ne** 6:12.

Sækist ekki eftir ríkidæmi heldur eftir visku, **K&S** 6:7 (Al 39:14; K&S 11:7). Drottins er að veita auðæfi jarðar, en verið á verði gegn ofurdrambi, **K&S** 38:39.

Auðæfi eilífðarinnar: Safnið fjársjóðum á himni, **Matt** 6:19–21.

Hversu oft hef ég hrópað til yðar með ríkidæmi eilífs lífs, **K&S** 43:25. Mitt er að útdeila auðæfum eilífðarinnar, **K&S** 67:2 (K&S 78:18).

Auga, augu

Í ritningunum er auga oft látið tákna möguleika manna til að sjá ljós Guðs. Auga manns er líka oft táknrænt um andlegt ástand og skilning á því sem Guðs er.

Boðorð Drottins eru skýr, hýrga augun, **Sálm** 19:9. Hinir heimsku hafa augu en sjá ekki, **Jer** 5:21 (Mark 8:18).

Augað er lampi líkamans, **Matt** 6:22 (Lúk 11:34; 3 Ne 13:22; K&S 88:67). Sæl eru augu yðar að þau sjá, **Matt** 13:16. Sálarsjón yðar mun upplýst svo þér skiljið, **Ef** 1:17–18.

Vei þeim sem vitrir eru í augum sjálfra sín, **2 Ne** 15:21 (Jes 5:21). Þeir hófu að fasta og biðja að augu fólksins mættu opnast, **Mósía** 27:22. Satan blindaði augu þeirra, **3 Ne** 2:2. Enginn getur haft kraft til að leiða Mormónsbók fram öðruvísi en með einbeittu augliti á dyrð Guðs, **Morm** 8:15.

Með krafti andans lukust upp augu

okkar og skilningur okkar upplýstist, **K&S** 76:12. Ljósíð er frá honum, sem lýsir upp augu yðar, **K&S** 88:11. Sé auglit yðar einbeitt á dyrð mína, mun allur líkami yðar fyllast ljósi, **K&S** 88:67.

Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda.

Sjá einnig Sjálfræði

Drottinn hefur sagt að allir menn séu ábyrgir fyrir eigin hvötum, viðhorfum, þrám og gerðum.

Ábyrgðaraldur nefnist aldurinn þegar börn eru talin ábyrg gerða sinna og fær um að syndga og iðrast.

Ég mun dæma sérhvern eftir breytni hans, **Esek** 18:30.

Hvert ónyttjuorð munu þeir verða að svara fyrir, **Matt** 12:36. Gjör reikningsskil ráðsmennsku þinnar, **Lúk** 16:2. Sérhver af oss skal lúka Guði reikning fyrir sjálfan sig, **Róm** 14:12. Hinir dauðu munu dæmdir eftir verkum þeirra, **Op** 20:12.

Orð okkar, verk og hugsanir munu dæma okkur, **Al** 12:14. Við fellum yfir okkur eigin dóm, hvort heldur að gjöra gott eða gjöra illt, **Al** 41:7. Okkur leyfist að ráða gerðum okkar, **He** 14:29–31. Þetta skuluð þér kenna — skírn og iðrun þeim, sem ábyrg eru, **Moró** 8:10.

Allir menn verða að iðrast og láta skírast sem náð hafa ábyrgðaraldri, **K&S** 18:42. Satan getur ekki freistað lítilla barna fyrr en þau verða ábyrg gjörða sinna gagnvart mér, **K&S** 29:46–47. Börn skulu skírð þegar þau eru átta ára, **K&S** 68:27. Sérhver maður verður ábyrgur fyrir sínar eigin syndir á degi dómsins, **K&S** 101:78.

Mönnum er gefið að þekkja gott frá illu; þess vegna hafa þeir sjálfræði, **HDP Móse** 6:56. Mönnum verður refsað fyrir eigin syndir, **TA** 1:2.

Ábyrgðaraldur. *Sjá* Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda; Barn, börn; Skírn, skíra — Skírinn ekki fyrir ungbörn; Ungbarnaskírn

Áfengi

Áfengi. Sjá Visdómsorðið

Ágirnd. Sjá einnig Öfund

Eins og það er notað í ritningunum tákna orðið að öfunda einhvern eða sækjast óeðlilega fast eftir einhverju.

Þú skalt ekki girnast, **2 Mós** 20:17 (5 Mós 5:21; Mósiá 13:24; K&S 19:25). Sá sem hatar rangfenginn ávinning, mun langlífur verða, **Okv** 28:16. Langi þá að eignast akra, þá ræna þeir þeim, **Míka** 2:2.

Varist alla ágirnd, **Lúk** 12:15. Lögmálið segir: Þú skalt ekki girnast, **Róm** 7:7. Á síðustu dögum verða menn fégjarnir, **2 Tím** 3:1–2.

Þegar Laban sá eigur okkar girntist hann þær, **1 Ne** 3:25.

Þú skalt ekki horfa í eigur þínar, **K&S** 19:26. Látið af ágirnd, **K&S** 88:123. Girnist ekki það sem bróðir yðar á, **K&S** 136:20.

Ánaud. Sjá einnig Frjáls, frelsi

Að vera líkamlega eða andlega í fjötrum.

Ísraelsmenn urðu að fara úr landi vegna misgjörðar sinnar, **Esek** 39:23.

Sá sem herleiðir mun herleiddur verða, **Op** 13:10 (eldri þýðing).

Hinir siðspilltu munu leiddir í ánaud djöfulsins, **1 Ne** 14:4, 7. Mönnum er frjálst að velja frelsi og eilíft líf eða helsi og dauða, **2 Ne** 2:27. Vilji holdsins gefur anda djöfulsins vald til að hneppa í ánaud, **2 Ne** 2:29. Hafið þér nægilega í minnum ánaud feðra yðar, **Al** 5:5–6. Þá sem herða hjörtu sín hneppir djöfullinn í ánaud, **Al** 12:11. Haldið vöku yðar og biðjið án afláts, svo að djöfullinn freisti yðar ekki og leiði yður ánauduga burt, **3 Ne** 18:15.

Ást. Sjá Elska, ást

Átrúnaður. Sjá einnig Jesús Kristur; Treysta; Trú, trúá; Von

Fullvissa um eitthvað eða einhvern. Eins og algengast er í ritningunum tákna orðið fullvissu um og traust á Jesú Kristi sem fær menn til að hlýða

honum. Átrúnaðurinn verður að snúast um Jesú Krist, til þess að hann leiði menn til sálhjálp. Síðari daga heilagir trúá einnig á Guð föður, heilagan anda, mátt prestdæmisins, og aðra mikilvæga þætti hins endurreista fagnaðarerindis.

Átrúnaður felur í sér von um það sem ekki er auðið að sjá, en er sannleikur (Hebr 11:1; Al 32:21; Et 12:6). Trú kviknar við að heyra fagnaðarerindið boðað af leiðtogum sem valdumboð hafa og sendir eru af Guði (Róm 10:14–17). Kraftaverk kveikja ekki trú, en sterk trú framkallast af hlýðni við fagnaðarerindi Jesú Krists. Með öðrum orðum, trú fæst fyrir réttlætisverk (Al 32:40–43; Eter 12:4, 6, 12; K&S 63:9–12).

Sönn trú færir kraftaverk, sýnir, drauma, lækningar og allar gjafir Guðs sem hann veitir sínum heilögu. Með trú fá menn fyrirgefningu synda og geta að lokum dvalið í návist Guðs. Skortur á trú leiðir til örvæntingar, sem stafar af misgjörðum (Moró 10:22).

Hinn réttláti mun lifa fyrir trúfesti sína, **Hab** 2:4.

Trú þín hefur bjargað þér, **Matt** 9:22 (Mark 5:34; Lúk 7:50). Verði ykkur að trú ykkar, **Matt** 9:29. Ef þér hafið trú eins og mustarðskorn, verður ekkert yður um megn, **Matt** 17:20 (Lúk 17:6). Ég hef beðið fyrir þér, að trú þín þrjóti ekki, **Lúk** 22:32. Trúin á nafn Jesú gerði þennan mann styrkan, **Post** 3:16. Trúin kemur af að heyra orð Krists, **Róm** 10:17. Ef Kristur er ekki upprisinn, er fánýt líka trú yðar, **1 Kor** 15:14. Trú starfar í kærleika, **Gal** 5:6. Af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú, **Ef** 2:8 (2 Ne 25:23). Takið skjöld trúarinnar, **Ef** 6:16 (K&S 27:17). Ég hef fullnað skeiðið, hef varðveitt trúna, **2 Tím** 4:7. Trúin er fullvissa um það sem menn vona, **Hebr** 11:1. Án trúar er ógerlegt að þóknast honum, **Hebr** 11:6. Trúin er dauð, vanti hana verkin, **Jakbr** 2:17–18, 22.

Ég skal fara og gjöra það, sem Drottinn hefur boðið, **1 Ne** 3:7. Það er á Drottins valdi að gjöra allt fyrir mannanna börn, svo framarlega sem þau trúá á hann,

1 Ne 7:12. Vísarnir í Líahóna höguðu sér eftir trú, **1 Ne 16:28.** Iðrist og látið skírast í hans nafni, í fullkominni trú á hinn heilaga, **2 Ne 9:23.** Kristur vinnur mikil kraftaverk meðal manna barna í samræmi við trú þeirra, **2 Ne 26:13** (Et 12:12; Moró 7:27–29, 34–38). Syndir Enosar voru fyrirgefna vegna trúar hans á Krist, **Enos 1:3–8.** Hjalpræðið nær ekki til neins þeirra nema fyrir trú á Drottin Jesú Krist, **Mósía 3:12.** Hjörtu yðar breytast fyrir trú á nafn hans, **Mósía 5:7.** Bænum þjóna Guðs er svarað í samræmi við trú þeirra, **Mósía 27:14.** Veit okkur styrk fyrir trú okkar á Krist, **Al 14:26.** Ákallið nafn Guðs í trú, **Al 22:16.** Trú er ekki að eiga fullkomna þekking, **Al 32:21** (Et 12:6). Þegar það tekur að vaxa, þá nærði það með trú ykkar, **Al 33:23** (Al 32:28). Varðveisla þeirra var þökkuð undraverðum krafti Guðs, vegna hinnar miklu trúar þeirra, **Al 57:25–27.** Allir þeir, sem líta til Guðssonarins í trú, fá lifað, **He 8:15.** Ég sé að trú yðar er nægjanleg til að ég lækni yður, **3 Ne 17:8.** Trú er von um það sem ekki er unnt að sjá, **Eter 12:6.** Allir þeir sem gjörðu kraftaverk gjörðu þau með trú, **Eter 12:12–18.** Ef þeir eiga trú á mig mun ég láta hið veika verða styrk þeirra, **Eter 12:27–28, 37.** Mormón kenndi um trú, von og kærleika, **Moró 7.** Allt sem þér biðjið föðurinn um í mínu nafni og gott er, sjá, það mun yður veitast, ef þér biðjið í trú og trúið, að yður muni hlotnast, **Moró 7:26.** Þeir sem trú á Krist halda sér við allt sem gott er, **Moró 7:28.** Ef þér spyrjið í trú á Krist mun hann opinbera yður sannleiksgildi þess, **Moró 10:4.**

Án trúar getur þú ekkert gert. Bið þess vegna í trú, **K&S 8:10.** Það mun veitast þeim í samræmi við trúarstyrk bæna þeirra, **K&S 10:47, 52.** Allir menn verða að standa stöðugir í trú á nafn hans allt til enda, **K&S 20:25, 29.** Andinn skal veitast yður með trúarbæn, **K&S 42:14.** Trúin kviknar ekki af táknum, heldur fylgja tákni þeim sem trú á, **K&S 63:9–12.** Foreldrar skulu kenna börnunum trú á Krist, **K&S 68:25.** Sækist

eftir fræðslu með námi og einnig með trú, **K&S 88:118.**

Trú á Drottin Jesú Krist er frumregla fagnaðareringisins, **TA 1:4.**

Áætlun um endurlausn, Áætlun um sáluhjálp, Endurlausnaráætlunin

Baal. Sjá einnig Falsguðadýrkun

Karlkyns sólguð einkum tilbedinn í Föníkíu (1 Kon 16:31), en einnig tilbedinn á mismunandi hátt á ýmsum stöðum: Hjá Móabítum sem Baal Peór (4 Mós 25:1–3), í Síkem sem Sáttnála-Baal (Dóm 8:33; 9:4), í Ekron sem Baal Sebúb (2 Kon 1:2). Baal kann að vera hinn sami og Bel frá Babýlon og Seifur Grikkja. Orðið *Baal* lýsir sambandinu milli húsbónda og þræls hans. Venjulegar var Baal táknaður sem nau. Astarte var gyðing sem yfirleitt var tilbedin við hlið Baals.

Baal var stundum tengt við annað nafn eða orð til að tákna samband við Baal, svo sem nafn á stað þar sem hann var tilbedinn eða manneskju með eiginleika slíka sem Baal. Síðar þegar *Baal* tók að hafa mjög illa merkingu, kom orðið *Boshet* í þess stað í samsettu orðunum. *Boshet* táknar „smán.“

Babel, Babýlon. Sjá einnig Heimur; Nebúkadnesar

Höfuðborg Babýloníu.

Babel var grundvölluð af Nimrod og var ein af elstu borgum Mesópótamíu eða Sínearlands (1 Mós 10:8–10). Drottinn ruglaði tungmálinu á þeim tíma er menn voru að reisa Babelturninn (1 Mós 11:1–9; Et 1:3–5, 33–35). Babýlon varð síðar höfuðborg Nebúkadnesars. Hann byggði gríðarstóra borg og sjást rústir hennar enn. Babýlon varð mjög spillt borg og varð nafn hennar samnefni fyrir illsku heimsins.

Flýði út úr Babýlon, **Jer 51:6.**

Babýlon mun reist og hún falla, **Op 17–18.**

Babýlon verður eytt, **2 Ne 25:15.**

Babýlon mun falla, **K&S 1:16.** Ég hlífi

engum sem eftir verður í Babýlon, **K&S** 64:24. Farið út frá Babýlon, **K&S** 133:5, 7, 14.

Balsam (smyrsl) frá Gileað

Ilmandi kvoða eða krydd notað til að græða sár (1 Mós 43:11; Jer 8:22; 46:11; 51:8). Runni er gaf frá sér trjákvoduna sem balsam var unnið úr var svo útbreiddur í Gileað á tímum Gamla testamentisins að balsamið var kennt við staðinn (1 Mós 37:25; Esek 27:17).

Barabbas

Nafn mannsins sem leystur var úr haldi í staðinn fyrir Jesú við krossfestinguna. Barabbas var uppreisnarmaður, morðingi og ræningi (Matt 27:16–26; Mark 15:6–15; Lúk 23:18–25; Jóh 18:40).

Barn, börn. Sjá einnig Ábyrgð,

ábyrgur, ábyrgðarskylda; Blessa, blessaður, blessun — Blessun barna; Fjölskylda; Friðþægja, friðþægning; Sáluhjálpr, hjálpræði — Sáluhjálpr barna; Ungbarnaskírn

Ung persóna, sem ekki hefur náð kynþroska. Feður og mæður eiga að þjálfva börn sín í að lúta vilja Guðs. Börn eru syndlaus þar til þau ná ábyrgðaraldri (Moró 8:22; K&S 68:27).

Börn eru gjöf frá Drottini, **Sálm** 127:3–5. Fræð þú barnið um veginn sem það á að halda, **Okv** 22:6.

Leyfið börnunum að koma til mín, varnið þeim eigi, **Matt** 19:14. Hlýðið foreldrum yðar, **Ef** 6:1–3 (Kól 3:20).

Án fallsins hefðu Adam og Eva ekki eignast börn, **2 Ne** 2:22–23. Kennið börnum að ganga á vegi sannleika og hófsemi, **Mósía** 4:14–15. Lítil börn eiga eilíft líf, **Mósía** 15:25. Jesús tók litlu börnin og blessaði þau, **3 Ne** 17:21. Öll börn þín verða frædd um Drottin, og mikill verður friður barna þinna, **3 Ne** 22:13 (Jes 54:13). Lítil börn þarfnast ekki iðrunar eða skírnar, **Moró** 8:8–24.

Lítil börn eru endurleyst frá grundvöllun veraldar, fyrir minn eingetna, **K&S** 29:46–47. Foreldrar eiga að kenna börnum reglur fagnaðarerindisins og

iðkun, **K&S** 68:25, 27–28. Börn eru heilög fyrir friðþægingu Krists, **K&S** 74:7. Foreldrum er boðið að ala börn sín upp í ljósi og sannleika, **K&S** 93:40. Börn sem deyja fyrir ábyrgðaraldur eru hólpin í himneska ríkinu, **K&S** 137:10.

Barnabas

Nafn gefið Jósef (einnig kallaður Jóse), Levíta frá Kýpur, sem seldi jörð sína og gaf andvirðið postulunum (Post 4:36–37). Þótt hann væri ekki einn hinna fyrstu tólf, varð hann postuli (Post 14:4, 14) og þjónaði í nokkrum trúboðsferðum (Post 11:22–30; 12:25; 13–15; 1 Kor 9:6; Gal 2:1, 9; Kól 4:10).

Bartólómeus. Sjá einnig Natanael

Í Nýja Testamenti, einn hinna fyrstu tólf postula Jesú Krists (Matt 10:2–4).

Batseba. Sjá einnig Davíð

Kona Úría; síðar kona Davíðs og móðir Salómons. Davíð konungur framdi hórðómsbrot með henni. Hann kom því einnig til leiðar, að maður hennar félli í orrustu (2 Sam 11), en sú synd hafði eilífar afleiðingar fyrir Davíð (K&S 132:39).

Belsasar. Sjá einnig Babel, Babýlon

Í Gamla testamenti, síðasti konungur Babýloníu, ríkti þar til Kýrus hertók Babýlon; sonur og arftaki Nebúkadnesars (Dan 5:1–2).

Benjamín, faðir Mósía. Sjá einnig

Mósía, sonur Benjamíns

Spámaður og konungur í Mormónsbók (Mósía 1–6).

Átti í alvarlegum erfiðleikum við að koma á friði í landinu, **Om** 1:23–25 (OMorm 1:12–18). Kennði sonum sínum, **Mósía** 1:1–8. Lét Mósía syni sínum konungdóminn eftir, **Mósía** 1:9–18. Þjóðin kom saman að hlýða á síðustu ræðu hans, **Mósía** 2:1–8. Ávarpaði þjóð sína, **Mósía** 2:9–4:30. Þjóð hans gjörði sáttmála við Drottin, **Mósía** 5–6.

Benjamín, sonur Jakobs. Sjá einnig

Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, annar sonur Jakobs og Rakelar (1 Mós 35:16–20).

Ættkvísl Benjamíns: Jakob blessaði Benjamín (1 Mós 49:27). Niðjar Benjamíns voru herskár kynþáttur. Tveir mikilvægir Benjamínitar voru Sál, hinn fyrsti Ísraelskonungur (1 Sam 9:1–2), og Páll, postuli í Nýja testamentinu (Róm 11:1).

Betanía

Þorpið sem Jesús Kristur dvaldist í síðustu viku jarðlífsins (Matt 21:17; Mark 11:11). Staðsett í suðausturhlíð Ólíufjallsins, Betanía var heimabær Lasarusar, Maríu og Mörtu (Jóh 11:1–46; 12:1).

Betel

Á hebresku, merkir „hús Guðs“ og er einn helgustu staða í Ísrael. Hún er staðsett um 16 kílómetra norðan við Jerúsalem. Hér reisti Abraham altarið þá er hann kom fyrst til Kanaanlands (1 Mós 12:8; 13:3). Hér sá Jakob í sýn stiggann til himna (1 Mós 28:10–19). Hér var einnig helgur staður á dögum Samúels (1 Sam 7:16; 10:3).

Betlehem

Lítill borg um 8 km í suður frá Jerúsalem. Á hebresku táknar Betlehem „hús brauðs“; hún er einnig nefnd Efrat sem táknar „frjósöm.“ Jesús Kristur fæddist í Betlehem (Míka 5:2; Matt 2:1–8). Þar er gróf Rakelar (1 Mós 35:19; 48:7).

Rut og Bóas bjuggu þar, **Rut** 1:22. Samúel smurði Davíð þar, **1 Sam** 16:1–13; 17:12, 15; 20:6, 28.

Heródes lét drepa börnin þar, **Matt** 2:16.

Biblía. Sjá einnig Apókrýfuritin;

Efraím — Stafur Efraíms eða Jósefs; Gamla testamentið; Helgiritin; Júda — Stafur Júda; Nýja testamentið; Ritningar

Safn hebreskra og kristinna rita sem innihalda guðlegar opinberanir. Orðið *biblía* táknar „bækurnar.“ Biblían er verk margra spámanna og innblásinna

höfunda sem unnu undir áhrifum heilags anda (2 Pét 1:21).

Hin kristna Biblía er í tveimur hlutum, almennt nefndir Gamla og Nýja testamenti. Gamla testamentið samanstendur af ritningabókum sem notaðar voru meðal Gyðinga í Palestínu á tíma jarðvistar Drottins. Nýja testamentið inniheldur rit postulatímans og er talið hafa sömu helgi og heimildagildi og gyðinglegu ritningarnar. Bækur Gamla testamentis eiga uppruna í þjóðlegum bókmenntum sem ná yfir margar aldir og voru næstum allar ritaðar á hebresku, en bækur Nýja testamentis eru verk einnar kynslóðar og aðallega ritaðar á grísku.

Í Gamla testamenti kemur orðið *testamenti* í stað hebresks orðs er merkir „sáttmáli.“ Gamli sáttmálinn er lögin sem gefin voru Móse þegar Ísrael hafnaði fyllingu fagnaðarerindisins sem þjóð Guðs átti frá upphafi jarðlífs. Nýja testamentið er fagnaðarerindið eins og Jesús Kristur kenndi það.

Í hinni hebresku Biblíu (Gamla testamentinu) var bókunum skipt í þrjá flokka: Lögin, spámennina og ritin. Biblían sem notuð er í hinum kristna heimi flokkar bækurnar eftir efni, svo sem sögulegar, ljóðrænar og spámannlegar.

Bækur Nýja testamentis eru almennt í þessari röð: Guðspjöllin fjögur og Postulasagan; Pálsbréfin; hin almennu bréf Jakobs, Péturs, Jóhannesar og Júdasar; og Opinberunarbók Jóhannesar.

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu virðir og vegsamar Biblíuna og lýsir jafnframt yfir að Drottinn heldur áfram að gefa frekari viðbótaropinberanir með spámönnum sínum á síðustu dögum sem styðja og staðfesta frásögur Biblíunnar af samskiptum Guðs við mannkyn.

Stafur Júda (Biblían) og stafur Jósefs (Mormónsbók) verða eitt í hendi Guðs, **Esek** 37:15–20.

Sannleiksgildi Biblíunnar mun staðfest með síðari daga ritningum, **1 Ne** 13:38–40. Biblían og Mormónsbók

munu í sameiningu kveða niður falskenningar, **2 Ne** 3:12. Biblía! Biblía! Við höfum Biblíu, **2 Ne** 29:3–10. Allir sem trúa Biblíunni munu einnig trúa Mormónsbók, **Morm** 7:8–10.

Öldungar skulu kenna reglur fagnaðararindis míns, sem eru í Biblíunni og í Mormónsbók, **K&S** 42:12.

Vér trúum, að Biblían sé orð Guðs, að svo miklu leyti sem hún er rétt þýdd, **TA** 1:8.

Biblía, þýðing Joseph Smith (ÞJS).

Sjá Þýðing Josephs Smith (ÞJS)

Biskup. *Sjá* einnig Aronsprestðemið

Merkir „umsjónarmaður,“ eða embætti eða ábyrgðarstaða. Vigt embætti í Aronsprestðemi (K&S 20:67; 107:87–88) og biskup er almennur dómari í Ísrael (K&S 107:72, 74).

Heilagur andi hefur gjört yður umsjónarmenn, **Post** 20:28. Hæfnisskilyrði sett fram varðandi biskupa, **1 Tím** 3:1–7 (Títus 1:7).

Biskup skal vígður, **K&S** 20:67. Edward Partridge skal þjóna sem biskup í kirkjunni, **K&S** 41:9. Biskup á að þekkja andlegar gjafir, **K&S** 46:27, 29. Háprestur getur þjónað sem biskup, **K&S** 68:14, 19 (K&S 107:17). Biskup er tilnefndur af Drottinni, **K&S** 72. Biskup skal annast hina fátæku, **K&S** 84:112. Biskup skal stýra öllum stundlegum málum, **K&S** 107:68. Biskup er forseti Aronsprestðemisins, **K&S** 107:87–88.

Bíleam

Spámaður í Gamla testamenti sem vildi biðja Ísrael bölbæna fyrir fé. Drottinn skipaði honum að bölvva ekki Ísrael (4 Mós 22–24).

Asni Bíleams vildi ekki halda áfram af því að engill stóð í vegi fyrir honum, **4 Mós** 22:22–35.

Bjarg. *Sjá* einnig Fagnaðarerindi; Jesús Kristur; Opinberun

Í táknrænni merkingu, Jesús Kristur og fagnaðarerindi hans, sem er sterk undirstaða og stuðningur (K&S 11:24;

33:12–13). *Klettur* getur einnig vísað til opinberunar sem er aðferð Guðs við að gjöra mönnum kunnugt fagnaðarerindi sitt (Matt 16:15–18).

Bjargið — fullkomin eru verk hans, **5 Mós** 32:4. Drottinn er bjarg mitt; þar sem ég leita hælis, **2 Sam** 22:2–3. Steinn losnaði, án þess að mannhönd kæmi við hann, **Dan** 2:34–35.

Það var grundvallað á bjargi, **Matt** 7:25 (3 Ne 14:25). Jesús Kristur var steinninn sem einskis var virtur, **Post** 4:10–11. Kletturinn var Kristur, **1 Kor** 10:1–4 (2 Mós 17:6).

Sá sem byggir á bjargi tekur við sannleikanum, **2 Ne** 28:28. Gyðingar munu hafna bjarginu [Kristi] sem þeir gætu byggt á, **Jakob** 4:15–17. Það er á bjargi lausnara okkar, sem við verðum að byggja undirstöðu okkar, **He** 5:12. Sá sem byggir á kenningu Krists byggir á bjargi hans og ferst ekki þegar flóðin koma, **3 Ne** 11:39–40 (Matt 7:24–27; 3 Ne 18:12–13). Vitur maður byggir hús sitt á bjargi, **3 Ne** 14:24.

Ef þér byggði á mínu bjargi, verður jörð og helja yður eigi yfirsterkari, **K&S** 6:34. Sá sem byggir á þessu bjargi mun aldrei falla, **K&S** 50:44.

Ég er Messías, konungur Síonar, bjarg himins, **HDP Móse** 7:53.

Bjargvættur. *Sjá* einnig Jesús Kristur

Jesús Kristur er bjargvættur alls mannkyns vegna þess að hann leysir alla úr viðjum dauða og hina iðrandi undan refsingu vegna synda.

Drottinn er bjarg mitt og vígi, hann er sá sem hjálpar mér, **2 Sam** 22:2 (Sálm 18:2; 144:2). Þú ert fulltingi mitt og frelsari, **Sálm** 40:18 (Sálm 70:5).

Frá Síon mun frelsarinn koma, **Róm** 11:26.

Hinir heilögu viðurkenndu Guðssoninn sem lausnara sinn og bjargvætt, **K&S** 138:23.

Blekkjng, blekkja. *Sjá einnig* Lygar; Svík

Í ritningunum tákna að blekkja að fá einhvernt til að trúa því sem ekki er satt.

Sá sem eigi vinnur rangan eið mun stíga upp á fjall Drottins, **Sálm** 24:3–4. Bjarga mér frá svikum, **Sálm** 43:1. Ve þeim, sem kalla hið illa gott og hið góða illt, **Jes** 5:20 (2 Ne 15:20).

Enginn dragi sjálfan sig á talar, **1 Kor** 3:18. Enginn tæli yður með marklausum orðum, **Ef** 5:6. Vondir menn munu blekkja og verða blekkir, **2 Tím** 3:13. Satan, sem blekkti alla heimsbyggðina, var varpað niður, **Op** 12:9. Satan var bundinn svo hann leiddi ekki framur þjóðirnar afvega, **Op** 20:1–3.

EKKI er hægt að blekkja Drottin, **2 Ne** 9:41. Ef þér fylgið syninum, án þess að hræsa fyrir Guði, munuð þér meðtaka heilagan anda, **2 Ne** 31:13. Serem játaði að hann hefði látið blekkjast af valdi djöfulsins, **Jakob** 7:18. Þjóð Nóa konungs lét blekkjast af faguryrðum, **Mósía** 11:7.

Hinir vitru hafa tekið heilagan anda sér til leiðsagnar og ekki látið blekkjast, **K&S** 45:57. Ve þeim sem eru hræsnarar, **K&S** 50:6.

Hann varð Satan, faðir allra lyga, til að blekkja og blinda menn, **HDP Móse** 4:4.

Blessa, blessaður, blessun. *Sjá einnig* Lögmál; Náð; Patriarkablessanir; Þakklátur, þakkir, þakkargjörð; Þjónusta við sjúka

Að veita einhverjum guðlega náð. Sérhvað sem leiðir til sannrar hamingju, vellíðunar eða velmegunar er blessun.

Allar blessanir byggjast á eilífum lögmálum (**K&S** 130:20–21). Guð vill að börn hans finni gleði í lífinu (2 Ne 2:25) og því veitir hann þeim blessanir sem árangur af hlýðni þeirra við boðorð hans (**K&S** 82:10), í bænsvörum eða helgiathöfnum prestdæmis (**K&S** 19:38; 107:65–67), eða fyrir náð hans (2 Ne 25:23).

Vel þekktur listi yfir blessanir eru Sæluboðin (**Matt** 5:1–12; 3 Ne 12:1–12).

Almennt: Ég mun gjöra þig að mikilli þjóð og blessa þig, **1 Mós** 12:2–3 (1 Ne

15:18; Abr 2:9–11). Blessun kemur yfir höfuð hins réttláta, **Okv** 10:6. Áreiðanlegur maður blessast ríkulega, **Okv** 28:20. Drottinn opnar flóðgáttir himinsins og úthellir blessunum, **Mal** 3:10 (3 Ne 24:10).

Sæluboðin gefa fyrirheit um blessanir, **Matt** 5:1–12 (3 Ne 12:1–12). Sælir eru þeir sem boðnir eru í brúðkaupsveislu lambsins, **Op** 19:9.

Hinn réttláti nýtur náðar Guðs, **1 Ne** 17:35 (Mósía 10:13). Ef þið hlýðið, verður blessun mín með ykkur, **2 Ne** 1:28. Ég skil eftir sömu blessun, **2 Ne** 4:9. Hann blessar yður samstundis, **Mósía** 2:24. Drottinn blessar og annast þá sem treysta á hann, **He** 12:1.

Styðjið framgang verks míns og þér munuð blessaðir verða, **K&S** 6:9. Bið þú ávallt og mikil verður blessun þín, **K&S** 19:38. Lát skírast og þú skalt hljóta anda minn og ríkulegri blessun en þú hefur áður þekkt, **K&S** 39:10. Eftir mikið mót-læti koma blessanirnar, **K&S** 58:4. Menn hlýða ekki; ég afturkalla og þeir hljóta ekki blessun, **K&S** 58:32. Þér hafið enn ekki skilið hversu miklar þær blessanir eru, sem faðirinn hefur fyrirbúið yður, **K&S** 78:17. Frá hinu háa prestdæmi kemur framkvæmd fyrir mæla og blessana til kirkjunnar, **K&S** 107:65–67. Til er lögmál sem allar blessanir eru bundnar við, **K&S** 130:20. Allir sem æskja blessunar af minni hendi skulu halda það lögmál, **K&S** 132:5. Blessanir eru geymdar þeim sem elska Drottin, **K&S** 138:52.

Abraham leitaði eftir blessun feðranna og þess réttar að mega vígjast til að veita þær, **Abr** 1:2.

Blessun barna: Hann tók þau í fangið og blessaði þau, **Mark** 10:16.

Hann tók litlu börnin þeirra, hvert af öðru, og blessaði þau, **3 Ne** 17:21.

Öldungar eiga að blessa börnin í nafni Jesú Krists, **K&S** 20:70.

Blóð. *Sjá einnig* Förn; Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur

Ísraelsmenn til forna og mörg nútíma menningarsamfélög litu á það sem

Blótsyrði

aðsetur lífs og frumkraft alls holds. Á tímum Gamla testamentis bannaði Drottinn Ísrael að neyta blóðs sem fæðis (3 Mós 3:17; 7:26–27; 17:10–14).

Friðþægingarkrafturinn við fórnfæringu var í blóðinu vegna þess að blóðið var álitid lífsnauðsynlegt. Dýrafórnir í Gamla testamentinu voru tákningar hinna miklu fórnar sem Jesús Kristur færði síðar (3 Mós 17:11; HDP Móse 5:5–7). Friðþægingarblóð Jesú Krists hreinsar þann sem iðrast af synd (1 Jóh 1:7).

Sviti hans varð eins og blóðdropar, **Lúk 22:44**. Við helgumst fyrir úthellingu blóðs Krists, **Hebr 10:1–22**.

Blóð draup úr hverri svitaholu, **Mósía 3:7** (K&S 19:18).

Blóði Drottins var úthellt til fyrirgefningar synda, **K&S 27:2**. Jesús færði fullkomna friðþægingu með því að úthella sínu eigin blóði, **K&S 76:69**.

Með blóðinu eruð þér helgaðir, **HDP Móse 6:60**.

Blótsyrði. *Sjá* Eiður; Guðlasta, guðlast; Vanhelgun

Boðorð Guðs. *Sjá einnig* Boðorðin tíu; Hlýðni, hlýðinn, hlýða; Lögmál; Orð Guðs; Synd

Lögmál og skilyrði sem Guð setur mannkyni, annað hvort hverjum um sig eða sem heild. Að halda boðorðin færir hinum hlýðnu blessun Drottins (K&S 130:21).

Allt gjörði Nói eins og Guð bauð honum, **1 Mós 6:22**. Breytið eftir mínum setningum og boðum, **3 Mós 26:3**. Varðveit þú boðorð mín og muntu lifa, **Okv 4:4** (Okv 7:2).

Ef þér elskið mig munuð þér halda boðorð mín, **Jóh 14:15** (K&S 42:29). Hvað sem vér biðjum um fáum vér hjá honum, af því að vér höldum boðorð hans, **1 Jóh 3:22**. Boðorð hans eru ekki þung, **1 Jóh 5:3**.

Verið óhagganlegir við að halda boðorðin, **1 Ne 2:10**. Drottinn gefur engin fyriræli án þess að greiða veg, **1 Ne 3:7**. Ég verð að fara að ströngustu fyrirælium Guðs, **Jakob 2:10**. Svo sem

þér haldið boðorð mín, svo mun yður vegna vel í landinu, **Jar 1:9** (Al 9:13; 50:20). Lærðu að halda boðorð Guðs meðan þú ert ungur, **Al 37:35**.

Þessi boðorð hef ég gefið, **K&S 1:24**. Kannid þessi boðorð, **K&S 1:37**. Ef þér haldið ei boðorð mín, getið þér ekki orðið hólpnir, **K&S 18:46** (K&S 25:15; 56:2). Boðorð mín eru andleg, þau eru hvorki náttúruleg né stundleg, **K&S 29:35**. Boðorð eru gefin svo að við fáum skilið vilja Drottins, **K&S 82:8**.

Ég veit það ekki, aðeins að Drottinn bauð mér það, **HDP Móse 5:6**. Drottinn mun reyna menn og sjá hvort þeir gjöra allt sem hann býður þeim, **Abr 3:25**.

Boðorðabókin. *Sjá einnig* Kenning og sáttmálar; Opinberun

Árið 1833 voru nokkrar af opinberunum þeim, sem spámaðurinn Joseph Smith hafði fengið, búnar til prentunar undir heitinu A Book of Commandments for the Government of the Church of Christ. Drottinn hélt áfram að tala til þjóna sinna og stærra safn opinberana var gefið út tveim árum síðar sem Kenning og sáttmálar.

K&S 1 er formáli Drottins að Boðorðabókinni, **K&S 1:6**. Drottinn skoraði á hina vitrustu menn að rita þó ekki væri nema hliðstæðu einnar hinna smæstu opinberana í Boðorðabókinni, **K&S 67:4–9**. Ráðsmenn voru tilnefndir til að gefa út opinberanirnar, **K&S 70:1–5**.

Boðorðin tíu. *Sjá einnig* Boðorð Guðs; Móse

Tíu boðorð gefin af Drottinni með spámanninum Móse til að stjórna siðrænni hegðun manna.

Hebreskt nafn þeirra er „Tíu orð.“ Einnig kölluð Sáttmálinn (5 Mós 9:9) eða Sáttmálið (2 Mós 25:21; 32:15). Frásagan af því, er Drottinn gaf Móse og Ísrael með honum boðorðin tíu, er í 2 Mós 19:9–20:23; 32:15–19; 34:1. Boðorðin voru grafin á tvær steintöflur, sem settar voru í örkin; því var örkin kölluð sáttmálsörkin (4 Mós 10:33). Drottinn dró saman boðorðin tíu, í „tvö æðstu og fremstu

boðorðin“ með því að vitna í 5 Mós 6:4–5 og 3 Mós 19:18, (Matt 22:37–39).

Boðorðin tíu hafa verið endurtekin í síðari daga opinberunum (ÞJS, 2 Mós 34:1–2, 14; [Viðauki]; Mósía 12:32–37; 13:12–24; K&S 42:18–28; 59:5–13).

Bóas. Sjá einnig Rut

Eiginmaður Rutar (Rut 4:9–10); langafi Davíðs, Ísraelskonungs (Rut 4:13–17); og forfaðir Krists, konungs konunganna (Lúk 3:32).

Bók Mormóns. Sjá Mormón, spámaður Nefíta — Bók Mormóns; Mormónsbók

Brauð lífsins. Sjá einnig Jesús Kristur; Sakramenti

Jesús Kristur er Brauð lífsins. Brauð sakramentisins er táknrænt fyrir líkama Krists.

Ég er brauð lífsins, **Jóh** 6:33–58.

Etið og drekkið af brauði og vatni lífsins, **Al** 5:34. Brauðið er til minningar um líkama Krists, **3 Ne** 18:5–7.

Brauðið er tákn um hold Krists, **K&S** 20:40, 77 (Moró 4).

Bréf Páls postula. Sjá einnig Páll; heiti hvers bréfs um sig

Fjórtán bækur Nýja testamentis sem upphaflega voru bréf Páls postula til meðlima kirkjunnar. Þeim má skipta í eftirtalda flokka:

1. og 2. Þessaloníkubrэф (50–51 e.Kr.)

Páll ritaði Þessaloníkumönnum bréfin frá Korintu í annarri trúboðsferðinni. Starfi hans í Þessaloníku er lýst í 17. kaþítula Postulasögunnar. Hann vildi snúa aftur til Þessaloníku en gat það ekki (1 Þess 2:18). Hann sendi því Tímóteus til að fregna af söfnuðinum og gleðja þá. Fyrra bréfið er þakkir hans þá er Tímóteus kom til baka. Síðara bréfið er ritað litlu síðar.

1. og 2. Korintubrэф, Galatabréfið, Rómverjabréfið (55–57 e.Kr.)

Páll ritaði bréfin til Korintumanna í þriðju trúboðsferðinni til þess að svara

og leiðrétta það sem miður fór meðal hinna heilögu í Korintu.

Bréfið til Galatamanna kann að hafa verið ritað mörgum söfnuðum í Galatíu. *Sumir* meðlima kirkjunnar voru að hverfa frá fagnaðarerindinu að lögmáli Gyðinga. Í þessu bréfi greinir Páll frá tilganginum með Mósælögmálinu og gildi andlegrar trúar.

Páll ritaði bréfið til Rómverja frá Korintu, að nokkru leyti til að undirbúa hina rómversku heilögu áður en hann sækti þá heim. Þetta bréf staðfestir einnig kenningar sem um var deilt meðal Gyðinga sem snúist höfðu til kristinnar trúar.

Filippibréfið, Kólossubrэфið, Efesusbrэфið, Filemonsbrэфið, Hebreabrэфið (60–62 e.Kr.)

Páll ritaði þessi bréf er hann var í fyrra sinn í fangelsi í Róm.

Páll ritaði bréfið til Filippíumanna aðallega til að láta í ljós þakklæti og kærleik til hinna heilögu í Filippíu og styrkja þá þrátt fyrir vonbrigðin vegna langrar fangelsisvistar hans.

Páll ritaði bréfið til Kólossumanna vegna fréttu af alvarlegum villukenninum meðal hinna heilögu í Kólossu. Þeir hugðu að fullkomnun fengist með nákvæmri framkvæmd ytri helgiathafna einni saman, fremur en þroska kristilegra eiginleika.

Bréfið til Efesusmanna er mjög mikilsvert, því þar er að finna kenningu Páls um kirkju Krists.

Filemonsbréfið er einkabréf varðandi Onesímus, þræl sem hafði rænt frá eiganda sínum, Filemon, og strokið til Rómar. Páll sendi Onesímus aftur til húsbónda hans og langt bréf með beiðni um að honum yrði fyrirgefið.

Páll ritaði Hebreabréfið til meðlima kirkjunnar af gyðinglegum ættum til að sýna þeim fram á að Mósælögmálið hefði uppfyllst í Kristi og að lögmál fagnaðarerindis Krists kæmi í þess stað.

1. og 2. Tímóteusarbrэф, Títusarbrэф (64–65 e.Kr.)

Páll ritaði þessi bréf eftir að hann losnaði úr fangelsi í Róm í fyrsta sinn.

Páll ferðaðist til Efesus, þar sem hann skildi Tímóteus eftir til að sporna við útbreiðslu annarlegra kenninga meðal þeirra og hugðist koma þar síðar. Fyrri bréfið til Tímóteusar ritaði hann sennilega frá Makedóníu, til að veita honum ráð og stappa í hann stálinu við að leysa verk sitt af hendi.

Páll ritaði bréfið til Titusar þegar hann var ekki í fangelsi. Má vera að hann hafi komið til Krítar, þar sem Titus þjónaði. Bréfið fjallar mest um réttlátt líferni og reglu innan kirkjunnar.

Síðara bréfið er ritað til Tímóteusar þegar Páll var í annað sinn í fangelsi, stuttu fyrir píslarvætti sitt. Bréfið hefur að geyma hinstu orð Páls og sýnir dásamlegt hugrekki hans og trúnaðartraust andspænis dauðanum.

Brigham Young

Postuli snemma á þessum ráðstöfunartíma og annar forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Hann leiddi hina heilögu vestur frá Nauvoo, Illinois, til Saltvatnsdals og var mikilvirkur nýlendustofnandi í vesturhluta Bandaríkjanna.

Brigham Young var kallaður sem forseti postulanna tólf, **K&S** 124:127. Brigham Young fær lof fyrir störf sín og er leystur undan ferðalögum á komandi tímum, **K&S** 126. Drottinn leiðbeinir Brigham Young um hversu skipuleggja skuli ferð hinna heilögu í vesturátt, **K&S** 136. Brigham Young var meðal útvalinna í andaheiminum, **K&S** 138:53.

Brjósthlífar. Sjá einnig Úrím og Túmmím

Ritningarnar greina frá tvenns konar brjósthlífum: (1) Framhlið herklæða eða brynju. Í táknrænu máli, er sagt að hinir heilögu skuli bera brjósthlíf réttlætisins sér til varnar gegn illu (Jes 59:17; Ef 6:14). (2) Hluti klæðnaðar æðstaprestsins í Móselögum (2 Mós 28:13–30; 39:8–21). Hún var gjörð úr línúki og skreytt tólf dýrmætum steinum. Stundum getið í

tengslum við Úrím og Túmmím (**K&S** 17:1; JS — S 1:35, 42, 52).

Brottvikning. Sjá einnig Fráhvarf; Uppreisn

Það að víkja einhverjum úr kirkjunni er strangasta ögun kirkjunnar. Sá einstaklingur, sem vikið hefur verið úr kirkjunni, er ekki lengur þegn kirkjunnar. Yfirmenn kirkjunnar vísa mönnum úr kirkjunni einungis ef viðkomandi hefur valið að lifa í andstöðu við boðorð Drottins og hefur þannig útilokað sjálfan sig frá frekari þátttöku í kirkjunni

Hjörtu margra höfðu forherst og nöfn þeirra voru þurrkuð út, **Al** 1:24 (**Al** 6:3). Iðrist hann ekki skal hann ekki teljast meðal míns fólks, **3 Ne** 18:31 (**Mósía** 26).

Þeim sem drýgir hór og iðrast ekki skal vísað burt, **K&S** 42:24. Þeim sem syndgar og iðrast ekki skal vísað burt, **K&S** 42:28. Aðferðir ákveðnar við lausn stærri ágreiningsefna innan kirkjunnar, **K&S** 102 (**K&S** 42:80–93). Biskup er tilnefndur dómari í Ísrael, **K&S** 107:72. Trúfélög hafa rétt til að krefja meðlimi sína reikningsskila á ósæmilegri hegðun, **K&S** 134:10.

Bróðir Jareds. Sjá einnig Jared; Jaredítar

Spámaður í Mormónsbók. Hann og bróðir hans stofnsettu Jaredítapjóðina er þeir leiddu hóp fólks frá Babelsturni til fyrirheitins lands í vesturálfu (**Et** 1–6). Hann var maður svo mikillr trúar að hann ræddi við Drottin augliti til auglitis (**K&S** 17:1). Saga hans er skráð í Bók Eters.

Bróðir Jareds var maður mikill vexti, sterkur og í miklum metum hjá Drottni, **Et** 1:34. Sakir trúar sinnar, sá bróðir Jareds fingur Drottins, **Et** 3:6–9 (**Et** 12:20). Kristur sýndi sig bróður Jareds í andalíkama, **Et** 3:13–20. Aldrei hafa mikilfenglegri hlutir verið opinberaðir en þeir sem opinberuðust bróður Jareds, **Et** 4:4. Bróðir Jareds varaði þjóð sína við konungsstjórn, **Et** 6:22–23. Drottinn sýndi

bróður Jareds allt, **Et** 12:21. Bróðir Jareds var máttugur í riti, **Et** 12:24. Fyrir trú flutti bróðir Jareds fjallið Serín, **Et** 12:30.

Brúðgumi. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Jesús Kristur er í ritningunum kallaður brúðguminn. Hin táknræna brúður hans er kirkjan.

Tíu meyjar fóru á fund brúðgumans, **Matt** 25:1–13. Sá sem á brúðina er brúðguminn, **Jóh** 3:27–30. Blessaðir eru þeir sem boðið er til brúðkaupsveislu lambsins, **Op** 19:5–10.

Verið reiðubúin við komu brúðgumans, **K&S** 33:17. Undirbúið komu brúðgumans, **K&S** 65:3.

Bræður, bróðir. *Sjá einnig* Kona, konur; Maður, menn; Systir

Sem börn okkar himneska föður eru allir karlar og allar konur bræður og systur í anda. Karlmenn í kirkjunni svo og menn vinveittir kirkjunni eru oft ávarpaðir sem bræður.

Styrk þú bræður þína, þegar þú ert snúinn við, **Lúk** 22:32. Sá sem ekki elskar bróður sinn er áfram í dauðanum, **1 Jóh** 3:10–17.

Hugsíð um bræður yðar á sama hátt og um yður sjálfa, **Jakob** 2:17.

Lát sérhvern mann meta bróður sinn sem sjálfan sig, **K&S** 38:24–25. Styrk bræður þína í öllum samskiptum þínum við þá, **K&S** 108:7.

Bæn. *Sjá einnig* Amen; Íhuga, ígrunda; Spyrja; Tilbeiðsla

Lotningarfull samskipti við Guð þar sem maðurinn færir þakkir og biður um blessanir. Bænum er beint til himnesks föður í nafni Jesú Krists. Bænir má flytja upphátt eða í hljóði. Hugsanir manna geta einnig verið bæn ef þeim er beint til Guðs. Söngur hinna réttlátu getur verið bæn til Guðs (**K&S** 25:12).

Takmark bænar er ekki að breyta vilja Guðs, heldur tryggja okkur sjálfum og öðrum blessanir sem Guð er þegar fús að veita, en við verðum að biðja um ef okkur á að hlotnast.

Við biðjum til föðurins í nafni Krists (**Jóh** 14:13–14; 16:23–24). Við getum í sannleika beðið í nafni Krists þegar óskir okkar eru samhljóða óskum Krists (**Jóh** 15:7; **K&S** 46:30). Við biðjum þá um það sem er rétt og Guði því mögulegt að veita (**3 Ne** 18:20). Sumum bænum er ekki svarað því þær eru í engu samræmi við óskir Krists en stafa þvert á móti af sjálfseltu manna (**Jakbr** 4:3; **K&S** 46:9). Ef við biðjum um eitthvað sem ekki er okkur gagnlegt, snýst það okkur einmitt til fordæmingar (**K&S** 88:65).

Þá hófu menn að ákalla Drottin, **1 Mós** 4:26. Við altarið ákallaði Abram nafn Drottins, **1 Mós** 13:4. Þjónn Abrahams bað um hjálp við að finna konuefni handa Ísak, **1 Mós** 24:10–19. Fjarri sé það mér að syndga gegn Drottini með því að hætta að biðja fyrir yður, **1 Sam** 12:23. Drottinn heyrir bæn réttlátra, **Okv** 15:29. Þér munuð finna mig ef þér leitið af öllu hjarta, **Jer** 29:12–13.

Biðjið fyrir þeim sem ofsækja yður, **Matt** 5:44 (**Lúk** 6:28; **3 Ne** 12:44). Bið þú til föður þíns sem er í leynum, **Matt** 6:5–8 (**3 Ne** 13:5–8). En þannig skuluð þér biðja, **Matt** 6:9–13 (**Lúk** 11:2; **3 Ne** 13:9). Biðjið og yður mun gefast, **Matt** 7:7 (**3 Ne** 14:7; **K&S** 4:7; 6:5; 66:9). Jesús gekk til fjalls að biðjast fyrir, **Matt** 14:23. Vakið og biðjið, að þér fallið ekki í freistni, **Matt** 26:41 (**Mark** 14:38; **3 Ne** 18:15–18; **K&S** 31:12). Hann biðji í trú, án þess að efast, **Jakbr** 1:5–6 (**K&S** 42:68; 46:7). Kröftug bæn réttláts manns megnar mikið, **Jakbr** 5:16.

Hlustið á andann sem kennir manninum að biðja, **2 Ne** 32:8–9. Ég ákallaði hann í máttugri bæn, **Enos** 1:4. Ég hef fastað og beðið dögum saman, **Al** 5:45–46 (**Al** 26:22). Þeir höfðu mikið beðið og fastað, **Al** 17:3. Munið hvað Senos sagði varðandi bæn eða tilbeiðslu, **Al** 33:3. Verið auðmjúkir og haldið áfram að biðja, **Al** 34:18–27. Ráðgastu við Drottin um allt sem þú tekur þér fyrir hendur, **Al** 37:37. Þér verðið alltaf að biðja föðurinn í mínu nafni, **3 Ne** 18:19–20. Biðjið með fjölskyldum yðar, **3 Ne** 18:21. Jesús bað til föðurins, **3 Ne** 19:31–34 (**Jóh** 17;

3 Ne 18:16). Hann bauð þeim að biðja án afláts í hjörtum sínum, **3 Ne** 20:1. Ef hann biður, en ekki með einlægum ásetningi, gagnar það honum ekkert, **Moró** 7:6–9.

Bið ekki um það sem þú ættir ekki að biðja um, **K&S** 8:10. Bið ávallt, að þú megir verða sigurvegari, **K&S** 10:5. Ég býð þér að þú skalt biðja bæði upphátt og í hjarta þínu, **K&S** 19:28. Andinn skal veitast yður með trúarbæni, **K&S** 42:14. Þú skalt fara í hús bænarrinnar og færa þar sakramenti þitt, **K&S** 59:9 (Matt 21:13). Foreldrar kenni börnum sínum að biðja, **K&S** 68:28. Drottinn Guð þeirra er tregur að hlýða á bænir þeirra, **K&S** 101:7–8 (Mósía 21:15). Ver auðmjúkur og Drottinn mun svara bænum þínum, **K&S** 112:10.

Adam var sagt að ákalla Guð í nafni sonarins, **HDP Móse** 5:8. Faðirinn og sonurinn birtust Joseph Smith sem svar við bænum hans, **JS — S** 1:11–20.

Bölvun. *Sjá einnig* Fordæming; Vanhelgun

Í ritningunum er bölvun beiting guðlegs lögmáls sem leyfir eða leiðir dóm og afleiðingar hans yfir hlut, einstakling eða menn fyrst og fremst sakir óráðvendni. Bölvunir birta guðlegan kærleik og réttvísi Guðs. Þær geta verið bein ráðstöfun Guðs eða boðaðar af lögmætum þjónum hans. Stundum er full ástæða fyrir bölvuninni kunn Guði einum. Þar að auki reyna þeir ástand bölvunar, sem viljandi óhlýðnast Guði og fjarlægjast anda Drottins.

Drottinn kann að aflétta bölvun vegna trúar einstaklings eða manna á Jesú Krist og hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins (Al 23:16–18; 3 Ne 2:14–16; TA 1:3).

Guð lagði bölvun á höggorminn fyrir að tæla Adam og Evu, **1 Mós** 3:13–15 (HDP Móse 4:19–21). Jörðinni var bölvað sakir Adams og Evu, **1 Mós** 3:17–19 (HDP Móse 4:23–25). Drottinn bölvaði Kain fyrir að drepa Abel, **1 Mós** 4:11–16 (HDP Móse 5:22–41). Drottinn bölvaði Kanaan og afkomendum hans, **1 Mós**

9:25–27 (HDP Móse 7:6–8; Abr 1:21–27). Ísrael mun blessaður ef hlýðinn Drottini, og bölvaður ef óhlýðinn, **5 Mós** 28 (5 Mós 29:18–28). Gehasi og afkomendur hans voru bölvaðir með líkþrá Naamans, **2 Kon** 5:20–27. Drottinn bölvaði hinni fornu Ísraelsþjóð fyrir að greiða ekki tíund og fórnir, **Mal** 3:6–10.

Jesús bölvaði fikjutrénu og það visnaði, **Mark** 11:11–14, 20–21. Jesús bölvaði borgunum Korasin, Betsaida og Kapernaum, **Lúk** 10:10–15.

Lamanítar vildu ekki hlusta á Drottin og því var þeim vísað úr nærveru Drottins og þeim bölvað, **2 Ne** 5:20–24. Öllum er boðið að koma til Guðs, **2 Ne** 26:33. Drottinn mun bölvna þeim sem drýgja hör, **Jakob** 2:31–33. Nefítar undir stærri bölvun en Lamanítar nema þeir iðrist, **Jakob** 3:3–5. Uppreisnargjarnt fólk leiðir yfir sig bölvun, **Al** 3:18–19 (5 Mós 11:26–28). Kóríhor var bölvað fyrir að leiða fólk frá Guði, **Al** 30:43–60. Drottinn bölvaði landi og auði Nefíta sakir misgjörða fólksins, **He** 13:22–23 (2 Ne 1:7; Al 37:31). Drottinn bölvaði hinum spilltu Jaredítum, **Et** 9:28–35. Friðþæging Krists afléttir bölvun Adams af litlum börnum, **Moró** 8:8–12.

Þeir sem snúa frá Drottini eru bölvaðir, **K&S** 41:1. Jörðin mun lostin banni nema hlekkur tengi feður og börn, **K&S** 128:18 (Mal 4:5–6).

Bölv og ragn: Að bölvna er einnig að nota óguðlegt málfar, svívirða og guðlasta.

Fólk á ekki að bölvna foreldum sínum, **2 Mós** 21:17 (Matt 15:4). Þú skalt ekki lastmæla höfðingja þíns fólks, **2 Mós** 22:28 (Préd 10:20). Karlar og konur skulu ekki formæla Guði, **3 Mós** 24:13–16.

Pétur formælti þegar hann kvaðst ekki þekkja Jesú, **Matt** 26:69–74.

Spilltir Nefítar formæltu Guði og ósk-uðu sér dauða, **Morm** 2:14.

Börn Guðs. *Sjá* Maður, menn; Synir og dætur Guðs

Börn Ísraels. *Sjá* Ísrael

Börn Krists. *Sjá einnig* Endurfæddur, fæddur af Guði; Getinn; Jesús Krstur; Synir og dætur Guðs

Þeir sem hafa meðtekið fagnaðarerindi Jesú Krists.

Hver sem auðmýkir sjálfan sig, eins og barn þetta, er mestur, **Matt** 18:1–4. Trúið á ljósið svo að þér verðið börn ljóssins, **Jóh** 12:36.

Losnið úr viðjum hins náttúrlega manns og verðið sem barn, **Mósa** 3:19; 27:25–26. Vegna sáttmálans skuluð þér nefnast börn Krists, **Mósa** 5:7. Ef þér til-einkið yður allt sem gott er, verðið þér vissulega börn Krists, **Moró** 7:19.

Öllum sem tóku á móti mér, veitti ég kraft til að verða synir mínir, **K&S** 39:4. Öttist ei, litlu börn, því að þér eruð mín, **K&S** 50:40–41.

Þú ert einn í mér, sonur Guðs, **HDP Móse** 6:68.

Dagur Drottins. *Sjá* Hvíldardagur; Lokadómur; Síðari koma Jesú Krists

Dalíla. *Sjá einnig* Filistar

Filistísk kona í Gamla testamenti sem dró Samson á talar og sveik hann (Dóm 16).

Damaskus

Forn borg á Sírylandi.

Damaskus stendur á frjósamri sléttu við jaðar eyðimerkurinnar og hefur gnægð vatns úr ánni Barada. Hennar er víða getið í ritningunum (fyrst í 1 Mós 14:15). Páll var á leið til Damaskus þegar Drottinn upprisinn birtist honum (Post 9:1–27; 22:5–16; 26:12–20).

Dan. *Sjá einnig* Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, sonur Jakobs og Bílu, ambáttar Rakelar (1 Mós 30:5–6).

Ættkvísl Dans: Blessun Jakobs á Dan, sjá 1 Mós 49:16–18. Blessun Móse á ættkvísl Dans, sjá 5 Mós 33:22. Eftir að þeir settust að í Kanaanlandi, hlaut ættkvísl Dans lítið en mjög frjósamt landssvæði

(Jós 19:40–48). Þeir máttu hafa sig alla við að verja það fyrir Amorítum (Dóm 1:34) og fyrir Filistum (Dóm 13:2, 25; 18:1). Það varð því úr að Danítar fluttu norður fyrir Palestínu (Dóm 18), umhverfis Laís, og gáfu þeirri borg nafnið Dan. Þessi borg er vel þekkt sem nyrsti hluti Palestínu, sem náði „frá Dan allt til Berseba.“

Daníel

Aðalpersónan í Daníelsbók í Gamla testamentinu; spámaður Drottins og mikill trúmaður.

Ekkert er vitað um foreldra hans, virðist þó hafa verið af konungakyni (Dan 1:3). Hann var herleiddur til Babýlon og gefið þar nafnið Beltsasar (Dan 1:6–7). Daníel og þrír aðrir höfnuðu mat konungs af trúarástæðum (Dan 1:8–16).

Daníel vann hylli Nebúkadnesars og Daríusar vegna snilli sinnar að ráða drauma (Dan 2; 4; 6). Hann las einnig og lagði út það sem höndin reit á vegginn (Dan 5). Óvinir hans gerðu samsæri gegn honum og honum var varpað í ljónagryfju, en Drottinn verndaði hann (Dan 6).

Daníelsbók: Bókin er í tveimur hlutum: Kapítular 1–6 eru sagnir af Daníel og félögum hans þremur; kapítular 7–12 eru spádómlegar sýnir Daníels. Bókin kennir mikilvægi þess að vera Guði trúur og sýnir fram á að Drottinn blessar hina trygglyndu.

Bókin er að stórum hluta ráðning á draumi Nebúkadnesars. Í draumnum er ríki Guðs lýst sem steini sem höggvinn er úr bergi. Steinninn mun velta fram uns hann fyllir alla jörðina (Dan 2; sjá einnig K&S 65:2).

Daríus. *Sjá einnig* Babel, Babýlon

Í Gamla testamenti, konungur Meda sem ríkti í Babýloníu eftir dauða Belsasars (Dan 5:31; 6:9, 25–28; 9:1; 11:1).

Dauðahafið

Hið salta vatn syðst í Jórdandalnum. Var einnig þekkt sem Saltisjór. Yfirborð þess liggur u.þ.b. 915 metrum neðar en Miðjarðarhafið. Borgirnar Sódóma,

Dauðarefsing

Gómorra, og Sóar eða Bela voru nálægt því (1 Mós 14:2–3).

Samkvæmt spádómi mun eitt af táknum um síðari komu frelsarans verða að vatn Dauðahafsins læknað og líf tímgað þar (Esek 47:8–9).

Dauðarefsing. Sjá einnig Morð

Refsing með lífláti fyrir drýgðan glæp, einkanlega tengt refsingu fyrir morð.

Hver sem úthellir mannsblóði, hans blóði skal af manni úthellt verða, **1 Mós** 9:6 (ÞJS, 1 Mós 9:12–13). Manndrápara skal vissulega af lífi taka, **4 Mós** 35:16.

Morðingar sem drepa af yfirlögðu ráði munu deyja, **2 Ne** 9:35. Þú ert dauðadæmdur eftir lögunum, **Al** 1:13–14. Þeim sem myrti var refsað með dauða, **Al** 1:18. Lögin krefjast lífs þess sem myrt hefur, **Al** 34:12.

Sá sem morð fremur skal deyja, **K&S** 42:19.

Dauði, andlegur. Sjá einnig Djöfull; Fall Adams og Evu; Fordæming; Glötunarsynirnir; Helja; Sáluhjál, hjálpræði

Aðskilnaður frá Guði og áhrifum hans; að deyja gagnvart því sem réttlátt er. Lúsífer og þriðjungur herskara himins biðu andlegan dauða er þeim var varpað niður frá himni (**K&S** 29:36–37).

Andlegur dauði var innleiddur í heimin við fall Adams (**HDP Móse** 6:48). Dauðlegir menn illra hugsana, orða og verka eru andlega dauðir þótt þeir lifi enn á jörðu (1 **Tím** 5:6). Fyrir friðþægingu Jesú Krists og með hlýðni við reglur og helgiathafnir fagnaðarerindisins geta menn og konur orðið hrein af synd og sigrast á andlegum dauða.

Andlegur dauði á sér einnig stað í kjölfar líkamsdauðans. Bæði upprisnar verur og djöfullinn og englar hans verða dæmd. Þeir sem vitandi vits hafa risið gegn ljósi og sannleika fagnaðarerindisins munu líða andlegan dauða. Sá dauði er oft nefndur hinn annar dauði (**Al** 12:16; **He** 14:16–19; **K&S** 76:36–38).

Illvirkjarnir verða afmáðir, **Sálm** 37:9.

Að vera holdlega sinnauður er dauði, **Róm** 8:6 (2 **Ne** 9:39). Fýsnir sökkva mönnum í tortímingu og glötun, **1 Tím** 6:9. Syndin fæðir dauða, **Jakbr** 1:15. Þeim sem sigrar mun sá annar dauði ekki granda, **Op** 2:11. Yfir slíkum hefur hinn annar dauði ekki vald, **Op** 20:6, 12–14. Hinum illu er búinn staður í dýkinu sem logar af eldi og brennisteini; það er hinn annar dauði, **Op** 21:8 (**K&S** 63:17–18).

Mönnum er frjálst að velja frelsi og eilíft líf eða velja heli og dauða, **2 Ne** 2:27 (2 **Ne** 10:23; **Al** 29:5; **He** 14:30–31). Guð bjó okkur leið til að forðast dauða og víti, **2 Ne** 9:10. Leysið yður undan kvölum vísis og bíðið ekki hinn annan dauða, **Jakob** 3:11. Hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs, **Mósía** 3:19. Megi Drottinn gefa að þér iðrist svo þér þurfið ekki að þola hinn annan dauða, **Al** 13:30. Alma var reyrdur ævarandi hlekkjum dauðans, **Al** 36:18. Hinir illu deyja gagnvart því sem réttlátt er, **Al** 40:26 (**Al** 12:16). Fallið leiddi andlegan dauða yfir allt mannkyn, **Al** 42:9 (**He** 14:16–18).

Þegar Adam féll varð hann andlega dauður, **K&S** 29:40–41, 44.

Dauði, hinn annar dauði. Sjá Dauði, andlegur

Dauði, líkamlegur. Sjá einnig Dauðlegur, dauðleiki; Fall Adams og Evu; Sáluhjál, hjálpræði; Upprisa

Aðskilnaður líkama og anda. Fallið færði dauðleika og dauða á jörðu (2 **Ne** 2:22; **HDP Móse** 6:48). Friðþæging Krists sigraði dauðann og þeir munu allir rísa upp (1 **Kor** 15:21–23). Upprisan er frjáls gjöf til allra manna hvort sem þeir hafa verið góðir eða illir í þessu lífi (**Al** 11:42–44). Hver maður þolir aðeins einu sinni líkamsdauða því að upprisnar getum við ekki dáíð aftur (**Al** 11:45).

Þá mundi allt hold gefa upp andann og maðurinn aftur verða að dufti, **Job** 34:15. Dýr er í augum Drottins dauði dýrkenda hans, **Sálm** 116:15. Moldin hverfur aftur til jarðarinnar og andinn til Guðs, **Préd** 12:7.

Fyrir manninn kom dauðinn, **1 Kor** 15:21. Frelsarinn hefur lykla dauða og Heljar, **Op** 1:18. Dauðinn mun ekki framfar til vera, né harmur, **Op** 21:4.

Dauðinn hefur orðið hlutskipti allra manna, **2 Ne** 9:6, 11 (Al 12:24). Þeir skelfdust aldrei dauðann, **Al** 27:28. Alma útskýrði ástand sálarinnar milli dauða og upprisu, **Al** 40:11.

Þeir sem deyja í mér munu ekki smakka dauðann, **K&S** 42:46. Þeir sem ekki eru útnefndir til að deyja munu heilir verða, **K&S** 42:48. Ég mun reyna yður í öllu, allt til dauða, **K&S** 98:14.

Til duftsins skaltu aftur hverfa, **HDP Móse** 4:25. Adam féll og með falli hans kom dauðinn, **HDP Móse** 6:48.

Dauðlegur, dauðleiki. *Sjá einnig*

Dauði, líkamlegur; Fall Adams og Evu; Heimur; Líkami

Tíminn frá fæðingu til líkamsdauða. Þetta er stundum nefnt annað tilverustigið.

Jafnskjótt og þú etur af því skalt þú vissulega deyja, **1 Mós** 2:16–17 (**HDP Móse** 3:16–17). Við dauðann mun andinn hverfa til Guðs og líkaminn í duft jarðar, **Préd** 12:7 (1 Mós 3:19; **HDP Móse** 4:25).

Látið ekki syndina ríka í dauðlegum líkama yðar, **Róm** 6:12. Hinn dauðlegi líkami verður að íklæðast ódauðleika, **1 Kor** 15:53 (Enos 1:27; Mósía 16:10; Morm 6:21).

Ástand mannsins varð reynslutími, **2 Ne** 2:21 (Al 12:24; 42:10). Adam féll, svo að maðurinn mætti öðlast líf, **2 Ne** 2:25. Lítið þér fram og sjáið dauðlegan líkama uppreistan í ódauðleika, **Al** 5:15. Þetta líf er tíminn til að búa sig undir að mæta Guði, **Al** 34:32.

Hræðist ekki dauðann því að í þessum heimi er gleði yðar ekki algjör, **K&S** 101:36.

Þeim sem standast annað stigið sitt mun bætast dýrð, **Abr** 3:26.

David Whitmer

Leiðtogi snemma í starfi hinnar endurreistu kirkju og eitt þriggja vitna um

guðlegan uppruna og sannleiksgildi Mormónsbókar (**K&S** 14; 17–18). Drottinn veitti honum sérstakar leiðbeiningar í **K&S** 14 og 30:1–4.

David W. Patten

Var í fyrstu sveit hinna tólf postula sem valdir voru á síðari daga ráðstöfunartíma. David Patten varð fyrsti píslarvottur hinnar endurreistu kirkju, féll í bardaganum við Crooked River í Missouri árið 1838.

Kallaður til að hætta viðskiptum og fara í trúboð, **K&S** 114:1. Var tekinn til Drottins, **K&S** 124:19, 130.

Davíð. *Sjá einnig* Batseba; Sálmur

Konungur í Ísrael til forna, í Gamla testamenti.

Davíð var sonur Ísaí af Júda ættkvísl. Hann var hugrakkur ungur maður sem felldi ljón, björn og filistíska risann Goliát (1 Sam 17). Davíð var útvalinn og smurður konungur Ísraels. Eins og Sál varð hann á fullorðinsárum sekur um alvarleg afbrot, en öfugt við Sál, gat hann auðmýkt sig. Þess vegna gat hann fengið fyrirgefningu, þó ekki fyrir morðið á Úría (**K&S** 132:39). Ævi hans má skipta í fjóra hluta: (1) í Betlehem, en þar var hann fjárhirðir (1 Sam 16–17); (2) við hirð Sáls konungs (1 Sam 18:1–19:18); (3) á flóttu (1 Sam 19:18–31:13; 2 Sam 1); (4) sem konungur yfir Júdeu í Hebron (2 Sam 2–4), og síðar sem konungur alls Ísraels (2 Sam 5–24; 1 Kon 1:1–2:11).

Hórdómi Davíðs með Batsebu fylgdi keðja óhappa sem háðu honum síðustu tvo áratugi lífs hans. Þjóðinni vegnaði í heild sinni vel undir stjórn hans, en Davíð leið sjálfur vegna synda sinna. Sífelldar fjölskylduerjur, sem í máli Absaloms og Adónía, enduðu með upreiss. Þeir atburðir eru uppþýlling á orðum Natans spámanns um afleiðingar synda Davíðs (2 Sam 12:7–13).

Þrátt fyrir þessar hrakfarir var stjórnartíð Davíðs hin glæstasta í sögu Ísraelsþjóðar, af því að (1) hann náði að sameina ættbálkana í eina þjóð, (2) hann tryggði óumdeild yfirráð yfir landinu,

(3) hann byggði stjórn ríkisins á hinni sönnu trú, svo að vilji Guðs varð lög í Ísrael. Af þeim sökum var stjórnartíð Davíðs síðar talin gullöld þjóðarinnar og forboði enn dýrðlegri tíma við komu Messíasar (Jes 16:5; Jer 23:5; Esek 37:24–28).

Ævi Davíðs sýnir nauðsyn þess fyrir alla, að standast í réttlæti allt til enda. Sem unglingur var hann sagður maður Drottni „að eigin hjarta“ (1 Sam 13:14); sem fullorðinn maður talaði hann með andanum og hlaut margar opinberanir. En hann varð að gjalda dýru verði brot sín á boðorðum Guðs (K&S 132:39).

Dánir, sáluhjálp fyrir dána. *Sjá*

Sáluhjálp fyrir hina dáu

Debóra

Í Gamla testamenti, spákona sem dæmði í Ísrael og hvatti Barak gegn Kanaanítum (Dóm 4). Söngur Debóru og Baraks fagnaði lausn Ísraels úr ánaud (Dóm 5).

Deilur. *Sjá einnig* Uppreisn

Ósætti, rífrildi og ágreiningur. Deilur, sérstaklega meðal meðlima kirkju Drottins eða innan fjölskyldu, eru ekki Drottni að skapi.

Engin misklíð sé milli mín og þín, **1 Mós** 13:8. Með hroka vekja menn aðeins þrætur, **Okv** 13:10.

Ef einhver hefur sök á hendur öðrum, fyrirgefið eins og Drottinn fyrirgefur, **Kól** 3:13. Forðast heimskulegar þrætur og stælar, **Títus** 3:9.

Drottinn hefur boðið að menn skuli ekki standa í illdeilum, **2 Ne** 26:32. Þér munuð ekki leyfa að börn yðar sláist og munnhöggvist hvert við annað, **Mósía** 4:14. Alma mælti svo fyrir að engar deilur skyldu vera meðal meðlima kirkjunnar, **Mósía** 18:21. Satan útbreiðir orðróm og deilur, **He** 16:22. Djöfullinn er faðir sundrunnar og eignir menn til deilna, **3 Ne** 11:29 (Mósía 23:15).

Stofnsetjið fagnaðareringi mitt og dragið úr deilum, **K&S** 10:62–64. Leggið

niður allar þrætur yðar á meðal, **K&S** 136:23.

Deseret. *Sjá einnig* Jaredítar

Í Mormónsbók, orð úr máli Jaredíta og merkir „hunangsfluga“ (Et 2:3).

Devteronomium (Fimmta Mósebók).

Sjá einnig Mósebækurnar

Fimmta bók Gamla testamentisins.

Devteronomium geymir þrjá síðustu fyrirlestra Móse, sem hann flutti á sléttum Móabs rétt áður en hann var burtuminn. Fyrsti fyrirlesturinn (kapítular 1–4) eru inngangur. Annar fyrirlesturinn (kapítular 5–26) skiptist í tvennt: (1) kapítular 5–11 — boðorðin tíu og hagnýt útskýring á þeim; og (2) kapítular 12–26 — lagabálkur, sem myndar kjarna bókarinnar í heild. Þriðji fyrirlesturinn (kapítular 27–30) geymir hátíðlega endurnýjun sáttmálans milli Ísraels og Guðs og yfirlýsing um blessanir sem leiða af hlýðni og bölvun þá sem leiðir af óhlýðni. Kapítular 31–34 lýsa afhendingu laganna til Levítanna, söng Móse og síðustu blessun og brottför Móse.

Djåkni. *Sjá einnig* Aronsprestdæmið

Köllun til kirkjubjónustu á tímum Páls postula (Fil 1:1; 1 Tím 3:8–13) og embætti í Aronsprestdæmi (K&S 20:38, 57–59; 84:30, 111; 107:85).

Djöfull. *Sjá einnig* Andi — Illir andar; Andkristur; Eyðandinn; Glötunarsynirnir; Helja; Lúsífer

Satan. Djöfullinn er óvinur réttlætis og þeirra sem leitast við að gjöra vilja Guðs. Hann er beinlínis andasonur Guðs og var eitt sinn engill með áhrifavaldi í nærveru Guðs (Jes 14:12; 2 Ne 2:17). Hins vegar gerði hann uppreisn í fortílverunni og tældi þriðjung andabarna föðurins til þátttöku með sér (K&S 29:36; HDP Móse 4:1–4; Abr 3:27–28). Þeim var varpað burt af himni, var neitað um jarðneska líkama og reynslu jarðlífsins og verða að eilífu útskúfaðir. Allt frá því djöfullinn var rekinn frá himni hefur hann sífellt leitast við að blekkja alla,

karla og konur, og leiða þau frá verki Guðs til þess að gjöra allt mannkyn eins aumkunarvert og hann er sjálfur (Op 12:9; 2 Ne 2:27; 9:8–9).

Jesús hastaði á djöfulinn, **Matt** 17:18. Eilífur eldur er búinn djöflinum og árum hans, **Matt** 25:41. Standið gegn djöflinum og þá mun hann flýja yður, **Jakbr** 4:7.

Hinir ranglátu munu leiddir í ánaud djöfulsins, **1 Ne** 14:7. Djöfullinn er faðir allra lyga, **2 Ne** 2:18 (HDP Móse 4:4). Djöfullinn sækist eftir að gjöra alla menn jafn vansæla og hann er sjálfur, **2 Ne** 2:27. Ef holdið risi ekki upp aftur, yrðu andar vorir þegnar djöfulsins, **2 Ne** 9:8–9. Djöfullinn mun ólmast, hvetja til værðar og skjalla, **2 Ne** 28:20–23. Það sem illt er kemur frá djöflinum, **Om** 1:25 (Al 5:40; Moró 7:12, 17). Varist ágreining yðar á meðal og kjósið ekki að hlýðnast hinum illa anda, **Mósía** 2:32. Ef þér eruð ekki sauðir góða hirðisins, er djöfullinn hirðir yðar, **Al** 5:38–39. Djöfullinn stendur ekki með börnum sínum, **Al** 30:60. Ástundið stöðugt bænir, svo að freistingar djöfulsins leiði ykkur ekki afvega, **Al** 34:39 (3 Ne 18:15, 18). Byggið undirstöður ykkar á bjargi lausnara okkar svo hinir voldugu stormar djöfulsins hafi ekkert vald yfir ykkur, **He** 5:12. Djöfullinn er höfundur allra synda, **He** 6:26–31.

Djöfullinn hefur reynt að leggja slóttuga áætlan, **K&S** 10:12. Svo hlaut að fara að djöfullinn freistaði mannanna barna, ella væri ekki um neitt sjálfraði þeirra að ræða, **K&S** 29:39. Adam varð undirgefinn vilja djöfulsins af því að hann féll fyrir freistingunni, **K&S** 29:40. Synir glötunarinnar munu ríkja með djöflinum og englum hans um eilífð, **K&S** 76:32–33, 44. Djöfullinn mun bundinn í þúsund ár, **K&S** 88:110 (Op 20:2). Hinn illi kemur og tekur burt ljósið og sannleikann, **K&S** 93:39.

Satan stóðst ekki fyrsta stig sitt, **Abr** 3:28.

Kirkja djöfulsins: Sérhver ill og jarðbundin stofnun á jörðu sem spillir

hreinu og fullkomnu fagnaðarerindi og berst gegn lambi Guðs.

Djöfullinn lagði grunn hinnar miklu viðurstyggilegu kirkju, **1 Ne** 13:6 (1 Ne 14:9). Aðeins eru til tvær kirkjur, önnur kirkja Guðslambins og hin djöfulsins, **1 Ne** 14:10 (Al 5:39).

Stríðið ei gegn neinni kirkju nema kirkju djöfulsins, **K&S** 18:20. Hinni miklu og viðurstyggilegu kirkju skal varpað niður, **K&S** 29:21.

Dómarabókin

Bók í Gamla testamentinu. Dómarabókin fjallar um Ísraélíta frá dauða Jósúa fram að fæðingu Samúels.

Kapítular 1–4 eru formáli að bókinni í heild. Þeir útskýra að vegna þess að Ísraélítar ráku ekki óvini sína brott (Dóm 1:16–35), verða þeir að taka afleiðingunum: Hnignun trúar, mægðum við vantrúaða og skurðgoðadýrkun. Kapítular 4–5 segja frá lífi Debóru og Baraks, sem leystu Ísraélíta undan Kanaanítum. Kapítular 6–8 eru trúarstyrkjandi reynsla Gídeons, sem Drottinn blessaði til að bjarga Ísraél frá Midíanítum. Í Kapítulum 9–12 þjóna ýmsir mismunandi menn sem dómara í Ísraél, á tíma þegar flestir í Ísraél voru fráhverfir og undir stjórnlendrandi leiðtoga. Kapítular 13–16 segja frá komu og falli síðasta dómarsins, Samsonar. Lokakaflana, 17–21, má kalla viðauka sem gefur innsýn í djúpstæðar syndir Ísraels.

Dómari, dómur. *Sjá einnig* Fordæma, fordæming; Jesús Kristus — Dómari; Lokadómur

Að meta hegðun í ljósi reglna fagnaðarerindisins; að ákvarða; að greina gott frá illu.

Móse mælti lýðnum lögskil, **2 Mós** 18:13. Með réttvísi skalt þú dæma náunga þinn, **3 Mós** 19:15.

Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir, **Matt** 7:1 (ÞJS, **Matt** 7:1–2; **Lúk** 6:37; 3 Ne 14:1). Allir sem syndgað hafa undir lögmáli munu dæmast af lögmáli,

Róm 2:12. Hinir heilögu munu dæma heiminn, **1 Kor** 6:2–3.

Heimurinn dæmdi son hins ævarandi Guðs, **1 Ne** 11:32. Hinir tólf postular lambsins munu dæma tólf ættkvíslir Ísraels, **1 Ne** 12:9 (K&S 29:12). Dauði, helja, djöfull og allt sem þau hafa þrifið til sín verða að dæmast, **2 Ne** 28:23 (1 Ne 15:33). Ef þér dæmið manninn sem biður yður um aðstoð, svo að hann farist ekki, og fordæmið hann, hversu miklu réttvísari verður ekki yðar eigin fordæming fyrir að halda í eigu yðar, **Mósía** 4:22. Menn skulu dæmdir eftir verkum sínum, **AI** 41:3. Dæmdu réttstýnt, þá mun réttlátur dómur endurreistur þér, **AI** 41:14. Eftir bókunum sem ritaðar verða mun heimurinn dæmdur, **3 Ne** 27:23–26 (Op 20:12). Leifar þessarar þjóðar munu dæmdar af hinum tólf sem Jesús valdi í þessu landi, **Morm** 3:18–20. Mormón útskýrði hvernig dæma skal um gott og illt, **Moró** 7:14–18.

Settu traust þitt á þann anda, sem leiðir þig til að dæma réttlátlega, **K&S** 11:12. Þér ættuð að segja í hjarta yðar — látum Guð dæma milli mín og þín, **K&S** 64:11. Kirkja Drottins mun dæma þjóðirnar, **K&S** 64:37–38. Sonurinn vitjaði andanna í varðhaldi svo þeir mættu dæmast eins og menn í holdinu, **K&S** 76:73 (1 Pét 4:6). Biskup skal vera almennur dómari, **K&S** 107:72–74. Drottinn mun dæma alla menn samkvæmt verkum þeirra, samkvæmt því, sem hjörtu þeirra prá, **K&S** 137:9.

Dómgreind, dómgreindargáfa. Sjá einnig Gjafir andans

Að skilja og vita eitthvað með krafti andans. Dómgreindargáfan er ein af gjöfum andans. Hún felur í sér að skynja hina sönnu eiginleika fólks og uppsprettu og merkingu andlegra opinberana.

Mennirnir líta á útlitið, en Drottinn lítur á hjartað, **1 Sam** 16:7. Vei þeim, sem kalla hið illa gott, **Jes** 5:20 (2 Ne 15:20).

Það sem Guðs er dæmist andlega, **1 Kor** 2:14. Sumum er gefinn hæfileikinn að greina anda, **1 Kor** 12:10.

Ammon skynjaði hugsanir hans, **AI** 18:18. Hin lágværa rödd smaug að hjarta-rötum þeirra sem heyrðu, **3 Ne** 11:3.

Leitið hinna bestu gjafa, svo að þér verðið eigi blektir, **K&S** 46:8, 23. Kirkju-leiðtogum er gefinn kraftur til að greina gjafir andans, **K&S** 46:27. Sá líkami sem er fullur af ljósi, skynjar allt, **K&S** 88:67.

Móse greindi jörðina með anda Guðs, **HDP Móse** 1:27.

Drambsemi. Sjá einnig Auðmjúkur, auðmýkt; Auðugur, auður; Hégómlegur, hégómi; Peningar; Veraldarhyggja

Skortur eða vöntun á auðmýkt eða námfýsi. Dramb setur fólk í andstöðu hvert við annað og gegn Guði. Hinn dramb sami setur sjálfan sig ofar þeim sem hann umgengst og fylgir fremur eigin vilja en vilja Guðs. Ofmat á sjálfum sér, öfund, miskunnarleysi og hroki eru einnig einkenni hinna dramb sömu.

Gæt þín að þú gleymir ekki Drottni og lát eigi hjarta þitt ofmetnast, **5 Mós** 8:11–14. Drambsemi og ofdramb hata ég, **Okv** 8:13 (Okv 6:16–17). Drambsemi er undanfari tortímingar, **Okv** 16:18. Dagur Drottins kemur yfir það sem dramblátt er, **Jes** 2:11–12 (2 Ne 12:11–12). Hroki hjarta þíns hefur dregið þig á talar, **Óbad** 1:3. Allir hrokafullir verða sem hálmleggir, **Mal** 4:1 (1 Ne 22:15; 3 Ne 25:1; K&S 29:9).

Hver sem upphefur sjálfan sig mun auðmýktur verða, **Matt** 23:12 (K&S 101:42). Guð stendur gegn dramblátum, **1 Pét** 5:5.

Hin stóra og rúmgóða bygging var hroki jarðar, **1 Ne** 11:36 (1 Ne 12:18). Séu þeir lærðir halda þeir sig vitra, **2 Ne** 9:28–29. Þér hreykið yður hátt vegna hrokans í hjörtum yðar, **Jakob** 2:13, 16 (AI 4:8–12). Hafið þér afklæðst hrok-anum, **AI** 5:28. Mikill hroki hafði náð tókum á hjarta þjóðarinnar, **He** 3:33–36. Hversu fljót mannanna börn eru til að hreykja sér hátt, **He** 12:4–5. Hroki þessarar þjóðar varð henni til tortímingar, **Moró** 8:27.

Verið á verði gegn ofurdrambi, svo þér verðið ekki eins og Nefítarnir, **K&S** 38:39. Látið af öllu drambi og léttúðarhjali, **K&S** 88:121.

Draumur. *Sjá einnig* Opinberun

Ein af aðferðum Guðs við að kynna körlum og konum á jörðu vilja sinn. Ekki eru þó allir draumar opinberun. Innblásnir draumar eru ávextir trúar.

Hann dreymdi og sá stiga er náði til himins, **1 Mós** 28:12. Jósef dreymdi draum, **1 Mós** 37:5. Drottinn mun tala við hann í draumi, **4 Mós** 12:6. Nebúkadnesar dreymdi draum, **Dan** 2:1–3. Gamalmenni yðar mun drauma dreyma, **Jóel** 3:1 (Post 2:17).

Engill Drottins vitjaði hans í draumi, **Matt** 1:20 (Matt 2:19).

Lehí ritaði um margt er hann hafði séð í draumum, **1 Ne** 1:16. Lehí dreymdi draum, **1 Ne** 8.

Drekka, drukkin. *Sjá* Vísdomsorðið

Drepa. *Sjá* Dauðarefsing; Morð

Drottinn. *Sjá einnig* Guð, guðdómur; Jesús Kristur

Titill djúprar virðingar og heiðurs fyrir Guð föðurinn og frelsarann Jesús Krist. Titillinn vísar til stöðu þeirra sem hinna æðstu, kærleiksríku meistara eigin sköpunarverka.

Ekkert er Drottinn ómáttugt, **1 Mós** 18:14. Drottinn ræddi við Móse augliti til auglitis, **2 Mós** 33:11. Þú skalt elska Drottinn Guð þinn, **5 Mós** 6:5 (Matt 22:37; Mark 12:30). Ég og mínir áttmenn munum þjóna Drottinni, **Jós** 24:15. Drottinn er minn hirðir, **Sálm** 23:1. Drottinn, hin volduga hetja, bardagahetjan, **Sálm** 24:8. Drottinn Guð er minn styrkur, **Jes** 12:2 (2 Ne 22:2). Ég, Drottinn er frelsari þinn og lausnari, **Jes** 60:16.

Drottinn Guð þinn skalt þú tilbiðja, **Matt** 4:10 (Lúk 4:8). Mikið hefur Drottinn gjört fyrir þig, **Mark** 5:19. Við höfum einn Drottinn Jesús Krist, **1 Kor** 8:6. Einn Drottinn, ein trú, ein skírni,

Ef 4:5. Drottinn sjálfur mun stíga niður af himni, **1 Þess** 4:16.

Ég mun fara og gjöra sem Drottinn hefur boðið, **1 Ne** 3:7. Með réttlæti mun Drottinn dæma hina fátæku, **2 Ne** 30:9. Drottinn Guð, Guð Abrahams, leysti Ísraelíta úr ánaud, **Al** 29:11. Ekkert fær bjargað þeim nema iðrun og trú á Drottinn, **He** 13:6 (Mósía 3:12).

Hlýðið á orð Jesú Krists, Drottins yðar, **K&S** 15:1. Leitið ásjónu Drottins öllum stundum, **K&S** 101:38. Drottinn verður rauður á að líta við síðari komuna, **K&S** 133:48 (Jes 63:1–4).

Abraham ræddi við Drottinn augliti til auglitis, **Abr** 3:11. Vér trúum að fyrsta frumregla fagnaðarerindisins sé trú á Drottinn Jesús Krist, **TA** 1:4.

Drottinn Hersveitanna. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Annað nafn fyrir Jesú Krist. Hann ríkir yfir herskörungum himna og jarðar og leiðir hina réttlátu gegn hinu illa (**K&S** 29:9; 121:23).

Drottinn hersveitanna, hann er konungur dýrðarinnar, **Sálm** 24:10.

Guð Ísraels er Drottinn hersveitanna, **1 Ne** 20:2.

Andi minn mun ekki endalaust takast á við mennina, sagði Drottinn hersveitanna, **K&S** 1:33.

Drottinsdagur. *Sjá* Hvíldardagur

Dúfa. *Sjá* Merki dúfunnar

Dyggð. *Sjá einnig* Hreinlífi; Kraftur; Ráðvendni

Ráðvendni og siðferðisstyrkur, kraftur og styrkur (Lúk 8:46) eða dyggð (Moró 9:9).

Þú ert væn kona, **Rut** 3:11. Sá sem hefur óflekkaðar hendur og hreint hjarta fær að dveljast á helgum stað Drottins, **Sálm** 24:3–4. Væn kona er kóróna manns síns, **Okv** 12:4. Væn kona er miklu meira virði en perlur, **Okv** 31:10–31.

Leggið stund á að auðsýna í trú yðar dyggð, **2 Pét** 1:5 (K&S 4:6).

Lát reyna á kraft Guðs orðs, **Al** 31:5.

Dýrð

Lát dyggðir þrýða hugsanir þínar linnulaust, **K&S** 121:45.

Vér trúum að vér eigum að vera hreinlíf, **TA** 1:13 (Fil 4:8).

Dýrð. *Sjá einnig* Dýrðarstig; Ljós, ljós Krists; Sannleikur

Í ritningunum vísar dýrð oft til ljóss og sannleika Guðs. Hún getur einnig vísað til lofs eða heiðurs og til sérstakra skilyrða eilífs lífs eða til dýrðar Guðs.

Heilagur er Drottinn allsherjar, öll jörðin er full af hans dýrð, **Jes** 6:3 (2 Ne 16:3).

Vér ummyndumst til hinnar sömu myndar, frá dýrð til dýrðar, **2 Kor** 3:18.

Hann mun reisa mig upp til að dvelja með honum í dýrð, **Al** 36:28.

Dýrð sem vér öðlumst við upprisuna verður breytileg eftir réttlæti okkar, **K&S** 76:50–119. Dýrð Guðs er vitsmunir, **K&S** 93:36.

Dýrð Guðs er að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika, **HDP Móse** 1:39. Ég sá tvær persónur, svo bjartar og dýrðlegar, að ekki verður með orðum lýst, **JS** — **S** 1:17.

Dýrðarstig. *Sjá einnig* Himnesk dýrð; Jarðnesk dýrð; Yfirjarðnesk dýrð

Mismunandi ríki á himni. Við lokadóminn mun sérhver erfa eilífan dvalarstað í ákveðnu dýrðarríki, að undanskyldum þeim sem eru synir glötunarinnar.

Jesús sagði: Í ríki föður míns eru margar vistarverur, **Jóh** 14:2 (Et 12:32). Eitt er ljómi sólarinnar og annað ljómi tunglsins og annað ljómi stjarnanna, **1 Kor** 15:40–41. Páll var hrifinn burt, allt til þriðja himins, **2 Kor** 12:2.

Til er staður án dýrðar, staður eilífrar fordæmingar, **K&S** 76:30–38, 43–45. Til eru þrenns konar dýrðarstig, **K&S** 76:50–113; 88:20–32.

Dæmisaga

Einföld saga notuð til að kenna andlegan sannleik eða reglu. Dæmisaga byggir á að bera saman eitthvað

áþreifanlegt eða atburð við sannleikann. Hin hulda merking eða boðskapur er oft hulin þeim hlustendum sem ekki eru andlega reiðubúnir að meðtaka boðskapinn, (**Matt** 13:10–17).

Jesús kenndi oft með dæmisögum. Skrá um þær mikilvægustu er að finna í Samræmi guðspjallanna í Viðaukanum.

Eden. *Sjá einnig* Adam; Eva

Dvalarstaður fyrstu foreldra okkar, Adams og Evu (**1 Mós** 2:8–3:24; 4:16; **2 Ne** 2:19–25; **HDP Móse** 3–4; **Abr** 5), sem gegndi hlutverki aldingarðs, austan til í Eden. Adam og Evu var vísað út úr Eden eftir að hafa neytt af forboðna ávextinum og gjörst dauðleg (**HDP Móse** 4:29). Síðari daga opinberun staðfestir frásögn Biblíunnar um Edensgarð. Hún bætir við þeirri mikilvægu vitneskju að garðurinn hafi verið á stað sem nú er á meginlandi Norður-Ameríku.

Edward Partridge

Meðlimur og leiðtogi snemma í kirkjunni eftir endurreisn hennar á síðari tímum. Edward Partridge þjónaði sem fyrsti biskup kirkjunnar (**K&S** 36; 41:9–11; 42:10; 51:1–18; 115; 124:19).

Efesusmenn, bréfið til þeirra. *Sjá einnig* Bréf Páls postula; Páll

Í Nýja testamenti, bréf ritað af Páli postula til hinna heilögu í Efesus. Bréfið hefur mikið gildi, þar sem í því er kenn-ing Páls um kirkju Krists.

Fyrsti kapituli geymirm almenna kveðju. Annar og þriðji kapituli skýra þá breytingu sem verður á mönnum er þeir ganga í kirkjuna — þeir verða samborgarar hinna heilögu, Þjóðirnar og Gyðingar sameinuð í einni kirkju. Fjórdi til sjötti kapituli greina frá verk-sviði postula og spámanna, nauðsyn einingar, og nauðsyn þess að íklæðast alvæpni Guðs.

Efraím. *Sjá einnig* Ísrael; Jósef, sonur Jakobs; Manasse; Mormónsbók

Í Gamla testamenti, annar sonur Jósefs

og Asenat (1 Mós 41:50–52; 46:20). Gagnstætt venju hlaut Efraím frumburðar- blessun í stað Manasse, sem var eldri sonur (1 Mós 48:17–20). Efraím varð for- faðir ættkvíslar Efraíms.

Ættkvísl Efraíms: Efraím hlaut frum- burðarrétt í Ísrael (1 Kro 5:1–2; Jer 31:9). Á síðari dögum eru forréttindi þeirra og ábyrgð að bera prestdæmið, færa heiminum endurreist fagnaðararindi, og reisa merki samansöfnunar Ísraels (Jes 11:12–13; 2 Ne 21:12–13). Börn Efraíms munu krýna með dýrd þá sem eru í löndunum í norðri og snúa til baka á síðari dögum (K&S 133:26–34).

Stafur Efraíms eða Jósefs: Frásaga af hópi frá einni af ættkvíslum Ísraels sem leiddur var brott frá Jerúsalem til Ameríku um 600 f.Kr. Saga þessa hóps er kölluð stafur Efraíms eða Jósefs eða Mormónsbók. Hún ásamt staf Júda (Bibl- íunni) mynda sameiginlegan vitnisburð um Drottin Jesú Krists, upprisu hans, og guðlegt ætlunarverk hans meðal þessara tveggja hluta Ísraelsættar.

Grein af Efraím mun brotna frá og rita annað testamenti um Krist, **PJS**, 1 Mós 50:24–26, 30–31. Stafur Júda og stafur Jósefs sameinast í eitt, **Esek** 37:15–19.

Rit Júda og rit Jósefs munu teng- ast saman, **2 Ne** 3:12. Drottinn talar til margra þjóða, **2 Ne** 29.

Lyklarnir að heimildunum á staf Efr- aíms voru afhentir Moróni, **K&S** 27:5.

Egyptaland

Land á norð-austurhorni Afríku. Mik- ill hluti Egyptalands er hrjóstrugur og eyðilegur. Flestir íbúanna búa í Nílardal, sem er um 890 km á lengd.

Egyptaland hið forna var auðugt og velmegandi. Miklar opinberar fram- kvæmdir, þar á meðal áveituskurðir; vel varðar borgir; og konungleg minn- ismerki, sérstaklega grafhvelvingar og musteri í píramíðum, sem enn telj- ast meðal furðuverka veraldar. Um skeið var stjórnkerfið egypska eftirlík- ing patriarkaskípanar prestdæmisins (Abr 1:21–27).

Abraham og Jósef voru leiddir til Egyptalands til að bjarga fjölskyldum sínum frá hungursneyð, **1 Mós** 12:10 (1 Mós 37:28). Jósef var seldur til Eg- yptalands, **1 Mós** 45:4–5 (1 Ne 5:14–15). Jakob var leiddur til Egyptalands, **1 Mós** 46:1–7. Móse leiddi Ísraelsbörn út úr Eg- yptalandi, **2 Mós** 3:7–10; 13:14 (Hebr 11:27; 1 Ne 17:40; HDP Móse 1:25–26). Egypta- land var tákn hins illa, **Esek** 29:14–15 (Hós 9:3–7; Abr 1:6, 8, 11–12, 23).

Engill sagði Jósef að flýja með Maríu og Jesú til Egyptalands, **Matt** 2:13 (Hós 11:1).

Egyptus

Nafn bæði konu og dóttur Hams, sonar Nóa. Á máli Kaldeu táknar nafnið „Egyptaland“, eða „það sem bannað er“ (Abr 1:23–25).

Eiður. Sjá einnig Eiður og sáttmáli Prestdæmisins; Sáttmáli

Eins og það er notað í ritningunum táknar orðið venjulega helgan sáttmála eða loforð. Á hinn bóginn gera rang- látir menn, þ. á m. Satan og árar hans, sáttmála til að ná fram sínum illu mark- miðum. Á tímum Gamla testamentis voru eiðar leyfilegir; á hinn bóginn kenndi Jesús Kristur að menn ættu ekki að sverja í nafni Guðs eða sköpunarverks hans (**Matt** 5:33–37).

Ég mun halda þann eið sem ég sór Abraham, **1 Mós** 26:3. Gjöri maður Drottinn heit eða vinnur eið skal hann eigi bregða orði sínu, **4 Mós** 30:2. Þeir bundu það eiðum og svardögum að breyta eftir lögmáli Guðs, **Nehem** 10:29.

Halda skaltu eiða þína við Drottinn, **Matt** 5:33 (Préd 5:4–5; 3 Ne 12:33). Drottinn ábyrgist það heit sitt með eiði að hinir trúðu verði hólpnir, **Hebr** 6:13–18.

Er Sóram hafði svarið eið óttuðumst vér hann ekki lengur, **1 Ne** 4:37. Þjóð Ammons vann þess eið að úthella aldrei frammar blóði, **Al** 53:11. Hinir ranglátu Nefítar gjörðu leynilega sáttmála og unnu Satan eiða, **He** 6:21–30.

Menn öðlast eilíft líf með eiði og sátt- mála prestdæmisins, **K&S** 84:33–42.

Allir sáttmálar, samningar, bönd, skyldur og eiðar sem ekki eru innsigliuð með heilögum anda fyrirheitsins, því öllu lýkur við dauða manna, **K&S** 132:7.

Eiður og sáttmáli Prestdæmisins. *Sjá einnig* Eiður; Prestdæmi; Sáttmáli

Eiður er svarin yfirlýsing um að halda loforð sitt í heiðri. Sáttmáli er hátíðlegt loforð tveggja aðila. Aronsprestdæmi taka menn einvörðungu við með sáttmála. Þeir sem hljóta Melkisedeksprestdæmið taka við því með þöglum eiði auk sáttmála. Þegar prestdæmishafar eru trúir og efla köllun sína eins og Guð vísar þeim til, blessar hann þá. Þeim sem eru staðfastir allt til enda og gjöra allt sem Guð ætlar þeim að gjöra mun gefast allt sem faðirinn á (**K&S** 84:33–39).

Drottinn gjörði sáttmála við Abraham og Abraham hlýðnaðist, **1 Mós** 15:18; 17:1; 22:16–18. Prestar á dögum Esekíels héldu ekki sauðunum til haga, **Esek** 34:2–3. Prestar á dögum Malakí spilltu sáttmálanum, **Mal** 1–2.

Eiginkona. *Sjá* Fjölskylda; Giftast

Eiginmaður. *Sjá* Fjölskylda; Giftast

Eilíft líf. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþæging; Himnesk dýrð; Kóróna; Líf; Upphafning

Að lifa að eilífu sem fjölskyldur í návist Guðs (**K&S** 132:19–20, 24, 55). Eilíft líf er stærsta gjöf Guðs til manna.

Þú hefur orð eilífs lífs, **Jóh** 6:68. Það er hið eilífa líf að þekkja þig, hinn eina sanna Guð, og Jesú Krist, **Jóh** 17:3 (**K&S** 132:24). Berjist hinni góðu baráttu trúarinnar, öðlist eilíft líf, **1 Tím** 6:12.

Mönnum er frjálst að velja frelsi og eilíft líf, **2 Ne** 2:27 (He 14:31). Að vera andlega sinnaður er eilíft líf, **2 Ne** 9:39. Þá eruð þér á þrönga veginum sem liggur til eilífs lífs, **2 Ne** 31:17–20. Að trúá á Krist og standast allt til enda er hið eilífa líf, **2 Ne** 33:4 (3 Ne 15:9).

Sá sem á eilíft líf er ríkur, **K&S** 6:7 (**K&S** 11:7). Eilíft líf er mest allra gjafa Guðs, **K&S** 14:7 (Róm 6:23). Hinir réttlátu

uppskera frið í þessum heimi og eilíft líf í komanda heimi, **K&S** 59:23. Þeir sem standast allt til enda eignast kórónu eilífs lífs, **K&S** 66:12 (**K&S** 75:5). Allir sem deyja án fagnaðarerindisins en hefðu meðtekið það ef þeir hefðu lifað þann tíma, verða erfingjar hins himneska ríkis, **K&S** 137:7–9.

Verk Guðs og dýrð er að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika, **HDP Móse** 1:39. Guð gefur þeim eilíft líf, sem hlýðnast, **HDP Móse** 5:11.

Eilífur faðir. *Sjá* Faðir á himnum; Guð, guðdómur

Eingetinn. *Sjá einnig* Getinn; Jesús Kristur

Annað nafn Jesú Krists. Hann er hinn eingetni sonur föðurins (Lúk 1:26–35; Jóh 1:14; 3:16; 1 Ne 11:18–20; 2 Ne 25:12; Al 7:10; 12:33; **HDP Móse** 7:62).

Eining. *Sjá einnig* Guð, guðdómur

Að verða samstíga í hugsun, þrám og tilgangi, fyrst við föður okkar á himnum og Jesú Krist og síðan við aðra heilaga.

Það er gott að bræður búi saman í eindrægni, **Sálm** 133:1.

Ég og faðir minn erum eitt, **Jóh** 10:30 (**K&S** 50:43). Jesús baðst fyrir um að allir mættu verða eitt eins og hann og faðirinn eru eitt, **Jóh** 17:11–23 (3 Ne 19:23). Ég áminni yður að ekki séu flokkadrættir í meðal yðar, heldur að þér séuð fullkomlega sameinaðir, **1 Kor** 1:10.

Verið ákveðnir, einhuga og óskiptir í hjarta, sameinaðir í öllu, **2 Ne** 1:21. Hjörtu hinna heilögu skulu tengd böndum einingar, **Mósía** 18:21. Jesús baðst fyrir um einingu meðal Nefíta lærisveinanna, **3 Ne** 19:23. Lærisveinarnir sameinuðust í máttugri bæn og föstu, **3 Ne** 27:1.

Faðirinn, sonurinn og heilagur andi eru eitt, **K&S** 20:27–28 (**K&S** 35:2; 50:43). Skylda þín er að sameinast hinni sönnu kirkju, **K&S** 23:7. Hvers sem þér biðjið í trú, sameinaðir í bæn, það mun yður gefast, **K&S** 29:6. Ef þér eruð ekki eitt, eruð þér ekki mínir, **K&S** 38:27.

Drottinn nefndi þjóð sína Síon, vegna þess að hugur hennar og hjarta voru eitt, **HDP Móse 7:18**.

Einn. *Sjá Eining;* Guð, guðdómur

Ekkja. *Sjá einnig* Velferð

Kona sem misst hefur mann sinn og ekki gifst aftur.

Munaðarleysingjar og ekkjur skulu koma og eta sig mett, **5 Mós 14:29**.

Þessi fátæka ekkja gaf alla björg sína, **Mark 12:41–44**. Vitjið munaðarlausra og ekkna í þrengingu þeirra, **Jakbr 1:27**.

Drottinn verður skjótur til að vitna gegn þeim sem hafa af ekkjum, **3 Ne 24:5** (Sak 7:10).

Séð skal fyrir ekkjum og munaðarleysingjum, **K&S 83:6** (K&S 136:8).

Eldur. *Sjá einnig* Heilagur andi; Helja; Jörð — Hreinsun jarðar; Skírn, skíra

Tákn fyrir hreinsun, göfgun og helgun. Eldur getur einnig verið tákn um nálægð Guðs.

Guð þinn er eyðandi eldur, **5 Mós 4:24**. Drottinn gerir þjóna sína að bál-andi eldi, **Sálm 104:4**. Drottinn allsherjar mun vitja þeirra með eyðandi eldsloga, **Jes 29:6** (2 Ne 27:2). Drottinn kemur í eldi, **Jes 66:15**. Hann er sem eldur málm-bræðslumannsins, **Mal 3:2** (3 Ne 24:2; K&S 128:24).

Hann mun skíra yður með heilögum anda og með eldi, **Matt 3:11** (Lúk 3:16).

Hinir réttlátu verða varðveittir með eldi, **1 Ne 22:17**. Hinum siðspilltu mun tortýmt með eldi, **2 Ne 30:10**. Nefi útlistaði hvernig við meðtökum skírn af eldi og heilögum anda, **2 Ne 31:13–14** (3 Ne 9:20; 12:1; 19:13; Et 12:14; K&S 33:11).

Þú skalt boða fyrirgefningu syndanna með skírn og með eldi, **K&S 19:31**. Hinni miklu og víðurstyggilegu kirkju skal varpað niður með eyðandi eldi, **K&S 29:21**. Jörðin skal líða undir lok sem af eldi, **K&S 43:32**. Návist Drottins verður sem eyðandi eldur, **K&S 133:41**.

Adam var skírður með eldi og heilögum anda, **HDP Móse 6:66**.

Elí. *Sjá einnig* Samúel, spámaður í Gamla testamenti

Æðsti prestur og dómari í Gamla testamenti þegar Drottinn kallaði Samúel til spámans (1 Sam 3). Drottinn ávitaði hann fyrir að láta spillingu sona sinna viðgangast (1 Sam 2:22–36; 3:13).

Elía. *Sjá einnig* Elías; Innsigli, innsiglnun; Sáluhjálp, hjálpraæði

Spámaður í G.T. sem kom aftur á síðari dögum til þess að veita Joseph Smith og Oliver Cowdery lykla innsiglnunarvaldsins. Á sínum dögum þjónaði Elía í nyrðra konungdæmi Ísraels (1 Kon 17–22; 2 Kon 1–2). Trú hans á Drottin var sterk og greint er frá mörgum kraftaverkum hans. Að ósk hans hindraði Guð regn í 3 ½ ár. Hann reisti dreng frá dauðum og kallaði eld af himni (1 Kon 17–18). Gyðingabjórðin bíður enn endurkomu Elía, eins og Malakí spáði fyrir um (Mal 4:5). Hann er enn boðsgestur á páskahátíðum Gyðinga, dyr standa opnar og autt sæti bíður hans.

Nafnið eða titillinn *Elías* birtast með ýmsum hætti í ritningunum:

Elía: Elías er Nýja testamentis (gríska) form Elía (Hebreska), eins og í Matt 17:3–4, Lúk 4:25–26, og Jakbr 5:17. Á þessum stöðum er Elías hinn forni spámaður Elía, en frá þjónustu hans greinir í 1 og 2 Kon.

Fyrirrennari: Elías er einnig titill þess sem er fyrirrennari. Jóhannes skírari var til dæmis Elías þar sem hann var sendur til að greiða veg fyrir komu Jesú (Matt 17:12–13).

Endurreisari: Titillinn Elías hefur einnig verið gefinn öðrum sem höfðu sérstöku hlutverki að gegna, svo sem Jóhannes Opinberari (K&S 77:14) og Gabríel (Lúk 1:11–20; K&S 27:6–7; 110:12).

Spámaðurinn Joseph Smith sagði að Elía héldi innsiglnarvaldi Melkíse-deksprestðæmisins og hefði verið síðastur spámanna sem það gerði fyrir tíma Jesú Krists. Hann birtist á Ummyndunarfallinu með Móse og afhenti Péttri, Jakob og Jóhannesi lykla prestðæmisins

(Matt 17:3). Hann birtist aftur með Móse og öðrum 3. apríl 1836, í Kirtland Ohio-musterinu og veitti Joseph Smith og Oliver Cowdery þessa sömu lykila (K&S 110:13–16). Allt var þetta til undirbúnings síðari komu Drottins, eins og frá greinir í Malakí 4:5–6.

Vald Elía er innsigliunarvald prest-dæmisins en með því er það sem bundið er eða leyst á jörðu einnig bundið eða leyst á himni (K&S 128:8–18). Valdir þjónar Drottins á jörðu nú á dögum hafa þetta innsigliunarvald og framkvæma frelsandi helgiathafnir fagnaðararindisins fyrir lifandi og látna (K&S 128:8).

Lokaði himnunum og fékk fæðu hjá hröfnunum, **1 Kon** 17:1–7. Skipaði mjólskjólu og viðsmjörskrús ekkjunnar að bregðast ekki, **1 Kon** 17:8–16. Reisti son ekkjunnar frá dauðum, **1 Kon** 17:17–24. Sigradist á Baalsprestunum, **1 Kon** 18:21–39. Hinn blíði vindblær hvíslaði að honum, **1 Kon** 19:11–12. Hófst til himna í eldvagni, **2 Kon** 2:11. Malakí spáði fyrir um komu hans á síðari dögum, **Mal** 4:5–6 (3 Ne 25:5).

Birtist í Kirtland Ohio-musterinu árið 1836, **K&S** 110:13–16.

Elías. Sjá einnig Esaja

Spámaður sem uppi var á ráðstöfunartíma Abrahams og nefndist Esaja eða Elías (K&S 84:11–13; 110:12).

Elísa

Spámaður G.T. í nyrðra konungsdæmi Ísraels og mikils metinn ráðgjafi nokkurra konunga þess ríkis.

Elísa var blíður og ástúðlegur í viðmóti, átti ekki þann eldheita ákafa sem einkenndi læriföður hans, Elía. Hin athyglisverðu kraftaverk hans (2 Kon 2–5; 8) bera vitni um að hann hlaut vissulega kraft Elía þegar hann tók við af honum sem spámaður (2 Kon 2:9–12). Til dæmis bætti hann vatnið í brunni sem hafði spillst, aðgreindi vötn Jórdanárinnar, margfaldaði olíu ekkjunnar, reisti dreng frá dauðum, læknaði líkþráan mann, lét járnexi fljóta og sló Sýrlendingana blindu (2 Kon 2–6). Þjónusta hans varaði

meir en hálfa öld á stjórnárum Jórams, Jehú, Jóahasar og Jóasar.

Tók við skikkju Elía, **2 Kon** 2:13. Margfaldaði olíu ekkjunnar, **2 Kon** 4:1–7. Reisti son Súnemítakonunnar frá dauðum, **2 Kon** 4:18–37. Læknaði Naaman Sýrlending, **2 Kon** 5:1–14. Sló sýrlensku hermennina blindu en opnaði augu þjóns síns, **2 Kon** 6:8–23.

Elísabet. Sjá einnig Jóhannes skírari

Í Nýja testamenti, kona Sakaríja, móðir Jóhannesar skírara og frændkona Maríu (Lúk 1:5–60).

Elóhim. Sjá Faðir á himnum; Guð, guðdómur

Elska, ást. Sjá einnig Fjandskapur; Kærleikur; Samúð, meðaumkun

Djúp hollusta og hlýhugur. Ást á Guði felur í sér hollustu, tilbeiðslu, lotningu, viðkvæmni, miskunn, fyrirgefningu, samúð, náð, þjónustu, þakklæti, góðvild. Stærsta dæmið um kærleik Guðs til barna sinna er óendanleg friðþæging Jesú Krists.

Elska skaltu náunga þinn eins og sjálfan þig, **3 Mós** 19:18 (Matt 5:43–44; 22:37–40; Róm 13:9; Gal 5:14; Jakbr 2:8; Mósía 23:15; K&S 59:6). Þú skalt elska Drottinn Guð þinn af öllu hjarta þínu, **5 Mós** 6:5 (Moró 10:32; K&S 59:5). Drottinn Guð yðar reynir yður til þess að vita, hvort þér elskið Drottin Guð yðar, **5 Mós** 13:3. Drottinn agar þann, sem hann elskar, **Okv** 3:12. Vinur elskar ætíð, **Okv** 17:17.

Svo elskaði Guð heiminn að hann gaf son sinn eingetinn, **Jóh** 3:16 (K&S 138:3). Elskið hver annan eins og ég hef elskað yður, **Jóh** 13:34 (Jóh 15:12, 17; HDP Móse 7:33). Ef þér elskið mig, munuð þér halda boðorð mín, **Jóh** 14:15 (K&S 42:29). Enginn á meiri kærleik en þann, að leggja lífið í sölnurnar fyrir vini sína, **Jóh** 15:13. Pétur, elskar þú mig meira en þessir? Gæt þú sauða minna, **Jóh** 21:15–17. Ekkert fær aðskilið okkur frá kærleik Guðs í Kristi, **Róm** 8:35–39. Það sem auga sá ekki, allt það sem Guð fyrirbjó þeim, er

elska hann, **1 Kor** 2:9. Þjónið hver öðrum í kærleika, **Gal** 5:13. Þér menn, elskið konur yðar, **Ef** 5:25 (**Kól** 3:19). Elskið ekki heiminn, **1 Jóh** 2:15. Guð er kærleikur, **1 Jóh** 4:8. Vér elskum, því að hann elskaði oss að fyrri bragði, **1 Jóh** 4:19.

Kristur leið vegna ástríks kærleika síns til manna, **1 Ne** 19:9. Sækið fram í ást til Guðs og allra manna, **2 Ne** 31:20. Þér munuð kenna þeim að elska hvert annað og þjóna hvert öðru, **Mósía** 4:15. Hafi yður langað til að syngja söng hinnar endurleysandi elsku, finnið þér slíkt nú, **Al** 5:26. Látið leiðast af heilögum anda, þolinmóðir, fullir af elsku, **Al** 13:28. Haf taumhald á ástríðum þínum, svo að þú fyllist elsku, **Al** 38:12. Engar deilur voru vegna elsku Guðs, sem bjó í hjörtum fólksins, **4 Ne** 1:15. Allt sem býður að elska Guð er innblásið af Guði, **Moró** 7:13–16. Kærleikurinn er hin hreina ást Krists, **Moró** 7:47. Fullkomin elska rekur allan ótta á burt, **Moró** 8:16 (**1 Jóh** 4:18).

Kærleikurinn gjörir menn hæfa fyrir Guðs verk, **K&S** 4:5 (**K&S** 12:8). Helgun fæst til allra þeirra sem elska og þjóna Guði, **K&S** 20:31. Ef þér elskið mig, skuluð þér þjóna mér og halda boðorð mín, **K&S** 42:29 (**Jóh** 14:15). Auðsýn vaxandi kærleik þeim sem þú hefur leiðrétt eða vandað um við, **K&S** 121:43.

Menn elskuðu Satan meira en Guð, **HDP Móse** 5:13, 18, 28.

Embætti, embættismaður. *Sjá einnig* Prestdæmi; Vígja, vígsla

Valdastaða eða ábyrgð í stofnun, oft í ritningunum látið tákna stöðu innan prestdæmisvaldsins; getur einnig táknað skyldurnar sem tilheyra stöðunni eða persónunni sem stöðunni gegnir.

Limirnir hafa ekki allir sama starfa, **Róm** 12:4.

Við eflum embætti okkar fyrir Drottin, **Jakob** 1:19. Melkísedek tók við embætti hins háa prestdæmis, **Al** 13:18. Þjónusta englanna er að kalla menn til iðrunar, **Moró** 7:31.

Enginn skal vígður til nokkurs embættis í þessari kirkju, án samþykkis

Endurfæddur, fæddur af Guði

safnaðarins, **K&S** 20:65. Lát sérhvern mann standa í sinni stöðu, **K&S** 84:109. Forsetar og ráðandi embættismenn útnefndir úr hópi prestdæmishafa, **K&S** 107:21. Skyldum þeirra sem eru í forsæti fyrir prestdæmissveitum er lýst, **K&S** 107:85–98. Lát hvern mann læra skyldu sína og starfa af fullri kostgæfni í því embætti sem hann hefur verið tilnefndur í, **K&S** 107:99–100. Ég gef yður nú þau embætti sem tilheyra prestdæminu, **K&S** 124:123.

Emma Hale Smith. *Sjá einnig* Joseph Smith yngri

Eiginkona spámannsins Josephs Smith. Drottinn fól Emmu að velja sálma fyrir kirkjuna. Hún þjónaði einnig sem fyrsti forseti Líknarfélagsins.

Opinberun var gefin varðandi vilja Drottins til Emmu Smith, **K&S** 25. Drottinn veitti Emmu Smith ráð varðandi hjónabandið, **K&S** 132:51–56.

Endurfæddur, fæddur af Guði. *Sjá einnig* Börn Krists; Getinn; Hinn náttúrlegi maður; Skírn, skíra; Synir og dætur Guðs; Trúskipti, trúskiptingur

Þegar andi Drottins orsakar máttug umskipti í hjarta manns svo að hugur hans beinist ekki lengur til illra verka, en sækist fremur eftir því sem Guðs er.

Ég mun leggja þér nýjan anda í brjóst, **Esek** 11:19 (**Esek** 18:31; 36:26).

Þeir sem trúá á nafn Krists eru ekki af blóði bornir, heldur af Guði fæddir, **Jóh** 1:12–13. Enginn kemst inn í Guðs ríki nema hann fæðist af vatni og anda, **Jóh** 3:3–7. Við getum endurfæðst af orði Guðs, **1 Pét** 1:3–23. Hver sem er af Guði fæddur syndgar ekki framfar, **PJS**, **1 Jóh** 3:9. Hver sem er af Guði fæddur sigrast á heiminum, **1 Jóh** 5:4.

Þeir sem eru af Kristi fæddir gjöra sáttmála við Guð, **Mósía** 3:19; 5:2–7. Allt mannkyn verður að endurfæðast; já, fæðast af Guði, **Mósía** 27:25–26 (**Al** 5:49). Hafið þér fæðst andlega af Guði,

Al 5:12–19. Séuð þér ekki endurfæddir, getið þér ekki erfð Guðs ríki, **Al** 7:14.

Þeir sem orðum mínum trúa, skulu endurfæðast af mér, já, af vatni og anda, **K&S** 5:16.

Þér verðið að endurfæðast inn í himnaríki, **HDP Móse** 6:59.

Endurlausnaráætlunin. *Sjá einnig* Fagnaðarerindi; Fall Adams og Evu; Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur; Sáluhjálpar, hjálpraði

Fylling fagnaðarerindis Jesú Krists, ætlað að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika. Það felur í sér sköpunina, fallið og friðþæginguna, og einnig öll lögmál sem Guð hefur sett, helgiathafnir og kenningar. Þessi áætlun gjörir öllum mögulegt að öðlast upphafningu og dvelja að eilífu hjá Guði (2 Ne 2; 9). Ritningarnar ræða einnig um þessa áætlun sem sáluhjálparáætlunina, áætlun um hamingju og áætlun miskunnseminnar.

Hann var særður vegna vorra brota, **Jes** 53:5 (Mósía 14:5).

Ekkert annað nafn er gefið, sem getur frelsað oss, **Post** 4:12. Eins og allir deyjja fyrir samband sitt við Adam, svo munu allir í Kristi lífgaðir verða, **1 Kor** 15:22. Af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú, **Ef** 2:8 (2 Ne 25:23). Guð lofaði eilífu lífi áður en heimurinn varð, **Títus** 1:2. Jesús er höfundur eilífs hjálpraðis, **Hebr** 5:8–9. Endurlausnaráætlunin var framlengd til hinna dáu, **1 Pét** 3:18–20; 4:6 (**K&S** 138).

Dauðinn uppfyllir hið miskunnssama áform skaparans, **2 Ne** 9:6. Hversu mikilfengleg er áætlun Guðs vors, **2 Ne** 9:13. Endurlausnaráætlunin gjörir upprisu og fyrirgefningu synda mögulega, **Al** 12:25–34. Aron fræddi föður Lamonís um endurlausnina, **Al** 22:12–14. Amúlek útskýrði sáluhjálparáætlunina, **Al** 34:8–16. Alma útskýrði sáluhjálparáætlunina, **Al** 42:5–26, 31.

Kenning um sköpun, fall, endurlausn og skírn er staðfest í nútíma opinberunum, **K&S** 20:17–29. Áætlunin var vígð áður en heimurinn varð til, **K&S** 128:22.

Verk mitt og dýrð mín er að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika, **HDP Móse** 1:39. Þetta er áætlun til sáluhjálpar öllum mönnum, **HDP Móse** 6:52–62. Með þessu munum við reyna þá, **Abr** 3:22–26.

Endurleysa, endurleystur, endurlausn. *Sjá einnig* Dauði, andlegur; Dauði, líkamlegur; Fall Adams og Evu; Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur; Sáluhjálpar, hjálpraði

Að frelsa, kaupa eða endurleysa eins og að losa mann úr böndum með greiðslu. *Endurlausn* vísar til friðþægingar Jesú Krists og frelsun frá synd. Friðþæging Krists endurleysir allt mannkyn frá líkamsdauða. Með friðþægingu hans eru þeir endurleystir sem á hann trúa og iðrast, einnig frá andlegum dauða.

Ég hef feykt burt misgerðum þínum, **Jes** 44:22. Ég mun leysa þá frá dauða, **Hós** 13:14 (Sálm 49:15).

Við eigum endurlausnina fyrir blóð Krists, **Ef** 1:7, 14 (Hebr 9:11–15; 1 Pét 1:18–19; Al 5:21; He 5:9–12).

Drottinn hefur frelsað sál mína frá víti, **2 Ne** 1:15. Endurlausnin felst í og kemur með heilögum Messíasi, **2 Ne** 2:6–7, 26 (Mósía 15:26–27; 26:26). Þeir sungu söng endurleysandi elsku, **Al** 5:9 (Al 5:26; 26:13). Hinir ranglátu verða eins og engin endurlausn hefði átt sér stað, **Al** 11:40–41 (Al 34:16; 42:13; He 14:16–18). Jesús Kristur hefur gjört endurlausn heimsins að veruleika, **Morm** 7:5–7. Kraftur endurlausnarinnar nær til allra sem án lögmálsins eru, **Moró** 8:22 (**K&S** 45:54).

Þá sem ekki trúu er ekki unnt að endurleysa frá andlegu falli, **K&S** 29:44. Lítil börn eru endurleyst frá grundvöllun veraldar, **K&S** 29:46. Drottinn hefur endurleyst þjóð sína, **K&S** 84:99. Joseph F. Smith sá í sýn endurlausn hinna dáu, **K&S** 138.

Adam og Eva glöddust yfir endurlausn sinni, **HDP Móse** 5:9–11.

Endurreisa, endurreisn. *Sjá einnig*

Endurreisn fagnaðarerindisins

Endurkoma einhverra aðstæðna eða einhvers, sem brott var tekið eða hafði glatast.

Andi og líkami munu sameinast í fullkomnu formi, **AI** 11:43–44. Endurreisn er að sækja til baka illt fyrir illt, réttlátt fyrir réttlátt, **AI** 41:10–15.

Vér trúum á endurreisn hinna tíu kynkvísla og að jörðin verði endurnýjuð og hljóti paradísardýrð sína, **TA** 1:10 (K&S 133:23–24).

Endurreisn fagnaðarerindisins.*Sjá einnig* Fagnaðarerindi;

Fráhrvarf; Joseph Smith yngri;

Ráðstöfunartími

Ný framsetning Guðs á sannleika og helgiathöfnum fagnaðarerindis hans meðal manna á jörðu. Fagnaðarerindi Jesú Krists glataðist af jörðu vegna fráhrvarfs sem átti sér stað að lokinni jarðneskri þjónustu fyrstu postulanna á jarðvistardögum Krists. Það fráfall gerði endurreisnina nauðsynlega. Með sýnum, þjónustu engla og opinberunum til manna á jörðu, endurreisti Guð fagnaðarerindið á jörðu. Endurreisnin upphófst með Joseph Smith (**JS** — **S** 1; K&S 128:20–21) og hún heldur áfram með lifandi spámönnum Drottins.

Hús Drottins mun verða grundvallað á fjallstindi, **Jes** 2:2 (Míka 4:2; 2 Ne 12:2). Guð mun vinna undursamlegt verk og furðulegt, **Jes** 29:14 (2 Ne 25:17–18; K&S 4:1). Guð mun hefja ríki sem aldrei skal á grunn ganga, **Dan** 2:44.

Elía mun koma, og færa allt í lag, **Matt** 17:11 (Mark 9:12; K&S 77:14). Tími endurreisnar allra hluta kemur, **Post** 3:21 (K&S 27:6). Í fyllingu tímanna mun Guð saman safna öllu undir eitt höfuð í Kristi, **Ef** 1:10. Ég sé annan engil er hafði eilífan fagnaðarboðskap að boða, **Op** 14:6.

Fylling fagnaðarerindisins mun gefast Þjóðunum, **1 Ne** 15:13–18. Gyðingar munu hverfa til hinnar sönnu kirkju, **2 Ne** 9:2. Á síðari dögum mun sannleikurinn berast, **3 Ne** 16:7.

Ég veiti yður Aronsprestðæmið, **K&S** 13 (**JS** — **S** 1:69). Ég hef afhent lykla ríkisins fyrir síðustu tímanna, **K&S** 27:6, 13–14 (K&S 128:19–21). Sameinið ættkvíslir Ísraels og endurreisið alla hluti, **K&S** 77:9. Lyklar þessa ráðstöfunartíma eru afhentir, **K&S** 110:16 (K&S 65:2). Vald prestðæmisins er gefið fyrir hina síðustu daga sem er ráðstöfunin í fyllingu tímanna, **K&S** 112:30.

Ég sé tvær verur, **JS** — **S** 1:17. Ég mun opinbera yður prestðæmið með Elía spámanni, **JS** — **S** 1:38 (Mal 4:5–6).

Englar

Tvenns konar verur á himni kallast englar: Þeir sem eru andar og þeir sem hafa líkama af holdi og beini. Englar sem eru andar hafa ekki enn öðlast líkama af holdi og beini eða þeir eru andar sem eitt sinn voru í dauðlegum líkama og biða upprisú. Englar sem hafa líkama af holdi og beini hafa annað hvort verið reistir frá dauðum eða umbreyttir.

Viða í ritningunum er sagt frá störfum engla. Stundum tala englar með þrumuraust er þeir flytja boð Drottins (Mósía 27:11–16). Réttlátir, dauðlegir menn eru einnig stundum kallaðir englar (ÞJS, 1 Mós 19:15 [Viðauki]). Sumir englar þjóna við hásæti Guðs á himnum (Al 36:22).

Ritningarnar tala líka um engla djöfulsins. Það eru þeir andar sem fylgdu Lúsífer og voru reknir úr návist Guðs í fortílverunni og varpað niður til jarðar (Op 12:1–9; 2 Ne 9:9, 16; K&S 29:36–37).

Jakob sá engla Guðs á uppleið og niðurleið, **1 Mós** 28:12. Englar Guðs mættu Jakob, **1 Mós** 32:1–2. Gídeon sá engil Drottins augliti til auglitis, **Dóm** 6:22. Engill rétti út hönd sína gegn Jerúsalem til þess að eyða hana, **2 Sam** 24:16. Engill snerti Elía og sagði við hann: Statt upp og et, **1 Kon** 19:5–7. Daníel sá engilinn Gabríel í sýn, **Dan** 8:15–16. Engillinn Míkael hjálpaði Daníel, **Dan** 10:13.

Engillinn Gabríel var sendur frá Guði, **Lúk** 1:19, 26–27. Englar djöfulsins eru

geymdir í fjötrum fram að dóminum, **Júd 1:6** (2 Pét 2:4).

Fólk sá engla stíga niður af himni, **3 Ne 17:24**. Moróni ritaði um þjónustu engla, **Moró 7:25–32**.

Aronspredtdæmið hefur lykla að englaþjónustu, **K&S 13**. Moróni, Jóhannes skírari, Pétur, Jakob, Jóhannes, Móse, Elía og Elías þjónuðu allir Joseph Smith sem englar, **K&S 27:5–12**. Þér eruð ekki færir um að standast þjónustu engla, **K&S 67:13**. Míkael, erkiengillinn, er Adam, **K&S 107:54**. Englar eru upprisar persónur af holdi og beini, **K&S 129**. Engir englar þjóna á þessari jörðu aðrir en þeir sem tilheyra henni, **K&S 130:5**. Þau sem ekki fara eftir lögmáli Guðs um eilíft hjónaband giftast ekki eða kvongast en eru útnefndir englar á himnum, **K&S 132:16–17**.

Enok. Sjá einnig Síon

Spámaður sem leiddi fólkið í borginni Síon. Frá helgri þjónustu hans er sagt bæði í Gamla testamenti og Hinni dýrmætu perlu. Hann var sjöundi patriarkinn frá Adam. Hann var sonur Jareds og faðir Metúsala (1 Mós 5:18–24; Lúk 3:37).

Enok var stórmenni og þjónusta hans var enn þýðingarmeiri en Biblían greinir frá. Biblían getur þess að hann var uppunuminn (Hebr 11:5) en greinir ekki frá þjónustu hans. Júdas 1:14 geymir tilvitnun í spádóm hans. Síðari daga opinberanir greina miklu meira frá Enok, sérstaklega prédíkunum hans, borg hans er nefndist Síon, sýnum hans, og spádómum hans (K&S 107:48–57; HDP Móse 6–7). Síon var numin upp til himins vegna réttlætis þeirra er þar bjuggu (HDP Móse 7:69).

Guð opinberaði sig Enok, **HDP Móse 6:26–37**. Enok kenndi fagnaðarerindið, **HDP Móse 6:37–68**. Enok kenndi fólkinu og stofnsetti Síon, **HDP Móse 7:1–21**. Enok sá alla hluti, allt til síðari komu Krists, **HDP Móse 7:23–68**.

Enos, sonur Jakobs

Nefítaspámaður og sagnaritari í Mormónsbók sem baðst fyrir, bað um og fékk

fyrirgefningu synda sinna, vegna trúar sinnar á Krist (Enos 1:1–8). Sáttmáli var gjörður við Enos um að Drottinn mundi koma Mormónsbók í hendur Lamaníta (Enos 1:15–17).

Bók Enosar: Bók sem er hluti Mormónsbókar og greinir frá bæn Enosar til Drottins um persónulega fyrirgefningu synda, fyrir fólk hans, og fyrir aðra. Drottinn lofaði honum því að Mormónsbók yrði varðveitt og kæmist í hendur Lamanítum í framtíðinni. Þótt bókinn sé aðeins einn kapituli, rekur hún merka sögu manns sem leitaði til Guðs síns í bæn, lifði í hlýðni við boð Guðs og gladdist fyrir dauða sinn í þekkingunni á lausnaranum.

Erfikenning. Sjá Arfsagnir

Erfingi

Sá sem á rétt á að erfa veraldlegar eða andlegar gjafir. Í ritningunum er loford til réttlátra að þeir verði erfingjar alls sem Guð á.

Abraham þráði erfingja, **1 Mós 15:2–5**. Fyrir trúarréttlæti var Abraham gefið fyrirheitid að hann skyldi verða erfingi heimsins, **Róm 4:13**. Vér erum Guðs börn. En ef vér erum börn, þá líka erfingjar og það erfingjar Guðs, en samarfar Krists, **Róm 8:16–17** (K&S 84:38). Þú ert sonur, erfingi að ráði Guðs, **Gal 4:7**. Guð hefur sett son sinn erfingja allra hluta, **Hebr 1:2**.

Þeir sem biða þess að fá fyrirgefningu synda sinna eru erfingjar Guðs ríkis, **Mósía 15:11**. Fólkið varð börn Krists og erfingjar að Guðsríki, **4 Ne 1:17**.

Þeir sem deyjja án þekkingar á fagnaðarerindinu geta orðið erfingjar hins himneska ríkis, **K&S 137:7–8**. Hinir dáu, sem iðrast eru erfingjar að sáluhjálp, **K&S 138:58–59**.

Abraham varð réttmætur erfingi fyrir réttlæti sitt, **Abr 1:2**.

Erkiengill. Sjá einnig Adam; Míkael

Míkael, eða Adam, er erkiengill eða höfuðengill.

Drottinn mun stíga niður af himni með kalli, með erkiengils raust, **1 Þess** 4:16. Míkael er erkiengillinn, **Júd** 1:9 (K&S 29:26; 88:112; 128:20–21).

Esaja. Sjá einnig Elías

Esaja var spámaður sem uppi var á dögum Abrahams (K&S 76:100; 84:13).

Esau. Sjá einnig Ísak; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, eldri sonur Ísaks og Rebekku og tvíburabróðir Jakobs. Bræðurnir voru keppinautar frá fæðingu (1 Mós 25:19–26). Afkomendur Esau, Edómítar, og afkomendur Jakobs, Ísraelftar, urðu andstæðar þjóðir (1 Mós 25:23).

Esau seldi Jakob frumburðarréttinn, **1 Mós** 25:33 (Hebr 12:16–17). Esau kvongaðist Hetítakonum, í óþökk foreldra sinna, **1 Mós** 26:34–35. Jakob og Esau sættust, **1 Mós** 33.

Esekiel

Spámaður er ritaði bók Esekiels í Gamla testamentinu. Hann var prestur af ætt Sadóks og einn Gyðinganna sem Nebúkadnesar herleiddi. Hann var meðal Gyðinganna í útleð í Babilón og spámaður í tuttugu og tvö ár, frá 592 til 570 f.Kr.

Bók Esekiels: Bók Esekiels má skipta í fjóra hluta. Kapítular 1–3 segja frá guðlegum sýnum og köllum Esekiels til þjónustu; kapítular 4–24 segja frá dómum yfir Jerúsalem og hvers vegna þeir voru upp kveðnir; kapítular 25–32 fella dóma yfir þjóðunum; og kapítular 33–48 rekja sýnir yfir síðari daga Ísraels.

Esra

Prestur í Gamla testamenti og fræðimaður sem flutti suma Gyðingana til Jerúsalem úr útleðinni í Babilón (Esra 7–10; Nehem 8; 12). Árið 458 f.Kr. fékk hann leyfi Artaxerxesar Persakonungs til að fara til Jerúsalem með alla þá útlaga Gyðinga sem fara vildu (Esra 7:12–26).

Fyrir tíma Esra einokuðu prestarnir að heita má allan lestur í ritningasafni því sem kallað var „lögmalıð.“ Esra

stuðlaði að því að ritningarnar yrðu tiltækar hverjum Gyðingi. Frjáls lestur „lögþókarinnar“ varð síðan þungamiðjan í þjóðlífi Gyðinga. Ef til vill var mesta kennsla Esra fólgin í því, hvernig hann bjó eigið hjarta undir að leita lögmáls Guðs, fara eftir því og kenna það öðrum (Esra 7:10).

Esrabók: Kapítular 1–6 lýsa atburðum er gerðust sextíu til áttatíu árum áður en Esra kom til Jerúsalem — tilskipun Kýrusar árið 537 f.Kr. og heimkomu Gyðinga undir forystu Serúbabels. Kapítular 7–10 sýna hvernig Esra fór til Jerúsalem. Hann, ásamt fylgdarliði, fastaði og bað um vernd. Í Jerúsalem fundu þeir margt Gyðinga sem höfðu komið þar fyrir með Serúbabel og höfðu kvongast utan sáttmáls og þannig saurgað sig. Esra bað fyrir þeim og gjörði við þá sáttmála að þeir skildu við þessar konur. Síðari hluta sögu Esra er að finna í bók Nehemía.

Ester

Kona mikillar trúar og höfuðpersónan í Esterarbók.

Esterarbók: Bók í Gamla testamenti sem hefur að geyma söguna um mikið hugrekki Esterar drottningar við að bjarga þjóð sinni frá tortímingu.

Kapítular 1–2 segja frá hvernig Ester, Gyðingakona og uppeldisdóttir Gyðings að nafni Mordekai, var valin drottning Persa vegna fegurðar sinnar. Kapítuli 3 segir frá því að Haman, æðstur í hirð konungs, hataði Mordekai og varð sér úti um fyrirskipun um líflát Gyðingabjóðarinnar. Kapítular 4–10 greina hvernig Ester tók mikla persónulega áhættu, sagði konungi hveurrar þjóðar hún væri og fékk fyrirskipuninni aflétt.

Eter. Sjá einnig Jaredítar

Síðasti spámaður Jaredíta í Mormónsbók (Et 12:1–2).

Bók Eters: Bók í Mormónsbók sem hefur að geyma hluta af sögu Jaredíta. Jaredítar var hópur fólks sem bjó í Vesturheimi mörgum öldum fyrir en þjóð

Lehís. Bók Eters var tekin af tuttugu og fjórum töflum sem fólk Limís fann (Mósía 8:8–9).

Kapítular 1–2 segja frá því er Jaredítar yfirgáfu heimili sín á tímum Babelsturnsins og hófu ferð sína þangað sem nú er kallað meginland Ameríku. Kapítular 3–6 segja frá því að bróðir Jareds sá frelsarann á fortíilverustigi og að Jaredítar ferðuðust í átta skipum. Kapítular 7–11 segja áfram sögu siðspillingar sem var ríkjandi mikinn hluta Jaredítasögunnar. Moróní, sem ritstýrði sögu Eters, skráði í 12.–13. kapítula um undur trúarinnar og um Krist og Nýju Jerúsalem sem koma átti. Kapítular 14–15 greina hversu máttug þjóð Jaredítar urðu en eyddust í borgarastyrjöld sem stafaði af siðspillingu.

Eva. *Sjá einnig* Adam; Eden; Fall Adams og Evu

Hin fyrsta kona er lifði á jörðinni (1 Mós 2:21–25; 3:20). Hún var eigin-kona Adams. Á hebresku táknar nafn hennar „líf.“ Hún var nefnd svo vegna þess að hún var „móðir allra lifenda.“ (HDP Móse 4:26). Hún og Adam, hinn fyrsti karlaður, munu saman hljóta eilífa dýrd fyrir þeirra þátt í að gjöra eilífa framþróun mannkyns mögulega.

Evu var freistað og hún neytti af forboðna ávextinum, **1 Mós 3** (2 Ne 2:15–20; HDP Móse 4).

Joseph F. Smith sá Evu í sýn hans úr andaheiminum, **K&S 138:39**.

Eva gjörði sér grein fyrir nauðsyn fallsins og gleði endurlausnarinnar, **HDP Móse 5:11–12**.

Exodus (Önnur Mósebók). *Sjá einnig* Mósebækurnar

Bók rituð af Móse í Gamla testamentinu sem segir frá brottför Ísraelsmanna frá Egyptalandi. Upphafi sögu Ísraels eins og skráð er í Exodus má skipta í þrjá hluta: (1) þrældóm þjóðarinnar undir Egyptum, (2) brottför þeirra frá Egyptalandi undir leiðsögn Móse og (3) trúmennsku þeirra í þjónustu Guðs í trúarlífi þeirra og stjórnámum.

Fyrsti hlutinn, 2 Móse 1:1–15:21, skýrir frá kúgun Ísraels í Egyptalandi; upphafi sögu þeirra og köllun Móse; brottförinni og stofnsetningu páskanna; ferðinni til Rauða hafsins, eyðingu hers Faraós og lofsöng Móse.

Annar hlutinn, 2 Móse 15:22–18:27, segir frá björgun Ísraels og atburðunum á leiðinni frá Rauða hafinu til Sínaí; hinum beisku vötnum Mara, gjöf lyng-hænsna og manna, helgi hvíldardagsins, gjöf vatns með kraftaverki í Refidím og orrustunni þar við Amalekíta; komu Jetrós í búðirnar og ráðgjöf hans varðandi stjórnarfar þjóðarinnar.

Þriðji hlutinn, kapítular 19–40, segja frá vígslu Ísraels til þjónustu við Guð með hátíðlegum atburðum við Sínaí. Drottinn gjörir þjóðina að prestaríki og helgar hana; hann gaf boðorðin tíu; og hann gaf fyrirsmæli um tjaldbúðina, innviði hennar og tilbeiðslu í henni. Síðan kemur frásögnin af þeirri synd þjóðarinnar að tilbiðja gullkálfinn og að lokum er greint frá smíði tjaldbúðarinnar og ákvæðum um þjónustuna þar.

Eyðandinn. *Sjá einnig* Djöfull

Satan er eyðandinn.

Drottinn leyfir ekki eyðandanum að koma í hús yðar, **2 Mós 12:23**.

Eyðandinn þeysir eftir yfirborði vatnsins, **K&S 61:19**. Varðmaðurinn hefði getað borgið vingarðinum frá eyðandanum, **K&S 101:51–54**.

Eyra. *Sjá einnig* Hlusta og hlýða á

Í ritningunum er eyra oft notað sem tákn fyrir hæfileika manna til að heyra og skilja það sem Guðs er.

Þau hafa eyru, en heyra ekki, **Sálm 115:6**. Drottinn vekur eyra mitt svo ég heyri, **Jes 50:4–5** (2 Ne 7:4–5).

Hver sem eyra hefur, hann heyri, **Matt 11:15**. Illa heyra þeir með eyrum sínum, **Matt 13:15** (HDP Móse 6:27). Auga hefur ekki séð og eyra ekki heyrt allt það sem Guð hefur fyrirbúið þeim sem elska hann, **1 Kor 2:9** (K&S 76:10).

Djöfullinn hvíslar í eyru þeirra, **2 Ne** 28:22. Ljúkið upp eyrum yðar að þér megið heyra, **Mósía** 2:9 (3 Ne 11:5). Ég var kallaður mörgum sinnum en vildi ekki heyra, **Al** 10:6. Ljá orðum mínum eyra, **Al** 36:1 (Al 38:1; K&S 58:1).

Ekkert eyra finnst sem eigi mun heyra, **K&S** 1:2. Fyrir auðmýkt og bænir ljúkast eyrun upp, **K&S** 136:32.

ÉG ER. *Sjá einnig* Jehóva; Jesús Kristur

Eitt af nöfnum Drottins Jesú Krists.

Guð sagði við Móse, **ÉG ER**, sá sem ég er, **2 Mós** 3:14–15. Ég er Drottinn, **2 Mós** 6:2–3.

Áður en Abraham varð til, ég er, **Jóh** 8:56–59.

Hlýðið á rödd Jesú Krists, hins mikla Ég Er, **K&S** 29:1 (K&S 38:1; 39:1).

Faðir á himnum. *Sjá einnig* Guð, guðdómur

Faðir anda alls mannkyns (Sálm 82:6; Matt 5:48; Jóh 10:34; Róm 8:16–17; Gal 4:7; 1 Jóh 3:2). Jesús er hinn eingetni sonur í holdinu. Manninum hefur verið boðið að hlýða og heiðra föðurinn og biðja til hans í Jesú nafni.

Ef þér fyrirgefið mönnum misgjörðir þeirra, þá mun og faðir yðar himneskur fyrirgefa yður, **Matt** 6:14 (Matt 18:35; 3 Ne 13:14). Himneskur faðir yðar veit að þér þarfnist alls þessa, **Matt** 6:26–33 (3 Ne 13:26–33). Hve miklu fremur mun faðirinn himneski gefa þeim heilagan anda sem biðja hann, **Lúk** 11:11–13. Lofaður sé Guð og faðir Drottins vors Jesú Krists, **Ef** 1:3.

Þér standið í eilífri þakkarskulð við himneskan föður yðar, **Mósía** 2:34. Kristur gjörði nafn föðursins dýrðlegt, **Et** 12:8.

Hinir heilögu skulu bera vitni um þær ofsóknir sem þeir hafa orðið að þola, áður en faðirinn kemur fram úr fylgsni sínu, **K&S** 123:1–3, 6.

Við nutum mikilla og dýrðlegra

blessana frá himneskum föður okkar, **JS — S** 1:73.

Faðir, jarðneskur. *Sjá einnig* Fjölskylda; Foreldrar; Patriarkablessanir; Patriarki

Helgur titill manns sem hefur getið eða löglega ættleitt barn.

Heiðra föður þinn og móður, **2 Mós** 20:12 (5 Mós 5:16; Matt 19:19; Mósía 13:20). Drottinn lætur þann son kenna til, sem hann hefur mætur á, **Okv** 3:12.

Feður, egnið ekki börn yðar til reiði, **Ef** 6:1–4.

Ég hlaut nokkra tilsögn í fræðum föður míns, **1 Ne** 1:1. Faðir minn var réttvís maður — því hann kenndi mér, **Enos** 1:1. Alma bað fyrir syni sínum, **Mósía** 27:14. Alma gaf sonum sínum fyrirmæli, **Al** 36–42. Helaman nefndi syni sína eftir forfeðrum þeirra, **He** 5:5–12. Mormón minntist alltaf sonar síns í bænum sínum, **Moró** 8:2–3.

Míkils má krefjast af hendi feðra, **K&S** 29:48. Sérhver maður er skuldbundinn að sjá fyrir fjölskyldu sinni, **K&S** 75:28.

Hann bauð mér að fara á fund föður míns, **JS — S** 1:49.

Faðirvorið. *Sjá einnig* Bæn

Bæn sem frelsarinn kenndi lærisveinum sínum, sem er forskrift að öllum bænum (Matt 6:9–13; 3 Ne 13:9–13).

Fagnaðareriendi. *Sjá einnig* Endurlausnaráætlunin; Kenning Krists; Ráðstöfunartími

Áætlun Guðs um sáluhjálp, sem friðþægning Krists gerði mögulega. Fagnaðareriendið felur í sér hinn eilífa sannleik eða lögmál, sáttmála og helgiathafnir nauðsynlegar mannkyni til að komast aftur í návist Guðs. Guð endurreisti fagnaðareriendið í fyllingu sinni á jörðu á 19. öld með spámanninum Joseph Smith.

Farið út um allan heim og prédikið fagnaðareriendið öllu mannkyni, **Mark** 16:15.

Hinum skíru og dýrmætu hlutum fagnaðareriendis lambsins hefur verið

Fagnaðarerindið endurreist

haldið leyndum, **1 Ne** 13:32. Þetta er fagnaðarerindi mitt, **3 Ne** 27:13–21 (K&S 39:6).

Mormónsbók geymir fyllingu fagnaðarerindisins, **K&S** 20:8–9 (K&S 42:12). Þetta er fagnaðarerindið, **K&S** 76:40–43. Prestdæmi Melkisedeks framkvæmir fagnaðarerindið, **K&S** 84:19. Sérhver maður mun heyra fyllingu fagnaðarerindisins á sinni eigin tungu, **K&S** 90:11. Sonurinn prédikaði fagnaðarerindið til anda hinna dáu, **K&S** 138:18–21, 28–37.

Fagnaðarerindið var prédikað frá upphafi, **HDP Móse** 5:58. Frumreglum og helgiathöfnum fagnaðarerindisins er lýst, **TA** 1:4.

Fagnaðarerindið endurreist. *Sjá* Endurreisn fagnaðarerindisins

Fall Adams og Evu. *Sjá einnig* Adam; Dauði, andlegur; Dauði, líkamlegur; Dauðlegur, dauðleiki; Endurlausnaráætlunin; Endurleysa, endurleystur, endurlausn; Eva; Friðþægja, friðþæging; Hinn náttúrlegi maður; Jesús Kristur

Sá ferill er mannkyn gjörðist dauðlegt á þessari jörð. Þegar Adam og Eva neyttu af forboðna ávextinum, urðu þau dauðleg, þ. e. háð synd og dauða. Adam varð hið „fyrsta hold“ á jörðu (**HDP Móse** 3:7). Síðari daga opinberun gjörir ljóst að fallið er blessun og Adam og Eva skulu heiðruð sem frumforeldrar alls mannkyns.

Fallið var nauðsynlegt skref á framfarabraut mannsins. Þar eð Guð vissi að fallið yrði, hafði hann í fortílverunni undirbúið frelsara. Jesús Kristur kom á hádegisbaug tímans til að bæta fyrir fall Adams og einnig fyrir eigin syndir manna með því skilyrði að þeir iðruðust.

Jafn skjótt og þú etur af því munt þú vissulega deyja, **1 Mós** 2:17 (**HDP Móse** 3:17). Hún tók af ávexti þess og át, **1 Mós** 3:6 (**HDP Móse** 4:12).

Eins og allir deyja fyrir samband sitt við Adam, svo munu allir lífgaðir verða fyrir samband sitt við Krist, **1 Kor** 15:22.

Allt mannkyn var glatað og fallið,

1 Ne 10:6. Allt frá falli mannsins hefur leiðin verið fyrirbúin, **2 Ne** 2:4. Eftir að Adam og Eva höfðu neytt af forboðna ávextinum voru þau rekin út úr aldingarðinum Eden, **2 Ne** 2:19. Adam féll, svo að menn mættu líf öðlast, **2 Ne** 2:15–26. Hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs og hefur verið það frá falli Adams, **Mósía** 3:19. Aron kenndi föður Lamónís varðandi fallið, **AI** 22:12–14. Allir eru fallnir og glataðir, **AI** 34:9. Fyrstu foreldrar okkar voru útilokaðir, bæði stundlega og andlega úr návist Drottins, **AI** 42:2–15 (He 14:16). Vegna fallsins er eðli okkar stöðugt illt, **Et** 3:2.

Með broti á þessum heilögu lögmálum varð maðurinn fallinn maður, **K&S** 20:20 (K&S 29:34–44).

Vegna falls þíns verður þú endurleystur, **HDP Móse** 5:9–12. Vegna brots varð fallið, **HDP Móse** 6:59. Mönnum verður refsað fyrir eigin syndir, **TA** 1:2.

Falsguðadýrkun

Dýrkun falsguða eða óhófleg fylgisemi eða hollusta við eitthvað.

Þú skalt ekki hafa aðra guði en mig, **2 Mós** 20:3 (Mósía 12:35; 13:12–13). Ef þú eltir aðra guði munt þú gjörsamlega farast, **5 Mós** 8:19. Þrjóska er sem ranglæti og falsguðadýrkun, **1 Sam** 15:23. Frá hverf mér flettir þú ofan af hvílu þinni, **Jes** 57:8. Þú hefur vegsamað guði úr silfri og gulli, **Dan** 5:23.

Þér getið ekki þjónað Guði og Mammon, **Matt** 6:24. Ágirnd er skurðgoðadýrkun, **Kól** 3:5. Börn, gætið yðar fyrir skurðgoðunum, **1 Jóh** 5:21.

Vei sé skurðgoðadýrkendum, **2 Ne** 9:37. Falsguðadýrkun Nefíþjóðarinnar kallaði yfir þá stríð þeirra og tortímingu, **AI** 50:21.

Hver maður gengur eigin leið og eftir ímynd síns eigin guðs, **K&S** 1:16. Lát þá vinna eigin höndum svo að ekki tíðkist hjáguðadýrkun, **K&S** 52:39.

Faðir Abrahams afvegaleiddist af skurðgoðadýrkun, **Abr** 1:27.

Fangelsi anda. *Sjá* Helja

Faraó. *Sjá einnig* Egyptaland; Egyptus

Elsti sonur Egyptusar, dóttur Hams (Abr 1:25). Einnig titill egypskra konunga (Abr 1:27).

Farísear. *Sjá einnig* Gyðingar

Í Gamla testamenti, trúarsamfélag meðal Gyðinga. Nafnið táknar að vera aðskilinn eða frábrugðinn. Farísear lögðu metnað sinn í að halda lögmál Móse stranglega og fordást allt samneyti við Þjóðirnar. Þeir trúðu á líf eftir dauðann, upprisuna og tilveru engla og anda. Þeir töldu munnlegt lögmál og siðvenjur vera jafn mikilvægt og hið skræða lögmál. Í kenningu þeirra varð trúin að hlýðni við reglur og ýtti undir andlegan hroka. Þeir fengu fjölda Gyðinga til að efast um Krist og fagnaðarerindi hans. Drottinn fordæmdi Faríseana og verk þeirra í Matt 23; Mark 7:1–23; og Lúk 11:37–44.

Fasta. *Sjá einnig* Fátækur; Fórnargjöf; Velferð; Ölmusa

Að sleppa af frjálsum og fúsum vilja mat og drykk í þeim tilgangi að nálgast Drottin og sækjast eftir blessunum hans. Þegar einstaklingar eða hópar fasta ættu þeir einnig að biðjast fyrir til að öðlast skilning á vilja Drottins og efla andlegan styrk sinn. Fasta hefur ætíð verið iðkuð af santrúuðum.

Einn hvíldardagur í mánuði hverjum er ætlaður fyrir föstu í kirkjunni nú á dögum. Þá neita meðlimir kirkjunnar sér um fæðu og vatn í ákveðinn tíma. Síðan leggja þeir fram til kirkjunnar þá peningaupphæð sem þeir hefðu ella eytt vegna þessarar máltíða. Þetta fé er nefnt föstufórn. Kirkjan notar föstufórnina til aðstoðar fátækum og nauðstöddum.

Vér föstuðum og báðum til Guðs okkar, **Esra** 8:21–23, 31. Ég fastaði og gjörði bæn mína til Guðs himnanna, **Nehem** 1:4. Fastið mín vegna, etið hvorki né drekkið í þrjá daga, **Ester** 4:16. Ég þjáði mig með föstu, **Sálm** 35:13. Sú fasta, sem mér líkar, **Jes** 58:3–12. Ég sneri ásjónu minni til Drottins Guðs til þess

að bera fram bæn mína með föstu, **Dan** 9:3. Snúið yður til mín, af öllu hjarta, og með föstu, **Jóel** 2:12. Nínevumenn trúðu Guði og boðuðu föstu, **Jónas** 3:5.

Jesús fastaði í fjörutíu daga, **Matt** 4:2 (2 Mós 34:28; 1 Kon 19:8; Lúk 4:1–2). Fastið ekki til að miklast fyrir mönnum, **Matt** 6:18 (3 Ne 13:16). Þetta kyn verður ekki út rekið nema með bæn og föstu, **Matt** 17:21.

Haldið áfram að fasta og biðja, **Omni** 1:26 (4 Ne 1:12). Þeir hófu að fasta og biðja til Drottins Guðs síns, **Mósía** 27:22. Ég hef fastað og beðið í marga daga til þess að öðlast vitneskju um þetta, **Al** 5:46. Börn Guðs sameinuðust í föstu og máttugri bæn, **Al** 6:6. Synir Mósía höfðu mikið beðið og fastað, **Al** 17:3, 9. Vegna dauða margra Nefíta komu dagar föstu og mikils bænahalds, **Al** 28:5–6. Þeir föstuðu mikið og báðust mikið fyrir, **Al** 45:1 (He 3:35).

Tilreiðið mat yðar af látleysi hjartans, svo að fasta yðar sé fullkomin, **K&S** 59:13–14. Haldið áfram í bæn og föstu, **K&S** 88:76.

Fayette, New York (Bandar.)

Staðurinn þar sem býli Peters Whitmer eldri stóð. Þar gáfust Joseph Smith yngri margar opinberanir. Hér var kirkjan stofnuð 6. apríl 1830 og rödd Drottins heyrðist (**K&S** 128:20).

Fátækur. *Sjá einnig* Auðmjúkur, auðmýkt; Fasta; Fórnargjöf; Velferð; Ölmusa

Í ritningunum getur *fátækur* táknad (1) fólk sem skortir efnisleg gæði, svo sem fæðu, fatnað, og húsaskjól, eða (2) fólk sem er auðmjúkt og án hroka.

Fátækt efnislegra gæða: Þú skalt ekki afturlykja hendi þinni fyrir fátækum bróður, **5 Mós** 15:7. Hinn óguðlegi ofsækir hina hrjáðu í hroka sínum, **Sálm** 10:2. Sá sem gefur fátækum liður engan skort, **Okv** 28:27. Hýs þú bágstadda, hælislaua menn, **Jes** 58:6–7.

Ef þú vilt vera fullkominn, gef fátækum, **Matt** 19:21 (Mark 10:21;

Filippíbréfið

Lúk 18:22). Hefur Guð ekki útvalið hina fátæku þessa heims, **Jakbr** 2:5.

Vegna þess að þeir eru ríkir fyrirhlíta þeir hina snauðu, **2 Ne** 9:30. Gefið fátækum af eignum yðar svo fyrirgefning synda yðar vari, **Mósía** 4:26. Þeir gáfu fátækum af eignum sínum, **AI** 1:27. Ef þér snúið hinum þurfandi frá eru bænir yðar til einskis, **AI** 34:28. Allt var sameign þeirra og því var enginn ríkur eða fátækur, **4 Ne** 1:3.

Þér skuluð minnst hinna fátæku, **K&S** 42:30 (K&S 52:40). Vei hinum fátæku sem ekki bera sundurkramið hjarta, **K&S** 56:17–18. Hinir fátæku koma í brúðkaup lambsins, **K&S** 58:6–11. Biskupinn skal leita uppi hina fátæku, **K&S** 84:112. Lögmal fagnaðarerindisins stjórnar umönnun fátækra, **K&S** 104:17–18.

Enginn fátækur var meðal þeirra, **HDP Móse** 7:18.

Fátækur í anda: Ríkulegar blessaðir eru þeir sem auðmýkja sig án þess að vera til þess neyddir sakir fátæktar, **AI** 32:4–6, 12–16. Blessaðir eru fátækir í anda, sem til mín koma, **3 Ne** 12:3 (Matt 5:3).

Hinum fátæku og hógværu skal boðað fagnaðarerindið, **K&S** 35:15.

Filippíbréfið. Sjá einnig Bréf Páls postula; Páll

Bréf er Páll ritaði hinum heilögu í Filippí þegar hann var í fangelsi í Róm í fyrra sinnið. Það er nú Filippíbréfið í Nýja testamentinu.

Í fyrsta kapítula er kveðjuávarp Páls og leiðbeining hans um einingu, auðmýkt og þolgæði. Í öðrum kapítula er lögð áhersla á að allir lúti Kristi og sérhver verður að vinna að eigin sáluhjálpi. Í þriðja kapítula segir Páll að hann hafi fórnað öllu fyrir Krist. Í fjórða kapítula þakkar Páll hinum heilögu í Filippí fyrir aðstoð þeirra.

Filippus

Í Nýja testamenti, Filippus frá Betsáida var einn hinna upphaflegu tólf postula frelsarans (Matt 10:2–4; Jóh 1:43–45).

Annar Filippus var einn sjö manna

sem valdir voru postulunum tólf til aðstoðar (Post 6:2–6). Hann kenndi í Samaríu og hirðmanni frá Eþíópíu (Post 8).

Filistar

Í Gamla testamenti, kynflokkur sem upphaflega kom frá Kaftór (Amos 9:7) og bjó á hinu frjósama láglandi Miðjarðarhafsstrandar milli Joppe og eyðimarkar Egyptalands fyrir daga Abrahams (1 Mós 21:32). Árum saman voru hernaðaráttök milli Filista og Ísraelsmanna. Að lokum varð Palestína, nafnið á landi Filista, almennt heiti alls Landsins helga.

Ísrael var undirgefið Filistum í fjörtíu ár, **Dóm** 13:1. Samson barðist við Filista, **Dóm** 13–16. Goliát var Filisti frá Gat, **1 Sam** 17. Davíð sigraði Filistana, **1 Sam** 19:8.

Finna. Sjá einnig Heilagur andi

Að skynja áminningar andans.

Þér voruð tilfinningalausir, gátuð ekki skynjað orð hans, **1 Ne** 17:45. Þegar þið finnið þessar vaxtarhræringar, munuð þið segja: Þetta er gott sæðkorn, **AI** 32:28.

Þú munt finna að það er rétt, **K&S** 9:8. Allir sem ganga í hús Drottins munu finna kraft þinn, **K&S** 109:13.

Filemon. Sjá einnig Páll

Kristinn maður í Nýja testamenti sem átti þrælinn Onesímus, sem strauk og fór til Páls. Páll sendi Onesímus aftur til Filemons með bréf og bað Filemon að fyrirgefa þrælnum.

Filemonsbréfið. Sjá einnig Bréf Páls postula; Páll

Bók í Nýja testamenti rituð upp úr bréfi Páls. Bréf Páls til Filemons er einkabréf varðandi Onesímus, þræl, sem rænt hafði eiganda sinn, Filemon, og flúið til Rómar. Páll sendi hann til baka til eigandans í Kólossu í fylgd með Týkíkusi sem færði Kólossumönnum bréf Páls til þeirra. Páll bað um að Onesímus fengi fyrirgefningu og við honum yrði tekið sem kristnum trúbróður. Páll ritaði

bréfið þegar hann var í fangelsi í Róm hið fyrra sinn.

Fjallræðan. *Sjá einnig* Jesús Kristur; Sæluboðin

Ræða sem Drottinn Jesús Kristur flutti lærisveinum sínum þegar þeir voru að leggja upp í trúboð (Matt 5–7; Lúk 6:20–49). Drottinn flutti prédikunina skömmu eftir köllun hinna tólf.

Prédikunin er skýrar fram sett í þýðingu Josephs Smith á Biblíunni, svo og í samskonar prédikun sem skráð er í 3 Nefi 12–14, sem sýnir að mikilvægir hlutar prédikunarinnar hafa glatast úr frásögninni í Matteusarguðspjalli.

Fjandskapur. *Sjá einnig* Elska, ást; Hefnd; Öfund

Í ritningunum, fjandskapur, ófriður og hatur.

Fjandskap set ég milli þín og konunnar, **1 MóS** 3:15 (HDP Móse 4:21).

Hyggja holdsins er fjandskapur gegn Guði, **Róm** 8:7. Vinátta við heiminn er fjandskapur gegn Guði, **Jakbr** 4:4.

Þann dag mun fjandskap linna fyrir augliti mínu, **K&S** 101:26.

Fjólkvæni. *Sjá* Giftast — Fjólkvæni

Fjölskylda. *Sjá einnig* Barn, börn; Faðir, jarðneskur; Giftast; Móðir

Eins og um er fjallað í ritningunum er fjölskylda eiginmaður, eiginkona og börn og stundum aðrir ættingjar sem búa í sama húsnaði eða hjá sama fjölskyldufyrirliða. Fjölskylda getur einnig verið einstætt foreldri með börn, eiginmaður og eiginkona án barna, eða jafnvel einhleyp manneskja sem býr ein.

Almennt: Af þér skulu allar ættkvíslir jarðarinnar blessun hljóta, **1 MóS** 12:3 (1 MóS 28:14; Abr 2:11). Ég mun vera Guð fyrir allar ættkvíslir Ísraels, **Jer** 31:1.

Hvert faðerni á himni og jörðu fær nafn af föðurnum, **Ef** 3:14–15.

Adam og Eva gátu af sér allt mannkyn, **2 Ne** 2:20.

Sú dýrð skal vera áframhald niðjanna að eilífu, **K&S** 132:19. Ég mun gefa

honum kórónu eilífra lífa í hinum eilífu heimum, **K&S** 132:55. Innsíglun barna til foreldra sinna er hluti hins mikla verks fyllingar tímanna, **K&S** 138:48.

Karl og konu skapaði ég þau, og sagði við þau: Verið frjósöm og margfaldist, **HDP Móse** 2:27–28. Eigi er gott að maðurinn sé einsamall, **HDP Móse** 3:18. Adam og Eva erfiðuðu saman, **HDP Móse** 5:1.

Ábyrgð foreldra: Abraham skal bjóða börnum sínum, og þau skulu varðveita vegu Drottins, **1 MóS** 18:17–19. Þú skalt kappkosta að kenna þessi orð börnum þínum, **5 MóS** 6:7 (5 MóS 11:19). Sá sem elskar son sinn agar hann, **Okv** 13:24 (Okv 23:13). Fræð þú sveininn um veginn, sem hann á að halda, **Okv** 22:6. Njót þú lífsins með þeirri konu, sem þú elskar, **Préd** 9:9. Öll börn þín skulu frædd um Drottin, **Jes** 54:13 (3 Ne 22:13).

Alið þau upp með uppeldi Drottins, **Ef** 6:1–4 (Enos 1:1). Ef einhver sér eigi fyrir sínum hefur hann afneitað trúnni, **1 Tím** 5:8.

Hann hvatti þá af heitri umhyggju ástíðs foreldris, **1 Ne** 8:37. Við tölum um Krist til þess að börn okkar megi vita til hvaða uppsprettu þau eiga að leita, **2 Ne** 25:26. Eiginmenn og eiginkonur elska börn sín, **Jakob** 3:7. Kenn þeim að elska hvert annað og þjóna hvert öðru, **Mósía** 4:14–15. Þér skuluð verja fjölskyldur yðar, jafnvel með blóðsúthellingum, **Al** 43:47. Biðjið í fjölskyldum yðar, svo að eiginkonur yðar og börn megi blessuð verða, **3 Ne** 18:21.

Foreldrar eiga að kenna börnum sínum fagnaðarerindið, **K&S** 68:25. Sérhver maður er skuldbundinn að sjá fyrir fjölskyldu sinni, **K&S** 75:28. Öll börn eiga kröfu á foreldra sína, **K&S** 83:4. Alið börn yðar upp í ljósi og sannleika, **K&S** 93:40. Kom reglu á hús þitt, **K&S** 93:43–44, 50. Prestdæmishafar skulu beita áhrifum sínum einungis með fölskvalausri ást, **K&S** 121:41.

Adam og Eva fræddu börn sín um alla hluti, **HDP Móse** 5:12.

Ábyrgð barnanna: Heiðra föður þinn og

móður þína, **2 MóS** 20:12. Hlýð þú, son minn, á áminning föður þíns, **Okv** 1:8 (**Okv** 13:1; 23:22).

Jesús var hlýðinn foreldrum sínum, **Lúk** 2:51. Jesús gjörði vilja föðurins, **Jóh** 6:38 (3 **Ne** 27:13). Hlýðið foreldum yðar vegna Drottins, **Ef** 6:1 (**Kól** 3:20).

Ef börnin iðrast skal heilagri reiði þinni snúið frá, **K&S** 98:45–48. Staðfastar dætur Eru tilbáðu hinn sanna og lifanda Guð, **K&S** 138:38–39.

Eilífar fjölskyldur: Í Kenningu og sáttmálum er greint frá eilífu eðli hjúskapartengsla og fjölskyldunnar. Himneskt hjónaband og áframhald fjölskyldunnar gjöra eiginmönnum og eigin-konum mögulegt að verða guðir (**K&S** 132:15–20).

Flóðið á dögum Nóa. *Sjá einnig* Nói, patriarki í Biblíunni; Regnbogi; Örkin

Á dögum Nóa var jörðin öll hulin vatni. Þetta var skírn jarðar og táknræn hreinsun (1 **Pét** 3:20–21).

Guð lætur vatnsflóð koma yfir jörðina til að tortíma öllu holdi, **1 MóS** 6:17 (**HDP Móse** 7:34, 43, 50–52; 8:17, 30). Vatnsflóðið kom yfir jörðina, **1 MóS** 7:10. Guð setti boga í skýin sem merki sáttmálans, **1 MóS** 9:9–17.

Eftir að vötnin fjöruðu út varð Ameríka valkostaland, **Et** 13:2.

Hinir ranglátu munu farast í flóðinu, **HDP Móse** 7:38; 8:24.

Forboðinn ávöxtur. *Sjá* Eden; Fall Adams og Eru

Fordæma, fordæming. *Sjá einnig* Dómari, dómur; Lokadómur

Að dæma eða vera dæmdur af Guði.

Hrekkvísan mann fyrirdæmir Drottinn, **Okv** 12:2.

Við erum agaðir af Drottni til þess að við verðum ekki dæmdir sekir ásamt heiminum, **1 Kor** 11:32.

Orð vor, verk og hugsanir munu dæma oss, **Al** 12:14. Ef menn vita hluti en fara ekki eftir þeim, geta þeir kallað

yfir sig fordæmingu, **He** 14:19. Ef við hættum starfi okkar verðum við fordæmdir, **Moró** 9:6.

Sá sem ekki fyrirgefur bróður sínum stendur fordæmdur frammi fyrir Drottni, **K&S** 64:9. Sá, sem syndgar gegn stærra ljósi, hlýtur þyngri dóm, **K&S** 82:3. Fordæming hvílir á kirkjunni í heild þar til þeir iðrast og minnast Mormónsbókar, **K&S** 84:54–57.

Fordæming. *Sjá einnig* Dauði, andlegur; Djöfull; Glötunarsynirnir; Helja

Það ástand að vera stöðvaður í framþróun sinni og neitað um aðgang að nærveru Guðs og dýrðar hans. Fordæming er á mismunandi háu stigi. Allir þeir sem ekki ná fyllingu himneskrar upphafningar eru að einhverju leyti háðir takmörkunum í framþróun sinni og réttindum og munu fordæmdir í sama mæli.

Vei yður hræsnarar! Þér munuð fá því þyngri dóm, **Matt** 23:14. Sá sem lastmælir gegn heilögum anda á eilífa fordæmingu á hættu, **Mark** 3:29. Þeir sem drýgt hafa hið illa munu rísa upp til dómsins, **Jóh** 5:29 (3 **Ne** 26:5). Sá sem etur og drekkur óréttlátlega, hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms, **1 Kor** 11:29 (3 **Ne** 18:28–29).

Sá sem ekki vill skírast og standa stöðugur allt til enda, mun fordæmdur, **2 Ne** 9:24 (**Mark** 16:16; **Et** 4:18; **K&S** 68:9; 84:74). Hinum siðlausu liði verr að dvelja hjá Guði, en dveljast með fordæmdum í víti, **Morm** 9:4.

Sá sem ekkert gjörir, fyrr en honum er boðið það, sá hinn sami er fordæmdur, **K&S** 58:29. Sá sem meðtekur fyllingu hins nýja og ævarandi sáttmála, verður að halda það lögmál, ella sé hann fordæmdur, **K&S** 132:6.

Forðabúr. *Sjá einnig* Velferð

Staður þar sem biskup tekur við helguðum fórnum Síðari daga heilagra, varðveitir þær og miðlar fátækum. Stærð hvers forðabúrs fer eftir aðstæðum. Trúfastir meðal heilagra leggja biskupi til hæfileika, verkkunnáttu, efni

og fjármuni til þess að annast þarfir hinna fátæku þegar sverfur að. Því getur forðabúrið haft að geyma skrá yfir fátæga þjónustu, peninga, matvöru og annan varning. Biskupinn er ráðsmaður forðabúrsins og dreifir vöru og þjónustu í samræmi við þarfir og eins og andi Drottins leiðbeinir honum (K&S 42:29–36; 82:14–19).

Lát þá draga saman vistaforða fyrir hallærisárin sjö, **1 Mós** 41:34–36, 46–57. Færið alla tíundina í forðabúrið, **Mal** 3:10 (3 Ne 24:10).

Lát biskup útnefna forðabúr fyrir kirkjuna, **K&S** 51:13. Það sem umfram er nauðsynjar skal sett í forðabúr mitt, **K&S** 70:7–8. Hinir heilögu skulu skipuleggja og koma upp forðabúri, **K&S** 78:1–4. Börn eiga kröfu á forðabúr Drottins ef foreldrar þeirra eiga hana ekki, **K&S** 83:5.

Foreldrar. *Sjá einnig* Faðir, jarðneskur; Móðir

Feður og mæður. Verðugir eiginmenn og eiginkonur sem hafa á réttan hátt verið innsigliuð í hjónaband í musteri Guðs geta uppfyllt hlutverk sitt sem foreldrar um eilífð. „Foreldrar bera þá helgu skyldu að ala börn sín upp í kærleika og réttlæti, að sjá fyrir líkamlegum þörfum þeirra, að kenna þeim að elska hvert annað og þjóna hvert öðru, að virða boðorð Guðs og vera löghlýðnir þegnar, hvar sem þau búa.“ („Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins“ *Von-
arstjarnan*, júní 1996, 129).

Börn, hlýðið foreldrum yðar, **Ef** 6:1–3 (**Kól** 3:20).

Adam og Eva voru frumforeldrar okkar, **1 Ne** 5:11. Bölvunin getur lagst yfir höfuð foreldra okkar, **2 Ne** 4:6. Kennið foreldrum, að þeir verði að iðrast og láta skírast, **Moró** 8:10.

Foreldrum er boðið að kenna börnum sínum fagnaðarerindið, **K&S** 68:25. Öll börn eiga kröfu á foreldra sína, **K&S** 83:4.

Syndir foreldranna geta ekki komið yfir börnin, **HDP Móse** 6:54.

Forlög. *Sjá* Forvígsla

Forseti. *Sjá einnig* Spámaður; Æðsta forsætisráðið

Titill embættismanns sem situr í forsæti stofnunar. Forseti kirkjunnar er spámaður, sjáandi og opinberari (**K&S** 21:1; 107:91–92) og meðlimir kirkjunnar skulu titla spámann kirkjunnar titlinum „forseti“ (**K&S** 107:65). Hann er eina persónan á jörðu sem hefur vald til að beita öllum lykllum prestdæmisins.

Leiðtoga prestdæmissveita og annarra skipulagðra eininga kirkjunnar má einnig titla forseta.

Drottinn afhenti Joseph Smith lykla rikisins, **K&S** 81:1–2. Þrír forsetar mynda sveit forsætisráðs kirkjunnar, **K&S** 107:21–24. Forsetar voru vígðir eftir reglu Melkisedeks, **K&S** 107:29. Skyldum forseta varðandi djákna, kennara, presta og öldunga er lýst, **K&S** 107:85–89 (**K&S** 124:136–138, 142). Það eru sjö forsetar yfir öllum öðrum sjöttíu, **K&S** 107:93–95. Forsetar stikna voru tilnefndir, **K&S** 124:133–135.

Forsæti. *Sjá* Æðsta forsætisráðið

Fortilvera. *Sjá einnig* Maður, menn; Rád eða þing á himnum; Stríð á himni; Úpphaf

Lífið á undan jarðlífinu. Allir, karlar og konur, lifðu hjá Guði sem andabörn hans áður en þau komu til jarðar sem dauðlegar verur. Þetta er stundum nefnt fyrsta tilverustigið (**Abr** 3:26).

Þegar Guð lagði hornstein jarðar, fögnuðu allir guðssynir, **Job** 38:4–7. Andinn hverfur aftur til Guðs sem gaf hann, **Préd** 12:7. Áður en ég myndaði þig í móðurkviði þekkti ég þig, **Jer** 1:4–5.

Við erum öll hans ættar, **Post** 17:28. Drottinn valdi okkur fyrir grundvöllun heimsins, **Ef** 1:3–4. Vér eigum að vera undirgefnir föður andanna, **Hebr** 12:9. Englana sem ekki stóðust fyrsta stig sitt hefur hann geymt í ævarandi fjötrum, **Júd** 1:6 (**Abr** 3:26). Djöflinum og englum hans var varpað niður, **Op** 12:9.

Fortjald

Þeir voru kallaðir og undirbúnir frá grundvöllun veraldar, **Al** 13:3.

Kristur leit yfir hina miklu víðáttu eilífðarinnar, áður en heimurinn varð til, **K&S** 38:1. Maðurinn var einnig í upphafi hjá Guði, **K&S** 93:29 (He 14:17; **K&S** 49:17). Göfugir andar voru í upphafi útvaldir til að vera stjórnendur í kirkju Guðs, **K&S** 138:53–55. Margir hlutu fyrstu kennslu sína í ríki andanna, **K&S** 138:56.

Allir hlutir voru skapaðir andlega áður en þeir voru á jörðu, **HDP Móse** 3:5. Ég gjörði heiminn og mennina áður en þeir voru í holdinu, **HDP Móse** 6:51. Abraham sá vitsmunaverurnar sem skipulagðar voru áður en heimurinn varð til, **Abr** 3:21–24.

Fortjald. *Sjá* Hula

Í ritningunum merkir fortjald skilrúm er aðgreinir svæði í tjaldbúðinni eða musterinu.

Fortjaldið skilur milli Hins heilaga og Hins allrahelgasta, **2 Mós** 26:33.

Fortjald musterisins rífaði í sundur við krossfestingu Krists, **Matt** 27:51 (Mark 15:38; Lúk 23:45).

Forvígsla. *Sjá* einnig Fortilvera

Vígsla Guðs í fortilverunni á hugdjörfum andabörnum sínum til að þau gegni ákveðnum köllumum í jarðlífi sínu.

Guð greindi í sundur mannanna börn, **5 Mós** 32:8. Áður en ég myndaði þig í móðurlífi helgaði ég þig til spámans, **Jer** 1:5.

Guð ákvað setta tíma áður en þeim var úthlutað, **Post** 17:26. Þá, sem hann þekkti fyrirfram, tók hann einnig forákvörðun um, **Róm** 8:28–30. Áður en heimurinn var grundvallaður hefur hann útvalið oss í Kristi, **Ef** 1:3–4. Jesús Kristur var forvígður sem endurlausnari, **1 Pét** 1:19–20 (Op 13:8).

Þeir voru kallaðir og undirbúnir frá grundvöllun veraldar, **Al** 13:1–9.

Ég sá hina göfugu og miklu, sem útvaldir voru í upphafi, **K&S** 138:55–56.

Minn elskaði sonur var útvalinn frá

upphafi, **HDP Móse** 4:2. Abraham var útvalinn, áður en hann fæddist, **Abr** 3:23.

Fórni. *Sjá* einnig Blóð; Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur; Sakramenti; Sundurkramið hjarta

Fyrir á tímum táknnaði *að fórna* að helga einhvern eða eitthvað. Nú er það farið að tákna að afneita eða sjá á bak þessa heims gæðum fyrir Drottin og ríki hans. Meðlimir kirkju Drottins ættu að vera fúsir til að fórna öllu fyrir Drottin. Joseph Smith kenndi að „trúarbrögð sem ekki krefjast fórnar í öllu hafa aldrei nægilegan kraft til að skapa þá trú sem er nauðsynleg til lífs og sáluhjálpar.“ Frá sjónarhóli eilífðarinnar, eru blessanir sem fást með fórn stærri en nokkuð það sem til er fórnað.

Eftir að Adam og Eva voru rekin út úr Edensgarði, gaf Drottinn þeim fórnarlögmálið. Í því lögmáli fólst fórn frumburðar hjarða þeirra. Sú fórn var táknræn fyrir þá fórn, er hinn eingetni sonur Guðs mundi færa (HDP Móse 5:4–8). Sá siður hélst fram að dauða Jesú Krists, er batt enda á dýrafórn sem helgiathöfn fagnaðarerindisins (Al 34:13–14). Í kirkju nútímans neyta hinir heilögu brauðs og vatns sakramentisins til minningar um fórn Jesú Krists. Meðlimum Kirkju Krists er nú á dögum einnig boðið að fórna sundurkrömdu hjarta og sáriðrandi anda (3 Ne 9:19–22). Það táknar að þeir eru auðmjúkir, iðrandi og fúsir til að halda boðorð Guðs.

Abraham batt Ísak, son sinn og lagði hann á altarið, **1 Mós** 22:1–18 (Jakob 4:5). Þú skalt fórna brennifórnum þínum, **2 Mós** 20:24. Dýr sem fórnað er verða að vera lýtalaus, **5 Mós** 15:19–21. Hlýðni við boð Guðs er fórninni fremri, **1 Sam** 15:22.

Að elska náungann er öllum brennifórnum og sláturfórnum æðra, **Mark** 12:32–33. Við erum helgaðir vegna fórnfæringar Krists, **Hebr** 10:10–14.

Kristur færði sjálfan sig fram sem fórn fyrir syndina, **2 Ne** 2:6–7. Hin mikla lokafórn verður Guðssonurinn, já óendanleg og eilíf, **Al** 34:8–14. Færið ekki

brennifórnir framar, bjóðið Guði að fórn sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, **3 Ne** 9:19–20 (Sálm 51:16–17; K&S 59:8).

Í dag er dagur fórnar, **K&S** 64:23 (K&S 97:12). Drottinn tekur á móti öllum sem fúslega virða sáttmála sína, **K&S** 97:8. Joseph F. Smith sá anda hinna réttlátu, sem fórnað höfðu í líkingu við fórn frelsarans, **K&S** 138:13. Endurlausn fékkst með fórn Guðssonarins á krossinum, **K&S** 138:35.

Fórnargjöf. *Sjá einnig* Fasta; Fórn; Tíund, tíundargreiðslur; Velferð; Ölmusa

Gjöf til Drottins. Í Gamla testamenti er orðið oft notað um fórnferingu eða brennifórn. Kirkjan nú á tímum notar föstufórnir og aðrar fórnir gefnar af frjálsum og fúsum vilja (þar með talið tími, hæfileikar og eigur) til hjálpar fátækum og í öðrum verðugum tilgangi.

Þér hafið rænt mig í tíund og fórnargjöfum, **Mal** 3:8–10.

Far þú fyrst að sættast við bróður þinn, kom síðan að færa fórn þína, **Matt** 5:23–24.

Leggið fram sálir yðar óskiptar sem fórn til Krists, **Omní** 1:26. Ef maður færir gjöf án einlægs ásetnings, gagnar það honum ekkert, **Moró** 7:6.

Aronspreddæmið skuli aldrei aftur af jörðunni tekið, uns synir Levís færa Drottni aftur fórn í réttlæti, **K&S** 13. Á þessum Drottins degi skuluð þér færa hinum æðsta fórnargjafir yðar og sakramenti, **K&S** 59:12. Sem kirkja og einstaklingar skulum við færa Drottni fórn í réttlæti, **K&S** 128:24.

Fráhvarf. *Sjá einnig* Endurreisn fagnaðarerindisins; Uppreisn

Fráhvarf einstaklinga, kirkjunnar, eða heilla þjóða frá sannleikanum.

Almennt fráhvarf: Ísrael þurfti að varast að snúa hjarta sínu frá Drottni, **5 Mós** 29:18. Þar sem engar vitranir eru, kemst fólkíð á glapstigu, **Okv** 29:18. Þeir hafa rofið sáttmálann eilífa, **Jes** 24:5.

Stormarnir buldu á því húsi og það

féll, **Matt** 7:27. Mig furðar, að þér svo fljótt látið snúast til annars konar fagnaðarerindis, **Gal** 1:6.

Þeir voru á góða veginum en villtust í þokunni, **1 Ne** 8:23 (1 Ne 12:17). Eftir að hafa neytt af ávextinum lentu þeir á forboðnum vegum, **1 Ne** 8:28. Fráhvarf Nefíta varð hrösunarhella þeim sem ekki voru í kirkjunni, **Al** 4:6–12. Margir meðlimir kirkjunnar fylltust hroka og ofsóttu aðra innan kirkjunnar, **He** 3:33–34 (He 4:11–13; 5:2–3). Þegar Drottinn gjörir allt fólki sínu til velfarnaðar, þá herðir það stundum hjörtu sín og gleymir honum, **He** 12:2; 13:38. Nefítar hertu hjörtu sín og féllu undir vald Satans, **3 Ne** 2:1–3. Moróni spáði fyrir um fráhvarf á síðari dögum, **Morm** 8:28, 31–41.

Fráhvarf verður fyrir síðari komuna, **K&S** 1:13–16.

Fráhvarf frumkirkju Krists: Þessi lýður nálgast mig með munni sínum, **Jes** 29:10, 13. Myrkur grúfir yfir jörðunni, **Jes** 60:2. Drottinn mun senda hungur eftir að heyra orð Drottins, **Amos** 8:11.

Fram munu koma falskristar og falsspámenn, **Matt** 24:24. Skæðir vargar munu koma inn á yður, **Post** 20:29. Mig furðar, að þér svo fljótt látið snúast frá honum, **Gal** 1:6. Fráhvarf verður fyrir síðari komuna, **2 Þess** 2:3. Sumir villast frá sannleikanum, **2 Tím** 2:18. Sumir hafa á sér yfirskinn guðhræðslunnar, en afneita krafti hennar, **2 Tím** 3:2–5. Þann tíma mun að bera, er menn þola ekki hina heilnæmu kenning, **2 Tím** 4:3–4. Falsspámenn og falskennarar verða meðal fólksins, **2 Pét** 2:1. Nokkrir menn læðast inn og afneita vorum einasta Drottni og Guði, **Júd** 1:4. Sumir menn sögðust vera postular, en voru það ekki, **Op** 2:2.

Nefí sá myndun völdugrar og viðurstygglegrar kirkju, **1 Ne** 13:26. Þjóðirnar hafa hrasað og reist margar kirkjur, **2 Ne** 26:20.

Þeir hafa vikið frá helgiathöfnum mínum og rofið ævarandi sáttmála minn, **K&S** 1:15. Myrkur grúfir yfir

jörðunni og formyrkvar huga fólksins, **K&S** 112:23.

Joseph Smith var sagt að öllum kirkjunum skjátlaðist; þær væru fjarri Guði í hjarta sínu, **JS — S** 1:19.

Frederick G. Williams

Leiðtogi á upphafstíma hinnar endurreistu kirkju, sem um skeið var ráðgjafi í forsætisráði hins háa prestdæmis (**K&S** 81; 90:6, 19; 102:3).

Freista, freisting. *Sjá einnig* Djöfull; Sjálfraði; Standast

Prófsteinn á hæfileika manna til að velja gott í stað illis; ginning til syndar og fylgni við Satan fremur en Guð.

Eigi leið þú oss í freistni, heldur frelsa oss frá illu, **Matt** 6:13 (3 **Ne** 13:12). Guð lætur ekki freista yðar um megn fram, **1 Kor** 10:13. Krists var freistað eins og okkar, **Hebr** 4:14–15. Sæll er sá maður, sem stenst freistingu, **Jakbr** 1:12–14.

Freistingar andstæðingsins geta ekki sigrast á þeim sem fara að orðum Guðs, **1 Ne** 15:24 (**He** 5:12). Sjálfstæð gat breytnt mannsins aðeins orðið, ef hann laðaðist að annarri hvorri andstæðunni, **2 Ne** 2:11–16. Vakið og biðjið án afláts, að þér freistist ekki um megn fram, **Al** 13:28. Kennið þeim að standast allar freistingar djöfulsins, með trú sinni á Drottin Jesú Krist, **Al** 37:33. Biðjið án afláts, svo að þér fallið ekki í freistni, **3 Ne** 18:15, 18 (**K&S** 20:33; 31:12; 61:39).

Gæt þín á ofurdrambi, svo þú fallir ekki í freistni, **K&S** 23:1. Adam varð undirgefinn vilja djöfulsins, vegna þess að hann lét undan freistingunni, **K&S** 29:39–40.

Ég varð fyrir alls konar freistingum, **JS — S** 1:28.

Frelsari. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Sá sem frelsar. Jesús Kristur bauð, með friðþægingu sinni, öllu mannkyni endurlausn og sálhjálp. *Frelsari* er nafn og titill Jesú Krists.

Drottinn er ljós mitt og fulltingi, **Sálm** 27:1 (2 **Mós** 15:1–2; 2 **Sam** 22:2–3). Ég er

Drottinn, og enginn frelsari er til nema ég, **Jes** 43:11 (**K&S** 76:1).

Hann skaltu láta heita Jesú, því að hann mun frelsa lýð sinn frá syndum þeirra, **Matt** 1:21. Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, **Lúk** 2:11. Svo elskaði Guð heiminn að hinn eingetni sonur kom til að frelsa mennina, **Jóh** 3:16–17. Ekkert annað nafn en Krists getur frelsað mennina, **Post** 4:10–12 (2 **Ne** 25:20; **Mósía** 3:17; 5:8; **K&S** 18:23; **HDP** **Móse** 6:52). Frá himni væntum vér frelsarans, Drottins Jesú Krists, **Fil** 3:20. Faðirinn sendi soninn til að vera frelsari heimsins, **1 Jóh** 4:14.

Drottinn vakti upp Messías, frelsara heimsins, **1 Ne** 10:4. Guðslambið er frelsari heimsins, **1 Ne** 13:40. Þekkingin á frelsara mun breiðast út til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða, **Mósía** 3:20. Kristur hlaut að deyjja til þess að hjálpraðið fengi framgang, **He** 14:15–16.

Réttlættingin og helgunin fyrir náð frelsarans er réttvis og sönn, **K&S** 20:30–31. Ég er Jesús Kristur, frelsari heimsins, **K&S** 43:34.

Minn eingetni er frelsarinn, **HDP** **Móse** 1:6. Allir sem trúa á soninn og iðrast synda sinna munu hólpnir verða, **HDP** **Móse** 5:15.

Frelstákn. *Sjá einnig* Moróni, hershöfðingi

Fáni reistur af Moróni, yfirhershöfðingja herja Nefíta í Mormónsbók. Moróni gjörði fánann til þess að örva Nefítaþjóðina til dáða að verja trú sína, frelsi, frið og fjölskyldur.

Moróni gjörði frelstáknið úr pjötlu úr kirtli sínum, **Al** 46:12–13. Allir þeir sem gengust undir tákníð gjörðu sáttmála, **Al** 46:20–22. Moróni lét hefja tákníð á hverjum turni, **Al** 46:36 (**Al** 51:20).

Friðflytjandi. *Sjá einnig* Friður

Sá sem færir frið eða stuðlar að friði (**Matt** 5:9; 3 **Ne** 12:9). Friðflytjandi getur einnig verið sá sem boðar fagnaðarerindið (**Mósía** 15:11–18).

Friður. *Sjá einnig* Friðflytjandi; Hvíld; Þúsundárárikið

Í ritningunum getur friður táknað annað hvort frelsi frá átökum og öngþveiti eða innri rósemi og huggun sem andi Guðs veitir hinum trúföstu heilögu.

Frelsi frá átökum og öngþveiti: Hann stöðvar styrjaldir, **Sálm** 46:10. Ekki skulu þær temja sér hernað frammar, **Jes** 2:4.

Haldið frið við alla menn, hefnið yðar ekki sjálfir, **Róm** 12:18–21.

Enn ríkti áframhaldandi friður í landinu, **4 Ne** 1:4, 15–20.

Hafnið stríði og boðið frið, **K&S** 98:16. Dragið upp friðartákn, **K&S** 105:39.

Guðs friður meðal þeirra hlýðnu: Nafn hans skal vera Friðarhöfðingi, **Jes** 9:6. Hinum óguðlegu er enginn friður búinn, **Jes** 48:22.

Fjöldi himneskra herskara lofuðu Guð og sögðu: Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu, **Lúk** 2:13–14. Frið læt ég yður eftir, **Jóh** 14:27. Friður Guðs er æðri öllum skilningi, **Fil** 4:7.

Þegnar Benjamíns konungs öðluðust frið við samvisku sína, **Mósía** 4:3. Hve yndislegir eru á fjöllumum fætur þeirra sem boða frið, **Mósía** 15:14–18 (**Jes** 52:7). Alma ákallaði Drottin og hlaut frið, **Al** 38:8. Tekið er við öndum hinna réttlátu í friðarríki, **Al** 40:12.

Veitti ég þér ekki hugarró varðandi þetta, **K&S** 6:23. Gakk í hógværð anda míns og þú munt eiga frið í mér, **K&S** 19:23. Sá sem vinnur réttlætisverk hlýtur frið, **K&S** 59:23. Klædist bandi kærleikans, sem er band fullkommunar og friðar, **K&S** 88:125. Sonur minn, friður sé með sál þinni, **K&S** 121:7.

Mér varð ljóst að mín beið meiri friður og ég leitaði blessana feðranna, **Abr** 1:2.

Friðþægja, friðþægning. *Sjá einnig* Blóð; Börn Krists; Endurlausnaráætlanin; Endurleysa, endurlestur, endurlausn; Fall Adams og Evu; Fórn; Fyrirgefna; Fyrirgefning synda; Getsemane; Iðrast, iðrun; Jesús Kristur; Kross; Krossfesting; Lausn frá synd; Miskunnssamur,

miskunnsemi; Náð; Ódauðlegur, ódauðleiki; Réttlætning, réttlæta; Sakramenti; Sáluhjálpar, hjálpræði; Synir og dætur Guðs; Upprisa

Að sætta manninn við Guð.

Eins og orðið er notað í ritningunum er friðþægning að þola refsingu fyrir syndsamlegt athæfi og leysa þannig iðrandi syndara undan afleiðingu syndarinnar og sætta hann við Guð. Jesús Kristur var hinn eini sem gat gjört fullkonna friðþægningu fyrir allt mannkyn. Það gat hann gjört vegna vals hans og forvígslu á Stórþingi himins fyrir grundvöllun veraldar (**Et** 3:14; **HDP** Móse 4:1–2; **Abr** 3:27), guðlegs sonareðlis síns og syndlauss lífs. Friðþægning hans fól í sér þjáningu hans fyrir syndir mannkyns, úthellingu blóðs hans, dauða hans og síðan upprisu úr gröfinni (**Jes** 53:3–12; **Lúk** 22:44; **Mósía** 3:5–11; **Al** 7:10–13; **K&S** 19:16–19). Vegna friðþægningarinnar munu allir rísa upp frá dauðum í ódauðlegum líkama (**1 Kor** 15:22). Friðþægningin gerir okkur einnig mögulegt að fá fyrirgefningu syndanna og búa með Guði í eilífðinni. En sá sem náð hefur ábyrgðaraldri og meðtekið lögmálið fær einungis notið þessara blessana, ef hann á trú á Jesú Krist, iðrast synda sinna, meðtekur helgiathafnir sáluhjálpar og heldur boðorð Guðs. Þeir sem ekki ná ábyrgðaraldri og þeir sem eru á lögmálsins eru endurlestir fyrir friðþægninguna (**Mósía** 15:24–25; **Moró** 8:22). Ritningarnar kenna ljóslega, að ef Kristur hefði ekki friðþægt fyrir syndir okkar, gæti ekkert lögmál, engin helgiathöfn eða fórn uppfyllt kröfur réttlætisins og maðurinn gæti aldrei komist aftur í návist Guðs (**2 Ne** 2; 9).

Þetta er blóð mitt, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda, **Matt** 26:28. Sviti hans varð eins og blóðdropar, **Lúk** 22:39–44. Hold mitt mun ég gefa heiminum til lífs, **Jóh** 6:51. Ég er upprisan og lífið, **Jóh** 11:25. Jesús gjörðist öllum þeim sem honum hlýða höfundur eilífs hjálpræðis, **Hebr** 5:9. Vér erum helgaðir

Frjáls, frelsi

með úthellingu blóðs Krists, **Hebr** 9; 10:1–10. Kristur dó í eitt skipti fyrir öll fyrir syndir, **1 Pét** 3:18. Blóð Jesú Krists hreinsar oss af allri synd, **1 Jóh** 1:7.

Honum var lyft upp á krossinum og hann var deyddur fyrir syndir heimsins, **1 Ne** 11:32–33. Endurlausn öðlast þeir sem hafa sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, **2 Ne** 2:3–10, 25–27. Hann færði sjálfan sig fram sem fórn fyrir syndina, **2 Ne** 2:7. Friðþægingin leysir menn undan fallinu og frelsar þá frá dauða og víti, **2 Ne** 9:5–24. Það hlýtur að vera algjör friðþæging, **2 Ne** 9:7. Leitið sátta Guðs fyrir friðþægingu Krists, **Jakob** 4:11. Blóð hans friðþægir fyrir syndir þeirra sem syndgað hafa óafvitandi, **Mósía** 3:11–18. Maðurinn öðlaðist sáluhjálp fyrir friðþæginguna, **Mósía** 4:6–8. Kæmi ekki friðþægingin til mundu þeir óhjákvæmilega farast, **Mósía** 13:27–32. Hann mun friðþægja fyrir syndir heimsins, **Al** 34:8–16. Guð friðþægði sjálfur fyrir syndir heimsins til þess að miskunnaráætlunin næði fram að ganga, **Al** 42:11–30. Ég er Guð allrar jarðarinnar og hef verið deyddur fyrir syndir heimsins, **3 Ne** 11:14.

Ég, Guð, hef þolað þetta fyrir alla, **K&S** 19:16. Lítil börn eru endurleyst fyrir minn eingetna, **K&S** 29:46–47. Sjá þjáningar og dauða hans, sem enga synd drýgði, **K&S** 45:3–5.

Þetta er í líkingu fórnar hins eingetna, **HDP Móse** 5:7. Fyrir friðþægingu Krists geta allir menn orðið hólpnir, **TA** 1:3.

Frjáls, frelsi. *Sjá einnig* Ánauð; Lýðfrelsi; Sjálfraði

Hæfni eða geta til þess að taka persónulegar ákvarðanir án þvingunar. Í andlegum skilningi, er sá sem iðrast og fer að vilja Guðs laus við fjöttra syndar vegna friðþægingar Jesú Krists (**Mósía** 5:8).

Sannleikurinn mun gjöra yður frjálsa, **Jóh** 8:32. Þeir sem eru leystir frá syndinni hljóta eilíft líf, **Róm** 6:19–23.

Réttlát grein Ísraelsættar mun færð úr fjöttrum til frelsis, **2 Ne** 3:5. Þeir ákölлуðu

Drottin fyrir frelsi sínu, **Al** 43:48–50. Moróni gladdist yfir frelsi lands síns, **Al** 48:11. Andi Guðs er andi frelsis, **Al** 61:15.

Fylgið mér og þið munuð verða frjáls þjóð, **K&S** 38:22.

Frumburðarréttur. *Sjá einnig* Frumburður; Sáttmáli

Réttur til arfs sem heyrir til frumgetnum syni. Í víðtækum skilningi felur frumburðarréttur í sér sérhvern og allan rétt eða arf sem færast yfir á þann er fæðist inn í fjölskyldu eða samfélag.

Sel mér fyrst frumburðarrétt þinn, **1 Mós** 25:29–34 (1 Mós 27:36). Hinum frumgetna var skipað til sætis eftir frumburðarrétti hans, **1 Mós** 43:33. Hann setti Efraím framar Manasse, **1 Mós** 48:14–20 (Jer 31:9). Frumgetningsréttinn fékk Jósef, **1 Kro** 5:2.

Esau seldi frumburðarrétt sinn, **Hebr** 12:16.

Þér eruð lögerfingjar, **K&S** 86:9. Sion hefur erfðarétt á prestdæminu, **K&S** 113:8 (Abr 2:9–11).

Frumburður. *Sjá einnig*

Frumburðarréttur; Jesús Kristur

Á tímum hinna fornu patriarka eða ættfeðra hlaut frumgetinn sonur frumburðarréttinn (1 Mós 43:33) og hlaut þannig að erfðum leiðtogastarf fjölskyldunnar að föður sínum látnum. Frumburðurinn varð að vera verðugur að taka á sig þá ábyrgð (1 Kro 5:1–2) og gat misst frumburðarrétt sinn vegna óréttlætis.

Undir Móselögum var frumburðurinn talinn tilheyra Guði. Frumburðurinn hlaut tvöfaldan hluta af eignum föður síns (5 Mós 21:17). Að föður sínum látnum bar hann ábyrgð á móður sinni og systur.

Karlkyns frumburður meðal dýra tilheyrði einnig Guði. Hrein dýr voru notuð til fórna, en leysa mátti út óhrein dýr, selja þau eða farga (2 Mós 13:2, 11–13; 34:19–20; 3 Mós 27:11–13, 26–27).

Frumburðurinn var tákn um Jesús Krist og jarðneska þjónustu hans og minnti þjóðina á að hinn mikli Messias mundi koma (**HDP Móse** 5:4–8; 6:63).

Jesús var frumburðurinn meðal

andabarna okkar himneska föður, hinn eingetni föðurins í holdinu og fyrstur til að rísa upp frá dauðum í upprisunni (Kól 1:13–18). Trúfastir heilagir tilheyra kirkju frumburðarins í eilífðinni (K&S 93:21–22).

Frumgetning sona þinna skalt þú mér gefa, **2 Mós** 22:29. Ég helgaði mér alla frumburði í Ísrael, **4 Mós** 3:13.

Hann gæti verið frumburður meðal margra bræðra, **Róm** 8:29. Hann leiðir hinn frumgetna inn í heimsbyggðina, **Hebr** 1:6.

Þetta eru þeir sem eru kirkja frumburðarins, **K&S** 76:54, 94.

Það var veitt mér af feðrunum, já réttur frumburðarins, **Ab** 1:3.

Frumgróður

Fyrsta afurð uppskerutímans. Á tíma Gamla testamentis var henni fórnað Drottni (3 Mós 23:9–20). Jesús Kristur var fyrsta uppskeran fyrir Guði. Á þann hátt að hann var fyrstur til að rísa upp. (1 Kor 15:20, 23; 2 Ne 2:9) Þeir sem meðtaka fagnaðarerindið og eru trúfastir allt til enda eru á táknrænan hátt frumgróður, þar sem þeir tilheyra Guði.

Þeir sem fylgja lambinu hvert sem það fer eru frumgróðinn handa Guði, **Op** 14:4.

Þeir sem fyrstir stíga niður með Kristi eru frumgróðurinn, **K&S** 88:98.

Frumreglur fagnaðarerindisins. Sjá

Átrúnaður; Heilagur andi; Iðrast, iðrun; Skírn, skíra

Fræðimaður

Í Gamla og Nýja testamenti er dálítill munur á þessu hugtaki: (1) Í Gamla testamenti var aðalábyrgðarstarf fræðimannsins að afrita ritningarnar (Jer 8:8). (2) Fræðimanna er oft getið í Nýja testamentinu og eru stundum nefndir lögvitringar og lærifeður. Þeir þróuðu lögin í smáatriðum og aðlöguðu aðstæðum samtíðar sinnar (Matt 13:52; Mark 2:16–17; 11:17–18; Lúk 11:44–53; 20:46–47).

Fullkominn

Algjör, heill og fullþroska; algerlega réttlátur. Fullkominn getur einnig merkt án syndar eða illsku. Kristur einn var algerlega fullkominn. Sannir fylgjendur Krists geta orðið fullkomnir fyrir náð hans og friðþægingu.

Hjörtu yðar séu heil og óskipt gagnvart Drottni, **1 Kon** 8:61.

Verið því fullkomnir eins og faðir yðar á himnum, **Matt** 5:48 (3 Ne 12:48). Hrási einhver maður ekki í orði, þá er hann maður fullkominn, **Jakbr** 3:2.

Trú er ekki fullkomin þekking á hlutum, **Al** 32:21, 26. Friðþægingin var gjörð svo að Guð gæti verið fullkominn Guð, **Al** 42:15. Moróni var maður með fullkomna skynsemi, **Al** 48:11–13, 17–18. Andi Krists er gefinn hverjum manni, svo að hann geti vitað með fullkominni vissu hvort eitthvað er frá Guði eða djöflinum, **Moró** 7:15–17. Komið til Krists, fullkomnist í honum, **Moró** 10:32.

Haldið áfram í þolinmæði, þar til þér eruð fullkomnaðir, **K&S** 67:13. Þetta eru þeir, sem eru réttvísir menn, fullkomnir gjörðir fyrir Jesú, **K&S** 76:69. Embættin í kirkjunni eru til fullkomnunar hinum heilögu, **K&S** 124:143 (Ef 4:11–13). Hinir lifandi eru ekki fullkomnir án sinna dánar, **K&S** 128:15, 18.

Nói var maður fullkominn í kynslóð sinni, **HDP Móse** 8:27.

Fyrirgefa. Sjá einnig Friðþægja, friðþæging; Fyrirgefning synda; Iðrast, iðrun; Játa, játning

Í ritningunum táknar að fyrirgefa almennt eitt af tvennu: (1) Þegar Guð fyrirgefur mönnum, afturkallar hann eða leggur til hliðar refsinguna sem syndin útheimtir. Fyrir friðþægingu Krists stendur fyrirgefning synda öllum til boða sem iðrast, nema þeim sem sekir eru um morð eða hina ófyrirgefanlegu synd gegn heilögum anda. (2) Þegar fólk fyrirgefur hvert öðru, kemur það fram af kristilegum kærleika og erfir ekki misgjörðir þeirra sem brotið hafa gegn

Fyrirgefning synda

þeim (Matt 5:43–45; 6:12–15; Lúk 17:3–4; 1 Ne 7:19–21).

Drottinn er þolinmóður og gæskuríkur, fyrirgefur misgjörðir og afbrot, **4 Mós** 14:18. Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll, **Jes** 1:18.

Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum, **Matt** 6:12 (Lúk 11:4; 3 Ne 13:11). Mannsonurinn hefur vald til að fyrirgefa syndir, **Matt** 9:6 (Matt 18:35; Mark 2:10; Lúk 5:20–24). Hversu oft má bróðir minn misgjöra við mig að ég fyrirgefi honum, **Matt** 18:21–22 (K&S 98:40). Sá sem lastmælir gegn heilögum anda, fær eigi fyrirgefningu um aldur, **Mark** 3:29 (Al 39:6). Ef bróðir þinn syndgar gegn þér og iðrast, fyrirgef honum, **Lúk** 17:3. Faðir fyrirgef þeim, því þeir vita ekki, hvað þeir gjöra, **Lúk** 23:34.

Biðjið um fyrirgefningu, **1 Ne** 7:21. Beit þannig friðþægingarblóði Krists, að vér megum hljóta fyrirgefningu synda vorra, **Mósía** 4:2. Játi hann syndir sínar fyrir þér og mér og iðrist, skalt þú fyrirgefa honum, **Mósía** 26:29–31.

Þeim sem iðrast og hlýðir boðorðunum verður fyrirgefið, **K&S** 1:32. Beit þú sigð þinni og syndir þínar eru þér fyrirgefna, **K&S** 31:5 (K&S 84:61). Þeim sem iðrast synda sinna er fyrirgefið, og ég, Drottinn, man þær ekki lengur, **K&S** 58:42. Ég mun fyrirgefa þeim, sem ég vil fyrirgefa, en af yður er krafist, að þér fyrirgefið öllum mönnum, **K&S** 64:10. Þar sem þér hafið fyrirgefið hver öðrum misgjörðir yðar, mun ég, Drottinn, fyrirgefa yður, **K&S** 82:1. Þá sem ég elska aga ég einnig, svo að syndir þeirra verði fyrirgefna, **K&S** 95:1.

Ég hef fyrirgefið þér brot þitt, **HDP Móse** 6:53.

Fyrirgefning synda. *Sjá einnig*

Friðþægja, friðþæging; Fyrirgefa; Iðrast, iðrun; Jesús Kristur

Fyrirgefning misgjörða á forsendum iðrunar. Fyrirgefning synda er möguleg vegna friðþægingar Jesú Krists.

Maðurinn öðlast fyrirgefningu synda sinna ef hann trúir á Krist, iðrast synda sinna, meðtekur helgiathafnir skírnar og handayfirlagningar til veitingar á gjöf heilags anda og heldur boðorð Guðs (TA 1:3–4).

Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll, **Jes** 1:16–18.

Þetta er blóð mitt, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda, **Matt** 26:28 (Hebr 9:22–28; K&S 27:2). Gjörðið iðrun og látið skírast til fyrirgefningar synda yðar, **Post** 2:38 (Lúk 3:3; K&S 107:20). Hver sem á Jesú trúir fær fyrirgefningu synda, **Post** 10:43 (Mósía 3:13).

Kristur er uppspretta fyrirgefningar syndanna, **2 Ne** 25:26. Til þess að fyrirgefning synda okkar haldist, verðum við að annast fátæka og nauðstadda, **Mósía** 4:11–12, 26. Hver sem iðrast mun eiga kröfu til miskunnar, til fyrirgefningar synda sinna, **Al** 12:34. Uppfylling boðorðanna leiðir til fyrirgefningar syndanna, **Moró** 8:25.

Aronsprestdæmið hefur lykla að niðurdfingarskírn til fyrirgefningar synda, **K&S** 13 (K&S 84:64, 74; TA 1:4). Ég, Drottinn, man þær (syndirnar) ekki lengur, **K&S** 58:42–43 (Esek 18:21–22). Þeim var kennd staðgengilsskírn til fyrirgefningar syndanna, **K&S** 138:33.

Fyrirheitið land

Lönd sem Drottinn heitir trúföstum fylgjendum að erfðum og oft einnig afkomendum þeirra. Mörg lönd eru fyrirheitin. Víðast í Mormónsbók er Ameríka (norður og suður) landið fyrirheitna sem rætt er um.

Niðjum þínum vil ég gefa þetta land, **1 Mós** 12:7 (Abr 2:19). Ég mun gefa þér og niðjum þínum Kanaanland, **1 Mós** 17:8 (1 Mós 28:13). Móse tilgreindi landamæri Ísraels í Kanaanlandi, **4 Mós** 34:1–12 (4 Mós 27:12).

Þið munuð leiddir til fyrirheitins lands, **1 Ne** 2:20 (1 Ne 5:5). Hina réttlátu leiddi hann burtu inn í dýrmæt lönd, **1 Ne** 17:38. Ef niðjar Lehis halda

boðorð Guðs mun þeim vegna vel í fyrirheitna landinu, **2 Ne** 1:5–9. Ísrael mun hverfa aftur til sinna fyrirheitnu landa, **2 Ne** 24:1–2 (Jes 14:1–2). Hver sú þjóð sem eignast þetta fyrirheitna land skal þjóna Guði, ella verði henni eytt, **Et** 2:9–12.

Þetta er fyrirheitna landið og borgarstæði Síonar, **K&S** 57:2. Júda megi fara að snúa aftur til landa Abrahams, **K&S** 109:64.

Nýja Jerúsalem verður reist á meginlandi Ameríku, **TA** 1:10.

Fyrirlíta. *Sjá* Hata, hatur

Fyrirmynd

Fordæmi sem menn geta fylgt til þess að ná ákveðnum árangri. Í ritningunum þýðir *fyrirmynd* venjulega forskrift, annað hvort að ákveðnum lífsmáta eða til að byggja eitthvað.

Drottinn bauð Ísrael að gjöra tjaldbúð í samræmi við fyrirmynd sem sýnd var Móse, **2 Mós** 25. Davíð fékk Salómon fyrirmynd að musterisbyggingunni, **1 Kro** 28:11–13.

Á mér fyrstum sýndi Kristur gjörvallt langlyndi sitt, þeim til dæmis sem trúa skyldu á hann, **1 Tím** 1:16.

Ég mun gefa yður forskrift að öllu, svo að þér látið eigi blekkjast, **K&S** 52:14.

Fyrsta sýnin. *Sjá einnig* Endurreisn fagnaðarerindisins; Joseph Smith yngri

Birting Guðs föður og sonar hans Jesú Krists í sýn Josephs Smith í trjálundinum.

Vorið 1820 var Joseph Smith yngri á fimmtánda ári. Hann bjó hjá fjölskyldu sinni í bænum Palmyra í New York fylki. Skammt vestan við bæ fjölskyldunnar var lundur hávaxinna trjáa. Þangað fór Joseph til þess að spyrja Guð í bæn hver væri hin rétta kirkja. Við lestur í Biblíunni fann hann sterklega að hann yrði að leita svars við því hjá Guði (Jakbr 1:5–6). Sem svar við bæn hans birtust faðirinn og sonurinn honum og sögðu honum að ganga ekki í neina kirkju á jörðu á þeim tíma, því þær væru allar rangar

(JS — S 1:15–20). Þessi helga reynsla varð upphaf atburða sem leiddu til endurreisnar fagnaðarerindisins og hinnar sönnu kirkju Krists.

Fýsn. *Sjá* Losti

Fögnuður. *Sjá* Gleði

Gabriel. *Sjá einnig* Englar; María, móðir Jesú; Nói, patriarki í Biblíunni

Engill sendur Daníel (Dan 8:16; 9:21), Sakaríá (Lúk 1:11–19; K&S 27:7), Maríu (Lúk 1:26–38), og öðrum (K&S 128:21). Spámaðurinn Joseph Smith benti á að Gabríel væri spámaðurinn Nói í Gamla testamentinu.

Gadíanton ræningjarnir. *Sjá einnig* Leynisamtök, samsæri

Í Mormónsbók, ræningjaflokkur stofnaður af siðspilltum Nefíta, Gadíanton að nafni. Flokkur þeirra byggði á leynd og satanískum heitstrengingum.

Gadíanton olli tortímingu Nefítaþjóðarinnar, **He** 2:12–13. Djöfullinn gaf Gadíanton leynileg heit og sáttmála, **He** 6:16–32. Leynisamtök ollu tortímingu Jaredítaþjóðarinnar, **Et** 8:15–26.

Gað spámaður. *Sjá einnig*

Ritningar — Glataðar ritningar

Spámaður og trúfastur vinur Davíðs í Gamla testamentinu (1 Sam 22:5; 2 Sam 24:11–19). Hann reit bók um gjörðir Davíðs, en sú ritning hefur glatast (1 Kro 29:29).

Gað, sonur Jakobs. *Sjá einnig* Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, sonur Jakobs og Silpu (1 Mós 30:10–11). Niðjar hans urðu ættkvísl í Ísrael.

Ættkvísl Gaðs: Varðandi blessun Jakobs til sonar síns, Gaðs, sjá 1. Mósebók 49:19. Varðandi blessun Móse yfir ættkvísl Gaðs, sjá 5. Mósebók 33:20–21. Samkvæmt þessum blessunum skyldu afkomendur Gaðs verða herskár

kynflokkur. Landið sem þeim var út-
hlutað í Kanaanlandi var austan Jórd-
anárinnar og var gott haglendi auðugt
af vatni.

Galatabréfið. Sjá einnig Bréf Páls postula; Páll

Bók í Nýja testamentinu. Upphaf-
lega var hún bréf sem Páll postuli ritaði
hinum heilögu sem bjuggu í Galatíu.
Þema þessa bréfs er að raunverulegt
frelsi fáist aðeins með því að lifa fagn-
aðarerindi Jesú Krists. Ef hinir heilögu
tækju upp kenningar kristinna af gyð-
inglegum uppruna, sem lögðu áherslu
á að fara eftir Mósélögmálinu, myndu
þeir takmarka eða eyðileggja það frelsi
sem þeir höfðu fundið í Kristi. Í bréfinu
stýður Páll postuladóm sinn rökum, út-
skýrði kenninguna um réttlæti fyrir trú,
og staðfesti gildi andlegrar trúar.

Í kapitulum 1 og 2, harmar Páll fregnir
af fráhrarfi meðal Galatamanna og
skýrði stöðu sína meðal postulanna.
Kapítular 3 og 4 ræða kenninguna um
trú og verk. Kapítular 5 og 6 geyma
prédikun um raunhæfan árangur af
trúarkenningunni.

Galílea

Til forna og nú, nyrsta hérað Ísraels
vestan Jórdan árinna og Galíleuvatns.
Galílea er um níutíu og sjö kílómetra
löng og fjórutíu og átta kílómetra breið.
Í fornöld voru þar sum bestu landssvæðin
og líflegustu bæirnir í Ísrael. Mikilvægir
vegir til Damaskus, Egyptalands og
austurhluta Ísraels lágu um Galíleu. Gott
loftslag og frjósamur jarðvegur gáfu
ríkulega uppskeru olífa, hveitis, byggs
og vínberja. Fiskveiðar í Galíleuvatni
voru undirstaða mikils útflutnings og
mikil auðsuppspretta. Frelsarinn dvaldi
mikið í Galíleu.

Mikið ljós kviknar í Galíleu, **Jes** 9:1–3
(2 Ne 19:1–3).

Jesús fór um alla Galíleu, prédikaði,
kenndi og læknaði, **Matt** 4:23. Eftir að
Jesús var upprisinn, birtist hann í Galí-
leu, **Mark** 14:28 (Jóh 21:1–14). Frægð Jesú

barst um Galíleu, **Lúk** 4:14. Jesús hóf
kraftaverk sín í Kana í Galíleu, **Jóh** 2:11.

Galíleuvatn: Galíleuvatn er í norður-
hluta Ísraels. Það var einnig nefnt Kinn-
eretvatn í Gamla testamentinu (eldri
þýðing) og Genesaretvatn eða Tíberías
í Nýja testamentinu. Jesús flutti nokkrar
prédikanir þar (**Matt** 13:2). Vatnið er
perulaga, 20 kílómetra langt og 12 kíló-
metra breitt þar sem það er breiðast. Það
liggur 207 metrum undir sjávarmáli og
er þar því oft mjög mikill lofthiti. Kalt
loft streymir niður frá hæðunum og skil
heita og kalda loftsins valda oft stormum
á vatninu (**Lúk** 8:22–24).

Gamalíel. Sjá einnig Farísear

Farísei, kunnur í Nýja testamenti, sem
þekkti og kenndi lögmál Gyðinga. Páll
postuli var einn nemenda hans (**Post**
22:3). Hann var mjög áhrifamikill í Ráð-
inu, (**Post** 5:34–40).

Gamla testamentið. Sjá einnig Biblíá; Mósebækurnar; Ritningar

Rit fornra spámanna sem unnu verk
sín undir áhrifum heilags anda og
vitnuðu öldum saman um Jesú Krist
og væntanlega þjónustu hans. Þar er
einnig skráð saga Abrahams og afkom-
enda hans er upphafst með Abraham og
sáttmála þeim eða *testamenti* er Drottinn
gjörði við Abraham og afkomendur
hans.

Fyrstu fimm bækur Gamla testamentis
voru ritaðar af Móse. Þær eru Genesis,
Exodus, Leviticus, Numeri og Devter-
onomium eða í sömu röð 1. til 5. Móse-
bók. Genesis, eða 1. Mósebók fjallar um
uppruna jarðar, mannkyn, tungumál,
kynstofna og upphaf Ísraelsættar.

Sagnabækurnar segja frá atburðum úr
sögu Ísraels. Þær eru Jósúabók, Dómara-
bók, Rutarbók, 1. og 2. Samúelsbók, 1. og
2. Konungabók, 1. og 2. Kroníkubók,
Esrabók, Nehemíabók og Esterarbók.

Ljódænu bækurnar hafa að geyma
nokkuð af visku og bókmenntum spá-
mannanna. Þær eru Jobsbók, Sálmarin,
Orðskviðirnir, Prédikarinn, Ljódaljóðin
og Harmaljóðin.

Spámennirnir voruðu Ísrael við synd-ugu lífurni og vitnuðu um blessanir þær sem hlýðni fylgja. Þeir spáðu fyrir um komu Krists, sem mundi friðþægja fyrir syndir þeirra sem iðrast, meðtaka helgiathafnir og lifa eftir fagnaðarerindinu. Spámannaritin eru Jesaja, Jeremía, Esekíel, Daníel, Hósea, Jóel, Amos, Óbadía, Jónas, Míka, Nahúm, Habakkuk, Sefanía, Haggái, Sakaríá og Malakí.

Flestar bækur Gamla testamentis voru ritaðar á hebresku. Skylt mál, arameíska, finnst í nokkrum ritanna.

Ganga, ganga með Guði. *Sjá einnig* Hlýðni, hlýðinn, hlýða; Réttlátur, réttlæti; Vegur

Að vera samhljóma kenningu Guðs og lifa eins og Guð vill að menn lifi; að vera móttækilegur og hlýðinn áminningum heilags anda.

Ég reyni það, hvort það vill breyta eftir mínu lögmáli eða ekki, **2 Mós** 16:4. Hann synjar þeim engra gæða, er ganga í grandvarleik, **Sálm** 84:12. Þeir sem varðveita setninga mína og helgiathafnir skulu vera mín þjóð, **Esek** 11:20–21 (5 Mós 8:6). Hvað heimtar Drottinn annað af þér en að ganga í lítillæti fyrir Guði þínu, **Míka** 6:8 (K&S 11:12).

Gakk í ljósinu, eins og Guð er í ljósinu, **1 Jóh** 1:7 (2 Jóh 1:6; 3 Jóh 1:4; 4 Ne 1:12).

Gakk hinn krappa veg sem liggur til lífsins, **2 Ne** 33:9. Benjamín konungur gekk með hreinni samvisku frammi fyrir Guði, **Mósía** 2:27. Skylda yðar er að ganga ólastanlegir og fylgja helgri reglu Guðs, **Al** 7:22.

Meðlimirnir skulu ástunda guðlega göngu og tal, **K&S** 20:69. Gefið gaum að spámanninum og gangið í fullum heilagleika frammi fyrir Guði, **K&S** 21:4. Kennið börnum að biðja og ganga grandvör frammi fyrir Drottni, **K&S** 68:28.

Ver þú í mér og ég í þér. Gakk þess vegna með mér, **HDP Móse** 6:34.

Genesis (Fyrsta Mósebók). *Sjá einnig* Mósebækurnar

Fyrsta bók Móse (Genesis) er fyrsta bók Gamla testamentis og rituð af

spámanninum Móse. Hún greinir frá margs konar upphafi, svo sem sköpun jarðar, upphafi dýra og manna á jörðu, falli Adams og Evu, opinberun fagnaðarerindisins til Adams, upphafi ættbálka og kynstofna, uppruna margra tungumála við Babel og upphafi fjölskyldu Abrahams sem leiddi til stofnunar ættar Ísraels. Lögð er áhersla á hlutverk Jósefs sem verndara Ísraels í (fyrstu bók Móse) Genesis.

Síðari daga opinberanir staðfesta og skýra frásögu Genesis (1 Ne 5; Eter 1; HDP Móse 1–8; Abr 1–5).

Kapítular 1 til 4 í Genesis segja frá sköpun heimsins og tilkomu fjölskyldu Adams. Kapítular 5–10 segja sögu Nóa. Kapítular 11–20 segja frá Abraham og fjölskyldu hans fram að tíma Ísaks. Kapítular 21–35 fylgja eftir fjölskyldu Ísaks. Kapítuli 36 segir frá Esau og fjölskyldu hans. Kapítular 37–50 segja af fjölskyldu Jakobs og greina frá því er Jósef var seldur til Egyptalands og hlutverki hans til bjargar Ísraelsætt.

Getinn. *Sjá einnig* Börn Krists; Eingetinn; Endurfæddur, fæddur af Guði; Synir og dætur Guðs

Að vera fæddur. Að geta er að gefa af sér, auka kyn sitt, kalla fram. Í ritningunum tákna þessi orð oft að vera fæddur af Guði. Þótt Jesús Kristur sé eina barnið getið af föðurnum í jarðlífi, geta allir orðið andlega getnir af Kristi með því að meðtaka hann, hlýða boðorðum hans, og verða nýjar manneskjur fyrir kraft heilags anda.

Í dag gat ég þig, **Sálm** 2:7 (Post 13:33; Hebr 1:5–6; 5:5).

Dýrð hans var sú, sem sonurinn eini á frá föðurnum, **Jóh** 1:14 (2 Ne 25:12; Al 12:33–34; K&S 76:23). Því að svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, **Jóh** 3:16 (K&S 20:21).

Kristur hefur andlega getið fólk sitt, **Mósía** 5:7.

Þeir sem fæðast af Drottni eru kirkja frumburðarins, **K&S** 93:22.

Getnaðarvarnir

Getnaðarvarnir. *Sjá einnig* Fjölskylda; Giftast

Takmörkun fjölda barna foreldra með því að takmarka eða koma í veg fyrir getnað.

Verið frjósöm, margfaldist og uppfyllið jörðina, **1 MóS** 1:28 (HDP Móse 2:28). Börn eru gjöf frá Drottini, **Sálm** 127:3–5.

Fjölskylda Lehis átti að ala upp niðja fyrir Drottin, **1 Ne** 7:1.

Guð hefur vígt hjónabandið mannum til handa, **K&S** 49:15–17. Hinir upphöfnu munu öðlast fyllingu og áframhald niðjanna alltaf og að eilífu, **K&S** 132:19, 63.

Getsemane. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþægning; Olíufjallið

Garður sem segir frá í Nýja testamenti og sagður nálægt Olíufjallinu. Á aramísku þýðir orðið *getsemane* „olíufupressa.“ Jesús fór í garðinn kvöldið sem Júdas sveik hann. Þar baðst hann fyrir og þjáðist í Getsemane fyrir syndir mannkyns (Matt 26:36, 39; Mark 14:32; Jóh 18:1; Al 21:9; K&S 19:15–19).

Giftast. *Sjá einnig* Fjölskylda; Skilnaður

Lögmætur sáttmáli eða samningur milli karls og konu er tengir þau saman sem hjón. Guð vígði hjónabandið (K&S 49:15).

Eigi er það gott, að maðurinn sé einsamall, **1 MóS** 2:18 (HDP Móse 3:18). Maðurinn býr við eiginkonu sína, svo að þau verði eitt hold, **1 MóS** 2:24 (Matt 19:5; Abr 5:18).

Það sem Guð hefur tengt saman, má maður eigi sundur skilja, **Matt** 19:6 (Mark 10:9). Á síðari tímum munu sumir ganga af trúnni. Það er þeir sem meina hjúskap, **1 Tím** 4:1–3. Hjúskapurinn sé í heiðri hafður, **Hebr** 13:4.

Drottinn bauð sonum Lehis að ganga að eiga dætur Ísmaels, **1 Ne** 7:1, 5 (1 Ne 16:7–8).

Guð skapaði Adam og Evu að þau yrðu hjón, **HDP Móse** 3:7, 18, 21–25.

Nýr og ævarandi hjónabandssáttmáli:

Giftung framkvæmd undir lögmáli fagnaðarerindisins og prestdæmisins er fyrir jarðneskt líf og fyrir eilífðina. Verðugir karlar og konur þannig innsigluð í must-erishjónabandi geta haldið áfram sem hjón í eilífðinni.

Jesús kenndi lögmál hjónabandsins, **Lúk** 20:27–36. Þó er hvorki konan óháð manningnum né maðurinn konunni í samfélaginu við Drottin, **1 Kor** 11:11. Hjónin eru samerfingjar náðar og lífs, **1 Pét** 3:7.

Hvað sem þú bindur á jörðu skal bundið vera á himni, **He** 10:7 (Matt 16:19).

Til þess að ná æðsta stigi himneska ríkisins verður maðurinn að gjöra hinn nýja og ævarandi hjónabandssáttmála, **K&S** 131:1–4. Ef maðurinn kvænist hvorki af mér né eftir mínu orði er sáttmáli þeirra og hjónaband ekki bindandi, þegar þau eru látin, **K&S** 132:15. Kvænist maður eftir mínu orði og eftir hinum nýja og ævarandi sáttmála og hann er innsiglaður þeim með heilögum anda fyrirheitsins, skal það í fullu gildi, þegar þau eru farin úr heiminum, **K&S** 132:19.

Trúblendihjónaband: Hjónaband karls og konu með mismunandi trú og trúarsíði.

Þú skalt ekki taka syni mínum til handa konu af dætrum Kanaaníta, **1 MóS** 24:3. Ef Jakob tæki sér konu meðal Hets dætra, hví skyldi ég þá lengur lifa, **1 MóS** 27:46 (1 MóS 28:1–2). Ísrael skal ekki mægjast Kanaanítum, **5 MóS** 7:3–4. Ísrael tengdist Kanaanítum með giftungum, dýrkaði falguguði og hlaut bölvun fyrir, **Dóm** 3:1–8. Eiginkonur Salómons sneru hjarta hans að falguguðadýrkun, **1 Kon** 11:1–6. Að vér skyldum ekki gifta dætur vorar hinum heiðnu íbúum landsins, né heldur taka dætur þeirra sonum vorum til handa, **Nehem** 10:30.

Gangið ekki undir ósamkynja ok með vantrúuðum, **2 Kor** 6:14.

Drottinn merkti Lamanítana svo að Nefítar blönduðust þeim ekki og tryðu á rangar arfsagnir, **Al** 3:6–10.

Ef maðurinn kvænist hvorki af mér né eftir mínu orði er sáttmáli þeirra og

hjónaband ekki bindandi, þegar þau eru látin, **K&S** 132:15.

Synir mannanna tóku sér konur að vild sinni, **HDP Móse** 8:13–15.

Fjölkvæni: Hjónaband manns og tveggja eða fleiri lifandi eiginkvenna. Lögmaett er manni að eiga aðeins eina konu, nema Drottinn bjóði annað með opinberun (Jakob 2:27–30). Fyrir opinberun átti fjölkvæni sér stað á tíma Gamla testamentis og við upphaf hinnar endurreistu kirkju eftir fyrirmaelum spámannsins sem hafði lykka prestdæmisins (K&S 132:34–40, 45). Það viðgengst ekki lengur í kirkjunni (OY 1); á okkar dögum er fjölkvæni ósamrýmanlegt aðild að Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Saraí gaf manni sínum, Abram, Hagar fyrir eiginkonu, **1 Mós** 16:1–11. Jakob fékk Leu og Rakel og ambáttir þeirra fyrir eiginkonur, **1 Mós** 29:21–28 (1 Mós 30:4, 9, 26). Taki maður sér aðra konu skal hann ekki minnka við fyrstu konu sína í eignum, **2 Mós** 21:10. Davíð fór með konum sínum tveim til Hebron, **2 Sam** 2:1–2.

Abraham, Ísák og Jakob gjörðu ekkert utan þau þeim var boðið að gjöra, er þeir tóku sér fleiri eiginkonur, **K&S** 132:37. Davíð og Salómon syndguðu í engu, nema í því sem þeir meðtóku ekki frá Drottni, **K&S** 132:38–39.

Gídeon (í Gamla testamenti)

Leiðtoginn sem leysti Ísrael undan Mídíanítum (Dóm 6:11–40; 7–8).

Gídeon (í Mormónsbók)

Trúfastur Nefítaleiðtogi.

Var sterkur maður og óvinveittur Nóa konungi, **Mósía** 19:4–8. Ráðgaðist við Limí konung, **Mósía** 20:17–22. Lagði fram áætlun um hvernig losna mætti undan ánaud Lamaníta, **Mósía** 22:3–9. Var drepinn af Nehor, **Al** 1:8–10.

Gjafir andans. Sjá einnig Gjöf, gáfa

Sérstakar andlegar blessanir sem Drottinn veitir verðugum einstaklingum

þeim til gagns og sem nýtast þeim til blessunar öðrum. Lýsingu á gjöfum andans má sjá í K&S 46:11–33; 1 Kor 12:1–12; Moró 10:8–18.

Sækist eftir náðargáfunum, **1 Kor** 12:31 (1 Kor 14:1).

Nefítum voru veittar margar gáfur andans, **Al** 9:21. Vei sé þeim sem segir að Drottinn starfi ekki lengur með gjöfum eða með krafti heilags anda, **3 Ne** 29:6. Guð gefur gjafir hinum trúföstu, **Morm** 9:7. Gjafir þessar öðlast menn fyrir anda Krists, **Moró** 10:17.

Til eru margar gjafir og andi Guðs gefur hverjum manni gjöf, **K&S** 46:11. Kirkjuleiðtogum er veittur kraftur til að greina gjafir andans, **K&S** 46:27. Forseti kirkjunnar hefur allar gjafir sem Guð veitir höfði kirkjunnar, **K&S** 107:91–92.

Gjöf heilags anda. Sjá einnig Gjafir andans; Gjöf, gáfa; Guð, guðdómur; Heilagur andi

Sá er réttur sérhvers verðugs skírðs meðlims kirkjunnar að njóta að staðaldri áhrifa heilags anda. Að aflokinni skírnn mannsins inn í hina sönnu kirkju Jesú Krists, meðtekur hann gjöf heilags anda með handayfirlagningu þess sem rétt vald hefur (Post 8:12–25; Moró 2; K&S 39:23). Veiting á gjöf heilags anda er oft nefnd skírnn með eldi (Matt 3:11; K&S 19:31).

Mönnum er boðið að iðrast, láta skírast og meðtaka gjöf heilags anda, **Post** 2:38. Pétur og Jóhannes veittu gjöf heilags anda með handayfirlagningu, **Post** 8:14–22. Heilagur andi er veittur með handayfirlagningu, **Post** 19:2–6.

Fyrirgefning synda fæst með eldi og með heilögum anda, **2 Ne** 31:17.

Vér trúum á handayfirlagningu til veitingar á gjöf heilags anda, **TA** 1:4.

Gjöf, gáfa. Sjá einnig Gjafir andans; Gjöf heilags anda

Guð gefur mönnum margar blessanir og gjafir.

Gjafir andans eru margvíslegar, **1 Kor** 12:4–10. Sækist eftir náðargjöfunum,

Gjöra

1 Kor 12:31. Sérhver góð gjöf er frá Guði, **Jakbr 1:17.**

Kraftur heilags anda er gjöf Guðs, **1 Ne 10:17.** Þeir sem segja að gjafir séu ekki til, þekkja ekki fagnaðararindi Krists, **Morm 9:7–8.** Allar góðar gjafir koma frá Kristi, **Moró 10:8–18.**

Eilíft líf er mest allra Guðs gjafa, **K&S 14:7 (1 Ne 15:36).** Gjafir eru gefnar þeim sem elska Drottin, **K&S 46:8–11.** Allir hljóta ekki sérhverja gjöf, **K&S 46:11–29.**

Gjöra. *Sjá Hlýðni, hlýðinn, hlýða*

Gleði. *Sjá einnig Hlýðni, hlýðinn, hlýða*

Mikil hamingja sem stafar af réttlátu lífern. Tilgangur jarðlífs er að allir menn megi gleði njóta (2 Ne 2:22–25). Fullkominn fögnuður fæst aðeins með Jesú Kristi (Jóh 15:11; K&S 93:33–34; 101:36).

Þá mun aukast gleði hinna auðmjúku yfir Drottin, **Jes 29:19 (2 Ne 27:30).**

Ég boða yður mikinn fögnuð, **Lúk 2:10.** Enginn tekur fögnuð yðar frá yður, **Jóh 16:22.** Ávöxtur andans er kærleikur, gleði, friður, **Gal 5:22.**

Er ég neytti af ávextinum varð sál mín gagntekin ákaflega miklum fögnuði, **1 Ne 8:12.** Maðurinn lifir svo að hann megi gleði njóta, **2 Ne 2:25.** Gleði hinna réttvísu verður að eilífu fullkomin, **2 Ne 9:18.** Þeir fá dvalið með Guði í óendanlegri sælu, **Mósía 2:41.** Ég vil fórna öllu, sem ég á, til þess að hljóta þessa miklu gleði, **Al 22:15.** Ef til vill verð ég verkfæri í höndum Guðs til að vekja einhverja sál til iðrunar. Í því er gleði mín fólgin, **Al 29:9.** Hvilík gleði, hve undursamlegt ljós ég sá, **Al 36:20.**

Andi minn mun fylla sál þína gleði, **K&S 11:13.** Hversu mikil skal þá gleði yðar verða í ríki föður míns, **K&S 18:15–16.** Í þessum heimi er gleði yðar ekki algjör, en í mér er gleði yðar algjör, **K&S 101:36.**

Í þessu lífi mun ég gleði njóta, **HDP Móse 5:10–11.**

Glötun. *Sjá Glötunarsynirnir*

Glötunarsynirnir. *Sjá einnig Dauði, andlegur; Djöfull; Fordæming; Helja; Ófyrirgefanleg synd*

Fylgjendur Satans sem líða munu með honum í eilífðinni. Til glötunarsona teljast (1) þeir sem fylgdu Satan og vísað var brott af himni fyrir uppreisn í fortílverunni og (2) þeir sem leyft var að fæðast á þessa jörð í jarðneskum líkama en þjónuðu síðan Satan og snerust algjörlega gegn Guði. Þeir sem seinni hópinn fylla munu reistir upp frá dauðum en verða ekki endurleystir frá síðari (andlegum) dauða og geta ekki dvalið í dýrðarríki (K&S 88:32, 35).

Enginn þeirra glataðist nema sonur glötunarinnar, **Jóh 17:12.** Ógerlegt er að endurnýja þá til afturhvarfs, **Hebr 6:4–6 (Hebr 10:26–29).**

Miskunnsemin á engar kröfur til þessa manns og endanlegur dómur hans að þola óendanlega kvöl, **Mósía 2:36–39.** Hann er eins og engin endurlausn hefði átt sér stað, **Mósía 16:5.** Þeir sem neita kraftaverkum Krists verða eins og glötunarsonurinn, **3 Ne 29:7.**

Þeir hljóta enga fyrirgefningu í þessum heimi eða næsta, **K&S 76:30–34 (K&S 84:41; 132:27).** Þeir eru hinir einu sem ekki verða endurleystir frá síðari dauðanum, **K&S 76:34–48.** Glötunarsynir afneita heilögum anda eftir að hafa meðtekið hann, **K&S 76:35.** Glötunarsynir afneita syninum eftir að faðirinn hefur opinberað hann, **K&S 76:43.**

Kain skal kallast Glötunin, **HDP Móse 5:22–26.**

Golgata. *Sjá einnig Jesús Kristur; Krossfesting*

Golgata merkir „hauskúpa“ á aramísku. Það er nafn staðarins þar sem Kristur var krossfestur (Matt 27:33; Mark 15:22; Jóh 19:17).

Goliat. *Sjá einnig Davíð*

Í Gamla testamenti, filistínskur risi sem skoraði á Ísraelsher. Davíð tók áskorun hans og drap hann með hjálp Drottins (1 Sam 17).

Góði hirðirinn. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Jesús Kristur er góði hirðirinn. Táknrænt séð eru fylgjendur hans líkir sauðum sem Jesús vakir yfir.

Drottinn er minn hirðir, **Sálm** 23:1. Hann mun annast hjörð sína eins og fjárhirðir, **Jes** 40:11. Þannig mun ég heimta sauði mína, **Esek** 34:12.

Ég er góði hirðirinn, **Jóh** 10:14–15. Jesús er hinn mikli hirðir sauðanna, **Hebr** 13:20.

Hann kastar tölu á sauði sína og þeir þekkja hann, **1 Ne** 22:25. Góði hirðirinn kallar á yður í sínu eigin nafni, sem er Kristur, **Al** 5:38, 60. Það mun verða ein hjörð og einn hirðir, **3 Ne** 15:21 (Jóh 10:16).

Góg. *Sjá einnig* Magóg; Síðari koma Jesú Krists

Konungurinn í Magóg. Esekíel spáði fyrir um að Góg mundi ráðast inn í Ísrael á tíma síðari komu Drottins (Esek 38–39). Önnur orrusta, kölluð orrusta Góg og Magóg, mun eiga sér stað við lok Þúsundarárísins (Op 20:7–9; K&S 88:111–116).

Gómorra. *Sjá einnig* Sódóma

Í Gamla testamenti, spillt borg sem Drottinn eyddi (1 Mós 19:12–29).

Grasgarðurinn. *Sjá* Getsemane**Grundvallarregla.** *Sjá einnig* Fagnaðarerindi

Undirstöðukenning, sannleikur eða lögmál. Frumreglur fagnaðarerindisins eru trú á Drottin Jesú Krist og iðrun (TA 1:4).

Án þess að sleppa byrjunar-kenningunum um Krist, sækjum fram til fullkomleikans, **ÞJS**, **Hebr** 6:1.

Öldungar, prestar og kennarar skulu kenna grundvallarreglur fagnaðarerindis míns, sem eru í ritningunum, **K&S** 42:12. Fræðist enn betur um fræðisetningar, grundvallarreglur, um allt, **K&S** 88:78 (K&S 97:14). Sérhver maður geti

með tilliti til kenninga og reglna starfað í samræmi við það siðferðilega sjálfraði, sem ég hef gefið honum, **K&S** 101:78. Hvert það vitmunastig, sem við öðlumst í þessu lífi, mun fylgja okkur í upprisunni, **K&S** 130:18–19.

Gröf. *Sjá einnig* Upprisa

Greftrunarstaður jarðnesks líkama. Vegna friðþægingarinnar munu allir rísa upp úr gröfinni.

Eftir upprisú Krists opnuðust grafir og margir líkamir risu upp, **Matt** 27:52–53 (3 Ne 23:9–13). Dauði, hvar er sigur þinn, **1 Kor** 15:55.

Gröfin verður að skila aftur sínum dauðu, **2 Ne** 9:11–13.

Þeir sem sofið hafa í gröfinni, munu koma fram, **K&S** 88:97–98. Skirnarfontur er líking við gröfina, **K&S** 128:12–13.

Guð, guðdómur. *Sjá einnig* Drottinn; Faðir á himnum; Heilagur andi; Jesús Kristur

Guðdómurinn er þrjár aðgreindar persónur: Guð, hinn eilífi faðir; sonur hans, Jesús Kristur; og heilagur andi. Við trúum á þær allar (TA 1:1). Með nútíma opinberum vitum við að faðirinn og sonurinn hafa áþreifanlega líkami af holdi og beinum og að heilagur andi er andaveira, án holds og beina (K&S 130:22–23). Þessar þrjár persónur eru sem ein í fullkominni einingu og samræmdum tilgangi og kenningu (Jóh 17:21–23; 2 Ne 31:21; 3 Ne 11:27, 36).

Guð faðirinn: Yfirleitt er það faðirinn, eða Elóhim, sem átt er við með nafngiftinni Guð. Hann er kallaður faðir vegna þess að hann er faðir anda okkar (4 Mós 16:22; 27:16; Mal 2:10; Matt 6:9; Ef 4:6; Hebr 12:9). Guð faðirinn er æðsti stjórnandi alheimsins. Hann er alvaldur (1 Mós 18:14; Al 26:35; K&S 19:1–3), alvitur (Matt 6:8; 2 Ne 2:24) og alls staðar nálægur með anda sínum (Sálm 139:7–12; K&S 88:7–13, 41). Mannkyn er í sérstökum tengslum við Guð sem skapar mönnum sérstöðu miðað við alla sköpun

aðra; menn og konur eru andabörn Guðs (Sálm 82:6; 1 Jóh 3:1–3; K&S 20:17–18).

Fáeinar skráðar heimildir eru um að Guð faðirinn hafi birst eða talað við menn. Ritningarnar greina frá að hann hafi talað við Adam og Evu (HDP Móse 4:14–31) og kynnt Jesú Krist við nokkur tækifæri (Matt 3:17; 17:5; Jóh 12:28–29; 3 Ne 11:3–7). Hann birtist Stefáni (Post 7:55–56) og Joseph Smith (JS — S 1:17). Síðar birtist hann bæði Joseph Smith og Sidney Rigdon (K&S 76:20, 23). Þeim sem elska Guð og hreinsa sig frammi fyrir honum, veitir Guð stundum þau forréttindi að sjá og reyna sjálfir að hann er Guð (Matt 5:8; 3 Ne 12:8; K&S 76:116–118; 93:1).

Guð minn, Guð minn, hví hefur þú yfirgefið mig, **Mark** 15:34. Menn þessir eru þjónar Guðs hins hæsta, **Post** 16:17. Vér erum líka hans ættar, **Post** 17:28–29.

Þér skuluð færa hinum æðsta fórnargjafir yðar, **K&S** 59:10–12.

Enok leit andana, sem Guð hafði skapað, **HDP Móse** 6:36. Maður heilagleikans er nafn hans, **HDP Móse** 6:57.

Guð sonurinn: Sá Guð sem nefnist Jehóva er sonurinn, Jesús Kristur (Jes 12:2; 43:11; 49:26; 1 Kor 10:1–4; 1 Tím 1:1; Op 1:8; 2 Ne 22:2). Jesús starfar undir leiðsögn föðurins og er í fullkomnum samhljómi við hann. Allt mannkyn er bræður hans og systur, því hann er elstur andabarna Elóhims. Sumsstaðar er í ritningunum talað um hann sem *Guð*. Til dæmis segja ritningarnar „Guð skapaði himin og jörð“ (1 Mós 1:1), en það var reyndar Jesús sem var skapari undir leiðsögn Guðs föðurins (Jóh 1:1–3, 10, 14; Hebr 1:1–2).

Drottinn kynnti sig sem ÉG ER, **2 Mós** 3:13–16. Ég er Drottinn [Jehóva] og enginn frelsari er til nema ég, **Jes** 43:11 (Jes 45:21).

Ég er ljós heimsins, **Jóh** 8:12. Áður en Abraham fæddist, er ég, **Jóh** 8:58.

Drottinn mun þjóna meðal manna í musteri úr leir, **Mósía** 3:5–10. Abinadí útskýrði hvernig Kristur er faðirinn og sonurinn, **Mósía** 15:1–4 (Et 3:14).

Drottinn birtist bróður Jareds, **Et** 3. Hlýð á orð Krists, Drottins þíns og Guðs þíns, **Moró** 8:8. Jehóva er dómari bæði lifenda og dauðra, **Moró** 10:34.

Jesús birtist Joseph Smith og Sidney Rigdon, **K&S** 76:20, 23. Drottinn Jehóva birtist í Kirtland musterinu, **K&S** 110:1–4.

Jehóva talaði við Abraham, **Abr** 1:16–19. Jesús birtist Joseph Smith, **JS** — S 1:17.

Guð heilagur andi: Heilagur andi er einnig Guð og er kallaður heilagur andi, andinn og andi Guðs, ásamt öðrum svipuðum nöfnum og titlum. Með hjálp heilags anda, geta menn kynnst vilja Guðs föðurins og vitað að Jesús er Kristur (1 Kor 12:3).

Heilagur andi mun kenna þér hvað segja skal, **Lúk** 12:12. Heilagur andi er hjálparinn, **Jóh** 14:26 (Jóh 16:7–15). Jesús gaf postlunum fyrirmæli með heilögum anda, **Post** 1:2. Heilagur andi vitnar um Guð og Krist, **Post** 5:29–32 (1 Kor 12:3). Heilagur andi vitnar fyrir oss, **Hebr** 10:10–17.

Fyrir kraft heilags anda getið þér fengið að vita sannleiksgildi allra hluta, **Moró** 10:5.

Heilagur andi er andi opinberunar, **K&S** 8:2–3 (K&S 68:4).

Guðdómur. *Sjá* Guð, guðdómur

Guðdæmi. *Sjá* Eilíft líf; Maður, menn — Maður, með möguleika til að verða líkur himneskum föður; Upphafning

Guðlasta, guðlast. *Sjá* einnig Ófyrirgefanleg synd; Vanhelgun

Að tala með óvirðingu eða án lotninga um Guð eða það sem heilagt er.

Gyðingarnir sökuðu Jesú margsinnis um guðlast vegna þess að hann kvaðst hafa rétt til að fyrirgefa syndir (Matt 9:2–3; Lúk 5:20–21), af því að hann kallaði sjálfan sig Guðsson (Jóh 10:22–36; 19:7) og vegna þess að hann sagði að þeir mundu sjá hann sitja til hægri handar máttarins og koma í skýjum himins (Matt 26:64–65). Þessar ákæru hefðu

haft við rök að styðjast, ef hann hefði ekki verið allt það sem hann sagðist vera. Ákæran sem borin var fram gegn honum af fölskum vitnum við yfirheyrsluna frammi fyrir ráðinu (Matt 26:59–61) var um guðlast gegn musteri Drottins. Guðlast gegn heilögum anda, sem er að afneita Kristi af ásettu ráði eftir að hafa fengið fullkomna vitneskju um hann, er ófyrirgefanleg synd (Matt 12:31–32; Mark 3:28–29; K&S 132:27).

Sá sem lastmælir nafni Drottins skal líflátinn verða, **3 Mós** 24:11–16.

Ekki verða lengur til óvinir Drottins er hæða nafn hans, **K&S** 105:15. Refsingin fellur yfir þá sem guðlasta gegn Drottni, **K&S** 112:24–26.

Guðleg andagift. *Sjá* Innblástur, guðleg andagift

Guðslambið. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur; Þáskar

Nafn á frelsaranum er vísar til Jesú sem fórnfæringargjöf, gefin í þágu okkar.

Hann er færður eins og lamb til slátrunar, **Jes** 53:7 (Mósía 14:7).

Sjá, Guðs lamb, sem ber synd heimsins, **Jóh** 1:29 (Al 7:14). Þér voruð leystir með blóði hins lýtalausa og óflekkada lambs, **1 Pét** 1:18–20. Maklegt var lambið hið slátraða, **Op** 5:12. Vér sigruðum Satan fyrir blóð lambsins, **Op** 12:11.

Þau hafa verið hvítþvegin í blóði lambsins vegna trúar þeirra á hann, **1 Ne** 12:11. Guðslambið er sonur hins eilífa föður og frelsari heimsins, **1 Ne** 13:40 (1 Ne 11:21). Hrópið hátt til föðursins í nafni Jesú, svo að þér verðið ef til vill hreinsuð með blóði lambsins, **Morm** 9:6 (Op 7:14; Al 34:36).

Mannssonurinn er lambið sem slátrað er frá grundvöllun heimsins, **HDP Móse** 7:47.

Guðsordamaður, guðspjallamaður.

Sjá einnig Patriáarkablessanir; Patriárki

Sá sem flytur eða boðar fagnaðarboðskap Jesú Krists. Joseph Smith kenndi

að guðsordamaður væri patriárki. Patriárkar eru kallaðir og vígðir undir leiðsögn Tólfpostularáðsins til þess að veita sérstakar blessanir sem kallast patriáarkablessanir.

Og frá honum er sú gjöf komin, að sumir eru postular, sumir spámenn, sumir trúboðar, **Ef** 4:11. Gjör verk trúboða, **2 Tím** 4:5.

Við höfum trú á postulum, spámönnum, hirðum, fræðurum, guðspjallamönnum, **TA** 1:6.

Guðspjöllin. *Sjá einnig* Jóhannes Sebedeussón; Lúkas; Markús; Matteus

Þær fjórar frásagnir eða vitnisburðir um jarðlíf Jesú og atburði þá er gerðust á þjónustutíma hans, sem finna má í fyrstu fjórum bókum Nýja testamentis. Skráðir vitnisburðir um líf Krists ritaðir af Matteusi, Markúsi, Lúkasi og Jóhannesi. Bók þriðja Nefis í Mormónsbók er á margan hátt svipuð frásögn guðspjöllum Nýja testamentis.

Bækur Nýja testamentis voru upphaflega ritaðar á grísku. Gríska orðið fyrir *gospel* táknar „góðar fréttir.“ Góðu fréttirnar eru þær að Jesús Kristur hefur gert friðþægingu sem endurleysa mun allt mannyn frá dauða og launar hverjum einstökum í samræmi við verk hans (Jóh 3:16; Róm 5:10–11; 2 Ne 9:26; Al 34:9; K&S 76:69).

Sjá einnig Samræmi guðspjallana í Viðaukanum.

Gulltöflur. *Sjá einnig* Mormónsbók; Töflur

Frásaga rituð á gulltöflur. Hún greinir sögu tveggja mikilla menningarsamfélaga í Ameríku. Joseph Smith þýddi og gaf út hluta taflnanna. Þýðingin nefnist Mormónsbók. (Frekari upplýsingar er að fá í „Formáli“ og „Vitnisburður spámannsins Josephs Smith“ í Mormónsbók.)

Gyðingar. *Sjá einnig* Ísrael; Júda

Gyðingar geta verið (1) afkomendur Júda, eins tólf sona Jabobs, (2) þjóð hins

forna, syðra konungsríkis Júða, eða (3) menn sem iðka trú, lífsmáta og hefðir Gyðingdóms og geta verið fæddir Gyðingar eða ekki. Það er orðin venja að kalla alla afkomendur Jakobs *Gyðinga*, en það er rangt. Það ætti að einskorða nafnið við þá sem eru úr ríki Júða eða, sérstaklega nú á dögum, þá sem eru af ættflokki Júða og tengda aðila.

Ekki mun veldissprotinn víkja frá Júða, uns sá kemur er valdið hefur (annar lesháttur: uns hann kemur til Síló), **1 Mós 49:10**.

Fagnaðarerindi Krists er kraftur Guðs til hjálpræðis, Gyðingum fyrst, **Róm 1:16**.

Drottinn mundi uppvekja spámann meðal Gyðinga — jafnvel Messías, **1 Ne 10:4**. Þegar bókin rann af vörum Gyðings var allt augljóst og hreint, **1 Ne 14:23**. Gyðingunum mun tvístrað meðal allra þjóða, **2 Ne 25:15**. Gyðingar eru hin forna sáttmálsþjóð mín, **2 Ne 29:4**. Hinir tvístruðu Gyðingar munu fara að trúá Krist, **2 Ne 30:7**. Gyðingar munu hafna bjarginu sem þeir gætu byggt á, **Jakob 4:14–16**. Gyðingarnir munu hafa annað vitni um að Jesús var hinn sanni Kristur, **Morm 3:20–21**.

Tveir spámenn verða vaktir upp fyrir Gyðingabjóðina á síðustu dögum, **K&S 77:15**. Kallið allar þjóðir, fyrst Þjóðirnar, og síðan Gyðingana, **K&S 133:8**.

Á þeim dögum, munu Gyðingar mæta miklu andstreymi, **JS — M 1:18**.

Habakkuk

Gamla testamentisspámaður í Júdeu sem gagnrýndi syndugt líferni þjóðarinnar að líkindum á valdatíma Jójakíns (um 600 f.Kr.).

Bók Habakkuks: Fyrsti kapítuli er rök-ræða milli Drottins og spámanns hans, hliðstæð þeirri í Jeremía 12 og Kenningu og Sáttmálum 121. Habakkuk furðaði sig á að siðspilltum mönnum virtist vegna vel. Í öðrum kapítula ráðlagði Drottinn Habakkuk að hafa biðlund — hinir réttlátu verða að læra að lifa í trú. Þriðji

kapítuli birtir bæn Habakkuks þar sem hann fellst á réttvísi Guðs.

Hagar. *Sjá einnig* Abraham; Ísmael, sonur Abrahams

Í Gamla testamenti, egypsk ambátt Söru. Hún varð kona Abrahams og móðir Ísmaels (1 Mós 16; 25:12; K&S 132:34, 65). Drottinn lofaði Hagar að hann mundi gjöra sveininn Ísmael að mikilli þjóð (1 Mós 21:9–21).

Haggái

Gamla testamentisspámaður sem starfaði í Jerúsalem nálægt 520 f.Kr., skömmu eftir að Gyðingabjóðin kom til baka úr útlegð sinni í Babýloníu (Esra 5:1; 6:14). Hann ræddi um að byggja þyrfti upp musteríð í Jerúsalem og ávítaði þjóðina fyrir að því skyldi ekki lokið. Hann skrifaði einnig um musterí þúsundarárísins og stjórntartíð frelsarans.

Bók Haggái: Í fyrsta kapítula ávítar Drottinn fólkíð fyrir að búa í fullbúnum húsum sínum meðan musterisbyggingunni er ekki lokið. Annar kapítuli hefur að geyma spádóm Haggáis um að Drottinn muni veita frið í musterí sínu.

Hagot

Nefítaskipasmiður í Mormónsbók (Al 63:5–7).

Hamingjusamur, hamingja. *Sjá* Gleði

Handayfirlagning. *Sjá einnig* Gjóf heilags anda; Setning í embætti; Vígja, vígsla; Þjónusta við sjúka

Sú athöfn að leggja hendur sínar á höfuð manneskju við prestdæmisvígslu. Margvíslegar helgiathafnir prestdæmisins eru framkvæmdar með handayfirlagningu, svo sem vígslur, blessanir, sjúkرابلسanir, staðfesting meðlima kirkjunnar og veiting heilags anda.

Móse lagði hendur sínar á höfuð Jósúa, svo sem Drottinn bauð, **4 Mós 27:18, 22–23** (5 Mós 34:9).

Jesús lagði hendur á höfuð nokkurra sjúkra og læknaði þá, **Mark 6:5**

(Morm 9:24). Postularnir lögðu hendur á höfuð hinna sjö er skyldu aðstoða þá, **Post** 6:5–6. Heilagur andi var veittur með handayfirlagningu, **Post** 8:14–17. Ananíás gaf Sál aftur sjónina með handayfirlagningu, **Post** 9:12, 17–18. Páll lagði hendur yfir hann og læknaði hann, **Post** 28:8. Páll boðaði kenninguna um skírn og handayfirlagningu, **Hebr** 6:2.

Alma vígði presta og öldunga með handayfirlagningu, **Al** 6:1. Jesús gaf lærisveinum sínum vald til að veita heilagan anda með handayfirlagningu, **3 Ne** 18:36–37. Þeim sem þér leggið hendur yfir skuluð þér veita heilagan anda, **Moró** 2:2.

Öldungarnir skulu leggja hendur yfir börnin og blessa þau, **K&S** 20:70. Þeir skulu meðtaka heilagan anda með handayfirlagningu, **K&S** 35:6 (TA 1:4). Öldungar skulu leggja hendur yfir hina sjúku, **K&S** 42:44 (K&S 66:9). Börn skulu hljóta handayfirlagningu eftir skírn, **K&S** 68:27. Prestdæmið er meðtekið með handayfirlagningu, **K&S** 84:6–16.

Hanna. *Sjá einnig* Samúel, spámaður í Gamla testamenti

Móðir Samúels, spámans í Gamla testamenti. Drottinn gaf Hönnu Samúel sem svar við bænnum hennar (1 Sam 1:11, 20–28). Hanna helgaði Samúel Drottni. Lofsöngur Hönnu er sambærilegur við lofsöng Maríu, móður Jesú (1 Sam 2:1–10; Lúk 1:46–55).

Harmagedón. *Sjá einnig* Góg; Magóg; Síðari koma Jesú Krists

Nafnið *Harmagedón* er dregið af hebrösku *Har Megiddon*, eða „fjallið Megiddó.“ Megiddó dalurinn er vesturhluti Esdraelonsléttunnar, áttatíu kílómetra norður af Jerúsalem og voru þar háðar nokkrar úrslitaorrustur á tímum Gamla testamentisins. Mikil lokaátök sem eiga munu sér stað nokkru fyrir síðari komu Krists eru kölluð orrustan við Harmagedón vegna þess að þau munu hefjast á sama stað. (Sjá Esek 39:11; Sak 12–14, sérstaklega 12:11; Op 16:14–21.)

Harmaljóðin

Bók í Gamla testamenti rituð af Jeremía. Bókin er safn harmaljóða vegna falls Jerúsalem og Ísraelsþjóðar. Bókin var rituð eftir fall borgarinnar um 586 f.Kr.

Hata, hatur. *Sjá einnig* Elsa, ást; Fjandskapur; Hefnd

Hatur er sterk andúð á einhverjum eða einhverju.

Ég, Guð, vitja misgjörða feðranna á börnum þeirra sem hata mig, **2 Mós** 20:5. Sex hluti hatar Drottinn, **Okv** 6:16. Heimskur maður fyrirlítur móður sína, **Okv** 15:20. Hann var fyrirlitinn, og menn forðuðust hann, **Jes** 53:3.

Elskið óvini yðar, **Matt** 5:44. Ann-aðhvort hatar hann annan og elskar hinn eða þýðist annan og afrækir hinn, **Matt** 6:24. Þér munuð hataðir af öllum vegna nafns míns, **Matt** 10:22. Hver sem illt gjörir hatar ljósið, **Jóh** 3:20. Lát engan líta smáum augum á æsku þína, **1 Tím** 4:12.

Vegna þess að þeir eru ríkir, fyrirlíta þeir hina snauðu, **2 Ne** 9:30. Þér skuluð ekki forsmá opinberanir Guðs, **Jakob** 4:8. Þeir voru fylltir eilífu hatrí á okkur, **Jakob** 7:24.

Menn hafa að engu ráðleggingar Guðs og fyrirlíta orð hans, **K&S** 3:7.

Ég var hataður og ofsóttur, fyrir að segja að ég hefði séð sýn, **JS — S** 1:25.

Hauskúpaður. *Sjá* Gulgata

Háprestur. *Sjá einnig* Aronsprestæmið; Melkisedeksprestæmi

Embætti í prestdæminu. Í ritningunum er talað um hápresta í tvennum skilningi: (1) embætti í prestdæmi Melkisedeks; og (2) undir Mósélögum, yfirmaður Aronsprestæmis.

Fyrri merkingin á við Jesú Krist sem hinn mikla háprest. Adam og allir ættfeðurnir voru háprestar. Nú á tímum mynda þrír starfandi háprestar forsætisráð kirkjunnar og eru í forsæti fyrir öllum öðrum prestdæmishöfum og meðlimum kirkjunnar. Fleiri verðugir menn

Háráð

eru vígðir háprestar eftir þörfum í kirkjunni í dag. Hápresta má kalla, setja í embætti og vígja til biskups (K&S 68:19; 107:69–71).

Samkvæmt síðari merkingunni, undir Mósélögum, var yfirmaður Aronsprest-dæmis nefndur æðsti prestur. Embættið gekk í arf til frumburðar í fjölskyldu Arons, en Aron varð sjálfur fyrstur til að gegna embætti æðsta prests Aronsprest-dæmis (2 Mós 28–29; 3 Mós 8; K&S 84:18).

Melkisedek var prestur hins hæsta Guðs, **1 Mós 14:18** (Al 13:14).

Háprestar voru kallaðir og undirbúnir frá grundvöllun veraldar, **Al 13:1–10**.

Háprestar starfa við framkvæmd andlegra mála, **K&S 107:10, 12, 17**.

Háráð

Ráð tólf hápresta.

Í upphafi hinnar endurreistu kirkju táknaði *háráð* tvenns konar stjórnarheildir: (1) Tölfpostularáð kirkjunnar (K&S 107:33, 38) og (2) háráðin sem þjónuðu í hverri stiku (K&S 102; 107:36).

Hebreabréfið. *Sjá einnig* Bréf Páls postula; Páll

Bók í Nýja testamenti. Páll reit bréfið til Gyðinga í kirkjunni til að sannfæra þá um að þýðingarmikill þáttur Mósé-lögmáls hefði fullnast í Kristi og æðra lögmál fagnaðarerindis Kristis komið í stað þess. Þegar Páll kom aftur til Jerúsalem við lok þriðju kristniboðsferðarinnar (um 60 e.Kr.), komst hann að raun um að margir Gyðingar í söfnuðum kirkjunnar fylgdu enn Mósélögum (Post 21:20). Þetta var að minnsta kosti tíu árum eftir að ráðstefna kirkjunnar í Jerúsalem hafði úrskurðað að ákveðnar athafnir Móséлага væru ekki nauðsynlegir til sáluhjálpar þeim hinna kristnu sem ekki voru Gyðingar. Svo virðist sem Páll hafi fljótlega þar á eftir ritað Hebreum til þess að sýna þeim með tilvísun til þeirra eigin ritninga og út frá almennri skynsemi að þeir væru ekki lengur háðir Mósélögmáli.

Kapítular 1 og 2 sýna fram á að Jesús er fremri englunum. Kapítular 3–7 bera

Jesús saman við Móse og Mósélag og vitna um að hann sé báðum æðri. Þar er einnig kennt að prestdæmi Melkisedeks er æðra Aronsprest-dæmi. Kapítular 8–9 útskýra hvernig helgiathafnir Móséлага bjuggu fólkið undir þjónustu Kristis og að Kristur er meðalgöngumaður hins nýja sáttmála (Al 37:38–45; K&S 84:21–24). Kapítuli 10 er hvatning til kostgæfni og trúfestsu. Kapítuli 11 er hugleiðing um trú. Kapítuli 12 er viðvörðun og kveðjur. Kapítuli 13 greinir göfugt eðli hjónabands og mikilvægi hlýðni.

Hebreska. *Sjá einnig* Ísrael

Semískt tungumál, þjóðtunga barna Ísraels.

Hebreska var töluð af Ísraelítum fram að heimkomu þeirra frá herleiðingunni í Babýloníu, en þá varð aramíska daglegt mál þeirra. Á tímum Jesús var hebréska mál lærðra manna, lagamál og mál trúarbókmennta.

Hebron

Forn borg í Júdeu, þrjátíu og tvo kílómetra í suður frá Jerúsalem. Þar var grafreitur Abrahams og fjölskyldu hans (1 Mós 49:29–32). Borgin var höfuðborg fyrst framan af valdatíma Davíðs (2 Sam 5:3–5).

Hefnd. *Sjá einnig* Fjandskapur

Refsing eða endurgjald fyrir rangindi eða afbrot.

Hefndin kemur, endurgjald frá Guði, **Jes 35:4**.

Mín er hefndin, ég mun endurgjalda, **Róm 12:19** (Morm 3:15; 8:20).

Sverð hefndarinnar hangir yfir yður, **Morm 8:40–41**.

Ég mun refsa hinum ranglátu, þar eð þeir vilja ekki iðrast, **K&S 29:17**.

Frelsarinn kemur á degi ranglætis og refsingar, **HDP Móse 7:45–46**.

Heiðarlegur, heiðarleiki. *Sjá einnig* Ráðvendi

Að vera einlægur, sannur og án flærðar.

Þeir sem sannleik iðka eru yndi Drottins, **Okv** 12:22. Efn það sem þú heitir, **Préd** 5:3–4.

Við höfnum allri skammarlegri launung, **2 Kor** 4:1–2. Hegðið yður vel meðal heiðingjanna, **1 Pét** 2:12.

Vei sé lygaranum, því honum mun þrýst niður til heljar, **2 Ne** 9:34. Andinn segir sannleikann, en lýgur ekki, **Jakob** 4:13. Hver sem fær lánað hjá nágranna sínum skili því sem hann fékk lánað, **Mósía** 4:28 (K&S 136:25). Auðsýndu réttlæti, dæmdu réttisýnt og gjörðu gott án afláts, **Al** 41:14.

Hver maður skal breyta heiðarlega, **K&S** 51:9. Öllum sem vita hjörtu sín einlæg mun ég veita viðtöku, **K&S** 97:8. Leita skal að heiðvirðum og vitrum mönnum til opinberra starfa, **K&S** 98:4–10. Leita þess af kostgæfni sem nágranni þinn hefur tapað, **K&S** 136:26.

Vér trúum að vér eigum að vera heiðvirð, **TA** 1:13.

Heiður. *Sjá einnig* Lotning; Meta

Oftast notað í ritningunum um að sýna einhverjum eða einhverju virðingu og lotningu.

Heiðra föður þinn og móður þína, **2 Mós** 20:12 (1 Ne 17:55; Mósía 13:20). Tigna Drottin með eignum þínum, **Okv** 3:9.

Þann sem þjónar mér, mun faðirinn heiðra, **Jóh** 12:26. Eiginmenn, veitið konum yðar virðingu, **1 Pét** 3:7.

Með vörum sínum einum saman heiðra þeir Drottin, **2 Ne** 27:25 (Jes 29:13). Ég leita ekki eftir heiðri heimsins, **Al** 60:36.

Djöfullinn gjörði uppreisn gegn mér og sagði: Veit mér heiður þinn, sem er kraftur minn, **K&S** 29:36. Hinir trúföstu munu krýndir heiðri, **K&S** 75:5 (K&S 124:55). Drottinn hefur unun af að heiðra þá sem honum þjóna, **K&S** 76:5. Þeir eru ekki útvaldir, vegna þess að þeir leita sér svo mannlegrar upphefðar, **K&S** 121:34–35.

Vér trúum að virða beri og styðja lög landsins, **TA** 1:12 (K&S 134:6).

Heift. *Sjá* Reiði

Heilagleiki. *Sjá einnig* Helgur; Hreinn, hreinleiki; Laus frá synd

Andleg og síferðisleg fullkomnun. Heilagleiki gefur til kynna sakleysi hjartans og einlægan ásetning.

Meðlimirnir skulu með því að ganga í heilagleika frammi fyrir Drottni sýna að þeir séu verðugir kirkjunnar, **K&S** 20:69. Hús Drottins er staður heilagleika, **K&S** 109:13.

Maður heilagleika er eitt nafna Guðs, **HDP Móse** 6:57 (HDP Móse 7:35).

Heilagur. *Sjá einnig* Kirkja Jesú Krists; Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu; Kristnir

Trúfastur meðlimur Kirkju Jesú Krists.

Safnið saman dýrkendum mínum, **Sálm** 50:5.

Sál gjörði hinum heilögu í Jerúsalem margt illt, **Post** 9:1–21. Pétur kom og til hinna heilögu, sem áttu heima í Lýddu, **Post** 9:32. Ég heilsa öllum Guðs elskuðu í Róm, sem heilagir eru samkvæmt köllun, **Róm** 1:7. Þér eruð samþegnar hinna heilögu, **Ef** 2:19–21.

Ég sá kirkju lambsins sem voru hinir heilögu Guðs, **1 Ne** 14:12. Hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs nema hann verði heilagur fyrir friðþægingu Krists, **Mósía** 3:19.

Ég, Drottinn, hef blessað landið til gagns fyrir mína heilögu, **K&S** 61:17. Satan á í stríði við Guðs heilögu, **K&S** 76:28–29. Vinnið ötullega að því að búa hina heilögu undir stund dómsins, sem koma skal, **K&S** 88:84–85. Hinir heilögu skulu gefa af eignum sínum til hinna fátæku og aðþrengdu, **K&S** 105:3. Fyrirnefnd embætti hef ég gefið til stjórnunar og til fullkomunar mínum heilögu, **K&S** 124:143 (Ef 4:12).

Heilagur andi. *Sjá einnig* Gjöf heilags anda; Guð, guðdómur; Heilagur andi fyrirheitsins; Huggari; Innblástur, guðleg andagift; Merki dúfunnar; Opinberun; Ófyrirgefanleg synd; Skírn, skíra

Þriðji meðlimur Guðdómsins

(1 Jóh 5:7; K&S 20:28). Hann er andavera, hefur ekki líkama af holdi og beinum (K&S 130:22). Heilagur andi er oft kallaður andinn eða andi Guðs.

Heilagur andi gegnir nokkrum mikilvægum hlutverkum í sálhjálparáætluninni. (1) Hann ber vitni um föðurinn og soninn (1 Kor 12:3; 3 Ne 28:11; Et 12:41). (2) Hann opinberar sannleiksgildi allra hluta (Jóh 14:26; 16:13; Moró 10:5; K&S 39:6). (3) Hann helgar þá sem hafa iðrast og látið skírast (Jóh 3:5; 3 Ne 27:20; HDP Móse 6:64–68). (4) Hann er heilagur andi fyrirheitsins (K&S 76:50–53; 132:7, 18–19, 26).

Kraftur heilags anda getur komið yfir menn fyrir skírn og vitnað um sannleiksgildi fagnaðarerindisins. En rétturinn til að hafa stöðuga samfylgd heilags anda, hvenær sem viðkomandi er verðugur, er gjöf sem aðeins fæst með handayfirlagningu prestdæmishafa Melkisedeks eftir heimilaða skírn inn í hina sönnu Kirkju Jesú Krists.

Jesús kenndi að allar syndir fengjust fyrirgefna, nema lastmæli gegn heilögum anda (Matt 12:31–32; Mark 3:28–29; Lúk 12:10; Hebr 6:4–8; K&S 76:34–35).

Andinn fær menn til að varðveita setninga Guðs, **Esek** 36:27.

Postulunum var heimilað að skíra í nafni föður, sonar og heilags anda, **Matt** 28:19. Heilagur andi mun kenna yður allt, **Jóh** 14:26. Helgir menn töluðu, knúðir af heilögum anda, **2 Pét** 1:21.

Nefi var leiddur af andanum, **1 Ne** 4:6. Leynardómar Guðs munu afhjúpast fyrir kraft heilags anda, **1 Ne** 10:17–19. Heilagur andi mun sýna yður allt, sem yður ber að gjöra, **2 Ne** 32:5. Fyrir kraft heilags anda getið þér fengið að vita sannleiksgildi allra hluta, **Moró** 10:5.

Heilagur andi mun segja þér í huga þínum og hjarta, **K&S** 8:2. Andinn leiðir þig til góðra verka, **K&S** 11:12. Heilagur andi veit allt, **K&S** 35:19. Heilagur andi mun kenna þér friðsæld ríkisins, **K&S** 36:2 (K&S 39:6). Ef þér meðtakið ekki andann munuð þér ekki kenna, **K&S** 42:14. Heilagur andi ber vitni um

föðurinn og soninn, **K&S** 42:17 (1 Kor 12:3; 3 Ne 11:32, 35–36). Sumum er gefið fyrir heilagan anda að vita, að Jesús Kristur er sonur Guðs, **K&S** 46:13. Allt sem þeir segja, hvattir af heilögum anda, er ritning, **K&S** 68:4. Heilögum anda skal úthellt til að bera vitni um allt það, er þér mælið, **K&S** 100:8. Heilagur andi verður þér stöðugur förunautur, **K&S** 121:45–46.

Heilagur andi fyrirheitsins. *Sjá einnig* Heilagur andi

Heilagur andi er heilagur andi fyrirheitsins (Post 2:33). Hann staðfestir samþykki Drottins fyrir réttlátum gerðum, helgiathöfnum og sáttmálum manna. Heilagur andi fyrirheitsins vitnar fyrir föðurnum að helgiathafnir til sálhjálp hafi verið rétt framkvæmdar og að sáttmálar þeim viðvíkjandi hafi verið haldnir.

Þeir sem eru innsiglaðir heilögum anda fyrirheitsins meðtaka allt sem faðirinn á, **K&S** 76:51–60 (Ef 1:13–14). Allir sáttmálar og framkvæmdir verða að innsiglast með heilögum anda fyrirheitsins til að hafa gildi eftir þetta líf, **K&S** 132:7, 18–19, 26.

Heilsa. *Sjá* Vísdomsorðið

Heimili. *Sjá einnig* Fjölskylda

Heimilið ætti að vera þungamiðja trúariðkunar fjölskyldunnar og starfa.

Hann skal vera frjáls maður fyrir heimili sitt svo að hann gleðji konu sína, **5 Mós** 24:5.

Hann sendi hann heim til sín, **Mark** 8:26. Lát börnin læra guðsóttá á heimilinu, **1 Tím** 5:4. Verið höglátar, skírlífar, heimilisræknar, **Títus** 2:5.

Farið til heimila yðar og íhugið það, sem ég hef sagt, **3 Ne** 17:2–3. Ég hvatti þá til að berjast fyrir eiginkonum sínum, börnum, húsum og heimilum, **Morm** 2:23.

Feðrum er boðið að meiri kostgæfni og umhyggjusemi sé þörf heima fyrir, **K&S** 93:43–44, 48–50.

Heimsendir. *Sjá*

Heimur — Heimsendir

Heimur. *Sjá einnig* Babel, Babýlon;

Dauðlegur, dauðleiki; Jörð

Jörðin; reynslustaður dauðlegra manna. Í óeiginlegri merkingu, það fólk sem ekki heldur boðorð Guðs.

Jarðnesk tilvera: Í heiminum hafið þér þrenging, **Jóh** 16:33.

Hræðist ekki dauðann; í þessum heimi er gleði ykkar ekki algjör, **K&S** 101:36.

Fólk sem ekki heldur boðorð Guðs: Ég vil hegna jarðríki fyrir illsku þess, **Jes** 13:11 (2 Ne 23:11).

Ef heimurinn hatar yður, þá vitið, að hann hefur hatað mig fyrr en yður, **Jóh** 15:18–19.

Hin stóra og rúmmikla bygging var hroki heimsins, **1 Ne** 11:36.

Misgjörðir heimsins vaxa, **K&S** 18:6. Haltu þér óflekkuðum frá heiminum, **K&S** 59:9. Sá, sem er trúr og stendur stöðugur, mun sigra heiminn, **K&S** 63:47. Þér skuluð ekki lifa að hætti heimsins, **K&S** 95:13.

Heimsendir: Ég skapa nýja jörð, og hinnar fyrri skal ekki minnst verða, **Jes** 65:17 (Op 21:1; TA 1:10).

Við endi veraldar verður illgresinu safnað og það brennt í eldi, **Matt** 13:40, 49 (Mal 4:1; Jakob 6:3).

Víngarð minn mun ég láta brenna í eldi, **Jakob** 5:77 (K&S 64:23–24).

Drottinn mun tortíma Satan og verki hans við endalok veraldar, **K&S** 19:3. Jörðin mun deyja, en hún verður lífguð aftur, **K&S** 88:25–26.

Drottinn sýndi Enok endi veraldar, **HDP Móse** 7:67.

Helaman, sonur Alma. *Sjá einnig*

Alma, sonur Alma; Antí-Nefí-Lehítar; Helaman, synir hans

Í Mormónsbók, elsti sonur Alma, sonar Alma (Al 31:7). Helaman var spámaður og herforingi.

Alma fól syni sínum Helaman í hendur heimildaskrár þjóðar sinnar ásamt töflum Jaredíta, **Al** 37:1–2, 21.

Alma bauð Helaman að halda áfram að rita sögu þjóðarinnar, **Al** 45–62. Helaman endurreisti kirkjuna, **Al** 45:22–23. Tvö þúsund ungir Ammónítastríðsmenn kusu að lúta stjórn Helamans, **Al** 53:19, 22. Helaman og hinir ungu Ammónítastríðsmenn börðust við Lamaníta og voru varðveittir fyrir trú, **Al** 57:19–27.

Helaman, sonur Benjamíns

konungs. *Sjá einnig* Benjamín, faðir Mósía

Í Mormónsbók, einn af þremur sonum Benjamíns konungs (Mósía 1:2–8).

Helaman, sonur Helamans

Spámaður og sagnaritari í Mormónsbók sem kenndi Nefítapjóðinni. Hann var afabarn Alma yngri og faðir Nefís þess sem veitt var vald yfir öllum höfuðskeppunum Ásamt syni sínum Nefí ritaði Helaman bók Helamans.

Bók Helamans: Kapítular 1–2 lýsa tíma mikilla stjórn málaátaka. Kapítular 3–4greina frá því að Helaman og Morónía yfirhershöfðingja Nefítahersins tókst loks að koma friði á um tíma. En þrátt fyrir góða forystu þessara ágætu manna jókst spilling meðal þjóðarinnar. Í Heleman 5:1–6:14 lætur Nefí dómaraætið laust eins og afi hans Alma hafði gert, til að geta kennt fólkinu. Um tíma iðraðist þjóðin. Í Heleman 6:15–12:26 spilltist Nefítapjóðin aftur á móti. Lokakapítularnir, 13–16, geyma hina sérstæðu frásögn af spámanninum sem nefndist Samúel Lamaníti, en hann sagði fyrir um fæðingu og krossfestingu frelsarans og tákn þau er boða mundu þá atburði.

Helaman, synir hans. *Sjá einnig*

Antí-Nefí-Lehítar; Helaman, sonur Alma

Í Mormónsbók, synir trúskiptinga af þjóð Lamaníta er nefndust Ammónítar sem gerðust stríðsmenn undir stjórn Helamans (Al 53:16–22).

Helaman áleit þá verðuga að nefnast synir hans, **Al** 56:10. Mæður þeirra

Helgiathafnir

kenndu þeim að efast ekki um, að Drottinn gæti verndað þá, **Al** 56:47. Þeir sigruðu Lamanítana og voru verndaðir í trú sinni svo að enginn féll, **Al** 56:52–54, 56; 57:26.

Helgiathafnir. *Sjá einnig* Innsigli, innsigln; Musteri, hús Drottins; Sáluhjálpi fyrir hina dáu; Sáluhjálpi, hjálpraði; Ættfræði

Helgir siðir og seremóníur. Helgiathafnir samanstanda af atriðum sem hafa andlega merkingu. Helgiathafnir geta einnig táknad lögmál Guðs og setningar.

Helgiathafnir í kirkjunni ná yfir þjónustu við sjúka (Jakr 5:14–15), blessun sakramentis (K&S 20:77, 79), niðurdýfingarskírni (Matt 3:16; K&S 20:72–74), blessun barna (K&S 20:70), gjöf heilags anda (K&S 20:68; 33:15), veitingu prestdæmisins (K&S 84:6–16; 107:41–52), mustervisvígslur (K&S 124:39), og hjónavígslu eftir hinum nýja og ævarandi sáttmála (K&S 132:19–20).

Kenn þeim lögin og boðorðin, **2 Mós** 18:20. Þeir hlýði boðorðum mínum og varðveiti setninga mína, **Esek** 11:20.

Fólkið virti stranglega helgiathafnir Guðs, **Al** 30:3. Hvaða ávinning höfðum vér af því, að vér varðveittum helgiathafnirnar, **3 Ne** 24:13–14.

Þeim sem biður með sáriðrandi anda, mun ég taka á móti ef hann virðir helgiathafnir mínar, **K&S** 52:14–19.

Allir menn geta orðið hólpnir með því að hlýða lögmálum og virða helgiathafnir fagnaðarerindsins, **TA** 1:3.

Helgiathöfn með staðgengli: Kirkjuleg helgiathöfn framkvæmd af lifandi manni sem kemur í stað þess sem er dáinn. Slíkar helgiathafnir taka því aðeins gildi að þær séu meðteknar af þeim, sem þær eru gerðar fyrir, þeir haldi sáttmálana sem tengjast þeim og innsiglist af heilögum anda fyrirheitsins. Slíkar helgiathafnir eru nú framkvæmdar í musterunum.

Ef dauðir menn rísa ekki upp, hvers vegna láta menn þá skíra sig fyrir þá, **1 Kor** 15:29.

Niðurdýfingarskírni fyrir hina dáu skulu framkvæmdar í musterum, **K&S** 124:29–36. Öndum í andaheiminum voru kenndar staðgengilsskírni til fyrirgefningar syndanna, **K&S** 138:29–34.

Helgiritin. *Sjá einnig* Biblíá; Hin dýrmæta perla; Kenning og sáttmálar; Mormónsbók; Ritningar

Opinberlega viðurkennt safn helgiritá. Í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu nefnist helgiritasafnið viðurkenndar ritningar og samanstanda þær af Gamla og Nýja testamenti, Mormónsbók, Kenningu og sáttmála og Hinni dýrmætu perlu.

Helgun, helgunarlögmál. *Sjá einnig* Ríki Guðs eða ríki himna; Sameiningarreglan

Að vígja, helga, eða gjörast réttlátur. Helgunarlögmálið er guðleg regla þar sem karlar og konur helga sjálfviljug tíma sinn, hæfileika, og efnisleg verðmæti til uppbyggingar Guðs ríkis.

Fyllið hendur yðar í dag, Drottinn til handa, **2 Mós** 32:29.

Allir þeir sem trúðu höfðu allt sameiginlegt, **Post** 2:44–45.

Ög allt var sameign þeirra, og því var enginn ríkur eða fátækur, **4 Ne** 1:3.

Drottinn útskýrði helgunarlögmálið, **K&S** 42:30–39 (K&S 51:2–19; 58:35–36). Ekki er einum manni ætlað að eiga umfram annan, **K&S** 49:20. Sérhverjum manni var úthlutað jafnt í hlutfalli við fjölskyldu hans, **K&S** 51:3. Skipan var á komið svo að hinir heilögu gætu verið jafnir að himneskum og jarðneskum efnum, **K&S** 78:4–5. Sérhver maður skyldi hafa jafna kröfu í samræmi við nauðsyn og þarfir, **K&S** 82:17–19. Síon verður ekki reist nema eftir lögmálsreglum himneska ríkisins, **K&S** 105:5.

Hugur og hjarta þjóðar Enoks voru eitt, og hún lifði í réttlæti og enginn fátækur var á meðal hennar, **HDP Móse** 7:18.

Helgur. *Sjá einnig* Heilagleiki;

Hreinn, hreinleiki; Lausn frá synd

Heilagur, með guðlega eiginleika eða andlega og siðferðilega hreinn. Hið gagnstæða við helgur er ruddalegur eða óguðlegur.

Þér skuluð vera mér prestaríki og heilagur lýður, **2 Mós** 19:5–6 (1 Pét 2:9). Drottinn bauð Ísrael: Verið heilagir, því að ég er heilagur, **3 Mós** 11:44–45. Sá er hefur óflekkaðar hendur og hreint hjarta fær að dvelja á hans helga stað, **Sálm** 24:3–4. Kennið lýð mínum að gjöra greinarmun á heilögu og óheilögu, **Esek** 44:23.

Guð hefur kallað oss heilagri köllun, **2 Tím** 1:8–9. Þú hefur frá blautu barnsbeini þekkt heilagar ritningar, **2 Tím** 3:15. Helgir menn töluðu orð frá Guði, knúðir af heilögum anda, **2 Pét** 1:21.

Allir menn munu dæmdir í samræmi við sannleikann og helgi þá, sem í Guði býr, **2 Ne** 2:10. Hinn náttúrlegi maður verður heilagur fyrir friðþægingu Krists, **Mósía** 3:19. Fylgið heilagri reglu Guðs, **Al** 7:22 (Al 13:11–12). Þrjár lærisveinar voru helgaðir í líkamnum og gjörðir heilagir, **3 Ne** 28:1–9, 36–39.

Far ekki léttúðlega með það sem heilagt er, **K&S** 6:12. Þú getur þess vegna aðeins skrifað það sem heilagt er, að það komi frá mér, **K&S** 9:9. Þér skuluð skuldbinda yður til að breyta í öllu í heilagleika frammi fyrir mér, **K&S** 43:9. Lærisveinar mínir munu standa á helgum stöðum, **K&S** 45:32. Það sem að ofan kemur er heilagt, **K&S** 63:64. Lítil börn eru heilög, **K&S** 74:7. Helgið þennan stað, svo hann verði heilagur, **K&S** 124:44.

Drottinn mun safna sínum kjörnu til helgrar borgar, **HDP Móse** 7:62.

Helja. *Sjá einnig* Dauði, andlegur; Djöfull; Fordæming; Glötunarsynirnir

Síðari daga opinberanir fjalla um helju í a. m. k. tvennum skilningi. Í fyrsta lagi er hún bráðabirgðabústaður í andaheiminum fyrir þá sem voru óhlýðnir

í jarðlífinu. Í þessum skilningi tekur helja enda. Öndunum þar verður kennt fagnaðarerindið og einhverntíma að aflokinni iðrun þeirra munu þeir rísa upp til þess dýrðarstígs sem þeir verðskulda. Þeir, sem ekki vilja iðrast, en eru þó ekki glötunarsynir, munu dvelja í helju meðan þúsundarárikið stendur. Eftir þau þúsund ár þjánainga munu þeir rísa upp til jarðneskrar dýrðar (**K&S** 76:81–86; 88:100–101).

Í öðru lagi er helja varanlegur dvalarstaður þeirra sem ekki eru endurlestir fyrir friðþægingu Jesú Krists. Í þessum skilningi er helja varanleg. Hún er fyrir þá sem eru „ennþá óhreinir“ (**K&S** 88:35, 102). Þetta er staðurinn þar sem Satan, englar hans og glötunarsynirnir — þeir sem hafa afneitað syninum eftir að faðirinn hefur opinberað hann — munu dvelja um eilífð (**K&S** 76:43–46).

Stundum nefna ritningarnar helju hið ysta myrkur.

Líf Davíðs mun ekki ofurselt helju, **Sálm** 16:10 (Sálm 86:13).

Far til heljar í hinn óslökkvanda eld, **Mark** 9:43 (Mósía 2:38). Ríki maðurinn hóf upp augu sín í helju þar sem hann var í kvölum, **Lúk** 16:22–23 (**K&S** 104:18). Dauðinn og hel skiluðu hinum dauðu, **Op** 20:13.

Staður er fyrirbúinn, já einmitt hið ógnvekjandi víti, **1 Ne** 15:35. Vilji holdsins gefur anda djöfulsins vald til að hneppa í ánaud og koma okkur niður til vítis, **2 Ne** 2:29. Kristur bjó okkur leið til lausnar undan dauða og vítis, **2 Ne** 9:10–12. Þeir sem halda áfram að vera saurugir hljóta ævarandi kvöl, **2 Ne** 9:16. Djöfullinn svíkst að sálum þeirra og leiðir þá varfærnislega til heljar, **2 Ne** 28:21. Jesús hefur leyst sál mína undan vítis, **2 Ne** 33:6. Leysið yður undan kvölum vítis, **Jakob** 3:11. Þeir sem djöfullinn hneppir í ánaud og leiðir að vilja sínum til tortímingar eru í hlekkjum vítis, **Al** 12:11. Hinum siðlausu er vísað út í ystu myrkur fram að upprisutíma sínum, **Al** 40:13–14. Hinn saurugi verður

enn óhamingjusamari að dvelja með Guði en ef hann dvelur í helju, **Morm 9:4**.

Sú refsing sem hönd mín veitir er óendanleg refsing, **K&S 19:10–12**. Víti er staður undirbúinn fyrir djöfulinn og engla hans, **K&S 29:37–38**. Þeir sem við-urkenna Guð eru endurleystir frá dauða og viðjum heljar, **K&S 138:23**.

Helsi. *Sjá Ánaud*

Hendur. *Sjá Handayfirlagning*

Heródes

Stjórnendur og ættmenn í Júdeu ná-lægt tíma Jesú Krists. Þeir komu mikið við sögu í mörgum atburðum Nýja testamentis. Fjölskyldan var stofnuð af Heródesi konungi sem óttaðist fæðingu frelsarans (Matt 2:3) og skipaði fjöldamorð ungabarna í Betlehem. Á meðal sona hans voru Aristobulus; Heródes Filippus (Matt 14:3; Mark 6:17); Heródes Antipas, fjórðungsstjóri, (Matt 14:1; Lúk 9:7; einnig þekktur sem Heródes konungur, Mark 6:14); Arkelás (Matt 2:22); og Filippus, fjórðungsstjóri í Ítúreu (Lúk 3:1). Heródes Agrippa I (Post 12:1–23) og systir Heródesar (Matt 14:3; Mark 6:17) voru börn Aristobulus. Heródes Agrippa I átti nokkur börn sem einnig voru nefnd í Nýja testamentinu, þar á meðal Heródes Agrippa II (Post 25:13), Berníke (Post 25:13), og Drúsilla, eigin-kona Felixar (Post 24:24).

Heródías

Systir Heródesar Agrippu í Nýja testam-enti. Hún var gift frænda sínum, Heródesi Filippusi, og átti með honum dóttur, Salóme. Hún og Salóme gjörðu samsæri um að láta hálshöggva Jóhannes skírara (Matt 14:3–11).

Hertygi, herklæði

Hlíf notuð til að vernda líkamann fyrir höggum og stungum vopna. Orðið er einnig notað yfir andlega eiginleika sem vernda menn fyrir freistingum og því sem illt er.

Klæðist alvæpni Guðs, **Ef 6:10–18** (K&S 27:15–18).

Hégómlegur, hégómi. *Sjá einnig* Drambsemi; Veraldarhyggja

Blekking eða prettvísi, dramb eða hroki. *Hégómlegur* og *hégómi* getur einnig merkt innantómur eða verðlaus.

Sá sem eigi sækist eftir hégóma fær að stíga upp á fjall Drottins, **Sálm 24:3–4**.

Þegar þér biðjist fyrir, skuluð þér ekki fara með fánýta mælg, **Matt 6:7**.

Hin mikla rúmgóða bygging tákna hégómlega ímyndun og dramb, **1 Ne 12:18**. Ætlið þér enn að festa hjörtu yðar við hégóma þessa heims, **Al 5:53**. Leitaðu ekki eftir hégóma þessa heims því að þú getur ekki tekið slíkt með þér, **Al 39:14**.

Léttuð og vantrú hefur leitt kirkjuna undir fordæmingu, **K&S 84:54–55**. Þegar við reynum að seðja hégómlegan metnað okkar draga himnarnir sig í hlé, **K&S 121:37**.

Hið allra helgasta. *Sjá einnig* Musteri, hús Drottins; Tjaldbúð

Friðhelgasta herbergið í tjaldbúð Móse og síðar í musterinu. Einnig er talað um Hið heilaga og skildi fortjalðið á milli (2 Mós 26:33–34).

Hið háa prestdæmi. *Sjá* Melkisedeksprestdæmi

Himinn. *Sjá einnig* Himnesk dýrð; Paradís; Ríki Guðs eða ríki himna

Orðið *himinn* hefur tvær grunnmerkingar í ritningunum. (1) Hann er staðurinn þar sem Guð dvelur og fram-tíðarheimili hinna heilögu (1 Mós 28:12; Sálm 11:4; Matt 6:9). (2) Hann er víðáttan umhverfis jörðina (1 Mós 1:1, 17; 2 Mós 24:10). Himinninn er greinilega ekki *paradís*, sem er bráðabirgðadvalarstaður trúfastra anda þeirra sem lifað hafa og dáið á þessari jörð. Jesús heimsótti paradís eftir dauða sinn á krossinum, en á þriðja degi greindi hann Maríu frá því að enn hefði hann ekki komið til föðurins (Lúk 23:39–44; Jóh 20:17; K&S 138:11–37).

Ég horfi á himinninn, verk handa

pinna, **Sálm** 8:4. Fyrir orð Drottins voru himnarnir gjörðir, **Sálm** 33:6. Hversu ertu hröpuð af himni, þú árborna morgunstjarna, **Jes** 14:12 (2 **Ne** 24:12). Himinninn vefst saman eins og bókfell, **Jes** 34:4. Ég skapa nýjan himin og nýja jörð, **Jes** 65:17. Guð mun ljúka upp flóðgáttum himinsins, **Mal** 3:10.

Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn, **Matt** 6:9 (3 **Ne** 13:9). Páll var hrifinn upp til þriðja himins, **2 Kor** 12:2. Þögn varð á himni, **Op** 8:1 (**K&S** 88:95–98).

Ef þeir standa stöðugir allt til enda, er tekið á móti þeim á himni, **Mósía** 2:41. Þér megið verða börn föður yðar á himni, **3 Ne** 12:45.

Ég mun koma í skjýjum himins, **K&S** 45:16. Elía var hrifinn til himins án þess að smakka dauðann, **K&S** 110:13. Réttur prestdæmisins er tengdur krafti himins, **K&S** 121:36. Tvenns konar verur eru á himni, **K&S** 129:1.

Síon var tekin upp til himins, **HDP Móse** 7:23.

Himnesk dýrð. *Sjá einnig Dýrðarstig;* Eilíft líf; Upphafning

Hið hæsta þriggja dýrðarstiga sem menn geta náð að loknu þessu lífi. Hinir réttlátu munu dvelja þar í návist Guðs föðurins og sonar hans Jesú Krists.

Vegsemd hinna himnesku er eitt, **1 Kor** 15:40 (**K&S** 76:96). Páll var hrifinn burt, allt til þriðja himins, **2 Kor** 12:2.

Himnesk dýrð var sýnd í sýn, **K&S** 76:50–70. Ef heilagir óska vistar í himneskum heimi verða þeir að undirbúast, **K&S** 78:7. Sá sem ekki fær staðist lög-mál himneska ríkisins, fær ekki staðist himneska dýrð, **K&S** 88:15–22. Í hinni himnesku dýrð eru þrír himnar; skilyrði eru sett fram til þess að ná hinum hæsta, **K&S** 131:1–2. Öll börn sem deyja áður en þau ná ábyrgðaraldri eru hólpin í himneska ríkinu, **K&S** 137:10.

Himneskur faðir. *Sjá* Faðir á himnum; Guð, guðdómur

Himní. *Sjá* **Mósía**, sonur Benjamíns; **Mósía**, synir hans

Í **Mormónsbók**, sonur **Mósía** konungs. Himní fór með bræðrum sínum að þrédika fyrir **Lamanítum** (**Mósía** 27:8–11, 34–37; 28:1–9).

Hin dýrmæta perla. *Sjá einnig* Helgiritin; **Joseph Smith** yngri; Ritningar

Guðsríki á jörðu er líkt við dýrmæta perlu (**Matt** 13:45–46).

Hin dýrmæta perla er einnig nafn á einni af fjórum aðalritningunum sem nefnast helgirit **Kirkju Jesú Krists** hinna Síðari daga heilögu. Fyrsta útgáfa Hinnar dýrmætu perlu kom út 1851 og hafði að geyma nokkuð af því efni sem nú er í **Kenningu** og **sáttmálum**. Útgáfur gefnar út eftir 1902 hafa að geyma (1) útdrátt úr þýðingu **Josephs Smith** á **Genesis**, kölluð **Bók Móse**, og úr 24. kaþítula **Matteusarguðspjalls**, kallað **Joseph Smith — Matteus**; (2) þýðingu **Josephs Smith** á egypskum papýrus sem hann fékk í hendur 1835, kölluð **Bók Abrahams**; (3) útdrátt úr sögu kirkjunnar eftir **Joseph Smith** sem hann ritaði 1838, kölluð **Joseph Smith — Saga**; og (4) **Trúaratriði**, þrettán yfirlýsingar um trú og kenningu.

Hinn annar huggari. *Sjá* **Huggari**

Hinn heilagi Ísraels. *Sjá* **Jesús Kristur**

Hinn náttúrlegi maður. *Sjá einnig* **Endurfæddur**, **fæddur af Guði**; **Fall Adams** og **Evu**; **Holdlegur**

Sá sem verður að láta leiðast af ástríðum, girndum, löngunum og holdlegum tilfinningum fremur en áminningum heilags anda. Slíkur maður fær skilið hið líkamlega en ekki hið andlega. Allir menn eru holdlegir eða dauðlegir, vegna falls **Adams** og **Evu**. Hver maður verður að endurfæðast fyrir friðþægingu **Jesú Krists** til þess að láta af að vera náttúrlegur maður.

Hinn smurði

Maðurinn án anda veitir ekki viðtöku því, sem Guðs anda er, **1 Kor 2:14**.

Hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs nema hann losi sig úr viðjunum, **Mósía 3:19**. Sá sem heldur fast í holdlegt eðli sitt helst í sínu fallna ástandi, **Mósía 16:5** (Al 42:7–24; K&S 20:20). Hver er sá náttúrlegi maður, er viti þetta, **Al 26:19–22**. Náttúrlegir eða holdlegir menn eru án Guðs í heiminum, **Al 41:11**.

Vegna brots síns varð maðurinn andlega dauður, **K&S 29:41**. Né getur nokkur náttúrlegur maður staðist návist Guðs, **K&S 67:12**.

Menn tóku að verða holdlegir, munúðarfullir og djöfullegir, **HDP Móse 5:13** (HDP Móse 6:49).

Hinn smurði. *Sjá einnig* Jesús Kristur; Messías

Jesús er kallaður *Kristur* (grískt orð) eða *Messías* (aramískt orð). Bæði orðin merkja „hinn smurði.“ Hann er sá sem *smurður* var af föðurnum til þess að vera persónulegur fulltrúi föðurins í öllu er varðar sáluhjálp mannkyns.

Drottinn hefur smurt mig, **Jes 61:1–3**.

Hann hefur smurt mig til þess að prédika fagnaðareringið, **Lúk 4:16–22**. Jesús var smurður af Guði föðurnum, **Post 4:27**. Guð smurði Jesú frá Nasaret, **Post 10:38**.

Hirðir. *Sjá einnig* Góði hirðirinn; Jesús Kristur

Táknrænt, manneskja sem annast um börn Drottins.

Drottinn er minn hirðir, **Sálm 23:1**. Hirðarnir skulu halda hjörðinni til haga, **Esek 34:2–3**.

Hiskía

Réttlátur konungur þjóðar Júdeu í Gamla testamenti. Hann ríkti í tuttugu og níu ár, á þeim tíma sem Jesaja var spámaður í Júdeu (2 Kon 18–20; 2 Kro 29–32; Jes 36–39). Jesaja hjálpaði honum að siðbæta bæði kirkju og ríki. Hann bældi niður skurðgoðadýrkun og endurnýjaði musterisþjónustuna. Líf Hiskía

var framlengt um fimmtán ár fyrir bæn og trú (2 Kon 20:1–7). Velgengni var á fyrri hluta stjórnartíðar hans, en uppreisn hans gegn Assýríukonungi (2 Kon 18:7) leiddi af sér tvær innrásir Assýringa: Hinni fyrri er lýst í Jes 10:24–32, hinni síðari í 2 Kon 18:13–19:7. Í síðari innrásinni var Jerúsalem bjargað af engli Drottins (2 Kon 19:35).

Hjarta. *Sjá einnig* Endurfæddur, fæddur af Guði; Sundurkramið hjarta

Tákn huga og vilja mannsins og táknræn uppspretta allra tilfinninga og skynjana.

Þú skalt elska Drottin Guð þinn af öllu hjarta þínu, **5 Mós 6:5** (5 Mós 6:3–7; Matt 22:37; Lúk 10:27; K&S 59:5). Drottinn leitaði að manni eftir sínu hjarta, **1 Sam 13:14**. Mennirnir líta á útlitið, en Drottinn lítur á hjartað, **1 Sam 16:7**. Sá sem hefur óflekkaðar hendur og hreint hjarta fær að stíga upp á fjall Drottins og mun blessun hljóta, **Sálm 24:3–5** (2 Ne 25:16). „Et og drekk!“ segir hann við þig, en hjarta hans er eigi með þér, **Okv 23:7**. Elía mun snúa hjörtum feðranna til barnanna og hjörtum barnanna til feðranna, **Mal 4:5–6** (Lúk 1:17; K&S 2:2; 110:14–15; 138:47; JS — S 1:38–39).

Sælir eru hjartahreindir, **Matt 5:8** (3 Ne 12:8). Maðurinn ber fram gott eða illt úr hjarta sínu, **Lúk 6:45**.

Fylgið syninum af hjartans einlægni, **2 Ne 31:13**. Hafði þér fæðst andlega af Guði, hefur þessi gjörbreyting orðið í hjarta yðar, **Al 5:14**. Bjóðið mér sem fórn sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, **3 Ne 9:20** (3 Ne 12:19; Et 4:15; Moró 6:2).

Ég mun segja þér í huga þínum og hjarta, með heilögum anda, **K&S 8:2**.

Hjálpræði. *Sjá* Sáluhjálp, hjálpræði

Hjónaband. *Sjá* Giftast

Hlusta og hlýða á. *Sjá einnig* Eyra; Hlýðni, hlýðinn, hlýða

Að hlusta og hlýða rödd og kenningum Drottins.

Spámann mun Drottinn upp vekja, líkan Móse, og á hann skal fólkið hlýða, **5 Mós** 18:15. Hlýðni er betri en fórn, gaumgæfni betri en feiti hrútanna, **1 Sam** 15:20–23. Vér höfum ekki hlýtt þjónum þínum, spámönnum, **Dan** 9:6.

Hinir réttlátu, sem hlýða á orð spámannanna, það eru þeir sem farast ekki, **2 Ne** 26:8. Ef þér viljið ekki hlýða á rödd hins góða hirðis eruð þér ekki sauðir hans, **Al** 5:38 (He 7:18).

Hlýðið á, ó, þér sem í kirkju minni eruð, **K&S** 1:1. Andinn upplýsir sérhvernum mann í heiminum, sem hlýðir á rödd hans, **K&S** 84:46–47. Þeir voru tregir til að hlýða á raust Drottins; þess vegna var hann tregur til að hlusta á bænir þeirra, **K&S** 101:7–9. Þeir sem ekki hlýða boðum og fyrirmælum eru agaðir, **K&S** 103:4 (HDP Móse 4:4).

Hlutkesti

Aðferð til að velja eða hafna nokkrum kostum við val, oft gert með því að velja einn fræmiða eða trékubb meðal margra. Þetta er kallað að varpa hlutkesti.

Þeir skiptu með sér fötum hans með hlutkesti, **Matt** 27:35 (Sálm 22:18; Mark 15:24; Lúk 23:34; Jóh 19:24). Þeir hlutuðu um þá, og kom upp hlutur Mattíasar, **Post** 1:23–26.

Við vörpuðum hlutkesti um það hver okkar skyldi sækja Laban heim, **1 Ne** 3:11.

Hlýðni, hlýðinn, hlýða. Sjá einnig

Blessa, blessaður, blessun; Boðorð Guðs; Ganga, ganga með Guði; Gleði; Hlusta og hlýða á; Lögmál

Í andlegum skilningi er hlýðni að framkvæma vilja Guðs.

Allt gjörði Nói eins og Guð bauð honum, **1 Mós** 6:22. Abraham hlýddi Drottni, **1 Mós** 22:15–18. Vér viljum gjöra allt það, sem Drottinn hefur boðið, **2 Mós** 24:7. Heyr því, Ísrael, og gæt þess að breyta eftir því, **5 Mós** 6:1–3. Elska Drottin Guð þinn, hlýð raustu hans, **5 Mós** 30:20. Hlýðni er betri en fórn,

1 Sam 15:22. Óttastu Guð og haltu hans boðorð, **Préd** 12:13–14.

Ekki mun hver sem er ganga inn í himnaríki, heldur sá einn sem gjörir vilja föður míns, **Matt** 7:21 (3 Ne 14:21). Sá sem vill gjöra vilja hans, mun komast að raun um, hvort kenningin er frá Guði, **Jóh** 7:17. Framar ber að hlýða Guði en mönnum, **Post** 5:29. Þér börn, hlýðið foreldrum yðar, **Ef** 6:1 (Kól 3:20).

Ég skal fara og gjöra það sem Drottinn hefur boðið, **1 Ne** 3:7. Ég hlýddi rödd andans, **1 Ne** 4:6–18. Haldi mannanna börn boðorð Drottins veitir hann þeim næringu og styrk, **1 Ne** 17:3. Varist að hlýðnast hinum illa anda, **Mósía** 2:32–33, 37 (K&S 29:45). Menn uppskera laun sín samkvæmt þeim anda sem þeim þóknast að hlýða, **Al** 3:26–27.

Menn ættu að gjöra margt af frjálsum vilja sínum, **K&S** 58:26–29. Í engu misbýður maðurinn Guði, nema þeir sem ekki hlýða boðorðum hans, **K&S** 59:21. Ég, Drottinn, er bundinn, þegar þér gjörrið það sem ég segi, **K&S** 82:10. Sérhver sál sem hlýðir rödd minni mun sjá ásjónu mína og vita að ég er, **K&S** 93:1. Aga verður fólk mitt, þar til það lærir hlýðni, **K&S** 105:6. Þegar við öðlumst einhverja blessun frá Guði, þá er það fyrir hlýðni við það lögmál, sem sú blessun er bundin við, **K&S** 130:21.

Adam var hlýðinn, **HDP Móse** 5:5. Vér munum reyna þá og sjá hvort þeir gjöra allt, sem Drottinn býður þeim, **Abr** 3:25.

Hneyksla. Sjá Misbjóða

Hold. Sjá einnig Dauðlegur, dauðleiki; Hinn náttúrlegi maður; Holdlegur; Líkami

Hold hefur nokkrar merkingar: (1) sá mjúki vefur sem myndar líkami manna, dýra, fugla og fiska; (2) dauðleiki; eða (3) líkamlegt eða holdlegt eðli mannsins.

Líkamsvefur. Allt sem hrærist og lifir, skal vera yður til fæðu, **1 Mós** 9:3. Dýr ætti ekki að drepa að óþörfu, **ÞJS**, **1 Mós** 9:10–11 (K&S 49:21).

Dýr og fuglar eru ætluð manningum

Holdlegur

til fæðu og klæðis, **K&S** 49:18–19 (K&S 59:16–20). Við ættum að neyta kjöts í hófi, **K&S** 89:12–15.

Dauðleiki: Jesús er hinn eini getinn af föðurnum í holdinu, **Jóh** 1:14 (Mósía 15:1–3).

Adam varð hið fyrsta hold á jörðu, **HDP Móse** 3:7.

Holdlegt eðli mannsins: Bölvaður er sá maður sem gjörir hold að styrkleika sínum, **Jer** 17:5.

Andinn er reiðubúinn, en holdið er veikt, **Mark** 14:38. Fýsn holdsins er ekki frá föðurnum, **1 Jóh** 2:16.

Nefi hryggðist vegna holds síns og misgjörða, **2 Ne** 4:17–18, 34. Semjið yður ekki að vilja djöfulsins og holdsins, **2 Ne** 10:24.

Holdlegur. *Sjá einnig* Fall Adams og Evu; Hinn náttúrlegi maður; Munúðarfullur, munúð

Eitthvað sem ekki er andlegt; nákvæmar tiltekið, er orðið notað um annað hvort dauðlegt eða jarðneskt (K&S 67:10) eða veraldlegt, holdlegt og munúðarfullt (Mósía 16:10–12).

Það er dauði að vera holdlega sinn-aður, **2 Ne** 9:39. Djöfullinn mun hvetja menn til andvaraleysisdvala holdlegs öryggis, **2 Ne** 28:21. Þeir höfðu séð sjálfa sig í viðjum holdsins, **Mósía** 4:2. Sá sem heldur fast í holdlegt eðli sitt helst í sínu fallna ástandi, **Mósía** 16:5. Allir þurfa að fæðast af Guði, hverfa úr viðjum holdlegs og fallins hlutskiptis, **Mósía** 27:25. Eðli þeirra var orðið holdlegt, munúðarfullt og djöfullegt, **Al** 42:10.

Þeir sem fylgja sinni eigin hyggju og holdlegum þrám hljóta að falla, **K&S** 3:4. Enginn maður hefur nokkru sinni séð Guð með holdlegum huga, **K&S** 67:10–12.

Menn tóku að verða holdlegir, munúðarfullir og djöfullegir, **HDP Móse** 5:13; 6:49.

Holdsveiki

Hræðilegur húðsjúkdómur, nefndur í Gamla og Nýja testamenti. Margt

merkra manna í Biblíunni voru um skeið með þennan sjúkdóm, þar á meðal Móse (2 Mós 4:6–7), Mirjam systir hans (4 Mós 12:10), Naaman (2 Kon 5), Ússía konungur (2 Kro 26:19–21).

Jesús læknaði holdsveiki margra manna, **Matt** 8:2–4 (Mark 1:40–45; Lúk 5:12–15; 3 Ne 17:7–9). Jesús læknaði tíu holdsveika, **Lúk** 17:11–19.

Hófsemi. *Sjá einnig* Auðmjúkur, auðmýkt

Framkoma eða yfirbragð sem er auðmjúkt, öfgalaust, og siðsamlegt. Hófsöm manneskja forðast öfga og hégómaskap.

Guð gjörði Adam og Evu skinnkyrtla og lét þau klæðast þeim, **1 Mós** 3:21 (HDP Móse 4:27).

Konur skryði sig sæmandi búningi, **1 Tím** 2:9. Verið höglátar, skírífár, heimilisræknar, **Títus** 2:5.

Margir hreykja sér upp vegna dýrindis klæða sinna, **Jakob** 2:13.

Klæði yðar séu látlaus, **K&S** 42:40.

Vér trúum að vér eigum að vera hreinlíf og dyggðug, **TA** 1:13.

Hógvær, hógværð. *Sjá einnig*

Auðmjúkur, auðmýkt; Sundurkramið hjarta; Þolinmæði, þolgæði

Guðhræddur, réttlátur, auðmjúkur, námfús og þolinmóður í þjáningum. Hógværir vilja fylgja kenningu fagnaðarerindisins.

Móse var mjög hógvær, **4 Mós** 12:3. Hinir hógværu fá landið til eignar, **Sálm** 37:11 (Matt 5:5; 3 Ne 12:5; K&S 88:17). Leitið Drottins, allir þér hinir auðmjúku. Ástundið réttlæti, ástundið auðmýkt, **Sef** 2:3 (1 Tím 6:11).

Lærið af mér, því að ég er hógvær og af hjarta lítillátur, **Matt** 11:29. Auðmýkt er ávöxtur andans, **Gal** 5:22–23. Þjónn Drottins verður að vera ljúfur við alla, góður fræðari, þolininn í þrautum, hógvær er hann agar þá, sem skipast í móti, **2 Tím** 2:24–25. Maður hógværs og kyrrláts anda er dýrmætur í augum Guðs, **1 Pét** 3:4.

Losið yður úr viðjum hins náttúrlega manns og gjörist högværir, **Mósía** 3:19 (Al 13:27–28). Guð bauð Helaman að kenna þjóðinni að vera auðmjúk, **Al** 37:33. Náð Guðs nægir hinum bljúgu, **Et** 12:26. Þér trúið á Krist vegna högværðar yðar, **Moró** 7:39. Enginn er Guði velþóknanlegur nema hinn högværi og af hjarta lítilláti, **Moró** 7:44. Fyrirgefning syndanna leiðir til högværðar og vegna högværðar kemur vitjun heilags anda, **Moró** 8:26.

Gakk í högværð anda míns, **K&S** 19:23. Stjórna húsi þínu með högværð, **K&S** 31:9. Krafti og áhrifum prestdæmisins er viðhaldið með mildi og högværð, **K&S** 121:41.

Hórdómur. Sjá einnig Hreinlífi;

Kynferðislegt siðleysi;
Munúðarfullur, munúð;
Samkynhneigð hegðun (kynhverfa);
Saurlifnaður

Ólögmæt kynmök karls og konu. Þótt hórdómur tákni venjulega samræði milli giftrar manneskju og einhvers annars en maka hans eða hennar, getur orðið einnig átt í ritningunum við ógífta.

Stundum er orðið hórdómur notað sem tákn um fráhrarf lands eða heillar þjóðar frá vegum Drottins (4 Mós 25:1–3; Jer 3:6–10; Esek 16:15–59; Hós 4).

Jósef vildi ekki aðhafast þessa miklu óhæfu og syndga gegn Guði, **1 Mós** 39:7–12. Þú skalt ekki drýgja hór, **2 Mós** 20:14.

Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu, **Matt** 5:28. Hvorki munu saurlífismenn né hórkarlar Guðs ríki erfa, **1 Kor** 6:9–10. Hórkarla og frillulífsmenn mun Guð dæma, **Hebr** 13:4.

Hórdómur er synd, sem er öllum öðrum syndum víðurstygglegrri að því undanskildu að úthella saklausu blóði og afneita heilögum anda, **Al** 39:3–5.

Þeim sem drýgir hór og iðrast ekki, skal vísað burt, **K&S** 42:23–26. Hver sem drýgir hór í hjarta sínu skal ekki hafa andann, **K&S** 63:14–16.

Hósea

Spámaður í Gamla testamenti sem starfaði í nyrðra konungdæmi Ísraels á síðari hluta stjórnatíðar Jeróboams II. Hann var uppi á tíma hrörnunar og glötunar í þjóðlífi Ísraels, sem orsakadist af syndsamlegu líferni þjóðarinnar.

Bók Hósea: Grunnhugsun bókarinnar er kærleikur Guðs til þjóðar hans. Allar hirtingar hans eru kærleiksríkar og endurreisn Ísraels verður fyrir kærleik hans (Hós 2:19; 14:4). Andstætt þessu sýnir Hósea fram á ótrúmennsku og svik Ísraels. Samt sem áður getur Guð horft fram til frelsunar Ísraels að lokum (Hós 11:12–14:9).

Hósianna

Orð úr hebresku sem merkir „viltu frelsa okkur“ og er notað sem lof og ákall.

Á laufskálahátíðinni, sem var haldin til minningar um að Drottinn bjargaði Ísrael til fyrirheitna landsins, var 118. sálmurinn sunginn og pálmagreinum veifað. Við innreið Drottins inn í Jerúsalem hrópaði fólkíð „Hósianna“ og breiddi pálmagreinar á götuna sem Jesús reið um og sýndi þannig að því var ljóst að Jesús var hinn sami Drottinn og bjargað hafði Ísrael til forna (Sálm 118:25–26; Matt 21:9, 15; Mark 11:9–10; Jóh 12:13). Þetta fólk þekkti Krist sem hinn langbráða Messías. Orðið *Hósianna* hefur orðið fagnaðaróp vegna Messíasar á öllum öldum (1 Ne 11:6; 3 Ne 11:14–17). Hósianna hrópið var í vígslubæn Kirtland musterisins (K&S 109:79) og er nú hluti vígslubæna nútíma mustera.

Hreinlífi. Sjá einnig Dyggð; Hórdómur; Munúðarfullur, munúð; Saurlifnaður

Kynferðislegur hreinleiki karla og kvenna.

Jósef lét ekki tælast af konu Pótí-fars, **1 Mós** 39:7–21 (K&S 42:24; 59:6). Þú skalt ekki drýgja hór, **2 Mós** 20:14. Væn kona er kóróna manns síns, **Okv** 12:4 (Okv 31:10).

Vitið þér ekki að líkami yðar er must-eri heilags anda, **1 Kor** 6:18–19. Ver fyrir-mynd í hreinleika, **1 Tím** 4:12.

Ekkert óhreint fær dvalið í návist Guðs, **1 Ne** 10:21. Því ég, Drottinn Guð, hef velþóknun á hreinleika kvenna, **Jakob** 2:28. Kynferðisbrot eru viðurstyggleig, **Al** 39:1–13. Kærast og dýrmætast alls er hreinleiki og dyggð, **Moró** 9:9.

Vér trúum að vér eigum að vera hrein-líf, **TA** 1:13.

Hreinn, hreinleiki. *Sjá einnig* Hreint og óhreint; Lausn frá synd

Laus við synd og sekt; flekklaus. Maðurinn verður hreinn þegar hugs-anir hans og athafnir eru á allan hátt óspilltar. Sá sem hefur syndgað getur hreinsast fyrir trú á Jesú Krist, iðrun og með því að meðtaka helgiathafnir fagnaðarerindisins.

Sá sem hefur hreint hjarta og ófleck-aðar hendur mun blessun hljóta frá Drottini, **Sálm** 24:3–5. Hreinsið yður, þér sem berið ker Drottins, **Jes** 52:11 (**K&S** 133:4–5).

Sælir eru hjartahreindir, **Matt** 5:8 (3 Ne 12:8). Allt sem er hreint, hugfestið það, **Fil** 4:8 (**TA** 1:13).

Ó lyftið höfðum yðar, allir þér, sem hjartahreindir eruð, og takið við hug-ljúfu orði Drottins, **Jakob** 3:2–3. Getið þér litið upp til Guðs á þeim degi með hreinu hjarta og flekklausum höndum, **Al** 5:19. Hreinir og flekklausir fyrir Guði gátu þeir einungis litið á synd með við-bjóði, **Al** 13:12. Verðum hreinir eins og Kristur er hreinn, **Moró** 7:48 (**Morm** 9:6).

Kristur mun geyma sér hreint fólk, **K&S** 43:14. Drottinn bauð að byggja skyldi hús í Síon þar sem hinir hreinu munu sjá Guð, **K&S** 97:10–17. Þetta er Síon — hinir hjartahreinu, **K&S** 97:21.

Hreint og óhreint. *Sjá einnig* Hreinn, hreinleiki; Mósælögmál; Óhreinindi

Í Gamla testamentinu opinberaði Drottinn Móse og Ísraelsmönnum til forna að einungis ákveðnar fæðuteg-undir teldust hreinar, eða með öðrum orðum hæfar til matar. Greining Ísra-

elsmanna á milli hreinnar og óhreinnar fæðu hafði mikil áhrif á samfélag þeirra og trúarlíf. Ákveðin dýr, fuglar og fiskar voru álitin hrein og þau mátti eta, en önnur voru óhrein og forboðin (3 Mós 11; 5 Mós 14:3–20). Menn haldnir ákveðnum sjúkdómum voru einnig taldir óhreinir.

Í andlegum skilningi táknað að vera hreinn sama og að vera laus við synd og syndsamlegar hvatir. Í þessum skilningi er orðið notað til að lýsa þeim sem eru siðsamir og hjartahreindir (**Sálm** 24:4). Sáttmálsþjóð Drottins hefur alltaf fengið sérstök fyrirmæli um að vera hrein (3 Ne 20:41; **K&S** 38:42; 133:5).

Sá sem hefur hreint hjarta og ófleck-aðar hendur mun blessun hljóta frá Drottini, **Sálm** 24:3–5.

Kallið engan mann vanheilagan eða óhreinan, **Post** 10:11–28.

Getið þér litið upp til Guðs á þeim degi með hreinu hjarta og flekklausum höndum, **Al** 5:19.

Drottinn mun aga Síon þar til hún er hrein, **K&S** 90:36. Hreinsið yður, þér sem berið ker Drottins, **K&S** 133:4–5, 14 (**Jes** 52:11).

Huggari. *Sjá einnig* Heilagur andi; Jesús Kristur

Ritningarnar greina frá tveimur hugg-urum. Hinn fyrri er heilagur andi (**Jóh** 14:26–27; **Moró** 8:26; **K&S** 21:9; 42:17; 90:11). Hinn annar huggari er Jesús Kristur (**Jóh** 14:18, 21, 23). Þegar ein-hverjum veitist hinn annar huggari, birtist Jesús Kristur honum öðru hverju, opinberar föðurinn og kennir honum augliti til auglitis (**K&S** 130:3).

Hugleiða. *Sjá* Íhuga, ígrunda

Hugrekki, hugrakkur. *Sjá einnig* Átrúnaður; Ötti

Að óttast ekki, sér í lagi að gjöra það sem rétt er.

Verið hughraustir og öruggir, **5 Mós** 31:6 (**Jós** 1:6–7). Reynist nú mjög stað-fastir í því að halda og gjöra allt, sem ritað er, **Jós** 23:6.

Ekki gaf Guð oss anda hugleysis, **2 Tím 1:7**.

Þegar hann heyrði, fylltist hann hugrekki, **Al 15:4** (**Al 62:1**). Synir Helamans voru sérlega hugdjarfir og kjarkmiklir, **Al 53:20–21**. Aldrei hef ég séð þvílíkt hugrekki, **Al 56:45**.

Hugrekki, bræður, og áfram, áfram til sigurs, **K&S 128:22**.

Hugsanir. *Sjá einnig Íhuga, ígrunda; Sjálfræði*

Hugmyndir, hugtök, og svipmyndir í huga mannsins. Hæfileikinn til að hugsa er gjöf frá Guði og okkur er frjálst að velja hvernig við beitum hugaraflinu. Hvernig við hugsum hefur mikil áhrif á viðhorf og atferli, svo og stöðu okkar að loknu þessu lífi. Réttlátar hugsanir leiða til frelsunar; ósiðlegar hugsanir leiða til fordæmingar.

Drottinn þekkir allar hugrenningar, **1 Kro 28:9**. „Et og drekk!“ segir hann við þig, en hjarta hans er eigi með þér, **Okv 23:7**. Mínar hugsanir eru ekki þínar hugsanir, **Jes 55:7–9**.

Jesús þekkti hugsanir þeirra, **Matt 12:25** (**Lúk 5:22; 6:8**). Innan frá, úr hjarta mannsins, koma hinar illu hugsanir, **Mark 7:20–23**. Vér hertökum hverja hugsun til hlýðni við Krist, **2 Kor 10:5**. Allt sem er satt, göfugt, hreint, elskuvert, hugfestið það, **Fil 4:8**.

Það er dauði að vera holdlega sinn-aður, en eilíft líf að vera andlega sinn-aður, **2 Ne 9:39**. Ef þér gætið yðar eigi og hugsana yðar, þá hljótið þér að farast, **Mósía 4:30**. Hugsanir vorar munu dæma oss, **Al 12:14**.

Enginn nema Guð þekkir hugsanir þínar og áform hjarta þíns, **K&S 6:16** (**K&S 33:1**). Beinið öllum hugsunum yðar til mín, **K&S 6:36**. Varðveitið lífsins orð stöðugt í hugum yðar, **K&S 84:85**. Varpið langt frá yðar hégómlegum hugsunum, **K&S 88:69**. Hugsanir og áform hjartna manna munu opinberuð, **K&S 88:109**. Lát dyggðir prýða hugsanir þínar linnulaust, **K&S 121:45**.

Hugsanir allra manna voru einungis og stöðugt illar, **HDP Móse 8:22**.

Hugur

Andlegir hæfileikar; meðvitað afl hugsunar.

Þjóna honum af öllu hjarta og fúsu geði, **1 Kro 28:9**.

Elska skalt þú Drottin, Guð þinn, af öllu hjarta þínu, **Matt 22:37**.

Það er dauði að vera holdlega sinn-aður, en eilíft líf að vera andlega sinn-aður, **2 Ne 9:39**. Þá kom rödd Drottins í huga minn, **Enos 1:10**. Orðið hafði kröftugri áhrif á huga fólksins en sverðið, **Al 31:5**.

Ég mun segja þér í huga þínum, **K&S 8:2**. Kanna það vel í huga þínum, **K&S 9:8**. Látið hátíðleika eilífðarinnar hvíla í hugum yðar, **K&S 43:34**. Hugur yðar hefur áður fyrr verið í myrkri, **K&S 84:54**. Gangið snemma til hvílu, rísið árla úr rekkju, svo að líkami yðar og hugur glæðist, **K&S 88:124**.

Satan þekkti ekki huga Guðs, **HDP Móse 4:6**. Drottinn nefndi þjóð sína Sion, vegna þess að hugur hennar og hjarta voru eitt, **HDP Móse 7:18**.

Hula. *Sjá Fortjald*

Orð notað í ritningunum í merk-ingunni (1) tákn um aðskilnað Guðs og manna, (2) þunnur dúkur sem fólk notar til að hylja andlit eða höfuð, eða (3) gleymaska af Guði gefin til að útiloka minningar manna um fortilveru.

Nú sjáum vér sem í skuggsjá, í ráðgátu, en þá munum vér sjá augliti til auglitis, **1 Kor 13:12**.

Verið var að svipta hinni myrku hulu trúleysisins frá huga hans, **Al 19:6**. Ekki var unnt að varna bróður Jareds þess að sjá handan hulunnar, **Et 3:19** (**Et 12:19**).

Hulunni mun svipt frá og þér munuð sjá mig, **K&S 67:10** (**K&S 38:8**). Hulan, er umlykur musteri mitt verður dregin frá, **K&S 101:23**. Hulunni var svipt frá hugum okkar, **K&S 110:1**.

Myrkurhula mun þekja jörðina, **HDP Móse 7:61**.

Hundraðshöfðingi

Liðsforingi í rómverska hernum með stjórn á fimmtíu til eitt hundrað mönnum. Slík hersveit myndaði einn sextugasta hluta rómverska herfylkisins. (Sjá Matt 8:5; Lúk 23:47; Post 10:1–8).

Hús Drottins. *Sjá* Musteri, hús Drottins

Hús Ísraels. *Sjá* Ísrael

Hvöld. *Sjá einnig* Friður; Hvöldardagur

Að njóta friðar og frelsis frá áhyggjum og öngþveiti. Drottinn hefur heitið trúföstum fylgjendum sínum slíkri hvöld hér í þessu lífi. Hann hefur og undirbúið þeim hvöldarstað í næsta lífi.

Auglit mitt mun fara með og búa þér hvöld, **2 Mós** 33:14.

Komið til mín, allir þér sem erfiði hafið og þungar byrðar, og ég mun veita yður hvöld, **Matt** 11:28–29.

Við hvöttum til að þeir gætu gengið inn til hvíldar hans, **Jakob** 1:7 (Hebr 4:1–11). Hver sem iðrast mun ganga inn til hvíldar minnar, **AI** 12:34. Ákaflega margir urðu hreinir og gengu inn til hvíldar Drottins, **AI** 13:12–16. Paradís er ríki hvíldar, **AI** 40:12 (AI 60:13). Enginn gengur inn til hvíldar hans nema þeir sem hafa laugað klæði sín í blóði mínu, **3 Ne** 27:19.

Boða fólk þessu iðrun, svo að þú megir hvílast með þeim í ríki föður míns, **K&S** 15:6 (K&S 16:6). Þeir sem deyja skulu hvílast frá öllu erfiði, **K&S** 59:2 (Op 14:13). Hvöld Drottins er fylling dýrðar hans, **K&S** 84:24.

Hvöldardagur. *Sjá einnig* Hvöld; Skapa, sköpun

Helgur dagur frátekinn í hverri viku til hvíldar og tilbeiðslu. Eftir að Guð hafði skapað alla hluti hvöldist hann á sjöunda degi og bauð að einn dagur hverrar viku yrði dagur hvíldar og til að minna menn á hann (2 Mós 20:8–11).

Fram að upprisnu Krists héldu meðlimir kirkjunnar síðasta dag vikunnar hátíðlegan sem hvöldardag eins og

Gyðingar gerðu. Eftir upprisuna tóku meðlimir kirkjunnar, hvort sem þeir voru af Gyðingaætt eða frá Þjóðunum, að halda fyrsta dag vikunnar (dag Drottins) hátíðlegan í minningu upprisnu Drottins. Nútímakirkjan heldur áfram að halda einn dag hverrar viku hátíðlegan sem helgan hvöldardag til að tilbiðja Guð og hvílast frá veraldlegu amstri.

Hvöldardagurinn minnir menn á nauðsyn andlegrar næringar og skyldu þeirra að hlýða Guði. Þegar Þjóð verður kærulaus um að virða hvöldardaginn hefur það áhrif á alla þætti þjóðlífsins og trúarlífi hnignar (Nehem 13:15–18; Jer 17:21–27).

Guð hvöldist sjöunda daginn, **1 Mós** 2:1–3. Ísraelsbörn tíndu ekki manna á hvíldardegi, **2 Mós** 16:22–30. Halda skaltu hvöldardaginn heilagan, **2 Mós** 20:8–11 (Mósía 13:16–19). Hvöldardagurinn var gefinn sem teikn milli Guðs og manna, **2 Mós** 31:12–17 (Esek 20:12, 20). Við eigum ekki að kaupa eða selja á hvíldardegi, **Nehem** 10:31. Kalla hvöldardaginn feginsdag, helgan dag Drottins; annast ekki störf þín né tala hegðomaorð, **Jes** 58:13–14.

Hvöldardagurinn varð til mannsins vegna og eigi maðurinn vegna hvíldardagsins, **Mark** 2:23–28. Mannssonurinn er herra hvíldardagsins, **Lúk** 6:1–10. Jesús kenndi í samkunduhúsinu og læknaði á hvíldardegi, **Lúk** 13:10–14.

Nefitar helguðu Drottinn hvíldardaginn, **Jarom** 1:5. Virðið hvíldardaginn og haldið hann heilagan, **Mósía** 18:23.

Fær þar sakramenti þitt á helgum degi mínum, **K&S** 59:9–13. Íbúar Sionar skulu virða hvíldardaginn og halda hann heilagan, **K&S** 68:29.

Ég, Guð, hvöldist hinn sjöunda dag frá öllu verki mínu, **HDP Móse** 3:1–3 (1 Mós 2:1–3; Abr 5:1–3).

Hvítasunnan. *Sjá einnig* Mósélofgmál

Sem hluti Mósélofgmáls, var hvítasunnuhátíðin eða uppskeruhátíðin haldin fimmtíu dögum eftir

páskahátíðina (3 Mós 23:16). Hvítasunnan var uppskeruhátíð og er nefnd svo í Gamla testamentinu og einnig nefnd viknahátíðin. Það var á þessari hátíð sem það gerðist að postularnir í Jerúsalem fylltust heilögum anda og töluðu tungum (Post 2; K&S 109:36–37).

Hyrningarsteinn. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Meginsteinninn er myndar horn undirstöðu byggingar. Jesús Kristur er kallaður hyrningarsteinn (Ef 2:20).

Steinninn sem smiðirnir höfðu er orðinn að hyrningarsteini, **Sálm** 118:22 (Matt 21:42–44; Mark 12:10; Lúk 20:17; Post 4:10–12).

Gyðingarnir höfðu meginhyrningarsteininum, **Jakob** 4:15–17.

Hyrum Smith. *Sjá einnig* Joseph Smith yngri

Eldri bróðir og trúfastur félagi Josephs Smith. Hyrum fæddist 9. febrúar árið 1800. Hann starfaði sem aðstoðarmaður Josephs í forsætisráði kirkjunnar, auk þess að vera annar patriarki kirkjunnar. Hinn 27. júní 1844, varð hann píslarvottur ásamt Joseph í Karpagó-fangelsinu.

Guð opinberaði leiðbeiningar til Hyrums með bróður hans, Joseph, **K&S** 11:23:3. Blessaður er þjónn minn, Hyrum Smith, fyrir einlægni hjarta hans, **K&S** 124:15. Hyrum fékk fyrirmæli um að taka við embætti patriarka kirkjunnar, **K&S** 124:91–96, 124. Joseph og Hyrum liðu píslarvætti í Karpagó-fangelsi, **K&S** 135. Hyrum og aðrir útvaldir andar voru geymdir til þess að koma fram í fyllingu tímanna, **K&S** 138:53.

Höggormur úr eir. *Sjá einnig* Jesús Kristur; Móse

Höggormur af eir, gjörður af Móse að boði Guðs til lækningar þeim Ísraelsmönnum sem bitnir höfðu verið af ólmum ormum (eitruðum snákum) í eyðimörkinni (4 Mós 21:8–9). Þessi táknmynd var fest á stöng „og reist upp svo

að hver, sem á hana liti, mætti lifa“ (Al 33:19–22). Drottinn vísaði til þess að lyfting höggormsins í eyðimörkinni væri tákn um að honum sjálfum var lyft upp á krossinum (Jóh 3:14–15). Síðari daga opinberanir staðfesta frásöguna um eldspúandi höggorma og hvernig fólkíð læknaðist (1 Ne 17:41; 2 Ne 25:20; He 8:14–15).

Iðjulaus, iðjuleysi

Óvirkur og ekki þátttakandi í réttlátum verkum.

Ef einhver vill ekki vinna, þá á hann heldur ekki mat að fá, **2 Þess** 3:10.

Þjóðin lagðist í leti og varð full svikráða, **2 Ne** 5:24. Gættu þess að forðast iðjuleysi, **Al** 38:12.

Sá sem er iðjulaus skal ekki eta brauð verkamannsins, **K&S** 42:42. Vei yður, sem eigi viljið erfiða með eigin höndum, **K&S** 56:17. Starfið af kappi fyrir góðan málstað, **K&S** 58:27. Látið af iðjuleysi, **K&S** 88:124.

Iðrast, iðrun. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþæging; Fyrirgefa; Fyrirgefning synda; Játa, játning; Jesús Kristur; Sundurkramið hjarta

Andleg hugarfarsbreyting sem færir ferskt viðhorf gagnvart Guði, manni sjálfum og lífinu almennt. Iðrun felur í sér að hverfa frá illu og snúa huga og hjarta að Guði, beygja sig undir boðorð Guðs og óskir og hafna syndinni. Sönn iðrun kemur vegna ástar á Guði og einlægrar þrár til að fylgja boðorðum hans. Allar ábyrgar manneskjur hafa syndgað og verða að iðrast til þess að þroskast í átt til frelsunar. Aðeins með friðþægingu Jesús Krists getur iðrun okkar borið árangur og verið meðtekin af Guði.

Gjörið játningu frammi fyrir Drottni, **Esra** 10:11. Takið illskubreytni yðar í burtu frá augum mínum. Látið af að gjöra illt, **Jes** 1:16. Snúid yður og látið af öllum syndum yðar, **Esek** 18:30–31.

Gjörið iðrun, himnaríki er í nánd, **Matt** 3:2. Fögnuður verður á himni yfir

Illgresi

einum syndara sem iðrast, **Lúk** 15:7. Guð boðar mönnum, að þeir skuli allir hvarvetna taka sinnaskiptum, **Post** 17:30 (2 Ne 9:23; 3 Ne 11:31–40; K&S 133:16). Sú hryggð, sem er Guði að skapi, vekur afturhvarf til hjálpræðis, **2 Kor** 7:10.

Andi Drottins almáttugs hefur valdið svo mikilli breytingu í hjörtum okkar, að við hneigjumst ekki lengur til illra verka, **Mósía** 5:2. Játi hann syndir sínar og iðrist skal honum fyrirgefið, **Mósía** 26:29. Eftir prédikun Alma tóku margir að iðrast, **Al** 14:1. Skjótíð ekki iðrun yðar á frest, **Al** 34:33. Alma sagði Helaman frá iðrun sinni og trúskiptum, **Al** 36 (Mósía 27:8–32). Iðrun gat ekki fallið í hlut mannanna nema til væri refsing, **Al** 42:16. Lát syndir þínar angra þig með því hugarangri, sem leiðir þig til iðrunar, **Al** 42:29. Þér skuluð bjóða mér sem fórn sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, **3 Ne** 9:20. Ég mun taka við hverjum þeim sem iðrast og kemur til mín sem lítið barn, **3 Ne** 9:22. Iðrist, öll endimörk jarðar, **3 Ne** 27:20. Þeim var fyrirgefið jafn oft og þeir iðruðust, **Moró** 6:8.

Boðið þessari kynslóð aðeins iðrun, **K&S** 6:9 (K&S 11:9). Og hversu mikil er gleði hans yfir þeirri sál sem iðrast, **K&S** 18:13. Vissulega verður hver maður að iðrast eða þjást, **K&S** 19:4. Þeim, sem syndgar og iðrast ekki, skal vísað burt, **K&S** 42:28. Þeim sem iðrast synda sinna og lætur af þeim er fyrirgefið, **K&S** 58:42–43. Hinir dónu, sem iðrast, munu endurleystir, **K&S** 138:58.

Vér höfum trú á iðrun, **TA** 1:4.

Illgresi

Gras eða eitrad illgresi sem líkist mjög hveiti. Það er óþekkjanlegt frá hveitinu allt þar til það er fullvaxið (**Matt** 13:24–30; K&S 86:1–7).

Illir andar. Sjá Andi — Illir andar

Illt umtal. Sjá einnig Deilur; Lygar; Orðrómur; Slúður

Að segja það sem er rangt, særandi og siðlaust. Oft í ritningunum beinist slíkt

tal að mönnum með þeim ásetningi að valda þeim þjáningu.

Varðveit tungu þína frá illu og varir þínar frá svikatali, **Sálm** 34:14 (1 Pét 3:10). Varmennið grefur óheilagröf, **Okv** 16:27.

Sælir eruð þér, þá er menn ljúga á yður öllu illu, **Matt** 5:11 (3 Ne 12:11). Frá hjartanu koma illar hugsanir, **Matt** 15:19 (Mark 7:21). Þú skalt ekki illmæla höfðingja lýðs þíns, **Post** 23:5. Lát hvers konar lastmæli vera fjarlæg yður, **Ef** 4:31. Talið ekki illa hver um annan, **Jakbr** 4:11.

Sjá um að ekki tíðkist rógur, né illt umtal, **K&S** 20:54.

Immanúel. Sjá einnig Jesús Kristur

Eitt af nöfnum Jesú Krists. Það er dregið af hebreskum orðum sem merkja „Guð með oss.“

Immanúel er ávarpsheiti, gefið sem tákni fyrir frelsun Guðs (Jes 7:14). Um-mæli Jesaja um Immanúel eru sérstaklega áréttuð af Matteusi sem spádómur um fæðingu Jesú til jarðlífs (**Matt** 1:18–25). Nafnið kemur einnig fyrir í síðari daga ritningu (2 Ne 17:14; 18:8; K&S 128:22).

Innblástur, guðleg andagift. Sjá einnig Heilagur andi; Opinberun

Guðleg leiðsögn veitt mönnum af Guði. Innblástur berst fyrir andann með ýmsum hætti til huga og hjarta mannsins.

Eftir eldinn heyrðist blíður vindblær hvísla, **1 Kon** 19:12.

Andinn heilagi mun kenna yður allt og minna yður á allt það, sem ég hef sagt yður, **Jóh** 14:26. Andi sannleikans mun leiða yður í allan sannleikann, **Jóh** 16:13.

Andinn leiddi mig, og ég vissi ekki fyrirfram, hvað gjöra skyldi, **1 Ne** 4:6. Rödd Drottins kom í huga minn, **Enos** 1:10. Allt sem hvetur og lokkar til að gjöra gott er innblásið af Guði, **Moró** 7:13–16.

Veitti ég þér ekki hugarró varðandi þetta, **K&S** 6:23. Ég mun segja þér í huga þínum og hjarta, **K&S** 8:2. Andi minn mun upplýsa hug þinn og fylla

sál þína gleði, **K&S** 11:13. Þér skal gefið á sömu stundu hvað segja skal og skrifa, **K&S** 24:6 (K&S 84:85). Hin lága hljóðláta rödd hvíslar og smýgur gegnum allt, **K&S** 85:6.

Innsigli, innsiglung. *Sjá einnig* Elía; Helgiathafnir; Prestdæmi

Að láta helgiathafnir framkvæmdar með prestdæmisvaldi á jörðu taka gildi á himnum. Helgiathafnir eru innsiglaðar þegar þær hljóta samþykki heilags anda fyrirheitsins, sem er heilagur andi.

Hvað sem þú bindur á jörðu skal bundið vera á himnum, **Matt** 16:19 (Matt 18:18; K&S 124:93; 132:46). Þér eruð merktir innsigli heilags anda, sem yður var fyrirheitið, **Ef** 1:13.

Ég gef þér vald að hvað sem þú bindur á jörðu, skal bundið vera á himni, **He** 10:7.

Þeim er gefið vald til að innsigla, bæði á jörðu og himni, **K&S** 1:8. Þeir sem dvelja í himneskri dýrd eru innsiglaðir af heilögum anda fyrirheitsins, **K&S** 76:50–70. Elía felur Joseph Smith lykla innsigluunarvaldsins, **K&S** 110:13–16. Þetta er innsiglungar og bindingarvaldið, **K&S** 128:14. Hið áreiðanlega spádómsorð þýðir að menn eru innsiglaðir til eilífs lífs, **K&S** 131:5. Allir sáttmálar sem ekki eru innsiglaðir með heilögum anda fyrirheitsins taka enda við dauða manna, **K&S** 132:7. Hið mikla verk sem vinna þarf í musterunum felur í sér innsiglungu barna til foreldra sinna, **K&S** 138:47–48.

Íhuga, ígrunda. *Sjá einnig* Bæn; Opinberun

Að hugleiða og beita íhygli, einkum varðandi ritningarnar eða annað sem Guðs er. Sé henni beitt með bænaranda, getur ígrundun á málefnum Guðs leitt til opinberunar og skilnings.

María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það, **Lúk** 2:19.

Meðan ég sat og hugleiddi þetta í hjarta mínu, hreif andi Drottins mig brott, **1 Ne** 11:1. Hjarta mitt hugleiddi

ritningarnar, **2 Ne** 4:15. Nefi gekk brott og íhugaði það, sem Drottinn hafði sýnt honum, **He** 10:2–3. Farið þess vegna til heimila yðar og íhugið það, sem ég hef sagt, **3 Ne** 17:3. Hafið hugfast hve miskunnssamur Drottinn hefur verið, og ígrundið það í hjörtum yðar, **Moró** 10:3.

Íhuga það, sem þú hefur mótttekið, **K&S** 30:3. Á meðan við íhuguðum þetta, snerti Drottinn augu skilnings okkar, **K&S** 76:19. Ég sat í herbergi mínu og íhugaði ritningarnar, **K&S** 138:1–11.

Ég hugleiddi ritningargreinina aftur og aftur, **JS — S** 1:12.

Ísaí. *Sjá einnig* Davíð

Í Gamla testamenti, faðir Davíðs og forfaðir Krists og allra konunga Júdeu.

Sonur Rutar, Óbeð, var faðir Ísaís, **Rut** 4:17, 22. Forfeður Ísaís eru raktir aftur til Júda, **1 Kro** 2:5–12 (Matt 1:5–6).

Ísak. *Sjá einnig* Abraham — Niðjar Abrahams

Ættfaðir í Gamla testamenti. Fæðing hans á ellíárum Abrahams og Söru var kraftaverk (1 Mós 15:4–6; 17:15–21; 21:1–8). Vilji Abrahams til að fórna syni sínum Ísak er hliðstæða við Guð og hans eingetna son (Jakob 4:5). Ísak var erfingi að Abrahamssáttmálanum (1 Mós 21:9–12; 1 Ne 17:40; K&S 27:10).

Ísak fæðist, **1 Mós** 21:1–7. Átti að fórna honum á Móríafjalli, **1 Mós** 22:1–19 (K&S 101:4). Kvongaðist, **1 Mós** 24. Samskipti hans við syni sína, **1 Mós** 27:1–28:9.

Hann hlaut upphafningu ásamt Abraham og Jakob, **K&S** 132:37 (Matt 8:11).

Ísmael, sonur Abrahams. *Sjá einnig* Abraham; Hagar

Í Gamla testamenti, sonur Abrahams og Hagar, egypskrar ambáttar Saraí (1 Mós 16:11–16). Drottinn lofaði bæði Abraham og Hagar að Ísmael yrði ættfaðir mikillar þjóðar (1 Mós 21:8–21).

Sáttmálinn kom með Ísak fremur en Ísmael, **1 Mós** 17:19–21 (Gal 4:22–5:1). Guð blessaði Ísmael, að hann yrði frjósamur,

Ísmael, tengdafaðir Nefís

1 Mós 17:20. Ísmael tók þátt í að jarða Abraham, **1 Mós** 25:8–9. Tólf synir Ísmæls eru nafngreindir, **1 Mós** 25:12–16. Ísmael deyr, **1 Mós** 25:17–18. Esaú tók dóttur Ísmæls, Mahalat, sér fyrir konu, **1 Mós** 28:9.

Ísmael, tengdafaðir Nefís. *Sjá einnig* Lehí, faðir Nefís

Maður í Mormónsbók, sem ásamt fjölskyldu sinni, sameinaðist fjölskyldu Lehís á ferð þeirra til fyrirheitna landsins.

Nefí og bræður hans hurfu aftur til Jerúsalem og töldu Ísmael og fjölskyldu hans á að slást í för með Lehí og fjölskyldu hans til fyrirheitna landsins, **1 Ne** 7:2–5. Fjölskyldurnar giftust innbyrðis, **1 Ne** 16:7. Ísmael dó í óbyggðunum, **1 Ne** 16:34.

Ísrael. *Sjá einnig* Abraham — Niðjar Abrahams; Jakob, sonur Ísaks; Ættleiðing

Nafnið Ísrael gaf Drottinn Jakob syni Ísaks og sonarsyni Abrahams í Gamla testamentinu (**1 Mós** 32:28; 35:10). Nafnið Ísrael getur táknað Jakob sjálfan, afkomendur hans eða ríkið sem þeir afkomendur eitt sinn áttu á tímum Gamla testamentis (**2 Sam** 1:24; 23:3). Eftir að Móse leiddi Ísrael út úr ánaudinni í Egyptalandi (**2 Mós** 3–14), voru þeir undir stjórn dómaranna í meir en þrjár aldir. Með Sál konungi upphéfst konungdæmi sameinaðs Ísrael sem stendur fram að dauða Salómóns þegar tíu ættkvíslir brjótast undan Rehabeam og mynda sérstakt ríki. Eftir skiptingu Ísraels héldu nyrðri ættkvíslirnar stærrí hlutanum og nafninu Ísrael en suðurríkið nefndist Júdea. Kanaanland er einnig kallað Ísrael nú á tímum. Í öðrum skilningi merkir Ísrael sannur fylgjandi Krists (**Róm** 10:1; **11:7**; **Gal** 6:16; **Ef** 2:12).

Tölv ættkvíslir Ísraels: Sonarsonur Abrahams, Jakob, en nafni hans var breytt í Ísrael, átti tólf sonu. Afkomendur þeirra urðu þekktir sem tólv ættkvíslir Ísraels eða börn Ísraels. Ættkvíslirnar tólv eru þessar: Rúben, Símeon, Leví, Júda,

Íssakar og Sebúlón (synir Jakobs og Leu); Dan og Naftalí (synir Jakobs og Bílu); Gað og Asser (synir Jakobs og Silpu); Jósef og Benjamín (synir Jakobs og Rakelar) (**1 Mós** 29:32–30:24; 35:16–18).

Jakob veitti öllum leiðtogum ættkvíslanna blessun áður en hann dó (**1 Mós** 49:1–28). Til frekari upplýsingar, sjá nöfn sona Jakobs hvers um sig.

Rúben, frumburður Leu, fyrstu konu Jakobs, missti frumburðarrétt sinn og tvöfaldan erfðarétt vegna siðleysis (**1 Mós** 49:3–4). Frumburðarrétturinn hvarf þá til Jósefs sem var frumburður Rakelar annarrar konu Jakobs (**1 Kro** 5:1–2). Leví, en ættkvísl hans hafði Drottinn valið til að þjóna í prestdæminu, hlaut ekki arf vegna sérstakrar köllunar til þjónustu meðal allra ættkvíslanna. Þannig fékk Jósef tvöfaldan arfshlut sem skiptist milli sona hans, Efraíms og Manasse (**1 Kro** 5:1; **Jer** 31:9), sem töldust aðskildar ættkvíslir Ísraels (**ÞJS**, **1 Mós** 48:5–6 [Viðauki]).

Ættmenn Júda kynkvíslar áttu að vera leiðtogar þar til Messías kæmi (**1 Mós** 49:10; **ÞJS**, **1 Mós** 50:24 [Viðauki]). Á síðari dögum hefur ættkvísl Efraíms þau forréttindi að færa heiminum boðskapinn um endurreisn fagnaðarerindisins og safna saman hinni vístruðu Ísraelsætt (**5 Mós** 33:13–17). Sá tími kemur að Efraím mun með fagnaðarerindi Jesú Krists verða leiðandi afl til sameiningar allra ættkvísla Ísraels (**Jes** 11:12–13; **K&S** 133:26–34).

Tvístrun Ísraels: Drottinn tvístraði og hrjáði hinar tólv ættkvíslir Ísraels vegna óréttlætis þeirra og mótþróa. En um leið lét Drottinn þessa tvístrun sinnar kjörnu þjóðar meðal þjóða heimsins verða þeim þjóðum til blessunar.

Ég vil tvístra yður meðal þjóðanna, **3 Mós** 26:33. Drottinn mun dreifa þér meðal þjóðanna, **5 Mós** 28:25, 37, 64. Ég mun reka þá út á meðal allra þjóða heimsins, **Jer** 29:18–19. Ísraels hús verði hrist út á meðal allra þjóða, **Amos** 9:9 (**Sak** 10:9).

Jesús var sendur til týndra sauða af

Ísraelsætt, **Matt** 15:24. Ég á aðra sauði sem eru ekki af þessu sauðabyrgi, **Jóh** 10:16.

Ísrael mun tvístrað um allt yfirborð jarðar, **1 Ne** 22:3–8. Jakob setti fram líkingu Senosar um hreinræktaða og villta olíufutréd, **Jakob** 5–6. Verk föðurins mun hefjast meðal hinna dreifðu kynkvísla, **3 Ne** 21:26.

Samansöfnun Ísraels: Ísraelsætt mun saman safnað á síðari dögum fyrir komu Krists (TA 1:10). Drottinn safnar saman Ísraelsþjóð sinni þegar hún meðtekur hann og heldur boðorð hans.

Hann reisir hermerki fyrir fjarlæga þjóð, og sjá, hún kemur, **Jes** 5:26. Með mikilli miskunnsemi tek ég þig að mér, **Jes** 54:7. Ísrael og Júda munu hverfa aftur til landa sinna, **Jer** 30:3. Ég safna Ísraelsmönnum saman frá þjóðunum, þangað sem þeim var tvístrað, **Esek** 28:25.

Er fylling tímans kemur mun hann safna öllu undir eitt höfuð í Kristi, **Ef** 1:10.

Eftir að Ísraelsætt hefur verið tvístrað mun henni saman safnað, **1 Ne** 15:12–17. Drottinn mun safna saman öllum sem eru af Ísraelsætt, **1 Ne** 19:16 (3 Ne 16:5). Þeir verða leiddir úr myrkri og þeim mun skiljast að Drottinn er frelsari þeirra, **1 Ne** 22:12. Guð safnar saman börnum sínum og hefur á þeim tölu, **1 Ne** 22:25. Þjóðir Þjóðanna munu flytja Ísrael til erfðalands þeirra, **2 Ne** 10:8 (3 Ne 16:4). Orð mitt og þjóð mín munu sameinast í eina heild, **2 Ne** 29:13–14.

Öldungarnir eru kallaðir til að gjöra sameiningu minna kjörnu að veruleika, **K&S** 29:7 (K&S 39:11). Ég mun safna mínum kjörnu, **K&S** 33:6. Safnist til mín svo ég fái gefið yður lögmál mitt og kraft frá upphæðum, **K&S** 38:31–33. Ég mun endurheimta þjóð mína, sem er af ætt Ísraels, **K&S** 39:11. Hinir heilögu munu safnast frá öllum jarðarskautum, **K&S** 45:46. Móse afhenti lyklana að samansöfnun Ísraels, **K&S** 110:11.

Réttlæti og sannleika mun ég láta sópa jörðina og safna mínum kjörnu, **HDP Móse** 7:62. Samansöfnuninni

er líkt við erni sem safnast að hræi, **JS — M** 1:27.

Hinar tíu horfnu kynkvíslir Ísraels: Tíu af ættkvíslum Ísraels mynduðu nýrðra konungdæmi Ísraels og voru herleiddar til Assyríu árið 721 f.Kr. Um það leyti fóru þær til „norðlægra landa“ og hverfa úr sögunni. Á síðustu dögum munu þær koma til baka.

Ég segi við norðrið: „Lát fram!“, **Jes** 43:6. Sumir koma úr norðri, **Jes** 49:12 (1 Ne 21:12). Júda og Ísrael munu halda saman úr landinu norður frá, **Jer** 3:18. Drottinn lifir, sá er leiddi Ísraelsmenn úr landinu norður frá, **Jer** 16:14–16. Ég flyt þá úr landinu norður frá, **Jer** 31:8.

Nefítar og Gyðingar munu fá orð hinna týndu ættkvísla Ísraels, **2 Ne** 29:12–13. Ég fer til að sýna mig hinum týndu ættkvíslum Ísraels, **3 Ne** 17:4. Þegar fagnaðareringið er boðað leifum Ísraelsættar munu hinar týndu ættkvíslir safnast heim til erfðalands síns, **3 Ne** 21:26–29.

Móse fól Joseph Smith og Oliver Cowdery lyklana að samansöfnun Ísraels, **K&S** 110:11. Drottinn mun minnst þeirra, sem eru í löndunum í norðri, **K&S** 133:26–32.

Vér höfum trú á hinni raunverulegu samansöfnun Ísraels, **TA** 1:10.

Íssakar. *Sjá einnig* Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Sonur Jakobs og Leu í Gamla testamenti (1 Mós 30:17–18; 35:23; 46:13). Afkomendur hans urðu ein af tólf ættkvíslum Ísraels.

Ættkvísl Íssakars: Blessun Jakobs til Íssakars er að finna í 1. Mósebók 49:14–15. Eftir að hafa sest að í Kanaanlandi fékk ættkvíslin hluta af frjósamasta landsvæði Palestínu, þar á meðal Esdraelon sléttuna. Innan landamerkjá Íssakars voru nokkrir mikilvægir staðir sem greinir frá í sögu Gyðinga, til dæmis, Karmel, Megiddó, Dótan, Gilbóa, Jesreel, Tabor, og Nasaret (Jós 19:17–23).

Jackson-sýsla, Missouri (Bandar.)

Jackson-sýsla, Missouri (Bandar.).*Sjá einnig* Nýja Jerúsalem

Staður samansöfnunar hinna heilögu á síðustu dögum; það er þar sem þeir munu stofnsetja Nýju Jerúsalem (K&S 57–58; 82; 101:69–71; 105:28).

Jafet. *Sjá einnig* Nói, patriarki í Biblíunni

Elsti sonur Nóa, spámanns í Gamla testamentinu (HDP Móse 8:12).

Nói gat Jafet, **1 Mó**s 5:32 (1 Mó s 6:10; HDP Móse 8:12). Jafet og kona hans fóru í ör k Nóa, **1 Mó**s 7:13. Jafet gengur úr örkinni, **1 Mó**s 9:18. Guð mun gefa Jafet mikið landrymi, **1 Mó**s 9:27.

Jakob Alfeusson

Einn af postulumum tólf sem Jesús valdi meðan hann þjónaði á jörðu (Matt 10:3; Mark 3:18; Lúk 6:15; Post 1:13).

Jakob Sebedeusson

Einn af tólf postulum sem Jesús valdi á tíma jarðvistar sinnar. Hann var bróðir Jóhannesar. Hann var einn þriggja postula sem völdust til að vera með Jesús við sérstök tækifæri; þegar dóttir Jairusar var reist upp (Mark 5:37), við ummyndunina (Matt 17:1; Mark 9:2; Lúk 9:28), og í Getsemane (Matt 26:37; Mark 14:33). Ásamt Péttri og Jóhannesi, endurreisti hann prestdæmi Melkisedeks á jörðu með því að vígja Joseph Smith og Oliver Cowdery (K&S 27:12; 128:20; JS — S 1:72).

Jakob, bróðir Drottins

Í Nýja testamenti, bróðir Drottins (Gal 1:19) og Jóse, Símonar, Júdasar og nokkurra systra (Matt 13:55–56; Mark 6:3; Júd 1:1). Hann var einnig þekktur undir nafninu Jakob réttláti og gegndi mikilvægri stöðu í kirkjunni í Jerúsalem (Post 12:17; 15:13; 1 Kor 15:7; Gal 2:9–12). Talið er að hann sé höfundur Jakobsbréfsins.

Jakobsbréfið: Bók í Nýja testamenti. Upprunalega var hún bréf, stílað til tólf ættkvísla Ísraels sem tvístrað var, að líkindum ritað frá Jerúsalem. Bókin hefur að geyma nokkur greinargóð atriði

varðandi framkvæmd trúarlífs, þar á meðal hina mikilvægu ráðgjöf í 1. kapítula, að bresti mann visku, skuli hann leita hjálpar hjá Guði (Jakb 1:5–6; JS — S 1:9–20). Annar kapítuli fjallar um trú og verk. Kapítular 3–4 minna á nauðsyn þess að gæta tungu sinnar og hinir heilögu eru áminntir um að tala ekki illa hver um annan. Í 5. kapítula eru heilagir hvattir til þolinmæði og að leita til öldunganna um blessun í veikindum; einnig er fjallað um þá blessun að stuðla að trúskiptum annarra.

Jakob, sonur Ísaks. *Sjá einnig* Esaú; Ísak; Ísrael

Ættfaðir og spámaður í Gamla testamenti; sá yngri tvíburaona Ísaks og Rebekku (1 Mó s 25:19–26). Jakob náði frumburðarréttinum frá bróður sínum, Esaú. Þetta stafaði af því að Jakob var verðugur og kvongaðist innan sáttmálans, en Esaú óvirti frumburðarrétt sinn og kvongaðist utan sáttmálans (1 Mó s 25:30–34; 26:34–35; 27; 28:6–9; Hebr 12:16).

Rebekka fékk að vita hjá Drottina að Esaú mundi þjóna Jakob, **1 Mó**s 25:23. Keypti frumburðarréttinn af Esaú, **1 Mó**s 25:29–34. Dreymdi um himnastigann, **1 Mó**s 28. Kvongaðist Leu og Rakel, **1 Mó**s 29:1–30. Eignaðist tólf syni og eina dóttur, **1 Mó**s 29:31–30:24; 35:16–20. Kvongaðist Bílu og Silpu, **1 Mó**s 30:3–4, 9. Nafni breytt í Ísrael, **1 Mó**s 32:28. Sá Guð augliti til auglitis, **1 Mó**s 32:30. Hafði Jósef í uppáhaldi, **1 Mó**s 37:3. Flutti til Egyptalands með fjölskyldu sinni, **1 Mó**s 46:1–7. Blessaði syni sína og afkomendur, **1 Mó**s 49. Deyr, **1 Mó**s 49:33.

Hélt boðorðin og er í dag upphafinn í háseti á himni, í félagsskap Abrahams og Ísaks, **K&S** 132:37.

Jakob, sonur Lehís. *Sjá einnig* Lehí, faðir Nefis

Spámaður í Mormónsbók og höfundur nokkurra prédikana í 2. bók Nefis og bók Jakobs (2 Ne 6–11; Jakob 1–7).

Bók Jakobs: Þriðja bókin í Mormónsbók. Fyrsti kapítuli greinir frá að Nefi afhenti

Jakob heimildaskrárnar og vígði síðan Jakob og Jósef bróður hans til prests og kennara fólksins. Annar til fjórði kapituli eru prédikanir til fólksins að vera siðferðilega hrein. Jakob sagði einnig frá komu endurleysandi Messíasar og greindi frá ástæðunum fyrir því að hluti Ísraels mundi ekki taka á móti honum við komuna. Fimmti og sjötti kapituli flytur vitnisburð Jakobs og spámannlega líkingu um sögu og hlutverk Ísraelsættar. Sjöundi kapituli greinir frá lærðum uppreisnarmanni, Serem að nafni, sem snerist til betri vegar vegna dýrðlegs vitnisburðar Jakobs.

Jarðnesk dýrð. *Sjá einnig* Dýrðarstig

Lægst hinna þriggja dýrðarstiga sem fólk dvelur í að loknum lokadómnum.

Páll sá dýrð stjarnanna, **1 Kor** 15:40–41.

Joseph Smith og Sidney Rigdon sáu jarðnesku dýrðina, **K&S** 76:81–90. Íbúar jarðneska ríkisins voru jafn óteljandi og stjórnurnar, **K&S** 76:109–112. Sá sem ekki fær staðist lögmál jarðnesks ríkis, fær ekki staðist jarðneska dýrð, **K&S** 88:24, 31, 38.

Jared. *Sjá einnig* Bróðir Jareds;

Jaredítar

Leiðtogi í Mormónsbók, sem ásamt bróður sínum leiddi hóp fólks frá Babelsturni til fyrirheitins lands á vesturhveli jarðar (Et 1:33–2:1).

Jared bað bróður sinn að biðja til Guðs að hann spillti ekki tungumáli fjölskyldna þeirra og vina, **Et** 1:34–37. Ferðaðist til strandar og dvaldi þar í fjögur ár, **Et** 2:13. Sigldi til fyrirheitna landsins, **Et** 6:4–12.

Jaredítar. *Sjá einnig* Bróðir Jareds;

Jared; Mormónsbók

Þjóð í Mormónsbók sem var afkomendur Jareds, bróður hans og vina þeirra (Et 1:33–41). Þeir voru leiddir af Guði frá Babelsturni til Ameríku, fyrirheitins lands (Et 1:42–43; 2–3; 6:1–18). Þrátt fyrir að þjóð þeirra teldi um skeið milljónir manna, dóu þeir út vegna innbyrðis

ófriðar sem orsakaðist af ranglæti (Et 14–15).

Jarom

Í Mormónsbók, Sonur Enosar og langafasonur Lehis. Hann hélt heimildaskrár Nefíta í sextíu ár, 420–361 f.Kr. (Enos 1:25; Jarom 1:13). Hann var maður trúfastur sem kaus að rita ekki margt í heimildaskrána (Jarom 1:2).

Bók Jaroms: Það eru einungis fimm-tán vers í þessari bók Mormónsbókar. Jarom skráði að Nefítar héldu áfram að halda Móselög og vænta komu Krists. Þeir voru leiddir af konungum sem voru máttugir í trú. Þeim vegnaði vel því þeir fóru að ráðum spámannanna sinna, presta og kennara.

Játa, játning. *Sjá einnig* Fyrirgefa;

Iðrast, iðrun

Ritningarnar tala um *játningu* í að minnsta kosti tvennum skilningi. Í öðrum skilningnum er að játa notað um að lýsa yfir trú sinni á einhverju, eins og að játa að Jesús er Kristur (Matt 10:32; Róm 10:9; 1 Jóh 4:1–3; K&S 88:104).

Hin merking þess að játa, er að viðurkenna sekt sína, eins og í syndajátningu. Öllum ber skylda til að játa allar syndir sínar fyrir Drottni og fá fyrirgefningu hans (K&S 58:42–43). Þegar nauðsyn krefur ætti að játa syndir fyrir þeim sem syndgað er gegn. Alvarlegar syndir á að játa fyrir kirkjuleiðtoga (í flestum tilvikum biskupi).

Hann skal játa synd sína, **3 Mós** 5:5. Þeir skulu játa misgjörð sína, **3 Mós** 26:40–42. Gef Drottni Ísraels Guði dýrðina og gjör játningu fyrir honum, **Jós** 7:19.

Menn létu skírast af honum í ánni Jórdan og játuðu syndir sínar, **Matt** 3:5–6.

Syndaranum sem játar syndir sínar skal fyrirgefið, **Mósía** 26:29.

Játa syndir þínar, að þín biði ekki refsing, **K&S** 19:20. Þeir sem iðrast, játa og láta af syndum sínum, **K&S** 58:43. Drottinn er miskunnsamur þeim, sem

með auðmjúku hjarta játa syndir sínar, **K&S** 61:2. Drottinn fyrirgefur syndir þeirra sem játa og biðjast fyrirgefningar, **K&S** 64:7.

Jehóva. Sjá einnig ÉG ER; Jesús Kristur

Sáttmáls- eða eiginnafn Guðs Ísraels. Það merkir „hinn eilífi ÉG ER“ (2 Mós 3:14; Jóh 8:58). Jehóva er Jesús Kristur í fortílverunni og kom til jarðar sem sonur Maríu (Mósía 3:8; 15:1; 3 Ne 15:1–5). Venjulega tákna orðið *Drottinn* í Gamla testamentinu „Jehóva.“

Jehóva er Kristur: Jehóva var kunnur hinum fornu spámönnum (2 Mós 6:3; Abr 1:16). Páll postuli kenndi að Kristur væri Jehóva Gamla testamentis (2 Mós 17:6; 1 Kor 10:1–4). Bróðir Jareds í Mormónsbók sá Krist fortílverunnar og veitti honum lotningu (Et 3:13–15). Moróní kallaði einnig Krist „Jehóva“ (Moró 10:34). Í Kirtland-musterinu sáu Joseph Smith og Oliver Cowdery Jehóva upp-risinn (**K&S** 110:3–4).

Jeremía. Sjá einnig Harmaljóðin

Spámaður í Gamla testamentinu af prestaættum sem spáði í Júdeu frá 626 til 586 f.Kr. Hann var uppi nálægt tíma annarra mikilla spámanna, Lehís, Esekíels, Hósea og Daníels.

Jeremía var vígður til spámans í fortílveru (Jer 1:4–5). Á um það bil fjórutíu ára ferli sínum sem spámaður beitti hann sér gegn skurðgoðadýrkun og síðleysi meðal Gyðingapjóðarinnar (Jer 3:1–5; 7:8–10). Hann var óvirtur og átti við sífellda andstöðu að stríða (Jer 20:2; 36:18–19; 38:4). Eftir Fall Jerúsalem tóku Gyðingar þeir sem flýðu til Egyptalands Jeremía með sér (Jer 43:5–6), þar sem þeir grýttu hann til bana, ef marka má munnmælasagnir.

Bók Jeremía: Kapítular 1–6 hafa að geyma spádóma frá tímabili Jósía. Kapítular 7–20 eru spádómar frá tíma Jójakíms. Kapítular 21–38 fást við stjórnartíð Sedekía. Kapítular 39–44 geyma spádóma og lýsa sögulegum atburðum eftir fall Jerúsalem. Kapítuli 45 geymir loforð

til Barúks, ritara hans, um að lífi hans verði þyrmt. Að lokum eru kapítular 46–51 spádómar gegn erlendum þjóðum. Kapítuli 52 er söguleg niðurstaða. Sumir spádóma Jeremía voru á látunsploðum Labans sem Nefí náði (1 Ne 5:10–13). Jeremía er einnig nefndur á tveimur öðrum stöðum í Mormónsbók (1 Ne 7:14; He 8:20).

Í bók Jeremía er einnig staðfesting á fortílveru mannsins og forvígslu Jeremía (Jer 1:4–5); spádómur um endurkomu Ísraels úr tvístruninni, samansöfnun eins úr hverri borg og tveggja af hverjum kynstofni til Síonar, kostalands þar sem Ísrael og Júda gætu dvalið í öryggi og friði (Jer 3:12–19); og spádómur um samansöfnun Drottins á Ísraelslýð frá löndum í norðri með því að senda marga „fiskimenn“ og „veiðimenn“ að leita þeirra (Jer 16:14–21). Þessi atburður síðari daga mun stærri í sniðum en brottför Ísraelsmanna frá Egyptalandi (Jer 16:13–15; 23:8).

Jeríkó

Víggirt borg í Jórdan dalnum, 245 metra undir sjávarmáli. Jeríkó er nálægt þeim stað þar sem Ísraelsmenn fóru yfir ána þegar þeir komu fyrst til fyrirheitna landsins (Jós 2:1–3; 3:16; 6).

Ísraelítar háðu orrustu við Jeríkó, **Jós** 6:1–20. Jósúa lagði bölvun á Jeríkó, **Jós** 6:26 (1 Kon 16:34). Jeríkó var innan þess svæðis sem úthlutað var Benjamín, **Jós** 18:11–12, 21.

Drottinn kom við í Jeríkó í síðustu ferð sinni til Jerúsalem, **Mark** 10:46 (Lúk 18:35; 19:1).

Jeróbóam

Í Gamla testamenti. Jeróbóam var fyrsti konungur í norðurriki hins klofna Ísraels. Hann var af ættkvísl Efraíms. Hann spillti Jeróbóam leiddi uppreisn gegn húsi Júda og ætt Davíðs.

Jeróbóam setti upp skurðgoð handa fólkinu í Dan og Betel að dýrka, **1 Kon** 12:28–29. Ahía ávítaði Jeróbóam, **1 Kon** 14:6–16. Jeróbóams er minnst fyrir

að leiða hræðilega synd yfir Ísrael, **1 Kon** 15:34 (1 Kon 12:30).

Jerúbbaal. *Sjá* einnig Gideon (í Gamla testamenti)

Nafn gefið Gideon í Gamla testamenti eftir að hann eyðilagði altari Baals (Dóm 6:32; 7:1; 9; 1 Sam 12:11).

Jerúsalem

Borg staðsett þar sem nú er Ísrael. Mikilvægasta borg biblíusagnanna. Sumir helgustu staðir kristinna manna, Gyðinga og Múhameðstrúarmanna eru í þeirri borg og eru heimsóttir reglulega af mörgum sanntúðum. Oft er hún nefnd borgin helga.

Jerúsalem eitt sinn þekkt sem Salem (1 Mós 14:18; Sálml 76:2), var borg Jebúsíta þar til Davíð lagði hana undir sig (Jós 10:1; 15:8; 2 Sam 5:6–7), og gjörði hana að höfuðborg sinni. Fram að því var hún fyrst og fremst fjallavígi, um 800 metra yfir sjávarmáli. Umhverfis hana eru djúpir dalir á allar hliðar nema að norðan.

Á stjórntíð Davíðs í Jerúsalem bjó hann í höll úr timbri. En á tíma Salómons gerði þjóðin margt til að prýða borgina, meðal annars að byggja konungshöllina og musteríð.

Eftir klofningu ríkisins í Ísrael og Júdeu, var Jerúsalem áfram höfuðborg Júdeu. Hún varð oft fyrir árásum innrásarherja (1 Kon 14:25; 2 Kon 14:13; 16:5; 18–19; 24:10; 25). Jerúsalem varð miðstöð trúariðkana á tíma Hiskía en var að hluta eyðilögð 320 f.Kr., 168 f.Kr. og 65 f.Kr. Heródes endurbyggði múrana og musteríð en 70 e.Kr. gjöreyðilögðu Rómverjar hana.

Melkísedek var konungur í Salem, **1 Mós** 14:18 (Hebr 7:1–2). Jesaja bauð Jerúsalem að klæðast skartklæðum, **Jes** 52:1. Orð Drottins mun út ganga frá Jerúsalem, **Míka** 4:2.

Kristur harmaði örlög Jerúsalem, **Matt** 23:37–39 (Lúk 13:34). Jerúsalem er borg hins lifanda Guðs, **Hebr** 12:22.

Jerúsalem yrði eytt ef hún iðraðist ekki, **1 Ne** 1:4, 13, 18 (2 Ne 1:4; He 8:20).

Jerúsalem mun í byggð á ný eftir eyðilegginguna, **3 Ne** 20:46. Jerúsalem mun rísa á ný, **Et** 13:5.

Kristur varaði Síðari daga heilaga við, eins og hann varaði íbúa Jerúsalem við, **K&S** 5:20. Þeir, sem af Júda eru, flyi til Jerúsalem, **K&S** 133:13. Drottinn mun tala frá Jerúsalem, **K&S** 133:21.

Jerúsalem, nýja. *Sjá* Nýja Jerúsalem; Sion

Jesaja

Spámaður í Gamla testamenti sem starfaði frá 740–701 f.Kr. Sem aðalráðgjafi Hiskía konungs hafði Jesaja mikil áhrif á trúmál og stjórnmál.

Jesús vitnaði oftár í Jesaja en nokkurn annan spámann. Einnig er oft vitnað í Jesaja af þeim Pétri, Jóhannesi og Páli í Nýja testamentinum. Mormónsbók og Kenning og sáttmálar hafa að geyma fleiri tilvitnanir í Jesaja en nokkurn annan spámann og eru mikilvæg hjálp til að skilja Jesaja. Nefi kenndi fólki sínu úr ritum Jesaja (2 Ne 12–24; Jes 2–14). Drottinn sagði við Nefíta að „mikil eru orð Jesaja“ og að allt sem Jesaja mælti mundi koma fram (3 Ne 23:1–3).

Bók Jesaja: Bók í Gamla testamenti. Margir spádóma Jesaja fjalla um komu lausnarans, bæði í jarðneska þjónustu (Jes 9:6) og sem hinn mikla konung á síðustu dögum (Jes 63). Hann spáir einnig mörgu varðandi framtíð Ísraels.

Fyrsti kapítuli er inngangur að því sem á eftir kemur. Jesaja 7:14; 9:6–7; 11:1–5; 53; og 61:1–3 boða þjónustu frelsarans. Kapítular 2, 11, 12, og 35 fjalla um atburði á síðari dögum, þegar fagnaðar-erindið verður endurreist, Ísrael safnað saman og hið þyrsta land blómstrar sem rós. Í kapítula 29er að finna spádóm um tilkomu Mormónsbókar (2 Ne 27). Kapítular 40–46 greina frá yfirburðum Jehóva, sem hins sanna Guðs, yfir skurðgoð sem heiðnir tilbiðja. Síðasti hluti bókarinnar, kapítular 47–66, fjalla um atburði við endanlega endurreisn Íraels og stofnun Sionar, þegar Drottinn dvelur með fólki sínu.

Jesebel (Ísebel)

Jesebel (Ísebel). *Sjá einnig* Akab

Siðspillt kona í Gamla testamenti, ættuð úr Föníkíu. Hún var kona Akabs (1 Kon 16:30–31), Ísraelskonungs sem ríkti meðan Elía var spámaður.

Gifting Jesebel og Akabs orsakaði, fremur en nokkur annar einstakur atburður, hrun norðurríkis Ísraels; Jesebel innleiddi í Ísrael skurðgoðadýrkun af verstu gerð sem tíðkast hafði í ættlandi hennar, í stað dýrkunar Jehóva (1 Kon 18:13, 19).

Jesebel lét myrða marga spámenn Guðs, **1 Kon** 18:4. Jesebel reyndi að myrða Elía, **1 Kon** 19:1–3. Illri ævi Jesebel lauk með hræðilegum dauðdaga, **2 Kon** 9:30–37.

Jesús Kristur. *Sjá einnig* Alfa og Ómega; Átrúnaður; Bjarg; Bjargvættur; Blóð; Brauð lífsins; Brúðgumi; Drottinn; Endurlausnaráætlunin; Endurleysa, endurleystur, endurlausn; ÉG ER; Fall Adams og Evu; Fjallræðan; Forn; Frelsari; Friðþægja, friðþæging; Frumburður; Fyrirgefning synda; Getinn; Golgata; Góði hirðirinn; Guð, guðdómur; Guðslambið; Guðspjöllin; Hinn smurði; Huggari; Hyrningarsteinn; Höggormur úr eir; Iðrast, iðrun; Immanúel; Jehóva; Kross; Krossfesting; Lausnari; Lifandi vatn; Ljós, ljós Krists; Mannssonurinn; María, móðir Jesú; Málsvari; Meðalgöngumaður; Messías; Náð; Óendanlegur; Sakramenti; Samviska; Siðari koma Jesú Krists; Skapa, sköpun; Ummyndun — Ummyndun Krists; Upphaf; Upprisa; Uppstigningin; Vegur

Kristur (orð úr grísku) og *Messías* (orð úr hebresku) þýða „hinn smurði.“ Jesús Kristur er frumburður föðurins í andanum (Hebr 1:6; K&S 93:21). Hann er hinn eingetni föðurins í holdinu (Jóh 1:14; 3:16). Hann er Jehóva (K&S 110:3–4) og var forvígður í hina miklu köllun

sína fyrir sköpun heimsins. Undir stjórn föðurins skapaði Jesús jörðina og allt sem á henni er (Jóh 1:3, 14; HDP Móse 1:31–33). Hann fæddist Maríu í Betlehem, lifði syndlausu lífi og gjörði fullkomna friðþægingu fyrir syndir alls mannkyns með því að úthella blóði sínu og gefa líf sitt á krossinum (Matt 2:1; 1 Ne 11:13–33; 3 Ne 27:13–16; K&S 76:40–42). Hann reis upp frá dauðum og tryggði þannig upprisu alls mannkyns er að því kæmi. Með friðþægingu Jesú og upprisu, geta þeir sem iðrast synda sinna og halda boðorð Guðs lifað að eilífu hjá Jesú og föðurnum (2 Ne 9:10–12; 21–22; K&S 76:50–53, 62).

Jesús Kristur er mestur allra sem fæðst hafa á þessari jörð. Líf hans er fullkomin fyrirmynd um hvernig allt mannkyn ætti að lifa. Allar bænir, blessanir og helgiathafnir prestdæmis skal gjöra í hans nafni. Hann er Drottinn drottanna, konungur konunganna, skaparinn, frelsarinn, og Guð allrar jarðar.

Jesús Kristur mun koma aftur með krafti og dýrd til þess að ríkja á jörðu í þúsund ár. Á lokadegi mun hann dæma allt mannkyn (Al 11:40–41; JS — M 1).

Samantekt á lífi hans (í atburðaröð): Sagt var fyrir um fæðingu og ætlunarverk Jesú, **Lúk** 1:26–38 (Jes 7:14; 9:6–7; 1 Ne 11). Fæddist, **Lúk** 2:1–7 (Matt 1:18–25). Var umskorinn, **Lúk** 2:21. Var sýndur í musterinu, **Lúk** 2:22–38. Fékk heim-sókn vitringanna, **Matt** 2:1–12. Jósef og María flýja með hann til Egyptalands, **Matt** 2:13–18. Var fluttur til Nasaret, **Matt** 2:19–23. Heimsóttiusterið 12 ára að aldri, **Lúk** 2:41–50. Átti bræður og systur, **Matt** 13:55–56 (Mark 6:3). Var skírður, **Matt** 3:13–17 (Mark 1:9–11; Lúk 3:21–22). Var freistað af djöflinum, **Matt** 4:1–11 (Mark 1:12–13; Lúk 4:1–13). Kallaði lærisveinana, **Matt** 4:18–22 (Matt 9:9; Mark 1:16–20; 2:13–14; Lúk 5:1–11, 27–28; 6:12–16; Jóh 1:35–51). Fól hinum tólf að hefja störf, **Matt** 10:1–4 (Mark 3:13–19; Lúk 6:12–16). Flutti fjallræðuna, **Matt** 5–7. Sagði fyrir um eigin dauða og

upprisu, **Matt** 16:21 (**Matt** 17:22–23; 20:17–19; **Mark** 8:31; 9:30–32; 10:32–34; **Lúk** 9:22; 18:31–34). Umbreyttist, **Matt** 17:1–9 (**Mark** 9:2–8; **Lúk** 9:28–36). Sendi frá sér hina sjöttú, **Lúk** 10:1–20. Sigurganga inn í Jerúsalem, **Matt** 21:1–11 (**Mark** 11:1–11; **Lúk** 19:29–40; **Jóh** 12:12–15). Innleiddi sakramentið, **Matt** 26:26–29 (**Mark** 14:22–25; **Lúk** 22:19–20). Þjáðist og þaðst fyrir í Getsemane, **Matt** 26:36–46 (**Mark** 14:32–42; **Lúk** 22:39–46). Var svikinn, handtekinn og yfirgefinn, **Matt** 26:47–56 (**Mark** 14:43–53; **Lúk** 22:47–54; **Jóh** 18:2–13). Var krossfestur, **Matt** 27:31–54 (**Mark** 15:20–41; **Lúk** 23:26–28, 32–49; **Jóh** 19:16–30). Var reistur upp, **Matt** 28:1–8 (**Mark** 16:1–8; **Lúk** 24:1–12; **Jóh** 20:1–10). Birtist eftir upprisu sína, **Matt** 28:9–20 (**Mark** 16:9–18; **Lúk** 24:13–48; **Jóh** 20:11–31; **Post** 1:3–8; **1 Kor** 15:5–8). Steig upp til himna, **Mark** 16:19–20 (**Lúk** 24:51–53; **Post** 1:9–12).

Birtist Nefítum, **3 Ne** 11:1–17 (**3 Ne** 11–26).

Birtist Joseph Smith, **JS — S** 1:15–20.

Að taka á okkur nafn Jesú Krists: Ekkert annað nafn getur frelsað okkur, **Post** 4:12 (**2 Ne** 31:21). Postularnir glóddust yfir því að vera virtir þess að þola háðung vegna nafns Jesú, **Post** 5:38–42. Þetta er hans boðorð, að vér skulum trúa á nafn sonar hans Jesú Krists, **1 Jóh** 3:23.

Vitnið að þér séuð fúsir að taka á yður nafn Krists með skírn, **2 Ne** 31:13. Ég vil að þér takið á yður nafn Krists, **Mósía** 5:6–12 (**Mósía** 1:11). Hver sá, sem hafði hug á að taka á sig nafn Krists, gekk í kirkju Guðs, **Mósía** 25:23. Allir sem raunverulega trúðu á Krist, tóku fúslega á sig nafn Krists, **Al** 46:15. Hlið himins stendur þeim opið, sem vilja trúa á nafn Krists, **He** 3:28. Blessaður er sá, sem reynist nafni mínu trúr á efsta degi, **Et** 4:19. Þau eru fús til að taka á sig nafn sonarins, **Moró** 4:3 (**K&S** 20:77).

Takið á yður nafn Krists, **K&S** 18:21–25.

Birting Krists eftir jarðlífið: Þegar Jesús var upprissinn birtist hann fyrst Maríu, **Mark** 16:9 (**Jóh** 20:11–18). Jesús gekk með og talaði við tvo af lærisveinunum á

veginum til Emmaus, **Lúk** 24:13–34. Jesús birtist postulunum sem þreifuðu á höndum hans og fótum, **Lúk** 24:36–43 (**Jóh** 20:19–20). Jesús birtist Tómasi, **Jóh** 20:24–29. Jesús birtist lærisveinunum við Tiberíasvatn, **Jóh** 21:1–14. Jesús þjónaði í fjörtúti daga eftir upprisuna, **Post** 1:2–3. Stefán sá Jesús standa til hægri handar Guði, **Post** 7:55–56. Jesús birtist Sál, **Post** 9:1–8 (**ÞJS**, **Post** 9:7; **Post** 26:9–17). Fleiri en 500 sáu Krist, **1 Kor** 15:3–8.

Jesús Kristur sýndi sig Nefíþjóðinni, **3 Ne** 11:1–17. 2500 manns sáu og heyrðu Jesú, **3 Ne** 17:16–25. Mormón fékk heim-sókn Drottins, **Morm** 1:15.

Joseph Smith og Sidney Rigdon sáu Jesú til hægri handar Guði, **K&S** 76:22–23. Joseph Smith og Oliver Cowdery sáu Drottin í Kirtland musterinu, **K&S** 110:1–4.

Joseph Smith sá Jesú, **JS — S** 1:15–17.

Dómari: Hann dæmir heiminn með réttvísi, **Sálm** 9:8 (**3 Ne** 27:16). Hann kemur að dæma heiminn, **Sálm** 96:13. Hinn ráðvanda og hinn óguðlega mun Guð dæma, **Préd** 3:17. Hann mun dæma meðal lýðanna, **Jes** 2:4 (**Míka** 4:3; **2 Ne** 12:4). Með réttvísi mun hann dæma hina fátæku, **Jes** 11:2–4.

Faðirinn hefur falið syninum allan dóm, **Jóh** 5:22. Ef ég dæmi, er dómur minn réttur, **Jóh** 8:16. Hann er dómari lifenda og dauðra, sem Guð hefur fyrir-hugað, **Post** 10:42 (**2 Tím** 4:1). Á þeim degi dæmir Guð hið dulda hjá mannum, fyrir Jesú Krist, **Róm** 2:16. Allir verða að koma fyrir dómstól Krists, **2 Kor** 5:10 (**Róm** 14:10; **Al** 12:12; **Morm** 3:20; 7:6; **Et** 12:38; **K&S** 135:5).

Allir menn koma fyrir Guð og verða dæmdir af honum, í samræmi við sann-leikann og helgi þá sem er í honum, **2 Ne** 2:10. Frammi fyrir Guði verðið þér dæmdir af verkum yðar, **Al** 5:15 (**Al** 12:15; 33:22; **3 Ne** 27:14).

Guð og Kristur eru dómamar allra, **K&S** 76:68.

Dýrð Jesú Krists: Dýrð Drottins fyllti samfundatjaldið, **2 Mós** 40:34–38. Jörðin er full af dýrð hans, **Jes** 6:3 (**2 Ne** 16:3).

Dýrð Drottins rennur upp fyrir þér, **Jes** 60:1–2.

Mannssonurinn kemur í dýrð föður síns, **Matt** 16:27. Gjör mig dýrlegan með þeirri dýrð sem ég hafði hjá þér, áður en heimur varð til, **Jóh** 17:5.

Hinn heilagi Ísraels hlýtur að ráða ríkjum með mikilli dýrð, **1 Ne** 22:24. Vér lifðum í von um dýrð hans, **Jakob** 4:4. Sonur Guðs kemur í dýrð sinni, **Al** 5:50. Hann útskýrði allt, frá upphafinu, þar til hann kæmi í dýrð sinni, **3 Ne** 26:3.

Postular mínir skulu íklæddir dýrð eins og ég, **K&S** 29:12 (K&S 45:44). Við sáum dýrð sonarins, til hægri handar föðurnum, **K&S** 76:19–23. Jóhannes sá og bar vitni um fyllingu dýrðar minnar, **K&S** 93:6 (Jóh 1:14). Ljómann af svip hans bar af svip sólarinnar, **K&S** 110:3.

Dýrð hans var yfir mér og ég sá ásjónu hans, **HDP Móse** 1:1–11. Þetta er verk mitt og dýrð mín, **HDP Móse** 1:39.

Fordæmi Jesú Krists: Ég hef gefið yður eftirdæmi, **Jóh** 13:15. Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið, **Jóh** 14:6. Kristur leið einnig fyrir yður og lét yður eftir fyrirmynd, til þess að þér skylduð feta í hans fótspor, **1 Pét** 2:21.

Fylgi maðurinn ekki staðfastlega fordæmi hins lifanda Guðs, getur hann ekki frelsast, **2 Ne** 31:16. Ég vil að þér séuð fullkomnir, eins og ég, **3 Ne** 12:48. Þetta skuluð þér ætíð gjöra eins og ég hef gjört það, **3 Ne** 18:6. Ég hef sýnt yður fordæmi, **3 Ne** 18:16. Þau verk, sem þér hafði séð mig vinna, þau skuluð þér einnig vinna, **3 Ne** 27:21, 27. Sannir fylgjendur Jesú Krists verða honum líkir, **Moró** 7:48.

Höfuð kirkjunnar: Kristur er höfuð kirkjunnar, **Ef** 5:23 (Ef 1:22; 4:15). Hann er höfuð líkamans, kirkjunnar, **Kól** 1:18.

Þetta er kirkja mín, **Mósía** 26:22 (Mósía 27:13). Kristur var upphaf og endir trúar þeirra, **Moró** 6:1–4.

Þessa kirkju hef ég stofnað, **K&S** 33:5 (3 Ne 27:3–8).

Spádómar um fæðingu og dauða Jesú Krists: Yngismær verður þunguð og fæðir son, **Jes** 7:14 (1 Ne 11:13–20). Frá

Betlehem mun koma drottari í Ísrael, **Míka** 5:2.

Samúel Lamaníti spáði degi, nóttu og degi sem samfelldum degi; nýrri stjörnu og öðrum táknum, **He** 14:2–6. Samúel Lamaníti spáði myrkvun, þrumum og eldingum og að jörð mundi nötra, **He** 14:20–27. Tákn um fæðingu Jesú komu fram, **3 Ne** 1:15–21. Tákn um dauða Jesú komu fram, **3 Ne** 8:5–23.

Tákn eða merki um Krist: Abel fórnaði frumburðum hjarðar sinnar, **1 Mós** 4:4 (HDP Móse 5:20). Tak einkason þinn, Ísak, og bjóð hann fram að fórn, **1 Mós** 22:1–13 (Jakob 4:5). Drottinn bauð Ísraelsbörnum að fórna flekklausum lömbum, **2 Mós** 12:5, 21, 46 (4 Mós 9:12; Jóh 1:29; 19:33; 1 Pét 1:19; Op 5:6). Þetta er brauðið sem Drottinn hefur fengið yður að eta, **2 Mós** 16:2–15 (Jóh 6:51). Þú skalt ljósta klettinn og mun vatn spretta af honum, svo að fólkíð megi drekka, **2 Mós** 17:6 (Jóh 4:6–14; 1 Kor 10:1–4). Hafurinn skal bera á sér öll afbrot þeirra, **3 Mós** 16:20–22 (Jes 53:11; Mósía 14:11; 15:6–9). Móse festi upp höggorm af eiri og héldu þeir lífi er á hann litu, **4 Mós** 21:8–9 (Jóh 3:14–15; Al 33:19; He 8:14–15). Jónas var í maga fiskjarins í þrjá daga, **Jónas** 1:17 (Matt 12:40).

Þetta er líkingu fórnar hins eingetna föðurins, **HDP Móse** 5:4–8.

Tilvist Krists í fortílverunni: Drottinn birtist Abraham, **1 Mós** 12:7 (1 Mós 17:1; 18:1; Abr 2:6–8). Drottinn ræddi við Móse augliti til auglitis, **2 Mós** 33:11 (5 Mós 34:10; HDP Móse 1:1–2). Ég sá Drottin standa á altarinu, **Amos** 9:1.

Í upphafi var Orðið hjá Guði. Og Orðið varð hold, hann bjó með oss, **Jóh** 1:1, 14 (1 Jóh 1:1–3). Áður en Abraham fæddist, er ég, **Jóh** 8:58. Gjör mig dýrlegan með þeirri dýrð sem ég hafði hjá þér, áður en heimur varð til, **Jóh** 17:5.

Sannarlega sá Jesaja lausnara minn, á sama hátt og ég og Jakob bróðir minn sáum hann, **2 Ne** 11:2–3. Á komandi degi kem ég í heiminn, **3 Ne** 1:12–14. Kristur var áður en heimurinn varð til, **3 Ne** 26:5

(Jóh 6:62). Eins og ég birtist þér mun ég birtast þjóð minni í holdinu, **Et** 3:14–17.

Enok sá Drottin og gekk með honum, **K&S** 107:48–49.

Minn elskaði sonur, sem var minn elskaði og útvaldi frá upphafi, **HDP Móse** 4:2. Drottinn sagði: Hvern á ég að senda? Og einn svaraði, líkur mannsyninum: Hér er ég, send mig, **Abr** 3:27.

Vald: Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla, **Jes** 9:6 (2 Ne 19:6).

Jesús kenndi eins og sá sem valdið hefur, **Matt** 7:28–29 (Mark 1:22). Manns-sonurinn hefur vald á jörðu til fyrirgefningar synda, **Matt** 9:6. Jesús skipaði óhreinum öndum með valdi og þeir hlýddu honum, **Mark** 1:27 (Lúk 4:33–36). Jesús vígði hina tólf svo þeir hefðu vald, **Mark** 3:14–15. Vald fylgdi orðum Jesú, **Lúk** 4:32. Faðirinn fól syninum allan dóm, **Jóh** 5:22, 27. Guð smurði Jesú heilögum anda og krafti, **Post** 10:38. Kristur var útvalinn áður en veröldin var grundvölluð, **1 Pét** 1:20 (Et 3:14). Kristur hefur lykla heljar og dauða, **Op** 1:18.

Allir menn verða Kristi undirgefnir, **2 Ne** 9:5. Jesús Kristur, Guðssonurinn, er faðir himins og jarðar, skapari allra hluta frá upphafi, **He** 14:12.

Kristur kom, að vilja föðurins, til að gjöra hans vilja, **K&S** 19:24. Jesús hlaut fyllingu dýrðar föðurins; og hann fékk allt vald, **K&S** 93:3–4, 16–17 (Jóh 3:35–36).

Vitnisburðir fluttir um Jesú Krist: Páll vitnaði að Jesús er Kristur, **Post** 18:5. Jafnvel illir andar vitnuðu að þeir þekktu Krist, **Post** 19:15. Enginn maður getur sagt að Jesús sé Drottinn nema fyrir heilagan anda, **1 Kor** 12:3. Sérhver kné skal beygja sig og sérhver tunga játa að Jesús Kristur er Drottinn, **Fil** 2:10–11.

Vér tölum um Krist, fögnum í Kristi, prédikum um Krist, spáum um Krist, **2 Ne** 25:26. Mormónsbók er til þess að sannfæra Gyðinga og Þjóðirnar um að Jesús er Kristur, **2 Ne** 26:12 (Titilsíða Mormónsbókar). Spámennirnir og ritningarnar vitna um Krist, **Jakob** 7:11, 19.

Leitið þessa Jesú sem spámennirnir og postularnir hafa talað um, **Et** 12:41.

Við sáum hann og heyrðum röddina bera vitni að hann er hinn eingetni, **K&S** 76:20–24. Þetta er eilíft líf — að þekkja Guð og Jesú Krist, **K&S** 132:24.

Vér trúum á Guð, hinn eilífa föður, og á son hans, Jesú Krist, **TA** 1:1. Vér trúum að Kristur muni sjálfur ríkja hér á jörðu, **TA** 1:10.

Þúsund ára ríki Krists: Á honum skal höfðingjadómurinn hvíla, **Jes** 9:6 (2 Ne 19:6). Hver sá er snertir yður, snertir augastein minn, segir Drottinn, **Sak** 2:10–12 (Sak 14:9).

Guð mun gefa Jesú háseti Davíðs föður hans, **Lúk** 1:30–33. Kristur mun ríkja um aldir alda, **Op** 11:15. Hinir heilögu munu ríkja með Kristi um þúsund ár, **Op** 20:4 (K&S 76:63).

Vegna réttlætis fólksins hefur Satan ekkert vald, **1 Ne** 22:26 (Op 20:1–3).

Ég mun dvelja í réttlæti meðal manna á jörðu í eitt þúsund ár, **K&S** 29:11 (K&S 43:29–30). Verið undirgefnir því valdi sem er, þar til sá ríkir, sem réttinn hefur til að ríkja, **K&S** 58:22 (1 Kor 15:25).

Kristur mun sjálfur ríkja hér á jörðu, **TA** 1:10 (Jes 32:1).

Jetró. Sjá einnig Móse

Höfðingi í Gamla testamenti og Mídaníta prestur sem skaut skjólshúsi yfir Móse eftir að hann flýði frá Egyptalandi. Hann er einnig nefndur Regúel (2 Mós 2:18). Síðar kvongaðist Móse Sippóru, dóttur Jetrós (2 Mós 3:1; 4:18; 18:1–12). Jetró kenndi Móse að fela öðrum hluta starfa sinna (2 Mós 18:13–27). Móse meðtók prestdæmi Melkisedeks frá Jetró (K&S 84:6–7).

Job

Í Gamla testamenti, réttlátur maður sem leið feikilegt mótlæti en hélt samt fast við trú sína á Guð. Saga hans er sögð í Jobsbók.

Jobsbók: Þrátt fyrir það að bókin fjalli um þrengingar Jobs, svarar hún ekki fullkomlega spurningunni hversvegna

Job (eða hver sem er) verður að þola þjáningu og missi fjölskyldu og verðmæta. Bókin útskýrir að þrængingar stafi ekki endilega af því að viðkomandi hafi syndgað. Drottinn kann að beita mótlæti til að reyna og aga og til leiðbeiningar engu síður en refsingar (K&S 122).

Bókinni má skipta í fjóra hluta. Fyrsti og annar kapituli eru inngangur að sögunni. Kapítular 3–31 greina frá röð umræðna Jobs og þriggja vina hans. Kapítular 32–37 hafa að geyma ræður Elíhú, fjórða vinarins, sem dæmir Job á öðrum forsendum en vinirnir þrír. Kapítular 38–42 eru bókarlok þar sem Job er fullvissaður um að lífsstefna hans hafi verið góð allt frá upphafi.

Jobsbók kennir, að ef maðurinn á rétta þekkingu á Guði og lifir lífi sem er Guði þóknanlegt, mun hann betur undir það búinn að takast á við erfiðleika sem hann mætir. Óbrigðul trú Jobs kemur fram í upphrópunum sem þessum: „Sjá, hann mun deyða mig — ég bið hans“ (Job 13:15). Jobs er einnig getið í Esekíel 14:14; Jakobsbréfinu 5:11; Kenningu og sáttmálum 121:10.

John Taylor

Þriðji forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Var kallaður í Tölpustularáðið, K&S 118:6 (K&S 124:128–129). Særðist við píslarvættið, K&S 135:2. Var meðal hinna göfugu og miklu sem Joseph F. Smith sá í andaheiminum, K&S 138:53–56.

John Whitmer

Leiðtogi við upphaf hinnar endurreistu kirkju og eitt átta vitna Mormónsbókar. Sjá „Vitnisburður átta vitna“ á upphafssíðum Mormónsbókar. Hann var einnig kallaður til að prédika fagnaðarerindið (K&S 30:9–11).

Joseph Smith eldri. *Sjá einnig* Joseph Smith yngri; Lucy Mack Smith

Faðir spámansins Josephs Smith. Hann fæddist 12. júlí 1771. Kvongaðist Lucy Mack og þau eignuðust níu börn (JS — S 1:4). Joseph gjörðist trúfastur

fylgjandi síðari daga endurreisnar og fyrsti patriarki kirkjunnar. Hann lést 14. september 1840.

Guð opinberaði leiðbeiningar til hans með syni hans Joseph, K&S 4; 23:5. Lát hinn aldna þjón minn búa áfram með fjölskyldu sinni, K&S 90:20. Hinn aldræði þjónn minn, Joseph, situr með Abraham sér til hægri handar, K&S 124:19. Joseph Smith yngri sá föður sinn í sýninni um himneska ríkið, K&S 137:5.

Engill bauð Joseph Smith yngri að greina föður sínum frá sýninni sem borið hafði fyrir hann, JS — S 1:49–50.

Joseph Smith yngri. *Sjá einnig* Endurreisn fagnaðarerindisins; Fyrsta sýnin; Hin dýrmeta perla; Kenning og sáttmálar; Mormónsbók; Þýðing Josephs Smith (PJS)

Spámaðurinn sem valinn var til að endurreisa hina sönnu kirkju Jesú Krists á jörðu. Joseph Smith fæddist í Vermontfylki í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og var uppi 1805 til 1844.

Árið 1820 birtust Guð faðirinn og Jesús Kristur Joseph og hann fékk að vita að engin kirkja jarðarinnar væri sönn (JS — S 1:1–20). Síðar var hans vitjað af englinum Moróni, sem vísaði á staðinn þar sem gulltöflur, sem höfðu að geyma arfsagnir fornra þjóða meginlands Ameríku, voru fölgna (JS — S 1:29–54).

Joseph þýddi gulltöflurnar og gaf þær út árið 1830 sem Mormónsbók (JS — S 1:66–67, 75). Árið 1829 meðtók hann prestdæmisvald frá Jóhannesi skírara og frá Pétri, Jakob og Jóhannesi (K&S 13; 27:12; 128:20; JS — S 1:68–70).

Eftir fyrirmælum Guðs endurreisti Joseph Smith ásamt nokkrum öðrum Kirkju Jesú Krists, þann 6. apríl 1830 (K&S 20:1–4). Undir forystu Josephs óx kirkjan í Kanada, Englandi og í austanverðum Bandaríkjunum, einkum í Ohio, Missouri og Illinois. Hættulegar ofsóknir mættu hinum heilögu hvar sem þeir settust að. Þann 27. júní 1844 biðu bræðurnir Joseph og Hyrum Smith

píslarvættisdauða í Karþagó, Illinois í Bandaríkjum Norður-Ameríku.

Jósef sonur Jakobs spáði um Joseph Smith, **2 Ne** 3:6–15.

Vegna þess að Drottinn þekkti þær hörmungar er koma munu yfir íbúa jarðar, kallaði hann þjón sinn Joseph Smith, **K&S** 1:17 (**K&S** 19:13). Joseph Smith var vígður postuli Jesú Krists og fyrsti öldungur þessarar kirkju, **K&S** 20:2. Joseph var vígður postuladómi af Pétri, Jakob og Jóhannesi, **K&S** 27:12. Joseph og Sidney Rigdon vitnuðu að þeir hefðu séð hinn eingetna föðurins, **K&S** 76:23. Ásamt Oliver Cowdery sá Joseph Smith Drottin í sýn, **K&S** 110:1–4. Drottinn kallaði Joseph sem ráðandi öldung, þýðanda, opinberara, sjáanda og spámann, **K&S** 124:125. Joseph Smith hefur, að Jesú einum undanskildum, gjört meira mannum til sáluhjálpar en nokkur annar, **K&S** 135:3.

Ritningar færðar fram af spámanninum Joseph Smith: Joseph þýddi hluta af gulltöflunum sem engillinn Moróní fékk honum, sú þýðing var gefin út 1830 sem Mormónsbók. Hann tók einnig við mörgum opinberunum frá Drottni sem útskýra grundvallarkenningar og skipulag kirkjunnar. Mörgum þessara opinberana var safnað í þá bók sem nú nefnist Kenning og sáttmálar. Hann var einnig ábyrgur fyrir útgáfu Hinnar dýrmætu perlu, sem hefur að geyma innblásna þýðingu sumra rita Móse, Abrahams og Matteusar, útdrátt úr eigin sögu hans og vitnisburði og þrettán trúaratriði kirkjunnar.

Joseph F. Smith

Sjötti forseti kirkjunnar; eini sonur Hyrums og Mary Fielding Smith. Hann fæddist 13. nóvember 1838 og dó 19. nóvember 1918.

Joseph F. Smith sá í sýn endurlausn hinna dánur, **K&S** 138.

Jóel

Spámaður í Júdeu í Gamla testamenti. Ekki er vitað nákvæmlega hvenær hann

var uppi — líklega þó einhvern tíma milli stjórntíðar Jósía, fyrir 850 f.Kr., og fram að endurkomu Júdaættkvíslar úr útleððinni í Babýlon.

Bók Jóels: Þungamiðja bókarinnar er spádómur Jóels eftir að Júdeu hrjáðu miklir þurrkar og engisprettuþlaga (Jóel 1:4–20). Jóel fullvissaði þjóðina um að með iðrun myndi hún aftur njóta blessana Drottins (Jóel 2:12–14).

Fyrsti kapítuli boðar til hátíðlegrar samkomu í húsi Drottins. Annar kapítuli segir frá styrjöld og eyðingu sem undanfara þúsundaráríkisins. Í þriðja kapítula greinir frá síðari dögum og endurtekið að allar þjóðir eigi í styrjöld en að lokum muni Drottinn dvelja í Síon.

Pétur vitnaði í spádóm Jóels um að heilagur andi úthellist á hvítasunnu (Jóel 3:1–5; Post 2:16–21). Engillinn Moróní vitnaði í sama vers er hann talaði við Joseph Smith (JS — S 1:41).

Jóhannes Sebedeusson. Sjá einnig

Guðspjöllin; Melkisedeksprestðæmi; Opinberun Jóhannesar; Postuli; Umbreyttar verur

Einn postulanna tólf í Nýja testamentinu, sonur Sebedeusar, og bróðir Jakobs. Á yngri árum var hann fiskimaður (Mark 1:17–20). Hann er sennilega sá ónafngreindi lærisveinn Jóhannesar skírara sem nefndur er í Jóh 1:40. Síðar var hann kallaður sem postuli Jesú Krists (Matt 4:21–22; Lúk 5:1–11). Hann ritaði Jóhannesarguðspjall, þrjú bréf, og Opinberunarbókina. Hann var einn þriggja sem voru með Drottni er hann vakti upp dóttur Jaírusar (Mark 5:35–42); á Ummyndunarfallinu (Matt 17:1–9); í Getsemane (Matt 26:36–46). Í eigin skrifum talar hann um sjálfan sig sem lærisveininn er Jesús elskaði (Jóh 13:23; 21:20) og sem „hinn lærisveinninn“ (Jóh 20:2–8). Hvað Jesús snertir, þá nefnir hann Jóhannes og bróður hans Boanerges, sem merkir „þrumusynir“ (Mark 3:17). Jóhannesar er víða getið í frásögnum af krossfestingunni og upprisunni

Jóhannes skírari

(Lúk 22:8; Jóh 18:15; 19:26–27; 20:2–8; 21:1–2). Síðar var Jóhannes sendur í útleið til Patmos og þar ritaði hann Opinberunarbókina (Op 1:9).

Jóhannes er víða nefndur í síðari daga opinberunum (1 Ne 14:18–27; 3 Ne 28:6; Et 4:16; K&S 7; 27:12; 61:14; 77; 88:141). Þessi brot staðfesta frásögu Biblíunnar um Jóhannes og veita einnig innsýn í mikilleik hans og mikilvægi þess verks sem Drottinn hefur falið honum að vinna á jörðu á tíma Nýja testamentis og á síðustu dögum. Síðari daga ritningar útskýra að Jóhannes leið ekki dauða en var leyft að dvelja á jörðu sem þjónustuengill og þjóna fram að síðari komu Drottins (Jóh 21:20–23; 3 Ne 28:6–7; K&S 7).

Jóhannesarbréfin: Þrátt fyrir að höfundur þessara þriggja bréfa nafngreini sjálfan sig ekki, er málfar bréfanna svo líkt málfari postulans Jóhannesar að talið er að hann hafi ritað þau öll þrjú.

Fyrsta Jóhannesarbréf, fyrsti kapituli áminnur hina heilögu að öðlast samfélag við Guð. Annar kapituli leggur áherslu á að hinir heilögu öðlist þekkingu á Guði með hlýðni og segir þeim að unna ekki heiminum. Þriðji kapituli kallar alla til að gerast börn Guðs og elska hvert annað. Fjórdi kapituli útskýrir að Guð sé kærleikur og dvelji í þeim sem hann elska. Fimmti kapituli útskýrir að hinir heilögu séu af Guði fæddir fyrir trú á Krist.

Annað Jóhannesarbréf er svipað hinu fyrsta. Í því gleðst Jóhannes yfir trúfestu barna hinnar „útvöldu frúar.“

Í þriðja Jóhannesarbréfi er farið við-urkenningarorðum um Gajus nokkurn fyrir dyggðuga breytni og hjálp hans við þá sem lifa í sannleikanum.

Jóhannesarguðspjall: Í þessari bók Nýja testamentis vitnar Jóhannes postuli um að (1) Jesús sé Kristur eða Messías og (2) Jesús sé sonur Guðs (Jóh 20:31). Þeir atburðir úr lífi Jesú sem hann lýsir eru vandlega valdir og þeim raðað með þetta takmark í huga. Bókin byrjar með yfirlýsingu um stöðu Kristis í fortílverunni;

hann var með Guði, hann var Guð og hann var skapari allra hluta. Hann fæddist í holdinu sem eingetinn sonur föðurins. Jóhannes rekur feril þjónustu Jesú, með mikilli áherslu á guðlegt eðli hans og upprisu frá dauðum. Hann staðfestir skilmerkilega að Jesús sé sonur Guðs, sem staðfest er með kraftaverkum, með vitnum, með spámönnunum og með eigin orðum Kristis. Jóhannes kennir með andstæðum ljóss og skugga, sannleiks og villu, góðs og ills, Guðs og djöfuls. Ef til vill er helgi Jesú og sviksemi stjórnenda Gyðinga hvergi eins skilmerkilega tíunduð og í þessu verki

Jóhannes ritaði aðallega um þjónustu Jesú í Júdeu, sérstaklega síðustu vikuna í jarðneskri þjónustu hans, en Matteus, Markús og Lúkas greindu aftur á móti mest frá þjónustu hans í Galíleu. Allmörg atriði úr guðspjalli hans hafa verið útskýrð í síðari daga opinberunum (K&S 7 og K&S 88:138–141).

Varðandi lista yfir atburði í lífi frelsarans sem sagt er frá í Jóhannesarguðspjalli, sjá Samræmi guðspjallana í Viðaukanum.

Opinberunarbókin: Sjá Opinberun Jóhannesar

Jóhannes skírari. Sjá einnig Aronsprestdæmið; Elía

Sonur Sakaríja og Elísabetar í Nýja testamenti. Jóhannes var sendur til að undirbúa komu Messíasar (Jóh 1:19–27). Hann hafði Aronsprestdæmi og skírði Jesú Krist.

Jesaja og fleiri spáðu fyrir um þjónustu Jóhannesar, **Jes** 40:3 (Mal 3:1; 1 Ne 10:7–10; 2 Ne 31:4).

Var fangelsaður og hálshöggvinn, **Matt** 14:3–12 (Mark 6:17–29). Gabríel boðaði Sakaríja fæðingu og hlutverk Jóhannesar, **Lúk** 1:5–25. Jesús kenndi að Jóhannes skírari væri mikill spámaður, **Lúk** 7:24–28. Þekkti Jesú sem son Guðs, **Jóh** 1:29–34. Lærisveinar Jóhannesar gerðust lærisveinar Jesú, **Jóh** 1:25–29, 35–42 (Post 1:21–22). Gjörði engin kraftaverk, **Jóh** 10:41.

Sem upprisin vera, sendur til að vígja Joseph Smith og Oliver Cowdery til Aronsprestðæmis, **K&S 13** (K&S 27:7–8; JS — S 1:68–72). Var vígður af engli átta daga gamall, **K&S 84:28**.

Jónas. *Sjá einnig* Níníve

Spámaður í Gamla testamenti kallaður af Drottni til að boða íbúum Níníveu borgar iðrun (Jónas 1:1–2).

Bók Jónasar: Bók í Gamla testamenti sem greinir frá ákveðinni lífsreynslu Jónasar. Líklega ritaði Jónas ekki bókina sjálfur. Meginboðskapur bókarinnar er að Jehóva ríki alls staðar og einskorðar ekki kærleik sinn við eitt land eða þjóð.

Í 1. kapítula býður Drottinn Jónasi að prédika í Níníve. Í stað þess að gjöra sem Drottinn bauð flýr Jónas á skipi og er gleypur af stórum fiski. Í 2. kapítula biður Jónas til Drottins og fiskurinn kastar Jónasi upp svo hann hefur þurrt land undir fótum. Í 3. kapítula er greint frá að Jónas fer til Níníveu og boðar fall borgarinnar. En fólkið iðrast. Í 4. kapítula ávítar Drottinn Jónas fyrir að reiðast þegar Drottinn bjargaði fólkinu.

Jesús kenndi að það, að fiskurinn gleypri Jónas, væri undanboði eigin dauða Jesú og uppris (Matt 12:39–40; 16:4; Lúk 11:29–30).

Jónatan. *Sjá einnig* Davíð; Sál, konungur í Ísrael

Í Gamla testamenti, sonur Sáls, konungs í Ísrael. Jónatan var náinn vinur Davíðs (1 Sam 13–23; 31).

Jórdanáin

Jórdanáin rennur úr Galíleuvatni til Dauðahafsins. Áin er 160 kílómetra löng og myndast með samruna allmargra uppsprettulækja sem koma frá Hermon fjalli. Hún er mikilvægust fljóta í Ísrael.

Tveir mikilvægir atburðir tengdir ánni eru að Drottinn lét vatnið standa kyrrt meðan Ísraelslýður fór yfir (Jós 3:14–17) og skírn Jesú Krists (Matt 3:13–17; 1 Ne 10:9).

Jósafat

Í Gamla testamenti, trúfastur konungur í Júdeu (1 Kon 15:24; 22).

Jósef eiginmaður Maríu. *Sjá einnig* Jesús Kristur; María, móðir Jesú

Eiginmaður Maríu, móður Jesú. Jósef var afkomandi Davíðs (Matt 1:1–16; Lúk 3:23–38) og bjó í Nasaret. Hann var heitbundinn Maríu. Rétt fyrir brúðkaup þeirra, vitjaði engillinn Gabríel hennar og tjáði henni að hún væri útvalin til að verða móðir frelsarans (Lúk 1:26–35). Jósef fékk einnig opinberun um þessa guðdómlegu fæðingu (Matt 1:20–25).

María var eina jarðneska foreldri Jesú vegna þess að Guð faðirinn var faðir Jesú. En Gyðingar litu á Jósef sem föður Jesú og Jesú kom fram við hann sem slíkan (Lúk 2:48, 51). Eftir viðvörun í himneskum draumi bjargaði Jósef lífi Jesú með því að flýja til Egyptalands (Matt 2:13–14). Eftir dauða Heródesar sagði engill Jósef að fara aftur með Jesú-barnið til Ísrael (Matt 2:19–23).

Jósef frá Arímaþeu

Jósef frá Arímaþeu var meðlimur í ráði Gyðinga, Sanhedrín, lærisveinn Jesú og auðugur og trúfastur Ísraeliti sem átti engan þátt í sakfellingu Drottins vors. Eftir krossfestinguna lét Jósef búa um líkama frelsarans í hreinum línúð og leggja hann í grafhvelfingu sem hann átti (Matt 27:57–60; Mark 15:43–46; Lúk 23:50–53; Jóh 19:38–42).

Jósef, sonur Jakobs. *Sjá einnig* Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, frumburður Jakobs og Rakelar (1 Mós 30:22–24; 37:3).

Jósef hlaut frumburðarrétt í Ísrael vegna þess að Rúben, frumburður fyrri konu Jakobs, glataði réttinum vegna afbrots (1 Kro 5:1–2). Þar eð hann var verðugur, varð Jósef, sem frumburður annarrar konu Jakobs, næstur í röðinni að fá þá blessun. Jósef fékk einnig blessun föður síns skömmu fyrir dauða hans (1 Mós 49:22–26).

Jósef var sterkur persónuleiki, maður

Jósía

„hygginn og vitur“ (1 Mós 41:39). Hvernig hann stenst freistingu konu Pótívars sýnir trú hans, hreinlífi og skapgerðarstyrk (1 Mós 39:7–12). Þegar Jósef gefur sig fram við bræður sína í Egyptalandi þakkar hann þeim í stað þess að ávita þá fyrir framkomu þeirra við hann. Hann áleit að gerðir þeirra hefðu stuðlað að því að vilji Guðs náði fram að ganga (1 Mós 45:4–15).

Síðari daga opinberun greinir frá stærra hlutverki fjölskyldu Jósefs á síðari dögum (ÞJS, 1 Mós 50:24–38 [Viðauki]; 2 Ne 3:3–24; 3 Ne 20:25–27).

Jakob unni Jósef mjög mikið og gaf honum marglitan kirtil, **1 Mós 37:3**. Vegna afbrýðisemi tóku bræður Jósefs að hata hann og gjörðu samsæri um að myrða hann, en svo fór að þeir seldu hann kaupmönnum, sem voru á leið til Egyptalands, **1 Mós 37:5–36**. Drottinn lét Jósef vegna vel í Egyptalandi og hann varð ráðsmaður í húsi Pótívars, **1 Mós 39:1–4**. Kona Pótívars laug því upp á Jósef að hann hefði leitað eftir ástum hennar; Jósef var ranglega dæmdur til fangelsisvistar, **1 Mós 39:7–20**. Jósef réð drauma byrlara og bakara faraós, **1 Mós 40**. Faraó veitti Jósef frama vegna þess að hann hafði ráðið einn af draumum hans; hann setti Jósef yfir allt Egyptaland, **1 Mós 41:14–45**. Efraím og Manasse fæðast, **1 Mós 41:50–52**. Jósef hittir föður sinn og bræður, **1 Mós 45–46**. Jósef deyr í Egyptalandi, 110 ára gamall, **1 Mós 50:22–26**.

Jósía

Réttlátur konungur í Júdeu frá 641–610 f.Kr. (2 Kon 22–24; 2 Kro 34–35). Í stjórnartíð hans fannst lögbókin í húsi Drottins (2 Kon 22:8–13).

Jósúa. *Sjá einnig* Jeríkó

Leiðtogi og spámaður í Gamla testamenti og arftaki Móse. Hann fæddist í Egyptalandi áður en Ísraelsbörn sluppu þaðan (4 Mós 14:26–31). Hann var ásamt Kaleb í hópi 12 njónsara sem sendir voru til Kanaanlands. Aðeins þeir tveir báru landinu góða sögu (4 Mós 13:8, 16–33;

14:1–10). Hann dó, 110 ára að aldri (Jós 24:29). Jósúa er stórkostlegt dæmi um trúrækin, spámannlegan stríðsmann.

Jósúabók: Bókin er kennd við Jósúa vegna þess að hann er höfuðpersóna hennar, en ekki af því að hann sé höfundur hennar. Kapítular 1–12 lýsa sigurvinningum í Kanaanlandi; kapítular 13–24 segja frá skiptingu landsins meðal ættkvísla Ísraels og greina frá síðustu ráðgjöf Jósúa

Tvö athyglisverð vers í Jósúabók eru fyrirmæli Drottins til hans að hugleiða ritningarnar (Jós 1:8) og ákall Jósúa til þjóðarinnar að vera trúföst í Drottni (Jós 24:15).

Júda. *Sjá einnig* Biblíá; Gyðingar; Ísrael

Í Gamla testamenti, fjórði sonur Jakobs og Leu (1 Mós 29:35; 37:26–27; 43:3, 8; 44:16; 49:8). Jakob blessaði Júda að hann yrði viðurkenndur leiðtogi meðal sona Jakobs og að Siló (Jesús Kristur) yrði afkomandi hans (1 Mós 49:10).

Ættkvísl Júda: Júdaættkvíslin tók forystuna eftir að Kanaanland var byggt. Aðalkeppinauturinn var ættkvísl Efraíms. Móse blessaði ættkvísl Júda (5 Mós 33:7). Eftir stjórnartíð Salómóns varð Júdaættkvísl að konungdæmi Júda.

Konungdæmi Júda: Í stjórnartíð Jeróbóams klofnaði yfirráðasvæði Salómóns í tvö aðskilin konungdæmi, aðallega vegna afbrýði milli ættkvísla Efraíms og Júda. Suðurríkið, eða konungdæmið Júdea, náði yfir Júdaættkvísl og mestan hluta ættkvíslar Benjamíns. Höfuðborgin var Jerúsalem. Ef á heildina er litið var það trúrra guðsdýrkun Jehóva heldur en nyrðra konungdæmið. Júdea var ekki eins berskjölduð fyrir árásum úr norðri og austri, og æðsta valdið var í höndum ættar Davíðs fram að ánauðinni af völdum Babýloníumanna. Konungdæmi Júda tókst að þróa 135 ár fram yfir fall hins öflugra og fjölmennara Ísraelsríkis.

Stafur Júda: Þetta vísar til Biblíunnar sem heimildaskrár húss Júda

(Esek 37:15–19). Á síðustu dögum, þegar hinum ýmsu greinum Ísraelsættar er safnað saman mun helgum heimildum þeirra einnig safnað saman. Þessar ritningarlegu heimildir munu fylla hver í eyður annarrar og mynda sameinaðan vitnisburð um að Jesús sé Kristur, Guð Ísraels og Guð allrar jarðarinnar (ÞJS, 1 Mós 50:24–36 [Viðauki]; 2 Ne 3; 29).

Júdas

Í Nýja testamenti, einn af bræðrum Jesú og sennilega höfundur Júdasarbréfsins (Matt 13:55; Júd 1:1).

Júdasarbréf: Bókin er bréf frá Júdasi til ákveðinna heilagra sem voru að veikjast í trúnni. Grafið var undan trú þeirra af þeim meðal þeirra, sem kváðust vera kristnir þótt þeir iðkuðu ósiðlegan heiðinn átrúnað og kváðust undanþegnir siðrænum reglum. Júdas vildi vekja hina heilögu til vitundar um þá andlegu hættu sem þeir væru í og hvetja þá til trúfestu.

Athyglisverð meðal versa Júdasarbréfs er 6. versió sem segir frá stríðinu á himnum og brottvísan Lúsifers og engla hans úr fortílverunni (Abr 3:26–28), og vers 14–15, sem vísa til spádóms Enoks.

Júdas Ískaríot

Einn af tólf postulum Jesú í Nýja testamenti (Matt 10:4; Mark 14:10; Jóh 6:71; 12:4). Viðurnefni hans þýðir „maður frá Keríjot.“ Hann var af Júda ættkvísl og sá eini postulanna sem ekki var Galíleumaður. Júdas sveik Drottinn.

Tók við þrjátíu silfurpeningum fyrir að selja Krist í hendur ædstu prestanna, **Matt** 26:14–16 (Sak 11:12–13). Sveik Drottinn með kossi, **Matt** 26:47–50 (Mark 14:43–45; Lúk 22:47–48; Jóh 18:2–5). Hengdi sig, **Matt** 27:5. Satan fór í Júdas, **Lúk** 22:3 (Jóh 13:2, 26–30). Davíð talaði um svik Júdasar við Jesú, **Post** 1:16 (Sálm 41:10).

Júdas, bróðir Jakobs

Í Nýja testamenti, einn af upphaflegu 12 postulum Jesú Krists (Lúk 6:13–16).

Hann gekk trúlega einnig undir nafninu Lebbakus Taddeus (Matt 10:2–4).

Jörð. Sjá einnig Heimur; Skapa, sköpun

Plánetan sem við búum á, sköpuð af Guði með tilstilli Jesú Krists til afnota manningum á dauðlegum reynslutíma hans. Hún verður að lokum dýrðleg gjörð og upphafin (K&S 77:1–2; 130:8–9). Jörðin verður eilíf arfleifð þeirra sem lifað hafa verðugir himneskrar dýrðar (K&S 88:14–26). Þeir munu njóta samvista föðurins og sonarins (K&S 76:62).

Sköpuð fyrir manninn: Guð veitti manningum yfirráð yfir jörðinni, **1 Mós** 1:28 (HDP Móse 2:28). Jörðin er Drottins, **2 Mós** 9:29 (Sálm 24:1). Drottinn hefur gefið mannanna börnum jörðina, **Sálm** 115:16. Ég hef til búið jörðina og skapað mennina á henni, **Jes** 45:12.

Í krafti orðs hans varð maðurinn til á yfirborði jarðar, **Jakob** 4:9.

Jörðin mun gefin þeim sem hafa tekið heilagan anda sér til leiðsagnar, **K&S** 45:56–58 (K&S 103:7). Þeir sem hlýtt hafa fagnaðarerindi mínu skulu hljóta gæði jarðarinnar, **K&S** 59:3. Hinir fátaeku og högværu á jörðunni munu erfa hana, **K&S** 88:17 (Matt 5:5; 3 Ne 12:5).

Við skulum gjöra jörð og við munum reyna þá, **Abr** 3:24–25.

Lifandi heild: Jörðin stendur að eilífu, **Préd** 1:4.

Glerhafið er jörðin í helguðu, ódauðlegu og eilífu ástandi, **K&S** 77:1. Jörðina verður að helga og búa undir himneska dýrð, **K&S** 88:18–19.

Jörðin harmaði upphátt, **HDP Móse** 7:48.

Sundurgreining jarðar: Lát vötnin safnast saman á einn stað, **1 Mós** 1:9. Á dögum Pelegs greindist fólkíð á jörðunni, **1 Mós** 10:25.

Er vötnin fjöruðu út varð það valkostaland, **Et** 13:2.

Jörðin verður eins og hún var áður en hún var greind í sundur, **K&S** 133:24.

Hreinsun jarðar: Regn féll á jörðina í fjörutíu daga, **1 Mós** 7:4.

Kain

Jörðin geymist eldinum fram að degi dómsins, **2 Pét** 3:7.

Eftir daginn í dag kemur brennan, **K&S** 64:24.

Jörðin þráir að verða hrein af óhreinindunum, **HDP Móse** 7:48.

Lokaástand jarðar: Jörðin mun vefjast saman sem bókfell og líða undir lok, **3 Ne** 26:3 (**K&S** 29:23). Það skal verða nýr himinn og ný jörð, **Et** 13:9 (**K&S** 29:23).

Glerhafið er jörðin í helguðu, ódauðlegu og eilífu ástandi, **K&S** 77:1. Jörðina verður að helga og undirbúa fyrir himnesku dýrðina, **K&S** 88:18–19. Þessi jörð verður lík kristalli og verður Úrím og Túmmím, **K&S** 130:8–9.

Í þúsund ár skal jörðin hvílast, **HDP Móse** 7:64. Jörðin verður endurnýjuð, **TA** 1:10.

Kain. *Sjá einnig* Abel; Adam;

Leynisamtök, samsæri; Morð

Sonur Adams og Evu sem drap yngri bróður sinn, Abel (1 Mós 4:1–16).

Förn hans var hafnað af Drottni, **1 Mós** 4:3–7 (**HDP Móse** 5:5–8, 18–26). Drap bróður sinn, Abel, **1 Mós** 4:8–14 (**HDP Móse** 5:32–37). Drottinn lagði bölvun á Kain og merkti hann, **1 Mós** 4:15 (**HDP Móse** 5:37–41).

Adam og Eva höfðu eignast marga syni og dætur áður en hann fæddist, **HDP Móse** 5:1–3, 16–17. Elskaði Satan meira en Guð, **HDP Móse** 5:13, 18. Gjörði vanhælgan sáttmála við Satan, **HDP Móse** 5:29–31.

Kaifas. *Sjá einnig* Annas; Saddúkear

Í Nýja testamenti, æðsti prestur og tengdasonur Annasar. Kaifas tók virkan þátt í andstöðu við Jesú og lærisveina hans (**Matt** 26:3–4; **Jóh** 11:47–51; 18:13–14).

Kaleb

Einn þeirra sem Móse sendi til að kanna Kanaanland á öðru ári eftir brottförina. Aðeins hann og Jósúa komu til baka með rétta skýrslu um landið (4 Mós 13:6, 30; 14:6–38). Peir einir allra þeirra

sem yfirgefið höfðu Egyptaland lifðu af árin fjórutíu í eyðimörkinni (4 Mós 26:65; 32:12; 5 Mós 1:36) og komust til Kanaanlands (**Jós** 14:6–14; 15:13–19).

Kam. *Sjá einnig* Nói, patriarki í Biblíunni

Í Gamla testamenti, þriðji sonur Nóa (1 Mós 5:32; 6:10; **HDP Móse** 8:12, 27).

Nói, synir hans og fjölskyldur þeirra fóru um borð í örkina, **1 Mós** 7:13. Kanaan, syni Kams, var bölvuð, **1 Mós** 9:18–25.

Stjórn Kams var ættföðurleg og henni fylgdi blessun jarðarinnar og viskunnar en ekki hvað varðar prestdæmið, **Abr** 1:21–27. Kona Kams, Egyptus, var afkomandi Kains; synir dóttur þeirra Egyptusar settust að í Egyptalandi, **Abr** 1:23, 25 (**Sálm** 105:23; 106:21–22).

Kanaan, Kanaanítar

Á tíma Gamla testamentis, fjórði sonur Kams (1 Mós 9:22; 10:1, 6) og sonarsonur Nóa. *Kanaanítar* er notað um þá sem koma frá landinu þar sem Kanaan bjó upphaflega og einnig um afkomendur hans. *Kanaaníti* var einnig notað um þjóðina sem bjó á láglendinu við Miðjarðarhafsströnd Filisteu. Þetta nafn var stundum notað yfir alla íbúa landsins vestan Jórdanárinnar sem ekki voru af Ísraelsætt og Grikkir nefndu Föníkumenn

Karþagó-fangelsi (Bandar.). *Sjá einnig* Hyrum Smith; Joseph Smith yngri

Joseph og Hyrum Smith voru myrtir af múgnum 27. júní 1844 í Karþagó fangelsinu í Illinois, Bandaríkjunum (**K&S** 135).

Keisari

Í Nýja testamenti, titill nokkurra rómverskra keisara. Í ritningunum er orðið notað sem tákn fyrir veraldlega stjórn eða vald.

Gjaldið keisaranum það sem keisarans er, **Matt** 22:21 (**Mark** 12:17; **Lúk** 20:25; **K&S** 63:26).

Kenna, kennari. *Sjá einnig* Heilagur andi

Að veita öðrum þekkingu, sérstaklega um sannleika fagnaðarerindisins og leiða þá til réttlætis. Þeir sem kenna fagnaðarerindið ættu að leiðast af andanum. Allir foreldrar eru kennarar innan sinnar fjölskyldu. Heilagir ættu að leita leiðbeininga frá Drottni og leiðtogum hans og meðtaka þær fúslega.

Gjör þá kunna börnum þínum, **5 Mós** 4:8–9. Þú skalt brýna þau fyrir börnum þínum, **5 Mós** 6:7 (5 Mós 11:18–19). Fræð þú sveininn um veginn sem hann á að halda, **Okv** 22:6. Allir synir þínir eru lærisveinar Drottins, **Jes** 54:13 (3 Ne 22:13).

Vér vitum að þú ert lærifaðir kominn frá Guði, **Jóh** 3:2. Þú sem fræðir aðra, hví fræðir þú ekki sjálfan þig, **Róm** 2:21.

Ég hlaut nokkra tilsögn í fræðum föður míns, **1 Ne** 1:1 (Enos 1:1). Prestar og kennarar verða að kenna af kostgæfni, að öðrum kosti falla syndir fólksins yfir þeirra eigin höfuð, **Jakob** 1:18–19. Hlustið á mig og ljúkið upp eyrum yðar, **Mósía** 2:9. Kennið börnum yðar að elska hvert annað og þjóna hvert öðru, **Mósía** 4:15. Treystið engum til að vera kennari yðar nema hann sé Guðs maður, **Mósía** 23:14. Drottinn úthellti anda sínum um allt landið til að búa hjörtu þeirra undir að meðtaka orðið, **Al** 16:16. Þeir kenndu með krafti og valdi Guðs, **Al** 17:2–3. Mæður þeirra höfðu kennt þeim, **Al** 56:47 (Al 57:21).

Og sem þeir sæktust eftir visku, svo mættu þeir fræðslu fá, **K&S** 1:26. Kennið hver öðrum í samræmi við það embætti, sem ég hef útnefnt yður, **K&S** 38:23. Kennið grundvallarreglur fagnaðarerindis míns, sem eru í Biblíunni og Mormónsbók, **K&S** 42:12. Þér skuluð hljóta kennslu frá upphæðum, **K&S** 43:15–16. Foreldrar kenni börnum sínum, **K&S** 68:25–28. Fræðið hvert annað um kenningu ríkisins, **K&S** 88:77–78, 118. Útnefnið kennara á meðal yðar, **K&S** 88:122. Þú hefur ekki kennt börnum

þínum ljós og sannleika, og það er orsök þrenginga þinna, **K&S** 93:39–42.

Fræð börn þín óspart um þetta, **HDP Móse** 6:57–61.

Kennsla með andanum: Þér eruð ekki þeir sem tala, heldur andi föður yðar, **Matt** 10:19–20. Brann ekki hjartað í okkur, meðan hann lauk upp fyrir okkur ritningunum, **Lúk** 24:32. Fagnaðarerindið er kennt með krafti andans, **1 Kor** 2:1–14.

Hann talaði með krafti og valdi frá Guði, **Mósía** 13:5–9 (Al 17:3; He 5:17).

Þú skalt hafa anda minn til að sannfæra mennina, **K&S** 11:21. Á þig mun hlýtt í öllu, sem þú kennir með huggaranum, **K&S** 28:1 (K&S 52:9). Ef þér meðtakið ekki andann munuð þér ekki kenna, **K&S** 42:14 (K&S 42:6). Kennið mannanna börnum með krafti anda míns, **K&S** 43:15. Öldungar skulu kenna fagnaðarerindið með andanum, **K&S** 50:13–22. Einmitt á þeirri stundu mun yður gefið hvað þér eigið að segja, **K&S** 84:85 (K&S 100:5–8).

Kennari í Aronsprestæminu. *Sjá einnig* Aronsprestæmið

Embætti í Aronsprestæmi.

Skylda kennarans er að vaka stöðugt yfir söfnuðinum, **K&S** 20:53–60. Embætti kennara er nauðsynlegur viðauki hins lægra prestæmis, **K&S** 84:30, 111. Skylda forseta kennarasveitar er að vera í forsæti fyrir tuttugu og fjórum kennurum, **K&S** 107:86.

Kenning Krists. *Sjá einnig* Endurlausnaráætlunin; Fagnaðarerindi

Reglur og kenningar fagnaðarerindis Jesú Krists.

Kenning mín streymi sem regn, **5 Mós** 32:2. Þá munu hinir andlega villtu átta sig, **Jes** 29:24.

Mannfjöldinn undraðist mjög kenningu hans, **Matt** 7:28. Kenning mín er ekki mín, heldur hans, sem sendi mig, **Jóh** 7:16. Sérhver kenning er nytsöm til fræðslu, **2 Tím** 3:16.

Þetta er kenning Krists, hin eina sanna kenning föðurins, **2 Ne** 31:21 (2 Ne 32:6). Ekki skal vera neinn ágreiningur meðal yðar varðandi kenningu mína, **3 Ne** 11:28, 32, 35, 39–40.

Satan eignir hjörtu fólksins til deilna um kenningaratriði mín, **K&S** 10:62–63, 67. Kennið börnum kenninguna um iðrun, trú á Krist, skírn og gjöf heilags anda, **K&S** 68:25. Fræðið hver annan um kenningu ríkisins, **K&S** 88:77–78. Kenning prestdæmisins mun falla á sál þína eins og dögg af himni, **K&S** 121:45.

Kenning og sáttmálar. *Sjá einnig*

Boðorðabókin; Helgiritin; Joseph Smith yngri; Ritningar

Safn guðlegra opinberana síðari daga og innblásinna yfirlýsinga. Drottinn gaf þær Joseph Smith og nokkrum eftirmanna hans til stofnunar og skipulagningar ríkis Guðs á jörðu á síðustu dögum. Kenning og sáttmálar er eitt helgirit Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, ásamt Biblíunni, Mormónsbók og Hinni dýrmætu perlu. Kenning og sáttmálar hafa þó þá sérstöðu að vera ekki þýðing fornra rita; Drottinn gaf þessar opinberanir út-völdum spámönnum nú á tímum til þess að endurreisa ríki sitt. Í þessum opinberunum heyrast blíð en ákveðin rödd Drottins vors Jesú Krists (**K&S** 18:35–36).

Í sögu Josephs Smith er talað um Kenningu og sáttmála sem grundvöll kirkjunnar á síðustu dögum og ávinning fyrir heiminn (**K&S** 70 formáli). Með opinberunum í bókinni hefst undirbúningstarf fyrir síðari komu Drottins, til uppfyllingar á öllum orðum spámannanna frá upphafi heimsins.

Kerúb

Verur sem eru himneskrar sköpunar, en sköpulag þeirra er ekki nákvæmlega þekkt. Kerúbar hafa fengið þá köllun að standa vörð um helga staði.

Drottinn setti kerúbana til að geyma vegarins að lífsins tré, **1 Mós** 3:24 (Al 12:21–29; 42:2–3; HDP Móse 4:31). Táknrænar myndir af kerúbum voru settar

á náðarsætið, **2 Mós** 25:18, 22 (1 Kon 6:23–28; Hebr 9:5). Kerúbar eru nefndir í sýnum Esekíels, **Esek** 10; 11:22.

Kirkja, einkenni hinnar sönnu. *Sjá einnig* Kirkja Jesú Krists; Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu; Tákn

Kenningar og verk kirkju sem sýna að hún er staðfest af Guði og sú leið sem Drottinn hefur sett börnum sínum til þess að öðlast fyllingu blessana hans. Nokkur einkenna hinnar sönnu kirkju eru sem hér segir:

Réttur skilningur á Guðdóminum: Guð skapaði manninn í sinni mynd, **1 Mós** 1:26–27. Drottinn talaði við Móse augliti til auglitis, **2 Mós** 33:11.

Það er hið eilífa líf að þekkja Guð föðurinn og Jesú Krist, **Jóh** 17:3.

Faðirinn og sonurinn hafa líkama af holdi og beinum, **K&S** 130:22–23.

Faðirinn og sonurinn birtust Joseph Smith, **JS — S** 1:15–20. Vér trúum á Guð, hinn eilífa föður, **TA** 1:1.

Frumreglur og helgiathafnir: Nema hann fæðist af vatni og anda, **Jóh** 3:3–5. Iðrist og látið skírast, sérhver ykkar, í nafni Jesú Krists, **Post** 2:38. Þeir lögðu hendur yfir þá og fengu þeir heilagan anda, **Post** 8:14–17. Gjörist börn Guðs fyrir trú á Jesú Krist, **Gal** 3:26–27.

Iðrist og látið skírast í nafni míns elskaða sonar, **2 Ne** 31:11–21.

Þeir sem trúðu voru skírðir og meðtöku heilagan anda með handayfirlagningu, **K&S** 76:50–53.

Rétt prestdæmi er nauðsynlegt til að framkvæma skírn og gjöf heilags anda, **JS — S** 1:70–72. Frumreglur og helgiathafnir fagnaðarerindisins eru útskýrðar, **TA** 1:4.

Opinberun: Þar sem engar vitranir eru kemst fólk á glapstígu, **Okv** 29:18. Drottinn opinberar spámönnum sínum ráðsályktun sína, **Amos** 3:7.

Kirkjan er byggð á kletti opinberunar, **Matt** 16:17–18 (**K&S** 33:13).

Vei sé þeim sem segir að Drottinn

starfi ekki lengur með opinberunum, **3 Ne 29:6**.

Opinberanir og fyrirmæli fást aðeins með þeim, sem útnefndur er, **K&S 43:2-7**.

Vér trúum öllu, sem Guð hefur opinberað, **TA 1:9**.

Spámenn: Kirkjan er byggð á grundvelli postula og spámana, **Ef 2:19-20**. Postular og spámenn eru kirkjunni ómissandi, **Ef 4:11-16**.

Joseph Smith var kallaður til að vera sjáandi, spámaður og postuli, **K&S 21:1-3**.

Vér höfum trú á postulum, **TA 1:6**.

Vald: Jesús gaf lærisveinum sínum mátt og vald, **Lúk 9:1-2** (Jóh 15:16).

Nefí, sonur Helamans, hafði mikinn kraft og vald frá Guði, **He 11:18** (3 Ne 7:17).

Spámaðurinn skal taka við fyrir-mælum fyrir kirkjuna, **K&S 21:4-5**. Engum er leyft að prédika fagnaðarerindið eða reisa kirkju mína, nema hann sé vigður af þeim, sem vald hefur, **K&S 42:11**. Öldungarnir skulu prédika fagnaðarerindið og starfa með valdi, **K&S 68:8**.

Hver sem prédikar eða framkvæmir fyrir Guð verður að vera kallaður af Guði og með þeim sem vald hafa, **TA 1:5**.

Viðbótarritningar komi fram: Stafur Júda mun tengjast staf Jósefs, **Esek 37:15-20**. Birting síðari daga ritninga var sögð fyrir, **1 Ne 13:38-41**.

Vér trúum að Guð muni enn opinbera marga mikilvæga hluti, **TA 1:9**.

Skipulag kirkjunnar: Kirkjan er byggð á grundvelli postula og spámana, **Ef 2:19-20**. Postular og spámenn eru kirkjunni ómissandi, **Ef 4:11-16**. Kristur er höfuð kirkjunnar, **Ef 5:23**.

Kirkja Krists verður að bera nafn hans, **3 Ne 27:8**.

Vér höfum trú á sama skipulagi og var í frumkirkjunni, **TA 1:6**.

Trúboðsverk: Farið því og kennið öllum þjóðum, **Matt 28:19-20**. Sjötíu

voru kallaðir til að prédika fagnaðarerindið, **Lúk 10:1**.

Þeir þráðu að hverri skepnu yrði boðuð sáluhjál, **Mósía 28:3**.

Öldungar skulu fara og prédika fagnaðarerindið, tveir og tveir saman, **K&S 42:6**. Fagnaðarerindið verður að boða hverri skepnu, **K&S 58:64**.

Gjafir andans: Þeir tóku að tala öðrum tungum, **Post 2:4**. Öldungarnir skulu lækna sjúka, **Jakbr 5:14**.

Afneitið ekki gjöfum andans, **Moró 10:8**.

Andlegar gjafir eru taldar upp, **K&S 46:13-26** (1 Kor 12:1-11; Moró 10:9-18).

Musteri: Ég mun gjöra sáttmála og setja helgidóm minn meðal þeirra að eilífu, **Esek 37:26-27**. Drottinn mun bráðlega koma til mustervis síns, **Mal 3:1**.

Nefí reisti musteri, **2 Ne 5:16**.

Hinir heilögu eru ávitaðir fyrir að reisa ekki hús Drottins, **K&S 95** (K&S 88:119). Fólk Drottins byggir ætíð musteri fyrir framkvæmd helgiathafna, **K&S 124:37-44**. Bygging mustera og framkvæmd helgiathafna er hluti hins mikla verks síðari daga, **K&S 138:53-54**.

Kirkja, nafn hennar. *Sjá einnig* Kirkja Jesú Krists; Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu; Mormóni, Mormónar

Í Mormónsbók, þegar Jesús sótti hina réttlátu Nefíta heim skömmu eftir upprisu sína, sagði hann að kirkja hans ætti að bera nafn hans (3 Ne 27:3-8). Á síðari tímum opinberaði Drottinn að nafn kirkjunnar skyldi vera „Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu“ (K&S 115:4).

Kirkja, völdug og viðurstyggileg. *Sjá* Djöfull — Kirkja djöfulsins

Kirkja Jesú Krists. *Sjá einnig* Endurreisn fagnaðarerindisins; Heilagur; Kirkja, einkenni hinnar sönnu; Kirkja, nafn hennar; Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu; Ríki Guðs eða ríki hinna Skipulagður hópur trúaðra sem hafa

tekið á sig nafn Jesú Krists með skírn og staðfestingu. Til þess að vera hin sanna kirkja verður hún að vera kirkja Drottins; verður að hafa vald hans, kenningar, lögmál, helgiathafnir og nafn; og verður að vera stjórnað af honum með fulltrúum sem hann hefur tilnefnt.

Drottinn bætti daglega við hópinn, **Post 2:47**. Vér erum, þótt margir séum, einn líkami í Kristi, **Róm 12:5**. Í einum anda vorum við allir skírðir til að vera einn líkami, **1 Kor 12:13**. Kirkjan er bygging sem hefur að grundvelli postulana og spámennina, **Ef 2:19–20**. Postular og spámenn eru kirkjunni ómissandi, **Ef 4:11–16**. Kristur er höfuð kirkjunnar, **Ef 5:23**.

Þótt kirkjurnar væru margar, voru þær samt ein kirkja, **Mósía 25:19–22**. Reglu var komið á kirkjuna og hún hreinsuð, **Al 6:1–6**. Kirkja Krists verður að bera nafn hans, **3 Ne 27:8**. Fólk kirkjunnar kom oft saman til að fasta og biðja og ræða hvert við annað, **Moró 6:5**.

Þetta er hin eina sanna og lifandi kirkja, **K&S 1:30**. Kirkja Krists stofnuð á þessum síðustu dögum, **K&S 20:1**. Drottinn kallar þjóna sína til að byggja upp sína kirkju, **K&S 39:13**. Svo mun kirkja mín nefnd á síðustu dögum, **K&S 115:4**.

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. *Sjá einnig* Endurreisn fagnaðarerindisins; Kirkja, einkenni hinnar sönnu; Kirkja, nafn hennar; Kirkja Jesú Krists

Nafn gefið kirkju Krists á síðari dögum til aðgreiningar frá kirkjunni á öðrum ráðstöfufartímum (**K&S 115:3–4**).

Drottinn mun úthella þekkingu yfir Síðari daga heilaga, **K&S 121:33**. Joseph Smith er spámaður og sjáandi Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, **K&S 127:12**. Hinn mikli dagur Drottins er fyrir dyrum Síðari daga heilagra, **K&S 128:21, 24**. Joseph Smith hefur hjálpað við að safna saman Síðari daga heilögum, **K&S 135:3**. Hópar Síðari daga heilagra skulu skipulagðir fyrir ferðina til vestursvæða Bandaríkjanna, **K&S 136:2**.

Síðari daga heilögum gerð grein fyrir hjúskaparlögum, **OY 1**. Prestdæmið veitt öllum verðugum karlkyns meðlimum Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, **OY 2**.

Frásögn af fyrstu sýninni til allra Síðari daga heilagra, **JS — S 1:1**.

Kirkja viðurstygððarinnar. *Sjá* Djöfull — Kirkja djöfulsins

Kiskúmen. *Sjá einnig* Gadianton ræningjarnir

Í Mormónsbók, leiðtogi hóps spilltra manna er síðar nefndust Gadiantonræningjarnir (**He 1:9–12; 2**).

Kjör. *Sjá einnig* Köllun og kjör

Byggt á verðleika í fortílveru valdi Guð þá sem yrðu niðjar Abrahams og Ísraelsætt og yrðu sáttmálsþjóð (**5 Mós 32:7–9; Abr 2:9–11**). Þessu fólki eru veittar sérstakar blessanir og skyldur svo það geti blessað allar þjóðir heims (**Róm 11:5–7; 1 Pét 1:2; Al 13:1–5; K&S 84:99**). Samt sem áður verða jafnvel þessir útvöldu að vera kallaðir og kjörnir í þessu lífi til þess að öðlast sáluhjálp.

Kjörinn, hinir kjörnu

Hinir kjörnu eru þeir sem elska Guð af öllu hjarta og lifa lífi sem er honum þóknanlegt. Þeir sem lifa þannig sem lærisveinar munu á sínum tíma verða kallaðir af Drottni til að dvelja meðal útvalinna barna hans.

Þeir munu leiða afvega jafnvel hina útvöldu, **Matt 24:24**. Jóhannes gladdist yfir að börn hinnar útvöldu frúar væru sönn og trúföst, **2 Jóh 1**.

Syndir þínar eru þér fyrirgefnar, og þú ert kjörin kona, **K&S 25:3**. Mínir kjörnu heyra raust mína og herða eigi hjörtu sín, **K&S 29:7**. Ég mun safna mínum kjörnu saman úr öllum fjórum skautum heimsins, **K&S 33:6**. Ritningar verða gefnar til hjálpraðis mínum kjörnu, **K&S 35:20–21**. Þeir sem efla prestdæmisköllun sína verða hinir kjörnu Guðs, **K&S 84:33–34**.

Dagar mótlætisins munu styttnir, sakir hinna kjörnu, **JS — M 1:20**.

Klám. *Sjá* Hórdómur; Hreinlífi; Saurlifnaður

Klettur. *Sjá* Bjarg

Knýja, aftra. *Sjá* einnig Heilagur andi

Að vera sterklega hvattur til að gera eða gera ekki eitthvað, sérstaklega með áhrifum og krafti heilags anda.

Andinn í brjósti mínu knýr mig, **Job** 32:18.

Kærleiki Krists knýr oss, **2 Kor** 5:14.

Andinn hvatti mig til að ráða Laban af dögum, **1 Ne** 4:10. Andinn aftrar mér. . ., **Al** 14:11. Ég er bundinn þeim sáttmála, **Al** 60:34. Ammaron fól heimildirnar, knúinn af heilögum anda, **4 Ne** 1:48.

Það sem að ofan kemur verður að segjast með gætni og eins og andinn býður, **K&S** 63:64.

Komið. *Sjá* einnig Hlýðni, hlýðinn, hlýða; Lærisveinn

Í ritningunum, þýðir oft að nálgast einhvern sem fylgjandi eða með hlýðni, eins og orðalagið „komið til Krists, fullkomnist í honum,“ segir (Moró 10:32).

Hneiðið eyru yðar og komið til mín, **Jes** 55:3.

Komið til mín, allir þér sem erfiðið, **Matt** 11:28. Leyfið börnunum að koma til mín, **Matt** 19:14. Hver sem vill fylgja mér afneiti sjálfum sér, **Lúk** 9:23. Þann mun ekki hungra sem til mín kemur, **Jóh** 6:35.

Kristur býður öllum að koma til sín, **2 Ne** 26:33. Komið til mín og látið frelsast, **3 Ne** 12:20. Komið til Krists, **Moró** 10:32.

Þjóðið öllum að koma til Krists, **K&S** 20:59. Komið til mín og sálir yðar munu lifa, **K&S** 45:46.

Kona, konur. *Sjá* einnig Bræður, bróðir; Maður, menn; Systir

Fullvaxin kvenpersóna, dóttir Guðs. Stundum er orðið *kona* notað í ritningunum sem virðingarheiti (Jóh 19:26; Al 19:10).

Guð skapaði karl og konu, **1 Mós** 1:27

(HDP Móse 2:27; 6:9; Abr 4:27). Væn kona er meira virði en perlu, **Okv** 31:10–31.

Konan er vegsemd mannsins, **1 Kor** 11:7. Þó er hvorki konan óháð mannum, né maðurinn konunni í samfélaginu við Drottin, **1 Kor** 11:11. Konur skulu klæðast látlausum klæðnaði, **1 Tím** 2:9–10.

Því ég, Drottinn Guð, hef velþóknun á hreinleika kvenna, **Jakob** 2:28.

Syndir þínar eru þér fyrirgefna, og þú ert kjörin kona, **K&S** 25:3. Konur eiga kröfu á eiginmenn sína um framfærslu, **K&S** 83:2.

Konungabækurnar

Tvær bækur í Gamla testamenti. Bækur þessar rekja sögu Ísraels frá upp-reisn Adónía, fjórða sonar Davíðs (um 1015 f.Kr.), til endanlegrar ánaugar Júda (um 586 f.Kr.). Þær hafa að geyma alla sögu nyrðra konungdæmisins (tíu ættkvísla Ísraels) frá aðskilnaðinum þar til Assýringar herleiddu þá til landanna í norðri. *Sjá* einnig Tímatál í Viðaukanum.

Fyrri konungabók: Fyrsti kapítuli lýsir ævilokum Davíðs konungs. Kapítular 2–11 greina frá ævi Salómons. Kapítular 12–16 segja frá fyrstu eftirmönnum Salómons, Rehabeams og Jeróbóams. Jeróbóam olli skipingu Ísraelsríkis. Aðrir konungar koma einnig við sögu. Kapítular 17–21 greina frá hluta þjónustu Elía þá er hann átaldi Akab Ísraelskonung. Kapítuli 22 greinir frá stríði við Sýrlendinga þar sem Akab og Jósafat, konungur Júda, sameinuðu lífsstyrk sinn. Spámaðurinn Míka boðar hrakfarir konunganna.

Síðari konungabók: Kapítular 1:1–2:11 greina áfram frá lífi Elía, meðal annars himnaför Elía í eldvagni. Kapítular 2–9 segja frá þjónustu Elísa í trú og með miklu valdi. Kapítuli 10 greinir frá Jehú konungi og hvernig hann eyddi ætt Akabs og Baalprestunum. Kapítular 11–13 greina frá ráttlátri stjórn Jóasar og dauða Elísa. Kapítular 14–17 greina frá ýmsum konungum sem ríktu í Ísrael og Júdeu, oftast í óréttlæti. Kapítuli

15 segir frá því er Assýringar hertaka tíu ættkvíslir Ísraels. Kapítular 18–20 greina frá réttlátu lífi Hiskía Júdeukonungs og spámanningnum Jesaja. Kapítular 21–23 segja frá konungunum Manasse og Jósía. Arfsagnir greina að Manasse beri ábyrgð á píslarvætti Jesaja. Jósía var réttlátur konungur sem endurreisti lögmál Gyðinga. Kapítular 24–25 greina frá herleiðingunni í Babilon

Konungssinnar

Í Mormónsbók, flokkur manna sem vildi steypa ríkisstjórn Nefíta (Al 51:1–8).

Korintubrэфin. Sjá einnig Bréf Páls postula; Páll

Tvær bækur í Nýja testamenti. Þær voru upphaflega bréf sem Páll ritaði hinum heilögu í Korintuborg til að leysa úr óreglu meðal þeirra. Korintubúar bjuggu í samfélagi sem var siðferðilega spillt.

Fyrri Korintubrэфíð: Fyrsti kapítuli hefur að geyma kveðjuávarp Páls og áminningu hans til hinna heilögu um að vera sameinuð. Kapítular 2–6 eru leiðbeiningar Páls vegna villu meðal heilagra í Korintu. Kapítular 7–12 geyma svör Páls við ákveðnum spurningum. Kapítular 13–15 fjalla um kærleikann, andlegar gjafir og upprisuna. Kapítuli 16 geymir ráðgjöf Páls um að standa stöðugur í trúnni

Síðara Korintubrэфíð: Fyrsti kapítuli hefur að geyma kveðjuávarp Páls og hughreystingu. Kapítuli 2 er persónuleg ráðgjöf til Titusar. Kapítular 3–7 fjalla um kraft fagnaðarerindisins í lífi hinna heilögu og leiðtoga þeirra. Kapítular 8–9 ráðleggja hinum heilögu að vera hinum fátæku glaðir gjafarar. Kapítular 10–12 er yfirlýsing um stöðu Páls sem postula. Kapítuli 13 er áminning um að vera fullkominn.

Kornelíus. Sjá einnig

Hundraðshöfðingi; Pétur; Þjóðirnar

Hundraðshöfðingi í Sesareu, sem Pétur skírði (Post 10). Hann var líklega

fyrstur manna af Þjóðunum til að ganga í kirkjuna án þess að hafa fyrst snúist til gyðingatráar. Skírn Kornelíusar og fjölskyldu hans braut ísinn fyrir boðun fagnaðarerindisins meðal Þjóðanna. Pétur, fremstur meðal postulanna, sem á þeim tíma hafði lykllana að ríki Guðs á jörðu, stjórnaði þeirri boðun.

Kostgæfni

Óbrigðul hugdjörf viðleitni, sérstaklega við að þjóna Drottni og fylgja boðum hans.

Hlýðið á mig, **Jes 55:2**.

Guð umbunar þeim sem hans leita, **Hebr 11:6**. Leggið alla stund á að auðsýna í trú yðar dyggð, **2 Pét 1:5**.

Kennum orð Guðs af fullri kostgæfni, **Jakob 1:19**. Þeir höfðu kynnt sér ritningarnar gaumgæfilega, **Al 17:2**. Þeir voru fúsir til að halda boðorð Drottins af fullri kostgæfni, **3 Ne 6:14**. Við skulum erfiða af kappi, **Moró 9:6**.

Menn ættu að starfa af kappi fyrir góðan málstað, **K&S 58:27**. Verið ekki iðjulausir, heldur vinnið af mætti yðar, **K&S 75:3**. Gefið af kostgæfni gaum að orðum eilífs lífs, **K&S 84:43**. Lát hvern mann læra skyldu sína og starfa af fullri kostgæfni, **K&S 107:99**.

Kólob

Stjarnan næst hásæti Guðs (Abr 3:2–3, 9).

Abraham sá Kólob og stjórnurnar, **Abr 3:2–18**. Tími Drottins reiknast út frá tíma Kólóbs, **Abr 3:4, 9** (Abr 5:13).

Kólossubrэфíð. Sjá einnig Bréf Páls postula; Páll

Bók í Nýja testamentinu. Í upphafi var hún bréf sem Páll postuli ritaði Kólossumönnum eftir að Epafras guðspjallamaður kirkjunnar í Kólossu hafði heimsótt hann (Kól 1:7–8). Epafras tjáði Páli að Kólossumenn væru haldnir alvarlegri villu — þeir töldu sig öðrum betri vegna þess að þeir framkvæmdu af nákvæmni ákveðnar ytri helgiathafnir (Kól 2:16), neituðu sér um ákveðnar

líkamlegar þarfir og tilbaðu engla (Kól 2:18). Vegna þessarra lífshátta töldu Kól-ossmenn sig helgaða. Þeir töldu sig einnig skilja leyndardóma alheimsins betur en aðrir meðlimir kirkjunnar. Í bréfi sínu leiðrétti Páll þá með því að kenna að endurlausn fáiast einungis fyrir Krist og viturlegt sé okkur að þjóna honum.

Fyrsti kapítuli er ávarp Páls til Kól-ossmanna. Kapítular 2–3 eru kenningarlegir og hafa að geyma yfirlýsingar varðandi Krist sem lausnara, hættuna af innantómri tilbeiðslu og áhersla lögð á mikilvægi upprisunnar. Kapítuli 4 kennir að hinir heilögu skuli breyta viturlaga í öllu.

Kóríanton. *Sjá einnig* Alma, sonur Alma

Í Mormónsbók, sonur Alma, sonar Alma.

Fór til Sóramíta, **Al** 31:7. Yfirgaf þjónustuna til að eltað við skækju, **Al** 39:3. Alma fræddi hann um tilveruna eftir dauðann, upprisuna, og friðþæginguna, **Al** 39–42. Var kallaður á nýjan leik til að prédika, **Al** 42:31. Fór á skipi til landsins í norðri, **Al** 63:10.

Kóríantumr. *Sjá einnig* Jaredítar

Í Mormónsbók, konungur Jaredíta og hinn síðasti eftirlifandi af þjóð Jaredíta.

Sarahemlapjóðin fann hann, **Omni** 1:21. Var konungur alls landsins, **Et** 12:1–2. Var tekinn til fanga af Sared en leystur úr haldi af sonum sínum, **Et** 13:23–24. Barðist við ýmsa andstæðinga, **Et** 13:28–14:31. Iðraðist, **Et** 15:3. Háði lokaorrustu við Sís, **Et** 15:15–32.

Kóríhor. *Sjá einnig* Andkrístur

Andkrístur í Mormónsbók sem krafðist tákns sem sönnunar á krafti Guðs; Drottinn gjörði Kóríhor mállausan (**Al** 30:6–60).

Kóróna. *Sjá einnig* Eilíft líf

Hringlaga höfuðjásn þjóðhöfðingja. Það getur verið tákni fyrir himneskt vald,

yfirráð og guðdóm. Þeir sem standa stöðugir allt til enda með því að halda öll boð Drottins munu hljóta kórónu eilífs lífs. (Sjá **K&S** 20:14; **HDP** Móse 7:56; **JS** — **M** 1:1.)

Mér er geymdur sveigur réttlætisins, **2 Tím** 4:8. Þér munuð öðlast þann dýrðarsveig, sem aldrei fölnar, **1 Pét** 5:4.

Hinir dauðu sem dóu í Drottni munu meðtaka kórónu réttlætisins, **K&S** 29:13. Þeir munu hljóta kórónu í hífýlum föður míns, **K&S** 59:2. Drottinn undirbýr hina heilögu að þeir nái þeirri kórónu sem þeim er fyrirbúin, **K&S** 78:15. Drottinn hefur heitið hinum heilögu dýrðarkórónu honum til hægri handar, **K&S** 104:7.

Kraftaverk. *Sjá einnig* Átrúnaður; Tákn

Óvenjulegur atburður orsakaður af krafti Guðs. Kraftaverk eru mikilvægur þáttur í verki Jesú Krists. Þar er um að ræða lækningar, dauðir reistir til lífs á ný og upprisa. Kraftaverk eru hluti af fagnaðararindi Jesú Krists. Trú er nauðsynleg svo kraftaverk verði að veruleika (**Mark** 6:5–6; **Morm** 9:10–20; **Et** 12:12).

Þegar Faraó segir, látið sjá stórmerki nokkur, **2 Mós** 7:9.

Enginn er sá, að hann gjöri kraftaverk í mínu nafni og geti þegar á eftir talað illa um mig, **Mark** 9:39. Þetta sitt fyrsta tákni gjörði Jesús í Kana í Galíleu, **Jóh** 2:11.

Ég er Guð kraftaverka, **2 Ne** 27:23. Fyrir kraft Guðs gjörast kraftaverk, **Al** 23:6. Krístur gat sýnt íbúum meginlands Ameríku meiri kraftaverk vegna sterkrar trúar þeirra, **3 Ne** 19:35. Guð hefur ekki hætt að vera Guð kraftaverka, **Morm** 9:15.

Biðjið ekki um kraftaverk nema Drottinn bjóði svo, **K&S** 24:13–14. Og enn fremur er sumum gefið að gjöra kraftaverk, **K&S** 46:21 (**Moró** 10:12).

Kraftur. *Sjá einnig* Prestdæmi; Vald

Máttur til að gera eitthvað. Að hafa vald yfir einhverju eða einhverjum er að hafa mátt til að stjórna eða ráða yfir

þeirri manneskju eða þeim hlut. Í ritningunum er kraftur oft tengdur valdi Guðs eða krafti himins. Oft er hann nátengdur prestdæmisvaldinu, sem er leyfi eða réttur til að starfa fyrir Guð.

Þess vegna hef ég þig standa látið, til þess að ég sýndi þér mátt minn, **2 Mós** 9:16. Sá Guð, sem gyrðir mig styrkleika og gjörir veg minn sléttan, **2 Sam** 22:33. Synja eigi góðs þeim, er þarfnast þess, ef það er á þínu valdi að gjöra það, **Okv** 3:27. Ég er fullur af krafti, af anda Drottins, **Míka** 3:8.

Allt vald er mér gefið á himni og jörðu, **Matt** 28:18. Undrudust menn mjög kenningu hans, því að vald fylgdi orðum hans, **Lúk** 4:32. Verið kyrrir í borginni, uns þér íklæðist krafti frá hæðum, **Lúk** 24:49. En öllum þeim, sem tóku við honum, gaf hann rétt til að verða Guðs börn, **Jóh** 1:12 (**K&S** 11:30). En þér munuð öðlast kraft, er heilagur andi kemur yfir yður, **Post** 1:8. Ekki er neitt yfirvald til nema frá Guði, **Róm** 13:1. Kraftur Guðs varðveitir yður fyrir trúna til þess að þér getið öðlast hjálpræðið, **1 Pét** 1:3–5.

Kraftur Guðs logar í mér, **1 Ne** 17:48. Mér hefur opinberast það fyrir kraft heilags anda, **Jakob** 7:12. Þó getur Guð veitt mannum mikið vald, **Mósía** 8:16. Þeir kenndu með krafti og valdi Guðs, **Al** 17:2–3. Nefi þjónaði með krafti og með miklu valdi, **3 Ne** 7:15–20 (3 Ne 11:19–22).

Jafnvel þótt maðurinn hafi kraft til að gjöra mörg máttarverk hlýtur hann samt að falla, ef hann hreykir sér í eigin styrk, **K&S** 3:4. Krafturinn til að gjöra gott býr í sérhverri manneskju, **K&S** 58:27–28. Í helgiathöfnum prestdæmis Melkisedeks opinberast kraftur guðleikans, **K&S** 84:19–22. Réttur prestdæmisins er óaðskiljanlega tengdur krafti himins, **K&S** 121:34–46.

Ég mun leiða þig við hönd mér. Og kraftur minn verður yfir þér, **Abr** 1:18.

Kristnir. *Sjá einnig* Heilagur; Lærisveinn

Nafn gefið þeim sem trú á Jesú Krist. Þótt þetta heiti sé almennt notað um

allan heim, hefur Drottinn nefnt sanna fylgjendur Krists, hina heilögu (**Post** 9:13, 32, 41; **1 Kor** 1:2; **K&S** 115:4).

Lærisveinarnir voru kallaðir kristnir, **Post** 11:26. Ef hann líður sem kristinn maður, þá fyrirverði hann sig ekki, **1 Pét** 4:16.

Vegna sáttmálans, sem þér hafið gjört, skuluð þér nefnast börn Krists, **Mósía** 5:7. Sannir fylgjendur Krists voru kallaðir kristnir af þeim sem ekki voru meðlimir kirkjunnar, **Al** 46:13–16.

Kristur. *Sjá* Jesús Kristur

Kroníkubækur

Tvær bækur í Gamla testamenti. Þær eru ágrip af sögunni frá sköpuninni og fram að yfirlýsingu Kýrusar um að Gyðingar mættu hverfa heim til Jerúsalem.

Fyrri Kroníkubók: Kapítular 1–9 rekja ættir frá Adam til Sáls. Kapítuli 10 greinir frá dauða Sáls. Kapítular 11–22 rekja atburði í tengslum við stjórnartíð Davíðs. Kapítular 23–27 segja frá því að Salómon var tekinn til konungs og skipan komið á starf Levítanna. Kapítuli 28 greinir frá því að Davíð bauð Salómon að byggja musteri. Kapítuli 29 segir frá dauða Davíðs.

Síðari Kroníkubók: Kapítular 1–9 rekja atburði á stjórnartíð Salómóns. Kapítular 10–12 segja frá stjórnartíð Rehabeam, sonar Salómóns, en þá skiptist hið sameinaða ríki Ísrael upp í norður og suður konungdæmið. Kapítular 13–36 lýsa stjórnartíð ýmissa konunga fram til þess er Nebúkadnesar hertekur Júdeu. Bókin endar með úrskurði Kýrusar um að hinn herleiddi lýður Júdeu megi snúa heim.

Kross. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþæging; Golgata; Jesús Kristur; Krossfesting; Sakramenti

Smíði úr timbri sem Jesús Kristur var krossfestur á (**Mark** 15:20–26). Margir hugsa sér nú á dögum krossinn sem tákni um krossfestingu Krists og friðþægingarforðni; á hinn bóginn hefur Drottinn ákvarðað sín eigin tákni um

krossfestingu sína og fórn — brauð og vatn sakramentisins (Matt 26:26–28; K&S 20:40, 75–79). Í ritningunum táknar orðið þá, sem taka á sig sinn kross, en það eru þeir sem elska Jesú Krist svo mikið, að þeir neita sér um guðleysi og sérhverja heimsins lystisemd, en halda boðorð hans (þJS, Matt 16:25–26 [Viðauki]).

Jesús leið þolinmóðlega á krossi og hefur nú sest til hægri handar hásetis Guðs, **Hebr** 12:2.

Honum var lyft upp á krossinum og hann deyddur fyrir syndir heimsins, **1 Ne** 11:33. Þeir sem borið hafa krossa heimsins munu erfa Guðs ríki, **2 Ne** 9:18. Faðir minn sendi mig, til þess að mér yrði lyft upp á krossinum, **3 Ne** 27:14–15.

Þú verður að taka upp kross þinn, **K&S** 23:6 (3 Ne 12:30). Sá, sem ekki vill taka upp kross sinn og fylgja mér og halda boðorð mín, hann mun ekki frelstast, **K&S** 56:2.

Lít á og sjá mannsyninum lyft á krossinum, **HDP Móse** 7:55.

Krossfesting. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþægning; Golgata; Jesús Kristur; Kross

Rómversk aftökuaðferð, algeng á tíma Nýja testamentis, þar sem manneskja var deydd með því að binda eða negla hana á höndum og fótum á kross. Venjulega var henni beitt við þræla og verstu glæpamenn. Oft fór húðstrýking eða barsmið á undan krossfestingunni (Mark 15:15). Venjulega var sá sem kressfesta átti látinn bera sinn eigin kross að aftökustaðnum (Jóh 19:16–17). Föt hans féllu venjulega í hlut hermanna sem framkvæmdu dóminn (Matt 27:35). Krossinn var grafinn í jörð þannig að fætur hins krossfesta voru aðeins eitt eða tvö fet ofar jörðu. Fylgst var með krossinum þar til hinn krossfesti var látinn, en það tók stundum allt að þrjá daga (Jóh 19:31–37).

Jesús Kristur var krossfestur vegna þess að hópur vantrúaðra báru á hann rangar sakir um uppreisnaráróður gegn keisaranum og guðlast vegna þess að

hann sagðist vera sonur Guðs. Purpurakápu (Jóh 19:2) og þyrnikórónu og aðrar móðganir mátti Jesús þola (Matt 26:67; Mark 14:65).

Illvirkjar munu gegnumstinga hendur og fætur Messíasar, **Sálm** 22:11–18. Kristur verður leiddur eins og lamb til slátrunar, **Jes** 53:7.

Jesús sagði krossfestingu sína fyrir, **Matt** 20:18–19. Krossfestingu Krists er lýst, **Matt** 27:22–50 (Mark 15:22–37; Lúk 23:26–46; Jóh 19:17–30).

Nefi sá í sýn krossfestingu Guðslambsins, **1 Ne** 11:33. Nefi greindi frá þjáningum Krists og krossfestingu, **1 Ne** 19:9–14. Jakob sagði frá þjónustu og krossfestingu hins heilaga Ísraels, **2 Ne** 6:9. Fellibyljir, jarðskjálftar, eldur og hvirfilvindar í Ameríku vottuðu um krossfestingu Krists í Jerúsalem, **3 Ne** 8.

Ég er Jesús sem krossfestur var, **K&S** 45:51–52. Þjónusta Krists meðal andanna í varðhaldi var takmörkuð við tímamann milli dauða hans og upprisnu, **K&S** 138:27.

Kúmóra, hæðin. *Sjá einnig* Joseph Smith yngri; Mormónsbók; Moróni, sonur Mormóns

Lítill hæð í vesturhluta New York-ríkis, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Forn spáamaður, Moróni að nafni, fól þar gulltöflur sem höfðu að geyma sumar af heimildum Nefita- og Jaredítaþjóðanna. Hinn upprisni Moróni vísaði Joseph Smith á hæðina árið 1827 til að fá töflurnar og þýða hluta þeirra. Sú þýðing er Mormónsbók.

Nefítar söfnuðust saman við Kúmóra, **Morm** 6:2–4. Kúmóra var í landi margra vatna, **Morm** 6:4. Mormón fól heimildirnar í hæðinni Kúmóra, **Morm** 6:6. Allir Nefítar, að tuttugu og fjórum undanskildum, voru felldir við Kúmóra, **Morm** 6:11.

Gleðitíðindi heyrum við frá Kúmóra, **K&S** 128:20.

Joseph Smith tók töflurnar úr hæðinni Kúmóra, **JS** — **S** 1:42, 50–54, 59.

Kvöldmáltíð Drottins. *Sjá Sakramenti*

Kynferðislegt siðleysi. *Sjá einnig*

Hórdómur; Munúðarfullur, munúð;
Saurlifnaður

Vísvitandi þáttaka í hórdómi, saurlifnaði, kynlífi með sama kyni karla eða kvenna, sífjaspelli, eða nokkru öðru vanhelgu, ónáttúrulegu eða óhreinu kynlífsathæfi.

Fáum föður okkar vín að drekka og leggjumst með honum, **1 Mós** 19:30–36. Rúben fór og lagðist með Bílu, hjákonu föður síns, **1 Mós** 35:22 (1 Mós 49:4; 1 Kro 5:1). Samkynhneigð hegðun og önnur afbrigðileg kynhegðun er viðurstyggð, **3 Mós** 18:22–23. Ef karlaður tekur konu með valdi og leggst með henni er syndin hans eins, **5 Mós** 22:25–27.

Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu, **Matt** 5:28 (3 Ne 12:28). Saurlifnaður, losti, vond fýsn eru skurðgoðadýrkun, **Kól** 3:5. Á síðustu dögum mun menn skorta heilbrigðar tilfinningar, **2 Tím** 3:1–3.

Kynlífsmynd er viðurstyggð, **Al** 39:3–5.

Kýrus

Í Gamla testamenti, konungur Persa sem uppfyllti spádóm Jesaja (2 Kro 36:22–23; Jes 44:28; 45:1) með því að leyfa Gyðingum að hverfa heim til Jerúsalem til þess að byggja musteríð, og batt þannig að hluta til enda á ánaudina í Babýloníu. Spádóminn setti Jesaja fram um 180 árum áður en konungurinn uppfyllti hann.

Kærleikur. *Sjá einnig* Elska, ást;

Samúð, meðaumkun; Velferð;
Þjónusta

Hin hreina ást Krists (Moró 7:47); kærleikurinn sem Kristur ber til mannanna barna og sem mannanna börn ættu að bera hvert til annars (2 Ne 26:30; 33:7–9; Et 12:33–34); æðsta, göfugasta, sterkasta tegund ástar, ekki bara hlýhugur.

Þekkingin blæs menn upp, en kærleikurinn byggir upp, **1 Kor** 8:1.

Kærleikurinn, hrein ást, er næstum öllu æðri og fremri, **1 Kor** 13. Markmið þessarar hvatningar er kærleikur af hreinu hjarta, **1 Tím** 1:5. Í guðrækninni bróðurelsku og í bróðurelskuni kærleika, **2 Pét** 1:7.

Drottinn Guð hefur gefið boðorð um, að allir menn skuli eiga kærleika, **2 Ne** 26:30 (Moró 7:44–47). Gætið þess að eiga trú, von og kærleika, **Al** 7:24. Sú elska sem Drottinn ber til manna er kærleikur, **Et** 12:33–34. Skorti menn kærleik, geta þeir ekki erfð þann stað sem þeim er fyrirbúið í hilylum föðursins, **Et** 12:34 (Moró 10:20–21). Moróni ritaði orð Mormóns um trú, von og kærleika, **Moró** 7.

Kærleikurinn gjörir menn hæfa fyrir Guðs verk, **K&S** 4:5–6 (K&S 12:8). Klæðist bandi kærleikans, **K&S** 88:125. Lát brjóst þitt vera fullt af kærleika, **K&S** 121:45.

Kæruleysi. *Sjá einnig* Illt umtal

Að fara léttúðlega með helga dóma (K&S 84:54).

Hinir heilögu varpi frá sér hégómlegum hugsunum og ófgafullum hlátri, **K&S** 88:69. Látið af öllu drambi og léttúðarhjali, **K&S** 88:121.

Köllun og kjör. *Sjá einnig* Kjör

Réttlátir fylgjendur Krists geta komist í tölu kjörinna sem fá fullvissu um upphafningu. Þessi köllun og þetta kjör hefst með iðrun og skírn. Hámarki nær hún þegar þeir „sækja fram, endurnærðir af orði Krists og standa stöðugir allt til enda“ (2 Ne 31:19–20). Ritningarnar kalla þennan feril að gjöra köllun okkar og kjör viss (2 Pét 1:4–11; K&S 131:5–6).

Þér skuluð vera mér prestaríki, **2 Mós** 19:5–6 (Op 1:6).

Guð hefur frá upphafi útvalið yður til frelsunar, **2 Þess** 2:13. Kostíð kapps um að gjöra köllun yðar og útvalning vissa, **2 Pét** 1:10.

Drottinn getur innsiglað sér yður, **Mósía** 5:15. Ég gjöri sáttmála við þig um eilíft líf þér til handa, **Mósía** 26:20.

Trúir prestdæmishafar verða kirkjan

og ríkið og hinir kjörnu Guðs, **K&S** 84:33–34. Hið áreiðanlega spádómsorð þýðir, að maðurinn veit, að hann er inn-siglaður til eilífs lífs, **K&S** 131:5–6. Ég innsigla þér upphafningu þína, **K&S** 132:49.

Köllun, kallaður af Guði. *Sjá*

einnig Ráðsmaður, ráðsmennska; Útvalinn; Vald; Velja, valdi, valinn; Vígja, vígsla

Að vera kallaður af Guði er að taka tilnefningu eða boði frá honum eða réttgildum kirkjuleiðtogum hans, að þjóna honum á ákveðinn hátt.

Hann lagði hendur sínar yfir hann og skipaði hann í embætti, **4 Mós** 27:23. Ég ákvarðaði þig til að vera spámann, **Jer** 1:5.

Ég hef útvalið yður, **Jóh** 15:16. Páll var kallaður til postula, **Róm** 1:1. Enginn tekur sér sjálfur þennan heiður, heldur er hann kallaður af Guði, **Hebr** 5:4. Jesús var kallaður af Guði, nefndur æðsti prestur að hætti Melkisedeks, **Hebr** 5:10.

Ég hef verið kallaður til að prédika orð Guðs samkvæmt opinberunar- og spádómsandanum, **Al** 8:24. Prestar voru kallaðir og undirbúnir frá grundvöllun veraldar, **Al** 13:3.

Ef þér þráið að þjóna Guði, þá eruð þér kallaðir, **K&S** 4:3. Ver staðfastur við það verk, sem ég hef kallað þig til, **K&S** 9:14. Teldu þér ekki trú um að þú sért kallaður til að prédika fyrir en þú ert kallaður, **K&S** 11:15. Öldungarnir eru kallaðir til að gjöra sameiningu minna kjörnu að veruleika, **K&S** 29:7. Enginn skal prédika fagnaðarerindi mitt eða reisa kirkju mína, nema hann sé vígður, **K&S** 42:11. Margir eru kallaðir en fáir eru útvaldir, **K&S** 121:34.

Maður verður að vera kallaður af Guði, **TA** 1:5.

Laban, bróðir Rebekku. *Sjá einnig* Rebekka

Í Gamla testamenti, bróðir Rebekku og faðir Leu og Rakelar, eiginkvenna

Jakobs (1 Mós 24:29–60; 27:43–44; 28:1–5; 29:4–29; 30:25–42; 31).

Laban, sem hafði látúnstöflurnar.

Sjá einnig Látúnstöflur

Í Mormónsbók, maðurinn sem hafði látúnstöflurnar í Jerúsalem á tímum fjölskyldu Lehis. Laban rændi og reyndi að drepa Nefí og bræður hans (1 Ne 3:1–27). Andinn leiddi Nefí til að ráða Laban af dögum til þess að ná töflunum (1 Ne 4:1–26).

Laman. *Sjá einnig* Lamanítar; Lehi, faðir Nefis

Í Mormónsbók, elsti sonur Lehis og Saríu og elsti bróðir Nefís (1 Ne 2:5). Yfirleitt valdi Laman fremur að gjöra illt en gott.

Laman möglaði gegn föður sínum, **1 Ne** 2:11–12. Reis gegn réttlátum bróður sínum, Nefí, **1 Ne** 7:6 (1 Ne 3:28–29). Neytti ekki af ávexti lífsins trés í sýn Lehis, **1 Ne** 8:35–36. Bölvun féll á Laman og fylgjendur hans, **2 Ne** 5:21 (Al 3:7).

Lamanítar. *Sjá einnig* Laman; Mormónsbók; Nefítar

Flokkur manna í Mormónsbók, flestir þeirra afkomendur Lamans, elsta sonar Lehis. Þeir töldu sig hafa verið rangindum beitta af Nefí og afkomendum hans (Mósía 10:11–17). Af þeim sökum risu þeir gegn Nefítum og oft höfnuðu þeir fagnaðarerindinu. Þó meðtóku Lamanítar fagnaðarerindið stuttu fyrir fæðingu Krists og urðu réttlátari en Nefítar (He 6:34–36). Tvö hundruð árum eftir að Kristur kom til meginlanda Ameríku urðu bæði Lamanítar og Nefítar siðspilltir og upphófst styrjöld þeirra í milli. Um 400 e.Kr. eyddu Lamanítar Nefítapjóðinni með öllu.

Lamanítar báru niðja Nefís ofurliði, **1 Ne** 12:19–20. Lamanítar hötuðu Nefíta, **2 Ne** 5:14. Lamanítar munu verða refsisvipa á Nefíta, **2 Ne** 5:25. Mormónsbók mun færa Lamanítum þekkingu á forfeðrum þeirra og fagnaðarerindi

Jesú Krists, **2 Ne** 30:3–6 (titilsíða Mormónsbókar).

Lamanítar eru leifar Gyðinga, **K&S** 19:27. Lamanítar munu blómgast sem rós fyrir komu Drottins, **K&S** 49:24.

Lamoní. *Sjá einnig* Ammon, sonur Mósía

Í Mormónsbók, Lamanítakonungur sem gjörðist trúskiptingur fyrir áhrif heilags anda og fyrir innblásin verk og kennslu Ammons (Al 17–19).

Lasarus. *Sjá einnig* María frá Betaníu; Marta

Í Nýja testamenti, bróðir Mörtu og Maríu. Jesús reisti hann upp frá dauðum (Jóh 11:1–44; 12:1–2, 9–11). Þetta er ekki sá Lasarus sem er betlari í dæmisögunni sem Jesús kenndi (Lúk 16:19–31).

Lauga, laugaður, laugun. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþæging; Skírn, skíra

Að hreinsa, líkamlega eða andlega. Táknrænt talað getur hinn iðrandi hreinsast af syndugu líferni og afleiðingu þess fyrir friðþægingu Jesú Krists. Sérstakar lauganir framkvæmdar með réttu prestdæmisvaldi hafa hlutverki að gegna sem helgiathafnir.

Presturinn skal þvo klæði sín og lauga líkama sinn í vatni, **4 Mós** 19:7. Þvo mig hreinan af misgjörð minni, **Sálm** 51:4, 9. Þvoðið yður, hreinsið yður. Takið illskubreytni yðar burt, **Jes** 1:16–18.

Jesús þvoði fætur postulanna, **Jóh** 13:4–15 (K&S 88:138–139). Lát skírast og laugast af syndum þínum, **Post** 22:16 (Al 7:14; K&S 39:10).

Enginn maður getur frelsast nema klæði hans séu hvítþvegin, **Al** 5:21 (3 Ne 27:19). Klæði þeirra voru hvítþvegin með blóði lambsins, **Al** 13:11 (Et 13:10).

Með því að halda boðorðin gætu þeir laugast og hreinsast af öllum syndum sínum, **K&S** 76:52. Smurningar yðar og lauganir eru vígðar með helgiathöfn í húsi mínu, **K&S** 124:39–41.

Lausn frá synd. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristus; Réttlætning, réttlæta

Sá ferill að verða laus við synd, hreinn, óflekkaður og helgaður fyrir friðþægingu Jesú Krists (HDP Móse 6:59–60).

Guð hefur frá upphafi útvalið yður til frelsunar í helgun andans, **2 Þess** 2:13. Vér erum frelsaðir með því, að líkama Jesú Krists var fórnað, **Hebr** 10:10. Jesús leið, til þess að hann helgaði lýðinn með blóði sínu, **Hebr** 13:12.

Háprestar voru leystir frá synd og klæði þeirra hvítþvegin með blóði lambsins, **Al** 13:10–12. Lausn frá synd fá þeir sem gefa hjarta sitt Guði, **He** 3:33–35. Ídrist svo að þér megið helgast fyrir móttöku heilags anda, **3 Ne** 27:20.

Helgun fyrir náð Jesú Krists er réttvís og sönn, **K&S** 20:31. Jesús kom til að helga heiminn, **K&S** 76:41. Helgið yður svo að hugur yðar beinist eingöngu að Guði, **K&S** 88:68.

Lausnari. *Sjá einnig* Frelsari; Jesús Kristus

Jesús Kristus er hinn mikli lausnari mannkyns vegna þess að með friðþægingu sinni greiddi hann gjaldið fyrir syndir mannkyns og gjörði upprisu allra manna mögulega.

Ég veit að lausnari minn lifir, **Job** 19:25. Ég hjálpa þér, segir Drottinn, og frelsari þinn er Hinn heilagi í Ísrael, **Jes** 41:14 (Jes 43:14; 48:17; 54:5; 59:20). Ég, Drottinn, er frelsari þinn, lausnari þinn, **Jes** 49:26 (Jes 60:16).

Hann skaltu láta heita Jesús, því að hann mun frelsa lýð sinn frá syndum þeirra, **Matt** 1:21. Mannssonurinn kom til að gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir marga, **Matt** 20:28 (1 Tím 2:5–6). Hann hefur vitjað lýðs síns og búið honum lausn, **Lúk** 1:68. Við urðum sáttir við Guð með dauða sonar hans, **Róm** 5:10. Jesús Kristus gaf sjálfan sig fyrir oss, til þess að hann leysti oss frá öllu ranglæti, **Títus** 2:13–14. Jesús Kristus leysti oss frá syndum vorum með blóði sínu, **Op** 1:5.

Endurlausnin felst í heilögum

Messíasi, **2 Ne** 2:6–7, 26. Sonurinn tók á sig misgjörðir manna og afbrot, endurleysti þá og fullnægði kröfum réttvísinnar, **Mósía** 15:6–9, 18–27. Kristur kom til að endurleysa alla sem vilja láta skírast iðrunarskír, **Al** 9:26–27. Hann mun koma í heiminn til að endurleysa fólk sitt, **Al** 11:40–41. Endurlausn fæst fyrir iðrun, **Al** 42:13–26. Jesús Kristur kom til að endurleysa heiminn, **He** 5:9–12. Kristur endurleysti mannkyn frá líkamegum og andlegum dauða, **He** 14:12–17. Endurlausnin kemur með Kristi, **3 Ne** 9:17. Ég er sá, sem fyrirbúinn var frá grundvöllun veraldar til að endurleysa fólk mitt, **Et** 3:14.

Drottinn lausnari yðar leið píslardauða í holdinu, **K&S** 18:11. Kristur leið fyrir alla, svo að þeir þurfi ekki að þjást, ef þeir iðrast, **K&S** 19:1, 16–20. Lítil börn eru endurleyst fyrir minn eingetna, **K&S** 29:46. Ég hef sent minn eingetna son í heiminn til þess að endurleysa heiminn, **K&S** 49:5. Kristur er ljós heimsins og lausnari, **K&S** 93:8–9. Joseph F. Smith sá í sýn endurlausn hinna dánú, **K&S** 138.

Vér trúum að fyrir friðþægingu Krists geti allir menn orðið hólpnir, **TA** 1:3.

Látúnstöflur. Sjá einnig Töflur

Heimildir um Gyðinga frá upphafi til 600 f.Kr. sem innihalda mikið af ritum spámanna (1 Ne 5:10–16). Laban, einn af öldungum Gyðinga í Jerúsalem, geymdi heimildirnar. Á þeim tíma er Lehí og fjölskylda hans voru í óbyggðunum sendi hann syni sína aftur til Jerúsalem til að fá heimildirnar (1 Ne 3–4). (Til frekari upplýsinga sjá „Nokkrar skýringar á Mormónsbók,“ sem eru í Mormónsbók.)

Lea. *Sjá einnig* Jakob, sonur Ísaks; Laban, bróðir Rebekku

Í Gamla testamenti, elsta dóttir Labans og ein eiginkvenna Jakobs (1 Mós 29). Lea varð móðir sex sona og einnar dóttur (1 Mós 29:31–35; 30:17–21).

Lehí, faðir Nefís

Í Mormónsbók, Hebreaspámaður sem leiddi fjölskyldu sína og fylgjendur frá

Jerúsalem til fyrirheitens lands í Vesturheimi um 600 f.Kr. Lehí var fyrsti spámaðurinn meðal þjóðar sinnar í Mormónsbók.

Lehí flýði úr Jerúsalem að fyrir-mælum Drottins (1 Ne 2:1–4). Hann var afkomandi Jósefs, sem seldur var til Egyptalands (1 Ne 5:14). Drottinn veitti honum sýn um lífsins tré (1 Ne 8:2–35). Lehí og synir hans smíðuðu skip og sigldu til Vesturheims (1 Ne 17–18). Hann og afkomendur hans koma sér fyrir í nýju landi (1 Ne 18:23–25). Fyrir dauða sinn blessaði Lehí syni sína og fræddi þá um Krist og hvernig Mormónsbók kæmi fram á síðari dögum (2 Ne 1:1–4:12).

Bók Lehís: Joseph Smith byrjaði á bók Lehís þegar hann var að þýða Mormónsbók. Hún var heimildaskrá sem Mormón hafði tekið saman af töflum Lehís. Þegar komnar voru 116 handritssíður, sem hann hafði þýtt úr þeirri bók, afhenti Joseph Martin Harris þær, en hann hafði um hrið þjónað Joseph sem ritari við þýðingu Mormónsbókar. Eftir það glötuðust blaðsíðurnar. Joseph þýddi ekki bók Lehís til að endurnýja tapaða handritið heldur þýddi þess í stað aðrar skyldar frásagnir af gulltöflunum (sjá formála að K&S 3; 10). Þessar aðrar frásagnir eru nú fyrstu sex bækur Mormónsbókar.

Lehí, hershöfðingi Nefíta

Í Mormónsbók, hershöfðingi Nefíta (**Al** 43:35–53; 49:16–17; 52:27–36; 53:2; 61:15–21).

Lehí, trúboði Nefíta. *Sjá einnig* Helaman, sonur Helamans

Í Mormónsbók, sonur Helamans, sem var sonur Helamans. Lehí var mikill trúboði (**He** 3:21; 4:14).

Var nefndur eftir forföður sínum, **He** 5:4–6. Sneri í samstarfi við Nefí mörgum til trúar, var fangelsaður, umkringdur eldi, talaði við engla, **He** 5:14–48. Fékk daglega margar opinberanir, **He** 11:23.

Lemúel. *Sjá einnig* Laman; Lamanítar; Lehí, faðir Nefís

Í Mormónsbók, næst elsti sonur Lehís og einn eldri bræðra Nefís. Hann stóð með Laman í andstöðunni við Nefí.

Lehí áminnti Lemúel um að vera staðfastur, eins og dalur, **1 Ne 2:10**. Reiddist Nefí og fór að orðum Lamans, **1 Ne 3:28**. Lemúelítar töldust með Lamanítum, **Jakob 1:13–14** (Al 47:35).

Leviticus (Þriðja Mósebók). *Sjá einnig* Mósebækurnar

Bók í Gamla testamenti sem greinir frá skyldum presta í Ísrael. Hún leggur áherslu á helgi Guðs og siðareglur þær sem þjóð hans skyldi hafa í heiðri til þess að helgast. Tilgangur hennar er að kenna þær siðareglur og þann trúarlega sannleik sem felst í Móselögmáli í formi helgisíða. Móse er höfundur 3. Mósebókar.

Kapítular 1–7 lýsa fórnarathöfnum. Kapítular 8–10 lýsa siðum sem farið var eftir við vígslu presta. Kapítuli 11 segir hvað má eta og hvað ekki má eta og hvað er hreint og hvað óhreint. Kapítuli 12 ræðir um sængurkonur. Kapítular 13–15 eru lög varðandi siðareglur í tengslum við óhreinindi. Kapítuli 16 greinir siði viðvíkjandi friðþægingarhátiðinni. Kapítular 17–26 hafa að geyma lagabálk um trúarlega og þjóðfélagslega siði. Kapítuli 27 greinir frá því að Drottinn bauð Ísrael að helga Drottinn uppskeru sína, fenað og hjarðir.

Leví. *Sjá einnig* Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, þriðji sonur Jakobs og Leu (1 Mós 29:34; 35:23). Leví varð ættfaðir einnar ættkvíslar Ísraels.

Ættkvísl Levís: Jakob blessaði Leví og niðja hans (1 Mós 49:5–7, 28). Afkomendur Levís þjónuðu í helgidómum Ísraels (4 Mós 1:47–54). Aron var Levíti og afkomendur hans prestar (2 Mós 6:16–20; 28:1–4; 29). Levítar aðstoðuðu prestana, syni Arons (4 Mós 3:5–10; 1 Kon 8:4). Stundum sáu þeir um tónlist (1 Kro 15:16; Nehem 11:22); slátruðu

fórnardýrum (2 Kro 29:34; Esra 6:20); og unnu ýmis verk í musterinu (Nehem 11:16). Levítar voru helgaðir þjónustu við Drottinn til að framkvæma helgiathafnir fyrir Ísraelsbörn. Levítar voru helgaðir sem fórn frammi fyrir Drottinni af hendi Ísraelsmanna (4 Mós 8:11–22); þannig urðu þeir sérstök eign Guðs, í stað allra frumburða (4 Mós 8:16). Þeir voru ekki vígðir, en hreinsaðir vegna starfs síns (4 Mós 8:7–16). Þeir áttu ekkert erfðaland í Kanaanlandi (4 Mós 18:23–24), en þeir tóku við tíundinni (4 Mós 18:21), fengu til umráða fjórutíu og átta borgir (4 Mós 35:6) og rétt til að taka við ölmusu fólksins á hátiðum (5 Mós 12:18–19; 14:27–29).

Leynardómar Guðs

Leynardómar Guðs eru andlegur sannleikur sem aðeins fæst vitneskja um með opinberun. Guð opinberar leyndardóma sína þeim sem eru hlýðnir fagnaðararindinu. Sumir leyndardóma Guðs hafa enn ekki verið opinberaðir.

Yður er gefið að þekkja leynda dóma himnaríkis, **Matt 13:11**. Þótt ég vissi alla leyndardóma en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt, **1 Kor 13:2**.

Nefí átti mikla þekkingu á leyndardómum Guðs, **1 Ne 1:1**. Mörgum er gefið að þekkja leyndardóma Guðs, **Al 12:9**. Slíkur er gefið að þekkja leyndardóma Guðs, **Al 26:22**. Mér hafa ekki að fullu verið kunngjörðir þessir leyndardómar, **Al 37:11**. Marga leyndardóma veit enginn maður, aðeins Guð einn, **Al 40:3**.

Sjá, hversu mikill leyndardómur guðleikans er, **K&S 19:10**. Ef þú munt spyrja, munt þú hljóta opinberun og þekkja leyndardóma ríkisins, **K&S 42:61**, **65** (1 Kor 2:7, 11–14). Þeim sem heldur boðorð mín, mun ég gefa leyndardóma ríkis míns, **K&S 63:23**. Þeim mun ég opinbera alla leyndardóma, **K&S 76:7**. Æðra prestdæmið heldur lyklinum að leyndardómum ríkisins, **K&S 84:19**. Við komu sína mun Drottinn opinbera leynda hluti sem enginn maður þekkir, **K&S 101:32–33**. Prestdæmi Melkisedeks nýtur þess

réttar að meðtaka leyndardóma himnaríkis, **K&S** 107:19.

Leynisamtök, samsæri. *Sjá einnig* Gadíanton ræningjarnir; Kain

Samtök manna sem bindast eiði um að vinna að illum tilgangi hópsins.

Faðir lyginna leiðir mannanna börn til leyndra myrkraverka, **2 Ne** 9:9. Þess vegna verð ég að tortíma myrkraverkum, **2 Ne** 10:15. Dómar Guðs féllu yfir þessa þjóna leynisamtaka, **Al** 37:30. Gadíanton átti sök á næstum algjöru falli Nefíþjóðarinnar, **He** 2:4–13. Satan hafði þau áhrif á þjóðina að þeir gengust undir leynilega eiða og sáttmála, **He** 6:21–31. Drottinn vinnur ekki í leyndum samtökum, **Et** 8:19. Þjóðum sem styðja leynisamtök mun tortímt, **Et** 8:22–23. Þau höfnuðu öllu sem spámennirnir sögðu, vegna leynisamtaka sinna, **Et** 11:22.

Frá því á dögum Kains voru uppi leynisamtök, **HDP Móse** 5:51.

Liberty-fangelsi, Missouri (Bandar.). *Sjá einnig* Joseph Smith yngri

Lítið fangelsi þar sem spámaðurinn Joseph Smith og fleiri voru ranglega hafðir í haldi frá nóvember 1838 til apríl 1839. Meðan Joseph var í þessum erfiðu aðstæðum fékk hann ákveðnar opinberanir, spáði og fékk innblástur um að rita mikilvægt bréf til hinna heilögu, en útdráttur úr því er í Kenningu og sáttmálum 121–123.

Lifandi vatn. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Táknrænt um Drottin Jesú Krist og kenningar hans. Eins og vatn er nauðsynlegt til að viðhalda lífi líkamans, eru frelsarinn og kenningar hans (lifandi vatn) nauðsynlegar fyrir eilífa lífið.

Þér munuð með fögnuði vatni ausa úr lindum hjálpræðisins, **Jes** 12:3. Þér hafið yfirgefið mig, uppsprettu hins lifandi vatns, **Jer** 2:13.

Hver sem drekkur af vatninu, sem ég gef honum mun aldrei þyrsta að eilífu,

Jóh 4:6–15. Ef nokkurn þyrstir þá komi hann til mín og drekki, **Jóh** 7:37.

Járnstöngin vísaði veginn að uppsprettu hins lifandi vatns, **1 Ne** 11:25.

Teygið frjálst af lífsins vatni, **K&S** 10:66. Boðorð mín verða sem lind lifandi vatns, **K&S** 63:23.

Limí. *Sjá einnig* Nóa, sonur Seniffs

Í Mormónsbók, réttlátur konungur Nefíta í Nefílandi; hann var sonur Nóa konungs (Mósía 7:7–9). Limí konungur gjörði sáttmála um að þjóna Guði (Mósía 21:32). Hann leysti þjóð sína úr ánaud Lamaníta og hvarf aftur heim til Sarahemla (Mósía 22).

Líahóna

Í Mormónsbók, látúnskúla með tveimur vísum sem vísuðu leið — eins og áttaviti — og veittu einnig Lehí og fylgjendum hans andlega leiðsögn þegar þeir voru réttlátir. Drottinn lagði Líahóna til og gaf leiðbeiningar með henni.

Lehí fann látúnskúlu með tveimur vísum sem vísuðu leiðina sem Lehí og fjölskylda hans átti að fara, **1 Ne** 16:10. Kúlan virkaði í samræmi við trú og kostgæfni, **1 Ne** 16:28–29 (**Al** 37:40). Benjamín gaf Mósía kúluna, **Mósía** 1:16. Kúlan, eða leiðarvísirinn, var nefnd Líahóna, **Al** 37:38. Líahóna var líkt við orð Krists, **Al** 37:43–45.

Vitnin þrjú munu sjá vegvísinn sem gefinn var Lehí, **K&S** 17:1.

Líf. *Sjá einnig* Eilíft líf; Ljós, ljós Krists

Jarðnesk og andleg tilvist gjörð möguleg fyrir kraft Guðs.

Ég hefi í dag lagt fyrir þig líf og heill, **5 Mós** 30:15–20. Kunnan gjörir þú mér veg lífsins, **Sálm** 16:11. Sá sem ástundar réttlæti öðlast líf, **Okv** 21:21.

Sá sem ætlar að finna líf sitt, týnir því, og sá sem týnir lífi sínu mín vegna, finnur það, **Matt** 10:39 (**Matt** 16:25; **Mark** 8:35; **Lúk** 9:24; 17:33). Mannssonurinn er ekki kominn til að tortíma mannlífum, heldur til að frelsa, **Lúk** 9:56. Í honum var líf, og lífið var ljós mannanna,

Jóh 1:4. Sá sem trúir þeim sem sendi mig er stiginn yfir frá dauðanum til lífsins, **Jóh 5:24.** Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið, **Jóh 14:6.** Ef von vor til Krists nær aðeins til þessa lífs, þá erum vér aumkunarverðastir allra manna, **1 Kor 15:19–22.** Guðhræðsla hefur fyrirheit bæði fyrir þetta líf og hið komanda, **1 Tím 4:8.**

Börn vor mega horfa fram til þess lífs, sem er í Kristi, **2 Ne 25:23–27.** Þetta líf er tími mannanna til að búa sig undir að mæta Guði, **Al 34:32 (Al 12:24).** Ég er ljós og líf heimsins, **3 Ne 9:18 (Mósía 16:9; 3 Ne 11:11; Et 4:12).**

Blessaðir eru þeir, sem trúir eru, hvort heldur er í lífi eða dauða, **K&S 50:5.** Þetta eru eilífu lífin — að þekkja Guð og Jesú Krist, **K&S 132:24.**

Það er verk mitt og dýrð mín — að gjöra ódauðleika og eilíf líf mannsins að veruleika, **HDP Móse 1:39.**

Lífga. Sjá einnig Upprisa

Að láta lífna, rísa upp, eða breyta mannveru svo að hún fái dvalið í ná-vist Guðs.

Guð endurlífgaði oss með Kristi, **Ef 2:4–5 (Kól 2:6, 12–13).** Kristur var deyddur að líkamanum til, en lifandi gjörður í anda, **1 Pét 3:18 (K&S 138:7).**

Enginn maður hefur nokkru sinni í holdinu séð Guð, nema hann sé lifandi gjörður með anda Guðs, **K&S 67:11.** Endurlausn sálarinnar er frá honum, sem allt lífgar, **K&S 88:16–17.** Hinir heilögu munu glæddir verða, og hrifnir upp til móts við Krist, **K&S 88:96.**

Innri maður Adams lífgaðist, **HDP Móse 6:65.**

Lífsins bók. Sjá einnig Minningabókin

Í einum skilningi er lífsins bók heildarsafn hugsana og gerða mannsins — skrá yfir líf hans. Á hinn bóginn benda ritningarnar til að himnesk skrá sé haldin yfir hina trúuðu er hafi að geyma nöfn þeirra og réttlátar athafnir.

Drottinn máir syndara út úr bók sinni, **2 Mós 32:33.**

Nafn þess sem stenst verður ekki afmáð úr bók lífsins, **Op 3:5.** Annarri bók var lokið upp og það er lífsins bók, **Op 20:12 (K&S 128:6–7).**

Nöfn hinna réttlátu munu skráð í lífsins bók, **Al 5:58.**

Velgjörningur bæna yðar er skráður í nafnabók hinna helguðu, **K&S 88:2.**

Lífsins tré. Sjá einnig Eden

Tré í Edensgarði og paradís Guðs (1 Mós 2:9; Op 2:7). Í draumi Lehís tákna lífsins tré kærleik Guðs og hann sagður stærsta gjöf Guðs (1 Ne 8; 11:21–22, 25; 15:36).

Kerúbar og logar hins sveipanda sverðs geyma vegarins að lífsins tré, **1 Mós 3:24 (Al 12:21–23; 42:2–6).**

Jóhannes sá lífsins tré og lauf þess hafði græðandi mátt fyrir þjóðirnar, **Op 22:2.**

Lehí sá lífsins tré, **1 Ne 8:10–35.** Neffí sá tréð sem faðir hans hafði séð, **1 Ne 11:8–9.** Járnstöngin liggur að lífsins tré, **1 Ne 11:25 (1 Ne 15:22–24).** Skelfilegt hyl-dýpi aðskilur hina ranglátu frá lífsins tré, **1 Ne 15:28, 36.** Nauðsynlegt var að forboðinn ávöxtur væri til í andstöðu við lífsins tré, **2 Ne 2:15.** Komið til Drottins og njótið ávaxtanna af lífsins tré, **Al 5:34, 62.** Ef fyrstu foreldrar vorir hefðu getað neytt af lífsins tré, hefðu þeir orðið vansælir alla tíð, **Al 12:26.** Ef þér viljið ekki næra orðið, þá getið þér aldrei uppskorið ávextina af lífsins tré, **Al 32:40.**

Guð gróðursetti lífsins tré í miðjum aldingarðinum, **HDP Móse 3:9 (Abr 5:9).** Guð sendi Adam út úr Eden svo hann neytti ekki af lífsins tré og lifði eilíflega, **HDP Móse 4:28–31.**

Líkami. Sjá einnig Dauði, líkamlegur; Dauðlegur, dauðleiki; Sál; Upprisa

Hin dauðlega, líkamlega samsetning holds og beina sköpuð í Guðs mynd sem sameinuð andanum myndar lifandi manneskju. Líkamar allra manna og kvenna munu til eilífðar sameinaðir öndum þeirra í upprisunni. Ritningarnar

ræða stundum um líkama og anda sameinaða sem sál (1 Mós 2:7; K&S 88:15; HDP Móse 3:7, 9, 19; Abr 5:7).

Drottinn Guð myndaði manninn af leiri jarðar, **1 Mós 2:7** (HDP Móse 3:7).

Þreifði á mér, og gætið að. Ekki hefur andi hold og bein, **Lúk 24:39**. Ég leik líkama minn hart og gjöri hann að þræli mínum, **1 Kor 9:27**. Ef jarðneskur líkami er til, þá er og til andlegur líkami, **1 Kor 15:44**. Líkami án anda er dauður, **Jakbr 2:26**.

Hinn dauðlegi líkami mun reistur upp sem ódauðlegur líkami, **Al 11:43–45**. Hver einstakur líkamshluti mun endurreistur, **Al 41:2**. Jesús sýndi Nefítum upprisinn líkama sinn, **3 Ne 10:18–19; 11:13–15**.

Faðirinn hefur líkama af holdi og beinum, jafn áþreifanlegan og mannslíkaminn er; sonurinn einnig, **K&S 130:22**.

Guð skapaði karl og konu sem ímynd síns eigin líkama, **HDP Móse 6:9** (1 Mós 9:6).

Líkingar. *Sjá* Táknaæn merking

Ljóðaljóðin

Bók í Gamla testamenti. Spámaðurinn Joseph Smith sagði að Ljóðaljóðin væru ekki innblásið verk.

Ljós, ljós Krists. *Sjá* einnig Heilagur

andi; Jesús Kristur; Samviska; Sannleikur; Vitsmunir, vitsmunaverur

Guðleg orka, kraftur eða áhrif sem kemur frá Guði með Kristi og gefur öllu líf og ljós. Það er lögmál til stjórnumar öllu á himni og jörðu (**K&S 88:6–13**). Það hjálpar einnig fólki að skilja sannleik fagnaðararindisins og auðveldar þeim að komast á veg fagnaðararindisins sem liggur til eilífs lífs (**Jóh 3:19–21; 12:46; Al 26:15; 32:35; K&S 93:28–29, 31–32, 40, 42**).

Ekki má ruglast á ljósi Krists og heilögum anda. Ljós Krists er ekki persóna. Það er áhrif sem koma frá Guði og búa manninn undir að meðtaka heilagan anda. Það hefur áhrif til góðs í lífi allra manna (**Jóh 1:9; K&S 84:46–47**).

Eitt dæmi um ljós Krists er samviskan, sem hjálpar mönnum að þekkja gott frá illu (**Moró 7:16**). Eftir því sem fólk lærir meira um fagnaðarerindið verður samviska þess næmari (**Moró 7:12–19**). Fólk sem bregst vel við ljósi Krists er leitt til fagnaðararindis Jesú Krists (**K&S 84:46–48**).

Drottinn er ljós mitt, **Sálm 27:1**. Göngum í ljósi Drottins, **Jes 2:5** (2 Ne 12:5). Drottinn verður þér eilíft ljós, **Jes 60:19**.

Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, kom nú í heiminn, **Jóh 1:4–9** (**Jóh 3:19; K&S 6:21; 34:1–3**). Ég er ljós heimsins, **Jóh 8:12** (**Jóh 9:5; K&S 11:28**).

Allt sem lýsir er gott, **Al 32:35**. Kristur er líf og ljós heimsins, **Al 38:9** (3 Ne 9:18; 11:11; Et 4:12). Andi Krists er gefinn öllum mönnum að þeir fái greint gott frá illu, **Moró 7:15–19**.

Það, sem er frá Guði, er ljós, og verður skærara og skærara þar til hinn fullkomna dag, **K&S 50:24**. Andinn gefur hverjum manni ljós, **K&S 84:45–48** (**K&S 93:1–2**). Sá sem heldur boðorð hans með tekur ljós og sannleika, **K&S 93:27–28**. Ljós og sannleikur yfirgefa þann illa, **K&S 93:37**.

Lof. *Sjá* Dýrð; Þakklátur, þakkir, þakkargjörð

Lofsöngur. *Sjá* einnig Syngja; Tónlist

Söngur til dýrðar Guði.

Postularnir tólf sungu lofsöng áður en Drottinn dró sig í hlé í Getsemane, **Matt 26:30**.

Drottinn kallaði Emmu Smith til að safna saman heilögum sálum, **K&S 25:11**. Söngur hinna réttlátu er bæn til mín, og henni mun svarað með blessun yfir höfuð þeirra, **K&S 25:12**. Þú skalt lofa Drottinn með söng og með tónlist, **K&S 136:28**.

Lokadómur. *Sjá* einnig Dómari, dómur; Fordæma, fordæming; Jesús Kristur — Dómari

Endanlegur dómur sem fram fer eftir upprisuna. Guð mun fyrir tilverknað

Jesú Krists dæma hvern mann og úrskurða þá eilífu dýrð sem hann hlýtur. Sá dómur mun byggjast á hlýðni hvers manns við boðorð Guðs, þar með talið að taka á móti friðþægingarfórn Jesú Krists.

Faðirinn hefur falið syninum allan dóm, **Jóh** 5:22. Allir munum vér verða að koma fram fyrir dómstól Guðs, **Róm** 14:10. Hinir dauðu voru dæmdir, eftir því sem ritað var í bókunum, **Op** 20:12 (K&S 128:6–7).

Þú verður dæmdur vegna allra þinna gjörða, **1 Ne** 10:20. Postularnir tólf og Nefíta lærisveinarnir tólf munu dæma Ísrael, **1 Ne** 12:9–10 (K&S 29:12). Allir verða að koma fram fyrir dómstól hins heilaga Ísraels, **2 Ne** 9:15. Búið sálir yðar undir hinn dýrðlega dag, **2 Ne** 9:46. Treystið þér yður til að sjá í anda sjálf yður færð fyrir dómstól Guðs, **Al** 5:17–25. Jesús mun standa og dæma heiminn, **3 Ne** 27:16.

Drottinn mun koma með fordæmingu til dóms yfir hinum óguðlegu, **K&S** 133:2.

Losti. *Sjá einnig* Munúðarfullur, munúð

Að hafa ósæmilega, sterka þrá eftir einhverju.

Girnst eigi friðleik hennar í hjarta þínu, **Okv** 6:25.

Hver sem horfir á konu í girndarhug, hefur þegar drýgt hór með henni í hjarta sínu, **Matt** 5:28 (3 Ne 12:28). Karlar brunnu í losta hver til annars, **Róm** 1:27. Þeir hópa að sér kennurum eftir eigin fýsnum sínum, **2 Tím** 4:3–4.

Laban sá eignir okkar og girntist þær, **1 Ne** 3:25. Hættu að eltast við það sem augu þín girnast, **Al** 39:3–4, 9.

Sá sem lítur á konu með girndarhug, mun afneita trúnni, **K&S** 42:23. Láttu af öllum lostafullum þrám, **K&S** 88:121.

Lot. *Sjá einnig* Abraham

Í Gamla testamenti, sonur Harans og bróðursonur Abrahams (1 Mós 11:27, 31; Abr 2:4). Haran dó í hungursneyðinni í landi Úr (Abr 2:1). Lot fór frá

Úr með Abraham og Söru og ferðaðist með þeim til Kanaanlands (1 Mós 12:4–5). Lot kaus að búa í Sódómu. Drottinn sendi sendiboða að vara Lot við svo hann gæti flúið Sódómu áður en Drottinn eyddi henni vegna siðleysis íbúanna (1 Mós 13:8–13; 19:1, 13, 15); en kona Lots leit til baka á eyðilegginguna og varð að saltstólpa (1 Mós 19:26). Í Nýja testamentinu er minnst á Lot (Lúk 17:29; 2 Pét 2:6–7). Ævi Lots eftir að hann verður viðskila við Abraham er lýst í 1 Mós 13, 14, og 19.

Lotning. *Sjá einnig* Heiður; Ótti

Djúp virðing fyrir því sem heilagt er; undur.

Drottinn bauð Móse að draga skó af fótum sér því hann stæði á heilagri jörð, **2 Mós** 3:4–5. Við eigum að óttast Guð og lofa hann, **Sálm** 89:8.

Þjónið Guði, svo sem honum þóknast, með lotningu og ótta, **Hebr** 12:28.

Moróni laut til jarðar og bað heitt til Guðs, **Al** 46:13. Mannfjöldinn féll til jarðar og tilbað Krist, **3 Ne** 11:12–19.

Beygið yður fyrir mér, **K&S** 5:24. Frammi fyrir háseti Guðs lýtur allt í auðmykt, **K&S** 76:93. Hugur yðar hefur verið í myrkri vegna þess að þér hafið farið léttúðlega með það sem þér hafið meðtekið, **K&S** 84:54–57. Hvert kné skal beygja sig og hver tunga viðurkenna, **K&S** 88:104. Vegna lotningar fyrir nafni hinnar ædstu veru nefndi kirkjan það prestdæmi eftir Melkisedek, **K&S** 107:4. Blessunum mun úthellt yfir þá, sem sýna Drottni lotningu í húsi hans, **K&S** 109:21.

Lucy Mack Smith. *Sjá einnig* Joseph Smith eldri; Joseph Smith yngri

Móðir spámansins Josephs Smith og eiginkona Josephs Smith eldri (JS — S 1:4, 7, 20). Hún fæddist 8. júlí 1776 og andaðist 5. maí 1856.

Joseph sá móður sína í sýn himneska ríkisins, **K&S** 137:5.

Lundurinn helgi. *Sjá* Fyrsta sýnin

Lúkas. *Sjá einnig* Guðspjöllin; Postulasagan

Höfundur Lúkasarguðspjalls og Postulasögunnar í Nýja testamenti og trúboðsfélagi Páls. Hann var af grísku foreldri og stundaði lækningar (Kól 4:14). Lúkas var vel menntaður. Hann kynnir sjálfan sig sem féлага Páls postula þegar hann fer ásamt Páli frá Tróas (Post 16:10–11). Lúkas var einnig með Páli í Filippíu í síðustu ferð Páls til Jerúsalem (Post 20:6) og þeir tveir voru saman þar til þeir komu til Rómar. Lúkas var einnig með Páli í annarri fangelsisvist hans í Róm (2 Tím 4:11). Arfsögnin segir hann hafa liðið þíslarvættisdauða.

Lúkasarguðspjall: Frásögn sem Lúkas reit um Jesú og jarðneska þjónustu hans. Postulasagan er framhald Lúkasarguðspjalls. Frá Lúkasi er komin vel rituð frásögn af þjónustu Jesú sem frelsara bæði Gyðinga og Þjóðanna. Hann reit mikið um kenningu Jesú og gjörðir hans. Í Lúkasarguðspjalli fáum við einu frásögnina um heimsókn Gabríels til Sakaríá og Maríu (Lúk 1); heimsókn fjárhirdanna til Jesúbarnsins (Lúk 2:8–18); Jesús tólf ára í musterinu (Lúk 2:41–52); hinum sjöttíu falið verk að vinna og þeir sendir (Lúk 10:1–24); sveiti Jesú varð sem blóð (Lúk 22:44); Jesús ræðir við ræningjann á krossinum (Lúk 23:39–43); og Jesús neytir fiskjar og hunangs eftir upprisna (Lúk 24:42–43).

Varðandi lista yfir atburði í lífi frelsarans eins og þeim er lýst í Lúkasarguðspjalli, sjá Samræmi guðspjallanna í Viðaukanum.

Lúsífer. *Sjá einnig* Andkristur; Djöfull; Eyðandinn; Glötunarsynirnir; Helja

Nafnið táknar „Sá geislandi“ eða „Ljósberinn.“ Lúsífer var andasonur himnesks föður en stýrði uppreisninni í fortílverunni. Henn er nefndur Hin árborna morgunstjarna í Biblíunni (Jes 14:12). Síðari daga opinberanir greina nánar frá falli Lúsífers (K&S 76:25–29).

Lúsífer féll í fortílverunni, **Jes 14:12** (Lúk 10:18; 2 Ne 24:12).

Eftir fallið varð hann Satan og djöfullinn, **K&S 76:25–29** (HDP Móse 4:1–4).

Lygar. *Sjá einnig* Blekking, blekkja; Heiðarlegur, heiðarleiki; Illt umtal

Öll tjáskipti með röngum staðhæfingum eða ósannindum, í þeim tilgangi að blekkja.

Þér skuluð eigi stela, eigi svíkja, né heldur ljúga, **3 MóS 19:11**. Ég hata lygi og hef andstyggð á henni, **Sálm 119:163**. Lygavarir eru Drottnei andstyggð, **Okv 12:22**.

Djöfullinn er lygari og lyginnaðir, **Jóh 8:44** (2 Ne 2:18; Et 8:25; HDP Móse 4:4). Ekki hefur þú logið að mönnum, heldur Guði, **Post 5:4** (Al 12:3). Ef einhver segir: „Ég elska Guð,“ og hatar bróður sinn, sá er lygari, **1 Jóh 4:20**. Öllum lygum er búinn hinn annar dauði, **Op 21:8** (K&S 63:17).

Vei sé lygaranum, því að honum mun þrýst niður til heljar, **2 Ne 9:34**. Margir munu kenna falska kenning og segja: Ljúgið örlítið, það kemur ekki að sök, **2 Ne 28:8–9** (K&S 10:25). Ímyndið þér yður, að þér getið logið að Drottnei, **Al 5:17**. Þú ert Guð sannleikans og getur ekki logið, **Et 3:12** (4 MóS 23:19; 1 Sam 15:29; Títus 1:2; Hebr 6:18; Enos 1:6).

Þeim, sem lýgur og iðrast ekki, skal vísað burt, **K&S 42:21**. Lygarar erfa jarðneska dýrð, **K&S 76:81, 103–106**.

Vér trúum, að vér eigum að vera heiðvird, **TA 1:13**.

Lyklar prestdæmisins. *Sjá einnig* Prestdæmi; Ráðstöfunartími; Æðsta forsætisráðið

Lyklar eru réttur til forsætis eða kraftur færður manningum frá Guði til leiðbeiningar, umráða og stjórnunar prestdæmis Guðs á jörðu. Prestdæmishafar kallaðir til forsætis fá lykla frá þeim sem yfir þá eru settir. Prestdæmishafar nota prestdæmið aðeins innan þeirra marka sem útskýrð eru af þeim sem hafa lykllana. Forseti kirkjunnar er sá eini á jörðinni sem heldur og hefur

Lýðfrelsi

heimild til að beita öllum prestdæmislyklunum. (K&S 107:65–67, 91–92; 132:7).

Pétur tók við lyklum himnaríkis, **Matt 16:19**.

Míkael (Adam) tók við lyklum sáluhjálpar undir ráði og stjórn Jesú Krists, **K&S 78:16**. Lyklar ríkisins tilheyra ávallt forsætisráði hins háa prestdæmis, **K&S 81:2**. Æðra prestdæmið heldur lyklinum að leyndardómum ríkis Guðs, **K&S 84:19**. Sérstakir lyklar heyra til hinum tólf, **K&S 107:35; 112:16, 32; 124:128**. Joseph Smith og Oliver Cowdery fengu lyklana til sameiningar Ísraels, að fagnaðarerindi Abrahams og innsigliunarkraftinum, **K&S 110:11–16**. Æðsta forsætisráðið og hinir tólf hafa lykla að ráðstöfuninni í fyllingu tímanna, **K&S 112:30–34**. Embættismenn prestdæmisins hafa lykla, **K&S 124:123**. Sá sem hefur lykla hlýtur þekkingu, **K&S 128:11**.

Aronsprestdæmið hefur lykla að englaþjónustu og fagnaðarerindi iðrunar og skírnar, **JS — S 1:69 (K&S 13)**.

Lýðfrelsi. *Sjá einnig* Ánaud; Frjáls, frelsi; Sjálfraði

Sú staða eða ástand að geta athafnað sig og hugsað frjálst. Hlýðni við reglur fagnaðarerindisins frelsar manneskjuna frá andlegum fjötrum syndar (Jóh 8:31–36).

Þá mun ég ganga um víðlendi, því að ég leita fyriræla þinna, **Sálm 119:45**.

Þar sem andi Drottins er, þar er frelsi, **2 Kor 3:17**. Standið stöðugir í því frelsi sem Kristur frelsaði oss í, **Gal 5:1 (K&S 88:86)**.

Mönnum er frjálst að velja frelsi og eilíft líf, **2 Ne 2:27**. Þetta land verður land lýðfrelsis, **2 Ne 10:11**. Moróní lét draga frelsistáknið að húni meðal Nefíta, **Al 46:36**.

Drottinn og þjónar hans boðuðu frelsi hinum ánaudugu öndum, **K&S 138:18, 31, 42**.

Lækna, lækningar. *Sjá einnig* Smyrja; Þjónusta við sjúka

Að gjöra heilbrigðan eða hraustan á

ný, bæði líkamlega og andlega. Ritningarnar greina frá mörgum tilvikum kraftaverkalækninga Drottins og þjóna hans.

Ég er Drottinn, græðari þinn, **2 Mós 15:26**. Naaman dýfði sér sjö sinnum í ána Jórdan og læknaðist, **2 Kon 5:1–14**. Fyrir hans benjar urðum vér heilbrigðir, **Jes 53:5 (Mósía 14:5)**. Réttlætissólin mun upp renna með græðslu undir vængjum, **Mal 4:2**.

Jesús læknaði hvers kyns sjúkdóm, **Matt 4:23 (Matt 9:35)**. Hann gaf þeim vald að lækna hvers kyns sjúkdóm, **Matt 10:1**. Hann hefur sent mig til að boða blindum að þeir skuli aftur fá sýn, **Lúk 4:18**.

Þeir urðu heilir fyrir kraft Guðslambins, **1 Ne 11:31**. Ef þú trúir á endurlausn Guðs, þá er hægt að lækna þig, **Al 15:8**. Hann læknaði þá hvern og einn, **3 Ne 17:9**.

Sá sem hefur trú á mér til að lækna, hann skal heill verða, **K&S 42:48**. Í mínu nafni munu þeir lækna sjúka, **K&S 84:68**.

Vér höfum trú á gjöf lækninga, **TA 1:7**.

Lærisveinar meðal Nefíta. *Sjá* Þrír Nefíta-lærisveinar

Lærisveinn. *Sjá* Kristnir; Ok; Postuli; Trúskipti, trúskiptingur

Fylgjandi Jesú Krists sem lifir eftir kenningu Krists (K&S 41:5). *Lærisveinn* er notað um postulana tólf sem Kristur kallaði á tíma jarðneskrar þjónustu sinnar (Matt 10:1–4). *Lærisveinn* er einnig notað um þá tólf menn sem Jesús valdi til að leiða kirkju sína meðal Nefíta og Lamaníta (3 Ne 19:4).

Ég innsigla kenninguna hjá lærisveinum mínum, **Jes 8:16**.

Ef þér eruð stöðugir í orði mínu, eruð þér sannir lærisveinar mínir, **Jóh 8:31**.

Mormón var lærisveinn Jesú Krists, **3 Ne 5:12–13**. Þér eruð lærisveinar mínir, **3 Ne 15:12**. Þrír lærisveinanna munu ekki smakka dauða, **3 Ne 28:4–10**.

Aðvörunarorð munu flutt af vörum lærisveina minna, **K&S 1:4**. Lærisveinar mínir standi á helgum stöðum,

K&S 45:32. Þeir sem ekki minnst í öllu hinna fátæku, þurfandi, sjúku og aðþrengdu eru ekki lærisveinar mínir, **K&S** 52:40. Sá sem ekki er fús að fórna lífi sínu er ekki minn lærisveinn, **K&S** 103:27–28.

Lögmál. *Sjá einnig* Blessa, blessaður, blessun; Boðorð Guðs; Hlýðni, hlýðinn, hlýða; Mósélögmál

Boðorð eða reglur Guðs sem allar blessanir og refsingar byggjast á bæði á himni og jörðu. Þeir sem hlýða lögmálum Guðs öðlast fyrirheitnar blessanir. Spámaðurinn Joseph Smith kenndi að menn skyldu einnig hlýða, heiðra og styðja lög landsins (TA 1:12).

Mósélögmálið var undirbúningslögmál til að leiða menn og konur til Krists. Það var lögmál takmarkana, fyrirmæla og helgiathafna. Nú á tímum er lögmál Krists, sem uppfyllti lögmál Móse, fylling fagnaðarerindisins eða „hið fullkomna lögmál frelsisins“ (Jakbr 1:25).

Guð gaf Adam fyrirmæli, **1 Mós** 1:28; 2:16–17. Guð gaf Nóa lögmál, **1 Mós** 9:1. Lögmál Drottins er lýtalaust, hressir sálina, **Sálm** 19:8. Drottinn er vor lög-gjafi, **Jes** 33:22.

Einn er löggjafinn, **Jakbr** 4:12.

Sé ekkert lögmál gefið, þá er engin refsing, **2 Ne** 9:25. Lögmál er gefið, **Al** 42:17–22. Menn verða dæmdir samkvæmt lögmálinu, **Al** 42:23. Kristur er lögmálið, **3 Ne** 15:9.

Öll lögmál eru andleg, **K&S** 29:34. Joseph Smith meðtók lögmál kirkjunnar með opinberun, **K&S** 42. Sá sem hlítir lögmáli Guðs finnur enga þörf til að brjóta lög landsins, **K&S** 58:21. Ljós Krists er það lögmál sem öllu stjórnar, **K&S** 88:7–13. Hann hefur gefið öllu lögmál, **K&S** 88:42–43. Fólki mitt skal halda lög landsins, **K&S** 98:4–5. Þegar við hljótum blessun frá Guði er það fyrir hlýðni við lögmál, **K&S** 130:20–21. Yfirlýsing kirkjunnar varðandi borgaraleg lög, **K&S** 134.

Menn verða hólpnir með því að hlýða

lögmálum og helgiathöfnum fagnaðarerindisins, **TA** 1:3.

Maður heilagleika. *Sjá einnig* Faðir á himnum; Guð, guðdómur; Mannssonurinn

Annað nafn Guðs föðurins (HDP Móse 6:57).

Maður, menn. *Sjá einnig* Andi; Andleg sköpun; Bræður, bróðir; Guð, guðdómur; Kona, konur; Synir og dætur Guðs; Systir

Vísar til alls mannkyns, bæði karlkyns og kvenkyns. Allir menn og konur eru raunverulega andlegir afkomendur himnesks föður. Þegar þau fæðast til jarðlífs fá þau jarðneska dauðlega líkami. Þeir líkamir voru skapaðir í Guðs mynd (1 Mós 1:26–27). Karlar og konur, sem eru trúföst og meðtaka nauðsynlegar helgiathafnir, halda sáttmála sína og fylgja boðum Guðs, munu öðlast upphafningu og verða sem Guð.

Guð skapaði manninn í sinni eigin mynd, **1 Mós** 1:27 (Mósía 7:27; **K&S** 20:17–18). Hvað er þá maðurinn þess, að þú minnst hans, **Sálm** 8:4–5. Bölvaður er sá maður, sem reiðir sig á menn og gjörir hold að styrkleik sínum, **Jer** 17:5 (2 **Ne** 4:34; 28:26, 31).

Þegar ég varð fulltíða maður, lagði ég niður barnaskapinn, **1 Kor** 13:11.

Maðurinn lifir svo að hann megi gleði njóta, **2 Ne** 2:25. Hinn náttúrlegi maður er óvinur Guðs, **Mósía** 3:19. Hvers konar menn ættuð þér þess vegna að vera, **3 Ne** 27:27.

Ekki er það verk Guðs sem ónýttist, heldur verk mannanna, **K&S** 3:3. Þú átt ekki að óttast manninn meira en Guð, **K&S** 3:7 (**K&S** 30:11; 122:9). Allir skapaðir hlutir eru ætlaðir mannum til heilla og gagns, **K&S** 59:18.

Ég veit að maðurinn er ekkert, **HDP Móse** 1:10. Verk Guðs og dýrð er — að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika, **HDP Móse** 1:39.

Maður, andabarn himnesks föður: Þeir

Magóg

féllu fram á ásjónur sínar og sögðu, Guð, Guð lífsandans í öllu holdi, **4 Mós** 16:22 (4 Mós 27:16). Þér eruð börn Drottins, Guðs yðar, **5 Mós** 14:1. Þér eruð guðir og allir saman synir Hins hæsta, **Sálm** 82:6. Þér eruð synir hins lifanda Guðs, **Hós** 1:10. Eigum vér ekki allir hinn sama föður? Hefur ekki einn Guð skapað oss, **Mal** 2:10.

Vér erum Guðs ættar, **Post** 17:29. Sjálfur andinn vitnar með vorum anda, að vér erum Guðs börn, **Róm** 8:16. Verum undirgefni föður andanna, **Hebr** 12:9.

Andar allra manna munu fluttir heim til þess Guðs sem gaf þeim líf, **Al** 40:11.

Allir íbúar heimanna eru getnir synir og dætur Guðs, **K&S** 76:24. Maðurinn var í upphafi hjá föðurnum, **K&S** 93:23, 29.

Guð skapaði alla menn andlega, áður en þeir urðu til á jörðu, **HDP Móse** 3:5–7. Ég er Guð. Ég gjörði heiminn og mennina áður en þeir voru í holdinu, **HDP Móse** 6:51.

Maður, með möguleika til að verða líkur himneskum föður: Verið því fullkomnir, eins og faðir yðar himneskur er fullkominn, **Matt** 5:48 (3 Ne 12:48). Er ekki skrifað í lögmáli yðar að þér séuð guðir, **Jóh** 10:34 (K&S 76:58). Vér getum orðið erfingjar Guðs og samarfar Krists, **Róm** 8:17. Ef þú ert sonur, þá ert þú líka erfingi að ráði Guðs, **Gal** 4:7. Þegar hann birtist munum við verða honum líkir, **1 Jóh** 3:2. Þann er sigrar mun ég láta sitja í hásæti mínu, **Op** 3:21.

Þeim hef ég veitt að verða synir Guðs, **3 Ne** 9:17.

Þeir sem erfa himneska ríkið eru guðir, já, synir Guðs, **K&S** 76:50, 58. Þá verða þau guðir, vegna þess að þau hafa allt vald, **K&S** 132:20.

Magóg. *Sjá einnig* Góg; Síðari koma Jesú Krists

Í Biblíunni, land og þjóð nálægt Svartahafi. Konungur þeirra, Góg, mun leiða heri Magógs í síðustu stórrustunni fyrir síðari komu Krists (Esek 38:2; 39:6). Ritningarnar tala um aðra mikla

orrustu Gógs og Magógs við lok þúsund-áraríkisins milli herja Guðs og herja hins illa (Op 20:7–9; K&S 88:111–116).

Malakí

Spámaður Gamla testamentis sem ritaði og spáði um 430 f.Kr.

Bók Malakis: Bók eða spádómur Malakís er síðasta ritið í Gamla testamentinu. Efni hennar má greina í fjóra meginþætti: (1) syndir Ísraels — Malakí 1:6–2:17; 3:8–9; (2) dómarnir sem falla munu á Ísrael sakir óhlýðni þeirra — Malakí 1:14; 2:2–3, 12; 3:5; (3) loforð fyrir hlýðni — Malakí 3:10–12, 16–18; 4:2–3; og (4) spádómar varðandi Ísrael — Malakí 3:1–5; 4:1, 5–6 (K&S 2; 128:17; JS — S 1:37–39).

Í spádómi sínum ritar Malakí um Jóhannes skírara (Mal 3:1; Matt 11:10), tíundarlögmálið (Mal 3:7–12), síðari komu Drottins (Mal 4:5) og að Elía snúi aftur (Mal 4:5–6; K&S 2; 128:17; JS — S 1:37–39). Frelsarinn vitnaði til 3. og 4. kapitula Malakí í heild er hann ræddi við Nefítana (3 Ne 24–25).

Mammon. *Sjá einnig* Peningar

Aramískt orð sem táknar „ríkidæmi“ (Matt 6:24; Lúk 16:9; K&S 82:22).

Manasse. *Sjá einnig* Efraím; Ísrael; Jósef, sonur Jakobs

Í Gamla testamenti, elsti sonur Asenat og Jósefs, sem seldur var til Egyptalands (1 Mós 41:50–51). Hann og bróðir hans Efraím voru sonarsynir Jakobs (Ísraels) en voru ættleiddir og blessaðir af honum eins og þeir væru hans eigin synir (1 Mós 48:1–20).

Ættkvísl Manasse: Afkomendur Manasse voru taldir meðal ættkvísla Ísraels (4 Mós 1:34–35; Jós 13:29–31). Blessanir Móse yfir ættkvíslir Ísraels, sem einnig voru veittar Efraím og Manasse, eru skráðar í Fimmtu Mósebók 33:13–17. Landið sem þeim var ætlað var að hluta til vestan Jórdan og við hlið Efraíms. Einnig áttu þeir hjálendur austan Jórdan í frjósömu hjarðlendi Basan og Gíleað. Á

síðustu dögum mun ættkvísl Manasse aðstoða ættkvísl Efraíms við að safna saman hinum tvístraða Ísrael (5 Mós 33:13–17). Spámaðurinn Lehí í Mormónsbók var afkomandi Manasse (Al 10:3).

Manna. *Sjá einnig* Brauð lífsins; Exodus (Önnur Mósebók)

Smágerð, kringlótt fæða sem bragðast eins og hunangskex (2 Mós 16:14–31) eða sem fersk olía (4 Mós 11:7–8). Drottinn sá Ísraelsmönnum fyrir því til matar á fjörutíu ára ferð þeirra í óbyggðunum (2 Mós 16:4–5, 14–30, 35; Jós 5:12; 1 Ne 17:28).

Ísraelsbörn nefndu það manna (eða *man-hu* á hebresku) — sem tákna „Hvað er það?“ — af því að þeir vissu ekki hvað það var (2 Mós 16:15). Það var einnig kalla „englabrauð“ og „himnakorn“ (Sálm 78:24–25; Jóh 6:31). Það var tákn um Krist, sem verða mundi brauð lífsins (Jóh 6:31–35).

Mannssonurinn. *Sjá einnig* Guð, guðdómur; Jesús Kristur

Heiti sem Jesús Kristur notaði um sjálfan sig (Lúk 9:22; Lúk 21:36). Það tákna sonur Manns heilagleikans. Maður heilagleikans er eitt af nöfnum Guðs föðurins. Þegar Jesús kallaði sjálfan sig Mannssonurinn var það opin-ská yfirlýsing um guðlegan skyldleika hans við föðurinn. Þessi titill finnst víða í guðspjöllunum. Síðari daga opinberun staðfestir þessa sérstöku merkingu og helgi þessa nafns frelsarans (K&S 45:39; 49:6, 22; 58:65; HDP Móse 6:57).

María frá Betaníu. *Sjá einnig* Lasarus; Marta

Í Nýja testamenti, systir Lasarusar og Mörtu.

María sat við fætur Jesú og hlustaði, **Lúk** 10:39, 42. María og systir hennar, Marta, sendu eftir Jesú, **Jóh** 11:1–45. Hún smurði fætur Jesú með smyrslum, **Jóh** 12:3–8.

María Magdalena

Kona í Nýja testamenti sem gjörðist

sannur lærisveinn Jesú Krists. Magdalena er dregið af Magdala (Magadan samkvæmt íslensku Bibliúnni), en frá þeim stað var María. Sá staður er á vesturströnd Galíleuvatns.

Hún stóð nærri krossinum, **Matt** 27:56 (Mark 15:40; Jóh 19:25). Hún var við greftrun Krists, **Matt** 27:61 (Mark 15:47). Hún var við gröfina á morgni upprisudagsins, **Matt** 28:1 (Mark 16:1; Lúk 24:10; Jóh 20:1, 11). Jesús birtist fyrst henni eftir upprisuna, **Mark** 16:9 (Jóh 20:14–18). Sjó illir andar fóru úr henni, **Lúk** 8:2.

María mey. *Sjá* María, móðir Jesú

María, móðir Jesú. *Sjá einnig* Jesús Kristur; Jósef eigenmaður Maríu

Í Nýja testamenti, meyja valin af Guði föðurnum til þess að verða móðir sonar hans í holdinu. Eftir fæðingu Jesú eignaðist María fleiri börn (Mark 6:3).

Hún var föstnuð Jósef, **Matt** 1:18 (Lúk 1:27). Jósef var sagt að skilja ekki við Maríu eða leysa hana úr festum, **Matt** 1:18–25. Vitringarnir heimsóttu Maríu, **Matt** 2:11. María og Jósef flýðu til Egyptalands með Jesúbarnið, **Matt** 2:13–14. Eftir dauða Heródesar kom fjölskyldan aftur til Nasaret, **Matt** 2:19–23. Engillinn Gabríel heimsótti hana, **Lúk** 1:26–38. Hún heimsótti Elísabetu frænku sína, **Lúk** 1:36, 40–45. María flutti Drottni lofsöng, **Lúk** 1:46–55. María fór til Betlehem með Jósef, **Lúk** 2:4–5. María fæddi Jesú og lagði hann í jötu, **Lúk** 2:7. Fjærhirðarnir fóru til Betlehem að sjá barnið Krist, **Lúk** 2:16–20. María og Jósef fóru með Jesú í musterið í Jerúsalem, **Lúk** 2:21–38. María og Jósef fóru með Jesú á páskahátíðina, **Lúk** 2:41–52. María var í brúðkaupinu í Kana, **Jóh** 2:2–5. Á krossinum bað frelsarinn Jóhannes að annast móður sína, **Jóh** 19:25–27. María var með postulunum eftir himnaför Krists, **Post** 1:14.

María var meyja, fegurri og bjartari en allar aðrar meyjar, **1 Ne** 11:13–20. Móðir Krists mun kölluð verða María,

Mósía 3:8. María er óspjölluð mæð, dýr-mætt og kjörið ker, **Al 7:10.**

María, móðir Markúsar. *Sjá einnig* Markús

Í Nýja testamenti, móðir Jóhannesar Markúsar, sem reit Markúsarguðspjall (Post 12:12).

Markús. *Sjá einnig* Guðspjöllin

Í Nýja testamenti, Jóhannes Markús var sonur Maríu, sem bjó í Jerúsalem (Post 12:12); hann gæti einnig hafa verið frændi Barnabasar (Kól 4:10). Hann fór með Páli og Barnabasi frá Jerúsalem í fyrstu trúboðsferð þeirra og skildi við þá í Perge (Post 12:25; 13:5, 13). Síðar fór hann með Barnabasi til Kýpur (Post 15:37–39). Hann var með Páli í Róm (Kól 4:10; Fílem 1:24), og hann var með Pétri í Babýlon (líklega í Róm) (1 Pét 5:13). Að lokum var hann með Tímóteusi í Efesus (2 Tím 4:11).

Markúsarguðspjall: Önnur í röð bóka Nýja testamentis. Markúsarguðspjall var sennilega ritað eftir leiðsögn Péturs. Markmið hans er að lýsa Drottni, sem syni Guðs, lifandi og að starfi meðal manna. Markús lýsir með krafti og auðmýkt þeim áhrifum sem Jesús hafði á viðstadda. Arfsögnin segir að Markús hafi eftir dauða Péturs heimsótt Egyptaland, skipulagt kirkjuna í Alexandríu og dáið píslarvættisdauga.

Varðandi lista yfir atburði í lífi frelsarans eins og þeim er lýst í Markúsarguðspjalli, sjá Samræmi guðspjallanna í Viðaukanum.

Marta. *Sjá einnig* Lasarus; María frá Betaníu

Systir Lasarusar og Maríu í Nýja testamenti (Lúk 10:38–42; Jóh 11:1–46; 12:2).

Martin Harris. *Sjá einnig* Vitni um Mormónsbók

Eitt þriggja vitna að guðlegum uppruna og sannleiksgildi Mormónsbókar. Hann veitti Joseph Smith og kirkjunni fjárhagsstuðning. Drottinn bað Martin Harris að selja eignir sínar og gefa

andvirðið til að greiða prentun Mormónsbókar (K&S 19:26–27, 34–35), að vera kirkjunni fordæmi (K&S 58:35), og helga fé sitt til boðunar orðsins (K&S 104:26).

Martin Harris var útilokaður frá kirkjunni en kom síðar aftur sem fullgildur meðlimur. Til æviloka vitnaði hann, að hann hefði séð engilinn Moróni og gulltöflurnar sem Joseph Smith þýddi Mormónsbók af.

Matteus. *Sjá einnig* Guðspjöllin

Postuli Jesú Krists og höfundur fyrstu bókarinnar í Nýja testamentinu. Matteus, Gyðingur sem var tollheimtumaður fyrir Rómverja í Kapernaum, var líklega í þjónustu Heródesar Antípasar. Hann var fyrir trúskiptin þekktur sem Leví, sonur Alfeusar (Mark 2:14). Skömmu eftir að hann fékk köllun að gjörast lærisveinn Jesú, hélt hann veislu sem Drottinn tók þátt í (Matt 9:9–13; Mark 2:14–17; Lúk 5:27–32). Matteus hefur að líkindum verið vel kunnugur ritningum Gamla testamentisins og gat þannig séð uppfyllingu spádóma, lið fyrir lið, í lífi Drottins. Um síðara æviskeið postulans er lítið vitað. Ein arfsögn segir hann hafa dáið píslarvættisdauga.

Matteusarguðspjall: Fyrsta bók Nýja testamentisins. Matteusarguðspjall var sennilega ritað upphaflega til handa Gyðingum í Palestínu. Þar er víða vitnað í Gamla testamentið. Höfuðmarkmið Matteusar var að sýna að Jesús var sá Messías sem spámenn Gamla testamentis töluðu um. Einnig lagði hann áherslu á að Jesús er konungur og dómari manna.

Varðandi lista yfir atburði í lífi frelsarans eins og þeim er lýst í Matteusarguðspjalli, sjá Samræmi guðspjallanna í Viðaukanum

Mattías. *Sjá einnig* Postuli — Val postulanna

Sá sem valinn var í sveit postulanna tólf í stað Júdasar Ískariót (Post 1:15–26). Hann var lærisveinn allan jarðneskan þjónustutíma Jesú (Post 1:21–22).

Málsvari. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Jesús Kristur er málsvari okkar hjá föðurnum (Moró 7:28) og flytur mál okkar hjá honum.

Jesús Kristur er árnaðarmaður okkar hjá föðurnum, **1 Jóh 2:1** (K&S 110:4).

Jesús mun hafa meðalgöngu fyrir öll mannanna börn, **2 Ne 2:9** (Hebr 7:25). Jesús vinnur sigur á dauðanum og hlýtur vald til að gjörast meðalgöngumaður mannanna barna, **Mósía 15:8**.

Ég er málsvari yðar hjá föðurnum, **K&S 29:5**. Jesús Kristur talar máli yðar, **K&S 45:3–5**.

Máttur. *Sjá* Kraftur**Meðalgöngumaður.** *Sjá einnig*

Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur

Sá sem talar máli einhvers, er meðalgangari. Jesús Kristur er meðalgöngumaður milli Guðs og manna. Friðþæging hans opnaði mönnum leið til að iðrast synda sinna og sættast við Guð.

Enginn kemur til föðurins nema fyrir Jesú Krist, **Jóh 14:6**. Einn er og meðalgangarinn milli Guðs og manna, **1 Tím 2:5**. Jesús er meðalgangari betri sáttmála, **Hebr 8:6** (Hebr 9:15; 12:24; K&S 107:19).

Hinn helgi Messías mun hafa meðalgöngu fyrir öll mannanna börn, **2 Ne 2:9** (Jes 53:12; Mósía 14:12). Þér skuluð líta til hins mikla meðalgöngumanns, **2 Ne 2:27–28**.

Vér erum fullkomnir gjörðir fyrir Jesús, meðalgöngumann hins nýja sáttmála, **K&S 76:69**.

Meðaumkun. *Sjá* Samúð, meðaumkun**Melkisedek.** *Sjá einnig*

Melkisedeksprestðæmi; Salem

Merkur háprestur, spámaður og leiðtogi Gamla testamentis sem lifði eftir flóðið og á dögum Abrahams. Hann var kallaður konungur í Salem (Jerúsalem), friðarkonungur, konungur réttlætisins (sem er hebreska merkingin í *Melkisedek*) og prestur Guðs hins ædsta.

Abraham greiddi tíund til Melkisedeks, **1 Mós 14:18–20**. Þjóð Melkisedeks ástundaði réttlæti og hreppti himininn, **ÞJS, 1 Mós 14:25–40**.

Kristur var háprestur að hætti Melkisedeks, **Hebr 5:6**. Melkisedek var konungur í Salem og prestur Guðs hins hæsta, **Hebr 7:1–3**.

Enginn var meiri Melkisedek, **Al 13:14–19**.

Abraham meðtók prestðæmið frá Melkisedek, **K&S 84:14**. Vegna virðingar fyrir nafni Drottins nefndi kirkjan til forna æðra prestðæmið Melkisedeksprestðæmi, **K&S 107:1–4**.

Melkisedeksprestðæmi. *Sjá einnig*

Melkisedek; Prestðæmi; Öldungur

Melkisedeksprestðæmið er hið æðra eða meira prestðæmi; Aronsprestðæmið er lægra prestðæmið. Melkisedeksprestðæmið felur í sér lyklana að andlegum blessunum kirkjunnar. Með helgiathöfnum æðra prestðæmisins nær kraftur guðleikans að koma fram meðal manna (**K&S 84:18–25; 107:18–21**).

Guð opinberaði Adam þetta æðra prestðæmi fyrst. Patriárkar og spámenn á öllum ráðstöfunartímum höfðu þetta vald (**K&S 84:6–17**). Það var fyrst nefnt Hið heilaga prestðæmi eftir reglu Guðssonarins. Síðar nefndist það Melkisedeksprestðæmi (**K&S 107:2–4**).

Þegar Ísraelsþjóð mistókst að lifa í samræmi við réttindi og sáttmála Melkisedeksprestðæmisins, tók Drottinn hið herra lögmál frá þeim og gaf þeim hið lægra lögmál og lægra prestðæmi (**K&S 84:23–26**). Það var kallað Aronsprestðæmi og Mósélögmál. Þegar Jesús kom til jarðar endurreisti hann Melkisedeksprestðæmið meðal Gyðinga og hóf að byggja upp kirkju meðal þeirra. Hins vegar glataðist kirkjan og prestðæmið á ný sökum fráhrarfs. Síðar var hvort tveggja endurreist með Joseph Smith yngri (**K&S 27:12–13; 128:20; JS — S 1:73**).

Innan Melkisedeksprestðæmis eru embætti öldungs, háprests, patriárka, hinna sjötíu, og postula (**K&S 107**).

Melkisedeksprestðæmið mun alltaf verða hluti Guðsríkis á jörðu.

Forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er forseti æðra eða Melkisedeksprestðæmisins og hann hefur alla lykla viðvíkjandi ríki Guðs á jörðu. Forsetaköllun hefur aðeins einn maður í senn á jörðu og hann er eini maðurinn sem er veitt vald til að fara með alla lykla prestðæmisins (K&S 107:64–67; 132:7)

Kristur er prestur að eilífu að hætti Melkisedeks, **Sálm** 110:4 (Hebr 5:6, 10; 7:11).

Melkisedeksprestðæmið stjórnar fagnaðarerindinu, **Hebr** 7 (K&S 84:18–25).

Melkisedek hafði sýnt mikla trú og tekið við embætti hins háa prestðæmis, **Al** 13:18.

Joseph Smith og Oliver Cowdery meðtóku Melkisedeksprestðæmið, **K&S** 27:12–13 (JS — S 1:72). Þetta prestðæmi er meðtekið með eidd og sáttmála, **K&S** 84:33–42. Aðaldeildir eru tvær, Melkisedeksprestæmi og prestðæmi Arons, **K&S** 107:6. Melkisedeksprestðæmið hefur réttinn til að veita allar andlegar blessanir, **K&S** 107:8–18. Móse, Elías og Elía veittu Joseph Smith og Oliver Cowdery lykla prestðæmisins, **K&S** 110:11–16. Ég gef yður nú, embættismönnum prestðæmis míns, leyfi til að halda lykllum þess, **K&S** 124:123.

Menn. *Sjá* Maður, menn

Merki

Í ritningunum, fáni eða merki sem fólk þjappar sér saman um vegna sameiginlegs markmiðs eða til auðkennis. Til forna voru slík merki notuð til að ná saman hermönnum í orrustu. Mormónsbók og Kirkja Jesú Krists eru táknræn merki fyrir allar þjóðir heims.

Drottinn reisir hermerki fyrir fjarlæga þjóð, **Jes** 5:26 (2 Ne 15:26). Rótarkvistur Ísaí mun standa sem hermerki, **Jes** 11:10 (2 Ne 21:10; K&S 113:6).

Dragið upp friðartákn, **K&S** 105:39.

Merki dúfunnar. *Sjá* einnig Heilagur andi

Fyrirfram ákveðið tákn sem auðkenni frelsarann fyrir Jóhannesi skírara (Jóh 1:32–34). Joseph Smith sagði að merki dúfunnar hefði verið ákvarðað fyrir sköpun heimsins sem vitni um heilagan anda; þess vegna getur djöfullinn ekki komið í merki dúfunnar.

Andi Guðs sté niður eins og dúfa, **Matt** 3:16.

Eftir að Jesú var skírður kom heilagur andi niður í dúfulíki, **1 Ne** 11:27.

Ég, Jóhannes, ber vitni, og tak eftir, himnarnir lukust upp, og heilagur andi kom yfir hann í dúfulíki, **K&S** 93:15.

Mesak. *Sjá* einnig Daníel

Í Gamla testamenti, Sadrak, Mesak og Abed-Negó voru þrír ungir Ísraelsmenn, sem ásamt Daníel voru færðir inn í höll Nebúkadnesars Babýloníukonungs. Hebreska nafn Mesaks var Mísael. Ungu mennirnir fjórir neituðu að saurga sig með því að neyta kjöts og víns konungs (Dan 1). Konungur lét varpa Sadraki, Mesaki og Abed-Negó í glóandi eldsofn en þeir voru varðveittir á undursamlegan hátt (Dan 3).

Messías. *Sjá* einnig Hinn smurði; Jesús Kristur

Form aramískis og hebresks orðs sem táknar „hinn smurði.“ Í Nýja testamenti er Jesús nefndur Kristur, sem er grískt orð er svarar til *Messías*. Það táknar hinn smurði spámaður, prestur, konungur og bjargvættur, en Gyðingar biðu með ákafa komu hans.

Margir Gyðingar væntu einungis bjargvættar undan valdi Rómverja og til aukinnar þjóðarvelmegunar; af því leiddi, að þegar Messías kom, afneituðu leiðtogar og margir aðrir honum. Aðeins auðmjúkir og trúfastir gátu séð í Jesú frá Nasaret hinn sanna Krist (Jes 53; Matt 16:16; Jóh 4:25–26).

Messías mun hafa andann, kenna fagnaðarerindið og boða frelsi, **Jes** 61:1–3 (Lúk 4:18–21).

Við höfum fundið Messías! Það er útlagt: smurður, **Jóh 1:42** (Jóh 4:25–26).

Guð uppvakti meðal Gyðinga Messías, eða með öðrum orðum frelsara, **1 Ne 10:4**. Sonur Guðs var sá Messías er koma átti, **1 Ne 10:17**. Endurlausnin felst í heilögum Messíasi og kemur með honum, **2 Ne 2:6**. Messías kemur í fyllingu tímans, **2 Ne 2:26**. Messías mun rísa upp frá dauðum, **2 Ne 25:14**.

Í nafni Messíasar veiti ég prestdæmi Arons, **K&S 13**.

Drottinn sagði, ég er Messías, konungur Síonar, **HDP Móse 7:53**.

Meta. *Sjá einnig* Heiður; Lotning

Að meta einhvern eða eitthvað mikils og til ágætis, einkum með tilliti til fagnaðarerindis.

Hann var fyrirlitinn og vér máttum hann einskis, **Jes 53:3–4**.

Það, sem hátt er að dómi manna, er viðurstygð í augum Guðs, **Lúk 16:15**. Metið aðra meira en sjálfa yður, **Fil 2:3**.

Drottinn metur allt hold á einn og sama veg, **1 Ne 17:35**. Sérhver maður skyldi meta náunga sinn til jafns við sjálfan sig, **Mósía 27:4** (K&S 38:24–25).

Á friðartímum mátu þeir ráð mín lít-ils, **K&S 101:8**.

Metúsala. *Sjá einnig* Enok

Sonur Enoks í Gamla testamenti. Metúsala varð 969 ára (1 Mós 5:21–27; Lúk 3:37; HDP Móse 8:7). Hann var réttlátur spámaður sem skilinn var eftir á jörðu þegar borg Enoks var tekin til himins. Hann varð eftir á jörðu til þess að afkomendur hans gætu orðið forfeður Nóa (HDP Móse 8:3–4).

Mey. *Sjá einnig* María, móðir Jesú

Kona á giftingaraldri sem aldrei hefur haft kynmök. Í ritningunum er þeim sem er siðferðilega hreinn stundum líkt við meý, (Op 14:4).

Yngismær verður þunguð og fæðir son, **Jes 7:14** (Matt 1:23; 2 Ne 17:14).

Himnaríki er líkt við tíu meyjjar, **Matt 25:1–13**.

Í borginni Nasaret sá ég meý sem var móðir Guðssonarins, **1 Ne 11:13–18**. María var óspjölluð mæ, dýrmætt og kjöríð ker, **Al 7:10**.

Mikil og viðurstyggileg kirkja. *Sjá*

Djöfull — Kirkja djöfulsins

Minningabókin. *Sjá einnig* Lífsins bók; Ættfræði

Bók sem Adam byrjaði að rita, þar sem skráðar voru gjörðir afkomenda hans; einnig sams konar skrár haldnar af spámönnum og trúum meðlimum þaðan í frá. Adam og börn hans rituðu minningabók, rituðu í hana með anda opinberunar, einnig sögu kynslóðanna sem hafði að geyma ættfræði (HDP Móse 6:5, 8). Slíkar skrár geta vel haft áhrif á lokadóm okkar.

Minnisbók var rituð, **Mal 3:16–18** (3 Ne 24:16–18).

Allir þeir, sem ekki finnast skráðir í minningabókinni, munu enga arfleifð fá á þeim degi, **K&S 85:9**. Hinir dáu voru dæmdir eftir þeim bókum sem í voru skráð verk þeirra, **K&S 128:7**. Færum honum bók, sem geymir skrá yfir okkar dáu, **K&S 128:24**.

Minningabók var haldin, **HDP Móse 6:5–8**. Minningabók hefur verið skráð meðal vor, **HDP Móse 6:46**. Abraham reyndi að skrá frásögn til gagns fyrir niðja sína, **Abr 1:31**.

Mirjam. *Sjá einnig* Móse

Í Gamla testamentinu, systir Móse (4 Mós 26:59).

Vaktaði örkina sem gjörð var af reyr, **2 Mós 2:1–8**. Fór fyrir konunum með bumbuslætti, **2 Mós 15:20–21**. Möglaði gegn Móse, smitaðist af líkþrá, en læknaðist, **4 Mós 12:1–15** (5 Mós 24:9).

Misbjóða

Að brjóta guðlegt lögmál, að syndga eða valda óþægindum eða særa; einnig að skaprauna eða ergja.

Erfiðara er að ávinna svikinn bróður en vinna rammyggða borg, **Okv 18:19**.

Ef hægra auga þitt tælir þig til falls, þá rif það úr, **Matt** 5:29. Hverjum þeim, sem tælir til falls einn af þessum smælingjum, sem á mig trúa, væri betra að vera sökktr í sjávardjúp, **Matt** 18:6 (K&S 121:19–22).

Ef bróðir þinn eða systir misbýður þér, skuluð þið sættast, **K&S** 42:88. Í engu misbýður maðurinn Guði, nema þeir sem ekki játa hönd hans í öllu og ekki hlýða boðorðum hans, **K&S** 59:21.

Miskunnsamur, miskunnsemi.

Sjá einnig Friðþægja, friðþæging; Fyrirgefna; Jesús Kristur; Náð; Réttvísi

Andi samúðar, mildi og fyrirgefningar. Miskunnsemi er einn eiginleika Guðs. Jesús Kristur býður okkur miskunn með friðþægingarförn sinni.

Drottinn er miskunnsamur og náðugur, **2 Mós** 34:6 (5 Mós 4:31). Miskunnsemi Drottins varir að eilífu, **1 Kro** 16:34. Gæfa og náð fylgja mér, **Sálm** 23:6. Sæll er sá, sem miskunnar sig yfir hina voluðu, **Okv** 14:21. Á miskunnsemi hef ég þóknun, en ekki á sláturförn, **Hós** 6:6.

Sælir eru miskunnsamir, því að þeim mun miskunnað verða, **Matt** 5:7 (3 Ne 12:7). Vei yður, hræsningar, sem greiðið tíund, en hirðið ekki um það, sem mikilvægast er í lögmálinu, réttlæti, miskunn og trúfesti, **Matt** 23:23. Verið miskunnsamir eins og faðir yðar er miskunnsamur, **Lúk** 6:36. Ekki vegna réttlætisverka okkar, heldur samkvæmt miskunn sinni, frelsaði hann oss, **Títus** 3:5.

Hin milda miskunn Drottins vakir yfir öllum, **1 Ne** 1:20. Miskunnsemin á engar kröfur til þess sem ekki iðrast, **Mósía** 2:38–39. Guð er öllum miskunnsamur, sem á nafn hans trúa, **Al** 32:22. Miskunnsemin getur fullnægt kröfum réttvísinnar, **Al** 34:16. Telur þú, að miskunnsemin geti rænt réttvísina, **Al** 42:25 (Al 42:13–25). Lítil börn eru lifandi í Kristi vegna miskunnar hans, **Moró** 8:19–20 (K&S 29:46).

Miskunnsamur armur Krists hefur

friðþægt fyrir syndir yðar, **K&S** 29:1. Í eigin nafni, í krafti þess blóðs sem ég hef úthellt hef ég ákallað föðurinn þeirra vegna, **K&S** 38:4. Þeir sem hafa haldið sáttmálann munu miskunn hljóta, **K&S** 54:6. Ég, Drottinn, fyrirgef syndir og er miskunnsamur þeim, sem með auðmjúku hjarta játa syndir sínar, **K&S** 61:2. Ég, Drottinn, er miskunnsamur öllum högværum, **K&S** 97:2. Hver, sem tekur á móti þér eins og lítið barn, tekur á móti ríki mínu, og mun miskunn hljóta, **K&S** 99:3.

Miskunn mun verða fyrir ásjónu þinni, **HDP Móse** 7:31.

Missouri. *Sjá* Nýja Jerúsalem

Míka

Spámaður Gamla testamentis. Hann bjó í Móreset Gað á sléttlendi Júdeu og spáði á þeim tíma sem Hiskía var konungur (Míka 1:1–2).

Bók Míka: Míka er eina bók Gamla testamentis sem tilgreinir Betlehem sem fæðingarstað Messíasar (Míka 5:2). Í bókinni eru ráðleggingar Drottins til þjóðar hans og greint frá velgjörningum hans á fyrri tíð; af þeim krefst hann réttlætis, miskunnsemi og mildi (Míka 6:8).

Míkael. *Sjá einnig* Adam; Erkiengill

Nafnið sem Adam bar í fortílverunni. Hann er kallaður erkiengillinn. Á Hebræsku táknar nafnið „Sem er Guði líkur.“

Míkael, einn af fremstu verndarenglum, kom Daníel til hjálpar, **Dan** 10:13, 21 (K&S 78:16). Á síðustu dögum mun Míkael, hinn mikli verndarengill, fram ganga, **Dan** 12:1.

Míkael, erkiengillinn átti í orðadeilu við djöfulinn, **Júd** 1:9. Míkael og englar hans fóru að berjast við drekkann, **Op** 12:7 (Dan 7).

Míkael er Adam, **K&S** 27:11 (K&S 107:53–57; 128:21). Míkael, erkiengill Drottins, mun þeyta básúnu sína, **K&S** 29:26. Míkael mun safna saman herjum sínum og berjast við Satan, **K&S** 88:112–115. Rödd Míkaels heyrðist er hann afhjúpaði djöfulinn, **K&S** 128:20.

Morð. *Sjá einnig* Dauðarefsing; Kain

Að drepa manneskju af ásetningi og óréttlætanlega. Morð er synd, forðæmd frá fyrstu tímum (1 Mós 4:1–12; HDP Móse 5:18–41).

Hver sem úthellir mannsblóði, hans blóði skal af manni úthellt verða, **1 Mós** 9:6 (ÞJS, 1 Mós 9:12–13; 2 Mós 21:12; Al 34:12). Þú skalt ekki morð fremja, **2 Mós** 20:13 (5 Mós 5:17; Matt 5:21–22; Mósía 13:21; K&S 59:6).

Jesús sagði, þú skalt ekki morð fremja, **Matt** 19:18. Morðingjar munu líða hinn annan dauða, **Op** 21:8.

Þér eruð morðingjar í hjörtum yðar, **1 Ne** 17:44. Vei sé morðingjanum, sem myrðir að yfirlögðu ráði, **2 Ne** 9:35. Guð hefur boðið svo, að menn skuli ekki morð fremja, **2 Ne** 26:32. Morð er Drottni viðurstygð, **Al** 39:5–6.

Sá sem morð fremur fær eigi fyrirgefningu, **K&S** 42:18. Hver sá sem morð fremur skal framseldur undir lög landsins, **K&S** 42:79.

Mormón, spámaður Nefíta. *Sjá einnig* Mormónsbók

Nefítaspámaður, hershöfðingi og skrásetjari í Mormónsbók. Mormón var uppi u.þ.b. 311–385 e.Kr. (Morm 1:2, 6; 6:5–6; 8:2–3). Hann var hershöfðingi mestan hluta ævinnar, byrjaði 15 vetra (Morm 2:1–2; 3:8–12; 5:1; 8:2–3). Ammaron bauð Mormón að búa sig undir að varðveita heimildirnar og skrá þær (Morm 1:2–5; 2:17–18). Eftir að hafa skráð sögu síns eigin tíma, gerði Mormón útdrátt úr hinum stærra töflum Nefís á töflur Mormóns. Síðar fól hann syni sínum, Moróni, þessar helgu skrár. Þessar töflur voru hluti þeirrar skrár sem Joseph Smith þýddi sem Mormónsbók.

Orð *Mormóns*: Lítil bók í Mormónsbók. Milli síðustu orða Amalekís í Omní og fyrstu orða bókar Mósía, bætti Mormón, sem ritstýrði öllu verkinu, inn þessu litla innskoti. (Sjá „Nokkrar skýringar á Mormónsbók“ fremst í Mormónsbók.)

Bók Mormóns: Aðskilin bók í því safni ritninga sem nefnist Mormónsbók.

Kapítular 1–2 segja frá Ammaron, spámanni Nefíta, sem leiðbeinir Mormón hvern og hvar hann fái töflurnar. Einnig að hinar miklu styrjaldir hófust og Nefítarnir þrír voru teknir á brott vegna siðspillingar þjóðarinnar. Kapítular 3–4 segja frá því er Mormón kallar þjóðina til iðrunar, en hún var tilfinningasljó og ranglæti var meira en nokkru sinni í sögu Ísraels. Kapítular 5–6 greina frá lokaorrustum Nefíta og Lamaníta. Mormón féll ásamt mest allri Nefítaþjóðinni. Í kapítula 7, rétt fyrir dauða sinn, hvetur Mormón fólk — þá og á komandi tímum — til að iðrast. Kapítular 8–9 greina frá því að sonur Mormóns, Moróni, var að lokum einn eftir. Hann skráði frásögn af lokaatburðum dauða og blóðbaðs og um leið endalokum Nefítaþjóðarinnar og skráði boðskap til komandi kynslóða og lesenda þessara frásagna.

Mormóni, Mormónar. *Sjá einnig* Kirkja Jesú Krists; Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Styttingin *Mormóni* varð til meðal fólks utan kirkjunnar og notað um meðlimi Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Nafnið er dregið af hinni helgu ritningu sem hinn forni spámaður Mormón dró saman og fékk heitið Mormónsbók. Nafnið sem Drottinn hefur gefið og meðlimir kirkjunnar skulu bera, er „hinir heilögu.“ Rétt nafn kirkjunnar er Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Mormónsbók. *Sjá einnig* Efraím — Stafur Efraíms eða Jósefs; Gulltöflur; Helgiritin; Joseph Smith yngri; Mormón, spámaður Nefíta; Ritningar; Töflur; Vitni um Mormónsbók

Eitt af fjórnum bindum ritninga sem viðurkennd eru af Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Hún er útdráttur fyrri tíma spámans sem hét Mormón úr heimildaskrám íbúa meginlanda Ameríku til forna. Bókin var rituð til að vitna um að Jesús er Kristur. Varðandi þessa heimildaskrá sagði

spámaðurinn Joseph Smith, sem þýddi bókina með gjöf og krafti Guðs: „Ég sagði bræðrunum, að Mormónsbók væri réttari en allar aðrar bækur á jörðinni og burðarsteinn trúar okkar og að maðurinn gæti komist nær Guði með því að fara eftir kenningum hennar, fremur en nokkurrar annarrar bókar“ (sjá Inngang fremst í Mormónsbók).

Mormónsbók er trúarleg frásögn af þremur hópum fólks sem fluttu búferlum frá gamla heiminum til meginlanda Ameríku. Hópana leiddu spámenn sem skráðu trúarlega og veraldlega sögu þeirra á málmstöflur. Mormónsbók greinir frá heimsókn Jesú Krists til þjóða Ameríku eftir upprisu hans. Tveggja alda tímabil friðar kom í kjölfar heimsóknarinnar.

Moróni, hinn síðasti spámaður og sagnaritari Nefíta, innsiglaði hinar stytta heimildir þessara þjóða og fól þær nálægt 421 e.Kr. Árið 1823 heim sótti Moróni, þá upprisin vera, Joseph Smith og afhenti honum síðar þessar fornu og helgu skrár til þýðingar og færði þannig heiminum annan vitnisburð um Jesús Krist.

Jósef er ungur aldinviður, greinar hans teygja sig upp fyrir múrinn, **1 Mós** 49:22–26. Trúfesti sprettur upp úr jörðinni, **Sálm** 85:12 (Morm 8:16; HDP Móse 7:62). Drottinn reisir hermerki fyrir fjarlæga þjóð og blístrar á hana, **Jes** 5:26. Rödd þín skal vera sem draugsrödd úr jörðinni, **Jes** 29:4 (2 Ne 26:14–17). Öll opinberun er yður sem orðin í innsiglaðri bók, **Jes** 29:11 (Jes 29:9–18; 2 Ne 27:6–26). Stafir Jósefs og Júda skulu renna í eitt í hendi Drottins, **Esek** 37:15–20.

Ég á líka aðra sauði sem eru ekki úr þessu sauðabyrgi, **Jóh** 10:16 (3 Ne 15:16–24).

Mormónsbók og Biblían munu vaxa saman, **2 Ne** 3:12–21. Orð Drottins mun berast til endimarka jarðarinnar, **2 Ne** 29:2. Drottinn gjörði sáttmála við Enos um að hann mundi koma Mormónsbók til Lamaníta, **Enos** 1:15–16. Mormónsbók var rituð í þeim tilgangi að við megun

trúa Biblíunni, **Morm** 7:9. Mormónsbók skal standa sem vitni gegn heiminum, **Et** 5:4. Spyrjið Guð hvort þetta sé ekki sannleikur, **Moró** 10:4.

Kristur vitnaði um að Mormónsbók er sönn, **K&S** 17:6. Mormónsbók geymir fyllingu fagnaðarerindis Jesú Krists, **K&S** 20:9 (K&S 20:8–12; 42:12).

Vér trúum að Mormónsbók sé orð Guðs, **TA** 1:8.

Moróni, hershöfðingi. *Sjá einnig* Frelsstákn

Í Mormónsbók, réttlátur herstjórnandi Nefíta sem uppi var um 100 f.Kr.

Moróni var yfirhershöfðingi allra herja Nefíta, **AI** 43:16–17. Moróni hvatti hermenn Nefíta til að berjast fyrir frelsi sínu, **AI** 43:48–50. Gjörði frelstákn úr þjötlu af kyrtli sínum, **AI** 46:12–13. Var maður Guðs, **AI** 48:11–18. Var reiður stjórninni vegna áhugaleysis hennar um frelsi landsins, **AI** 59:13.

Moróni, sonur Mormóns. *Sjá einnig* Mormón, spámaður Nefíta; Mormónsbók

Síðastur spámanna Nefíta í Mormónsbók (um 421 e.Kr.). Rétt fyrir dauða Mormóns, afhenti hann syni sínum, Moróni, heimildaskrá sem kallast töflur Mormóns (OMorm 1:1). Moróni lauk samantekt taflna Mormóns. Hann bætti 8. og 9. kaþítula við Bók Mormóns (Morm 8:1). Hann stytta Bók Eters og bætti henni við (Et 1:1–2) og einnig sinni eigin bók sem nefnist Bók Morónís (Moró 1). Moróni innsiglaði töflurnar og faldi þær í Kúmóra hæðinni (Morm 8:14; Moró 10:2). Árið 1823 var Moróni sendur sem upprisin vera til að afhjúpa Mormónsbók fyrir Joseph Smith (K&S 27:5; JS — S 1:30–42, 45). Hann leiðbeindi spámanninum unga á hverju ári frá 1823 til 1827 (JS — S 1:54) og afhenti honum að lokum töflurnar árið 1827 (JS — S 1:59). Eftir að hafa lokið þýðingunni afhenti Joseph Smith Moróni töflurnar aftur

Bók Morónís: Síðasta bókin í Mormónsbók. Hún var rituð af síðasta spámanni

Nefíta, Moróní. Kapítular 1–3 segja frá endanlegri eyðingu Nefíta, veita upplýsingu um hvernig veita skal heilagan anda og prestdæmið. Kapítular 4–5 segja nákvæmlega hvernig veita skal sakramentið. Kapítuli 6 fjallar um starf kirkjunnar í hnotskurn. Kapítular 7–8 eru prédikanir um frumreglur fagnaðararindisins, þar á meðal kennsla frá Mormón um trú, von og kærleika og hvernig greina má gott og illt (Moró 7) og útskýring Mormóns á að litil börn séu lifandi í Kristi og þarfnist ekki skírnar (Moró 8). Kapítuli 9 lýsir fólksuverkum Nefítaþjóðarinnar. Kapítuli 10 er loka-boðskapur Morónís og bendir á aðferðina til þess að fá að vita sannleiksgildi Mormónsbókar (Moró 10:3–5).

Morónía, sonur Morónís hershöfðingja

Réttlátur herstjórnandi Nefíta í Mormónsbók (um 60 f.Kr.).

Moróní fól syni sínum, Morónía, stjórn herjanna, **Al** 62:43. Náði aftur Sarahemlaborg, **He** 1:33. Fékk Nefíta til að iðrast og náði aftur stjórn yfir helmingi landsins, **He** 4:14–20.

Móab. Sjá einnig Lot

Land sem á tíma Gamla testamentis var staðsett austan við Dauðahafið. Móabítar voru afkomendur Lots og skyldir Ísraelitum. Mál þeirra líktist hebresku. Sífæld hernaðarátök voru milli Móabíta og Ísraelíta (Dóm 3:12–30; 11:17; 2 Sam 8:2; 2 Kon 3:6–27; 2 Kro 20:1–25; Jes 15).

Móðir. Sjá einnig Eva; Fjölskylda; Foreldrar

Helgur titill er vísar til konu sem fæðir eða ættleiðir börn. Mæður vinna að áætlan Guðs með því að sjá andabörnum Guðs fyrir jarðneskum líkómum.

Adam nefndi konu sína Evu, því að hún varð móðir allra, sem lifa, **1 Mós** 3:20 (HDP Móse 4:26). Heiðra skalt þú föður þinn og móður, **2 Mós** 20:12 (Ef 6:1–3; Mósía 13:20). Hafna eigi viðvörum móður þinnar, **Okv** 1:8. Heimskur

maður fyrirlítur móður sína, **Okv** 15:20 (Okv 10:1). Fyrirlít ekki móður þína þótt hún sé orðin gömul, **Okv** 23:22. Synir hennar ganga fram og segja hana sæla, maður hennar gengur fram og hrósar henni, **Okv** 31:28.

Móðir Jesú stóð við krossinn, **Jóh** 19:25–27.

Lamanítaungliðarnir tvö þúsund höfðu hlotið leiðsögn mæðra sinna, **Al** 56:47 (Al 57:21).

Hin dýrðlega móðir okkar, Eva, var meðal hinna miklu og máttugu sem Drottinn leiðbeindi í andaheiminum, **K&S** 138:38–39.

Móse. Sjá einnig Aron, bróðir Móse; Boðorðin tíu; Mósebækurnar; Móselögmál; Ummyndun — Ummyndun Krists

Spámaður Gamla testamentis, sem leiddi Ísraelsmenn úr ánaud Egypta og gaf þeim lögmál um trúarsíði, félagslega hegðun og mataræði eins og opinberað var af Guði.

Andleg þjónusta Móse náði út fyrir jarðneskt æviskeið hans. Joseph Smith sagði að Móse hefði komið ásamt Elía á ummyndunarfallið og veitt Pétri, Jakob og Jóhannesi prestdæmislykla (Matt 17:3–4; Mark 9:4–9; Lúk 9:30; K&S 63:21).

Móse birtist Joseph Smith og Oliver Cowdery 3. apríl 1836 í Kirtland-musterinu í Ohio og veitti þeim lykla að samansöfnun Ísraels (K&S 110:11).

Síðari daga opinberun segir margt um Móse. Hans er víða getið í Mormónsbók og Kenning og sáttmálar segja frá andlegri þjónustu hans (K&S 84:20–26) og að hann meðtók prestdæmið frá tengdaföður sínum Jetró (K&S 84:6).

Síðari daga opinberun staðfestir einnig frásögu Biblíunnar af andlegri þjónustu hans meðal Ísraelsmanna og staðfestir að hann var höfundur fimm fremstu bóka Gamla testamentis (1 Ne 5:11; HDP Móse 1:40–41).

Var bjargað af dóttur Faraós, **2 Mós** 2:1–10. Flyði til Midíanslands, **2 Mós** 2:11–22. Engill Drottins birtist honum í

brennandi runna, **2 Mós** 3:1–15. Boðaði plágur sem koma mundu yfir Egypta, **2 Mós** 7–11. Drottinn innleiddi páska-hátíðina, **2 Mós** 12:1–30. Leiddi Ísraelsmenn yfir Rauðahafið, **2 Mós** 14:5–31. Drottinn gaf manna í eyðimörkinni, **2 Mós** 16. Laust klettinn við Hóreb og vatn spratt fram, **2 Mós** 17:1–7. Aron og Húr héldu uppi höndum hans svo að Jósúa sigraði Amalekíta, **2 Mós** 17:8–16. Jetró gaf honum ráð, **2 Mós** 18:13–26. Þjó þjóðina undir það að Drottinn birtist á Sínaíffalli, **2 Mós** 19. Drottinn opinberaði honum boðorðin tíu, **2 Mós** 20:1–17. Móse ásamt sjötíu öldungum sáu Guð, **2 Mós** 24:9–11. Braut sáttmálstöflurnar og gullkálfinn, **2 Mós** 32:19–20. Ræddi við Guð augliti til auglitis, **2 Mós** 33:9–11.

Birtist við ummyndun Jesú, **Matt** 17:1–13 (**Mark** 9:2–13; **Lúk** 9:28–36).

Verum sterkir sem Móse, **1 Ne** 4:2. Kristur er spámaðurinn, Móse líkur, sem Drottinn mundi vekja upp, **1 Ne** 22:20–21 (**5 Mós** 18:15; **3 Ne** 20:23).

Leiddi Ísrael með opinberun, **K&S** 8:3. Sást meðal hinna miklu anda, **K&S** 138:41.

Sá Guð augliti til auglitis, **HDP Móse** 1:2, 31. Var í líkingu hins eingetna, **HDP Móse** 1:6, 13. Skyldi rita það sem honum var opinberað varðandi sköpunina, **HDP Móse** 2:1.

Bók Móse: Bók í Hinni dýrmaetu perlu sem hefur að geyma innblásna þýðingu Josephs Smith af sjö fyrstu kapitulum Fyrstu Mósebókar.

Kapítuli 1 segir frá sýn er Móse sá Guð, sem opinberaði honum alla sáluhjálparætlunina. Kapítular 2–5 eru frásögn af sköpuninni og falli mannsins. Kapítular 6–7 hafa að geyma sýn varðandi Enok og andlega þjónustu hans á jörðu. Kapítuli 8 geymir sýn um Nóa og flóðið mikla.

Mósebækurnar fimm: Sjá Genesis (Fyrsta Mósebók); Exodus (Önnur Mósebók); Leviticus (Þriðja Mósebók); Numeri (Fjórða Mósebók); Devteronomium (Fimmta Mósebók)

Fyrstu fimm bækur Gamla testamentis

eru þekktar sem Mósebækurnar. Látúnsplöturnar sem Nefi tók frá Laban innihéldu Mósebækurnar (1 **Ne** 5:11).

Nefi las margt sem ritað er í Mósebókunum, **1 Ne** 19:23.

Mósebækurnar. Sjá einnig

Devteronomium (Fimmta Mósebók); Exodus (Önnur Mósebók); Gamla testamentið; Genesis (Fyrsta Mósebók); Leviticus (Þriðja Mósebók); Móse; Numeri (Fjórða Mósebók)

Sameiginlegt heiti fyrstu fimm bóka Gamla testamentis — Genesis, Exodus, Leviticus, Numeri og Devteronomium. Gyðingar kalla þessar bækur Tóra eða lögmál Ísraels. Þær voru ritaðar af Móse (1 **Ne** 5:10–11).

Móselögmál. Sjá einnig Aronsprest-dæmið; Hreint og óhreint; Lögmál; Móse

Guð gaf Ísraelsmönnum með Móse lögmál í stað æðra lögmáls sem þeim hafði ekki tekist að halda (2 **Mós** 34; **ÞJS**, 2 **Mós** 34:1–2; **ÞJS**, 5 **Mós** 10:2 [Viðauki]). Móselögmál samanstóð af mörgum lögmálum, reglum, helgiathöfnum, trúarsíðum og táknum til að minna þjóðina á skyldur sínar og ábyrgð. Í því voru lögmál siðferðilegs, siðræns, trúarlegs og líkamlegs eðlis ásamt framkvæmd — þar á meðal fórnun (3 **Mós** 1–7) — sem höfðu þann tilgang að minna þá á Guð og skyldur þeirra við hann (Mósía 13:30). Trú, iðrun, niðurdýfingarskirn og fyrirgefning synda voru hluti lögmálsins eins og boðorðin tíu og mörg önnur boð sem hafa mikið siðferðilegt og siðrænt gildi. Mikill hluti hátíðasiðanna uppfylltust við dauða og upprisu Jesú Krists, sem batt enda á fórnir með úthellingu blóðs (Al 34:13–14). Lögmálinu var stjórnað með Aronsprest-dæminu og það var undirbúnings fagnaðareriendi til þess að leiða þá sem því fylgja til Krists.

Ég mun gefa þeim lögmál eins og áður, en það mun verða lögmál holdlegra boðorða, **ÞJS**, 2 **Mós** 34:1–2.

Þannig hefur lögmálið orðið tyftari vor, þangað til Kristur kom, **Gal** 3:19–24.

Vér höldum lögmál Móse og væntum staðföst komu Krists, **2 Ne** 25:24–30. Sáluhjálp fæst ekki með Mósélögmáli einu saman, **Mósía** 12:27–13:32. Í mér uppfyllist lögmál Móse, **3 Ne** 9:17. Lögmálið sem Móse var gefið er uppfyllt í mér, **3 Ne** 15:1–10.

Vegna óhlýðni tók Drottinn Móse og hið heilaga prestdæmi frá Ísraelsmönnum; eftir var skilið lögmál holdlegra boðorða, **K&S** 84:23–27.

Mósía, faðir Benjamíns. *Sjá einnig* Benjamín, faðir Mósía; Sarahemla

Í Mormónsbók, spámaður Nefíta sem var tekinn til konungs yfir þjóð Sarahemla.

Mósía fékk viðvörun um að flýja úr landi Nefis, **Om** 1:12. Hann fann þjóð Sarahemla, **Om** 1:14–15. Hann lét kenna þjóð Sarahemla sína eigin tungu, **Om** 1:18. Hann var útnefndur konungur beggja þjóðanna, **Om** 1:19. Sonur hans, Benjamín, ríkti eftir hans dag, **Om** 1:23.

Mósía, sonur Benjamíns. *Sjá einnig* Benjamín, faðir Mósía; Mósía, synir hans

Réttlátur konungur Nefíta og spámaður í Mormónsbók. Mósía fylgdi í fótspor réttláts föður síns (Mósía 6:4–7). Hann þýddi gulltöflurnar tuttugu og fjórar, heimildaskrá Jaredíta (Mósía 28:17).

Bók Mósía: Bók í Mormónsbók. Kapítular 1–6 geyma kraftmikla prédikun Benjamíns konungs til þjóðar sinnar. Andi Drottins snart hjörtu þeirra og fólkíð snerist til trúar og fann ekki til löngunar til að gjöra rangt. Kapítular 7–8 segja frá hópi Nefíta sem tekið höfðu sér setu í landi Lamaníta. Leitarflokkur var sendur til að leita þeirra. Ammon, foringi leitarflokksins, fann þá og kynntist sögu þeirra undir áþján Lamaníta. Kapítular 9–24 lýsa áþjáninni og hvernig leiðtogar þeirra — Seníff, Nóa og Limí — lifðu undir yfirráðum Lamaníta. Einnig

er sagt frá píslarvætti spámannsins Abinadí. Alma snerist til trúar við réttarhöldin yfir Abinadí. Kapítular 25–28 segja söguna af því hvernig sonur Alma og fjórir synir Mósía konungs snerust til trúar. Í kapítula 29 leggur Mósía til að kerfi dómara taki við af konungunum. Alma sonur Alma var kjörinn fyrsti yfirdómarinn.

Mósía, synir hans. *Sjá einnig* Ammon, sonur Mósía; Aron, sonur Mósía; Himní; Mósía, sonur Benjamíns; Omner

Í Mormónsbók, fjórir synir Mósía konungs, sem snerust til trúar eftir að engill birtist þeim og kallaði þá til iðrunar. Nöfn þeirra voru Ammon, Aron, Omner og Himní (Mósía 27:34). Þeir boðuðu Lamanítum trú með miklum árangri í 14 ár. Frásögn af þjónustu þeirra meðal Lamaníta er að finna í bók Alma, 17. til 26. kapítula.

Áður höfðu þeir verið andstæðingar trúarinnar sem reyndu að eyðileggja kirkjuna, **Mósía** 27:8–10 (Al 36:6). Þeir fengu áminningu frá engli og iðruðust, **Mósía** 27:11–12, 18–20. Þeir fengu leyfi til að prédika meðal Lamaníta, **Mósía** 28:1–7.

Mótlæti. *Sjá* Andstreymi

Munúðarfullur, munúð. *Sjá einnig* Hórdómur; Hreinlífi; Kynferðislegt siðleysi; Losti; Saurlifnaður

Dálæti á eða þrá eftir syndsamlegu líkamlegu sællífi, einkum siðlausu kynlífi.

Kona húsbónda Jósefs fékk augastað á honum, **1 Mós** 39:7.

Hver sem horfir á konu í girndarhug drýgir hór, **Matt** 5:28 (3 Ne 12:28). Haldið yður frá holdlegum girndum, sem heyja stríð gegn sálunni, **1 Pét** 2:11. Fýsn holdsins og fýsn augnanna eru ekki frá föðurnum, **1 Jóh** 2:16.

Hættu að eltast við það sem augu þín girnast, **Al** 39:9.

Með broti á heilögum lögmálum varð maðurinn munúðarfullur, **K&S** 20:20.

Hver sem drýgir hór í hjarta sínu, mun ekki hafa andann, **K&S** 63:16. Látið af öllum lostafullum þrám, **K&S** 88:121.

Menn tóku að verða holdlegir, mun-úðarfullir og djöfullegir, **HDP Móse** 5:13 (Mósía 16:3; **HDP Móse** 6:49).

Mustarðskorn

Fræ mustarðsjurtarinnar. Þótt fræ sé mjög smátt getur hæð plöntunnar sem upp af því vex orðið mjög mikil. Jesús líkti himnaríki við mustarðskorn (**Matt** 13:31).

Ef þér hafið trú eins og mustarðskorn, getið þér flutt fjöll, **Matt** 17:20.

Musteri, hús Drottins. *Sjá einnig* Helgiathafnir; Hið allra helgasta; Musterisgjöf; Tjaldbúð

Bókstaflega hús Drottins. Drottinn hefur alltaf boðið þjóð sinni að reisa musteri, helgar byggingar þar sem verðugir heilagir framkvæma guðsþjónustu og helgiathafnir fagnaðarerindisins fyrir sjálfa sig og hina dánú. Drottinn vitjar mustera sinna og þau eru helgust allra tilbeiðslustaða.

Tjaldbúðin sem Móse og Ísraelsbörn reistu var færanleg. Ísraelítar notuðu hana í þjóðflutningnum frá Egyptalandi.

Þekktasta musterið í Gamla testamentinu er musterið sem Salómon lét reisa í Jerúsalem (2 Kro 2–5). Það var eyðilaggt um 587 f.Kr. af Babýloníumönnum en var endurbyggt af Serúbabel 70 árum síðar (Esra 1–6). Hluti þess musters var brenndur árið 37 f.Kr. en Heródes mikli endurbyggði það síðar. Rómverjar eyðilögðu musterið árið 70 e.Kr.

Í Mormónsbók fengu réttlátir fylgjendur Guðs fyrirmæli um að byggja musteri og iðka þar trú sína (2 Ne 5:16; Mósia 1:18; 3 Ne 11:1). Bygging og rétt notkun mustera er á öllum ráðstöfunartímum merki um hina sönnu kirkju, þar með talda endurreista kirkju okkar daga. Kirtland musterið var fyrsta musterið byggt og helgað Drottni á þessum ráðstöfunartíma. Frá þeim tíma hafa mörg musteri verið vígð í mörgum löndum um heim allan.

Hver fær að dveljast á hans helga stað, **Sálm** 24:3–5. Komið til húss Guðs Jakobs, **Jes** 2:2–3 (Míka 4:1–2; 2 Ne 12:2–3). Drottinn kemur bráðlega til mustersins, **Mal** 3:1 (3 Ne 24:1; **K&S** 36:8; 42:36).

Jesús hreinsaði musterið, **Matt** 21:12–16 (**Mark** 11:15–18; **Lúk** 19:45–48).

Hinum heilögu var boðið að reisa musteri í Missouri, **K&S** 57:3 (**K&S** 84:3–5). Stofnið hús Guðs, **K&S** 88:119 (**K&S** 109:8). Drottinn ávitaði hina heilögu fyrir að vanrækja að byggja musteri, **K&S** 95:1–12. Ég mun ekki koma inn í vanhelguð musteri, **K&S** 97:15–17. Ég hef veitt þessu húsi viðtöku og nafn mitt skal vera hér, **K&S** 110:7–8. Fólk mínu er ætíð boðið að reisa heilögu nafni mínu hús, **K&S** 124:39. Hið mikla verk sem unnið skal í musturunum felur í sér innsigliun barna til foreldra sinna, **K&S** 138:47–48. Hið mikla verk síðari daga felur í sér byggingu mustera, **K&S** 138:53–54.

Musterið í Kirtland, Ohio (USA)

Fyrsta musterið byggt af kirkjunni nú á tímum. Hinir heilögu byggðu það í Kirtland, eftir boði Drottins (**K&S** 94:3–9). Tilgangurinn var m. a. að hafa stað þar sem verðugir meðlimir kirkjunnar gætu öðlast andlegan kraft, vald og fræðslu (**K&S** 109–110). Það var vígt 27. mars 1836; vígslubænin var gefin spámanninum Joseph Smith með opinberun (**K&S** 109). Drottinn gaf nokkrar mikilvægar opinberanir og veitti á ný nauðsynlega prestdæmislykla í þessu musteri (**K&S** 110; 137). Það var ekki notað til fullra helgiathafna sem nú eru framkvæmdar í musturum.

Musterisgjöf. *Sjá einnig* Musteri, hús Drottins

Í almennum skilningi, gjöf eða kraftur frá Guði. Verðugir meðlimir kirkjunnar geta fengið kraft að gjöf með helgiathöfnum mustersins, sem færa þeim leiðsögn og sáttmála hins helga prestdæmis, sem þeim eru nauðsynleg til upphafningar. Musterisgjöfin hefur að geyma fræðslu varðandi sáluhjálparætlunina.

Þar mun yður veitast kraftur frá upphæðum, **K&S** 38:32, 38 (Lúk 24:49; **K&S** 43:16). Byggið hús, en í því húsi hyggst ég veita þeim, sem ég hef útvalið, kraft frá upphæðum, **K&S** 95:8. Ég hef fyrirbúið mikla gjöf og blessun, **K&S** 105:12, 18, 33. Margir skulu fagna ákaft yfir þeim blessunum og þeirri gjöf sem þjónum mínum hefur verið veitt, **K&S** 110:9. Dýrð, heiður og gjöf eru vígð með helgiathöfn í heilögu húsi mínu, **K&S** 124:39. Þeim sem kallaðir eru af föðurnum, eins og Aron, eru veittir lykjar að valdi prestdæmisins, **K&S** 132:59.

Musterishjónaband. *Sjá* Giftast

Múlek. *Sjá* einnig Sedekía

Í Gamla testamenti, sonur Sedekía konungs (um 589 f.Kr.). Biblían greinir frá því að allir synir Sedekía hafi verið drepnir (2 Kon 25:7), en Mormónsbók greinir frá því að Múlek hafi komist af (He 8:21).

Sarahemla var afkomandi Múleks, **Mósía** 25:2. Þjóð Múleks sameinaðist Nefítum, **Mósía** 25:13. Drottinn leiddi Múlek inn í landið í norðri, **He** 6:10. Allir synir Sedekía voru drepnir, nema Múlek, **He** 8:21.

Myrkur, andlegt. *Sjá* einnig Ranglátur, ranglæti

Ranglæti eða vanþekking um andlega hluti.

Vei þeim sem gjöra myrkur að ljósi, **Jes** 5:20 (2 Ne 15:20). Myrkur grúfir yfir jörðinni og sorti yfir þjóðinni, **Jes** 60:2.

Jesús lýsir þeim sem sitja í myrkri, **Lúk** 1:79. Ljósíð skín í myrkrinu, og myrkið tók ekki við því, **Jóh** 1:5 (**K&S** 45:7). Leggjum af verk myrkursins og klæðumst hertygjum ljóssins, **Róm** 13:12. Eigið engan þátt í verkom myrkursins, **Ef** 5:8–11.

Vegna þess að þér spyrjið ekki, eruð þér ekki leiddir inn í ljósið, heldur hljótið að farast í myrkri, **2 Ne** 32:4. Satan útbreiðir verk myrkursins, **He** 6:28–31.

Vald myrkursins ríkir á jörðunni, **K&S** 38:8, 11–12. Allur heimurinn stynur

undan myrkrinu og undan fjöðrum syndarinnar, **K&S** 84:49–54. Sé auglit yðar einbeitt á dýrð mína skal ekkert myrkur í yður búa, **K&S** 88:67.

Þannig urðu myrkraverkin ráðandi meðal allra mannanna sona, **HDP Móse** 5:55.

Myrkur, hið ysta. *Sjá* Dauði, andlegur; Djöfull; Glötunarsynirnir; Helja

Mögla. *Sjá* einnig Uppreisn

Að finna að og kvarta undan markmiðum Guðs, fyrirætlanum eða þjónum hans.

Ísraelsmenn möglaðu gegn Móse, **2 Mós** 15:23–16:3.

Kurr kom upp meðal Gyðinga út af því sem Jesús sagði, **Jóh** 6:41.

Laman og Lemúel möglaðu út af mörgu, **1 Ne** 2:11–12 (1 Ne 3:31; 17:17).

Kvarta ekki vegna þess, sem þú hefur ekki séð, **K&S** 25:4.

Naaman. *Sjá* einnig Elísa

Í Gamla testamenti, foringi í her Sýrlandskonungs. Hann var holdsveikur. Vegna trúar ísraelskrar þjónustustúlku fór hann til Ísrael á fund spámansins Elísa. Hann læknaðist af holdsveikinni með því að auðmýkja sig og baða sig sjö sinnum í ánni Jórdan, eins og Elísa spámaður mælti fyrir um (2 Kon 5:1–19; Lúk 4:27).

Nafn kirkjunnar. *Sjá* Kirkja, nafn hennar; Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Naftalí. *Sjá* einnig Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Hinn sjötti af tólf sonum Jakobs og annað barn Bílu, ambáttar Rakelar (1 Mós 30:7–8). Naftalí eignaðist fjóra syni (1 Kro 7:13).

Ættkvísl Naftalís: Blessun Jakobs til Naftalís er skráð í 1. Mósebók 49:21. Blessun Móse yfir ættkvíslinni er í 5. Mósebók 33:23.

Nahúm

Spámaður frá Galíleu í Gamla testamenti. Hann skráði spádóma sína einhvern tíma milli 642 og 606 f.Kr.

Bók Nahúms: Fyrsti kapituli ræðir um hvernig jörðin brennur við síðari komu Krists og um miskunn Drottins og vald. Annar kapituli segir frá eyðingu Níníve, sem er forspá þess sem gerast mun á síðari dögum. Þriðji kapituli heldur áfram frásögn um ömurlega tortímingu Níníve.

Naomí. Sjá einnig Rut

Í Gamla testamenti, réttvís kona og eiginkona Elímeleks (Rut 1–4). Vegna hungursneyðar héldu Elímelek og Naomí með fjölskyldu sína til Móablands. Eftir að Elímelek og synir þeirra tveir létust, hvarf Naomí aftur til Betlehem ásamt tengdadótturinni Rut.

Nasaret. Sjá einnig Jesús Krístur

Þorp inni á milli fjallanna vestan við Galíleuvatn. Þar átti Jesús heima framan af ævinni (Matt 2:23). Jesús kenndi í samkunduhúsinu í Nasaret og lýsti yfir að hann uppfyllti spádóminn í Jesaja 61:1–2 (Matt 13:54–58; Mark 6:1–6; Lúk 4:16–30).

Natan. Sjá einnig Davíð

Spámaður Gamla testamentis á tímum Davíðs konungs. Þegar Davíð bauðst til að byggja Drottnei musteri, bauð Drottinn Natan að segja Davíð að hann ætti ekki að byggja það. Natan ávitaði einnig Davíð fyrir að vera valdur að dauða Úría, eins hermanna sinna, og fyrir að taka eiginkonu Úría, Batsebu (2 Sam 12:1–15; K&S 132:38–39). Sadok, ásamt Natan, smurði Salómon, son Davíðs, til konungs (1 Kon 1:38–39, 45).

Natanael. Sjá einnig Bartólómeus

Postuli Krists og vinur Filippusar í Nýja testamenti (Jóh 1:45–51). Hann kom frá Kana í Galíleu (Jóh 21:2). Krístur sagði að Natanael væri sannur Ísraélíti, sem engin svik væru í (Jóh 1:47). Almennt er talið að hann og Bartólómeus

seu einn og sami maðurinn (Matt 10:3; Mark 3:18; Lúk 6:14; Jóh 1:43–45).

Nauvoo, Illinois (Bandar.)

Borg stofnsett af Síðari daga heilögum 1839 í Illinoisfylki. Hún er staðsett við Mississippi-fljótið, um 320 kílómetrum ofar við ána en St. Louis.

Vegna ofsókna í Missourifylki fluttu hinir heilögu sig um 320 kílómetra í norðausturátt, yfir Mississippi-fljótið og inn í Illinois, þar sem þeir fundu hentugri aðstæður. Síðar keyptu hinir heilögu landssvæði nálægt Commerce, sem var óskipulögð borg. Í rauninni var um eyðilegar fenjar að ræða og fáeinar einfaldar byggingar. Hinir heilögu ræstu fram landið og komu upp heimilum. Joseph Smith flutti með fjölskyldu sína í lítið bjálkahús. Nafni borgarinnar var breitt úr Commerce í Nauvoo, hebreskt orð sem þýðir „fögur.“

Nokkrir kaflar Kenningar og sáttmála voru skráðir í Nauvoo (K&S 124–129; 132; 135). Hinum heilögu var boðið að byggja musteri í Nauvoo (K&S 124:26–27). Þeir byggðu musterið og skipulögðu stíkur í Sion áður en þeir voru hraktir frá heimilum sínum árið 1846. Vegna þessara ofsókna hurfu hinir heilögu á brott af þessum slóðum og héldu í vestur.

Náð. Sjá einnig Friðþægja, friðþæging;

Jesús Krístur; Miskunnssamur, miskunnsemi; Sáluhjálp, hjálpræði

Kraftur frá Guði sem gerir mönnum kleift að öðlast blessanir í þessu lífi og eilíft líf og upphafningu eftir að þeir hafa ástundað trú, iðrast og gjört sitt ýtrasta til að halda boðorð Guðs. Slík guðleg hjálp eða styrkur fæst vegna miskunnar og kærleiks Guðs. Sérhver dauðlegur maður þarfnast guðlegrar náðar vegna falls Adams og einnig vegna veikleika mannsins.

Náðin og sannleikurinn kom fyrir Jesú Kríst, Jóh 1:17. Fyrir náð Krists verðum við hólpín, Post 15:11 (Róm 3:23–24; K&S 138:14). Fyrir trú höfum vér aðgang að náð hans, Róm 5:2. Af náð eruð þér hólpnir orðnir fyrir trú, Ef

2:8. Náð Guðs færir sáluhjál, **Títus** 2:11. Göngum með djörfung að háseti náð-arinnar, **Hebr** 4:16. Auðmjúkum veitir Guð náð, **1 Pét** 5:5.

Ekkert hold getur dvalist í návist Guðs, nema fyrir verðleika, miskunn og náð heilags Messíasar, **2 Ne** 2:8. Einnungis í og fyrir Guðs náð frelsist þér, **2 Ne** 10:24. Vér frelstum fyrir náð að afloknu öllu, sem vér getum gjört, **2 Ne** 25:23. Það er fyrir náð að vér höfum vald til að gjöra slíkt, **Jakob** 4:7. Með náð verða menn reistir til náðar, samkvæmt verkum sínum, **He** 12:24. Náð mín nægir öllum hinum bljúgu og öllum þeim sem auðmýkja sig, **Et** 12:26–27. Moróni bað þess að Þjóðunum yrði veitt náð svo þær mættu öðlast kærleik, **Et** 12:36, 41. Fyrir náð Guðs eruð þér fullkomnaðir í Kristi, **Moró** 10:32–33.

Jesús öðlaðist náð á náð ofan, **K&S** 93:12–13, 20.

Nebúkadnesar. *Sjá einnig* Babel, Babýlon; Daníel

Í Gamla testamenti, konungur Babýloníu (604–561 f.Kr.) sem sigraði Júdeu (2 Kon 24:1–4) og sat um Jerúsalem (2 Kon 24:10–11). Spámanninum Lehi var boðið að flýja Jerúsalem um 600 f.Kr. til að komast hjá að verða herleiddur til Babýloníu (1 Ne 1:4–13) þegar Nebúkadnesar flutti á brott Sedekía konung og þjóðina (2 Kon 25:1, 8–16, 20–22). Daníel réð drauma Nebúkadnesars (Dan 2; 4).

Nefí, sonur Helamans. *Sjá einnig* Helaman, sonur Helamans; Lehi, trúboði Nefíta

Í Mormónsbók, mikill spámaður Nefíta og trúboði.

Hann var eldri sonur Helamans, **He** 3:21. Var tilnefndur yfirdómari, **He** 3:37. Hann og bróðir hans Lehi sneru mörgum Lamanítum til fagnaðarerindisins, **He** 5:18–19. Var umkringdur eldi og leystur úr fangelsi, **He** 5:20–52. Baðst fyrir í garðturni sínum, **He** 7:6–10. Upplýsti að yfirdómariinn hefði verið myrtur, **He** 8:25–28; 9:1–38. Var veitt mikið vald frá Drottni, **He** 10:3–11. Bað Drottin um

hungursneyð og að endir yrði á hana bundinn, **He** 11:3–18.

Nefí, sonur Lehís. *Sjá einnig* Lehi, faðir Nefís; Nefítar

Í Mormónsbók, réttlátur sonur Lehís og Saríu (1 Ne 1:1–4; 2:5). Nefí átti sterka trú á orð Guðs (1 Ne 3:7) og varð mikill spámaður, sagnaritari og leiðtogi þjóðar sinnar.

Var hlýðinn og baðst fyrir í trú, **1 Ne** 2:16. Hvarf aftur til Jerúsalem til að ná látunstöflunum, **1 Ne** 3–4. Hvarf enn til Jerúsalem til að færa fjölskyldu Ísmæls út í óbyggðirnar, **1 Ne** 7. Sá sömu sýn og Lehi hafði séð, **1 Ne** 10:17–22; 11. Sá í sýn framtíð þjóðar sinnar og endurreisn fagnaðarerindisins, **1 Ne** 12–13. Útskýrði sýnina um lífsins tré, **1 Ne** 15:21–36. Braut boga sinn en fyrir trú gat hann aflað matar, **1 Ne** 16:18–32. Smíðaði skip og ferðaðist til fyrirheitna landsins, **1 Ne** 17–18. Nefítar og Lamanítar skildust að, **2 Ne** 5. Flutti lokavitnisburð sinn, **2 Ne** 33.

Fyrsta bók Nefís: Kapítular 1–18:8 fjalla mest um spámanninn Lehi og fjölskyldu hans er þau yfirgefa Jerúsalem. Þau ferðast um hnjóstugar eyðimerkur uns þau ná til sjávar. 1 Nefí 18:9–23 segir frá ferð þeirra til fyrirheitins lands, svo sem Drottinn hafði boðið, þrátt fyrir uppreisn Lamans og Lemúels. Kapítular 19–22 segja frá tilgangi Nefís með því að rita heimildaskrár (1 Ne 6; 19:18) — til þess að sannfæra alla um mikilvægi þess að minnast Drottins lausnara síns. Hann vitnaði í Jesaja (1 Ne 20–21) og útskýrði boðskap Jesaja í þeirri von að allir mættu fá að vita að Jesús Kristur er frelsari þeirra og lausnari (1 Ne 22:12).

Önnur bók Nefís: Kapítular 1–4 geyma nokkrar af síðustu kenningum og spádómum Lehís fram að dauða hans, þar á meðal blessanir hans til sona sinna og afkomenda þeirra. Kapítuli 5 útskýrir hvers vegna Nefítar aðgreindu sig frá Lamanítum. Nefítarnir reistu musteri, kenndu lögmál Móse og héldu heimildaskrár. Kapítular 6–10 geyma orð Jakobs,

yngrri bróður Nefís. Jakob rifjaði upp sögu Júda og spáði um Messías og var sumt af því úr ritum Jesaja. Í kápítulum 11–33 skráði Nefí vitnisburð sinn um Krist, vitnisburð Jakobs, spádóma um síðustu daga og nokkra kápítula úr bók Jesaja í Gamla testamentinu.

Plötur Nefís: Sjá Töflur

Nefí, sonur Nefís, sonar Helamans.

Sjá einnig Lærisveinn; Nefí, sonur Helamans

Í Mormónsbók, einn tólf Nefítalærisveina sem Kristur upprisinn valdi (3 Ne 1:2–3; 19:4). Þessi spámaður bað máttugra bæna til Drottins vegna þjóðar sinnar. Nefí heyrði rödd Drottins (3 Ne 1:11–14). Nefí fékk einnig heimsókn engla, stökkki út djöflum, reisti bróður sinn upp frá dauðum og bar vitnisburð sem eigi varð véfengdur (3 Ne 7:15–19; 19:4). Nefí skráði trúarlegar heimildir (3 Ne 1:2–3).

Þriðji Nefí — Bók Nefís: Bók rituð af Nefí, syni Nefís, í Mormónsbók. Kápítular 1–10 sýna uppfyllingu spádómanna um komu Krists. Táknið um komu Krists var gefið; fólk iðraðist; en síðar sneri það aftur til ranglætis. Að lokum boðuðu fellibyljir, jarðskjálftar, stríðir stormar og mikil eyðilegging dauða Krists. Kápítular 11–28 greina frá komu Krists til Ameríku. Þetta er kjarninn í Þriðju bók Nefís. Margt af orðum Krists er samsvarandi ræðum hans sem skráðar eru í Bibliunni (til dæmis Matt 5–7 og 3 Ne 12–14). Kápítular 29–30 eru orð Mormóns til síðari tíma þjóða.

Fjórdi Nefí — Bók Nefís: Í bókinni eru einungis fjórutíu og níu vers, öll í einum kápítula, en samt fjallar hún um nærri þrjú hundruð ár af sögu Nefíta (34–321 e.Kr.). Nokkrar kynslóðir ritara, þar með talinn Nefí, lögðu til efni í bókina. Vers 1–19 segja frá því að eftir heimsókn Krists snerust allir Nefítar og Lamanítar til trúar á fagnaðarerindið. Friður, kærleikur og eining ríkti. Nefítalærisveinarnir þrír, sem Kristur hafði leyft að dvelja á jörðu fram að síðari komu hans (3 Ne 28:4–9), veittu þjóðinni andlega

þjónustu. Nefí afhenti Amosi syni sínum heimildirnar. Vers 19–47 eru frásögn af þjónustu Amosar (84 ár) og sonar hans Amosar (112 ár). Um 201 e.Kr. tók hroki að valda vandamálum meðal þjóðarinnar, sem skiptist í stéttir og upp komu falskar kirkjur, reknar í ábataskyni (4 Ne 1:24–34).

Lokavers 4 Nefí sýna að þjóðin hafði snúið aftur til ranglætis (4 Ne 1:35–49). Árið 305 e.Kr. dó Amos sonur Amosar og bróðir hans Amaron faldi allar heimildaskrárnar til öryggis. Síðar fól Amaron heimildirnar Mormón í hendur, sem skráði marga atburði frá sínu eigin æviskeiði og stytta þær síðan (Morm 1:2–4).

Nefítar. *Sjá einnig* Lamanítar; Mormónsbók; Nefí, sonur Lehís

Flokkur manna í Mormónsbók og voru margir þeirra afkomendur spámannsins Nefís sem var sonur Lehís. Þeir aðgreindu sig frá Lamanítum og voru yfirleitt réttlátari en Lamanítar. Þeim var þó að lokum útrýmt af Lamanítum vegna ranglætis.

Nefítar aðgreindust frá Lamanítum, **2 Ne** 5:5–17. Allir þeir sem ekki voru Lamanítar töldust Nefítar, **Jakob** 1:13. Nefítar fylgdu betri málstað, **Al** 43:6–9, 45. Nefítar voru aldrei hamingjuríkari en á tímum Morónis, **Al** 50:23. Nefítum var bjargað vegna bæna hinna réttlátu, **Al** 62:40. Nefítum tók að hnigna í trúleysi, **He** 6:34–35. Jesús kenndi og þjónaði meðal Nefíta, **3 Ne** 11:1–28:12. Allir snerust til trúar á Drottin og áttu allt sameiginlega, **4 Ne** 1:2–3. Engar deilur urðu, kærleikur Guðs bjó í hjörtum þeirra og þeir voru hamingjusamastir allra, **4 Ne** 1:15–16. Nefítar tóku að gjörast hrokafullir og hégómlegir, **4 Ne** 1:43. Manndráp og blóðbað breiddist út um allt landið, **Morm** 2:8. Ranglæti Nefíta fór vaxandi og Mormón neitaði að leiða þá, **Morm** 3:9–11. Allir Nefítar, að tuttugu og fjórum undanskildum, voru drepnir, **Morm** 6:7–15. Allir Nefítar sem ekki

fengust til að afneita Kristi voru teknir af lífi, **Moró** 1:2.

Nefítum var útrýmt vegna misgjörða þeirra og viðurstygðar, **K&S** 3:18. Verið á verði gegn ofurdrambi, svo að þér verðið ekki eins og Nefítar til forna, **K&S** 38:39.

Nehemía

Í Gamla testamenti, Ísraelíti og höfðingi í Babýloníu (annað hvort Levíti eða af ættkvísl Júða) sem var í embætti byrlara við hirð Artahsastasar, en frá honum fékk hann konunglega tilskipun um heimild til að endurreisa múra Jerúsalemsborgar.

Bók Nehemía: Sú bók er framhald Esrabókar. Hún hefur að geyma frásögn af framgangi og erfiðleikum við starfið í Jerúsalem eftir heimkomu Gyðinga úr ánaudinni í Babýloníu. Kapítular 1–7 segja frá fyrstu heimsókn Nehemía til Jerúsalem og endurbyggingu borgarmúranna þrátt fyrir mikla andstöðu. Kapítular 8–10 lýsa trúarlegum og þjóðfélagslegum umbótum sem Nehemía reyndi að koma á. Kapítular 11–13 hafa að geyma nöfn verðugra og þar er greint frá vígslu múranna. Vers 4–31 í 13. kapítula skýra frá annarri heimsókn Nehemía til Jerúsalem eftir tólf ára fjarveru.

Nehor. Sjá einnig Andkrstur; Prestaslægð

Illur maður í Mormónsbók. Nehor var einn þeirra sem fyrstir allra iðkuðu prestaslægð meðal Nefíta. Eftir að hafa kennt rangar kenningar og drepð Gídeon, var Nehor tekinn af lífi fyrir glæpi sína (Al 1). Fylgjendur Nehors héldu áfram illum verkum hans löngu eftir dauða Nehors.

Alma og Amúlek voru fangelsaðir af dómara sem tilheyrði reglu Nehors, **Al** 14:14–18. Þeir sem drepnir höfðu verið voru Nehorstrúar, **Al** 16:11. Margir tilheyrðu reglu Nehors, **Al** 21:4. Flestir þeirra sem réðu svo marga af bræðrum sínum af dögum tilheyrðu reglu Nehors, **Al** 24:28.

Newel K. Whitney

Leiðtogi snemma í hinni endurreistu kirkju. Newel K. Whitney var biskup í Kirtland, Ohio (Bandaríkjum Norður-Ameríku) og þjónaði síðar sem yfirbiskup kirkjunnar (**K&S** 72:1–8; 104; 117).

Niðjar Abrahams. Sjá Abraham — Niðjar Abrahams

Niðurdýfing. Sjá Skírn, skíra — Skírn með niðurdýfingu

Nikódemus. Sjá einnig Farísear

Í Nýja testamenti, réttvís stjórnandi Gyðinga (líklega úr Ráðinu) og farísei (**Jóh** 3:1).

Hann ræddi við Jesú um nótt, **Jóh** 3:1–21. Hann varði Krist hjá faríseunum, **Jóh** 7:50–53. Hann lagði til ilmjurtir við greftrun Jesú, **Jóh** 19:39–40.

Níníve. Sjá einnig Assýría; Jónas

Í Gamla testamenti, höfuðborg Assýríu og í meir en tvær aldir mikil verslunarmiðstöð á austurbakka Tígrisfljótsins. Hún féll við hrun keisara-dæmis Assýríu, 606 f.Kr.

Sanherib Assýríukonungur sat í Níníve, **2 Kon** 19:36. Jónas var sendur til að kalla borgina til iðrunar, **Jónas** 1:1–2 (**Jónas** 3:1–4). Nínívemenn iðrast, **Jónas** 3:5–10.

Kristur sýndi Gyðingum Níníve sem fordæmi um iðrun, **Matt** 12:41.

Nóa, sonur Seniffs

Ranglátur konungur, í Mormónsbók. Hann ríkti yfir flokki Nefíta í Nefílandi.

Nóa syndgaði margvíslega, **Mósía** 11:1–15. Hann fyrirskipaði að drepa skyldi Abinadí spámann, **Mósía** 13:1 (**Mósía** 17:1, 5–20). Nóa var brenndur til bana, **Mósía** 19:20.

Nói, patriarki í Biblíunni. Sjá einnig

Flóðið á dögum Nóa; Gabriel; Regnbogi; Örkin

Í Gamla testamenti, sonur Lameks og tíundi patriarkinn frá Adam (1 Mós 5:29–32). Hann vitnaði um Krist og

boðaði spilltri kynslóð iðrun. Þegar þjóðin hafnaði boðskap hans, bauð Guð honum að smíða örð fyrir fjölskyldu sína og öll dýrin, þegar flóð kom yfir jörðina til þess að eyða hinum ranglátu (1 Mós 6:13–22; HDP Móse 8:16–30). Spámaðurinn Joseph Smith kenndi að Nói væri engillinn Gabríel og stæði næstur Adam í því að halda lykllum sáluhjálpar.

Hann bjargast ásamt sonum sínum, Jafet, Sem og Kam og eiginkonum þeirra þegar þeir smíða örð að boði Guðs, **1 Mós 6–8** (Hebr 11:7; 1 Pét 3:20). Drottinn endurnýjaði sáttmálann sem hann hafði gjört við Enok, með Nóa, **1 Mós 9:1–17** (þJS, 1 Mós 9:15, 21–25; HDP Móse 7:49–52).

Metúsala veitti Nóa prestdæmið tíu ára gömlum, **K&S 107:52**.

Menn sóttust eftir lífi Nóa, en kraftur Drottins varðveitti hann, **HDP Móse 8:18**. Hann gjörðist boðberi réttlætisins og kenndi fagnaðarerindi Jesú Krists, **HDP Móse 8:19, 23–24** (2 Pét 2:5).

Numeri (Fjórða Mósebók). Sjá einnig Mósebækurnar

Fjórða bók Gamla testamentis. Móse reit Numeri, Fjórðu Mósebók. Bókin greinir frá ferð Ísraels frá Sínaifjalli til Móabsléttunnar við landamæri Kanaanlands. Einn mikilvægasti boðskapur bókarinnar er sá, að þjóð Guðs verður að ganga fram í trú og treysta loforðum hans, ef hún ætlar að njóta áframhaldandi velgengni. Hún segir frá refsingu Guðs yfir Ísrael fyrir óhlýðni og veitir upplýsingar um lög Ísraelsmanna. Nafn bókarinnar er dregið af itarlegum mannfjöldaskýrslum (4 Mós 1–2; 26).

Kapítular 1–10 segja frá undirbúningi Ísraelita að brottförinni frá Sínaí. Kapítular 11–14 segja frá sjálfri göngunni, njósnarar eru sendir inn í Kanaanland og Ísrael hafnar því, að halda inn í fyrirheitna landið. Kapítular 15–19 segja frá ýmsum lögum og sögulegum atburðum. Kapítular 20–36 er saga þjóðarinnar síðasta árið í óbyggðunum.

Nýja Jerúsalem. Sjá einnig Sion

Staðurinn þar sem hinir heilögu munu safnast saman og þar mun Kristur sjálfur ríkja með þeim á tíma þúsundarárikisins. Sion (Nýja Jerúsalem) verður reist á meginlandi Ameríku og jörðin verður endurnýjuð og hlýtur paradísardýrd sína (TA 1:10). Einnig vísar heitið til helgrar borgar sem koma mun af himnum ofan við upphaf þúsundarárikisins.

Orð Drottins mun út ganga frá Jerúsalem, **Míka 4:2**.

Nafn borgar Guðs míns er Nýja Jerúsalem, **Op 3:12**. Jóhannes sá hina helgu borg, Nýju Jerúsalem, **Op 21:1–5**.

Ég mun festa þessa þjóð í sessi í þessu landi og það skal vera ný Jerúsalem, **3 Ne 20:22**. Ný Jerúsalem verður reist í Ameríku, **Et 13:3–6, 10**.

Undirbúa skal Nýju Jerúsalem, **K&S 42:9, 35, 62–69**. Hinir heilögu skulu safnast saman og reisa hina Nýju Jerúsalem, **K&S 45:63–75**. Hina Nýju Jerúsalem skal reisa í Missouri, **K&S 84:1–5** (K&S 57:1–3). Lambið mun standa á Sionarfjalli og á hinni heilögu borg Nýju Jerúsalem, **K&S 133:56**.

Tjaldbúð mín skal nefnd Sion, Nýja Jerúsalem, **HDP Móse 7:62**.

Nýja testamentið. Sjá einnig Biblíu; Ritningar

Safn innblásinna rita (upphaflega á grísku) um líf og helga þjónustu Jesú Krists, postulanna og annarra fylgjenda Jesú Krists. Nýja testamentinu er venjulega skipt í guðspjöllin, Postulasöguna, bréf Páls, almennu bréfin og Opinberunarbókina.

Guðspjöllin fjögur — Matteus, Markús, Lúkas og Jóhannes — eru frásögur úr lífi Krists. Postulasagan segir sögu kirkjunnar og postulanna, einkum segir hún frá trúboðsferðum Páls eftir dauða Krists. Í bréfum Páls eru fyrir-mæli til kirkjuleiðtoga og meðlima. Hin bréfin eru rituð af öðrum postulum og veita fyrri tíðar heilögum viðbótar leiðbeiningar. Opinberunarbókin, sem rituð

var af postulanum Jóhannesi, geymir aðallega spádóma varðandi síðustu daga.

Nýr og ævarandi sáttmáli. *Sjá einnig Sáttmáli*

Fylling fagnaðarerindis Jesú Krists (K&S 66:2). Hann er nýr hverju sinni sem hann er opinberaður eftir tímabil fráhrarfs. Sáttmálinn er ævarandi í þeim skilningi að hann er sáttmáli Guðs og menn hafa notið hans á öllum ráðstöf-unartímum fagnaðarerindisins þegar þeir hafa viljað taka við honum. Hinn nýi og ævarandi sáttmáli var opinberaður mönnum á jörðu á ný af Jesú Kristi fyrir tilstilli spámansins Josephs Smith. Honum tilheyrta trúarlegar helgiathafnir framkvæmdar með valdi prestdæmisins — svo sem skírn og mysterishjónavígsla sem búa í haginn fyrir sálhjálp manna, ódauðleika og eilíft líf. Þegar menn taka á móti fagnaðarerindinu og lofa að halda boðorð Guðs gerir Guð sáttmála við þá um að veita þeim blessanir hins nýja og ævarandi sáttmála.

Ég vil gjöra sáttmála milli mín og þín, **1 MóS** 17:7. Hann skal hafa sáttmála ævarandi prestdæmis, **4 MóS** 25:13. Þeir hafa vikið frá helgiathöfnunum og rofið hinn ævarandi sáttmála, **Jes** 24:5 (K&S 1:15). Ég vil gjöra við þig ævarandi sáttmála, **Jes** 55:3 (Jer 32:40). Það skal vera ævarandi sáttmáli, **Esek** 37:26.

Drottinn gjörði nýjan sáttmála og sá gamli leið undir lok, **Hebr** 8:13. Jesús er meðalgöngumaður hins nýja sáttmála, **Hebr** 12:24 (K&S 76:69).

Þetta er nýr og ævarandi sáttmáli, **K&S** 22:1. Ég hef sent heiminum ævarandi sáttmála, **K&S** 45:9 (K&S 49:9). Drottinn hefur sent fyllingu fagnaðarerindisins, sinn ævarandi sáttmála, **K&S** 66:2 (K&S 133:57). Til þess að ná æðsta stigi himneska ríkisins verður maðurinn að ganga inn í nýjan og ævarandi hjúskaparsáttmála, **K&S** 131:1–2. Hinn nýi og ævarandi sáttmáli var ákveðinn til fyllingar dýrðar Drottins, **K&S** 132:6, 19.

Ofsækja, ofsókn. *Sjá einnig Andstreymi*

Að valda öðrum þjáningu eða sársauka sakir trúar þeirra eða þjóðfélagsstöðu; að angra eða undiroka.

Sælir eru þeir, sem ofsóttir eru fyrir réttlætis sakir, **Matt** 5:10 (3 Ne 12:10). Biðjið fyrir þeim sem ofsækja yður, **Matt** 5:44 (3 Ne 12:44).

Vegna þess að þeir eru ríkir, ofsækja þeir hina hógværu, **2 Ne** 9:30 (2 Ne 28:12–13). Hinir réttlátu sem horfa fram til komu Krists þrátt fyrir allar ofsóknir, farast ekki, **2 Ne** 26:8.

Allt mun þetta veita þér reynslu, **K&S** 122:7.

Ok. *Sjá einnig Lærisveinn*

Tæki sem sett er utan um háls dýra eða manna til að tengja þau saman til átaka. Ok Krists er táknmál um það að vera lærisveinn, en á hinn bóginn er ánauðarok táknmál fyrir kúgun.

Mitt ok er ljúft og byrði mín létt, **Matt** 11:29–30. Gangið ekki undir ósamkynja ok með vantrúuðum, **2 Kor** 6:14. Látið ekki aftur leggja á yður ánauðarok, **Gal** 5:1.

Okkur langar heldur ekki til að hneppa neinn undir ok ánauðar, **Al** 44:2.

Þjáningar hinna heilögu eru sem járnok, sterkir fjötrar og höft vitis, **K&S** 123:1–3, 7–8.

Oliver Cowdery

Annar í röð öldunga hinnar endurreistu kirkju og eitt vitnanna þriggja að guðlegum uppruna og sannleiksgildi Mormónsbókar. Hann var ritari Josephs Smith þegar hann þýddi Mormónsbók af gulltöflunum (JS — S 1:66–68).

Meðtók vitnisburð um sannleiksgildi þýðingar Mormónsbókar, **K&S** 6:17, 22–24. Var vígður af Jóhannesi skírara, **K&S** 13 (K&S 27:8; JS — S 1:68–73, sjá athugasemd í versí 71). Eftir að þér hafið öðlast trú og séð þetta eigin augum, skuluð þér bera því vitni, **K&S** 17:3, 5. Ég hef gjört þér kunnugt með anda mínum, að það, sem þú hefur skráð, er sannleikur,

K&S 18:2. Ég hef útnefnt og vígt þá ráðsmenn yfir opinberunum, **K&S 70:3.** Meðtók lykla prestdæmisins með Joseph Smith, **K&S 110.**

Olía. *Sjá einnig* Olíufutré; Sjúkur, sjúkdómur; Smyrja; Þjónusta við sjúka

Venjulega er átt við olíufolíu þegar minnst er á olíu í ritningunum. Allt frá tíma Gamla testamentis hefur olíufolía verið notuð í mustertum og tjaldbúða-athöfnum, við smurning, til brennslu í lömpum og til matar. Olíufolía er stundum tákn fyrir hreinleika og fyrir heilagan anda og áhrif hans (1 Sam 10:1, 6; 16:13; Jes 61:1–3).

Prestur skal ríða nokkru af olíunni á hægri eyrnasneppilinn, **3 Mós 14:28–29.** Drottinn sendi mig til að smyrja þig til konungs yfir lýð sinn, **1 Sam 15:1.** Viðsmjöríð í krúsinni þraut ekki, **1 Kon 17:10–16.** Þú smyrð höfuð mitt með olíu, **Sálm 23:5.**

Þeir smurðu marga sjúka með olíu, **Mark 6:13.** Lát öldungana biðjast fyrir yfir honum og smyrja hann með olíu, **Jakbr 5:13–15.**

Látið loga á hreinum lömpum yðar og hafið olíu með yður, **K&S 33:17** (Matt 25:1–13).

Olíufutré. *Sjá einnig* Ísrael; Olía

Algeng trjátegund í Ísrael og mikilvæg landbúnaðarauðlind í löndunum sem Biblían greinir frá. Það er ræktað vegna viðarins, ávaxtanna og olíunnar. Olíufutréd er mjög víða í ritningunum látið tákna hús Ísraels.

Ísraelsætt er líkt við olíufutré með tvístruðum og brotnum greinum, **1 Ne 10:12** (1 Ne 15:12). Drottinn líkti Ísraelsætt við ræktað olíufutré, **Jakob 5–6.**

Joseph Smith kallaði opinberunina í kafla 88 olíufulafið, **K&S 88** Efnisskrá. Aðalsmaður bauð þjónum sínum að fara í vingarð sinn og gróðursetja þar tólf olíufutré, **K&S 101:43–62.**

Olíufjallið. *Sjá einnig* Getsemane

Hæð austan við Kírdandalinn, austur af Jerúsalem. Í vestrhlíð þess neðarlega er Grasgarðurinn. Betfage og Betanía eru efst uppi í austurhlíðinni. Hér í þessari hlíð gjörðust margir atburðir Biblíusagna (Matt 24:3) og hér munu einnig mikilvægir atburðir gerast á síðari dögum (Sak 14:3–5; K&S 45:48–54; 133:20).

Omner. *Sjá einnig* Mósía, sonur Benjamíns; Mósía, synir hans

Í Mormónsbók, sonur Mósía konungs. Omner fór með bræðrum sínum að prédika fyrir Lamanítum (Mósía 27:8–11, 34–37; 28:1–9).

Omní

Sagnaritari meðal Nefíta í Mormónsbók sem ritaði nálægt 361 f.Kr. (Jarom 1:15; Omní 1:1–3).

Bók Omnís: Bók þýdd af minni töflum Nefís, í Mormónsbók. Í bókinni er aðeins einn kapítuli, sem greinir frá styrjöldum milli Nefíta og Lamaníta. Omní ritaði einungis fyrstu þrjú vers bókarinnar. Þá gengu töflurnar til Amaron, Kemís, Abínadoms og að lokum til Amalekís. Amalekí afhenti töflurnar Benjamín konungi í Sarahemla.

Opinber yfirlýsing 1. *Sjá einnig*

Giftast — Fjólkvæni; Wilford Woodruff; Yfirlýsingin

Prentuð aftast í Kenningu og sáttmálum, fyrsti hluti Opinberrar yfirlýsingar 1 er einnig þekktur undir nafninu Yfirlýsingin. Hún var gefin af Wilford Woodruff forseta og kynnt meðlimum kirkjunnar á aðalráðstefnu hinn 6. október 1890. Allt frá árinu 1862 og næsta aldarfjórðunginn á eftir voru margvísleg lög sett sem gerðu fjólkvæni ólöglegt í Bandaríkjunum. Drottinn sýndi Wilford Woodruff með sýn og opinberun hvað gerast mundi ef hinir heilögu legðu ekki fjólkvæni niður. Yfirlýsing hans staðfesti formlega að fjólkvænisgiftingar væru ekki lengur framkvæmdar.

Opinber yfirlýsing 2. Sjá einnig
Prestdæmi; Spencer W. Kimball

Kenningarleg yfirlýsing varðandi það, hverjir megi hljóta prestdæmi Guðs, nú prentuð á lokasiðum Kenningar og sáttmála. Snemma í júní 1978 opinberaði Drottinn Spencer W. Kimball forseta að prestdæmið ætti að veita öllum verðugum karlkyns meðlimum kirkjunnar. Þetta leiddi til þess að prestdæmið varð aðgengilegt öllum verðugum karlmönnum og musterisblessanir aðgengilegar öllum verðugum meðlimum, án tillits til kynþáttar eða hörundslitar. Hinn 30. september 1978 var þessi yfirlýsing lögð fyrir aðalráðstefnu kirkjunnar og einróma samþykkt.

Opinberun. Sjá einnig Draumur; Heilagur andi; Innblástur, guðleg andagift; Ljós, ljós Krists; Orð Guðs; Rödd; Spádómur, spá; Sýn

Samskiptaboð frá Guði til barna hans á jörðu. Opinberun getur fengist fyrir ljós Krists og heilagan anda með innblæstri, sýnum, draumum, eða vitjun engla. Opinberun veitir leiðsögn sem leitt getur hina trúföstu til eilífrar sálhjalpar í himneska ríkinu.

Drottinn opinberar verk sitt spámönnum og veitir trúuðum staðfestingu á því að opinberanir til spámanna eru sannar (Amos 3:7). Með opinberun veitir Drottinn sérstaka leiðsögn hverjum þeim sem hennar leitar og sem hefur trú, iðrast og er hlýðinn fagnaðarerindi Jesú Krists. „Heilagur andi er opinberari,” sagði Joseph Smith, og „enginn maður getur meðtekið heilagan anda án þess að meðtaka opinberanir.“

Í kirkju Drottins er Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin spámenn, sjáendur og opinberarar fyrir kirkjuna og heiminn. Forseti kirkjunnar er sá eini sem Drottinn hefur útnefnt til að taka við opinberunum fyrir kirkjuna (K&S 28:2-7). Hver maður getur fengið opinberun sjálfum sér til blessunar.

Maðurinn lifir á sérhverju því, er fram gengur af munn Drottins, **5 Mós**

8:3 (Matt 4:4; K&S 98:11). Drottinn talar hljóðlátri röddu, **1 Kon** 19:12. Þar sem engar vitranir eru, kemst fólkíð á glapstígu, **Okv** 29:18. Drottinn Guð gjörir ekkert án þess að hann hafi opinberað þjónum sínum, spámönnum, ráðsályktun sína, **Amos** 3:7.

Sæll ert þú, Símon Jónasson! Hold og blóð hefur ekki opinberað þér þetta, heldur faðir minn, **Matt** 16:15-19. Andinn mun leiða yður í allan sannleikann. Hann mun kunngjöra yður það sem koma á, **Jóh** 16:13. Ef einhvern yðar brestur visku, þá biðji hann Guð, **Jakbr** 1:5.

Allt mun opinberað, **2 Ne** 27:11. Ég mun gefa mannanna börnum orð fyrir orð, **2 Ne** 28:30. Ekkert verður á huldu, allt mun opinberað, **2 Ne** 30:17. Heilagur andi mun sýna yður allt, **2 Ne** 32:5. Enginn maður þekkir leiðir Guðs, nema þær séu opinberaðar honum, **Jakob** 4:8. Alma fastaði og bað um opinberun, **Al** 5:46. Það sem aldrei hefur verið opinberað mun opinberað hinum trúuðu, **Al** 26:22. Þeir sem afneita opinberunum þekkjja ekki fagnaðarerindi Jesú Krists og skilja ekki ritningarnar, **Morm** 9:7-8. Þér fáíð engan vitnisburð fyrr en eftir að reynt hefur á trú yðar, **Et** 12:6.

Orð mín munu öll uppfyllast, **K&S** 1:38. Veitti ég þér ekki hugarró varðandi þetta, **K&S** 6:22-23. Ég mun segja þér í huga þínum og hjarta, **K&S** 8:2-3. Sé það rétt mun ég láta brjóst þitt brenna, **K&S** 9:8. Afneitaðu ekki anda opinberunar, **K&S** 11:25. Sá sem spyr mun hljóta opinberun á opinberun ofan, **K&S** 42:61. Allt sem þeir segja hvattir af heilögum anda skal vera orð Drottins, **K&S** 68:4. Guð mun veita yður þekkingu, **K&S** 121:26.

Joseph Smith sá föðurinn og soninn, **JS — S** 1:17. Vér trúum öllu sem Guð hefur opinberað og mun enn opinbera, **TA** 1:7, 9.

Opinberun Jóhannesar. Sjá einnig
Jóhannes Sebedeusson; Opinberun-
arbókin

Síðasta bókin í Nýja testamentinu, geymir opinberun veitta postulanum

Jóhannesi. Honum var leyft að sjá sögu heimsins, einkanlega hina síðustu daga (Op 1:1–2; 1 Ne 14:18–27; K&S 77). Opinberun Jóhannesar er í enskumælandi heimi einnig kunn undir nafninu Apocalypse.

Jóhannes meðtók þessa opinberun á degi Drottins á eyjunni Patmos (Op 1:9–10), undan Asíuströnd, ekki fjarri Efesus. Nákvæm dagsetning er ekki kunn.

Skilningur á bókinni er gefinn í 1 Nefi 14:18–27 og í Kenningu og sáttmálum 77 (Et 4:15–16).

Kapítular 1–3 eru inngangur að bókinni og bréf til sjö safnaða í Asíu. Jóhannes ritaði bréfin til þess að hjálpa hinum heilögu að leysa tiltekin vandamál. Kapítular 4–5 greina frá sýnum Jóhannesar sem sýna mikilleik og réttlátt vald Guðs og Krists. Í kapítulum 6–9, 11, segir Jóhannes frá er hann sá í sýn bók innsiglaða sjö innsiglum, og táknar hvert innsigli eitt þúsund ár veraldlegrar sögu jarðarinnar. Þessir kaflar fást fyrst og fremst við atburði innan sjöunda innsiglisins (sjá Op 8–9; 11:1–15). Kapítuli 10 lýsir bók sem Jóhannes át. Bókin táknar verk sem hann mun síðar leysa af hendi. Kapítuli 12 greinir frá sýn af því er hið illa hófst þegar Satan gjörði uppreisn og var út kastað. Stríðið sem þar upphófst heldur áfram á jörðu. Í kapítulum 13, 17–19, lýsir Jóhannes illum jarðneskum ríkjum sem Satan stjórnar og eru örlög þeirra rakin, þar með talin endanlegur ósigur hans illa. Kapítular 14–16 lýsa réttlæti hinna heilögu innan um hið illa rétt fyrir síðari komu Krists. Kapítular 20–22 lýsa þúsundaráríkinu, hinni fögru borg Nýju Jerúsalem og lokaatburðinum í sögu jarðar.

Opinberunarbókin. *Sjá einnig* Opinberun Jóhannesar

Opinberunarbókin er aftasta bók Nýja testamentisins; nafn hennar á ensku „apocalypse“ getur einnig merkt hvaða mikilvæga opinberun sem er; dregið af grísku orði sem merkir „kunngjört“ eða „afhjúpað“.

Orð. *Sjá* Jesús Kristur — Tilvist Krists í fortílverunni

Orð Guðs. *Sjá einnig* Boðorð Guðs; Opinberun; Ritningar

Boðorð, fyrirmæli, boð eða boðskapur frá Guði. Börn Guðs geta meðtekið orð hans beint með opinberun fyrir andann eða frá kjörnum þjónum hans (K&S 1:38).

Maðurinn lifir á sérhverju því, er fram gengur af munni Drottins, **5 Mós** 8:3 (Matt 4:4; K&S 84:43–44). Þitt orð er lampi fóta minna og ljós á vegum mínum, **Sálm** 119:105.

Þeir fylltust allir heilögum anda og töluðu orð Guðs af djörfung, **Post** 4:31–33.

Járnstöngin var orð Guðs sem vísaði veginn að lífsins tré, **1 Ne** 11:25 (1 Ne 15:23–25). Þið voruð tilfinningalausir og gátuð ekki skynjað orð hans, **1 Ne** 17:45–46. Vei sé þeim, er hafnar orði Guðs, **2 Ne** 27:14 (2 Ne 28:29; Et 4:8). Sækið fram endurnærðir af orði Krists, **2 Ne** 31:20 (2 Ne 32:3). Vegna vantrúar sinnar gátu þeir ekki skilið orð Guðs, **Mósía** 26:3 (Al 12:10). Þeir höfðu kynnt sér ritningarnar gaumgæfilega til þess að öðlast þekkingu á orði Guðs, **Al** 17:2. Lát reyna á kraft Guðs orðs, **Al** 31:5. Alma líkti orði Guðs við sádkorn, **Al** 32:28–43.

Allt sem þeir segja hvattir af heilögum anda skal vera orð Drottins, **K&S** 68:4. Þér skuluð lifa samkvæmt hverju orði sem fram gengur af Guðs munni, **K&S** 84:44–45.

Hver sem varðveitir mín orð, mun ekki láta blekkjast, **JS — M** 1:37.

Orðrómur. *Sjá einnig* Illt umtal; Slúður

Satan kemur af stað orðrómi og deilum — sem stundum byggist að hluta á sannleika — til þess að snúa fólki gegn Guði og öllu sem gott er (He 16:22; JS — S 1:1). Eitt táknanna um síðari komu Jesú Krists er að fólk mun heyra um ófrið og hernaðartíðindi (Matt 24:6; K&S 45:26; JS — M 1:23).

Orðskviður

Siðferðisboðskapur eða ráðgjöf í knöppu formi.

Orðskviðirnir: Bók Gamla testamentis sem hefur að geyma margar líkingar, orðtök, og ljóð, sum ort af Salómon. Víða er vitnað í orðskviðina í Nýja testamentinu.

Kapítular 1–9 útskýra sanna visku. Kapítular 10–24 geyma safn orðtaka um rétta og ranga lífshætti. Kapítular 25–29 geyma orðskviði Salómons sem menn Hiskía Júdakonungs skráðu. Kapítular 30–31 hafa meðal annars að geyma lýsingu á dyggðugri konu.

Orson Hyde

Meðlimur fyrstu tólfpostulasveitarinnar sem kölluð var á þessum ráðstöfunartíma (K&S 68:1–3; 75:13; 102:3; 124:128–129). Hann fór margar trúboðsferðir fyrir kirkjuna, meðal annars árið 1841, til að vígja Landið helga fyrir heimkomu Gyðingabjóðarinnar.

Orson Pratt

Einn fyrstu tólf postulanna sem kallaðir voru eftir endurreisn kirkjunnar nú á tímum (K&S 124:128–129). Hann hafði aðeins verið meðlimur kirkjunnar í sex vikur þegar Drottinn gaf opinberun til hans með Joseph Smith (K&S 34). Orson Pratt var einnig trúboði fyrir kirkjuna (K&S 52:26; 75:14) og þjónaði sem sagnaritari kirkjunnar í nokkur ár.

Óbadía

Spámaður í Gamla testamenti sem sagði fyrir um dóm Edómsmanna. Talið er að hann hafi starfað á stjórnartíð Jórams (848–844 f.Kr.) eða á tíma innrásar Babilóníumanna 586 f.Kr.

Bók Óbadía: Bók í Gamla testamenti. Í henni er aðeins einn kapítuli. Þar ritar Óbadía um hrun Edóm og spáir að frelsarar muni standa á Síonarfjalli.

Óbeð. Sjá einnig Bóas; Rut

Í Gamla testamenti, sonur Bóasar og

Rutar og faðir Ísaí, sem varð faðir Davíðs konungs (Rut 4:13–17, 21–22).

Ódauðlegur, ódauðleiki. *Sjá einnig* Dauðlegur, dauðleiki; Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur; Sáluhjálpr, hjálpræði; Upprisa

Það ástand að lifa eilíflega í upprisnu ástandi, óháður líkamsdauða.

Hann er upp risinn, **Mark** 16:6. Allir munu lífgaðir verða fyrir samfélag sitt við Krist, **1 Kor** 15:22. Dauðinn er uppsvelgur í sigur þegar hið forgengilega íklæðist óforgengileikanum, **1 Kor** 15:53–54. Kristur afmáði dauðann og leiddi í ljós óforgengileika, **2 Tím** 1:10.

Andinn og líkaminn eru endurreistir til sjálfs sín á ný, **2 Ne** 9:13. Andar sam-einast líkómun sínum, hvort tveggja verður ódauðlegt, og getur aldrei framars orðið eyðingunni að bráð, **Al** 11:45.

Hinir trúföstu munu krýndir ódauðleika og eilífu lífi, **K&S** 75:5. Jörðin verður helguð, ódauðleg og eilíf, **K&S** 77:1 (K&S 130:9).

Verk Guðs og dýrð er að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika, **HDP Móse** 1:39.

Óendanlegur. *Sjá einnig* Guð, guðdómur

Eitt af nöfnum Guðs, endurspeglar eilífðareðli hans (K&S 19:10–12; HDP Móse 1:3; 7:35).

Ófyrirgef়anleg synd. *Sjá einnig*

Glötunarsynirnir; Guðlasta, guðlast; Heilagur andi; Morð

Sú synd að afneita heilögum anda, synd sem ekki er unnt að fyrirgefa.

Formæling gegn heilögum anda mun ekki fyrirgef়in mönnum, **Matt** 12:31–32 (Mark 3:29; Lúk 12:10). Ógerlegt er að endurnýja til afturhvarfs þá sem hlotið hafa hlutdeild í heilögum anda og síðan fallið frá, **Hebr** 6:4–6. Ef vér syndgum af ásettu ráði, eftir að vér höfum öðlast þekkingu sannleikans, þá er úr því enga fórn að fá fyrir syndirnar, **Hebr** 10:26.

Ef þú afneitar heilögum anda, og þú

Óguðlegur

veist að þú afneitar honum, sjá, þá er það óafsakanleg synd, **AI** 39:5–6 (Jakob 7:19).

Þeir öðlast ekki fyrirgefningu, hafa afneitað syninum eingetna og krossfest hann með sjálfum sér, **K&S** 76:30–35. Guðniðsla gegn heilögum anda sem ekki verður fyrirgefin er úthelling saklauss blóðs eftir að þér hafið meðtekið hinn nýja og ævarandi sáttmála minn, **K&S** 132:26–27.

Óguðlegur. *Sjá einnig* Óhreinindi; Óréttlátur, óréttlæti; Ranglátur, ranglæti; Synd

Einhver eða eitthvað sem ekki samrýmist vilja eða boðorðum Guðs; siðlaust og vanheilagt.

Vegur óguðlegra endar í vegleysu, **Sálm** 1:6.

Ef hinn réttlæti naumlega frelsast, hvar mun þá hinn óguðlegi og syndarinn lenda, **1 Pét** 4:18.

Hafnið öllu óguðlegu, **Moró** 10:32.

Refsing kemur skyndilega yfir hina óguðlegu, **K&S** 97:22. Til hinna óguðlegu náði rödd frelsarans ekki, **K&S** 138:20.

Óhreinindi. *Sjá einnig* Hreint og óhreint; Óguðlegur; Óréttlátur, óréttlæti; Ranglátur, ranglæti; Synd

Andlega óhreininn vegna meðvitaðrar óhlýðni við Guð.

Drottinn hefur afþvegið óhreinindi Síonardætra, **Jes** 4:4 (2 Ne 14:4).

Guðs ríki er ekki saurugt, **1 Ne** 15:34 (Al 7:21). Hinir saurugu halda áfram að vera saurugir, **2 Ne** 9:16 (Morm 9:14). Hvernig mun yður líða, ef þér standið frammi fyrir dómgrindum Guðs með klæði yðar ötuð sora, **AI** 5:22.

Þeir verða áfram óhreinir, **K&S** 88:35.

Hvenær fæ ég hvílst og verð hreinsuð af óhreinindunum, **HDP Móse** 7:48.

Óhreininn. *Sjá* Hreint og óhreintÓmega. *Sjá* Alfa og Ómega; Jesús KristurÓréttlátur, óréttlæti. *Sjá einnig* Óguðlegur; Óhreinindi; Ranglátur, ranglæti; Réttlátur, réttlæti; Synd

Ranglátur, óheiðarlegur; fólk sem ekki elskar Guð eða það sem Guðs er og styður ekki málstað hans.

Ranglátir munu ekki Guðs ríki erfa, **1 Kor** 6:9–10. Þeir sem hafa velpóknun á ranglætinu verða dæmdir, **2 Þess** 2:12. Jesús Kristur getur hreinsað okkur af öllu ranglæti, **1 Jóh** 1:9.

Ranglátur konungur snýr leiðum alls réttlætis til villu, **Mósía** 29:23. Grundvöllur tortímingar er lagður af óréttlátum lögfræðingum og dómurum, **AI** 10:27.

Ég sendi yður til að ávíta heiminn fyrir öll óréttlát verk hans, **K&S** 84:87. Sálina verður að hreinsa af öllu óréttlæti, **K&S** 88:17–18. Það er tilhneiging nánast allra manna, samstundis að beita óréttlátum yfirráðum, **K&S** 121:39.

Ótti. *Sjá einnig* Átrúnaður; Hugrekki, hugrakkur; Lotning

Ótti getur haft tvær merkingar: (1) að óttast Guð er að finna til lotningar og tignandi aðdáunar á honum og fylgja boðum hans; (2) að óttast menn, lífs-hættu, sársauka, og það sem er illt, það er að vera hræddur við slíkt og kvíða því.

Ótti við Guð: Vart mun nokkur guðsótti vera á þessum stað, **1 Mós** 20:11. Drottinn Guð þinn skalt þú óttast, **5 Mós** 6:13 (Jós 24:14; 1 Sam 12:24). Þjónið Drottinn með ótta, **Sálm** 2:11. Upphaf speki er ótti Drottins, **Sálm** 111:10. Óttast Drottinn og forðast illt, **Okv** 3:7. Guðhræddum mönnum mun vel vegna, **Préd** 8:12.

Vinnið að sáluhjálpi yðar með ugg og ótta, **Fil** 2:12. Óttist Guð og gefið honum dýrð, **Op** 14:7 (K&S 88:104).

Spámenn ýttu án afláts við fólk og héldu því í ótta við Drottinn, **Enos** 1:23. Alma og synir Mósía féllu til jarðar, því að ótti við Drottinn kom yfir þá, **AI** 36:7. Vinnið að sáluhjálpi yðar með ugg og ótta, **Morm** 9:27.

Ég mun raska ró þeirra, sem ekki óttast mig, **K&S** 10:56. Sá, sem óttast mig,

mun huga að táknum fyrir komu mannsónarins, **K&S** 45:39.

Ótti við menn: Óttast þú eigi, því að ég er með þér, **1 Mós** 26:24 (Jes 41:10). Drottinn er með oss! Hráðist þá eigi, **4 Mós** 14:9. Óttast ekki; því þeir eru fleiri sem með okkur eru, **2 Kon** 6:16. Ég óttast eigi. Hvað getur hold gjört mér, **Sálm** 56:5. Hráðist eigi smánaryrði manna, **Jes** 51:7 (2 Ne 8:7).

Ekki gaf Guð oss anda hugleysis, **2 Tím** 1:7. Fullkomin elska rekur út óttann, **1 Jóh** 4:18 (Moró 8:16).

Synir Helamans óttuðust ekki dauðann, **Al** 56:46–48. Hráðilegur ótti við dauðann fyllir hjörtu hinna ranglátu, **Morm** 6:7. Óttast ekki það sem maðurinn getur gjört, **Moró** 8:16.

Þú áttir ekki að óttast manninn meira en Guð, **K&S** 3:7 (K&S 30:1, 11; 122:9). Óttist ei að gjöra gott, **K&S** 6:33. Hver sá sem tilheyrir kirkju minni þarf ekki að óttast, **K&S** 10:55. Séuð þér viðbúinir þurfið þér ekki að óttast, **K&S** 38:30. Varpið af yður ótta, **K&S** 67:10. Verið vonglaðir og óttist ei, því að ég, Drottinn, er með yður, **K&S** 68:6. Óttist ekki óvini yðar, **K&S** 136:17.

Pahóran

Yfirdómari Nefíta, sá þriðji í röðinni, í Mormónsbók (Al 50:39–40; 51:1–7; 59–62).

Paradís. Sjá einnig Himinn

Sá hluti andaheimsins sem réttlátir andar, er yfirgefið hafa þetta líf, bíða í fram að upprisu líkamans. Þar ríkir hamingja og friður.

Paradís táknar einnig í ritningunum andaheiminn (Lúk 23:43), yfirjarðneska ríkið (2 Kor 12:4) og dýrlegt ástand jarðar í þúsundarárikinu (TA 1:10).

Þeim sem sigrar mun ég gefa að eta af lífsins tré, sem er í Paradís Guðs, **Op** 2:7.

Paradís Guðs verður að skila aftur öndum hinna réttlátu, **2 Ne** 9:13. Tekið er við öndum þeirra, sem réttlátir eru, inn í sæluríki, sem nefnist paradís, **Al** 40:11–12. Allir lærisveinar Jesú voru

farnir til paradísar Guðs, að undanskildum þremur, **4 Ne** 1:14. Ég geng brátt til hvíldar í paradís Guðs, **Moró** 10:34.

Kristur þjónaði öndum réttláttra í paradís, **K&S** 138.

Parley Parker Pratt

Eldri bróðir Orsons Pratt og einn hinna fyrstu tólf postula sem kallaðir voru eftir endurreisn kirkjunnar nú á tímum (K&S 124:128–129). Parley Pratt var kallaður til hins fyrsta af nokkrum trúboðsstörfum, þegar Drottinn veitti honum opinberun með Joseph Smith í október 1830 (K&S 32; 50:37).

Patriarkablessanir. Sjá einnig Faðir, jarðneskur; Guðsorðamaður, guðspjallamaður; Patriarki

Blessanir veittar verðugum meðlimum kirkjunnar af patriörkum. Patriarkablessun felur í sér ráðleggingar Drottins fyrir þann sem blessunina fær og greinir frá ættkvísl viðkomandi í húsi Israels. Feður geta gefið sérstakar blessanir sem patriarkar fjölskyldu sinnar, en slíkar blessanir eru ekki skráðar eða varðveittar í kirkjunni.

Ísrael rétti fram hægri hönd sína og lagði á höfuð Efraíms, **1 Mós** 48:14. Jakob blessaði syni sína og niðja þeirra, **1 Mós** 49.

Lehí blessaði afkomendur sína, **2 Ne** 4:3–11.

Patriarki. Sjá einnig Faðir, jarðneskur; Guðsorðamaður, guðspjallamaður; Melkisedekspredæmi; Patriarkablessanir

Ritningarnar tala um tvenns konar patriarka: (1) vígt embætti í Melkisedekspredæminu, stundum nefnt guðspjallamaður; (2) fjölskylduféður. Vígðir patriarkar veita verðugum meðlimum kirkjunnar sérstakar blessanir.

Vígðir patriarkar: Sumir eru postular, sumir spámenn, sumir trúboðar, sumir hirðar og kennarar, **Ef** 4:11 (TA 1:6).

Það er skylda hinna tólf að vígja guðspjallaþjóna, **K&S** 107:39. Hyrum getur

tekið við embætti prestdæmis og patríarka, **K&S** 124:91–92, 124; 135:1.

Feður: Jakob blessaði syni sína og afkomendur þeirra, **1 MóS** 49:1–28.

Óhikað get ég við yður talað um ættföðurinn Davíð, **Post** 2:29.

Lehí veitti ráð og blessaði afkomendur sína, **2 Ne** 4:3–11.

Ég varð réttmætur erfingi, háprestur, með sama rétt og feðurnir, **Abr** 1:2–4.

Páll. *Sjá einnig* Bréf Páls postula

Postuli, í Nýja testamentinu. Hebreskt nafn Páls var Sál og hann gekk undir því nafni uns hann hóf að prédika meðal Þjóðanna. Hann hafði áður ofsótt kirkjuna en snerist til sannleikans eftir að hafa séð Jesú Krist í sýn. Páll fór þrjár miklar kristniboðsferðir og reit mörg bréf til hinna heilögu. Fjórtað þessara bréfa mynda nú hluta Nýja testamentisins. Hann var að lokum fluttur fanginn til Rómar og deyddur þar, líklega voríð 65 e.Kr.

Var samþykkuð grýtingu Stefáns, **Post** 7:57–8:1. Ofsótti hina heilögu, **Post** 8:3. Var á leið til Damaskus þegar Jesús birtist honum, **Post** 9:1–9. Var skírður af Ananías, **Post** 9:10–18. Eftir að hafa farið til Arabíu kom hann aftur til Damaskus til að prédika, **Post** 9:19–25 (Gal 1:17). Premur árum eftir trúskiptin kom hann aftur til Jerúsalem, **Post** 9:26–30 (Gal 1:18–19). Fór þrjá trúboðsleiðangra, prédikaði fagnaðarerindið og skipulagði greinar kirkjunnar í ýmsum hlutum rómverska ríkisins, **Post** 13:1–14:26; 15:36–18:22; 18:23–21:15. Þegar hann kom til baka til Jerúsalem úr þriðja leiðangrinum var hann handtekinn og sendur til Sesareu, **Post** 21:7–23:35. Var fangi í Sesareu í tvö ár, **Post** 24:1–26:32. Var sendur til Rómar til að hljóta dóm en varð skippreika á leiðinni, **Post** 27:1–28:11.

Páskar. *Sjá einnig* Guðslambið; Jesús Kristur; Síðasta kvöldmáltíðin; Upprisa

Páskahátíðin var stofnsett til þess að auðvelda Ísraelsbörnum að minnast

þess þegar engill dauðans fór fram hjá húsum þeirra og frelsaði þá undan Egyptum (2 MóS 12:21–28; 13:14–15). Lýtalausu lambi var fórnað og blóð þess var merki til bjargar Ísrael til forna og var um leið tákn um Jesú Krist, Guðslambið sem endurleysti allt mannkyn.

Þetta eru ákvæðin um páskalambið, **2 MóS** 12:43.

Jesús og postular héldu páskahátíð við síðustu kvöldmáltíðina, **Matt** 26:17–29 (Mark 14:12–25). Sjá, Guðs lamb, sem ber synd heimsins, **Jóh** 1:29, 36. Páskalambi voru er slátrað, sem er Kristur, **1 Kor** 5:7. Við erum leystir með blóði Krists, hins lýtalausa lambs, **1 Pét** 1:18–19.

Eignist trú á Guðslambið, sem ber burtu syndir heimsins, **Al** 7:14.

Heilagir sem lifa eftir vísdómsorðinu munu varðveittir eins og börn Ísraels, **K&S** 89:21.

Lambinu er slátrað frá grundvöllun veraldar, **HDP Móse** 7:47.

Peleg

Í Gamla testamenti, sonur Ebers. Peleg var afkomandi Sems í fjórða lið í beinan karllegg. Á hans dögum aðgreindist fólkíð á jörðinni (1 MóS 10:22–25).

Peningar. *Sjá einnig* Auðugur, auður; Tíund, tíundargreiðslur; Veraldarhyggja; Ölmusa

Mynt, pappírar, vottorð eða annað sem menn nota sem greiðslu fyrir vörur eða þjónustu. Stundum tákn efnishyggjunnar.

Þér skuluð án silfurs leystir verða, **Jes** 52:3.

Hinir tólf skyldu ekki taka neitt með til ferðarinnar, ekki brauð, mal né peninga, **Mark** 6:8. Pétur sagði við Símon töframan að peningur hans færust ásamt honum, **Post** 8:20. Fégirndin er rót alls þess sem illt er, **1 Tím** 6:10.

Eyðið ekki silfri fyrir það sem er einskis virði, **2 Ne** 9:50–51 (Jes 55:1–2; 2 Ne 26:25–27). Vinni þeir fyrir fjármunum, munu þeir farast, **2 Ne** 26:31. Leiðið fyrst Guðs ríkis, áður en þér leiðið

auðefanna, **Jakob** 2:18–19. Reistar verða kirkjur sem segja: Fyrir silfur yðar verða syndir yðar fyrirgefnar, **Morm** 8:32, 37.

Sá sem gefur Síon fjármuni sína mun í engu fara á mis við laun sín, **K&S** 84:89–90.

Peter Whitmer yngri

Einn í hópi fyrstu leiðtoga hinnar endurreistu kirkju og eitt átta vitna Mormónsbókar. Sjá „Vitnisburður átta vitna“ á inngangssiðum Mormónsbókar. Drottinn veitti honum persónulegar leiðbeiningar í 16. kafla Kenningar og sáttmála og einnig í kafla 30:5–8.

Pétur

Í Nýja testamenti, Pétur gekk upphaflega undir nafninu Símon (2 Pét 1:1), fiskimaður frá Bedsaida sem bjó í Kapernaum með konu sinni. Jesús læknaði tengdamóður Péturs (Mark 1:29–31). Pétur var ásamt Andrésí bróður sínum kallaður til að gjörast lærisveinn Krists (Matt 4:18–22; Mark 1:16–18; Lúk 5:1–11). Aramískt nafn hans, Kefas, sem merkir „sjáandi“ eða „klettur,“ var honum gefið af Drottni (Jóh 1:40–42; ÞJS, Jóh 1:42 [Viðaukil]). Þótt Nýja testamentið greini frá mannlegum veikleika Péturs, sýnir það einnig að hann sigraðist á honum og öðlaðist styrk fyrir trú sína á Jesú Krist

Pétur lýsti því yfir að Jesús væri Kristur og sonur Guðs (Jóh 6:68–69) og Drottinn valdi hann til að hafa lykla Guðs ríkis á jörðu (Matt 16:13–19). Á ummyndunarfallinu sá Pétur frelsarann ummyndaðan, ásamt Móse og Elíasi (Elía) (Matt 17:1–9).

Pétur var æðstur postulanna um sína daga. Eftir dauða, upprisú og uppstigningu frelsarans, kallaði Pétur kirkjuna saman og gekkst fyrir því að kallaður væri postuli í stað Júdasar Ísariots (Post 1:15–26). Pétur og Jóhannes læknuðu mann sem var lamaður frá fæðingu (Post 3:1–16) og voru leystir úr fangelsi með undursamlegum hætti (Post 5:11–29; 12:1–19). Með andlegri þjónustu Péturs upphófst boðun fagnaðarerindisins meðal Þjóðanna (Post 10–11). Á

síðari dögum kom Pétur ásamt Jakob og Jóhannesi frá himnum og veittu þeir Joseph Smith og Oliver Cowdery Melkisédeksprestðæmið ásamt lyklum þess (K&S 27:12–13; 128:20).

Fyrra almenna bréf Péturs: Fyrra bréfið var ritað frá „Babylón“ (líklega átt við Róm) og sent hinum heilögu þangað sem nú er nefnt Litla-Asía nokkru eftir að Neró hóf að ofsækja þá kristnu.

Kapítuli 1 fjallar um forvígt hlutverk Krists sem lausnara. Kapítular 2–3 sýna fram á að Kristur er hyrningarsteinn kirkjunnar, að hinir heilögu bera konunglegt prestðæmi og að Kristur prédikaði yfir öndunum í varðhaldi. Kapítular 4–5 útskýra hvers vegna fagnaðarerindið er boðað hinum dáu og hvers vegna öldungarnir verða að hirta um hjörðina.

Síðara almenna bréf Péturs: Kapítuli 1 hvetur hina heilögu til að kosta kapps um að gjöra köllun sína og útvalning vissa. Kapítuli 2 varar við falskennurum. Kapítuli 3 ræðir um síðari daga og endurkomu Krists.

Píslarvottur, píslarvætti

Sá sem fremur lætur lífið en að afneita Kristi, fagnaðarerindinu, trúarsannfæringu sinni eða lífsreglu.

Allt saklaust blóð frá Abel til Sakaríá mun koma yfir hina ranglátu, **Matt** 23:35 (Lúk 11:50). Hver sem týnir lífi sínu fyrir Krist mun bjarga því, **Mark** 8:35 (K&S 98:13). Og þeir grýttu Stefán, **Post** 7:59 (Post 22:20). Arfleiðsluskrá tekur ekki gildi fyrr en sá er dáinn, er hana gjörði, **Hebr** 9:16–17.

Abinadí féll til jarðar, hann hafði þolað dauða á báli, **Mósía** 17:20. Ammonítum sem snúist höfðu til trúar var varpað á bál, **Al** 14:8–11. Margir, sem vitnað hafa um þessa hluti, voru líflátnir, **3 Ne** 10:15.

Hver sá, sem fórnar lífi sínu mín vegna, mun finna eilíft líf, **K&S** 98:13–14. Joseph Smith og Hyrum Smith liðu fórnardauða vegna endurreisnar fagnaðarerindisins, **K&S** 135. Joseph Smith

innsiglaði vitnisburð sinn með blóði sínu, **K&S** 136:39.

Pontíus Pílatus

Rómverskur stjórnandi í Júdeu, 26–36 e.Kr. (Lúk 3:1). Hann var hatursmaður Gyðingapjódarinnar og trúar hennar og lét lífláta a. m. k. nokkra Galíleumenn (Lúk 13:1). Jesús var ákærður og dæmdur til krossfestingar af Pílatusi (Matt 27:2, 11–26, 58–66; Mark 15; Lúk 23; Jóh 18:28–19:38).

Postulasagan. Sjá einnig Lúkas

Bók þessi er hin síðari tveggja bóka sem Lúkas ritaði fyrir Þeófilus. Fyrri hlutinn er þekktur sem Lúkasarguðspjall. Kapítular 1–12 greina frá nokkrum stærri trúboðsverkum postulanna tólf undir stjórn Péturs strax eftir dauða frelsarans og upprisu. Kapítular 13–28 segja frá sumum ferðum Páls postula og trúboðsverkum.

Postuli. Sjá einnig Lærnisveinn; Opinberun

Í grísku merkir *postuli* „sá sem er sendur fram.“ Það var heitið sem Jesús notaði yfir hina tólf sem hann valdi og vígði til að vera nákomnir lærnisveinar og aðstoðarmenn við helga þjónustu sína hér á jörðu (Lúk 6:13; Jóh 15:16). Hann sendi þá út sem fulltrúa sína og til að veita helga þjónustu eftir himnaför sína. Bæði til forna og í tólfpostulasveit hinnar endurreistu kirkju nú á dögum eru postular sérstök vitni Krists fyrir allan heiminn og bera vitni um guðlegt eðli hans og upprisu frá dauðum (Post 1:22; K&S 107:23).

Kirkja Krists er byggð á grundvelli postula og spámanna, Ef 2:20; 4:11.

Lehí og Nefí sáu tólf postula fylgja Jesú, **1 Ne** 1:10; 11:34. Postular munu dæma hús Ísraels, **Morm** 3:18.

Þeir sem ekki gefa gaum að orðum spámanna og postula munu útilokast, **K&S** 1:14 (3 Ne 12:1). Köllun og hlutverk hinna tólf var opinberað, **K&S** 18:26–36. Joseph Smith var vígður postuli, **K&S** 20:2; 21:1. Postular eru sérstök vitni nafni

Krists og halda lykllum helgrar þjónustu, **K&S** 27:12 (K&S 112:30–32). Postularnir tólf mynda sveit jafna Æðsta forsætisráðinu að völdum, **K&S** 107:23–24. Hिनir tólf eru ráðandi farand-háráð, **K&S** 107:33. Postularnir hafa lykla trúboðsstarfsins, **K&S** 107:35. Lýsing á sumum skyldum postulanna, **K&S** 107:58. Ég segi öllum hinum tólf: Fylgið mér og nærði sauði mína, **K&S** 112:14–15.

Vér höfum trú á postulum, **TA** 1:6.

Val postulanna: Postular eru valdir af Drottni (Jóh 6:70; 15:16).

Úr hópi lærnisveinanna valdi Jesús tólf postula, **Lúk** 6:13–16. Mattías var valinn postuli, **Post** 1:21–26.

Oliver Cowdery og David Whitmer var boðið að velja hina tólf, **K&S** 18:37–39.

Prestaslægð

Prédikun manna sem telja sig ljós fyrir heiminn en bera eigin hag fyrir brjósti og sækjast eftir hylli heimsins; þeir leita ekki velferðar Síonar (2 Ne 26:29).

Gætið þeirrar hjarðar sem Guð hefur falið yður, ekki sakir vansæmilegs ávinnings, **1 Pét** 5:2.

Kirkjur sem sækjast eftir hagnaði hljóta að verða beygðar í duftið, **1 Ne** 22:23 (Morm 8:32–41). Vegna prestaslægðar og misgjörða mun Jesús verða krossfestur, **2 Ne** 10:5. Væri prestaslægð þröngvað upp á þessa þjóð yrði það henni til algjörrar tortímingar, **Al** 1:12. Þjóðirnar munu fyllast alls kyns prestaslægð, **3 Ne** 16:10.

Prestdæmi. Sjá einnig Aronsprestdæmið;

Eiður og sáttmáli Prestdæmisins;

Kraftur; Lyklar prestdæmisins;

Melkisedeksprestdæmi; Vald; Vígja, vígsla

Vald og kraftur sem Guð veitir mönnum til að starfa að öllu sem gjörir sálhjálp manna að veruleika (K&S 50:26–27). Karlar í kirkjunni sem hafa prestdæmið eru skipulagðir í sveitir og er veitt vald til að framkvæma

helgiathafnir og ákveðin stjórnunarstörf í kirkjunni.

Smurning þeirra skal veita þeim ævinlegan prestdóm frá kyni til kyns, **2 Mós** 40:15 (4 Mós 25:13).

Ég hef útvalið yður, **Jóh** 15:16. Látið sjálfir uppbyggjast í andlegt hús, til heilags prestafélags, **1 Pét** 2:5. Þér eruð útvalin kynslóð, konunglegt prestafélag, **1 Pét** 2:9 (2 Mós 19:6).

Menn eru kallaðir og vígðir háprestar vegna mikillar trúar þeirra og góðra verka, **Al** 13:1–12. Ég veiti þér vald til að þú skírir, **3 Ne** 11:21. Þér munuð hafa vald til að veita heilagan anda, **Moró** 2:2.

Með hendi spámansins Elía, opinbera ég yður prestdæmið, **K&S** 2:1 (JS — S 1:38). Drottinn veitti Aron og niðjum hans prestdæmi, **K&S** 84:18. Æðra prestdæmið framkvæmir fagnaðarerindið, **K&S** 84:19. Hann tók Móse frá þeim og einnig hið heilaga prestdæmi, **K&S** 84:25. Eiði og sáttmála prestdæmisins lýst, **K&S** 84:33–42. Prestdæmið hefur haldist gegnum ættlegg feðra yðar, **K&S** 86:8. Í kirkjunni eru tvö prestdæmi, **K&S** 107:1. Hið fyrra er Hið heilaga prestdæmi eftir reglu Guðssonarins, **K&S** 107:2–4. Réttur prestdæmisins er óaðskiljanlega tengdur krafti himins, **K&S** 121:36. Engu valdi eða áhrifum er hægt eða ætti að beita af hendi prestdæmisins, heldur með fortölum einum og fölskvalausri ást, **K&S** 121:41. Sérhver verðugur karlkyns meðlimur kirkjunnar getur hlotið prestdæmið, **OY** 2.

Vér trúum að maður verði að vera kallaður af Guði, **TA** 1:5.

Prestdæmi, Arons. *Sjá* Aronsprestdæmið

Prestdæmi, Levís. *Sjá* Aronsprestdæmið

Prestdæmi, lyklar þess. *Sjá* Lyklar prestdæmisins

Prestdæmi, Melkisedeks. *Sjá* Melkisedeksprestdæmi

Prestdæmi, vígsla. *Sjá* Vígja, vígsla

Prestur, Aronsprestdæmi. *Sjá einnig* Aron, bróðir Móse; Aronsprestdæmið; Háprestur

Embætti í Aronsprestdæminu. Til forna var æðsta embætti prestdæmis Levís einungis skipað Aron og afkomendum hans. Þegar Kristur uppfyllti Mósélogmálið var þessi takmörkun afnumin.

Skyldum prests í endurreistri kirkjunni er lýst í, **K&S** 20:46–52.

Prestur, Melkisedeksprestdæmi.

Sjá einnig Háprestur; Melkisedeksprestdæmi

Maður sem framkvæmir trúarathafnir fyrir aðra og sem beinast að Guði. Alengt er að í ritningunum séu prestar raunverulega háprestar að hætti Melkisedeks (Al 13:2). Þeir sem meðtaka fyllingu dýrðar Guðs eftir upprisuna verða prestar og konungar í himneska ríkinu.

Melkisedek var prestur hins hæsta Guðs, **1 Mós** 14:18. Þú ert prestur að eilífu, að hætti Melkisedeks, **Sálm** 110:4 (Hebr 5:6; 7:17, 21).

Og hann gjörði oss að konungsríki og prestum, Guði sínum og föður til handa, **Op** 1:6 (Op 5:10; 20:6).

Minnst þess að Drottinn vígði presta eftir sinni heilögu reglu, **Al** 13:1–20.

Þeir sem koma fram í upprisun hinna réttlátu eru prestar og konungar, **K&S** 76:50, 55–60.

Prédika. *Sjá einnig* Fagnaðarerindi; Trúboðsverk

Að flytja boðskap sem veitir betri skilning á reglum fagnaðarerindisins eða kenningu.

Drottinn hefur smurt mig til að flytja nauðstöddum gleðilegan boðskap, **Jes** 61:1 (Lúk 4:16–21). Legg af stað og far til Níníve og flyt henni boðskap, **Jónas** 3:2–10.

Upp frá þessu tekur Jesús að prédika, **Matt** 4:17. Farið út um allan heim og prédikið fagnaðarerindið öllu mannkyni, **Mark** 16:15. Vér prédikum Krist krossfestan, **1 Kor** 1:22–24. Hann fór og

prédikaði fyrir öndunum í varðhaldi, **1 Pét 3:19**.

Ekkert dugði nema prédikanir og að ýta við þeim án afláts til að halda þeim í ótta við Drottin, **Enos 1:23**. Hann mælti svo fyrir, að þeir skyldu ekkert annað prédika en iðrun og trú á Drottin, **Mósía 18:20**. Prédikun orðsins hafði mikil áhrif á fólk í réttlætisátt, **AI 31:5**.

Teldu þér ekki trú um að þú sért kallaður til að prédika fyrr en þú ert kallaður, **K&S 11:15**. Engum skal leyft að fara og prédika nema hann sé vígður, **K&S 42:11**. Þetta fagnaðarerindi skal prédikað sérhverri þjóð, **K&S 133:37**.

Fagnaðarerindið var prédikað allt frá upphafi, **HDP Móse 5:58**.

Prédikarinn

Bók í Gamla testamenti sem hefur að geyma hugleiðingar um sum stærstu vandamál lífsins.

Höfundur bókarinnar, prédikarinn, ritar mikinn hluta bókarinnar frá sjónarhorni þeirra sem ekki skilja fagnaðarerindið. Hann ritar í samræmi við tilfinningu fólks í heiminum — þeirra „undir sólinni“ (Préd 1:9). Mikill hluti bókarinnar virðist neikvæður og bölsýnn (Préd 9:5, 10). Drottinn mundi ekki vilja að við skynjuðum lífið á þann hátt, heldur hefur prédikarinn séð hvernig óupplýstu fólk koma hlutirnir fyrir sjónir. Andlegustu hlutar bókarinnar eru kapitular 11 og 12, en þar kemst höfundurinn að þeirri niðurstöðu að hið eina sem hafi varanlegt gildi sé hlýðni við boðorð Guðs.

Rafael. *Sjá einnig* Englar

Engill Drottins sem tók þátt í endur-reisn allra hluta (K&S 128:21).

Rakel. *Sjá einnig* Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, eiginkona Jakobs (1 Mós 29–31; 35). Hún var móðir Jósefs og Benjamíns

Rameumptom

Í Mormónsbók, hár pallur sem

Sóramítar, fráhverfir Nefítar, báðust fyrir á (AI 31:8–14, 21).

Ranglátur, ranglæti. *Sjá einnig* Myrkur, andlegt; Óguðlegur; Óhreinindi; Óréttlátur, óréttlæti; Synd

Illt, siðlaust; að óhlýðnast boðum Guðs.

Hvernig skyldi ég þá aðhafast þessa miklu óhæfu og syndga á móti Guði, **1 Mós 39:7–9**. Drottinn er fjarlægur óguðlegum, en bæn réttláttra heyrir hann, **Okv 15:29**. Þegar óguðlegir drottna andvarpar þjóðin, **Okv 29:2** (K&S 98:9).

Útrýmið hinum vonda úr yðar hópi, **1 Kor 5:13**. Baráttan sem vér eigum í er við heimsdrottinara þessa myrkurs, **Ef 6:12**.

Yfirgefið hina ranglátu og snertið ekki við þeirra óhreinu hlutum, **AI 5:56–57** (K&S 38:42). Þetta er lokahlutskipti hinna ranglátu, **AI 34:35** (AI 40:13–14). Aldrei hefur hamingja falist í ranglæti, **AI 41:10**. Með hinum ranglátu er hinum ranglátu refsað, **Morm 4:5** (K&S 63:33).

Á þeirri stundu verður algjör aðskilnaður hinna réttlátu og hinna ranglátu, **K&S 63:54**.

Þá koma endalok hinna ranglátu, **JS — M 1:55**.

Rauðahafið. *Sjá einnig* Móse

Sjórinn milli Egyptalands og Arabíu. Tveir nyrðri flóar hafsins afmarka strönd Sínaískagans. Drottinn aðgreindi Rauðahafið með undursamlegum hætti svo að Ísraelsmenn undir stjórn Móse gætu farið yfir á þurru (2 Mós 14:13–31; Hebr 11:29). Aðgreining Móse á hafinu er staðfest með síðari daga opinberun (1 Ne 4:2; He 8:11; K&S 8:3; HDP Móse 1:25).

Rád eða þing á himnum. *Sjá einnig* Endurlausnaráætlunin; Fortilvera; Stríð á himni

Sá atburður í fortilverunni þegar faðirinn kynnti áætlun sína þeim anda börnum sínum, sem fara mundu til þessarar jarðar.

Og allir guðssynir fögnuðu, **Job** 38:4-7. Ofar stjórnun Guðs vil ég reisa veldis-stól minn, **Jes** 14:12-13.

Þá hófst stríð á himni, **Op** 12:7-11.

Áður en þeir fæddust, hlutu þeir fyrstu kennslu sína í heimi andanna, **K&S** 138:56.

Satan gjörði uppreisn í fortílderunni, **HDP Móse** 4:1-4. Vitsmunaverur voru skipulagðar áður en heimurinn varð til, **Abr** 3:22. Guðirnir ráðguðu sín á milli, **Abr** 4:26. Guðirnir luku því verki sem þeir höfðu ráðgert, **Abr** 5:2.

Ráð hinna tólf. *Sjá* Postuli

Ráðgjöf. *Sjá einnig* Spámaður

Umvöndun, viðvörun, ráðgjöf og leiðbeiningar frá Drottni og vígðum leiðtogum hans.

Ég vil leggja þér ráð, **2 Mós** 18:19. Þú munt leiða mig eftir ályktun þinni, **Sálm** 73:24. Þar sem engin stjórn er, þar fellur þjóðin, **Okv** 11:14.

Farísear og lögvitringar gjörðu að engu áform Guðs, **Lúk** 7:30.

Gott er að vera lærður, ef hlítt er ráðum Guðs, **2 Ne** 9:29.

Hlustið á ráðleggingar hans, sem hefur vígt yður, **K&S** 78:2. Takið við ráðleggingum hans, sem ég hef útnefnt, **K&S** 108:1. Hann vill helst fylgja eigin ráðum í stað þess að hlíta þeim ráðum sem ég hef gefið, **K&S** 124:84. Hlítið ráðum þjóns míns Josephs, **K&S** 124:89. Ef einhver maður leitar ekki minna ráða, mun hann engan kraft hafa, **K&S** 136:19.

Ráðleggja

Í ritningunum er orðið notað um að gefa ráð eða leiðbeina.

Ég ræð þér, að þú kaupir af mér gull, skirt í eldi, **Op** 3:18.

Leitist ekki við að gefa Drottni ráð, **Jakob** 4:10. Hann ræður í visku öllum sínum verkum, **Al** 37:12.

Syndir yðar hafa borist upp til mín, vegna þess að þér leitist við að fara að eigin ráðum, **K&S** 56:14.

Ráðsmaður, ráðsmennska. *Sjá einnig* Köllun, kallaður af Guði

Sá sem sér um málefni eða eignir annarra. Það sem ráðsmaður sér um nefnist ráðsmennska. Allir hlutir á jörðu tilheyra Drottni; við erum ráðsmenn hans. Við berum ábyrgð gagnvart Drottni, en við getum gefið skýrslu um ráðsmennsku okkar til fulltrúa sem hafa valdsumboð frá Guði. Þegar við tökum við þjónustuköllun frá Guði eða útvöldum þjónunum hans, getur sú ráðsmennska falið í sér bæði andleg og stundleg málefni (**K&S** 29:34).

Yfir litlu varstu trúr, yfir mikið mun ég setja þig, **Matt** 25:14-23. Hver sem mikið er gefið, verður mikils krafinn, **Lúk** 12:48 (**K&S** 82:3). Jesús sagði dæmisöguna um rangláta þjóninn, **Lúk** 16:1-8.

Hver sá, sem reynist trúr, réttvís og vitur ráðsmaður, skal ganga inn til fagnaðar Drottins síns, **K&S** 51:19. Drottinn krefst þess af hendi sérhvers ráðsmanns, að hann gjöri grein fyrir ráðsmennsku sinni, **K&S** 72:3-5. Sá sem er trúr og hygginn ráðsmaður, mun erfa alla hluti, **K&S** 78:22. Drottinn gjörir sérhvern mann ábyrgan sem ráðsmann jarðneskra blessana, **K&S** 104:11-17 (**K&S** 42:32). Vertu kostgæfinn svo þú verðir hygginn ráðsmaður, **K&S** 136:27.

Ráðstöfunartími. *Sjá einnig*

Endurreisn fagnaðarerindisins; Fagnaðarerindi; Lyklar prestdæmisins; Prestdæmi

Ráðstöfunartími fagnaðarerindis er tímabil þegar Drottinn hefur a. m. k. einn þjón á jörðu, sem hefur lykla hins helga prestdæmis.

Adam, Enok, Nói, Abraham, Móse, Jesús Kristur, Joseph Smith og aðrir hafa hver um sig hafið nýjan ráðstöfunartíma fagnaðarerindisins. Þegar Drottinn skipuleggur ráðstöfunartíma, er fagnaðarerindið opinberað á ný svo að fólk þess ráðstöfunartíma þurfi ekki að treysta á eldri ráðstöfunartíma varðandi þekkingu á sálhjálpárætluninni. Ráðstöfunartíminn sem hófst með Joseph

Smith nefnist „ráðstöfunartími í fyllingu tímanna.“

Guð himnanna hóf ríki, **Dan** 2:44 (K&S 65).

Á efstu dögum mun ég úthella anda mínum yfir alla menn, **Post** 2:17 (Jóel 2:28). Kristur verður á himnum allt til þess tíma, þegar Guð endurreisir alla hluti, **Post** 3:21. Í fyllingu tímans mun Guð safna öllu undir eitt höfuð í Kristi, **Ef** 1:10.

Ég mun stofna kirkju mína meðal þeirra, **3 Ne** 21:22.

Drottinn fól þeim lykila ríkis síns og ráðstöfun fagnaðarerindisins fyrir síðustu tímanna, **K&S** 27:13. Lyklar þessa ráðstöfunartíma eru seldir yður í hendur, **K&S** 110:12–16. Allir lyklar fyrir ráðstöfunartíma hafa verið endurreistir á ráðstöfunartíma í fyllingu tímanna, **K&S** 128:18–21.

Ráðvendi. *Sjá einnig* Heiðarlegur, heiðarleiki; Réttlátur, réttlæti

Réttlæti, heiðarleiki og einlægni.

Þar til ég gef upp andann, læt ég ekki taka frá mér sakleysi mitt, **Job** 27:5. Réttlátur maður gengur fram í ráðvendi sinni, **Okv** 20:7.

Þetta voru menn, sem alltaf voru trúir því, sem þeim var treyst fyrir, **Al** 53:20.

Drottinn elskaði Hyrum Smith fyrir einlægni hjarta hans, **K&S** 124:15.

Rebekka. *Sjá einnig* Ísák

Eiginkona Ísaks, patriárka í Gamla testamenti (1 Mós 24–27). Rebekka var móðir Esaú og Jakobs (1 Mós 25:23–26).

Regnbogi. *Sjá einnig* Flóðið á dögum Nóa; Nói, patriarki í Biblíunni; Örkin

Merki eða tákn um sáttmála Guðs við Nóa (1 Mós 9:13–17). ÞJS, 1 Mós 9:21–25 (Viðauki) greinir frá því að sáttmálinn feli í sér loforð um að jörðin muni aldrei framfar þakin vatnsflóði, að Sion Enoks komi aftur og að Drottinn muni koma aftur til að dvelja á jörðu

Regúel. *Sjá* Jetró

Rehabeam. *Sjá einnig* Salómon

Í Gamla testamenti, sonur Salómons konungs. Hann tók við af föður sínum og ríkti í Jerúsalem í sautján ár (1 Kon 11:43; 14:21, 31). Á stjórnartíð Rehabeams klofnaði konungdæmið í konungsríkið Ísrael í norðri og konungsríkið Júdeu í suðri (1 Kon 11:31–36; 12:19–20). Rehabeam ríkti í konungsríkinu Júdeu.

Reiði. *Sjá einnig* Elsa, ást; Hata, hatur

Reiði er útrás skaphita. Drottinn hvatti hina heilögu til að hafa stjórn á reiði sinni (Matt 5:22). Hvorki foreldrar né börn ættu að misbjóða öðrum í fjölskyldunni. Í ritningunum er reiðinni oft líkt við eld (2 Ne 15:25; K&S 1:13).

Þá reiddist Kain ákaflega og varð niðurlútur, **1 Mós** 4:5. Drottinn er öllum góður, og miskun hans er yfir öllu, **Sálm** 145:9. Mjúklegt andsvar stöðvar bræði, **Okv** 15:1. Bráðlyndur maður vekur deilur, en sá sem seinn er til reiði, stillir þrætu, **Okv** 15:18 (Okv 14:29). Fyrir sakir nafns míns sefa ég reiði mína, **Jes** 48:9. Ég hef rétt út hendur mínar til fólks sem reitir mig stöðuglega til reiði, **Jes** 65:2–3.

Slái einhver þig á hægri kinn, þá bjóð honum einnig hina, **Matt** 5:39. Þér feður, reitið ekki börn yðar til reiði, **Ef** 6:4.

Þið eruð mér reiðir vegna þess að ég hef sagt ykkur sannleikann, **Mósía** 13:4. Ég mun vitja þessa fólks í bræði minni, **Al** 8:29.

Gegn engum tendrast heilög reiði hans, nema þeim, sem ekki játa hönd hans í öllu, **K&S** 59:21. Ég Drottinn, er reiður hinum ranglátu, **K&S** 63:32.

Réttlátur, réttlæti. *Sjá einnig* Boðorð

Guðs; Ganga, ganga með Guði; Óréttlátur, óréttlæti; Ranglátur, ranglæti; Ráðvendi; Verðugur, verðleiki

Að vera sannur, heilagur, dyggðugur, ráðvundur; starfa í hlýðni við boðorð Guðs; forðast synd.

Drottinn blessar hinn réttláta,

Sálm 5:13. Augu Drottins hvíla á réttlátum, **Sálm** 34:16, 18 (1 Pét 3:12). Þegar réttlátum fjölgar, gleðst þjóðin, **Okv** 29:2 (K&S 98:9–10).

Sælir eru þeir, sem hungrar og þyrstir eftir réttlætinu, **Matt** 5:6 (3 Ne 12:6). Leitið fyrst ríkis Guðs og réttlætis hans, **Matt** 6:33. Hinir réttlátu fara til eilífs lífs, **Matt** 25:46. Kröftug bæn réttláts manns megnar mikið, **Jakb** 5:16.

Hinn réttláti nýtur náðar Guðs, **1 Ne** 17:35. Hann mun varðveita hina réttlátu, þeir þurfa því ekki að óttast, **1 Ne** 22:17, 22. Satan mun ekkert vald hafa vegna réttlætis fólks Drottins, **1 Ne** 22:26. Sé ekkert réttlæti til þá er heldur engin hamingja til, **2 Ne** 2:13. Hinir réttlátu munu erfa Guðs ríki, **2 Ne** 9:18. Hinir réttlátu hræðast ekki sannleikans orð, **2 Ne** 9:40. Allt mannkyn þarf að hverfa í faðm réttlætisins, **Mósía** 27:25–26. Nöfn hinna réttlátu skulu færð í bók lífsins, **Al** 5:58. Þér hafið leitað hamingjunnar í misgjörðum, sem er andstætt eðli réttlætis, **He** 13:38.

Söngur hinna réttlátu er bæn til mín, **K&S** 25:12. Standið klæddir brynju réttlætisins, **K&S** 27:16 (Ef 6:14). Dauði hinna réttlátu verður þeim ljúfur, **K&S** 42:46. Hinir réttlátu munu safnast saman frá öllum þjóðum, **K&S** 45:71. Menn ættu að koma miklu réttlæti til leiðar af frjálsum vilja sínum, **K&S** 58:27. Sá sem vinnur réttlætisverk hlýtur frið í þessum heimi og eilíft líf í komanda heimi, **K&S** 59:23. Við síðari komuna verður algjör aðskilnaður hinna réttlátu og hinna ranglátu, **K&S** 63:54. Krafti himins verður aðeins stórnað og beitt eftir reglum réttlætisins, **K&S** 121:36. Meðal hinna réttlátu ríkti friður, **K&S** 138:22.

Þjóð Sionar lifði í réttlæti, **HDP Móse** 7:18. Abraham var fylgjandi réttlætisins, **Abr** 1:2.

Réttlætning, réttlæta. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþægning; Lausn frá synd

Að vera leystur undan refsingu fyrir synd og yfirlýstur án sakar. Maðurinn er réttlætur fyrir náð frelsarans með

trú á hann. Sú trú er sýnd með iðrun og hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins. Friðþægning Jesú Krists gjörir mannkyni kleift að iðrast og fá réttlætningu eða lausn undan refsingu sem það yrði að öðrum kosti að gangast undir.

Allir Ísraelsniðjar skulu réttlætast fyrir Drottin, **Jes** 45:25.

Ekki eru heyrendur lögmálsins réttlættir fyrir Guði, heldur gjörendur, **Róm** 2:13. Maðurinn er réttlætur fyrir blóð Krists, **Róm** 5:1–2, 9. Þér eruð réttlættir fyrir nafn Drottins Jesú Krists, **1 Kor** 6:11. Réttlættir fyrir náð hans verðum vér erfingjar, **Títus** 3:7. Réttlættist ekki Abraham faðir vor af verkum, **Jakbr** 2:21. Maðurinn réttlættist af verkum og ekki af trú einni saman, **Jakbr** 2:14–26.

Samkvæmt lögmálinu réttlættist ekkert hold, **2 Ne** 2:5. Hinn réttláti þjónn minn mun réttlæta marga, því hann mun bera misgjörðir þeirra, **Mósía** 14:11 (Jes 53:11). Gætuð þér sagt að klæði yðar hafi verið hreinsuð vegna Krists, **Al** 5:27.

Réttlætning fyrir náð Jesú Krists er sönn, **K&S** 20:30–31 (K&S 88:39).

Með andanum eruð þér réttlættir, **HDP Móse** 6:60.

Réttvísi. *Sjá einnig* Friðþægja, friðþægning; Miskunnssamur, miskunnsami

Óbrigðul afleiðing blessana fyrir réttvísa hugsun og gerðir og refsing fyrir syndir sem ekki er iðrast af. Réttvísi er eilíft lögmál sem krefst endurgjalds í hvert sinn sem lögmál Guðs er brotið (Al 42:13–24). Syndarinn verður að greiða gjaldið ef hann iðrast ekki (Mósía 2:38–39; K&S 19:17). Ef hann iðrast greiðir frelsarinn gjaldið með friðþægningunni, skírskotar til miskunnseminnar (Al 34:16).

Sú sálin, sem syndgar, hún skal deyja, **Esek** 18:4. Hvað heimtar Drottinn annað af þér en að gjöra rétt, **Míka** 6:8.

Jesús er réttlátur og fyrirgefur oss syndirnar, **1 Jóh** 1:9.

Réttvísi Guðs greindi hina ranglátu

frá hinum réttlátu, **1 Ne** 15:30. Friðþægingin fullnægir kröfum réttvísi hans, **2 Ne** 9:26. Allt mannkyn er fallið og í greipum réttvísinnar, **Al** 42:14. Friðþægingin fullnægir kröfum réttvísinnar, **Al** 42:15. Telur þú að miskunnsemin geti rænt réttvísina, **Al** 42:25. Réttvísi Guðs vofir yfir þér ef þú iðrast ekki, **Al** 54:6.

Réttvísi og dómur er refsingin sem bundin er lögmáli mínu, **K&S** 82:4. Réttvísinn heldur stefnu sinni og gjörir kröfu til þess sem hennar er, **K&S** 88:40. Enginn skal undanþeginn réttvísi og lögmálum Guðs, **K&S** 107:84.

Rifrildi. Sjá Deilur

Ritningar. *Sjá einnig* Biblía; Helgiritin; Hin dýrmæta perla; Kenning og sáttmálar; Mormónsbók; Orð Guðs

Orð, bæði rituð og töluð, af heilögum guðsmönnum þegar þeir eru undir áhrifum heilags anda. Hin opinberu, viðurkenndu helgirit kirkjunnar samanstanda í dag af Biblíunni, Mormónsbók, Kenningu og sáttmálum og Hinni dýrmætu perlu. Jesús ásamt höfundum Nýja testamentis litu á bækur Gamla testamentis sem ritningar (**Matt** 22:29; **Jóh** 5:39; **2 Tím** 3:15; **2 Pét** 1:20–21). Sjá einnig *Tímatál* í Viðaukanum.

Brann ekki hjartað í okkur meðan hann lauk upp fyrir okkur ritningunum, **Lúk** 24:32. Þér rannsakið ritningarnar, því í þeim hyggist þér eiga eilíft líf, og það eru þær sem vitna um mig, **Jóh** 5:39.

Orð Krists mun segja yður að fullu, hvað yður ber að gjöra, **2 Ne** 32:3. Eins margir þeirra og leiddir hafa verið til trúar á heilagar ritningar, eru ákveðnir og staðfastir í trúnni, **He** 15:7–8.

Þeir sem deila um ritningarnar fara villur vegar og skilja þær ekki, **K&S** 10:63. Þessi orð eru ekki frá mönnum, né frá nokkrum manni komin, heldur frá mér, **K&S** 18:34–36. Veiting Mormónsbókar sannar heiminum að hinar heilögu ritningar eru sannar, **K&S** 20:2, 8–12. Helgið tíma yðar því að nema ritningarnar, **K&S** 26:1. Ritningarnar eru

gefnar hinum heilögu til leiðsagnar, **K&S** 33:16. Ritningarnar eru gefnar til hjálpraðis mínum kjörnu, **K&S** 35:20. Kennið grundvallarreglur fagnaðar-erindis míns, sem eru í Biblíunni og Mormónsbók, **K&S** 42:12. Lögmál mín varðandi þetta eru gefin í ritningum mínum, **K&S** 42:28. Allt sem þeir segja, hvattir af heilögum anda, er ritning, **K&S** 68:4.

Glataðar ritningar: Margra helgra rita er getið í ritningunum sem ekki finnast í dag, á meðal þeirra eru þessar bækur og höfundar: Sáttmálsbókin (2 Mós 24:7), bókin um bardaga Drottins (4 Mós 21:14), Bók hinna réttlátu (Jós 10:13; 2 Sam 1:18), Annálar Salómóns (1 Kon 11:41), Saga Samúels sjáanda (1 Kro 29:29), Saga Natans spámanns (2 Kro 9:29), Saga Semaja spámanns (2 Kro 12:15), Skýringar Iddós spámanns (2 Kro 13:22), Saga Jehú Hananisonar (2 Kro 20:34), Saga sjáendanna (2 Kro 33:19), Enok (Júd 1:14), Orð Senokks, Neums og Senosar (1 Ne 19:10), Senos (Jakob 5:1), Senokk og Esías (He 8:20) og minningabók (HDP Móse 6:5); og bréf til Korintumanna (1 Kor 5:9), til Efesusmanna (Ef 3:3), bréf frá Laódíkeu (Kól 4:16) og til Júdasar (Júd 1:3).

Ritningar sem varðveita ber: Við fáum þessar heimildaskrár, svo að við fáum varðveitt orð spámannanna, **1 Ne** 3:19–20. Þessar töflur skyldi ég varðveita, **Jakob** 1:3. Þessa hluti hefur hönd Guðs geymt og varðveitt, **Mósía** 1:5. Gættu þess, að varðveita þessa heilögu hluti, **Al** 37:47.

Ritningar mínar skulu örugglega varðveittar, **K&S** 42:56.

Beittu öllu þreki þínu til að varðveita þær, **JS — S** 1:59.

Gildi ritninganna: Þú skalt lesa lögmál þetta fyrir öllum Ísrael, **5 Mós** 31:10–13. Eigi skal lögmálsbók þessi víkja úr munni þínum, **Jós** 1:8. Lögmál Drottins er lýtalaust, hressir sálina, **Sálm** 19:8. Þitt orð er lampi fóta minna, **Sálm** 119:105.

Ritningarnar vitna um mig, **Jóh** 5:39. Sérhver ritning er innblásinn af Guði

og nytsöm til fræðslu, til leiðréttingar, **2 Tím** 3:15–16.

Ég tileinkaði okkur allar ritningargreinarnar, svo að þær yrðu okkur til gagns og fróðleiks, **1 Ne** 19:23. Sál mín hefur unun af ritningunum, **2 Ne** 4:15–16. Vér ritum af kappi til að hvetja börn vor og bræður vora til að trúa á Krist, **2 Ne** 25:23. Fólkið tók að lesa ritningarnar, en hlýddi ekki lengur orðum þessa rangláta manns, **Jakob** 7:23 (Al 14:1). Án þessarar taflna hefðum við þjáðst í vanþekkingu, **Mósía** 1:2–7. Þeir höfðu kynnt sér ritningarnar gaumgæfilega til þess að öðlast þekkingu á orði Guðs, **Al** 17:2–3. Ritningunum er haldið til haga til þess að koma til leiðar hjálpræði margra sálna, **Al** 37:1–19 (2 Ne 3:15). Orð Guðs leiðbeinir manni Krists, **He** 3:29.

Allt sem þeir segja, hvattir af heilögum anda er ritning og kraftur Guðs til sálhjálp, **K&S** 68:4. Prentið fyllingu ritninga minna í þeim tilgangi að byggja upp kirkju mína og undirbúa fólk mitt, **K&S** 104:58–59.

Hver sem varðveitir mitt orð, mun ekki láta blekkjast, **JS — M** 1:37.

Spáð um að ritningar komi fram: Jesaja spáði fyrir að Mormónsbók kæmi fram, **Jes** 29:11–14. Tak þér staf og rita á hann, Júda, **Esek** 37:15–20.

Aðrar bækur munu koma fram, **1 Ne** 13:39. Þér þurfið ekki að ætla að Biblían innihaldi öll orð mín, **2 Ne** 29:10–14. Takið á móti fagnaðarerindi Krists, sem lagt verður fyrir yður í þeim heimildum sem fram munu koma, **Morm** 7:8–9. Blessaður sé sá, sem leiðir þetta fram í ljósið, **Morm** 8:16. Rita þetta, en ég mun sýna það þegar mér hentar, **Et** 3:27 (Et 4:7).

Vér trúum að hann muni enn opinbera magna hluti, **TA** 1:9.

Ritningar, týndar. *Sjá* Ritningar — Glataðar ritningar

Ríki Guðs eða ríki himna. *Sjá einnig* Himnesk dýrð; Kirkja Jesú Krists

Ríki Guðs á jörðu er Kirkja Jesú Krists

hinna Síðari daga heilögu (K&S 65). Tilgangur kirkjunnar er að búa meðlimi hennar undir að lifa eilíflega í himneska ríkinu eða himnaríki. Samt sem áður nefna ritningarnar kirkjuna stundum ríki himna og er þá átt við að kirkjan sé ríki himna á jörðu.

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er ríki Guðs á jörðu, en það er nú um skeið takmarkað við kirkjulegt ríki. Á tímabili þúsundarárísins verður ríki Guðs bæði stjórnmáleglegt og kirkjulegt.

Drottinn er konungur um aldur og ævi, **Sálm** 10:16 (Sálm 11:4). Guð himnanna mun hefja ríki, sem aldrei skal á grunn ganga, **Dan** 2:44 (K&S 138:44).

Gjörrið iðrun, himnaríki er í nánd, **Matt** 3:2 (Matt 4:17). Til komi þitt ríki, verði þinn vilji, svo á jörðu sem á himni, **Matt** 6:10. Leitið fyrst Guðs ríkis, **Matt** 6:33 (3 Ne 13:33). Ég mun fá þér lykla himnaríkis, **Matt** 16:19. Komið, takið að erfð ríkið, sem yður var búið, **Matt** 25:34. Þegar ég tek sakramenti með yður í ríki föður míns, **Matt** 26:26–29. Þér munuð sjá alla spámennina í Guðs ríki, **Lúk** 13:28. Ranglátir munu ekki Guðs ríki erfa, **1 Kor** 6:9. Hold og blóð getur eigi erfð Guðs ríki, **1 Kor** 15:50.

Leitið fyrst Guðs ríkis, áður en þér leitið auðæfanna, **Jakob** 2:18. Ekkert óhreint getur erfð ríki himins, **Al** 11:37.

Þér megið hvílast með þeim í ríki föður míns, **K&S** 15:6. Yður hafa verið gefnir lykklar kirkjunnar, **K&S** 42:69 (K&S 65:2). Megi ríki Guðs breiðast út, svo að ríki himins megi koma, **K&S** 65:5–6. Lyklar þessa ríkis skulu aldrei frá þér teknir, **K&S** 90:3. Hver sem tekur á móti þér eins og lítið barn, tekur á móti ríki mínu, **K&S** 99:3. Svo mun kirkja mín nefnd á síðustu dögum, já, Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, **K&S** 115:4. Himnarnir lukust upp og ég sá hið himneska ríki Guðs, **K&S** 137:1–4.

Ríkur, ríkiðæmi. *Sjá* Auðugur, auður

Rógburður. *Sjá* Illt umtal

Rómaborg

Rómaborg. *Sjá einnig Rómaveldi*

Í Nýja testamenti, höfuðborg Rómaveldis, staðsett við ána Tíber á Ítalíu (Post 18:2; 19:21; 23:11). Páll kenndi fagnaðarerindið þegar hann var fangi rómverskra stjórnvalda (Post 28:14–31; Róm 1:7, 15–16).

Rómaveldi. *Sjá einnig Rómaborg*

Veldi hinnar fornu Rómaborgar. Á tíma postulanna var Rómaveldi eina stórveldi jarðar. Það náði yfir allt svæðið frá Efrat til Dónár, Rínar, Atlantshafs, og til Sahara eyðimerkur. Palestína varð hjálenda 63 f.Kr., þegar Pompei tók Jerúsalem. Þrátt fyrir að Rómverjar veittu Gyðingum ýmis sérréttindi, hötuðust Gyðingar við yfirráð Rómverja og voru sífellt í uppreisnarhug.

Páll, rómverskur borgari, notaði grísku, útbreiddasta mál stórveldisins, til þess að breiða út fagnaðarerindið innan þess.

Gjaldið keisaranum það, sem keisarsans er, **Matt** 22:17–22. Páll hélt fram réttindum sínum sem rómverskur borgari, **Post** 16:37–39 (Post 22:25–29).

Rómverjabréfið. *Sjá einnig Bréf Páls postula; Páll*

Í Nýja testamenti, bréf sem Páll reit hinum heilögu í Rómaborg. Hann hafði í huga að sækja Jerúsalem heim, en það hlaut að verða hættuspil. Ef hann slyppi lifandi vonaðist hann til að geta að því loknu heimsótt Rómaborg. Að hluta til var tilgangur bréfsins að búa söfnuðinn þar undir komu hans. Einnig má lita svo á að bréfið feli í sér yfirlýsingar um ákveðnar kenningar sem umdeildar höfðu verið en sem Páll leit nú á sem sannreyndar.

Kapítuli 1 geymir kveðjur Páls til Rómverja. Kapítular 2–11 hafa að geyma nokkrar yfirlýsingar varðandi kenningu um trú, verk og náð. Kapítular 12–16 geyma hagnýta fræðslu um kærleik, skyldur og heilagleika.

Rut. *Sjá einnig Bóas*

Í Gamla testamenti, Móabíti og tengdadóttir Naómís og Elímeleks, sem voru Ísraelsk. Eftir lát eiginmanns síns giftist Rut ættingja Naómís, Bóasi. Sonur þeirra Óbeð varð forfaðir Davíðs og Krists. Sagan af Rut segir fagra sögu af því hvernig manneskja utan samfélags Ísraelsmanna er tekin inn í samfélag þeirra. Rut lét af fyrri trú sinni og fyrri líferni til að sameinast samfélagi trúarinnar í þjónustu við Guð Ísraels (Rut 1:16).

Rutarbók: Kapítuli 1 lýsir lífsháttum Elímeleks og fjölskyldu hans í Móab. Eftir lát eiginmannanna héldu Naómí og Rut til Betlehem. Kapítuli 2 segir frá því að Rut safnaði kornöxum á akri Bóasar. Kapítuli 3 segir frá því að Naómí ráðlagði Rut að fara að þreskigólfinu og hvilast við fætur Bóasar. Kapítuli 4 er frásagan af giftingu Rutar og Bóasar. Þau eignuðust son, Óbeð, en beinir afkomendur hans voru Davíð og Kristur.

Rúben. *Sjá einnig Ísrael; Jakob, sonur Ísaks*

Í Gamla testamenti, elsti sonur Jakobs og Leu (1 Mós 29:32; 37:21–22, 29; 42:22, 37). Þótt Rúben væri frumburður, glataði hann frumburðarréttinum vegna syndar (1 Mós 35:22; 49:3–4).

Ættkvísl Rúbens: Blessun Jakobs til Rúbens er að finna í 1 Mós 49:3 og í 5 Mós 33:6. Smátt og smátt fækkaði í kynkvíslinni og þótt ættkvíslin væri við lýði missti hún stjórnarfarlegt mikilvægi. Frumburðarréttur Rúbens hvarf til Jósefs og sona hans vegna þess að Jósef var frumburður síðari konu Jakobs, Rakelar (1 Kro 5:1–2).

Rödd. *Sjá einnig Opinberun*

Eins og orðið er notað í ritningunum, stundum heyrnlegur boðskapur talaður af Drottini eða sendiboðum hans. Rödd andans getur einnig verið óheyrnleg og beinst að hjarta eða huga.

Adam og Eva heyrðu rödd Drottins Guðs, **1 Mós** 3:8 (HDP Móse 4:14).

Drottinn ræddi við Elía hljóðlátri röddu, **1 Kon** 19:11–13.

Hinir réttlátu fylgja rödd góða hirðsins, **Jóh** 10:1–16. Hver sem er af sannleikanum heyrir rödd mína, **Jóh** 18:37.

Ég hlýddi rödd andans, **1 Ne** 4:6–18. Rödd kom til mín og sagði: Enos, syndir þínar eru fyrirgefna, **Enos** 1:5. Það var hljóðlát rödd, full af mildi, sem hvísl, er smaug inn í sjálfa sálinu, **He** 5:29–33 (3 Ne 11:3–7).

Hvort sem það er sagt með minni eigin rödd eða með rödd þjóna minna, það gildir einu, **K&S** 1:38. Allt sem þeir segja, hvattir af heilögum anda, skal vera rödd Drottins, **K&S** 68:2–4. Sérhver sál sem hlýðir rödd minni, mun sjá ásjónu mína og vita að ég er, **K&S** 93:1.

Saddúkear. *Sjá einnig* Gyðingar

Fámennur en pólitískt áhrifamikill hópur meðal Gyðinga. Þeir eru líklega þekktastir fyrir ósveigjanlega trú á hlýðni við bókstaf Móselögmáls og fyrir að neita tilvist anda og engla og einnig kenningunni um upprisuna og eilíft líf (Mark 12:18–27; Post 4:1–3; 23:7–8).

Sadrak. *Sjá einnig* Daníel

Í Gamla testamentinu, Sadrak, Mesak og Abed-Negó voru þrjú ísraelsk ungmenni, sem ásamt Daníel voru færð til hallar Nebúkadnesars Babýloníukonungs. Hebreskt nafn Sadraks var Hananja. Ungmennin fjögur neituðu að saurga sig með því að neyta kjöts og víns konungs (Dan 1). Sadrak, Mesak og Abed-Negó var varpað í glóandi eldofn af konungi, en þeir voru varðveittir á undraverðan hátt (Dan 3).

Sakaría

Í Gamla testamenti, spámaður sem starfaði um 520 f.Kr. Hann var uppi á sama tíma og spámaðurinn Haggái (Esra 5:1; 6:14).

Bók Sakaríá: Bókin er fræg fyrir spádóma um jarðneska þjónustu Krists og síðari komu hans (Sak 9:9; 11:12–13; 12:10; 13:6). Kapítular 1–8 geyma röð sýna úr

fram tíð þjóðar Guðs. Kapítular 9–14 greina frá sýnum varðandi Messías, síðari daga, samansöfnun Ísraels, lokastríðið mikla og síðari komuna.

Sakaría. *Sjá einnig* Elísabet; Jóhannes skírari

Í Nýja testamenti, faðir Jóhannesar skírara. Sakaría var starfandi prestur og þjónaði í musterinu.

Sakaría var drepinn milli altarisins og musterisins, **Matt** 23:35 (Lúk 11:51). Engillinn Gabríel lofaði Sakaría og konu hans, Elísabetu, syni, **Lúk** 1:5–25 (**K&S** 27:7). Tunga hans var leyst, **Lúk** 1:59–79.

Sakleysi, saklaus

Flekklaus eða syndlaus.

Fyrir fallið lifðu Adam og Eva í sakleysi, **2 Ne** 2:23. Blóð hinna saklausu mun standa sem vitnisburður, **Al** 14:11.

Sérhver andi mannsins var saklaus í upphafi, **K&S** 93:38. Hinir saklausu skulu ekki dæmdir með hinum ranglátu, **K&S** 104:7. Joseph og Hyrum Smith voru sýknir allra saka, **K&S** 135:6–7.

Börn eru hrein frá grundvöllun veraldar, **HDP Móse** 6:54.

Sakramenti. *Sjá einnig* Brauð lífsins; Fórn; Friðþægja, friðþægning; Jesús Kristur; Kross; Lifandi vatn; Síðasta kvöldmáltíðin; Skírn, skíra

Fyrir Síðari daga heilaga, táknar *sakramenti* helgiathöfnina að meðtaka brauð og vatn í minningu friðþægingarfórnar Krists. Brotna brauðið táknar brotið hold hans; vatnið er tákn um blóðið sem hann úthelti til þess að friðþægja fyrir syndir okkar (1 Kor 11:23–25; **K&S** 27:2). Þegar verðugir meðlimir kirkjunnar taka sakramentið, heita þeir að taka á sig nafn Krists, hafa hann ætíð í huga og halda boðorð hans. Með þessari helgiathöfn endurnýja meðlimir kirkjunnar skírarsáttmála sinn.

Við síðustu kvöldmáltíðina útskýrði Jesús helgiathöfn sakramentisins þegar hann mataðist með postulunum tólf (**Matt** 26:17–28; **Lúk** 22:1–20).

Jesús tók brauð og blessaði það; og hann tók bikarinn og færði þakkir, **Matt** 26:26–28 (Mark 14:22–24; Lúk 22:19–20). Sá sem etur hold mitt og drekkur blóð mitt, hefur eilíft líf, **Jóh** 6:54. Sá sem etur brauðið eða drekkur bikar Drottins óverðuglega, hann etur og drekkur sjálfum sér til dóms, **1 Kor** 11:27–29 (3 Ne 18:29).

Jesús fræddi Nefítalærisveinana tólf um sakramentið, **3 Ne** 18:1–11. Jesús sagði þessum lærisveinum að banna óverðugu fólki að meðtaka sakramentið, **3 Ne** 18:28–29 (Morm 9:29). Sakramentisbæinirnar eru gefnar, **Moró** 4–5 (K&S 20:75–79).

Prestur eða öldungur skal blessa sakramentið, **K&S** 20:46, 76. Kennarar og djáknar hafa ekki vald til að blessa sakramentið, **K&S** 20:58. Aðra vökva en vín má nota við sakramentið, **K&S** 27:1–4.

Salem. *Sjá einnig* Jerúsalem; Melkisedek

Borgin í Gamla testamenti sem Melkisedek réð fyrir. Vera má að hún hafi staðið þar sem nú er Jerúsalem. Nafnið *Salem* líkist mjög hebreska orðinu yfir „frið.“

Melkisedek konungur í Salem kom með brauð og vín, **1 Mós** 14:18.

Melkisedek konungur í Salem var prestur hins hæsta Guðs, **Hebr** 7:1–2.

Melkisedek var konungur yfir Salemslandi, **Al** 13:17–18.

Salómon. *Sjá einnig* Batseba; Davíð

Í Gamla testamenti, sonur Davíðs og Batsebu (2 Sam 12:24). Salómon var um skeið konungur í Ísrael.

Davíð útnefndi Salómon til konungs, **1 Kon** 1:11–53. Davíð hvatti Salómon til að ganga á vegum Drottins, **1 Kon** 2:1–9. Drottinn hét honum hyggnu og skynugu hjarta, **1 Kon** 3:5–15. Dæmdi milli tveggja mæðra og leysti úr hvor væri hin rétta móðir, **1 Kon** 3:16–28. Hann mælti fram orðskviðu og ljóð, **1 Kon** 4:32. Reisti musteri, **1 Kon** 6; 7:13–51.

Vígði musterið, **1 Kon** 8. Fékk heimsókn drottningarinnar af Saba, **1 Kon** 10:1–13. Salómon giftist útlendum konum sem sneru honum til átrúnaðar á falgúði, **1 Kon** 11:1–8. Drottinn reiddist Salómon, **1 Kon** 11:9–13. Lést, **1 Kon** 11:43. Davíð spáði fyrir um dýrd stjórnartíðar Salómons, **Sálm** 72.

Salómon tók sér margar eiginkonur og hjákonur, en sumar þeirra voru ekki meðtekna frá Drottni, **K&S** 132:38 (Jakob 2:24).

Salt

Notað sem mikilvægt efni til geymslu matar til forna; það var talið lífsnauðsynlegt.

Kona Lots varð að saltstólpa, **1 Mós** 19:26.

Þér eruð salt jarðar, **Matt** 5:13 (Lúk 14:34; 3 Ne 12:13).

Lítið er á sáttmálsþjóð Drottins sem salt jarðar, **K&S** 101:39–40. Séu hinir heilögu ekki mönnum frelsarar, eru þeir sem salt er dofnað hefur, **K&S** 103:9–10.

Sam. *Sjá einnig* Lehi, faðir Nefís

Í Mormónsbók, þriðji sonur Lehís (1 Ne 2:5). Hann var réttlátur maður og heilagur sem valdi að fylgja Drottni (1 Ne 2:17; 2 Ne 5:5–6; Al 3:6).

Samansöfnun Ísraels. *Sjá* Ísrael — Samansöfnun Ísraels

Samaría. *Sjá einnig* Samverjar

Í Gamla testamenti, höfuðborg nyrðra konungsríkis Ísraels (1 Kon 16:23–24). Vegna sterkrar herstöðu borgarinnar uppi á hæð tókst Assýríumönnum ekki að yfirbuga hana fyrr en eftir þriggja ára umsátur (2 Kon 17:5–6). Heródes endurreisti borgina og nefndi hana Sebaste. Á tíma Nýja testamentis var Samaría nafnið á öllum miðhluta Palestínu vestan Jórdanárinnar.

Sameiningarreglan. *Sjá einnig* Helgun, helgunarlögmál

Skipulag sem hinir heilögu í upp-hafi hinnar endurreistu kirkju reyndu

að beita við framkvæmd helgunarlögmálsins. Einstaklingar skiptu með sér eignum, vörum og ágóða, tóku við þessum verðmætum samkvæmt þörf og nauðsyn (K&S 51:3; 78:1–15; 104).

Þér skuluð vera jafnir í stundlegum efnum, **K&S** 70:14. Hinir heilögu áttu að skipuleggja sig þannig að þeir væru jafnir að jarðneskum efnum, **K&S** 78:3–11 (K&S 82:17–20). Drottinn gaf opinberun og fyrirumæli varðandi sameiningarregluna, **K&S** 92:1. Æskilegt er að John Johnson verði meðlimur sameiningarreglunnar, **K&S** 96:6–9. Drottinn gaf almennar reglur um framkvæmd sameiningarreglunnar, **K&S** 104. Fólk mitt er ekki sameinað á þann hátt, sem lögmál himneska ríkisins krefst, **K&S** 105:1–13.

Samfélag. *Sjá einnig* Eining; Elska, ást

Fyrir Síðari daga heilaga tákna samfélag að bjóða fram vinsamlegan félagskap, veita þjónustu, lyfta upp og styrkja aðra.

Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig, **3 Mós** 19:18 (Matt 19:19; K&S 59:6).

Styrk þú bræður þína, þegar þú ert snúinn við, **Lúk** 22:32. Ef þér berið elsku hver til annars, eruð þér mínir lærisveinar, **Jóh** 13:35. Ver hirðir sauða minna, **Jóh** 21:15–17. Þeir báðu um að mega vera í félagi við oss um samskotin til hinna heilögu, **2 Kor** 8:1–5. Samfélag vort er við föðurinn og við son hans, **1 Jóh** 1:3.

Nefítar og Lamanítar áttu samfélag saman, **He** 6:3.

Lát sérhvern mann meta bróður sinn sem sjálfan sig, **K&S** 38:24–25. Ef þér eruð ekki eitt, eruð þér ekki mínir, **K&S** 38:27. Ég tek ykkur í samfélag til að vera vinur ykkar og bróðir, **K&S** 88:133.

Samkunduhús. *Sjá* Synagóga

Samkynhneigð hegðun

(kynhverfa). *Sjá einnig* Hórdómur; Munúðarfullur, munúð

Kynferðislegt samband einstaklinga af

sama kyni. Guð bannar kynlíf af þessu tagi.

Leið þú þá út til vor, að vér megum kenna þeirra, **1 Mós** 19:1–11 (HDP Móse 5:51–53). Eigi skalt þú leggjast með karlmanni sem kona væri. Það er viðurstygð, **3 Mós** 18:22 (3 Mós 20:13). Á meðal Ísraels sona má enginn vera, sá er helgi sig saurlifnaði, **5 Mós** 23:17. Þeir gjöra syndir sínar heyrinkunnar, eins og Sódóma, og leynd þeim ekki, **Jes** 3:9 (2 Ne 13:9).

Karlar brunnu í losta hver til annars, **Róm** 1:27. Saurlífismenn munu ekki Guðs ríki erfa, **1 Kor** 6:9–10. Lögmálið er ekki ætlað réttlátum, heldur lögleysingjum og þverbrotnum, **1 Tím** 1:9–10. Þeir sem drýgt höfðu saurlifnað eru nefndir sem dæmi um þá sem líða hegningu eilífs elds, **Júd** 1:7.

Samson

Í Gamla testamenti, sá tóltí í röð „dómara“ í Ísrael. Hann var þekktur fyrir sinn mikla líkamsstyrk, en sýndi ekki að sama skapi visku í síðferðilegu vali og gerðum (Dóm 13:24–16:31).

Samtök. *Sjá* Leynisamtök, samsæri

Samuel H. Smith. *Sjá einnig* Joseph Smith yngri

Yngri bróðir spámansins Josephs Smith (JS — S 1:4). Samuel fæddist 1808 og dó 1844. Hann var eitt átta vitna Mormónsbókar og þjónaði sein einn af fyrstu trúboðum hinnar endurreistu kirkju (K&S 23:4; 52:30; 61:33–35; 66:7–8; 75:13).

Samúð, meðaumkun. *Sjá*

einnig Elska, ást; Kærleikur; Miskunnsamur, miskunnssemi

Í ritningunum tákna samúð beinlínis „að þjást með.“ Einnig að sýna öðrum samkennd, vorkunnssemi og miskunn.

Drottinn bauð þjóð sinni að þeir sýndu hver öðrum kærleika og miskunnssemi, **Sak** 7:8–10.

Jesús kenndi í brjósti um þá, **Matt** 9:36 (Matt 20:34; Mark 1:41; Lúk 7:13). Samverji nokkur kenndi í brjósti um hann,

Lúk 10:33. Verið bróðurelskir, miskunn-samir, **1 Pét 3:8.**

Kristur er fullur miskunnar og gagn-tekinn samúð með mannanna börnum, **Mósía 15:9.** Brjóst mitt er fullt samúðar með yður, **3 Ne 17:6.**

Joseph Smith baðst fyrir að Drottinn hrærðist til meðaumkunar, **K&S 121:3–5.**

Samúel Lamaníti

Lamanítaspámaður í Mormónsbók sendur af Drottini til að kenna Nefítum og veita þeim viðvörun, skómmu fyrir fæðingu frelsarans. Samúel spáði fyrir um tákn er tengdust fæðingu og dauða Jesú Krists og um eyðingu Nefíta (He 13–16).

Samúel, spámaður í Gamla testamenti

Sonur Elkana og Hönnu. Samúel fæddist sem svar við bænum móður sinnar (1 Sam 1). Strax í bernsku var hann fenginn í hendur Elí, æðsta prests í helgidómnnum í Siló (1 Sam 2:11; 3:1). Drottinn kallaði Samúel þegar á unga aldri til spámans (1 Sam 3). Að Elí látnum varð Samúel mikill spámaður og dómari í Ísrael og endurreisti lögmálið, reglu og hefðbundið guðsþjónustuhald í landinu (1 Sam 4:15–18; 7:3–17).

Í Fyrri Samúelsbók 28:5–20 er að finna frásögn af því að Samúel hafi verið kallaður fram úr ríki dauðra af særingakonu frá Endór að beiðni Sáls konungs. Þetta getur ekki hafa verið sýn frá Guði, vegna þess að særingamenn eða aðrir andamíðlar geta ekki fengið spámann til þess að birtast að hans eða hennar vilja.

Fyrri og síðari Samúelsbækur: Í sumum Biblíuútgáfum eru bækurnar felldar saman, í öðrum aðgreindar. Bækurnar ná yfir um 130 ára tímabil, frá fæðingu Samúels og fram undir dauða Davíðs.

Fyrri Samúelsbók: Kapítular 1–3 lýsa því að Drottinn refsaði og lagði bölvun á fjölskyldu Elís og kallaði Samúel til embættis æðsta prests og dómara. Kapítular 4–6 greina frá hvernig sáttmálsörkin féll í hendur Filista. Kapítular 7–8 greina

frá aðvörun Samúels vegna falsguða og spillts konungs. Kapítular 9–15 segja frá krýningu Sáls og stjórnartíð hans. Kapítular 16–31 segja sögu Davíðs og hvernig hann kemst til valda — Samúel smurði Davíð sem hafði fellt Goliát. Sál hataði Davíð, en Davíð neitaði að drepa Sál þótt honum gæfist færi á því.

Síðari Samúelsbók: Bókin greinir frá atburðum í stjórnartíð Davíðs sem konungs Júdeu og að lokum alls Ísraels. Kapítular 1–4 sýna langa baráttu milli fylgismanna Davíðs, eftir að hann var krýndur í Júdeu og fylgismanna Sáls. Kapítular 5–10 sýna að Davíð verður áhrifamikill í mörgum löndum. Kapítular 11–21 sýna hrörnun andlegs styrks Davíðs vegna synda hans og uppreisnar innan fjölskyldu hans. Kapítular 22–24 lýsa tilraunum Davíðs til að ná sáttum við Drottin.

Samverjar. Sjá einnig Samaría

Þjóð sem Biblían greinir frá og bjó í Samaríu eftir að nyrðra konungsríki Ísraels féll undir Assýríumenn. Samverjar voru blanda Ísraelsmanna og Þjóðanna. Trú þeirra var blanda gyðinglegs og heiðins átrúnaðar og athafna. Dæmisagan um miskunnssama Samverjann í Lúkasi 10:25–37 sýnir hatur Gyðinga í garð Samverja vegna þess að þeir höfðu horfið frá trú Ísraelsmanna. Drottinn bauð postulunum að kenna Samverjum fagnaðarerindið (Post 1:6–8). Páll kenndi með árangri fagnaðarerindi Jesú Krists meðal þjóðar Samaríu og vann meðal þeirra mörg kraftaverk (Post 8:5–39).

Samviska. Sjá einnig Ljós, ljós Krists

Innri skynjun um hvað sé rétt eða rangt, sem fæst fyrir ljós Krists í öllum mönnum (Moró 7:16). Við fæðumst með eðlilega hæfileika til að greina milli þess sem rétt er og rangt vegna ljóss Krists sem er öllum mönnum gefið (K&S 84:46). Þessi hæfileiki nefnist samviska. Sakir hennar erum við ábyrgar verur. Samviskan getur eins og aðrir hæfileikar okkar sljógvast vegna syndar eða misnotkunar.

Fræðimennirnir og farísearnir hlutu dóm eigin samvisku, **Jóh** 8:9. Samviska þeirra ber þessu vitni, **Róm** 2:14–15. Frá hverfir eru brennimerktir á samvisku sinni, **1 Tím** 4:2.

Menn eru nægilega uppfræddir til að þekkja gott frá illu, **2 Ne** 2:5. Benjamín konungur hafði hreina samvisku frammi fyrir Guði, **Mósía** 2:15. Nefítarnir fylltust fögnuði og friði við samvisku sína, **Mósía** 4:3. Seesrom leið samviskukvalir vegna eigin sektar, **Al** 14:6. Okkur er gefin gleði eða kvalir samviskunnar, eftir þrá okkar, **Al** 29:5. Refsing og réttvís lögmál færa manningum samviskubít, **Al** 42:18. Andi Krists er gefinn hverjum manni, svo að hann megi þekkja gott frá illu, **Moró** 7:16.

Hverjum einstaklingi skal tryggt fullt skoðanafrelsi, **K&S** 134:2. Samviska mín er hrein gagnvart Guði og mönnum, **K&S** 135:4.

Vér krefjumst þeirra réttinda að fá að tilbiðja almáttugan Guð, eftir því sem samviskan býður, **TA** 1:11.

Samþykkt. *Sjá* Almenn samþykkt

Sanhedrin. *Sjá* einnig Gyðingar

Öldungaráð Gyðinga og æðsti dómstóll bæði í borgaralegum og trúarlegum málum. Í Sanhedrin áttu sæti sjötíu og einn ráðsmaður úr hópi presta, fræðimanna og öldunga. Í ritningunum er það oft nefnt ráðið (**Matt** 26:59; **Mark** 14:55; **Post** 5:34).

Sannleikur. *Sjá* einnig Ljós, ljós Krists; Vitsmunir, vitsmunaverur; Þekking

Sannleikur er þekking á hlutum eins og þeir eru, eins og þeir voru og eins og þeir munu verða (**K&S** 93:24). Sannleikur er einnig ljós og opinberun af himnum.

Trúfesti sprettur upp úr jörðunni, **Sálm** 85:12 (**HDP Móse** 7:62).

Þér munuð þekkja sannleikann, og sannleikurinn mun gjöra yðar frjálsa, **Jóh** 8:32. Ég er vegurinn, sannleikurinn og lífið, **Jóh** 14:6. Ef vér segjum: Vér

höfum ekki synd, þá er sannleikurinn ekki í oss, **1 Jóh** 1:8.

Hinum seku er sannleikurinn sár, **1 Ne** 16:2. Hinir réttlátu elska sannleikann, **2 Ne** 9:40. Andinn segir sannleikann og lýgur ekki, **Jakob** 4:13. Pú ert Guð sannleikans og getur ekki logið, **Et** 3:12. Fyrir kraft heilags anda getið þér fengið að vita sannleiksgildi allra hluta, **Moró** 10:5.

Sannleikurinn varir alltaf og að eilífu, **K&S** 1:39. Andi sannleikans hefur upplýst þig, **K&S** 6:15. Mormónsbók geymir sannleikann og orð Guðs, **K&S** 19:26. Huggarinn var sendur til þess að kenna sannleikann, **K&S** 50:14. Sá sem meðtekur orðið fyrir anda sannleikans meðtekur það eins og það er prédikað af anda sannleikans, **K&S** 50:17–22. Kunngjörið sannleikann í samræmi við opinberanir sem ég hef gefið yður, **K&S** 75:3–4. Það sem er sannleikur er ljós, **K&S** 84:45. Ljós Krists er ljós sannleikans, **K&S** 88:6–7, 40. Andi minn er sannleikur, **K&S** 88:66. Vitsmunir, eða ljós sannleikans, voru ekki skapaðir eða gjörðir, **K&S** 93:29. Dýrð Guðs er vitsmunir, eða ljós og sannleikur, **K&S** 93:36. Ég hef boðið yður að ala börn yðar upp í ljósi og sannleika, **K&S** 93:40.

Minn eingetni er fullur náðar og sannleika, **HDP Móse** 1:6.

Sara. *Sjá* einnig Abraham

Í Gamla testamenti, fyrsta kona Abrahams. Á gamals aldri eignaðist hún Ísák (**1 Mós** 18:9–15; 21:2).

Sarahemla. *Sjá* einnig Ammon, afkomandi Sarahemla; Múlek

Í Mormónsbók. Sarahemla á við (1) mann sem var fyrirliði í nýlendu Múleks, (2) borg sem nefnd var eftir honum, (3) Sarahemlaland eða (4) fylgismenn hans.

Sarahemla gladdist yfir því að Drottinn hafði sent Nefítana, **Omní** 1:14. Sarahemla rakti ættir feðranna, **Omní** 1:18. Ammon var afkomandi Sarahemla, **Mósía** 7:3, 13. Kirkjan var stofnsett í Sarahemlaborg, **Al** 5:2. Vegna hinna réttlátu var hinum ranglátu þyrmt í

Saría

Sarahemla, **He** 13:12. Sarahemlaborg var brennd við dauða Krists, **3 Ne** 8:8, 24.

Saría. *Sjá einnig* Lehi, faðir Nefís

Í Mormónsbók, eiginkona Lehís (1 Ne 5:1–8; 8:14–16; 18:19) og móðir Lamans, Lemúels, Sams, Nefís, Jakobs, Jósefs og dætra (1 Ne 2:5; 2 Ne 5:6).

Satan. *Sjá* Djöfull

Saurlifnaður. *Sjá einnig* Hórdómur;

Hreinlífi; Munúðarfullur, munúð

Ólöglegar samfarir tveggja manneskja sem ekki eru hjón. Í ritningunum er orðið stundum notað táknræmt um fráhrarf.

Haldið yður frá saurlifnaði, **Post** 15:20. Líkaminn er ekki fyrir saurlífi, heldur fyrir Drottin, **1 Kor** 6:13–18. En vegna saurlifnaðarins hafi hver sína eiginkonu, **1 Kor** 7:2–3. Það er vilji Guðs að þér haldið yður frá frillulífi, **1 Þess** 4:3.

Jakob varaði Nefíþjóðina við saurlífi, **Jakob** 3:12. Spilling ykkar nær hámarki vegna morða ykkar, saurlifnaðar og ranglætis, **He** 8:26.

Saurlífismenn verða að iðrast ef þeir vilja sameinast kirkjunni, **K&S** 42:74–78.

Sál. *Sjá einnig* Andi; Líkami

Í ritningunum er talað um sálir með þrennum hætti: (1) andaverur, bæði í fortílu og í framhaldslífi (Alma 40:11–14; Abr 3:23); (2) andi og líkami sameinuð í jarðlífinu (K&S 88:15; Abr 5:7); og (3) ódauðleg, upprisin manneskja með líkama og anda óaðskiljanlega samtengda (2 Ne 9:13; K&S 88:15–16).

Blóðið friðþægði með lífinu, **3 Mós** 17:11. Hann hressir sál mína, **Sálm** 23:1–3.

Elska skaltu Drottin Guð þinn af allri sálu þinni, **Matt** 22:37 (Mark 12:30).

Djöfullinn svíkst að sálum þeirra, **2 Ne** 28:21. Leggið fram sálir yðar óskiptar sem fórn til hans, **Omní** 1:26. Orðið er farið að víkka sálarsvið mitt, **Al** 32:28. Sál hans mun aldrei hungra né þyrsta, **3 Ne** 20:8. Brauð og vatn sakramentisins

er helgað fyrir sálir þeirra sem meðtaka það, **Moró** 4–5 (K&S 20:77–79).

Verkamenn í ríki Drottins færa sálu sinni hjálpræði með þjónustu sinni, **K&S** 4:2, 4. Verðmæti sálna er mikið, **K&S** 18:10.

Þér fæddust í heiminn af vatni og blóði og anda, og urðuð þannig að lifandi sál, **HDP Móse** 6:59.

Verðmæti sálna: Allir menn eru anda-börn Guðs. Hann ber umhyggju fyrir sérhverju barna sinna og telur hvert um sig mikilvægt. Vegna þess að þau eru börn hans hafa þau möguleika á að verða honum lík. Þar af leiðandi eru þau mikils virði.

Mikill fögnuður verður yfir einum syndara sem iðrast, **Lúk** 15:10. Svo elskaði Guð heiminn að hann gaf son sinn eingetinn, **Jóh** 3:16.

Þeim fannst óbærilegt að nokkur sál þyrfti að farast, **Mósía** 28:3. Er ekki sérhver sál jafn dýrmæt Guði nú og hver sál verður á komutíma hans, **Al** 39:17.

Það sem verða mun þér mest virði er að leiða sálir til mín, **K&S** 15:6. Hafid hugfast að verðmæti sálna er mikið í augum Guðs, **K&S** 18:10–15.

Það er verk mitt og dýrð mín — að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika, **HDP Móse** 1:39.

Sál frá Tarsus. *Sjá* Páll

Sál, konungur í Ísrael

Í Gamla testamenti, fyrsti konungur Ísraels meðan það var óskipt. Þótt hann væri réttlátur í upphafi stjórnartíðar sinnar, fylltist hann undir lokin hroka og varð Guði óhlyðinn (1 Sam 9–31).

Sálmur. *Sjá einnig* Davíð; Tónlist

Innblásið ljóð eða lofsöngur.

Sálmarnir: Í Gamla testamenti, bók sem hefur að geyma safn sálma, sem margir eru um Krist. Víða er vitnað í sálmana í Nýja testamentinu.

Davíð ritaði marga sálmanna. Sálmarnir eru ritaðir til vegsemdar Guði.

Tónlist hefur verið samin við marga þeirra.

Sáluhjálp barna. *Sjá* Barn, börn; Sáluhjálp, hjálpræði — Sáluhjálp barna

Sáluhjálp fyrir hina dáu. *Sjá einnig* Endurlausnaráætlunin; Minningabókin; Sáluhjálp, hjálpræði; Ættfræði

Tækifæri, fyrir þá sem dáið hafa án þess að meðtaka frelsandi helgiathafnir fagnaðarerindisins, til þess að fá þær helgiathafnir framkvæmdar fyrir sig í musturum af verðugum lifandi meðlimum kirkjunnar. Hinum dáu er kennt fagnaðarerindið í andaheiminum og þeir geta tekið á móti helgiathöfnum sem framkvæmdar eru fyrir þá hér á jörðu.

Trúfastir meðlimir kirkjunnar leita uppi og undirbúa ættarsögu fjölskyldunnar til að finna nöfn og fæðingardaga forfeðra sinna og mæðra svo að unnt sé að framkvæma frelsandi helgiathafnir fyrir þau.

Segið hinum fjötruðu, gangið út, **Jes** 49:9 (**Jes** 24:22; **1 Ne** 21:9). Boða hersteknum frelsi, **Jes** 61:1 (**Lúk** 4:18). Hann mun sætta feður við sonu, **Mal** 4:5–6 (**3 Ne** 25:5–6; **K&S** 110:13–16).

Hinir dauðu munu heyra raust Guðs sonarins, **Jóh** 5:25. Til hvers eru menn annars að skírást fyrir hina dáu, **1 Kor** 15:29. Í andanum fór hann einnig og prédikaði fyrir öndunum í varðhaldi, **1 Pét** 3:18–20. Til þess var og dauðum boðað fagnaðarerindið, **1 Pét** 4:6.

Sonurinn vitjaði anda þeirra sem í varðhaldi voru, **K&S** 76:73. Þá kemur endurlausn þeirra sem meðtekið hafa hlut sinn í því varðhaldi, **K&S** 88:99. Skírnarfontur er ekki til á jörðu, sem þeir, mínir heilögu, geti skírst í fyrir þá, sem dánir eru, **K&S** 124:29. Allir, sem dáið hafa og hefðu meðtekið fagnaðarerindið, verða erfingjar himneska ríkisins, **K&S** 137:7–10. Sonur Guðs birtist og boðaði frelsi hinum ánauðugu, sem trúir höfðu verið, **K&S** 138:18.

Og allir þeir andar, sem í varðhaldi voru, komu fram, **HDP Móse** 7:57.

Sáluhjálp, hjálpræði. *Sjá einnig* Dauði, andlegur; Dauði, líkamlegur; Endurlausnaráætlunin; Endurleysa, endurlestur, endurlausn; Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur; Náð; Upphafning

Að vera bjargað frá bæði líkamlegum og andlegum dauða. Allir menn munu frelsast frá líkamlegum dauða fyrir náð Guðs, með dauða og upprisu Jesú Krists. Sérhver einstaklingur getur frelsast frá andlegum dauða fyrir náð Guðs, fyrir trú á Jesú Krist. Sú trú er látin í ljós með hlýðni við lögmál og helgiathafnir fagnaðarerindisins og þjónustu við Krist.

Drottinn er ljós mitt og fulltingi, **Sálm** 27:1. Hann einn er klettur minn og hjálpræði, **Sálm** 62:3.

Fagnaðarerindið er kraftur Guðs til hjálpræðis, **Róm** 1:16 (**K&S** 68:4). Vinnið að sáluhjálp yðar með ugg og ótta, **Fil** 2:12. Guð hefur frá upphafi útvalið yður til frelsunar í helgun andans, **2 Þess** 2:13.

Sáluhjálp er öllum frjáls, **2 Ne** 2:4.

Engin gjöf er meiri en gjöf hjálpræðisins, **K&S** 6:13.

Jesús Kristur er hið eina nafn sem menn ölast sáluhjálp fyrir, **HDP Móse** 6:52 (**Post** 4:10–12). Vér trúum, að fyrir friðþægingu Krists geti allir menn orðið hólpnir, **TA** 1:3.

Sáluhjálp barna: Nema þér verðið eins og börn, komist þér aldrei í himnaríki, **Matt** 18:3.

Lítill börn eiga einnig eilíft líf, **Mósía** 15:25. Barnaskírnr er háðung, því að lítill börn eru lifandi í Kristi vegna friðþægingarinnar, **Moró** 8:8–24.

Lítill börn eru endurlest fyrir minn eingetna; Satan er ekki gefið vald til að freista þeirra, **K&S** 29:46–47. Börnun skal kennt fagnaðarerindið og þau skírd þegar þau hafa náð 8 ára aldri, **K&S** 68:25–28. Lítill börn eru helguð fyrir friðþægingu Jesú Krists, **K&S** 74:7. Menn verða aftur saklausir frammi fyrir Guði, **K&S** 93:38. Öll börn, sem deyja áður en

þau ná abyrgðaraldri, eru hólpín í himneska ríkinu, **K&S** 137:10.

Lítill börn eru hrein frá grundvöllun veraldar, **HDP Móse** 6:54.

Sáluhjálparáætlun. *Sjá*

Endurlausnaráætlunin

Sáriðrandi andi. *Sjá* Sundurkramið hjarta

Sáttmáli. *Sjá einnig* Eiður; Eiður og sáttmáli Prestdæmisins; Nýr og ævarandi sáttmáli; Sáttmáli Abrahams

Samningur milli Guðs og manna, en jafnræði er ekki með samningsaðilum. Guð leggur til grundvöll samningsins og menn samþykkja að gjöra það sem Guð býður þeim að gjöra. Að því tilskildu lofar Guð þeim sérstökum blessunum fyrir hlýðnina.

Reglur og helgiathafnir eru meðteknar með sáttmála. Meðlimir kirkjunnar sem gjöra slíka sáttmála lofa að hafa þá í heiðri. Meðlimir gjöra til dæmis sáttmála við Drottin við skírn og endurnýja þann sáttmála með því að taka sakramenti. Þeir gera frekari sáttmála í musterinu. Þjóð Drottins er sáttmálsþjóð og hlýtur mikla blessun er hún heldur sáttmála sína við Drottin.

Við þig mun ég gjöra sáttmála minn, **1 Mós** 6:18. Ef þér haldið minn sáttmála, þá skuluð þér vera mín eiginleg eign umfram allar þjóðir, **2 Mós** 19:5. Þú skalt eigi gjöra sáttmála við þá eða þeirra guði, **2 Mós** 23:32. Haldið hvíldardaginn heilagan sem ævinlegan sáttmála, **2 Mós** 31:16. Ég mun aldrei rjúfa sáttmála minn við yður, **Dóm** 2:1. Hinir heilögu hafa gjört sáttmála við mig með fórnum, **Sálm** 50:5 (**K&S** 97:8).

Hann hefur minnst síns heilaga sáttmála, **Lúk** 1:72 (**K&S** 90:24).

Kraftur Guðs féll yfir sáttmálsþjóð Drottins, **1 Ne** 14:14. Sáttmálanum við Abraham verður fullnægt á síðari dögum, **1 Ne** 15:18 (3 **Ne** 16:5, 11–12; 21:7; **Morm** 9:37). Þegnar Benjamíns voru fúsir til að gjöra sáttmála við Guð

og gjöra hans vilja, **Mósía** 5:5. Skírnin er vitnisburður um að maðurinn hafi gjört sáttmála við Guð um að þjóna honum, **Mósía** 18:13. Þér eruð börn sáttmálans, **3 Ne** 20:25–26. Englar uppfylla og vinna þau verk sem felast í sáttmála föðurins, **Moró** 7:29–31. Úthelling blóðs Krists er í sáttmála föðurins, **Moró** 10:33.

Hver sá, sem tilheyrir þessari kirkju Krists skal gæta þess að halda alla sáttmála kirkjunnar, **K&S** 42:78. Blessaðir eru þeir sem hafa haldið sáttmálann, **K&S** 54:6. Sá sem rýfur þennan sáttmála, mun missa embætti sitt og stöðu sína í kirkjunni, **K&S** 78:11–12. Allir sem taka á móti prestdæmimu, taka á móti þessum eiði og sáttmála, **K&S** 84:39–40. Þeir vilja virða sáttmála sína með fórn, **K&S** 97:8. Hjónabands-sáttmálinn getur varað að eilífu, **K&S** 132. Þetta skal vera sáttmáli vor — að vér munum fara í öllu eftir helgiathöfnum Drottins, **K&S** 136:4.

Sáttmáli Abrahams. *Sjá einnig* Abraham; Sáttmáli; Umskurn

Abraham meðtók fagnaðarerindið og var vígður til æðra prestdæmisins (**K&S** 84:14; **Abr** 2:11) og hann gjörði himneskan hjúskaparsáttmála sem er sáttmáli upphafningar (**K&S** 131:1–4; 132:19, 29). Abraham fékk fyrirheit um að allar blessanir þessara sáttmála mundu bjóðast jarðneskum afkomendum hans (**K&S** 132:29–31; **Abr** 2:6–11). Í heild eru þessir sáttmálar nefndir sáttmálar Abrahams. Endurreisn þessa sáttmála var endurreisn fagnaðarerindisins á síðari dögum, vegna þess að hann færir öllum þjóðum jarðar blessun (**Gal** 3:8–9, 29; **K&S** 110:12; 124:58; **Abr** 2:10–11).

Sáttmálsörkin. *Sjá einnig* Tjaldubúð

Einnig nefnd örk Jehóva og örk vitnisburðarins; sáttmálsörkin var flöng kista, eða kassi, gjörð af viði og lögð gulli. Hún var elsta og helgasta trúartákn Ísraelsmanna. Hásæti náðarinnar, sem myndaði lok arkarinnar, var talið dvalarstaður Jehóva á jörðu (2 **Mós** 25:22).

Þegar musteríð var tilbúið var örkin færð inn í hið allra helgasta, þann hluta byggingarinnar sem mest helgi hvíldi á (1 Kon 8:1–8).

Móse gjörði örkina eftir fyrirmælum Guðs, **2 Mós** 25. Börnum Levís var falin umsjá arkarinnar, **4 Mós** 3:15, 31. Sáttmálsörk Drottins fór á undan þeim, **4 Mós** 10:33. Takið lög málsbók þessa og leggið hana við hliðina á sáttmálsörkinni, **5 Mós** 31:24–26. Vatn Jórdanarinnar skiptist fyrir sáttmálsörkinni, **Jós** 3:13–17; 4:1–7. Prestar tóku sáttmálsörkina með þegar Jeríkóborg var sigruð, **Jós** 6:6–20. Filistar hertóku örk Guðs, **1 Sam** 5. Drottinn blessaði hús Óbeds Edóms vegna arkar Guðs, **2 Sam** 6:11–12. Drottinn laust Ússa þegar hann í óhlýðni reyndi að styðja örkina, **1 Kro** 13:9–12 (K&S 85:8). Reisið helgidóm Guðs, svo að þér getið flutt sáttmálsörk Drottins í musteríð, **1 Kro** 22:19.

Innihaldi arkarinnar er lýst, **Hebr** 9:4.

Sebúlón. *Sjá einnig* Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, sonur Jakobs og Leu (1 Mós 30:19–20).

Ættkvísl Sebúlons: Jakob blessaði ættkvísl Sebúlons (1 Mós 49:13). Ættkvísl Sebúlons tók höndum saman við Debóru og Barak í baráttunni við óvini Ísraels (Dóm 4:4–6, 10). Þeir börðust einnig með Gídeon gegn Mídíaníttum (Dóm 6:33–35).

Sedekía. *Sjá einnig* Múlek

Í Gamla testamenti, síðasti konungur Júdeu (2 Kon 24:17–20; 25:2–7). Sedekía lét fangelsa spámánninn Jeremía (Jer 32:1–5) og Jeremía spáði fyrir um ánaud Sedekía (Jer 34:2–8, 21). Lehí og fjölskylda hans bjuggu í Jerúsalem á fyrsta ári stjórnartíðar Sedekía (1 Ne 1:4). Allir synir Sedekía, utan einn, voru drepnir; Múlek sonur hans komst undan til Vesturheims (Jer 52:10; Omní 1:15; He 8:21).

Seesrom

Í Mormónsbók, lögfræðingur í borg Ammónía. Alma og Amúlek fengu að

vita með andanum að Seesrom fór með lygi. Síðan var honum snúið til fagnaðar-erindis Jesú Krists (Al 11:21–46; 15:1–12).

Sefanía

Í Gamla testamenti, spámaður sem uppi var á stjórnartíð Jósía (639–608 f. Kr.).

Bók Sefanía: Kapítuli 1 fjallar um komandi tíma reiði og þrenginga. Kapítuli 2 hvetur Ísraelsþjóð til réttlætis og hógvæðar. Kapítuli 3 segir frá síðari komunni, þegar öllum þjóðum mun stefnt til orrustu. En Drottinn mun ríkja mitt á meðal þeirra.

Sekt. *Sjá einnig* Iðrast, iðrun

Ástandið sem skapast af rangri hegðun eða eftirsjá og sorg sem ætti að fylgja synd.

Hann hefur syndgað og er sekur, **3 Mós** 6:1–6.

Hver sem meðtekur sakramentið óverðuglega, verður sekur við líkama og blóð Drottins, **1 Kor** 11:27.

Hinum seku er sannleikurinn sár, **1 Ne** 16:2. Vér munum hafa fullkomna vitneskju um alla sekt vora, **2 Ne** 9:14. Sekt minni var sópað burtu, **Enos** 1:6. Refsing var ákvörðuð, sem færði mönnum samviskubit, **Al** 42:18. Lát syndir þínar angra þig með því hugarangri, sem leiðir þig til iðrunar, **Al** 42:29.

Nokkrir yðar eru sekir fyrir mér, en ég mun vera miskunnssamur, **K&S** 38:14.

Guðssonurinn hafði friðþægt fyrir erfðasyndina, **HDP Móse** 6:54.

Sem. *Sjá einnig* Nói, patriarki í Biblíunni

Í Gamla testamenti, réttlátur sonur Nóa og, samkvæmt arfsögninni, forfaðir Semíta eða semískra þjóða, þar á meðal Araba, Hebra, Babýloníumanna, Sýrlendinga, Föníkumanna og Assýringa (1 Mós 5:29–32; 6:10; 7:13; 9:26; 10:21–32; HDP Móse 8:12). Í síðari daga opinberun er Sem nefndur „hinn mikli háprestur“ (K&S 138:41).

Seniff

Seniff

Í Mormónsbók, maður sem leiddi hópinn sem hvarf aftur til Nefílands; hann varð konungur þeirra og réttvís stjórnandi (Mósía 9–10).

Senokk

Spámaður í Ísrael á tíma Gamla testamentis sem einungis er nefndur í Mormónsbók.

Spáði um dauða Krists, **1 Ne** 19:10. Talaði um son Guðs, **Al** 33:15 (**Al** 34:7). Varð píslarvottur sannleikans, **Al** 33:17. Spáði varðandi komu Messíasar, **He** 8:20.

Senos

Spámaður í Ísrael á tíma Gamla testamentis, en sagnir af spádómum hans finnast einungis í Mormónsbók.

Spáði um greftrun Krists og þrjá myrkvaða daga, **1 Ne** 19:10, 12. Spáði fyrir um samansöfnun Ísraels, **1 Ne** 19:16. Jakob vitnaði í dæmisögu Senosar um ræktaða og villta olíufutréd, **Jakob** 5. Jakob túlkaði dæmisögu Senosar, **Jakob** 6:1–10. Kennði um bænina og tilbeiðslu, **Al** 33:3–11. Kennði að endurlausnin fái st fyrir soninn, **Al** 34:7. Var líflátinn fyrir djarflegan vitnisburð sinn, **He** 8:19. Talaði um endurreisn Lamaníta, **He** 15:11. Bar vitni um eyðileggunguna við dauða Krists, **3 Ne** 10:15–16.

Serem. *Sjá einnig* Andkrístur

Maður í Mormónsbók sem afneitaði Krísti og krafðist tákna (**Jakob** 7:1–20).

Serúbabel

Í Gamla testamenti, þegar Kýrus veitti Gyðingum heimfararleyfi til Palestínu, var Serúbabel tilnefndur ríkisstjóri eða fulltrúi konungsættar Gyðinga. Persneskt nafn hans var Sesbasar (**Esra** 1:8). Hann kom við sögu endurbyggingar musterisins í Jerúsalem (**Esra** 3:2, 8; 5:2).

Set. *Sjá einnig* Adam

Í Gamla testamenti, réttlátur sonur Adams og Evu.

Set var fullkominn maður og lifandi eftirmynd föður síns, **K&S** 107:42–43 (**1 Mós** 5:3). Set var meðal hinna máttugu í andaheiminum, **K&S** 138:40.

Guð opinberaðist Set, **HDP Móse** 6:1–3, 8–14.

Setning í embætti. *Sjá einnig*

Handayfirlagning; Köllun, kallaður af Guði

Að vera valinn og vígður í heilögum tilgangi. Þetta er tilnefning til tilgreindrar þjónustu innan kirkjuskipulagsins og fer fram með handayfirlagningu þess sem hefur til þess rétt vald. Aðeins þeir sem eru í forsæti fyrir prestdæmissveitum meðtaka lykla þegar þeir eru settir í embætti. Fólk sem sett er í stöður aðrar en forseti fyrir prestdæmissveitum getur hlotið prestdæmissblessanir, en engir lykklar eru veittir með þeim blessunum.

Skiljið frá mér til handa þá Barnabas og Sál til þessa verks, **Post** 13:2–3.

Síðar munu fleiri biskupar settir í embætti, **K&S** 68:14. Biskupinn, almennur dómari, skal settur til þessarar helgu þjónustu, **K&S** 107:17, 74.

Maður verður að vera kallaður af Guði með spádómi og með handayfirlagningu, **TA** 1:5.

Sidney Rigdon

Gekk í lið með endurreistu kirkjunni á fyrsta áratugnum og var leiðtogi fram yfir 1840. Sidney Rigdon var um skeið fyrsti ráðgjafi Josephs Smith í æðsta forsætisráði kirkjunnar (**K&S** 35; 58:50, 57; 63:55–56; 76:11–12, 19–23; 90:6; 93:44; 100:9–11; 124:126). Síðar gerðist hann fráhverfur og var vikið úr kirkjunni í september 1844.

Siðgæði. *Sjá* Hórdómur; Hreinlífi;

Kynferðislegt siðleysi; Saurlifnaður

Siðleysi. *Sjá* Hreinlífi; Kynferðislegt

siðleysi; Munúðarfullur, munúð; Ranglátur, ranglæti

Sippóra. *Sjá einnig Móse*

Í Gamla testamenti, eiginkona Móse og dóttir Jetrós (2 Mós 2:21; 18:2).

Síblon. *Sjá einnig Alma, sonur Alma*

Í Mormónsbók, sonur Alma yngri. Síblon kenndi Sóramítum fagnaðar-erindið og var ofsóttur fyrir trúfestu sína. Drottinn bjargaði honum undan ofsóknunum vegna trúfestu hans og þolinmæði (Al 38). Síblon sá um heimildaskrár Nefíta um skeið (Al 63:1–2, 11–13).

Síðari koma Jesú Krists. *Sjá einnig*

Góg; Harmagedón; Jesú Kristur; Magóg; Tákn tímanna

Við upphaf þúsundarárakisins mun Kristur koma aftur til jarðar. Sá atburður mun marka lok dauðlegs reynslutíma þessarar jarðar. Hinir ranglátu munu teknir burt af jörðinni og hinir réttlátu hrifnir upp í skýi meðan jörðin er hreinsuð. Þótt enginn maður viti nákvæmlega hvenær Kristur kemur í annað sinn, hefur hann gefið okkur tákni að hyggja að, sem gefa til kynna að stundin nálgaðist (Matt 24; JS — M 1).

Ég veit, að lausnari minn lifir, og hann mun síðastur ganga fram á foldu, **Job** 19:25. Fyrir mér skal sérhver kné beygja sig, sérhver tunga sverja mér trúnað, **Jes** 45:23 (K&S 88:104). Mannssonurinn kom í skýjum himins, **Dan** 7:13 (Matt 26:64; Lúk 21:25–28). Þeir munu líta til mín, sem þeir lögðu í gegn, **Sak** 12:10. Hvaða ör eru þetta á brjósti þínu, **Sak** 13:6 (K&S 45:51). Hver má afbera þann dag, er hann kemur, því að hann er sem eldur málmbraðslumanssins, **Mal** 3:2 (3 Ne 24:2; K&S 128:24).

Mannssonurinn mun koma í dýrð föður síns, **Matt** 16:27 (Matt 25:31). En þann dag og stund veit enginn, hvorki englar á himnum né sonurinn, enginn nema faðirinn einn, **Matt** 24:36 (K&S 49:7; JS — M 1:38–48). Þessi Jesú, mun koma á sama hátt og þér sáuð hann fara til himins, **Post** 1:11. Sjálfur Drottinn mun stíga niður af himni, **1 Þess** 4:16. En dagur Drottins mun koma sem þjófur

á nóttu, **2 Pét** 3:10. Drottinn er kominn með sínum þúsundum heilagra, **Júd** 1:14. Hann kemur í skýjunum, og hvert auga mun sjá hann, **Op** 1:7.

Jesús mun standa og dæma heiminn, **3 Ne** 27:14–18.

Búið yður, búið yður undir það sem koma skal, því að Drottinn er í nánd, **K&S** 1:12. Ég mun opinbera mig frá himni í veldi og mikilli dýrð og dvelja á jörðu í þúsund ár, **K&S** 29:9–12. Lyft upp raust þinni, og hrópa iðrun og greið Drottni veg fyrir síðari komu hans, **K&S** 34:5–12. Ég er Jesú Kristur og ég kem skyndilega til musteris míns, **K&S** 36:8 (K&S 133:2). Sá dagur kemur brátt, er þér munuð sjá mig og vita að ég er, **K&S** 38:8. Sá, sem óttast mig, mun huga að táknum um komu mannssonarins, **K&S** 45:39. Ásjóna Drottins mun afhjúpuð, **K&S** 88:95. Hinn mikli og ógurlegi dagur Drottins er í nánd, **K&S** 110:16. Þegar frelsarinn birtist munum við sjá hann eins og hann er, **K&S** 130:1. Frelsarinn mun standa mitt á meðal fólks síns og ríkja yfir öllu holdi, **K&S** 133:25. Hver er þessi, sem kemur niður frá Guði á himni í lituðum klæðum, **K&S** 133:46 (Jes 63:1).

Síðasta kvöldmáltíðin. *Sjá einnig*

Páskar; Sakramenti

Samkvæmt Nýja testamentinu, síðasta máltíðin sem Jesú neytti fyrir handtökuna og krossfestinguna (Lúk 22:14–18). Hann neytti hennar ásamt postulunum tólf á páskadag (Matt 26:17–30; Mark 14:12–18; Lúk 22:7–13).

Frelsarinn blessaði brauðið og vínið og gaf postulunum, **Matt** 26:26–29 (Mark 14:22–25; Lúk 22:7–20). Jesú þvoði fætur postulanna, **Jóh** 13. Júdas var tilgreindur sem sá er sviki Jesú, **Jóh** 13:21–26 (Matt 26:20–25).

Síðustu dagar, síðari dagar. *Sjá*

einnig Síðari koma Jesú Krists; Tákn tímanna

Tíminn sem við lifum nú. Dagarnir (eða ráðstöfunartíminn) rétt fyrir síðari komu Drottins.

Safnist saman, að ég megi birta yður það, sem fyrir yður liggur á komandi tímum, **1 Móss** 49:1. Ég veit að lausnari minn lifir, og hann mun síðastur ganga fram á foldu, **Job** 19:25. Á síðustu dögum mun hús Drottins stofnsett, **Jes** 2:2.

Á síðustu dögum munu koma örðugar tíðir, **2 Tím** 3:1–7. Á síðustu dögum munu koma spottarar og afneita síðari komunni, **2 Pét** 3:3–7.

Ég spái fyrir yður um komu síðustu daga, **2 Ne** 26:14–30.

Svo mun kirkja mín nefnd á síðustu dögum, já, Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu, **K&S** 115:4.

Kristur mun koma á síðustu dögum, **HDP Móse** 7:60.

Símeon. *Sjá einnig* Ísrael; Jakob, sonur Ísaks

Í Gamla testamenti, annar sonur Jakobs og Leu konu hans (1 Móss 29:33; 35:23; 2 Móss 1:2). Hann tók þátt í morðum á Síkemítum ásamt Leví (1 Móss 34:25–31). Spádóm Jakobs varðandi Símeon er að finna í 1 Móss 49:5–7.

Ættkvísl Símeons: Afkomendur Símeons bjuggu oft með Júdaættkvísl og innan landamæra Júdeu (Jós 19:1–9; 1 Kro 4:24–33). Ættkvísl Símeons var í liði með Júda í orrustu gegn Kanaanítum (Dóm 1:3, 17). Þeir voru einnig í her Davíðs (1 Kro 12:25).

Símon Pétur. *Sjá* Pétur

Símon Vandlætari

Í Nýja testamenti, einn af upphaflegu tólf postulum Jesú Krists (Matt 10:2–4).

Sínaíffjall. *Sjá einnig* Móse; Mósélögmál

Fjall á Sínaískaga í námunda við staðinn sem Móse og Ísraelsmenn dvöldust í þrjá mánuði í tjaldbúðum eftir brottförina úr Egyptalandi; það er einnig kallað Hóreb (2 Móss 3:1). Hér gaf Guð Mósélögmálið til handa Ísraelsmönnum; hér var tjaldbúðin einnig reist (2 Móss 19:2; 20:18; 24:12; 32:15).

Síon. *Sjá einnig* Enok; Nýja Jerúsalem

Hinir hjartahreinu (K&S 97:21). Síon tákna einnig staðinn þar sem hinir hjartahreinu dvelja. Borgin sem Enok og Þjóð hans reisti, er var að lokum tekin til himna, hét Síon (K&S 38:4; HDP Móse 7:18–21, 69). Á síðari dögum mun borg sem nefnist Síon verða reist nálægt Jackson-sýslu, Missouri (Bandaríkjum Norður-Ameríku) og til hennar munu ættkvíslir Ísraels safnast (K&S 103:11–22; 133:18). Hinum heilögu er ráðlagt að reisa Síon hvar sem þeir búa í heiminum.

Borg Davíðs var nefnd Síon, **1 Kon** 8:1. Frá Síon mun kenning út ganga, **Jes** 2:2–3 (Míka 4:2; 2 Ne 12:2–3). Frelsarinn kemur til Síonar, **Jes** 59:20. Ég mun taka yður, einn úr hverri borg og tvo af hverjum kynstofni, og flytja yður til Síonar, **Jer** 3:14. Á Síonsfjalli og í Jerúsalem mun frelsun verða, **Jóel** 3:5 (Óbadía 1:17).

Blessaðir eru þeir, sem reyna að leiða fram mína Síon, **1 Ne** 13:37. Dætur Síonar eru drembilátar, **2 Ne** 13:16 (Jes 3:16). Vei sé þeim, sem lifir grandvaralaus í Síon, **2 Ne** 28:19–25.

Leitist við að tryggja og efla málstað Síonar, **K&S** 6:6 (K&S 11:6). Hann hef ég innblásið til að flytja málstað Síonar — með máttugum krafti til góðs, **K&S** 21:7. Hin Nýja Jerúsalem mun kallast Síon, **K&S** 45:66–67. Independence, Missouri er borgarstæði Síonar, **K&S** 57:1–3. Refsing hvílir yfir börnum Síonar uns þau iðrast, **K&S** 84:58.

Drottinn nefndi Þjóð sína Síon, vegna þess að hugur hennar og hjarta voru eitt, **HDP Móse** 7:18–19. Síon (Nýja Jerúsalem) verður reist á meginlandi Ameríku, **TA** 1:10.

Sís. *Sjá einnig* Jaredítar

Herforingi meðal Jaredíta í Mormónsbók. Hann féll við lok mikillar orrustu sem leiddi til tortímingar allrar Jaredítarþjóðarinnar (Et 14:17–15:31).

Sjáandi. *Sjá einnig* Spámaður; Úrím og Túmmím

Maður sem hefur kraft frá Guði til að

sjá andlegum sjónum það sem Guð hefur hulið heiminum (HDP Móse 6:35–38). Hann er opinberari og spámaður (Mósía 8:13–16). Í Mormónsbók kenndi Ammon að einungis sjáandi gæti notað sérstaka þýðendur, eða Úrím og Túmmím (Mósía 8:13; 28:16). Sjáandi þekkir fortíð, nútíð og framtíð. Til forna voru spámenn oft kallaðir sjáendur (1 Sam 9:9; 2 Sam 24:11).

Joseph Smith er hinn mikli sjáandi síðari daga (K&S 21:1; 135:3). Þar að auki er Æðsta Forsætisráðið og Tólfpostulasveitin studd sem spámenn, sjáendur og opinberarar.

Þetta er þrjúskur lýður sem segir við sjáendur: Þér skuluð eigi sjá sýnir, **Jes** 30:9–10.

Drottinn Guð mun vekja upp útvalinn sjáanda, sem verða mun ávöxtur lenda þinna, **2 Ne** 3:6–15.

Hér er viska. Já, að vera sjáandi, opinberari, þýðandi og spámaður, **K&S** 107:92. Drottinn útnefndi Hyrum Smith til að vera spámaður, sjáandi og opinberari fyrir kirkjuna, **K&S** 124:91–94.

Sjálfræði. *Sjá einnig* Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda; Frjáls, frelsi

Hæfileiki og forréttindi sem Guð gefur mönnum til þess að velja og framkvæma sjálfir.

Af öllum trjám í aldingarðinum máttu eta eftir vild, **1 Mós** 2:16. Kjósið í dag hverjum þér viljið þjóna, **Jós** 24:15 (Al 30:8; HDP Móse 6:33).

Sjálfstæð gat breytni mannsins aðeins orðið, ef hann laðaðist að annarri hvorri andstæðunni, **2 Ne** 2:15–16. Þeim er frjálst að velja frelsi og eilíft líf en einnig að velja helsi og dauða, **2 Ne** 2:27. Þér eruð frjálsir, yður leyfist að breyta sjálfstætt, **He** 14:30.

Þriðja hluta af herskörungum himins sneri hann gegn mér vegna sjálfræðis þeirra, **K&S** 29:36. Djöfullinn hlaut að freista mannanna, ella væri ekki um neitt sjálfræði þeirra að ræða, **K&S** 29:39. Lát sérhvern mann velja fyrir sjálfan sig, **K&S** 37:4. Sérhver maður starfi í samræmi

við það siðferðislega sjálfræði, sem ég hef gefið honum, **K&S** 101:78.

Satan reyndi að tortíma sjálfræði mannsins, **HDP Móse** 4:3. Drottinn gaf manningnum sjálfræði, **HDP Móse** 7:32.

Sjálfrshól. *Sjá* Drambsemi

Sjúkur, sjúkdómur

Að vera lasinn eða haldinn sjúkdómi. Í ritningunum eru líkamleg veikindi stundum notuð sem tákni fyrir skort á andlegri vellíðan (Jes 1:4–7; 33:24).

Ég hefi heyrt bæn þína og séð tár þín. Sjá, ég mun lækna þig, **2 Kon** 20:1–5 (2 Kro 32:24; Jes 38:1–5).

Jesús fór um og læknaði hvers kyns sjúkdóm og veikindi, **Matt** 4:23–24 (1 Ne 11:31; Mósia 3:5–6). Ekki þurfa heilbrigðir lækni við, heldur þeir sem sjúkir eru, **Matt** 9:10–13 (Mark 2:14–17; Lúk 5:27–32). Sé einhver sjúkur yðar á meðal, þá kalli hann til sín öldunga safnaðarins, **Jakbr** 5:14–15.

Kristur tekur á sig sársauka og sjúkdóma fólks síns, **Al** 7:10–12. Jesús læknaði alla sjúka meðal Nefíta, **3 Ne** 26:15.

Nærið hina sjúku af umhyggju og gefið þeim jurtir og milt fæði, **K&S** 42:43 (Al 46:40). Minnst í öllu hinna sjúku og aðþrengdu, **K&S** 52:40. Legg hendur þínar yfir hina sjúku og þeir munu heilir verða, **K&S** 66:9.

Sjötíu, hinir sjötíu. *Sjá einnig*

Melkisedeksprestæmi; Postuli

Embætti sem menn eru vígðir til í Melkisedeksprestæminu. Í dag eru innan sveita hinna Sjötíu aðalvaldhafar kirkjunnar og svæðisfulltrúar hinna Sjötíu. Hinir Sjötíu þjóna í nafni Drottins undir leiðsögn Æðsta forsætisráðsins og Tólfpostulasveitarinnar (sjá **K&S** 107:34). Þeir verja öllum tíma sínum til helgrar þjónustu.

Drottinn kvaddi til aðra sjötíu og tvo, **Lúk** 10:1.

Hinir sjötíu eru kallaðir til að prédika fagnaðarerindið og vera sérstök vitni Jesú Krists, **K&S** 107:25–26. Hinir sjötíu skulu starfa í nafni Drottins, undir stjórn

hinna tólf að uppbyggingu kirkjunnar og stjórna öllum málum hennar meðal allra þjóða, **K&S** 107:34. Veljið aðra sjö-tíu, jafnvel sjö sinnum sjö tíu ef starfið gjörir það nauðsynlegt, **K&S** 107:93–97. Sveitir hinna sjö tíu eru stofnaðar fyrir farand-öldunga, sem bera nafni mínu vitni um víða veröld, **K&S** 124:138–139.

Skap. *Sjá* Reiði

Skapa, sköpun. *Sjá einnig* Andleg sköpun; Hvíldardagur; Jesús Kristur; Jörð; Upphaf

Að skipuleggja og móta. Guð skipulagði í samstarfi við son sinn, Jesú Krist, frumefni náttúrunnar til að mynda himnana og jörðina. Himneskur faðir og Jesús sköpuðu manninn í sinni mynd (HDP Móse 2:26–27).

Í upphafi skapaði Guð himin og jörð, **1 Mós** 1:1. Vér viljum gjöra manninn eftir vorri mynd, **1 Mós** 1:26 (HDP Móse 2:26–27; Abr 4:26).

Allir hlutir urðu fyrir hann, **Jóh** 1:3, 10. Enda var allt skapað í honum í himnunum og á jörðinni, **Kól** 1:16 (Mósía 3:8; He 14:12). Fyrir hann hefur hann líka heimana gjört, **Hebr** 1:2.

Maðurinn var skapaður í upphafi, **Mósía** 7:27. Ég skapaði himnana og jörðina og allt, sem í þeim er, **3 Ne** 9:15 (Morm 9:11, 17). Allir menn voru í upphafi skapaðir eftir minni eigin mynd, **Et** 3:15.

Jesús Kristur skapaði himna og jörð, **K&S** 14:9. Og hann skapaði manninn, karl og konu, í sinni eigin mynd, **K&S** 20:18.

Ótal heima hef ég skapað, **HDP Móse** 1:33. Með mínum eingetna skapaði ég himininn, **HDP Móse** 2:1. Ég, Drottinn Guð, skapaði alla hluti andlega áður en þeir urðu náttúrlegir á jörðinni, **HDP Móse** 3:5. Milljónir jarða sem þessarar næðu ekki upphafstölu sköpunarverka þinna, **HDP Móse** 7:30. Guðirnir skipulögðu og mynduðu himnana, **Abr** 4:1.

Skapari. *Sjá* Jesús Kristur; Skapa, sköpun

Skilnaður. *Sjá einnig* Giftast

Riftun hjónabands með borgaralegu valdi eða kirkjulögum. Samkvæmt Nýja testamentinu leyfði Guð skilnað undir vissum kringumstæðum vegna harðúðar hjartna manna barna; samt sem áður, eins og Jesús skýrði út, „frá upphafi var þetta eigi þannig“ (Matt 19:3–12). Ritningarnar mæla almennt gegn skilnaði og ráðleggja eiginmönnum og konum að elska hvort annað í réttlæti (1 Kor 7:10–12; K&S 42:22).

Skilningur. *Sjá einnig* Sannleikur;

Viska; Þekking

Að öðlast þekkingu á eða skynja merkingu einhvers sannleika, þar með talið beitingu hans í lífinu.

Reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit, **Okv** 3:5. Afla þér hygginda fyrir allar eigur þínar, **Okv** 4:7.

Jesús talaði í líkingum og sumir skildu ekki, **Matt** 13:12–17. Drottinn lauk upp huga þeirra, **Lúk** 24:45.

Ef þér fáið eigi skilið þessi orð, þá er það vegna þess að þér spyrjið ekki, **2 Ne** 32:4 (3 Ne 17:3). Heimildirnar voru varðveittar svo við gætum lesið og skilið, **Mósía** 1:2–5. Vegna trúleysis síns skildu þeir ekki orð Guðs, **Mósía** 26:3. Þeir voru menn gæddir heilbrigðum skilningi, **Al** 17:2–3. Orðið er farið að varpa ljósi á skilning minn, **Al** 32:28.

Ræðumst við svo að þér megid skilja, **K&S** 50:10–12, 19–23. Foreldrar eiga að kenna börnum sínum svo þau öðlist skilning, **K&S** 68:25. Verk Drottins og leyndardómar verða aðeins skilin með krafti heilags anda, **K&S** 76:114–116. Satan leitast við að snúa hjörtum manna frá skilningnum, **K&S** 78:10. Ljós Krists lífgar skilning okkar, **K&S** 88:11.

Skírari. *Sjá* Jóhannes skírari

Skírlífi. *Sjá* Giftast; Hreinlífi

Skírn, skíra. *Sjá einnig* Endurfæddur, fæddur af Guði; Heilagur andi; Helgiathafnir; Ungbarnaskírn

Orðið sem notað er í hinum upprunalega gríska texta merkir að „dýfa niður“ eða „færa í kaf.“ Íslenska orðið skíra táknar að hreinsa, gera bjartara. Niðurdýfingarskírn í vatni, framkvæmd af þeim sem vald hefur, er inngangs helgiathöfn fagnaðarerindisins og nauðsynleg til að gjörast meðlimur í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Undanfari hennar er trú á Jesú Krist og iðrun. Henni verður að fylgja eftir með veitingu á gjöf heilags anda svo að hún sé fullkomnuð (2 Ne 31:13–14). Niðurdýfingarskírn með vatni og anda er nauðsynleg til inngöngu í himneska ríkið. Adam var sá fyrsti sem skírður var (HDP Móse 6:64–65). Jesús var einnig skírður til að fullnægja öllu réttlæti og vísa öllu mannkyni veg (Matt 3:13–17; 2 Ne 31:5–12).

Ekki fá allir á jörðu tækifæri til að taka þar á móti fagnaðarerindinu og því hefur Drottinn heimilað skírni framkvæmdar af staðgenglum fyrir hina dánun. Þannig geta þeir sem taka á móti fagnaðarerindinu í andaheimi uppfyllt skilyrði til inngöngu í ríki Guðs.

Nauðsynleg: Lát það nú eftir. Þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlæti, **Matt** 3:15. Jesús kom og var skírður af Jóhannesi, **Mark** 1:9. Farísear og lögvitringar gjörðu að engu áform Guðs um þá, og létu ekki skírast, **Lúk** 7:30. Enginn getur komist inn í Guðs ríki, nema hann fæðist af vatni og anda, **Jóh** 3:5. Gjörði iðrun og látið skírast hver og einn, **Post** 2:38.

Hann býður öllum mönnum að iðrast og láta skírast í sínu nafni, **2 Ne** 9:23–24. Menn verða að fylgja Kristi, láta skírast, meðtaka heilagan anda, og standa stöðugir allt til enda til að frelsast, **2 Ne** 31. Kenning Krists er að menn trúu og láti skírast, **3 Ne** 11:20–40.

Þeir sem ekki trúa orðum yðar og ekki eru skírðir í vatni í mínu nafni skulu dæmdir verða, **K&S** 84:74.

Guð útskýrði fyrir Adam hvers vegna iðrun og niðurdýfingarskírn væri nauðsynleg, **HDP Móse** 6:52–60.

Skírn með niðurdýfingu: Þegar Jesús hafði verið skírður sté hann jafnskjótt upp úr vatninu, **Matt** 3:16 (Mark 1:10). Jóhannes var að skíra í Aínon en þar var mikið vatn, **Jóh** 3:23. Stigu báðir niður í vatnið, Filippus og hirðmaðurinn, **Post** 8:38. Vér erum greftraðir með honum í skírinni, **Róm** 6:4 (Kól 2:12).

Fylgið Drottinu yðar og frelsara niður í vatnið, **2 Ne** 31:13. Alma, Helam og fleiri hurfu í vatnsins gröf, **Mósía** 18:12–16. Síðan skuluð þér dýfa þeim niður í vatnið, **3 Ne** 11:25–26.

Greint er frá réttir aðferð við skírn, **K&S** 20:72–74. Þeir voru skírðir í líkingu við greftrun hans, voru greftraðir í vatninu í hans nafni, **K&S** 76:50–51.

Adam var borinn niður í vatnið og lagður undir vatnið og reistur upp úr vatninu, **HDP Móse** 6:64. Skírn með niðurdýfingu til fyrirgefningar synda, **TA** 1:4.

Skírn til fyrirgefningar synda: Rís upp, lát skírast og laugast af syndum þínum, **Post** 22:16.

Eftir skírn kemur fyrirgefning synda yðar með eldi og heilögum anda, **2 Ne** 31:17. Komið því og látið skírast iðrunarskírn svo að syndir yðar verði þvegnar burt, **Al** 7:14. Blessaðir eru þeir sem trúa og láta skírast, því þeir munu hljóta fyrirgefningu synda sinna, **3 Ne** 12:1–2.

Boða iðrun og trú á frelsarann og fyrirgefningu syndanna með skírn, **K&S** 19:31.

Vér trúum á skírn með niðurdýfingu til fyrirgefningar synda, **TA** 1:4.

Rétt vald: Farið því og gjörði allar þjóðir að lærisveinum, skírði þá í nafni föður, sonar og heilags anda, **Matt** 28:19 (K&S 68:8).

Lími konungur og margir þegna hans höfðu hug á að láta skírast, en enginn í landinu hafði vald frá Guði, **Mósía** 21:33. Ég veiti þér vald til að þú skírir, **3 Ne** 11:19–21.

Aronsprestdæmið hefur lykla að

Skóli spámanna

niðurdýfingarskírni til fyrirgefningar syndanna, **K&S** 13. Þetta eru þeir, sem ég hef vígt til að skíra í mínu nafni, **K&S** 18:29.

Jóhannes skírari veitti Joseph Smith og Oliver Cowdery vald til að skíra, **JS — S** 1:68–69.

Forsendur skírmar: Iðrist og látið skírast í nafni míns elskaða sonar, **2 Ne** 31:11. Þér verðið að iðrast og endurfæðast, **Al** 7:14. Látið ekki skírast óverðug, **Morm** 9:29. Kennið foreldrum að þeir verði að iðrast og láta skírast og auðmýkja sig, **Moró** 8:10.

Forsendur settar fram fyrir þá sem óska að skírast, **K&S** 20:37. Börn skulu skírð til fyrirgefningar synda þegar þau eru 8 ára gömul, **K&S** 68:25, 27.

Sáttmáli gerður við skírni: Þið hafið gjört sáttmála við hann um að þjóna honum og halda boðorð hans, **Mósía** 18:8–10, 13.

Þeir sem iðrast, taka á sig nafn Krists og eru ákveðnir í að þjóna honum, skulu teknir með skírni inn í kirkju hans, **K&S** 20:37.

Skírni fyrir dána: Til hvers eru menn annars að láta skírast fyrir hina dáu, **1 Kor** 15:29.

Skírni fyrir dána er til fyrirgefningar synda, **K&S** 124:29; 127:5–9; 128:1; 138:33.

Skírni ekki fyrir ungbörn: Það er algjör háðung frammi fyrir Guði er þið skírið lítil börn, **Moró** 8:4–23.

Börn skulu skírð átta ára gömul, **K&S** 68:27. Öll börn sem deyja áður en þau ná ábyrgðaraldri, eru hólpin í himneska ríkinu, **K&S** 137:10.

Skóli spámanna. *Sjá einnig* Joseph Smith yngri

Veturinn 1832–1833 í Kirtland, Ohio (Bandaríkjum Norður-Ameríku), bauð Drottinn Joseph Smith að skipuleggja skóla í þeim tilgangi að þjálfra bræðurna í öllu því er fagnaðarerindið varðar og ríki Guðs. Úr þessum skóla komu margir af fyrstu leiðtogum kirkjunnar. Annar skóli spámanna eða öldunganna var starfræktur af Parley P. Pratt í Jackson-sýslu, Missouri (**K&S** 97:1–6).

Slíkir skólar voru starfræktir nokkru eftir að hinir heilögu fluttust vestur, en þeir lögðust þó fljótlega af. Kennsla fagnaðarerindisins fer nú fram á heimilunum, í prestdæmissveitum og ýmsum aðildarfélögum, skólum kirkjunnar og trúarskólum.

Helgið yður og fræðið hvert annað um kenningar ríkisins, **K&S** 88:74–80. Leitið af kostgæfni og kennið hvert öðru, **K&S** 88:118–122. Regla fyrir skóla spámanna er sett fram, **K&S** 88:127–141. Æðsta forsætisráðið hefur lykla að skóla spámanna, **K&S** 90:6–7.

Skuld. *Sjá einnig* Fyrirgefa

Eins og orðið er notað í ritningunum, peningar eða verðmæti skulduð öðrum valda því að lántakandinn er á vissan hátt í ánaud. Í annarri merkingu kenndi Jesús að við ættum að biðja föðurinn að fyrirgefa okkur vorar skuldir eða leysa okkur undan því að greiða endurgjald synda okkar — fyrir friðþægingu Jesú Krists — eftir að við höfum fyrirgefið öðrum mótgerðir þeirra við okkur (**Matt** 6:12; 3 Ne 13:11).

Guðlaus maður tekur lán og borgar ekki, **Sálm** 37:21. Lántakinn verður þræll lánsalans, **Okv** 22:7.

Alla þessa skuld gaf ég þér upp; bar þér þá eigi að miskunna samþjóni þínum, **Matt** 18:23–35. Skuldið ekki neinum neitt, nema það eitt að elska hver annan, **Róm** 13:8.

Þér eruð í eilífri þakkarskuldu við himneskan föður, **Mósía** 2:21–24, 34. Hver sem fær lánað hjá nágretta sínum á að skila því sem hann fékk lánað, **Mósía** 4:28.

Greið þú skuld þína, losa þig úr ánaud, **K&S** 19:35. Bannað er að komast í skuldir við óvini yðar, **K&S** 64:27. Greiðið allar skuldir yðar, **K&S** 104:78. Setjið yður ekki í skuldir við að reisa Drottinn hús, **K&S** 115:13.

Skylda. *Sjá einnig* Hlýðni, hlýðinn, hlýða

Í ritningunum, verkefni, skyldustarf

eða ábyrgð, oft falin mönnum af Drottni eða þjónum hans.

Haltu hans boðorð, því að það á hver maður að gjöra, **Préd** 12:13. Hvað heimtar Drottinn af þér annað en að gjöra rétt, **Míka** 6:8.

Framar ber að hlýða Guði en mönnum, **Post** 5:29.

Prengingar dundu yfir þá til að vekja þá til minningar um skyldur sínar, **Mósía** 1:17.

Skyldum öldunga, presta og djákna er lýst, **K&S** 20:38–67. Prestdæmishafar sinni öllum skyldum við fjölskyldurnar, **K&S** 20:47, 51. Skyldur meðlima eftir skírn settar fram, **K&S** 20:68–69. Öldungar mínir bíði um stund svo fólk mitt hljóti reynslu og aukna þekkingu á skyldum sínum, **K&S** 105:9–10. Lát hvern mann læra skyldu sína, **K&S** 107:99–100.

Slúður. *Sjá einnig* Illt umtal;

Orðrómur

Að deila með öðrum persónulegum staðreyndum eða upplýsingum um aðra persónu án samþykkis hennar.

Hvert ónytjuorð, sem menn mæla, munu þeir verða að svara fyrir á dómsdegi, **Matt** 12:36. Hinir heilögu eru áminntir um að vera ekki málugir og hlutsamir eða tala það, sem eigi ber að tala, **1 Tím** 5:11–14.

Þú skalt ekki tala illa um náunga þinn, **K&S** 42:27. Styrk þess vegna bræður þína í öllum áminningum þínum, **K&S** 108:7.

Smyrja. *Sjá einnig* Olía; Þjónusta við sjúka

Til forna smurðu spámenn Drottins alla þá sem framkvæma áttu ákveðin skyldustörf með olíu, svo sem Aron eða prestana eða konunga sem ríkja áttu yfir Ísrael. Í kirkjunni nú á tímum er það að smyrja, að láta örlítið magn af helgaðri olíu drjúpa á höfuð manneskju og er það liður í sérstakri blessun. Þetta verður aðeins framkvæmt með valdi og krafti Melkisedeksprestdæmisins. Eftir smurninguna getur maður með sama

prestdæmisvald innsiglað smurninguna og veitt sérstaka blessun þeim sem smurður er.

Þú skalt smyrja þá og fylla hendur þeirra og helga þá, til að þjóna mér, **2 Mós** 28:41 (3 Mós 8:6–12, 30). Skalt þú smyrja hann til höfðingja yfir lýð minn Ísrael, **1 Sam** 9:16; 10:1.

Öldungarnir eiga að smyrja og blessa hina sjúku, **Jakbr** 5:14–15 (**K&S** 42:44).

Sonur Guðs. *Sjá* Guð, guðdómur; Jesús Kristus

Sori. *Sjá* Óhreinindi

Sódóma. *Sjá einnig* Gómorra

Í Gamla testamenti, spillt borg sem Drottinn eyddi (1 Mós 19:12–29).

Sóram, Sóramítar

Í Mormónsbók, þjónn Labans sem gekk í lið með Nefí og Lehi og fór með þeim til fyrirheitna landsins (1 Ne 4:31–38). Vegna trúfestu Sórams veitti Lehi honum blessun ásamt eigin sonum (2 Ne 1:30–32). Afkomendur hans nefndust Sóramítar (Jakob 1:13).

Spádómur, spá. *Sjá einnig* Opinberun; Sjáandi; Spákona; Spámaður

Spádómur samanstendur af guðlega innblásnum orðum eða rituðu máli sem menn meðtaka með opinberun frá heilögum anda. Vitnisburður um Jesús er andi opinberunar (Op 19:10). Spádómur getur varðað fortíð, nútíð eða framtíð. Þegar maður spáir talar hann eða ritar það sem Guð vill að hann viti, sjálfum honum eða öðrum til góðs. Einstaklingar geta meðtekið spádóma eða opinberanir fyrir sjálfa sig.

Ég vildi að allur lýður Drottins væri spámenn, **4 Mós** 11:29. Synir yðar og dætur yðar munu spá, **Jóel** 3:1 (Post 2:17–18). Drottinn opinberar þjónum sínum, spámönnunum, ráðsályktun sína, **Amos** 3:7.

Enginn þýðir neinn spádóm ritningarinnar af sjálfum sér, **2 Pét** 1:20.

Nefitar hlutu margar opinberanir og

anda spádóms, **Jakob** 4:6, 13. Alma og Amúlek þekktu hugsanir og áform Seesroms fyrir kraft spádómsandans, **Al** 12:7. Vei sé þeim sem segir að Drottinn starfi ekki lengur með opinberunum, **3 Ne** 29:6. Rannskið spádóma Jesaja, **Morm** 8:23.

Spádómarnir munu allir uppfyllast, **K&S** 1:37–38.

Menn verða að vera kallaðir af Guði með spádómi, **TA** 1:5.

Spákona. Sjá einnig Spádómur, spá

Kona sem hefur meðtekið vitnisburð um Jesú og hefur opinberunaranda. Spákona hefur ekki prestdæmi eða lykla þess. Þótt einungis fáar konur í ritningunum séu nefndar spákonur, spáðu þó margar, svo sem Rebekka, Hanna, Elísabet og María.

Mirjam var kölluð spákona, **2 Mós** 15:20. Debóra var kölluð spákona, **Dóm** 4:4. Hulda var kölluð spákona, **2 Kon** 22:14 (2 Kro 34:22).

Anna var kölluð spákona, **Lúk** 2:36.

Spámaður. Sjá einnig Forseti;

Opinberun; Sjáandi; Spádómur, spá

Maður sem er kallaður af Guði og talar fyrir Guð. Sem boðberi Guðs fær spámaður boð, spádóma og opinberanir frá Guði. Ábyrgð hans er að kunngjöra mönnum vilja Guðs og hið sanna eðli hans og sýna tilganginn í samskiptum hans við þá. Spámaður fordæmir syndina og segir fyrir um afleiðingar hennar. Hann er boðberi réttlætis. Við sérstök tækifæri kann spámanni að vera blásið í brjóst að spá um framtíðina mannkyni til blessunar. Fremsta skylda hans er samt sem áður að bera vitni um Krist. Forseti Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er í dag spámaður Guðs á jörðu. Meðlimir Æðsta forsætisráðsins og postularnir tólf eru studdir sem spámennt, sjáendur og opinberarar.

Ég vildi að allur lýður Drottins væri spámennt, **4 Mós** 11:29. Þegar spámaður er meðal yðar, þá birtist ég honum í sýn, **4 Mós** 12:6. Drottinn aðvaraði Ísrael fyrir

munnt allra spámanna, **2 Kon** 17:13 (2 Kro 36:15–16; Jer 7:25). Ég hef ákvarðað þig til að vera spámenn þjóðanna, **Jer** 1:5, 7. Hann opinberar þjónum sínum, spámenntunum, ráðsályktun sína, **Amos** 3:7.

Hann talaði fyrir munnt sinna heilögu spámanna, **Lúk** 1:70 (Post 3:21). Allir spámenntirnir bera Kristi vitni, **Post** 10:43. Guð hefur sett spámenn í kirkjunni, **1 Kor** 12:28 (Ef 4:11). Kirkjan hefur að grundvelli postulana og spámennina, **Ef** 2:19–20.

Fólkið hefur hafnað orðum spámanna, **1 Ne** 3:17–18 (2 Ne 26:3). Fyrir andann fá spámenntirnir þekking á öllu, **1 Ne** 22:1–2. Kristur kom til Nefita til að uppfylla allt sem hann hafði talað um fyrir munnt sinna heilögu spámanna, **3 Ne** 1:13 (K&S 42:39).

Þeir sem ekki gefa gaum að orðum spámanna munnt útilokast frá fólkinu, **K&S** 1:14. Þeir sem trúá á orð spámanna hafa eilíft líf, **K&S** 20:26. Orði spámansins skuluð þér taka á móti, sem kæmi það af mínum eigin munnti, **K&S** 21:4–6. Opinberanir og boð fyrir kirkjuna koma aðeins með honum, sem útnefndur er, **K&S** 43:1–7. Skylda forsetans er að vera í forsæti fyrir allri kirkjunni og vera spámaður, líkt og Móse, **K&S** 107:91–92.

Vér trúum á spámenn, **TA** 1:6.

Spencer W. Kimball. Sjá einnig

Opinber yfirlýsing 2

Tólfthi forseti kirkjunnar frá stofnun hennar 1830. Spencer W. Kimball þjónaði sem forseti frá desember 1973 til nóvember 1985. Hann fæddist 1895 og andaðist 1985 níraður að aldri.

Í júní 1978 tilkynnti Æðsta forsætisráðið að Kimball forseti hefði fengið opinberun um að prestdæmið og blessanir mustersins skyldu ná til allra verðugra karla í kirkjunni, **OY** 2.

Spyrja. Sjá einnig Bæn

Að inna eftir, spyrja eða biðja Guð um sérstaka velþóknun.

Biðið og yður mun gefast, **Matt** 7:7. Ef

einhvern yðar brestur visku þá spyrji hann Guð, **Jakbr** 1:5 (JS — S 1:7–20).

Biðjið til mín í trú, **1 Ne** 15:11. Ef þér fáið ekki skilið þessi orð, þá er það vegna þess að þér spyrjið ekki, **2 Ne** 32:4. Biðjið Guð af einlægu hjarta, **Mósía** 4:10. Guð veitir yður allt, sem þér biðjið um í trú og rétt er, **Mósía** 4:21. Spyrjið Guð hvort þetta sé ekki sannleikur, **Moró** 10:4.

Þeir elska myrkið frekar en ljósið, þess vegna biðja þeir mig einskis, **K&S** 10:21. Yður er boðið að spyrja Guð um alla hluti, **K&S** 46:7.

Staðfesting. *Sjá* Handayfirlagning

Staðgengill. *Sjá* Helgiathafnir — Helgiathöfn með staðgengli; Sáluhjálpi fyrir hina dánú

Stafur Efraíms. *Sjá* Efraím — Stafur Efraíms eða Jósefs

Stafur Jósefs. *Sjá* Efraím — Stafur Efraíms eða Jósefs; Mormónsbók

Stafur Júda. *Sjá* Júda — Stafur Júda

Standast. *Sjá* einnig Andstreymi; Freista, freisting; Polinmæði, þolgæði

Að vera staðfastur í þeim ásetningi að fylgja boðorðum Guðs þrátt fyrir freistingar, andstöðu og mótlæti.

Sá sem staðfastur er allt til enda mun hólpinn verða, **Matt** 10:22 (Mark 13:13). Þeir hafa enga róttfestu og standast ekki, **Mark** 4:17. Kærleikurinn umber allt, **1 Kor** 13:7. Abraham öðlaðist það, sem Guð hafði heitið honum er hann hafði beðið þess með stöðuglyndi, **Hebr** 6:15.

Standi þeir stöðugir allt til enda, mun þeim lyft upp á efsta degi, **1 Ne** 13:37. Ef þið hlýðnist boðorðunum og standið stöðugir allt til enda, munið þið frelsast á efsta degi, **1 Ne** 22:31 (Al 5:13). Ef þér sækid fram, endurnærðir af orði Krists og standið stöðugir allt til enda öðlist þér eilíft líf, **2 Ne** 31:20 (3 Ne 15:9; K&S 14:7). Hver sem tekur á sig mitt nafn og stendur stöðugur allt til enda, mun hólpinn á efsta degi, **3 Ne** 27:6.

Hvern þann sem er í kirkju minni og er trúr henni allt til enda mun ég veita fótfestu á bjargi mínu, **K&S** 10:69. Sá sem stendur stöðugur í trúnni mun sigrá heiminn, **K&S** 63:20, 47. Öll hásæti og herradómar munu veitast öllum þeim sem hugdjarfir hafa staðið stöðugir í fagnaðarerindi Jesú Krists, **K&S** 121:29.

Stefán

Stefán var píslarvottur fyrir frelsarann og kirkju hans á tíma Nýja testamentis. Kenning hans markaði fyrir og hafði hugsanlega áhrif á hið mikla verk Páls, sem var viðstaddur þegar Stefán flutti vörn sína fyrir ráðinu (Post 8:1; 22:20).

Stefán var einn meðal sjö manna sem tilnefndir voru til aðstoðar postulunum tólf, **Post** 6:1–8. Stefán gjörði undur og tákn mikil, **Post** 6:8. Stefán átti í þrætum við Gyðinga, **Post** 6:9–10. Hann var kærður og réttáð yfir honum í ráðinu, **Post** 6:11–15. Stefán bar fram vörn sína, **Post** 7:2–53. Fullur af heilögum anda sá hann föðurinn og soninn í sýn, **Post** 7:55–56. Stefán leið píslarvætti fyrir vitnisburð sinn, **Post** 7:54–60.

Stela, stuldur

Að taka eitthvað frá öðrum óheiðarlega eða ólöglega. Drottinn hefur alltaf boðið börnun sínum að stela ekki (2 Mós 20:15; Matt 19:18; 2 Ne 26:32; Mósía 13:22; K&S 59:6).

Safnið yður fjársjóðum á himni, þar sem þjófar brjótast ekki inn og stela, **Matt** 6:19–21.

Nefitar biðu ósigur vegna hroka, ríki-dæmis, rána og þjófnaðar, **He** 4:12.

Þeim sem stelur, og ekki vill iðrast, skal vísað burt, **K&S** 42:20. Sá sem gerist sekur um rán skal framseldur lögum landsins, **K&S** 42:84–85.

Stika

Ein af skipulags- og stjórnumareiningum Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu. Stika samanstendur af deildum eða greinum. Yfirleitt hefur hún landfræðileg mörk og samrýmist

tjaldímyndinni í Jesaja 54:2: „Gjör tjaldstög þín löng og rek fast hælana.“ Sérhver stika Síonar styður og hjálpar til að halda uppi kirkjunni á sama hátt og tjald eða tjaldbúð er haldið uppi af stikum sínum. Stika er staður þar sem leifarnar af hinum dreifða Ísrael safnast saman (K&S 82:13–14; 101:17–21).

Styrktu stikur þínar og færðu út kvíar þínar, **Moró** 10:31 (K&S 82:14).

Útnefn Síon aðrar stikur auk þessarar, **K&S** 109:59. Samansöfnunin í Síon og stikum hennar má verða vörn og athvarf, **K&S** 115:6 (K&S 101:21). Aðrir staðir verða tilgreindir undir stikur, **K&S** 115:18. Forseti háprestasveitar settur til að gjöra hæfa þá sem tilnefndir verða stikuforsetar, **K&S** 124:133–134. Farið til lands Síonar svo að stikur hennar styrkist, **K&S** 133:9.

Stjórn. Sjá einnig Stjórnarskrá

Þegar Jesús Kristur kemur aftur setur hann á fót réttláta stjórn.

Á hans herðum skal höfðingjadómurinn hvíla, **Jes** 9:6 (2 Ne 19:6).

Gjaldið keisaranum það sem keisarans er, **Matt** 22:21 (K&S 63:26). Verið undirgefnir yfirvöldum, **Róm** 13:1. Biðjið fyrir konungum og öllum sem hátt eru settir, **1 Tím** 2:1–2. Verið undirgefnir og hlýðnir höfðingjum og yfirvöldum, **Títus** 3:1. Verið Drottins vegna undirgefnir allri mannlegri skipan, **1 Pét** 2:13–14. Jesús Kristur fær vald yfir heiminum, **Op** 11:15.

Hafið réttvísa menn fyrir konunga yðar, **Mósía** 23:8. Sinnið málefnum yðar í samræmi við rödd þjóðarinnar, **Mósía** 29:26.

Kristur verður stjórnandi okkar þegar hann kemur, **K&S** 41:4. Sá sem hlítir lögmáli Guðs finnur enga þörf til að brjóta lög landsins, **K&S** 58:21. Þegar hinir ranglátu stjórna grætur þjóðin, **K&S** 98:9–10. Stjórnkerfi eru innleidd af Guði mannum til heilla, **K&S** 134:1–5. Mönnum er skylt að styðja stjórnvöld og veita þeim fulltingi, **K&S** 134:5.

Vér trúum að vér eigum að vera þegar konungs, forseta, stjórnenda og yfirvalda, **TA** 1:12.

Stjórnarskrá. Sjá einnig Lögmál; Stjórn

Í Kenningu og sáttmálum tákna „stjórnarskráin“ stjórnarskrá Bandaríkja Norður-Ameríku, sem var innblásin af Guði til þess að greiða götuna fyrir endurreisn fagnaðarerindisins.

Styðja ber þau lög sem eru stjórnskipunarlæg landsins, **K&S** 98:5–6. Drottinn kom til leiðar setningu stjórnarskrárinnar, **K&S** 101:77, 80.

Stríð. Sjá einnig Friður

Orrusta eða hernaðaráttök; vopnuð áttök. Drottinn samþykkir stríð einungis sem lokaráð fyrir hina heilögu til að verja fjölskyldur sínar, eignir, rétt, réttindi, og frelsi (Al 43:9, 45–47).

Moróni leitaðist við að verja fólk sitt, rétt sinn, land sitt, og trú sína, **Al** 48:10–17.

Joseph Smith meðtók opinberun og spádóm um stríð, **K&S** 87. Hafnið stríðið og boðið frið, **K&S** 98:16, 34–46. Vér álitum, að allir menn hafi rétt til að verja sig, vini sína og eignir og stjórnvöld, **K&S** 134:11.

Vér trúum að hlýða beri lögnum, virða þau og styðja, **TA** 1:12.

Stríð á himni. Sjá einnig Fortilvera; Ráð eða þing á himnum

Átökin sem áttu sér stað í fortilverunni meðal andabarna Guðs.

Satan var varpað af himni niður til jarðar, **Op** 12:4, 7–9.

Djöflinum ásamt þriðja hluta af herskrum himins var varpað niður, **K&S** 29:36–37. Lúsifer gjörði uppreisn gegn hinum eingetna syni, **K&S** 76:25–26.

Satan stóttist eftir dýrð föðurins og að eyðileggja valfrelsi mannsins, **HDP Móse** 4:1–4 (Jes 14:12–15; Abr 3:27–28). Þeir sem fylgdu Guði stóðust fyrsta stig sitt, komu til jarðar, og fengu líkama, **Abr** 3:26.

Stuðningur við kirkjuleiðtoga. *Sjá einnig* Almenn samþykkt

Að heita stuðningi við þá sem þjóna í aðal- og staðarleiðtogastöðum í kirkjunni.

Leið Jósúa fram fyrir allan söfnuðinn og skipa hann í embætti í augsýn þeirra, **4 Mós** 27:18–19. Þá æpti allur lýðurinn og sagði: „Konungurinn lifi!“, **1 Sam** 10:24. Trúið spámönnum hans, þá munuð þér giftudrjúgir verða, **2 Kro** 20:20.

Hlýðið leiðtogum yðar, **Hebr** 13:17.

Þú munt njóta náðar Drottins vegna þess að þú hefur ekki möglað, **1 Ne** 3:6. Þeir sem tekið höfðu á móti spámönnum voru hólpnir, **3 Ne** 10:12–13. Gefið gaum að orðum þessara tólf, **3 Ne** 12:1.

Með minni eigin rödd eða með rödd þjóna minna, það gildir einu, **K&S** 1:38. Orði hans skuluð þér taka á móti, sem kæmi það af mínum eigin munni, **K&S** 21:5. Sá, sem tekur á móti þjónum mínum, tekur á móti mér, **K&S** 84:35–38. Hver sem tekur á móti mér, tekur á móti þeim sem ég hef sent, **K&S** 112:20. Vilji fólk mitt ekki hlýða rödd þeirra manna, sem ég hef útnefnt, mun það eigi blessað, **K&S** 124:45–46.

Sundurkramið hjarta. *Sjá einnig* Auðmjúkur, auðmýkt; Förn; Hjarta; Hógvær, hógværd; Iðrast, iðrun

Að hafa sundurkramið hjarta er að vera auðmjúkur, sáriðrandi, fullur eftirsjár og hógvær — sem sagt, móttækilegur fyrir vilja Drottins.

Ég dvel hjá þeim sem hafa litillátan og auðmjúkan anda, **Jes** 57:15.

Kristur færði sig fram sem förn fyrir þá sem hafa sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, **2 Ne** 2:7. Færðu Drottni að förn sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda, **3 Ne** 9:20 (**K&S** 59:8). Aðeins þeim sem hafa sundurkramið hjarta og sáriðrandi anda er tekið á móti til skirnar, **Moró** 6:2.

Jesús var krossfestur til fyrirgefningar synda hins sáriðrandi hjarta, **K&S** 21:9. Þeim, sem á sáriðrandi anda, er tekið

á móti, **K&S** 52:15. Þeim sem eru sáriðrandi er heitið heilögum anda, **K&S** 55:3. Andi minn er sendur út í heiminn til að upplýsa auðmjúka og sáriðrandi, **K&S** 136:33.

Sunnudagur. *Sjá* Hvíldardagur**Svefn**

Hvíldarástand þar sem menn eru óvirkir og án meðvitundar. Drottinn hefur ráðlagt sínum heilögu að sofa ekki um nauðsyn fram (**K&S** 88:124). Svefn getur einnig táknað andlegan dauða (1 Kor 11:30; 2 Ne 1:13) eða líkamsdauða (**Morm** 9:13).

Sveit. *Sjá einnig* Prestdæmi

Orðið *sveit* er notað í Kenningu og sáttmálum til að tákna tvennt: (1) Tiltekinn hópur sem hefur samskonar embætti í prestdæminu. (2) Meirihluti eða lágmarksfjöldi meðlima prestdæmis-hóps sem þarf að vera mættur á fundi til þess að taka ákvarðanir í málefnum kirkjunnar (**K&S** 107:28).

Sveit Æðsta forsætisráðsins og hinna tólf og hinna sjötíu og sambandi þeirra innbyrðis er lýst, **K&S** 107:22–26, 33–34 (**K&S** 124:126–128). Ákvarðanir þessarra sveita verða að vera einróma, **K&S** 107:27. Ákvarðanir sveita skulu teknar af fullu réttlæti, **K&S** 107:30–32. Skyldum forseta prestdæmissveita er lýst, **K&S** 107:85–96. Öldungasveitir eru stofnsettar fyrir fastaþjóna, **K&S** 124:137.

Svik. *Sjá einnig* Blekking, blekkja

Í ritningunum eru svik villandi kænska.

Sæll er sá maður er eigi geymir svik í anda, **Sálm** 32:2 (**Sálm** 34:13; 1 Pét 2:1).

Natanael var Ísraélít sem engin svik voru í, **Jóh** 1:47 (**K&S** 41:9–11).

Hrein þekking þroskar sálina án hræsni og flærðar, **K&S** 121:42.

Svipur

Almennt yfirbragð andlits manns, sem oft endurspeglar andleg viðhorf og hugarástand.

Synagóga

Andlitssvipur þeirra vitnar í gegn þeim, **Jes 3:9**. Þá gjörðist konungur litverpur, og hugsanir hans skelfdu hann, **Dan 5:6**.

Hann var sem elding ásýndum, **Matt 28:3**. Ásjóna hans var sem sólin skínandi í mætti sínum, **Op 1:16**.

Hefur mynd Guðs greypst í svip yðar, **Al 5:14, 19**. Ammon sá að svipur konungs var breyttur, **Al 18:12**.

Fastið og biðjið með léttu hjarta og léttum svip, **K&S 59:14–15**. Ljóminn af svip hans bar af ljóma sólarinnar, **K&S 110:3**.

Synagóga. Sjá einnig Gyðingar

Samkomustaður notaður í trúarlegum tilgangi. Á tíma Nýja testamentis voru húsgögn yfirleitt einföld, samanstöðu af örk sem hafði að geyma bókröllur með lögmálinu og öðrum helgum ritum, skrifborð og sæti fyrir þá sem tilbáðu.

Öldungasveit á hverjum stað stýrði synagógunni. Þeir ákváðu hverjir fengu aðgang og hverjir voru útilokaðir (Jóh 9:22; 12:42). Mikilvægasti embættismaðurinn var samkundustjórinn (Mark 5:22; Lúk 13:14). Yfirleitt var hann fræðimaður, sá um bygginguna og stýrði samkomunum. Aðstoðarmaður sá um ritarastörf (Lúk 4:20).

Synagógu var komið upp hvarvetna í bæjum þar sem Gyðingar bjuggu, bæði í Palestínu og annars staðar. Þetta kom sér mjög vel við útbreiðslu fagnaðarerindis Jesú Krists vegna þess að fyrstu trúboðarnir fengu að tala í synagógunum (Post 13:5, 14; 14:1; 17:1, 10; 18:4). Sama fyrirkomulag er að finna meðal trúboða í Mormónsbók (Al 16:13; 21:4–5; 32:1) svo og meðal trúboða á þessum ráðstöfunartíma (K&S 66:7; 68:1).

Synd. Sjá einnig Misþjóða; Óguðlegur; Óhreinindi; Óréttlátur, óréttlæti; Ranglátur, ranglæti; Uppreisn; Viðurstyggð

Vísvitandi óhlýðni við boðorð Guðs.

Sá sem dylur yfirsjónir sínar, verður ekki lángefinn, **Okv 28:13**. Þó að syndir

yðar séu sem skarlat, skulu þær verða hvítar sem mjöll, **Jes 1:18**. Þeir sem syndga munu deyja, og réttlátir munu lifa, **Esek 18**.

Guðs lambið ber synd heimsins, **Jóh 1:29**. Lát skírast og laugast af syndum þínum, **Post 22:16**. Laun syndarinnar er dauði, **Róm 6:23**. Hver sem því hefur vit á gott að gjöra, en gjörir það ekki, hann drýgir synd, **Jakbr 4:17**.

Vilt þú sjá um að mig hrylli þegar syndin birtist, **2 Ne 4:31**. Veit sé öllum þeim, sem deyja í syndum sínum, **2 Ne 9:38**. Þeir gátu einungis litið á synd með viðbjóði, **Al 13:12**. Þú skalt ekki álykta að þú verðir reistur frá synd til sælu, **Al 41:9–10**. Drottinn getur ekki litið á synd með minnsta votti af undanlátssemi, **Al 45:16** (K&S 1:31). Lítil börn geta ekki drýgt synd, **Moró 8:8**.

Til þess að iðrast verða menn að játa syndir sínar og láta af þeim, **K&S 58:42–43**. Hin stærri synd býr í þeim, sem ekki fyrirgefur, **K&S 64:9**. Sá, sem syndgar gegn stærra ljósi, hlýtur þyngri dóm, **K&S 82:3**. Yfir þá sál, sem syndgar, munu hinar fyrri syndir falla, **K&S 82:7**. Þegar við reynum að hylja syndir okkar, þá draga himnarnir sig í hlé, **K&S 121:37**.

Syngja. Sjá einnig Lofsöngur; Tónlist

Að dýrka og lofa Guð með söng og tónlist.

Syngið Drottinn, **1 Kro 16:23–36** (Sálm 96). Syngið Drottinn lof, **Sálm 30:5**. Komið fyrir auglit hans með fagnaðarsöng, **Sálm 100:1**.

Þegar þeir höfðu sungið lofsönginn, fóru þeir til Ólíufjallsins, **Matt 26:30**.

Heilagur andi leiddi þá til að syngja, **Moró 6:9**.

Söngur hinna réttlátu er bæn til mín, **K&S 25:12**. Sér þú glaður, skalt þú lofa Drottinn með söng, **K&S 136:28**.

Synir Helamans. Sjá Helaman, synir hans

Synir Mósía. Sjá Mósía, synir hans

Synir og dætur Guðs. *Sjá einnig* Börn Krists; Endurfæddur, fæddur af Guði; Friðþægja, friðþæging; Getinn; Maður, menn

Í ritningunum eru þessi hugtök notuð með tvennum hætti. Ein merking er að við erum öll beinlínis andabörn okkar himneska föður. Í hinn merkingunni, synir og dætur Guðs eru þau sem endurfæðst hafa fyrir friðþægingu Krists.

Andabörn föðursins: Þér eruð guðir og allir saman synir hins hæsta, **Sálm** 82:6.

Vér erum Guðs ættar, **Post** 17:29. Verum undirgefni föður andanna, **Hebr** 12:9.

Ég er sonur Guðs, **HDP Móse** 1:13.

Börn endurfædd vegna friðþægingar: Öllum þeim, sem tóku við honum, gaf hann rétt til að verða Guðs börn, **Jóh** 1:12 (Róm 8:14; 3 Ne 9:17; K&S 11:30). Nú þegar erum vér Guðs börn, **1 Jóh** 3:1–2.

Þér skuluð nefnast börn Krists, synir hans og dætur, **Mósía** 5:7. Allir þurfa að fæðast af Guði, verða synir hans og dætur, **Mósía** 27:25. Þeir skulu verða synir mínir og dætur mínar, **Et** 3:14. Þér verðið vissulega börn Krists, **Moró** 7:19.

Allir sem meðtaka fagnaðarerindi mitt eru synir og dætur, **K&S** 25:1. Þeir eru guðir, já synir Guðs, **K&S** 76:58.

Þannig geta allir orðið synir mínir, **HDP Móse** 6:68. Margir hafa trúað og orðið synir Guðs, **HDP Móse** 7:1.

Systir. *Sjá einnig* Bræður, bróðir; Kona, konur; Maður, menn

Sem börn okkar himneska föður eru allir karlar og konur í anda bræður og systur. Í kirkjunni eru konur í kirkjunni og vinkonur kirkjunnar oft ávarpaðar sem systur.

Hver sem gjörir vilja föður míns, sá er bróðir minn eða systir, **Matt** 12:50 (Mark 3:35).

Lögmál varðandi játingu synda milli bræðra og systra í kirkjunni eru sett fram, **K&S** 42:88–93.

Sýn. *Sjá einnig* Draumur; Fyrsta sýnin; Opinberun

Sjónræn opinberun einhvers atburðar, veru eða hlutar fyrir kraft heilags anda.

Dæmi um mikilvægar sýnir eru þessi: Sýn Esekíels yfir síðustu daga (Esek 37–39), sýn Stefáns af Jesú standandi til hægri handar Guði (Post 7:55–56), Opinberun Jóhannesar varðandi síðustu daga (Op 4–21), sýnir Lehís og Nefís af lífsins tré (1 Ne 8; 10–14), sýn Alma yngri af engli Drottins (Mósía 27), sýn bróður Jareds af öllum íbúum jarðar (Et 3:25), sýnin varðandi dýrðarstigin (K&S 76), sýn veitt Joseph Smith og Oliver Cowdery í Kirtland musterinu (K&S 110), sýn Josephs F. Smith yfir endurlausn hinna dánú (K&S 138), sýn Móse af Guði og sköpunarverki hans (HDP Móse 1), sýn Enoks af Guði (HDP Móse 6–7), og fyrsta sýn Josephs Smith (JS — S 1).

Þar sem engar vitranir eru, kemst fólkíð á glapstigu, **Okv** 29:18. Ungmenni yðar munu sjá sjónir, **Jóel** 3:1 (Post 2:17).

Hann hefur miðlað mér þekkingu með sýnum, **2 Ne** 4:23.

Hann var sendiboði sendur úr návist Guðs, **JS — S** 1:33. Vér höfum trú á gjöf spádóma, opinberana, sýna, **TA** 1:7.

Sæluboðin. *Sjá einnig* Fjallræðan

Röð kennisetninga sem Jesús setti fram í fjallræðunni og lýsa þroskuðum og andlegum persónuleika (Matt 5:3–12; Lúk 6:20–23). Sæluboðin eru þannig fram sett að hver kenning byggir á þeirri næstu á undan. Yfirgrípsmeiri og nákvæmari frásögn af sæluboðunum er að finna í 3 Nefi 12.

Talenta

Forn mælieining þyngdar eða fjárupphæð sem hafði mikið verðgildi. Einnig er orðið notað táknrænt um eitthvað sem er mikils virði, svo sem fagnaðarerindi Jesú Krists (Matt 25:14–29; Eter 12:35; K&S 60:2, 13).

Tákn. *Sjá einnig* Kirkja, einkenni hinnar sönnu; Kraftaverk; Tákn tímanna

Atburður eða reynsla sem fólk lítur

á sem vitnisburð eða sönnun fyrir einhverju. Tákn er venjulega birting kraftaverks frá Guði. Satan hefur einnig vald til að sýna tákn við sérstök skilyrði. Hinir heilögu eiga að leita eftir gjöfum andans en ekki að sækjast eftir táknum til þess að seðja forvitni eða styrkja trú. Fremur mun Drottinn, eftir því sem honum þóknast, gefa tákn þeim sem trúa (K&S 58:64).

Fyrir því mun Drottinn gefa yður tákn sjálfur, **Jes 7:14** (2 Ne 17:14). Guð gjörir tákn og furðuverk á himni og jörðu, **Dan 6:28**.

Vond og ótrú kynslóð heimtar tákn, **Matt 12:39** (Matt 16:4; Lúk 11:29). Þessi tákn munu fylgja þeim er trúa, **Mark 16:17** (Morm 9:24; Et 4:18; K&S 84:65). Í Kana gjörði Jesús fyrsta táknið, **Jóh 2:11**.

Serem það um tákn, **Jakob 7:13–20**. Kórihor það um tákn, **Al 30:48–60**. Ef þú vilt sýna okkur tákn, þá munum við trúa, **Al 32:17**. Flestir trúðu táknum og undrunum, **3 Ne 1:22**. Fólkið gleymdi táknum og undrunum, **3 Ne 2:1**. Þér sjáið ekki fyrr en reynt hefur á trú yðar, **Et 12:6**.

Biðjið ekki um kraftaverk, nema ég bjóði svo, **K&S 24:13**. Trú kviknar ekki af táknum, heldur fylgja tákn þeim, sem trúa, **K&S 63:7–11**.

Á þeim dögum munu koma upp falskristar og falsspámenn, og þeir munu gjöra stór tákn og undur, **JS — M 1:22**.

Tákn hinnar sönnu kirkju. *Sjá*

Kirkja, einkenni hinnar sönnu

Tákn tímanna. *Sjá* Síðari koma Jesús

Krists; Síðustu dagar, síðari dagar;

Tákn

Atburðir eða reynsla sem Guð færir fólki til að sýna að eitthvað mikilvægt í verki hans hefur gerst eða mun brátt gjörast. Mörgum táknum hefur verið spáð fyrir síðari tíma vegna endurkomu frelsarans. Þessi merki gera trúföstu fólki kleift að þekkja áætlun Guðs, vera viðbúin og undirbúast.

Fjall það, er hús Drottins stendur á, mun grundvallað verða á fjallstindi, **Jes**

2:2–3. Drottinn reisir hermerki og safnar Ísrael, **Jes 5:26** (2 Ne 15:26–30). Sólin er myrk og tunglið ber eigi birtu sína, **Jes 13:10** (Jóel 3:20; K&S 29:14). Menn munu brjála boðorðunum og rjúfa sáttmálann eilífa, **Jes 24:5**. Nefítar munu tala lágrí röddu upp úr jörðinni, **Jes 29:4** (2 Ne 27). Ísrael mun saman safnað með krafti, **Jes 49:22–23** (1 Ne 21:22–23; 3 Ne 20–21). Guð mun hefja ríki sem aldrei mun á grunn ganga, **Dan 2:44** (K&S 65:2). Stríð, draumar, og sýnir verða undanfari síðari komunnar, **Jóel 2**. Allar þjóðir munu safnast gegn Jerúsalem til orrustu, **Sak 14:2** (Esek 38–39). Dagurinn kemur, brennandi sem ofn, **Mal 4:1** (3 Ne 25:1; K&S 133:64; JS — S 1:37).

Miklar hörmungar ganga yfir fyrir síðari komuna, **Matt 24** (JS — M 1). Páll lýsti fráhrarfi og háskatímum á síðustu dögum, **2 Tím 3–4**. Tveir spámenn munu deyddir og rísa upp í Jerúsalem, **Op 11** (K&S 77:15). Fagnaðareringið mun endurreist á síðustu dögum með englaþjónustu, **Op 14:6–7** (K&S 13; 27; 110:11–16; 128:8–24). Babel mun reist og hún falla, **Op 17–18**.

Ísrael mun safnað með krafti, **1 Ne 21:13–26** (Jes 49:13–26; 3 Ne 20–21). Ég gef yður tákn, svo að þér megið þekkja tímann, **3 Ne 21:1**. Mormónsbók kemur fram með krafti Guðs, **Morm 8**.

Lamanítar blómstra, **K&S 49:24–25**. Ranglátir fella rangláta, **K&S 63:32–35** (Op 9). Styrjöld hvolfist yfir allar þjóðir, **K&S 87:2**. Tákn, náttúruhamfarir, og englar ryðja brautina fyrir komu Drottins, **K&S 88:86–94**. Myrkur grúfir yfir jörðinni, **K&S 112:23–24**. Drottinn bauð hinum heilögu að undirbúast fyrir síðari komuna, **K&S 133**.

Tákn um fæðingu og dauða Jesús

Krists. *Sjá einnig* Jesús Kristur

Atburðir í tengslum við fæðingu og dauða Jesús Krists.

Fæðing: Sjá, yngismær verður þunguð og fæðir son, **Jes 7:14**. Frá Betlehem skal koma sá, sem vera skal drottarni í Ísrael, **Míka 5:1**.

Samúel Lamaníti spáði degi, nóttu, og degi birtu; nýrri stjörnu; og öðrum táknum, **He** 14:2–6. Táknin komu fram, **3 Ne** 1:15–21.

Dauði: Samúel Lamaníti spáði myrkri, þrumum og eldingum, og jarðskjálfta, **He** 14:20–27. Táknin komu fram, **3 Ne** 8:5–23.

Táknræn merking

Að nota eitthvað í líking eða mynd annars. Í ritningunum er táknræn merking sýnd með því að nota velþekktan hlut, atburð eða kringumstæður til þess að tákna reglu eða kenningu fagnaðarerindisins. Til dæmis notar spámaðurinn Alma í Mormónsbók sáðkorn til þess að tákna orð Guðs (Alma 32).

Hvarvetna í ritningunum nota spámennt líkingar til þess að kenna um Jesú Krist. Sumar þessara líkinga fela í sér helgisíði og helgiathafnir (HDP Móse 6:63), fórnir (Hebr 9:11–15; HDP Móse 5:7–8), sakramentið (ÞJS, Mark 14:20–24 [Viðauki]; Lúk 22:13–20) og skírn (Róm 6:1–6; K&S 128:12–13). Mörg Bibliunöfn eru táknræn. Helgisíðir tjaldbúðarinnar í Gamla testamenti og lögmál Móse táknuðu eilífan sannleik (Hebr 8–10; Mósía 13:29–32; Al 25:15; He 8:14–15). Varðandi önnur dæmi, sjá Matteus 5:13–16; Jóh 3:14–15; Jakob 4:5; Al 37:38–45.

Teankúm

Mikill herstjórnandi Nefíta, í Mormónsbók (Al 50:35; 51–52; 61–62).

Testamenti. *Sjá* Gamla testamentið; Nýja testamentið

Thomas B. Marsh

Fyrsti forseti Tólfpostulasveitarinnar eftir endurreisn kirkjunnar 1830. Hann hélt lyklum ríkisins eins og þeir heyra til hinum tólf (K&S 112:16) og árið 1838 var honum með opinberun boðið að gefa út orð Drottins (K&S 118:2). Þrítugasti og fyrsti kafli Kenningar og sáttmála beinist að honum. Marsh var vikið úr kirkjunni 1839 en var endurskírður í júlí 1857.

Tilbeiðsla. *Sjá* einnig Guð, guðdómur

Ást, lotning, þjónusta, og hollusta við Guð (K&S 20:19). Tilbeiðsla felur í sér bæn, föstu, kirkjustarf, þátttöku í helgiathöfnum fagnaðarerindisins og annað það sem sýnir hollustu og ást á Guði.

Þú skalt ekki hafa aðra Guði en mig, **2 Mós** 20:3 (2 Mós 32:1–8, 19–35; Sálm 81:9).

Tilbiðjið föðurinn í anda og sannleika, **Jóh** 4:23. Tilbiðjið þann, sem gjört hefur himininn og jörðina, **Op** 14:7 (K&S 133:38–39).

Tilbiðjið hann af öllum mætti yðar, huga og styrk, **2 Ne** 25:29. Þeir trúðu á Krist og tilbáðu föðurinn í hans nafni, **Jakob** 4:5. Senos kenndi að menn ættu að tilbiðja hvar sem þeir væru staddir, **Al** 33:3–11. Tilbiðjið Guð í anda og í sannleika, hvar sem þið kunnið að vera, **Al** 34:38. Fólkið féll að fótum Jesú og tilbað hann, **3 Ne** 11:17.

Allir menn verða að iðrast, trú á Jesú Krist, og tilbiðja föðurinn í hans nafni, **K&S** 20:29. Ég gef yður þessi orð, svo að þér megið skilja og vita hvernig tilbiðja skal og hvað tilbiðja skal, **K&S** 93:19.

Aðeins þann eina Guð vil ég tigna, **HDP Móse** 1:12–20. Vér krefjumst þeirra réttinda að fá að tilbiðja almáttugan Guð, **TA** 1:11.

Tímatal. *Sjá* Tímatal í Viðaukanum

Tímóteus. *Sjá* einnig Páll

Í Nýja testamenti, ungur trúboðsfélagi Páls í helgri þjónustu hans (Post 16:1–3; 2 Tím 1:1–5); sonur grískis föður og móður af Gyðingaætt; hann og foreldrar hans bjuggu í Lýstru.

Páll talaði um Tímóteus sem „sinn eigin son í trúnni“ (1 Tím 1:2, 18; 2 Tím 1:2). Tímóteus var líklega traustasti og hæfasti aðstoðarmaður Páls (Fil 2:19–23).

Tímóteusarbréfin. *Sjá* einnig Bréf

Páls postula; Páll; Tímóteus

Tvær bækur í Nýja testamenti. Báðar voru upphaflega bréf sem Páll ritaði Tímóteusi.

Fyrra Tímóteusarbréfið: Páll skrifaði fyrra bréfið eftir fyrstu fangelsisvist sína. Hann hafði skilið við Tímóteus í Efesus, haft í hyggju að koma aftur (1 Tím 3:14). Á hinn bóginn gerði hann ráð fyrir að teFAST, svo hann skrifaði Tímóteusi, líklega frá Makedóníu (1 Tím 1:3), til að gefa honum ráð og hvetja hann til að uppfylla skyldur sínar.

Kapítuli 1 geymir kveðju Páls og einnig fyriræmi varðandi fávíslegar vangaveltur, sem upp komu í kirkjunni. Kapítular 2–3 geyma fyriræmi um guðsþjónustuna og skapgerðareinkenni og framkomu helgra þjóna. Kapítular 4–5 geyma lýsingu á fráhrarfi síðari daga og ráðgjöf til Tímóteusar um hvernig hann fær best þjónað þeim sem hann leiðir. Kapítuli 6 er hvatning til trúfestu og að forðast auð heimsins.

Síðara Tímóteusarbréf: Páll skrifaði síðara bréfið þegar hann var í fangelsi í annað sinn, skömmu fyrir píslarvætti sitt. Það geymir síðustu orð postulans og sýnir fráþætt hugrekki hans og traust andspænis dauðanum.

Kapítuli 1 geymir kveðju Páls og hvatningu til Tímóteusar. Kapítular 2–3 gefa ýmsar viðvaranir og leiðbeiningar ásamt uppörvun varðandi aðsteðjandi hættur. Kapítuli 4 er skilaboð til vina Páls og geymir ráð um hvernig bregðast skuli við fráhrarfi.

Títus. *Sjá einnig* Bréf Páls postula; Páll; Títusarbréfið

Í Nýja testamenti, áreiðanlegur grískur trúskiptingur sem fylgdi Páli til Jerúsalem og varð síðar trúboði (Gal 2:1–4; 2 Tím 4:10). Títus færði Korintumönnum fyrra bréf Páls til þeirra (2 Kor 7:5–8, 13–15).

Títusarbréfið. *Sjá einnig* Bréf Páls postula; Páll; Títus

Á meðan Páll var um skeið laus úr fangelsi Rómverja, skrifaði hann bréfið til Títusar, sem var á eygni Krít. Bréfið fjallar mest um vandamál varðandi innri aga og skipulag kirkjunnar.

Kapítuli 1 geymir kveðju Páls ásamt leiðbeiningum og almennri lýsingu á kröfum þeim sem gera verður til biskupa. Kapítular 2–3 geyma almenna kenning og persónuleg skilaboð til Títusar hvernig fara skuli að varðandi ýmsa hópa í kirkjunni á Krít. Páll hvatti hina heilögu til að sigrast á síðspillingu, vera árvakir og trúfastir og stunda góð verk.

Tíu boðorð. *Sjá* Boðorðin tíu

Tíund, tíundargreiðslur. *Sjá einnig* Fórargjöf; Peningar

Tíundi hluti af árlegum ábata gefinn Drottni í gegnum kirkjuna. Tíundarsjóðir eru notaðir til að byggja kirkjur og musteri, að halda uppi trúboðsstarfi og til að byggja upp ríki Guðs á jörðu.

Abraham gaf tíund af öllu sem hann átti til Melkisedeks, **1 Mós** 14:18–20 (Hebr 7:1–2, 9; Al 13:15). Öll tíund heyrir Drottni; hún er helguð Drottni, **3 Mós** 27:30–34. Þú skalt tíunda nákvæmlega allan ávöxt þinn, **5 Mós** 14:22, 28. Þeir reiddu fram ríkulega tíund af öllu, **2 Kro** 31:5. Á maðurinn að pretta Guð? Í hverju höfum við prettað þig? Í tíund og föstufórnum, **Mal** 3:8–11 (3 Ne 24:8–11).

Sá, sem geldur tíund, mun ekki brenna við komu hans, **K&S** 64:23 (K&S 85:3). Hús Drottins verður reist fyrir tíundargreiðslur fólks hans, **K&S** 97:11–12. Drottinn opinberaði tíundarlögmálið, **K&S** 119. Ráð annast úthlutun tíundar, **K&S** 120.

Tjaldbúð. *Sjá einnig* Hið allra helgasta; Musteri, hús Drottins; Sáttmálsörkin

Hús Drottins, miðpunktur tilbeiðslu Ísraels í brottförinni frá Egyptalandi. Tjaldbúðin var í rauninni ferðamusteri og hana mátti taka sundur og setja upp á ný. Ísraelsbörn notuðu tjaldbúðina uns musteri Salómons var byggt (K&S 124:38).

Drottinn opinberaði Móse fyrirmynd að tjaldbúðinni (2 Mós 26–27) og Ísraelsbörn gjörðu hana eftir þeirri fyrirmynd

(2 Mós 35–40). Þegar tjaldbúðin var fullgerð, þakti ský tjaldið og dýrð Drottins fyllti tjaldbúðina (2 Mós 40:33–34). Skýið var merki um nærveru Drottins. Á nóttunni var það sem eldur. Þegar skýið hélt sig yfir tjaldinu, áðu Ísraelsbörn. Þegar það færði sig, fylgdu þeir því eftir (2 Mós 40:36–38; 4 Mós 9:17–18). Ísraelsbörn báru tjaldbúðina með sér á reiki sínu um eyðimörkina og í landvinningum sínum í Kanaanlandi. Eftir þá sigra var tjaldbúðin sett niður í Síló, staðnum sem Drottinn hafði valið (Jós 18:1). Eftir að Ísraelsbörn höfðu byggt musteri Salómons hverfur tjaldbúðin gjörsamlega úr sögunni.

Drottinn og Jesaja nota tjaldbúðina sem tákni fyrir borgir Síonar og Jerúsalem við síðari komu Drottins (Jes 33:20; HDP Móse 7:62).

Tollheimtumaður. *Sjá einnig* Rómaveldi

Innheimtumaður skatta fyrir ríkisstjórnina í hinu forna Rómaveldi. Almennt voru tollheimtumenn illa þokkaðir meðal Gyðinga. Nokkrir tollheimtumenn tóku ljúflega á móti fagnaðarerindinu (Matt 9:9–10; Lúk 19:2–8).

Tóbak. *Sjá* Vísdomsorðið

Tólf ættkvíslir Ísraels. *Sjá* Ísrael — Tólf ættkvíslir Ísraels

Tólfpostulasveitin. *Sjá* Postuli

Tómas

Í Nýja testamenti, einn fyrstu tólfpostulanna sem frelsarinn valdi í jarðneskri þjónustu sinni. (Matt 10:2–3; Jóh 14:5) Á grísku er nafnið Didymus tvíburinn (Jóh 20:24–29; 21:2). Þótt Tómas drægi upprisú Jesú í efa uns hann sjálfur sá frelsarann, var skapfesta hans slík að hann var fús til að mæta ofsóknum og dauða með Drottini (Jóh 11:16; 20:19–25).

Tónlist. *Sjá einnig* Lofsöngur; Syngja

Stef og hljómfall sungið og leikið allt frá fyrstu tíð til þess að láta í ljós gleði, lof, og tilbeiðslu (2 Sam 6:5). Hún getur

verið í bænarformi. Sálmannir voru sennilega sungnir við einfalt hljómfall og leikið undir á hljóðfæri.

Mirjam, systir Arons og Móse, tók bumbu og konurnar dönsuðu, **2 Mós** 15:20. Levitasöngmenn voru með skálabumbur og hörpur og hundrað og tuttugu prestar þeyttu lúðra, **2 Kro** 5:12.

Jesús og hinir tólf sungu lofsöng eftir síðustu kvöldmáltíðina, **Matt** 26:30. Fræðið og áminnið hver annan með sálum, lofsöngvum og andlegum ljóðum, **Kól** 3:16.

Hefur yður langað til að syngja söng hinnar endurleysandi elsku, **Al** 5:26.

Sál Guðs hefur unun af söng hjartans, já, söngur hinna réttlátu er bæn, **K&S** 25:12. Lofa Drottinn með söng, tónlist og dansi, **K&S** 136:28.

Treysta. *Sjá einnig* Átrúnaður; Trúnaður

Að reiða sig á eða binda traust við einhvern eða eitthvað. Að treysta í andlegum eignum felur í sér að reiða sig á Guð og anda hans.

Sjá, hann mun deyða mig — ég bíð hans, **Job** 13:15. Treystu Drottini af öllu hjarta, **Okv** 3:5. Guð frelsaði þjóna sína, er treystu honum, **Dan** 3:19–28.

Ég mun að eilífu treysta þér, **2 Ne** 4:34. Fagníð og treystið Guði, **Mósía** 7:19. Hver, sem setur traust sitt á hann, mun upphafinn verða á efsta degi, **Mósía** 23:22. Hver, sem setur traust sitt á Guð, hlýtur stuðning í raunum sínum, **Al** 36:3, 27.

Treystið ekki á arm holdsins, **K&S** 1:19. Settu traust þitt á þann anda, sem leiðir þig til góðra verka, **K&S** 11:12. Hann skal setja traust sitt á mig og á engan hátt verða sér til smánar, **K&S** 84:116.

Trú, trúa. *Sjá einnig* Átrúnaður; Jesús Kristur; Treysta; Vantrú

Að trúa á einhvern eða viðurkenna eitthvað sem sannleika. Menn verða að iðrast og trúa á Jesú Krist til þess að frelsast í Guðsríki (**K&S** 20:29).

Trúaratriði

Treystið Drottni, Guði yðar; trúið spámönnum hans, **2 Kro** 20:20. Daníel sakaði ekki í ljónagryfjunni vegna guðs-trúar hans, **Dan** 6:23.

Verði þér sem þú trúir, **Matt** 8:13. Allt sem þér biðjið í bæn yðar, munuð þér öðlast, ef þér trúið, **Matt** 21:22. Óttast ekki, trú þú aðeins, **Mark** 5:36. Sá getur allt sem trúir, **Mark** 9:23–24. Sá sem trúir og skírist mun hólpinn verða, **Mark** 16:16 (2 Ne 2:9; 3 Ne 11:33–35). Sá sem trúir á soninn hefur eilíft líf, **Jóh** 3:16, 18, 36 (Jóh 5:24; K&S 10:50). Vér trúum og vitum, að þú ert hinn heilagi Guðs, **Jóh** 6:69. Sá sem trúir á mig, mun aldrei að eilífu deyja, **Jóh** 11:25–26. Vér, sem trú höfum tekið, göngum inn til hvíldarinnar, **Hebr** 4:3. Trúíð á Jesú Krist og elskið hver annan, **1 Jóh** 3:23.

Engum mun hann tortíma, sem á hann trúir, **2 Ne** 6:14. Gyðingar munu ofsóttir uns þeim lærist að trúa á Krist, **2 Ne** 25:16. Ef þér trúið öllu þessu, sýnið það þá í verki, **Mósía** 4:10. Sonurinn mun taka á sig brot þeirra sem á nafn hans trúa, **Al** 11:40. Blessaðir eru þeir, sem auðmýkja sig án þess að vera neyddir til auðmýktar, **Al** 32:16. Ef þér eigið örlitla löngun til að trúa, látið þá undan þeirri löngun, **Al** 32:27. Ef þér trúið á nafn hans, þá munuð þér iðrast, **He** 14:13. Sá sem trúir á Krist trúir einnig á föðurinn, **3 Ne** 11:35. Aldrei hefur nokkur maður trúað á Drottin eins og bróðir Jareds gerði, **Et** 3:15. Allt sem hvetur til trúar á Krist, er sent fyrir kraft og gjöf Krists, **Moró** 7:16–17.

Þeim sem trúa á Drottin mun gefin opinberun anda hans, **K&S** 5:16. Þeir sem trúa á nafn Drottins verða Guðs synir, **K&S** 11:30 (Jóh 1:12). Sumum er gefið að trúa orðum annarra, **K&S** 46:14. Tákn fylgja þeim sem trúa, **K&S** 58:64 (K&S 63:7–12).

Þeir sem trúa, iðrast og láta skírast meðtaka heilagan anda, **HDP Móse** 6:52.

Trúaratriði. *Sjá einnig* Hin dýrmaeta perla; Joseph Smith yngri

Þrettán grundvallar trúaratriði sem

meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu kenna.

Pau komu fyrst fram í bréfi sem Joseph Smith ritaði John Wentworth ritstjóra *Chicago Democrat*, sem svar við ósk hans um að vita á hvað meðlimir kirkjunnar tryðu. Bréfið varð síðan þekkt sem Wentworth-bréfið og var fyrst prentað í *Times and Seasons* í mars 1842. Hinn 10. október 1880 voru trúaratriðin formlega meðtekin sem ritning með samþykkt meðlima kirkjunnar og felld inn í Hina dýrmaeta perlu.

Trúboðsverk. *Sjá einnig* Fagnaðarerindi; Prédika

Að deila fagnaðarerindi Jesú Krists með öðrum í orði og verki.

Hve yndislegir eru á fjöllumunum fætur fagnaðarboðans, **Jes** 52:7. Ég mun bæði leita sauða minna og annast þá, **Esek** 34:11.

Boðið fagnaðarerindið hverri skepnu, **Mark** 16:15 (Morm 9:22). Akrarnir eru þegar hvítir til uppskeru, **Jóh** 4:35. Hver getur prédikað, nema hann sé sendur, **Róm** 10:15.

Kennum þeim orð Guðs af kostgæfni, **Jakob** 1:19. Drottinn leyfir öllum þjóðum að kenna orð hans, **Al** 29:8.

Að hinir veiku og einföldu fái boðað fagnaðarerindið, **K&S** 1:23. Undursamlegt verk er að hefjast, **K&S** 4:1. Ef þér erfiðið alla yðar daga og leiðið eina sál til mín, hversu mikil skal þá gleði yðar verða, **K&S** 18:15. Mínið kjörnu heyrast raust mína og herða eigi hjörtu sín, **K&S** 29:7. Farið tveir og tveir saman og prédikið fagnaðarerindi mitt, **K&S** 42:6. Hljómurinn verður að berast frá þessum stað, **K&S** 58:64. Ljúkið upp munninn yðar og boðið fagnaðarerindi mitt, **K&S** 71:1. Kunngjörið sannleikann í samræmi við opinberanirnar og boðin, **K&S** 75:4. Hverjum manni, sem fengið hefur viðvörðun, ber að aðvara náunga sinn, **K&S** 88:81 (K&S 38:40–41). Drottinn mun annast fjölskyldur þeirra sem prédika fagnaðarerindið, **K&S** 118:3. Þjónar Guðs munu ganga fram,

K&S 133:38. Staðfastir öldungar halda áfram verki sínu, eftir að þeir hafa yfirgefið hið dauðlega líf, **K&S** 138:57.

Trúnaður. *Sjá einnig* Átrúnaður; Treysta; Trú, trúa

Að hafa fullvissu, trú, traust og átrúnað á einhverju, sérstaklega Guði og Jesú Kristi.

Betra er að leita hælís hjá Drottinni en að treysta mönnum, **Sálm** 118:8. Drottinn mun vera athvarf þitt, **Okv** 3:26.

Eigum djörfung þegar Kristur kemur, **1 Jóh** 2:28.

Hinir ranglátu Nefítar glötuðu trúnaðartrausti barna sinna, **Jakob** 2:35.

Þá mun traust þitt vaxa og styrkjast í návist Guðs, **K&S** 121:45.

Trúskipti, trúskiptingur. *Sjá einnig*

Endurfæddur, fæddur af Guði;

Lærisveinn

Að breyta átrúnaði sínum, hjarta og lífi til þess að taka við og lúta vilja Guðs (Post 3:19).

Trúskipti fela í sér meðvitaða ákvörðun um að láta af fyrri hætti og breytast til að verða lærisveinn Krists. Iðrun, skírn til fyrirgefningar synda, meðtaka heilags anda með handayfirgningu og stöðug trú á Drottin Jesú Krist fullkomna trúskiptin. Náttúrlegur maður breytist í nýja persónu sem er helguð og hrein, endurfædd í Kristi Jesú (2 Kor 5:17; Mósía 3:19).

Fólk verður að snúa við og verða sem lítil börn, **Matt** 18:3 (Mósía 3:19). Styrk þú bræður þína, þegar þú ert snúinn við, **Lúk** 22:32. En þeir, sem veittu orði hans viðtöku, voru skírðir, **Post** 2:37–41. Snúið syndara frá villu vegar hans, **Jakbr** 5:20.

Enos sneri við, **Enos** 1:2–5. Orð Benjáminskonungu öllu mikilli breytingu á fólkinu, **Mósía** 5:2 (Al 5:12–14). Allt mannkyn þarf að endurfæðast, fæðast af Guði, **Mósía** 27:25. Alma og synir Mósía gerðust trúskiptingar, **Mósía** 27:33–35. Faðir Lamonís tók trú, **Al** 22:15–18. Fyrir mátt og orð Guðs höfðu

þeir snúist til trúar á Drottin, **Al** 53:10. Iðrun umbreytir hjörtum manna, **He** 15:7. Allir sem snerust til trúar sýndu sannlega, að andi og kraftur Guðs hafði vitjað þeirra, **3 Ne** 7:21. Vegna trúar þeirra á Krist, þegar þeir snerust, voru þeir skírðir með eldi og heilögum anda, **3 Ne** 9:20.

Þeir skulu fara og prédika fólkinu iðrun, og margir munu snúast til trúar, **K&S** 44:3–4.

Tunga. *Sjá einnig* Tungur, gjöf tungutals

Líking fyrir mál. Hinir heilögu eiga að hafa stjórn á tungu sinni, í þeim skilningi að þeir eiga að hafa stjórn á máli sínu. *Tunga* táknar einnig tungumál og þjóðir. Að lokum mun sérhvert kné beygja sig, sérhver tunga sverja Guði trúnað (Jes 45:23; Róm 14:11).

Varðveit tungu þína frá illu, **Sálm** 34:14 (1 Pét 3:10). Sá sem varðveitir munn sinn og tungu, hann varðveitir sálu sína frá nauðum, **Okv** 21:23.

Guðrækni þess sem ekki hefur taumhald á tungu sinni er fánýt, **Jakbr** 1:26. Hrasí einhver ekki í orði, þá er hann maður fullkominn, **Jakbr** 3:1–13. Fagnaðareriðið mun boðað hverri þjóð, kynkvísl, tungu og lýð, **Op** 14:6–7 (2 Ne 26:13; Mósía 3:13, 20; K&S 88:103; 112:1).

Drottinn þóknast að leyfa öllum þjóðum að kenna sinni eigin þjóð orð hans á sinni eigin tungu, **Al** 29:8. Þessar töflur munu berast til allra þjóða, kynkvísla, tungna og lýða, **Al** 37:4.

Öðlastu orð mitt, og þá mun tunga þín losna, **K&S** 11:21. Sérhver maður mun heyra fyllingu fagnaðarerindisins á sinni eigin tungu, **K&S** 90:11.

Tungumál

Orð, rituð eða töluð, sett saman í ákveðið mynstur til þess að miðla upplýsingum, hugsunum og hugmyndum. Hvernig við beitum tungumálinu sýnir afstöðu okkar til Guðs og annarra manna. Við síðari komu Krists mun Drottinn gefa öllu mannkyni hreint tungumál (Sef 3:8–9).

Öll jörðin hafði eitt tungumál, **1 Mós** 11:1. Drottinn ruglaði tungumál allrar jarðarinnar, **1 Mós** 11:4–9.

Hver og einn heyrði þá mæla á sína tungu, **Post** 2:1–6.

Drottinn talar við menn á þeirri tungu sem þeir skilja, **2 Ne** 31:3 (K&S 1:24). Benjamín kenndi sonum sínum mál feðra sinna til þess að þeir yrðu skilningsríkir menn, **Mósía** 1:2–5.

Sá sem talar með högværri og uppbyggjandi tungu, hann er Guðs, ef hann virðir helgiathafnir mínar, **K&S** 52:16. Þú skalt kynnast málum, tungum og lýðum, **K&S** 90:15.

Adam og börn hans áttu hreina og óspillta tungu, **HDP Móse** 6:5–6, 46. Guð veitti máli Enoks mikinn kraft, **HDP Móse** 7:13.

Tungur, gjöf tungutals. Sjá einnig

Gjafir andans; Tunga

Gjöf frá heilögum anda sem leyfir innblásnum einstaklingum að tala, skilja og túlka annarlegar tungur. Vér höfum trú á gjöf til að tala tungum (TA 1:7).

Þeir fylltust allir heilögum anda og tóku að tala öðrum tungum, **Post** 2:4. Sá, sem talar tungum, talar ekki við menn, heldur við Guð, **1 Kor** 14:1–5, 27–28. Tungutalið er til tákns hinum vantrúuðu, **1 Kor** 14:22–28.

Þá kemur skírni eldsins og heilags anda, og þá getið þér talað með englatungu, **2 Ne** 31:13–14. Amalekí hvatti alla menn til að trúá á tungutalsgáfu, **Omní** 1:25.

Sumum er gefið að tala tungum, öðrum túlkun tungna, **K&S** 46:24–25 (1 Kor 12:10; Moró 10:8, 15–16). Lát tungutalsgjöf verða úthellt, **K&S** 109:36.

Tvístrun. *Sjá* Ísrael — Tvístrun Ísraels

Tvístrun Ísraels. *Sjá* Ísrael — Tvístrun Ísraels

Týndar ritningar. *Sjá* Ritningar — Glataðar ritningar

Týndar ættkvíslir. *Sjá* Ísrael — Hinar tíu horfnu kynkvíslir Ísraels

Töflur. *Sjá einnig* Gulltöflur; Mormónsbók

Í sumum menningarsamfélögum var til forna rituð saga og heimildaskrá á málmötöflur, eins og gert var í tilviki Mormónsbókar. Til frekari upplýsingar, sjá „Nokkrar skýringar á Mormónsbók“ á inngangssiðum Mormónsbókar.

Umbreyttar verur

Manneskjur sem umbreytt er þannig að þær smakka hvorki þjáningu né dauða fram að upprisu til eilífs lífs.

Enok gekk með Guði og hvarf, af því að Guð nam hann burt, **1 Mós** 5:24 (Hebr 11:5; K&S 107:48–49). Enginn veit um gröf Móse, allt til þessa dags, **5 Mós** 34:5–6 (Al 45:19). Elía fór til himins í stormviðri, **2 Kon** 2:11.

Ef ég vil að hann lifi, þangað til ég kem, hverju skiptir það þig, **Jóh** 21:22–23 (K&S 7:1–3).

Þér skuluð aldrei smakka dauðann, **3 Ne** 28:7. Þess vegna varð breyting á líkömum þeirra, svo að þeir þyrftu ekki að smakka dauðann, **3 Ne** 28:38 (4 Ne 1:14; Morm 8:10–11).

Jóhannes hinn elskaði mun lifa þar til Drottinn kemur, **K&S** 7. Ég tók Síon Enoks að eigin brjósti, **K&S** 38:4 (HDP Móse 7:21, 31, 69). Enok og bræður hans eru borg, sem geymd skal þar til dagur réttlætisins rennur upp, **K&S** 45:11–12. Elía var hrifinn til himins án þess að smakka dauðann, **K&S** 110:13.

Heilagur andi kom yfir marga og þeir voru hrifnir upp til Síonar, **HDP Móse** 7:27.

Ummyndun. *Sjá einnig* Jesús Kristur; Lyklar prestdæmisins

Ástand manna sem um stundarsakir eru breyttir í útliti og eðli — það er, lyft á herra stig andlega — svo þeir fái þolað nærveru og dýrð himneskra vera.

Ummyndun Krists: Pétur, Jakob og Jóhannes sáu Drottin dýrðlegan gjörðan og ummyndaðan frammi fyrir sér. Frelsarinn hafði áður lofað Pétri því, að hann mundi fá lykla himnaríkis (Matt 16:13–19; 17:1–9; Mark 9:2–10; Lúk 9:28–36; 2 Pét 1:16–18). Á þessari mikilvægu stundu afhentu frelsarinn, Móse og Elías (Elía) lykla prestdæmisins þeim Pétri, Jakob og Jóhannesi, eins og lofað hafði verið. Með þessum prestdæmislyklum höfðu postularnir vald til að halda áfram starfi ríkisins eftir uppstigningu Jesú.

Joseph Smith kenndi að á ummyndunarfallinu hafi Pétur, Jakob og Jóhannes einnig ummyndast. Þeir sáu í sýn jörðina eins og hún verður síðar í dýrðlegu ástandi (K&S 63:20–21). Þeir sáu Móse og Elía, tvær umbreyttar verur, og heyrðu rödd föðurins. Faðirinn sagði: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á. Hlýðið á hann!“ (Matt 17:5).

Ummyndaðar verur: Þeir sáu Guð Ísraels, **2 Mós** 24:9–11. Geislar stóðu af andlitshörundi, af því hann hafði talað við Drottin, **2 Mós** 34:29 (Mark 9:2–3).

Ásjóna Jesú skein sem sól, **Matt** 17:2 (Mark 9:2–3). Ísraelsmenn gátu ekki horft framan í Móse, vegna ljómans af ásýnd hans, **2 Kor** 3:7.

Andlit Abinadís ljómaði og geislaði, **Mósía** 13:5–9. Þeir voru umkringdir sem af eldi, **He** 5:23, 36, 43–45 (3 Ne 17:24; 19:14). Þeir voru jafn hvítir og ásjóna Jesú, **3 Ne** 19:25. Þeim virtist sem þeir ummynduðust, **3 Ne** 28:15.

Enginn maður hefur nokkru sinni í holdinu séð Guð, nema hann sé lifandi gjörður með anda Guðs, **K&S** 67:10–12. Með krafti andans lukust upp augu okkar, **K&S** 76:12.

Dýrð Guðs var yfir Móse, **HDP Móse** 1:2. Dýrð hans var yfir mér, og ég sá ásjónu hans, því að ég ummyndaðist frammi fyrir honum, **HDP Móse** 1:11. Ég sá himnana opnast, og ég varð íklæddur dýrð, **HDP Móse** 7:3–4.

Umskurn. *Sjá einnig* Sáttmáli Abrahams

Táknið um sáttmála Abrahams fyrir karlkyns Ísraelsmenn á ráðstöfunartíma Gamla testamentis (1 Mós 17:10–11, 23–27; ÞJS, 1 Mós 17:11[Viðauki]). Umskurn var framkvæmd með því að skera burt forhúð sveinbarna og fullorðinna einnig. Þeir sem gengust undir athöfnina tóku á sig forréttindi og ábyrgð sáttmálans. Umskurn sem tákn um sáttmálann var afnumin með þjónustu Krists (Moró 8:8; K&S 74:3–7).

Ungbarnaskírn. *Sjá einnig* Ábyrgð, ábyrgur, ábyrgðarskylda; Barn, börn; Sáluhjálp, hjálpraði — Sáluhjálp barna; Skírn, skíra — Skírinn ekki fyrir ungbörn

Ónaðsynleg hefð að skíra ungbörn og börn sem eru undir ábyrgðaraldri, sem er átta ára aldurinn. Drottinn forðæmir ungbarnaskírn (Moró 8:10–21). Börn fæðast saklaus og án syndar. Satan hefur ekkert vald til að freista barna fyrr en þau fara að verða ábyrg gjörða sinna (K&S 29:46–47) og þau hafa því enga þörf fyrir iðrun eða að taka skírn. Börn skulu skírð niðurdýfingarskírn við 8 ára aldur (K&S 68:25–27).

Upphaf. *Sjá einnig* Fortilvera; Jesús Kristur; Skapa, sköpun

Vísar almennt til tímans fyrir þetta jarðlíf — það er, til fortilveru. Stundum er Jesús Kristur kallaður upphafið.

Í upphafi skapaði Guð himin og jörð, **1 Mós** 1:1 (HDP Móse 2:1).

Í upphafi var orðið, **Jóh** 1:1.

Ég er Alfa og Ómega, upphafið og endirinn, **3 Ne** 9:18.

Kristur er upphafið og endirinn, **K&S** 19:1. Þetta er nýr og ævarandi sáttmáli, einmitt sá sem var frá upphafi, **K&S** 22:1. Maðurinn var í upphafi hjá Guði, **K&S** 93:23, 29. Miklir og göfugir andar voru í upphafi útvaldir til að verða stjórnendur, **K&S** 138:55.

Minn eingetni var með mér frá upphafi, **HDP Móse** 2:26.

Upphafning

Upphafning. *Sjá einnig* Eilíft líf; Friðþægja, friðþæging; Himnesk dýrð; Kóróna; Maður, menn — Maður, með möguleika til að verða líkur himneskum föður

Æðsta stig hamingju og dýrðar í himneska ríkinu.

Gleðignótt er fyrir augliti þínu, **Sálm** 16:11.

Þeir eru guðir, já synir Guðs — þess vegna eru allir hlutir þeirra, **K&S** 76:58–59. Hinir heilögu hljóta arf sinn og munu gerðir jafnir honum, **K&S** 88:107. Þessir englar fóru ekki eftir lögmáli mínu; þess vegna verða þeir aðskildir og einhleypir, án upphafningar, **K&S** 132:17. Menn og konur verða að giftast eftir lögmáli Guðs til að öðlast upphafningu, **K&S** 132:19–20. Þröngt er hliðið og mjór er vegurinn, sem liggur að upphafningu, **K&S** 132:22–23. Abraham, Isak og Jakob hafa gengið inn til upphafningar sinnar, **K&S** 132:29, 37. Ég innsigla þér upphafningu þína, **K&S** 132:49.

Uppreisn. *Sjá einnig* Djöfull; Fráhvarf; Mögla; Synd

Að ögra Drottni eða rísa gegn honum, þar með talið að neita að fylgja útvöldum leiðtogum hans og óhlýðnast boðorðum hans vitandi vits.

Gjörrið aðeins ekki uppreisn gegn Drottni, **4 Mós** 14:9. Uppreisnarmaðurinn hyggur á illt eitt, **Okv** 17:11. Vei hinum þverúðugu börnum, **Jes** 30:1.

Drottinn endurleysir engan þann sem rís gegn honum og deyr í syndum sínum, **Mósía** 15:26. Amlíkitar gjörðu ódulbúna uppreisn gegn Guði, **Al** 3:18–19.

Mikil sorg mun nísta hina mótþróafullu, **K&S** 1:3. Reiði Drottins er tendruð gegn hinum uppreisnargjörnu, **K&S** 56:1 (**K&S** 63:1–6).

Satan reis gegn Guði, **HDP Móse** 4:3.

Upprisa. *Sjá einnig* Andi; Dauði, líkamlegur; Friðþægja, friðþæging; Jesús Kristur; Líkami; Ódauðlegur, ódauðleiki

Sameining andalíkama og holdlegs

líkama á ný eftir dauða. Eftir upprisu munu andi og líkami aldrei framar aðskildir og maðurinn verður ódauðlegur. Hver sem fæddist á jörðu mun rísa upp vegna þess að Jesús sigraði dauðann (1 Kor 15:20–22).

Jesús Kristur var sá fyrsti sem reis upp á þessari jörð (Post 26:23; Kól 1:18; Op 1:5). Nýja testamentið geymir fullnægjandi sannanir fyrir því að Jesús reis upp í jarðneskum líkama sínum; gróf hans var tóm, hann nærðist á fiski og hunangi, líkami hans var af holdi og beini, fólk snerti hann og englar sögðu hann upprisinn (Mark 16:1–6; Lúk 24:1–12, 36–43; Jóh 20:1–18). Síðari daga opinberun staðfestir raunveruleika upprisu Krists og alls mannkyns (Al 11:40–45; 40; 3 Ne 11:1–17; K&S 76; HDP Móse 7:62).

Ekki munu allir rísa upp til sömu dýrðar (1 Kor 15:39–42; K&S 76:89–98), né heldur rísa upp á sama tíma (1 Kor 15:22–23; Al 40:8; K&S 76:64–65, 85; 88:96–102). Margir heilagir voru reistir upp eftir upprisu Krists (Matt 27:52). Hinir réttlátu munu reistir upp á undan hinum ranglátu og munu koma fram í fyrstu upprisunni (1 Þess 4:16); syndugir sem ekki iðrast koma fram í síðustu upprisunni (Op 20:5–13; K&S 76:85).

Eftir að allt hold er af mér, mun ég líta Guð, **Job** 19:26 (HDP Móse 5:10). Ég vil opna grafir yðar, og láta yður rísa upp, **Esek** 37:12.

Grafir opnuðust og margir líkamir risu upp, **Matt** 27:52–53 (3 Ne 23:9). Drottinn er upp risinn, **Lúk** 24:34. Ekki hefur andi hold og bein eins og þér sjáðið að ég hef, **Lúk** 24:39. Ég er upprisan og lífið, **Jóh** 11:25. Postularnir tólf kenndu að Jesús væri upprisinn, **Post** 1:21–22 (Post 2:32; 3:15; 4:33). Í Kristi munu allir lífgaðir verða, **1 Kor** 15:1–22. Þeir, sem dánir eru í trú á Krist, munu fyrst upp rísa, **1 Þess** 4:16. Sæll og heilagur er sá, sem á hlut í fyrri upprisunni, **Op** 20:6.

Kristur fórnaði lífi sínu í holdinu og tók það aftur til að koma til leiðar upprisu dauðra, **2 Ne** 2:8 (Mósía 13:35; 15:20; Al 33:22; 40:3; He 14:15). Án upprisunnar

yrðum við þegar Satans, **2 Ne** 9:6–9. Upprisa allra manna verður að veruleika, **2 Ne** 9:22. Abinadí kenndi um fyrstu upprisuna, **Mósía** 15:21–26. Ranglátir verða eftir eins og engin endurlausn hefði átt sér stað, að því undanskyldu að bönd dauðans eru leyst, **Al** 11:41–45. Alma greindi frá ástandi sálna milli dauða og uppris, **Al** 40:6, 11–24.

Við komu Drottins koma fram hinir dáu sem dóu í Kristi, **K&S** 29:13 (**K&S** 45:45–46; 88:97–98; 133:56). Grátið sérstaklega þá, sem enga von hafa um dýrðlega uppris, **K&S** 42:45. Þeir sem engin lögmál þekktu munu eiga þátt í fyrstu upprisunni, **K&S** 45:54. Þeir munu rísa upp frá dauðum og ekki aftur deyja, **K&S** 63:49. Upprisa frá dauðum er endurlausn sálarinnar, **K&S** 88:14–16. Andi og frumefni, óaðskiljanlega samtengd, taka á móti fyllingu gleðinnar, **K&S** 93:33. Englar sem eru upprisnar verur og hafa líkama af holdi og beinum, **K&S** 129:1. Hvert það vitsmunastig, sem við öðlumst í þessu lífi, mun fylgja okkur í upprisunni, **K&S** 130:18–19.

Upprisuhátíð. Sjá Jesús Kristur; Páskar; Upprisa

Uppskera

Í ritningunum er orðið *uppskera* stundum notað táknrænt um það að færa fólk inn í kirkjuna, sem er ríki Guðs á jörðu eða um tíma dóms, svo sem síðari komu Krists.

Uppskeran er liðin, aldinskurðurinn á enda, en vér höfum eigi hlotið hjálp, **Jer** 8:20 (**K&S** 56:16).

Uppskeran er mikil, en verkamenn fáir, **Matt** 9:37. Kornskurðurinn er endir veraldar, **Matt** 13:39. Það sem maður sáir, það mun hann og uppskera, **Gal** 6:7–9 (**K&S** 6:33).

Akurinn er hvítur til uppskeru, **K&S** 4:4. Uppskeru er lokið og sálir yðar eru ekki hólpnar, **K&S** 45:2. Uppskerutíminn er kominn og orð mitt hlýtur að uppfyllast, **K&S** 101:64.

Uppstigningin. Sjá einnig Jesús Kristur; Síðari koma Jesú Krists

Formleg brottföng frelsarans af jörðu, fjörutíu dögum eftir uppris hans. Uppstigningin varð frá ákveðnum stað á Olúfjallinu að viðstöddum lærisveinunum (**Mark** 16:19; **Lúk** 24:51). Á þeirri stundu vitnuðu tveir englar frá himni að í framtíðinni kæmi Drottinn aftur „með sama hætti“ (**Post** 1:9–12).

Úr

Í Gamla testamenti, Úr í Kaldeu var upprunalegt heimili Abrams (1 **Mós** 11:27–28, 31; 15:7; **Nehem** 9:7; **Abr** 2:1, 4).

Úrím og Túmmím. Sjá einnig Brjósthlífur; Sjáandi

Tæki undirbúið af Guði til aðstoðar mönnum við að fá opinberun og við þýðingu tungumála. Á hebresku tákna orðin „ljós og fullkomin.“ Úrím og Túmmím samanstanda af tveimur steinum á silfurbogum og er stundum notað með brjóstplötu (**K&S** 17:1; **JS** — **S** 1:35, 42, 52). Þessi jörð mun verða stór Úrím og Túmmím í sínu helgaða og eilífa ástandi (**K&S** 130:6–9).

Þú skalt leggja inn í dómskjöldinn úrím og túmmím, **2 Mós** 28:30.

Þeim sem sigrar mun ég gefa hvítan stein, **Op** 2:17.

Hann hefur það, sem hann getur litið í og gerir honum kleift að útleggja, **Mósía** 8:13. Þessa tvo steina vil ég gefa þér, **Et** 3:23–24, 28 (**Et** 4:5).

Joseph Smith meðtók opinberanir með hjálp Úrím og Túmmím, **K&S** formáli að **kafla** 6; 11; 14–16. Þér var gefinn kraftur til að þýða með hjálp Úrím og Túmmím, **K&S** 10:1. Vitnin þrjú áttu að sjá Úrím og Túmmím, sem gefnir voru bróður Jareds á fjallinu, **K&S** 17:1. Staðurinn, sem Guð býr á, er stór Úrím og Túmmím. Hvíti steinninn verður Úrím og Túmmím hverjum einstökum sem meðtekur hann, **K&S** 130:6–11.

Ég, Abraham, hafði Úrím og Túmmím, **Abr** 3:1, 4.

Útvalinn

Útvalinn. *Sjá einnig* Köllun, kallaður af Guði

Sá sem er útvalinn af Guði til sérstakrar ábyrgðar.

Ég hef gjört sáttmála við minn útvalda, **Sálm** 89:4.

Margir eru kallaðir en fáir útvaldir, **Matt** 22:14 (**Matt** 20:16; **K&S** 95:5; 121:34, 40). Hinir heilögu eru útvalin kynslóð, konunglegt prestafélag, **1 Pét** 2:9.

Kristur var Guðs elskaði og útvaldi frá upphafi, **HDP Móse** 4:2.

Vaka, vera á verði, verðir. *Sjá einnig*

Vara við, viðörun

Að vera aðgætinn, að standa vörð um. Sá sem er á verði og er hlýðinn er reiðubúinn og undirbúinn. Verðir eru leiðtogar sem fulltrúar Drottins kalla til þess að bera sérstaka ábyrgð á velferð annarra. Þeir sem kallaðir eru til leiðtogastarfa bera þá sérstöku ábyrgð að vera einnig verðir fyrir heiminn.

Ég hef skipað þig varðmann, **Esek** 3:17–21. Varðmenn sem vara hina óguðlegu við, frelsa líf sitt, **Esek** 33:7–9.

Vakið því, þér vitið eigi, hvaða dag Drottinn yðar kemur, **Matt** 24:42–43 (**Matt** 25:13; **Mark** 13:35–37; **K&S** 133:10–11). Vakið og biðjið, að þér fallið ekki í freistni, **Matt** 26:41 (3 **Ne** 18:15, 18).

Ef þér gætið yðar eigi, hugsana yðar, orða yðar og gjörða, þá hljótið þér að farast, **Mósía** 4:30. Alma vígði presta og öldunga til að vaka yfir kirkjunni, **Al** 6:1.

Sá sem ekki hugar að frelsaranum mun útilokast, **K&S** 45:44. Biskup og aðrir eru vígðir af Guði til þess að vaka yfir kirkjunni, **K&S** 46:27. Aðalsmaðurinn setti varðmenn yfir víngarðinn, **K&S** 101:44–58.

Val. *Sjá* Sjálfræði; Velja, valdi, valinn

Vald. *Sjá einnig* Kraftur; Köllun, kallaður af Guði; Lyklar prestdæmisins; Prestdæmi; Vígja, vígsla

Heimild veitt mönnum á jörðu sem

kallaðir eru eða vígðir til að starfa í umboði Guðs föðurins eða Jesú Krists að málefnum Guðs.

Ég hef sent þig, **2 Mós** 3:12–15. Þú skalt tala allt sem ég byð þér, **2 Mós** 7:2.

Hann gaf lærisveinunum tólf vald, **Matt** 10:1. Þér hafið ekki útvalið mig, heldur hef ég útvalið yður [og vígt yður, skv. Bibliúpýðingu Jakobs konungs], **Jóh** 15:16.

Nefi og Lehi prédikuðu með miklum krafti og valdi, **He** 5:18. Nefi, sonur Helamans, var maður Guðs, sem fengið hafði mikinn kraft og vald frá Guði, **He** 11:18 (3 **Ne** 7:17). Jesús veitti Nefítunum tólf kraft og vald, **3 Ne** 12:1–2.

Joseph Smith var kallaður af Guði og vígður, **K&S** 20:2. Enginn skal prédika fagnaðarerindi mitt eða reisa kirkju mína nema hann sé vígður, og kirkjunn sé kunnugt um að hann hafi það vald, **K&S** 42:11. Öldungar skulu boða fagnaðarerindið og starfa með því valdi, sem þeim var veitt, **K&S** 68:8. Melkisedeksprest dæmið hefur vald til að starfa að andlegum málum, **K&S** 107:8, 18–19. Allt sem gjört er með guðlegu valdi verður lögmál, **K&S** 128:9.

Sá sem prédikar eða framkvæmir helgiathafnir fyrir Guð verður að vera kallaður af Guði af þeim sem vald hafa, **TA** 1:5.

Vandlætting. *Sjá einnig* Afbrýði

Eins og það er notað í ritningunum tákna vandlætting að vera ákafur og hafa viðkvæma og djúpa tilfinningu fyrir einhverjum eða einhverju.

Ég, Drottinn, er vandlátur Guð, **2 Mós** 20:5 (5 **Mós** 5:9; 6:15; **Mósía** 11:22). Ég mun vera sómakær um mitt heilaga nafn, **Esek** 39:25. Ég brenn af mikilli vandlættingu vegna Jerúsalem og Síonar, **Sak** 1:14.

Vanhelgun. *Sjá einnig* Guðlasta, guðlast

Virðingarleysi eða lítilsvirðing fyrir helgum dómum; einkum virðingarleysi fyrir nafni Guðs.

Þú skalt ekki leggja nafn Drottins Guðs þíns við hégóma, **2 Mós** 20:7 (2 Ne 26:32; Mósía 13:15; K&S 136:21). Hvers vegna vanhelgum vér sáttmála feðra vorra, **Mal** 2:10.

Hvert ónytjuorð, sem menn mæla, munu þeir verða að svara fyrir á dómsdegi, **Matt** 12:34–37. Af sama munni gengur fram blessun og bölvun. Þetta má ekki svo vera, **Jakbr** 3:10.

Orð vor munu dæma oss, **Al** 12:14 (Mósía 4:30).

Allir menn skulu gæta þess hvernig þeir taka nafn mitt sér á varir, **K&S** 63:61–62.

Vanhelgur. *Sjá Óguðlegur*

Vantrú. *Sjá einnig Trú, trúa*

Skortur á trú á Guð og fagnaðarerindi hans.

Og hann gjörði þar ekki mörg kraftaverk sökum vantrúar þeirra, **Matt** 13:58. Vegna vantrúar sinnar gátu lærisveinar Jesú ekki rekið út illan anda, **Matt** 17:14–21. Hjálpa þú vantrú minni, **Mark** 9:23–24. Jesús ávitaði postula sína fyrir vantrú þeirra og harðúð hjartans, **Mark** 16:14. Mundi ótrúmennska þeirra að engu gjöra trúfesti Guðs, **Róm** 3:3.

Betra er að einn maður farist en að heilli þjóð hnigni og hún farist í vantrú, **1 Ne** 4:13. Þegar sá tími kemur að þeim mun hnigna í vantrú, mun hann láta stökkva þeim á dreif og ljósta þá, **2 Ne** 1:10–11 (K&S 3:18). Vegna trúleysis síns skildu þeir ekki orð Guðs, **Mósía** 26:1–5. Vegna vantrúar Gyðinga gat ég ekki sýnt þeim jafn mikil kraftaverk, **3 Ne** 19:35.

Hugur yðar hefur áður fyrr verið myrkvaður vegna vantrúar, **K&S** 84:54–58.

Vara við, viðvörun. *Sjá einnig Vaka, vara á verði, verðir*

Að gefa viðvörun eða áminningu. Spámenn, leiðtogar og foreldrar vara við og kenna öðrum svo þeir verði hlýðnir Drottni og kenningum hans.

Jakob varaði fólk Nefís við hvers konar synd, **Jakob** 3:12.

Aðvörunarorð flutt öllum lýðum, **K&S** 1:4. Lát prédikun yðar hljóma sem aðvörunarrödd, **K&S** 38:41. Þetta er dagur viðvörunar, **K&S** 63:58. Hverjum manni sem fengið hefur viðvörun ber að aðvara náunga sinn, **K&S** 88:81. Ég aðvara yður með því að gefa yður þetta vísdómsorð, **K&S** 89:4.

Vegur. *Sjá einnig Ganga, ganga með Guði; Jesús Kristur*

Leiðin eða stefnan sem menn fylgja. Jesús sagðist vera vegurinn (Jóh 14:4–6).

Varðveittu boðorð Drottins svo að þú gangir á hans vegum, **5 Mós** 8:6. Fræð þú sveininn um veginn sem hann á að halda, **Okv** 22:6 (2 Ne 4:5). Drottinn sagði að vegir hans væru hærri en okkar vegir, **Jes** 55:8–9.

Þröngt er það hlið og mjór sá vegur, er liggur til lífsins, **Matt** 7:13–14 (3 Ne 14:13–14; 27:33; K&S 132:22, 25). Yfir ykkur hefur ekki komið nema mannleg freisting, **1 Kor** 10:13.

Drottinn gefur mannanna börnum engin fyrirmæli án þess að greiða þeim veg til að leysa af hendi það, sem hann hefur boðið, **1 Ne** 3:7 (1 Ne 9:6; 17:3, 13). Engin önnur leið finnst en inn um hliðið, **2 Ne** 9:41. Þér hafið frelsi til að breyta sjálfstætt, til að velja leiðina til ævarandi dauða eða leiðina til eilífs lífs, **2 Ne** 10:23. Þetta er vegurinn, og enginn annar vegur er til og ekkert annað nafn, **2 Ne** 31:21 (Mósía 3:17; Al 38:9; He 5:9). Með því að gefa son sinn, hefur Guð fyrirbúið enn betri leið, **Et** 12:11 (1 Kor 12:31).

Hver maður gengur sína eigin leið, **K&S** 1:16. Það verður að gjörast á minn hátt, **K&S** 104:16.

Veikleiki. *Sjá einnig Auðmjukur, auðmýkt*

Það ástand að vera dauðlegur og skorta hæfileika, styrk eða hæfni. Veikleiki fylgir tilverunni. Allir menn eru veikir og það er aðeins fyrir náð Guðs að þeir öðlast kraft til réttlátra verka (Jakob 4:6–7). Þessi veikleiki kemur að hluta til fram í veikleika einstaklinga eða breyskleika hvers einstaks.

Stælið hinar máttvana hendur, **Jes 35:3–4**.

Andinn er reiðubúinn, en holdið veikt, **Matt 26:41** (Mark 14:38).

Ég afsaka mig með þeim veikleika, sem í mér er og bundinn er holdinu, **1 Ne 19:6**. Hann bauð mér að færa þau í letur, þrátt fyrir veikleika minn, **2 Ne 33:11**. Ver ekki reiður þjóni þínum vegna veikleika hans, **Et 3:2**. Þjófdirnar munu hæðast að þessu, vegna vangetu vorrar við að skrifa, **Et 12:23–25, 40**. Ég mun sýna þeim veikleika sinn, **Et 12:27–28**. Vegna þess að þú hefur komið auga á veikleika þinn, skalt þú styrkur gjörður, **Et 12:37**.

Sá sem er veikur yðar á meðal skal síðan gjörður styrkur, **K&S 50:16**. Jesús Kristur þekkir veikleika mannsins, **K&S 62:1**.

Velferð. *Sjá einnig* Fasta; Fátækur; Fórnergjóf; Þjónusta; Ölmusa

Að annast andlegar og stundlegar þarfir manna.

Þú skalt fúslega upp ljúka hendi þinni fyrir bróður þínum, fyrir þurfamanninum og hinum fátæka í landi þínu, **5 Mós 15:11**. Sá sem gefur fátækum, líður engan skort, **Okv 28:27**. Sú fasta, sem mér líkar, er að þú miðlir hinum hungruðu af brauði þínu, hýsir bágstadda, **Jes 58:6–7**.

Hungraður var ég, og þér gáfuð mér að eta; gestur var ég og þér hýstuð mig. Allt sem þér gjörði einum mínum minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér, **Matt 25:35–40**.

Gefið hinum þurfandi af eigum yðar, **Mósía 4:16–26**. Þeir létu af hendi rakna hver til annars, jafnt í stundlegum sem andlegum efnum, í samræmi við þarfir þeirra og nauðsyn, **Mósía 18:29**. Þeim var boðið að sameinast í föstu og bæn fyrir velferð þeirra sem ekki þekktu Guð, **Al 6:6**. Biðjið fyrir velferð ykkar og einnig velferð þeirra, sem umhverfis ykkur eru, **Al 34:27–28**. Allt var sameign þeirra, **4 Ne 1:3**.

Minnist hinna fátæku, **K&S 42:30–31**. Vitjið hinna fátæku og þurfandi, **K&S 44:6**. Minnst í öllu hinna fátæku

og þurfandi, **K&S 52:40**. Vei yður, ríku menn, sem ekki viljið gefa eigur yðar til fátækra, og vei yður þér fátæku sem ekki eruð ánægðir og ekki viljið vinna, **K&S 56:16–17**.

Meðal íbúa Síonar var enginn fátækur, **HDP Móse 7:18**.

Velja, valdi, valinn. *Sjá einnig* Frjáls, frelsi; Köllun, kallaður af Guði; Sjálfræði; Útvalinn

Þegar Drottinn útnefnir eða velur einstakling eða hóp kallar hann þá venjulega einnig til þjónustu.

Kjósíð í dag hverjum þér viljið þjóna, **Jós 24:15** (Al 30:8; HDP Móse 6:33).

Þér hafið ekki útvalið mig, heldur hef ég útvalið yður, **Jóh 15:16**. Guð hefur útvalið það, sem heimurinn telur heimsku, til að gjöra hinum vitru kinnroða, **1 Kor 1:27**. Áður en heimurinn var grundvallaður hefur hann útvalið oss, **Ef 1:4**.

Ég slípaði þig, og ég útvaldi þig í brennsluofni hörmungarinnar, **1 Ne 20:10** (Jes 48:10). Mönnum er frjálst að velja frelsi og eilíft líf eða helsti og dauða, **2 Ne 2:27**.

Göfugir og miklir andar voru útvaldir í upphafi, **K&S 138:55–56**.

Ísrael var útvalinn af Guði, **HDP Móse 1:26**. Abraham var útvalinn fyrir fæðingu, **Abn 3:23**.

Veraldarhyggja. *Sjá einnig* Auðugur, auður; Drambsemi; Hégómlegur, hégómi; Peningar

Óréttlát þrá og eftirsókn eftir stundlegum auði og efnislegum gæðum, jafnframt því að hverfa frá andlegum verðmætum.

Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og fyrirgera sálu sinni, **Matt 16:26**.

Þeir girntust hégóma heimsins, **Al 4:8** (Al 31:27).

Leggið til hliðar það, sem þessa heims er, **K&S 25:10**. Hjörtu manna beinast svo mjög að því, sem þessa heims er, **K&S 121:35**.

Verðugur, verðleiki. *Sjá einnig*

Réttlátur, réttlæti

Að vera réttlátur og hljóta viðurkenningu fyrir augliti Guðs og útnefndra leiðtoga hans.

Hver sem tekur ekki sinn kross og fylgir mér, er mín ekki verður, **Matt** 10:38. Verður er verkamaðurinn launa sinna, **Lúk** 10:7 (K&S 31:5).

Gjörið allt verðug, **Morm** 9:29. Þeir voru ekki skírðir nema þeir væru verðugir, **Moró** 6:1.

Sá, sem er hyskinn, skal ekki teljast verðugur, **K&S** 107:100. Sá, sem ekki þolir ögun, er ekki verður ríkis míns, **K&S** 136:31. Prestdæmið var fært út til allra verðugra karlkyns meðlima, **OY** 2.

Verk

Athafnir manna, góðar eða slæmar. Hver maður verður dæmdur af verkum sínum.

Drottinn mun gjalda manningu eftir verkum hans, **Okv** 24:12.

Þannig lýsi ljós yðar meðal manna, að þeir sjái góð verk yðar, **Matt** 5:16 (3 Ne 12:16). Sá einn, er gjörir vilja föður míns, mun ganga inn í himnaríki, **Matt** 7:21. Trúin er dauð í sjálfri sér, vanti hana verkin, **Jakbr** 2:14–26.

Þeir verða dæmdir af verkunum, **1 Ne** 15:32 (Mósía 3:24). Vér vitum, að vér frels-umst fyrir náð, að afloknu öllu, sem vér getum gjört, **2 Ne** 25:23. Kenndu henni að þreytast aldrei á góðum verkum, **Al** 37:34. Það er nauðsyn að menn séu dæmdir eftir verkum sínum, **Al** 41:3. Af verkum þeirra skuluð þér þekkja þá, **Moró** 7:5 (K&S 18:38).

Ég, Drottinn, mun dæma alla menn samkvæmt verkum þeirra, **K&S** 137:9.

Viðurstyggð. *Sjá einnig* Synd

Í ritningunum, eitthvað sem vekur hinum réttlátu og hreinu andstyggð eða óbeit.

Lygavarir eru Drottinn andstyggð, **Okv** 12:22.

Hroki er andstyggð í augum Guðs, **Jakob** 2:13–22. Hinum spilltu er

fyrirbúið að líta eigin viðurstyggð, **Mósía** 3:25. Lauslæti er viðurstyggilegt allra synda utan morðs og afneitun heilags anda, **Al** 39:3–5.

Réttlát reiði Drottins er tendruð gegn viðurstyggð þeirra, **K&S** 97:24.

Viska. *Sjá einnig* Sannleikur; Skilningur; Þekking

Hæfileikinn eða sú Guðs gjöf að dæma rétt. Menn öðlast visku af reynslu og námi og með því að fylgja ráðum Guðs. Án hjálpar Guðs hefur maðurinn ekki sanna visku (2 Ne 9:28; 27:26).

Guð gaf Salómon visku, **1 Kon** 4:29–30. Upphaf viskunnar er: Afla þér visku, afla þér hygginda fyrir allar eigur þínar, **Okv** 4:7. Sá sem aflar sér hygginda, elskar líf sitt, **Okv** 19:8.

Jesús óx að visku, **Lúk** 2:40, 52. Ef einhver yðar brestur visku, þá biðji hann Guð, **Jakbr** 1:5 (K&S 42:68; JS — S 1:11).

Ég segi yður þetta, til þess að þér megði nema visku, **Mósía** 2:17. Lærðu visku á unga aldri, **Al** 37:35.

Ög muntu finna vísdóm og mikinn þekkingarauð, **K&S** 89:19. Sá, sem fáfróður er, nemi visku með því að auðmýkja sig og ákalla Drottinn, **K&S** 136:32.

Vitna, bera vitni. *Sjá einnig*

Vitnisburður

Að bera vitni með krafti heilags anda; að gefa hátíðlega yfirlýsingu um sannleika byggða á persónulegri þekkingu eða trú.

Sannleiksandinn mun vitna um mig, **Jóh** 15:26. Hann bauð okkur að prédika og vitna, **Post** 10:42.

Þrjú vitni munu vitna um sannleik, **2 Ne** 27:12. Kraftur heilags anda kemur því til skila í hjörtum manna barna, **2 Ne** 33:1. Ritningarnar vitna um Krist, **Jakob** 7:10–11 (Jóh 5:39). Ég ber yður þess vitni, að mér er vel kunnugt um, að það, sem ég hef talað um, er sannleikur, **Al** 5:45 (Al 34:8).

Þér skuluð bera því vitni, með krafti Guðs, **K&S** 17:3–5. Það, sem andinn ber yður vitni um, það vil ég að þér gjörði,

K&S 46:7. Ég sendi yður til að bera vitni og aðvara, **K&S 88:81.**

Vitni. *Sjá einnig* Vitnisburður

Yfirlýsing eða annað sönnunargagn um að eitthvað sé satt; vitnisburður. Vitni getur einnig verið einhver sem gefur slíka yfirlýsingu eða leggur fram sönnun byggða á persónulegri þekkingu; það er, einhver sem flytur vitnisburð.

Þú skalt ekki bera ljúgvitni, **2 Mós 20:16.**

Fagnaðareringið verður prédikað um alla heimsbyggðina öllum þjóðum til vitnisburðar, **Matt 24:14** (JS — M 1:31). Þér munuð verða vottar mínir, **Post 1:8.** Sjálfur andinn vitnar með vorum anda, **Róm 8:16** (1 Jóh 5:6).

Þið eruð fús að standa sem vitni Guðs, alltaf, **Mósía 18:8–9.** Við tökum sakramentið og berum vitni fyrir föðurnum að við munum halda boðorðin og ávallt hafa Jesú í huga, **3 Ne 18:10–11** (Moró 4–5; **K&S 20:77–79**). Þér fáíð engan vitnisburð fyrr en eftir að reynt hefur á trú yðar, **Et 12:6.**

Lögmál vitnisburðar: Af munni tveggja eða þriggja vitna skal hvert orð staðfest, **K&S 6:28** (5 Mós 17:6; **Matt 18:16**; 2 Kor 13:1; **Et 5:4**; **K&S 128:3**). Ég hef vígt yður til þess að vera postula og sérstök vitni nafni mínu, **K&S 27:12** (**K&S 107:23**). Hinir sjöttu eru kallaðir til að vera Þjóðunum sérstök vitni um allan heim, **K&S 107:25.** Ritari skal vera viðstaddur og hann skal vera sjónarvottur að skírnum yðar, **K&S 127:6** (**K&S 128:2–4**).

Vitni um Mormónsbók. *Sjá einnig* Mormónsbók; Vitni

Drottinn bauð fleirum en Joseph Smith að bera vitni um guðlegan uppruna Mormónsbókar (**K&S 17**; **128:20**). Sjá vitnisburð þessara vitna í „Inngangur“ fremst í Mormónsbók.

Með orðum þriggja manna munu orð mín staðfest, **2 Ne 11:3.** Til að bera orðum hans til mannanna barna vitni,

2 Ne 27:12–13. Af munni þriggja vitna munu orð mín staðfest, **Et 5:4.**

Í trú munu vitnin þrjú sjá töflurnar, **K&S 17.**

Vitnisburður. *Sjá einnig* Heilagur andi; Vitna, bera vitni; Vitni

Þekking og andlegt vitni gefið af heilögum anda. Vitnisburður getur einnig verið opinber eða lögformleg yfirlýsing um það sem maðurinn telur rétt vera (**K&S 102:26**).

Ég veit, að lausnari minn lifir, **Job 19:25–26.**

Fyrirverð þig ekki fyrir vitnisburðinn um Drottin, **2 Tím 1:8.** Vitnisburður Jesú er andi spádómsgáfunnar, **Op 19:10.**

Standið sem vitni Guðs alltaf, **Mósía 18:9.** Engin önnur leið var til að ná þeim aftur en sú að bera þeim hinn falslausa vitnisburð, **Al 4:19–20.** Allt er mér vitnisburður um að þessir hlutir séu sannir, **Al 30:41–44.** Þér fáíð engan vitnisburð fyrr en reynt hefur á trú yðar, **Et 12:6.**

Veitti ég þér ekki hugarró varðandi þetta? Hvaða stærri vitnisburð getur þú fengið en þann, sem frá Guði kemur, **K&S 6:22–23.** Og eftir þá mörgu vitnisburði, sem gefnir hafa verið um hann, er þetta vitnisburðurinn, sem við gefum um hann, **K&S 76:22–24.** Ég sendi yður til að bera vitni og aðvara fólkið, **K&S 88:81–82.** Arfleiddurnir eru nú dánir, og erfðaskrá þeirra er í gildi, **K&S 135:4–5.**

Enok sá engla bera vitni um föðurinn og soninn, **HDP Móse 7:27.** Þótt ég væri hataður og ofsóttur fyrir að segja að ég hefði séð sýn, þá var það samt satt, **JS — S 1:24–25.**

Vitsmunir, vitsmunaverur. *Sjá einnig* Andi; Ljós, ljós Kristis; Sannleikur

Orðið *vitsmunir* hefur nokkrar merkingar, þrjár þeirra eru: (1) Þeir eru ljós sannleikans sem veitir lífi og birtu til alls sem er í himingeimnum. Þeir hafa alltaf verið til. (2) Orðið vitsmunir getur einnig átt við andabörn Guðs. (3) Ritningarnar tala einnig um vitsmuni og eiga

þá við frumandann sem var til áður en við vorum getin sem andabörn.

Vitsmunir laðast að vitsmunum, **K&S** 88:40. Vitsmunir voru ekki skapaðir eða gjörðir, **K&S** 93:29. Allur sannleikur er sjálfstæður á því sviði sem Guð hefur markað honum, **K&S** 93:30. Dýrð Guðs er vitsmunir, **K&S** 93:36–37. Hvert það vitsmunastig, sem við öðlumst í þessu lífi, mun fylgja okkur í upprisunni, **K&S** 130:18–19.

Drottinn ríkir yfir öllum vitsmunaverum, **Abr** 3:21. Drottinn sýndi Abraham þær vitsmunaverur sem skipulagðar voru áður en heimurinn varð til, **Abr** 3:22.

Vígja, vígsla. *Sjá einnig* Embætti, embættismaður; Handayfirlagning; Köllun, kallaður af Guði; Prestdæmi; Vald

Að útnefna einhvern eða veita vald eða embætti. Til þess að fara með vald í kirkju Drottins verða menn að vera kallaðir af Guði, með spádómi, og með handayfirlagningu þeirra sem vald hafa (TA 1:5). Þótt maður fái vald með vígslu, notar hann það undir leiðsögn þeirra sem hafa tiltekna lykla fyrir það vald.

Ég hef ákvarðað þig til að vera spámann þjóðanna, **Jer** 1:5.

Þér hafið ekki útvalið mig, heldur hef ég útvalið yður, **Jóh** 15:16.

Alma, sem hafði vald Guðs, vígði presta, **Mósía** 18:18. Menn eru vígðir til hins háa prestdæmis með helgri vígslu, **Al** 13:1–9. Jesús kallaði og vígði tólf lærisveina, **3 Ne** 12:1. Öldungar vígja presta og kennara með handayfirlagningu, **Moró** 3.

Þú verður að bíða enn um stund, því að þú ert enn eigi vígður, **K&S** 5:17. Joseph Smith var vígður postuli Jesú Krists, **K&S** 20:2 (**K&S** 27:12). Enginn skal vígður án samþykktar safnaðarins, **K&S** 20:65. Engum skal leyft að fara og prédika fagnaðarerindi mitt, nema hann sé vígður af þeim sem vald hefur, **K&S** 42:11. Öldungar eru vígðir til að prédika fagnaðarerindi mitt, **K&S** 50:13–18. Það

er skylda hinna tólf að vígja og koma reglu á alla aðra embættismenn kirkjunnar, **K&S** 107:58.

Ég leitaði blessana feðranna, og þess réttar að mega vígjast til að veita þær, **Abr** 1:2. Joseph Smith og Oliver Cowdery vígðu hvor annan til Aronsprestðæmis, **JS** — **S** 1:68–72.

Víngarður Drottins. *Sjá einnig* Akur; Ísrael

Samlíking fyrir akur andlegrar vinnu. Í ritningunum tákna víngarðurinn venjulega Ísraelsætt eða ríki Guðs á jörðu. Stundum er átt almennt við fólkíð í heiminum.

Víngarður Drottins allsherjar er Ísraels hús, **Jes** 5:7 (2 **Ne** 15:7).

Jesús setti fram dæmisöguna um verkamennina í víngarðinum, **Matt** 20:1–16.

Ísrael er líkt við hreinræktað olífutré sem nært er í víngarði Drottins, **Jakob** 5. Þjónar Drottins munu sniðla víngarðinn í síðasta sinn, **Jakob** 6.

Drottinn mun blessa alla sem vinna í víngarði hans, **K&S** 21:9 (**Al** 28:14). Vinnið í víngarði mínum í síðasta sinn, **K&S** 43:28.

Vísðómsorðið

Lögmál um heilsufar opinberað frá Drottni til líkamlegs og andlegs ávinnings fyrir hina heilögu (**K&S** 89). Opinberunin er venjulega kölluð Vísðómsorðið. Drottinn hefur ætíð kennt fylgjendum sínum reglur varðandi heilsufar. Drottinn opinberaði Joseph Smith hvaða matartegunda ætti að neyta og hverjar að forðast, ásamt loforði um stundlegar og andlegar blessanir fyrir að hlýða Vísðómsorðinu.

Þú skalt ekki drekka vín eða áfengan drykk, **3 Mós** 10:9. Vínið er spottari, sterkur drykkur glaumsamur, **Okv** 20:1. Þeim sem drekka áfengan drykk, finnst hann beiskur, **Jes** 24:9. Daníel einsetti sér að saurga sig ekki á mat eða víni konungs, **Dan** 1:8.

Ef nokkur eyðir musteri Guðs,

mun Guð eyða honum, **1 Kor** 3:16–17. Drykkjumenn munu ekki Guðs ríki erfa, **1 Kor** 6:10 (Gal 5:21).

Sá, sem bannar kjöt, að maðurinn skuli ekki neyta þess, er ekki vígður af Guði, **K&S** 49:18–21. Allt sem af jörðu kemur skal notast af forsjá, hvorki í óhöfi né með áníðslu, **K&S** 59:20. Drottinn ráðleggur hinum heilögu að nota ekki vín, sterka drykki, tóbak, og heita drykki, **K&S** 89:1–9. Jurtir, ávextir, kjöt og korn eru vígð til nota fyrir menn og dýr, **K&S** 89:10–17. Hlýðni við vísdomsorðið færir stundlegar og andlegar blessanir, **K&S** 89:18–21.

Víti. *Sjá* Helja

Von. *Sjá einnig* Átrúnaður

Örugg vænting og löngun eftir blessunum réttlætisins, sem lofað hefur verið. Ritningarnar tala oft um von sem tilhlökkun eftir eilífu lífi vegna trúar á Jesú Krist.

Blessaður er sá maður, sem reiðir sig á Drottin, **Jer** 17:7. Drottinn verður athvarf sínum lýð, **Jóel** 3:21.

Fyrir þolgæði og huggun ritninganna höldum vér von vorri, **Róm** 15:4. Guð hefur endurfætt oss til lifandinnar vonar, fyrir upprisu Jesú Krists, **1 Pét** 1:3. Hver maður sem hefur þessa von til hans hreinsar sjálfan sig, **1 Jóh** 3:2–3.

Þér verðið að sækja fram, í fullkomnu vonarljósi, **2 Ne** 31:20. Gætið þess að eiga trú, von og kærleika, **Al** 7:24 (1 Kor 13:13; Moró 10:20). Ég óska þess að þér hlýðið á orð mín, og hafið von um að hljóta eilíft líf, **Al** 13:27–29. Ef þér trúið, þá hafið þér von um það, sem eigi er auðið að sjá, en er sannleikanum samkvæmt, **Al** 32:21 (Hebr 11:1). Vonin sprettur af trú og er sálum manna sem akkeri, **Et** 12:4 (Hebr 6:17–19). Maðurinn verður að vona, ella getur hann ekki hlotið arf, **Et** 12:32. Mormón talaði um trú, von og kærleika, **Moró** 7:1. Von yðar skal fólgin í friðþægingu Jesú Krists og í krafti upprisu hans, **Moró** 7:40–43. Heilagur andi fyllir oss von, **Moró** 8:26 (Róm 15:13).

Þeir yfirgáfu hið dauðlega líf,

staðfastir í von um dýrðlega upprisu, **K&S** 138:14.

Wilford Woodruff. *Sjá einnig* Opinber yfirlýsing 1; Yfirlýsingin

Fjórði forseti kirkjunnar eftir endurreisn fagnaðarerindisins með spámanningum Joseph Smith. Hann fæddist 1807 og lést 1898.

Var kallaður til að taka sæti í ráði hinna tólf, **K&S** 118:6. Var meðal hinna útvöldu anda sem geymdir voru til að koma fram í fyllingu tímanna, **K&S** 138:53. Tók við opinberun um að stöðva fjölkvæni í kirkjunni, OY 1.

William W. Phelps

Meðlimur og leiðtogi við upphaf kirkjunnar eftir endurreisn hennar 1830. Drottinn kallaði William Phelps til að vera prentari fyrir kirkjuna (**K&S** 57:11; 58:40; 70:1).

Yfirbiskup

Einn af yfirmönnum kirkjunnar. Hann ber heildarábyrgð á stundlegri velferð í kirkjunni (**K&S** 107:68). Yfirbiskup og ráðgjafar hans sem teljast einnig til yfirmanna kirkjunnar, eru í forsæti fyrir Aronsprestdæmi kirkjunnar (**K&S** 68:16–17; 107:76, 87–88).

Edward Partridge skal vígður biskup, **K&S** 41:9. Biskupar skulu kallaðir og settir í embætti af Æðsta forsætisráðinu, **K&S** 68:14–15. Beinir afkomendur Arons, sem eru frumburðir, hafa rétt til yfirbiskupsstöðu, séu þeir kallaðir og settir í embætti af Æðsta forsætisráðinu, **K&S** 68:16, 18–20. Verður aðeins yfirheyrdur eða dæmdur af Æðsta forsætisráðinu, **K&S** 68:22–24 (**K&S** 107:82).

Yfirjarðnesk dýrð. *Sjá einnig* Dýrðarstig

Önnur í röð þriggja dýrðarstiga sem fólk dvelur í eftir lokadóminn.

Páll sá yfirjarðneska dýrð í líkingu tunglsins, **1 Kor** 15:40–41.

Joseph Smith og Sidney Rigdon sáu yfirjarðneska dýrð, **K&S** 76:71–80. Dýrð hins yfirjarðneska er ofar dýrð hins jarðneska, **K&S** 76:91. Þeir sem ekki fá staðist lögmál yfirjarðnesks ríkis fá ekki staðist yfirjarðneska dýrð, **K&S** 88:23, 30, 38.

Yfirlýsingin. *Sjá einnig* Giftast — Fjölkvæni; Wilford Woodruff

Opinber yfirlýsing frá Wilford Woodruff forseta árið 1890 þar sem skilmerkilega er fram tekið að kirkjan og meðlimir hennar lúti lögum landsins og fjölkvæni sé aflagt (OY 1). Woodruff forseti gaf út yfirlýsinguna eftir sýn og opinberun frá Guði.

Ysta myrkur. *Sjá* Helja

Þakklátur, þakkir, þakkargjörð. *Sjá einnig* Blessa, blessaður, blessun; Tilbeiðsla

Þakklátssemi fyrir blessanir meðteknar frá Guði. Að við látum þakklæti í ljós gleður Guð og sönn tilbeiðsla felur í sér að við þökkum honum. Við ættum að þakka Guði alla hluti.

Gott er að lofa Drottinn, **Sálm** 92:1. Komum með lofsöng fyrir auglit hans, **Sálm** 95:1–2. Lofið Drottin, vegsamið nafn hans, **Sálm** 100.

Látið ekki af að þakka fyrir yður, **Ef** 1:15–16. Verið þakklátir, **Kól** 3:15. Lofgjörðin og dýrðin, viskan og þakkargjörðin, heiðurinn sé Guði, **Op** 7:12.

Ó, hvílíkar þakkir ættuð þér þá að færa himneskum konungi yður, **Mósía** 2:19–21. Lifið í daglegri þakkargjörð, **Al** 34:38. Þegar þú ríst á fætur að morgni, lát þá hjarta þitt vera fullt af þakklæti til Guðs, **Al** 37:37.

Gjörrið allt með bæn og þakkargjörð, **K&S** 46:7. Veitið Guði þakkir, **K&S** 46:32. Gjörrið þetta með þakkargjörð, **K&S** 59:15–21. Meðtakið þessa blessun frá Drottinni með þakklátu hjarta í öllu, **K&S** 62:7. Sá, sem veitir öllu viðtöku með þakklæti, mun dýrðlegur gjörður, **K&S** 78:19. Færið þakkir í öllu, **K&S** 98:1 (1 Þess 5:18). Lofa Drottin með

lofgjörðarbæn og þakkargjörð, **K&S** 136:28.

Þakklæti. *Sjá* Þakklátur, þakkir, þakkargjörð

Þekking. *Sjá einnig* Sannleikur; Skilningur; Viska

Að skilja og hafa yfirsýn; einkanlega sannleikann eins og hann er kenndur eða staðfestur af heilögum anda.

Drottinn er Guð, sem allt veit, **1 Sam** 2:3. Drottinn er fullkominn að vísdomi, **Job** 37:16. Ótti Drottins er upphaf þekkingar, **Okv** 1:7. Fámálugur maður er hygginn, og geðrór maður er skynsamur, **Okv** 17:27. Jörðin verður full af þekkingu á Drottinni, **Jes** 11:9 (2 Ne 21:9; 30:15).

Þér hafið tekið brott lykil þekkingarinnar, **Lúk** 11:52. Kærleikur Krists gnæfir yfir alla þekkingu, **Ef** 3:19. Auðsýnið í trú yðar dyggð, í dyggðinni þekkingu, **2 Pét** 1:5.

Nefi hafði mikla þekkingu á gæsku Guðs, **1 Ne** 1:1. Þeir munu öðlast þekkingu á lausnara sínum, **2 Ne** 6:11. Hinir réttlátu munu hafa fullkomna vitneskju um réttlæti sitt, **2 Ne** 9:14. Andinn veitir þekkingu, **Al** 18:35. Þekking ykkar er fullkomin á þessu, **Al** 32:34. Lamanítar munu leiddir til sannrar þekkingar á lausnara sínum, **He** 15:13. Þannig getið þér vitað með fullkominni vissu, að það er frá Guði, **Moró** 7:15–17.

Hinir heilögu munu finna vísdom og mikinn þekkingarauð, **K&S** 89:19. Hrein þekking mun stórum auka þroska sálarrinnar, **K&S** 121:42. Fyrir þann sem fær lykila hins heilaga prestdæmis, eru engir erfiðleikar á að hljóta vitneskju um staðreyndir, **K&S** 128:11. Fyrir þekkingu sem við hljótum í þessu lífi stöndum við betur að vígi í komandi heimi, **K&S** 130:19. Ógerlegt er að maðurinn frelsist í vanþekkingu, **K&S** 131:6.

Pessaloníkubrúfin. *Sjá einnig* Bréf Páls postula; Páll

Tvær bækur í Nýja testamenti. Þær voru upphaflega tvö bréf sem Páll ritaði Pessaloníkumönnum meðan hann var

Þjóðirnar

í Korintu í fyrstu ferð sinni til Evrópu um 50 e.Kr. Starfi hans í Þessaloníku er lýst í 17. kapitula Postulasögunnar. Páll vildi hverfa aftur til Þessaloníku en kom því ekki við (1 Þess 2:18). Því sendi hann Tímóteus til að uppörva trúskiptingana og afla fréttu af högum þeirra. Páll skrifaði fyrri bréfið fullur þakklætis þegar Tímóteus var kominn til baka.

Fyrri Þessaloníkubrэф: Kapítular 1–2 eru kveðjur Páls og bænir fyrir hinum heilögu; kapítular 3–5 geyma leiðbeiningar um framför í helgun, kærleika, hreinlífi og kostgæfni og um síðari komu Jesú Krists.

Síðara Þessaloníkubrэф: Kapítuli 1 er bæn fyrir hinum heilögu. Kapítuli 2 greinir frá væntanlegu fráhrarfi. Kapítuli 3 geymir bæn Páls fyrir sigri málstaðar fagnaðarerindisins.

Þjóðirnar

Eins og orðið *Þjóðirnar* er notað í ritningunum hefur það mismunandi merkingar. Stundum táknar það þjóðir sem ekki eru afkomendur Gyðinga og stundum þjóðir sem ekki hafa fagnaðarerindið, jafnvel þótt einhver blóðblöndun sé við Ísrael. Venjulega er fremur um síðari merkinguna að ræða eins og orðið er notað í Mormónsbók og Kenningu og sáttmálum.

Ísraelítar eiga ekki að mægjast við þá sem ekki eru af Ísraelsætt (*Þjóðirnar*), **5 Mós** 7:1–3. Ég mun gjöra þig að ljósi fyrir þjóðirnar, **Jes** 42:6.

Pétur var boðið að færa Þjóðunum fagnaðarerindið, **Post** 10:9–48. Guð gaf einnig Þjóðunum afturhrarf til lífs, **Post** 11:18. Við erum skírðir í eina kirkju, hvort sem við erum af Gyðingum eða Þjóðunum, **1 Kor** 12:13. Þjóðirnar eru meðferfingar í Kristi með fagnaðarerindinu, **Ef** 3:6.

Mormónsbók er skrifuð fyrir Þjóðirnar, **titilsíða** Mormónsbókar (**Morm** 3:17). Maður meðal Þjóðanna hélt yfir vötnin mörgu, **1 Ne** 13:12. Aðrar bækur bárust frá Þjóðunum, **1 Ne** 13:39. Fylling fagnaðarerindisins mun berast

Þjóðunum, **1 Ne** 15:13 (3 **Ne** 16:7; **K&S** 20:9). Þetta land verður land lýðfrelsis fyrir Þjóðirnar, **2 Ne** 10:11. Þjóðirnar eru í líkingu villta olíufutrésins, **Jakob** 5.

Fagnaðarerindið kemur fram þegar tími Þjóðanna er kominn, **K&S** 45:28 (**K&S** 19:27). Orðið berst til endimarka jarðar, fyrst til Þjóðanna og síðan til Gyðinganna, **K&S** 90:8–10. Hinir sjöftu skulu vera Þjóðunum sérstakt vitni, **K&S** 107:25. Sendið öldunga kirkju minnar til allra þjóða, fyrst til Þjóðanna, síðan til Gyðinganna, **K&S** 133:8.

Þjónn. *Sjá einnig* Prestdæmi; Þjónusta

Þeir sem vinna verk Drottins á jörðu. Valdir þjónar Guðs verða að vera kallaðir af Guði til þess að þjóna í verki hans. Þegar sannir þjónar gjöra vilja Drottins, koma þeir fram fyrir Drottins hönd í formlegum skyldum sínum og eru erindrekar hans (**K&S** 64:29) og vinna þannig hið nauðsynlega verk til frelsunar mannkyns. Drottinn hefur gefið postula, spámenn, guðspjallamenn, hápresta, hina sjöftu, öldunga, biskupa, presta, kennara, djákna, hjálparaðila og stjórnir til fullkomnunar hinum heilögu, fyrir þjónustuverkið (1 **Kor** 12:12–28; **Ef** 4:11–16; **K&S** 20; 107).

Drottinn hefir útvalið hann til að þjóna í nafni Drottins, **5 Mós** 18:5. Þér munuð kallaðir verða þjónar Guðs, **Jes** 61:6.

Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta þjóna sér, heldur til að þjóna, **Matt** 20:26–28. Til þess birtist ég þér, að þú verðir þjónn minn og vitni, **Post** 26:16–18. Guð er ekki ranglátur, hann gleymir ekki verki yðar og kærleikanum, er þér veittuð hinum heilögu þjónustu, **Hebr** 6:10. Þjónið hver öðrum með þeirri náðargáfu, sem Guð hefur gefið, **1 Pét** 4:10–11.

Þeir kenndu og þjónuðu hver öðrum, **3 Ne** 26:19.

Það er skylda hinna tólf að vígja guðspjallþjóna, **K&S** 107:39–40. Þó má setja háprest í embætti til að starfa að stundlegum málum, **K&S** 107:71–72. Og þessir

sjöttíu skulu vera farand-þjónar, **K&S** 107:93–97. Öldungar eru vígðir fasta-þjónar í kirkju minni, **K&S** 124:137.

Þjónusta. Sjá einnig

Elska, ást; Velferð
Umönnun veitt eða verk unnið Guði eða öðrum til gagns. Þegar við þjónum öðrum, þjónum við einnig Guði.

Kjósíð í dag hverjum þér viljið þjóna, **Jós** 24:15.

Það allt, sem þér gjörði einum minna minnstu bræðra, það hafið þér gjört mér, **Matt** 25:35–45. Þjóðið fram sjálfa yður að lifandi, heilagri Guði þóknanlegri fórn. Það er sönn og rétt guðsdýrkun, **Róm** 12:1. Þjónið hver öðrum í kærleika, **Gal** 5:13.

Ver eвидögum þínum í þjónustu við Guð þinn, **2 Ne** 2:3. Þegar þér eruð í þjónustu meðbræðra yðar, eruð þér aðeins í þjónustu Guðs yðar, **Mósía** 2:17. Hver sem eignast þetta fyrirheitna land, verður að þjóna Guði, ella verður honum sópað burt, **Et** 2:8–12.

Þeir sem ganga í þjónustu Guðs ættu að þjóna af öllu hjarta, **K&S** 4:2. Guð gaf boðorð, að þau skyldu elska hann og þjóna honum, **K&S** 20:18–19. Í nafni Jesú Krists skalt þú þjóna Guði, **K&S** 59:5. Ég, Drottinn, hef unun af að heiðra þá, sem þjóna mér, **K&S** 76:5.

Tigna Guð, því að honum einum skalt þú þjóna, **HDP Móse** 1:15.

Þjónusta við sjúka. Sjá einnig

Handayfirlagning; Lækna, lækningar; Olía; Prestdæmi; Smyrja

Blessun veitt hinum sjúku af mönnum sem hafa prestdæmi Melkisedeks og er þá notuð helguð olía.

Legg hönd þína yfir hana, **Matt** 9:18. Jesús lagði hendur yfir nokkra sjúka og læknaði þá, **Mark** 6:5. Postular Krists smurðu marga sjúka með olíu og læknuðu þá, **Mark** 6:13. Öldungarnir skulu smyrja hina sjúku með olíu og lækna þá, **Jakbr** 5:14–15.

Þér skuluð ekki lækna hina sjúku nema þeir sem þrá það beiðist þess, **K&S** 24:13–14. Öldungarnir skulu leggja

hendur yfir hina sjúku, **K&S** 42:44. Legg hendur þínar yfir hina sjúku og þeir munu heilir verða, **K&S** 66:9.

Þjónustuenglar. Sjá Englar

Polinmæði, þolgæði. Sjá einnig
Hógvær, hógværð; Standast

Kyrrlát þolgæði, hæfileikinn til að standast mótlæti, andstöðu eða meiðingar án þess að kvarta eða gjalda líku líkt.

Ver hljóður fyrir Drottni og vona á hann, **Sálm** 37:7–8. Sá sem er seinn til reiði, er ríkur að skynsemd, **Okv** 14:29.

Verið þrautseigir og þér munuð ávinna sálir yðar, **Lúk** 21:19. Fyrir þolgæði og huggun ritninganna höldum vér von vorri, **Róm** 15:4. Breytið eftir þeim, sem vegna trúar og stöðuglyndis erfa fyrirheitin, **Hebr** 6:12–15. Trúarþolgæðið á að birtast í fullkomnu verki, til þess að þér séuð fullkomnir og algjörir, **Jakbr** 1:2–4. Þér hafið heyrt um þolgæði Jobs, **Jakbr** 5:11.

Þeir lutu vilja Guðs með gleði og þolinmæði, **Mósía** 24:15. Þú barst allt þetta með þolinmæði, vegna þess að Drottinn var með þér, **Al** 38:4–5.

Haldið þess vegna áfram af þolinmæði, þar til þér eruð fullkomnaðir, **K&S** 67:13.

Þrír Nefíta-lærisveinar. Sjá einnig

Lærisveinn; Nefítar; Umbreyttar verur

Þrír af útvöldum lærisveinum Krists sem minnst er á í Mormónsbók.

Drottinn veitti þessum lærisveinum sömu blessun og hann veitti Jóhannesi hinum elskaða — að þeir mættu dvelja á jörðu til að færa sálir til Krists þar til Drottinn kemur aftur. Þeim var umbreytt svo að þeir liðu enga þjáning og biðu ekki dauða (3 Ne 28).

Kristur varð við ósk lærisveinanna þriggja um að dvelja fram að komu hans, **3 Ne** 28:1–9. Þeir munu ekki líða kvalir dauða eða sorgar, **3 Ne** 28:7–9. Þeirra verður fylling gleðinnar, **3 Ne** 28:10. Þeim var litla stund lyft til himna,

3 Ne 28:13–17. Þeir veittu lýðnum þjónustu sína og liðu ofsóknir, 3 Ne 28:18–23. Þeir þjónuðu Mormón, 3 Ne 28:24–26 (Morm 8:10–11). Þeir munu þjóna meðal Þjóðanna, Gyðinga, hinna dreyfðu kynkvísla Ísraels og allra þjóða, 3 Ne 28:27–29. Satan hefur ekkert vald yfir þeim, 3 Ne 28:39.

Þúsundáraríkið. *Sjá einnig* Helja; Síðari koma Jesú Krists

Þúsund ára tímabil friðar sem hefst þegar Kristur kemur til að ríkja sjálfur á jörðu (TA 1:10).

Engin þjóð skal sverð reiða að annarri þjóð, og ekki skulu þær temja sér hernað fram, **Jes 2:4** (Míka 4:3; 2 Ne 12:4). Þetta land, sem komið var í auðn, er orðið sem Edensgarður, **Esek 36:35**.

Þeir lifnuðu og ríktu með Kristi um þúsund ár, **Op 20:4**.

Vegna réttlætis þeirra hefur Satan ekkert vald, **1 Ne 22:26**.

Ég mun dvelja í réttlæti á jörðu í þúsund ár, **K&S 29:11**. Þegar þúsund árin eru á enda runnin, þá mun ég þyrma jörðunni skamma stund, **K&S 29:22**. Hið mikla þúsund ára ríki mun koma, **K&S 43:30**. Börn hinna réttlátu munu vaxa upp syndlaus, **K&S 45:58**. Börn munu vaxa upp til gamalsaldurs, menn munu breytast á einu augabragði, **K&S 63:51**. Við upphaf sjöunda árþúsundsins mun Drottinn helga jörðina, **K&S 77:12**. Þeir lifa ekki aftur fyrr en þúsund árin eru liðin, **K&S 88:101**. Satan mun bundinn í þúsund ár, **K&S 88:110**. Þúsundáraríkinu er lýst, **K&S 101:23–34**.

Í þúsund ár skal jörðin hvílast, **HDP Móse 7:64**.

Þýða, þýðing

Að setja fram merkingu hugmyndaðar sem sett er fram á einu tungumáli á hliðstæðan hátt á öðru tungumáli (Mósía 8:8–13; TA 1:8). Í ritningunum er oft talað um þetta sem gjöf frá Guði (Al 9:21; K&S 8; 9:7–9). Stundum er um að ræða að endurbæta eða leiðrétta þýðingu sem til er á ákveðnu tungumáli eða endurheimta glataðan texta (K&S 45:60–61). Joseph

Smith var boðið að hefjast handa að þýða með innblæstri Biblíuútgáfu Jakobs konungs (K&S 42:56; 76:15).

Joseph Smith öðlaðist kraft til að þýða fyrir miskunn Guðs og með krafti Guðs, **K&S 1:29**. Þú hefur gjöf til að þýða, **K&S 5:4**. Ef þú þráir það, þá veiti ég þér gjöf til að þýða, **K&S 6:25**. Guð veitti Joseph Smith kraft að ofan til að þýða Mormónsbók, **K&S 20:8**.

Með aðstoð Úríms og Túmmíms þýddi ég nokkur tákanna, **JS — S 1:62** (Mósía 8:13; 28:13).

Þýðing Josephs Smith (ÞJS). *Sjá einnig* Joseph Smith yngri

Endurskoðun eða þýðing á ensku Biblíuþýðingunni sem kennd er við Jakob konung, sem spámaðurinn Joseph Smith byrjaði á í júní 1830. Hann fékk boð frá Guði um að vinna verkið og leit á það sem hluta af spámannsköllun sinni.

Þótt Joseph lyki að mestu við þýðinguna í júlí 1833, hélt hann áfram að gera breytingar fram að dauða sínum 1844 jafnframt því að búa handritið til prentunar. Þótt hann birti summa hluta þýðingarinnar áður en hann féll frá, er mögulegt að hann hefði gjört fleiri breytingar hefði honum enst aldur til að gefa verkið út í heild. Hin endurskipulagða Kirka Jesú Krists Síðari daga heilagra gaf út fyrstu útgáfu innblásinnar þýðingar Josephs Smith árið 1867. Hún hefur gefið út nokkrar útgáfur síðan.

Spámaðurinn varð margs áskynja þegar hann fékkst við þýðinguna. Nokkrir kaflar Kenningar og sáttmála voru meðteknir vegna þýðingarstarfsins (svo sem K&S 76; 77; 91; og 132). Einnig gaf Drottinn Joseph sérstök fyrirmæli varðandi þýðinguna, sem skráð eru í Kenningu og sáttmálum (K&S 37:1; 45:60–61; 76:15–18; 90:13; 91; 94:10; 104:58; 124:89). Bók Móse og Joseph Smith — Matteus, sem nú eru í Hinni dýrmætu perlu, voru tekin beint úr Þýðingu Josephs Smith.

Þýðing Josephs Smith hefur fært fram í ljósið sum hinna einföldu og dýrmætu

atriða sem glatast hafa úr Biblíunni (1 Ne 13). Þótt hún sé ekki hin opinbera Biblía kirkjunnar, hefur þessi þýðing að geyma margs konar áhugaverða innsýn og er mjög dýrmæt til skilnings á Biblíunni. Hún er einnig til vitnis um guðlega köllun og andlega þjónustu spámannsins Josephs Smith.

Æðsta forsætisráðið. *Sjá einnig*

Forseti; Lyklar prestdæmisins; Opinberun

Forseti kirkjunnar og ráðgjafar hans. Þeir eru sveit þriggja hápresta og eru í forsæti fyrir allri kirkjunni. Æðsta forsætisráðið hefur alla lykla prestdæmisins.

Lyklar ríkisins tilheyra ávallt forsætisráði hins háa prestdæmis, **K&S** 81:2. Forsætisráð hins háa prestdæmis hefur rétt til að starfa í öllum embættum kirkjunnar, **K&S** 107:9, 22. Hver sem tekur á móti mér tekur á móti Æðsta forsætisráðinu, **K&S** 112:20, 30. Æðsta forsætisráðið tekur á móti lifandi orðum fyrir alla kirkjuna, **K&S** 124:126.

Æðsti prestur. *Sjá* Háprestur

Ættarsaga. *Sjá* Sáluhjálpr fyrir hina dáu; Ættfræði

Ættfaðir. *Sjá* Patríarkir

Ættfræði. *Sjá einnig* Fjölskylda; Helgiathafnir — Helgiathöfn með staðgengli; Míningabókin; Sáluhjálpr fyrir hina dáu; Sáluhjálpr, hjálpræði; Skírn, skíra — Skírn fyrir dána

Skrá yfir niöja fjölskyldu. Þegar prestdæmisembætti eða sérstakar blessanir voru takmarkaðar við ákveðnar fjölskyldur var ættfræði í ritningunum mjög mikilvæg (1 Mós 5; 10; 25; 46; 1 Kro 1–9; Esra 2:61–62; Nehem 7:63–64; Matt 1:1–17; Lúk 3:23–38; 1 Ne 3:1–4; 5:14–19; Jarom 1:1–2). Í endurreistri kirkjunnar nú halda meðlimir kirkjunnar áfram að rekja áttal fjölskyldu sinnar, að hluta til þess að finna með tryggilegum hætti látna

forfeður og mæður svo þeir geti framkvæmt frelsandi helgiathafnir fyrir þau. Athafnirnar hafa gildi fyrir þær dáu persónur sem meðtaka fagnaðarerindið í andaheiminum (**K&S** 127–128).

Ættkvíslirnar tíu. *Sjá* Ísrael

Ættleiðing. *Sjá einnig* Abraham — Niðjar Abrahams; Börn Krists; Ísrael; Synir og dætur Guðs

Ritningarnar greina frá tvenns konar ættleiðingum.

(1) Sá sem ekki er af Ísraelsætt verður meðlimur fjölskyldu Abrahams og Ísraelsættar með því að trúá Jesú Krist, iðrast, skírast niðurdýfingarskírn og meðtaka heilagan anda (2 Ne 31:17–18; **K&S** 84:73–74; Abr 2:6, 10–11).

(2) Allir sem meðtekið hafa frelsandi helgiathafnir fagnaðarerindisins verða synir og dætur Jesú Krists með stöðugri hlýðni við boðorð hans (Róm 8:15–17; Gal 3:24–29; 4:5–7; Mósía 5:7–8).

Ævarandi líf. *Sjá* Eilíft líf

Ævarandi sáttmáli. *Sjá* Nýr og ævarandi sáttmáli; Sáttmáli

Öfund. *Sjá einnig* Afbrýði; Ágirnd; Vandlæting

Samkvæmt ritningunum er rangt að ágirnast það sem aðrir eiga.

Ættfeðurnir öfunduðu Jósef og seldu hann til Egyptalands, **Post** 7:9. Kærleikurinn öfundar ekki, **1 Kor** 13:4 (Moró 7:45). Öfund fæðist af ofmetnaði, **1 Tím** 6:4. Hvar sem ofsi og eigingirni er, þar er óstjórn og hvers kyns böll, **Jakbr** 3:16.

Drottinn hefur boðið að menn skuli ekki ala öfund, **2 Ne** 26:32. Engin öfund var meðal fólks Nefíta, **4 Ne** 1:15–18.

Ég hef alla æfi mína mátt þola öfund og reiði manna, **K&S** 127:2.

Ögun. *Sjá* Aga

Öldungur. *Sjá einnig* Melkisedeksprestæmi; Prestæmi

Orðið *öldungur* er notað með ýmsum

hætti í Biblíunni. Í Gamla testamenti vísar það oft til eldri manna ættkvíslar, sem venjulega voru falin stjórnunarstörf (1 Mós 50:7; Jós 20:4; Rut 4:2; Matt 15:2). Aldur þeirra og reynsla gaf ráðgjöf þeirra gildi. Staða þeirra var ekki endilega prestdæmisköllun.

Einnig voru vígðir öldungar í Melkisedeksprestðæminu á tíma Gamla testamentis (2 Mós 24:9–11). Í Nýja testamenti eru öldungar nefndir sem prestdæmismembætti í kirkjunni (Jakbr 5:14–15). Meðal Nefíta voru einnig vígðir öldungar í prestðæminu (Al 4:7, 16; Moró 3:1). Á þessum ráðstöfunartíma voru Joseph Smith og Oliver Cowdery fyrstir vígðir öldungar (K&S 20:2–3).

Öldungur er nú heiti allra þeirra sem hafa Melkisedeksprestðæmið. Til dæmis eru karl-trúboðar ávarpaðir sem öldungar. Postular eru einnig öldungar og rétt er að kalla meðlimi tólfpostulasveitarinnar og sveitar hinna sjötíu þessu heiti (K&S 20:38; 1 Pét 5:1). Skyldur vígðra öldunga í kirkjunni nú á tímum hafa verið skilgreindar með opinberun (K&S 20:38–45; 42:44; 46:2; 107:12).

Móse ritaði öllum öldungum Ísraels, **5 Mós 31:9**.

Barnabas flutti öldungum kirkjunnar fátækrahjálp, **Post 11:30**. Öldungar voru vígðir í hverjum söfnuði, **Post 14:23** (Títus 1:5). Kallið á öldunga

safnaðarins að biðjast fyrir yfir hinum sjúka, **Jakbr 5:14**.

Öldungar voru vígðir með handayfirlagningu, **Al 6:1**.

Öldungar blessi börnin, **K&S 20:70**. Öldungar stjórni samkomum með leiðsögn heilags anda, **K&S 46:2**. Öldungar gjöri grein fyrir ráðsmennsku sinni, **K&S 72:5**. Öldungar boði öllum þjóðum fagnaðareriðið, **K&S 133:8**.

Ölmusa. *Sjá einnig* Fasta; Fátækur; Fórargjöf; Velferð

Fórni til hjálpar fátækum.

Gefið ölmusu yðar í leynum, **Matt 6:1–4** (3 Ne 13:1–4). Þessi fátæka ekkja gaf meira en allir hinir, **Mark 12:41–44**. Sælla er að gefa en þiggja, **Post 20:33–35**.

Ég vildi að þér gæfuð fátækum af eignum yðar, **Mósía 4:26**. Fólk kirkjunnar skal láta af hendi hluta af eignum sínum, hver og einn samkvæmt því sem hann á til, **Mósía 18:27**.

Örkin. *Sjá einnig* Flóðið á dögum Nóa; Nói, patriarki í Biblíunni; Regnbogi

Í Gamla testamenti, skipið sem Nói smíðaði til bjargar lífi í flóðinu mikla.

Gjör þú þér örk af góferviði, **1 Mós 6:14**. Örkin nam staðar á Araratsfjöllunum, **1 Mós 8:4**.

Skip Jaredíta voru þétt sem örk Nóa, **Et 6:7**.

TÍMATAL

Eftirfarandi tímatal eða atburðaskrá er ekki víðtæk og henni er einungis ætlað að veita lesandanum innsýn í röð atburða á tímum Biblíunnar og Mormónsbókar. Margar dagsetningar eru áætlaðar, sérstaklega á tímum Gamla testamentisins.

Atburðir á dögum fyrstu patriáarkanna. (Vegna þess að erfitt er að sýna nákvæmar tímasetningar atburða í þessum hluta, eru ártöl ekki sýnd.)

F.Kr.

4000 Adam féll.

Enok þjónaði.

Nói þjónaði; flóð á jörðu.

Babelsturn byggður; Jaredítar ferðast til fyrirheitna landsins.

Melkisedek þjónaði.

Nói deyr.

Abram (Abraham) fæðist.

Ísak fæðist.

Jakob fæðist.

Jósef fæðist.

Jósef seldur til Egyptalands.

Jósef kemur fyrir Faraó.

Jakob (Ísrael) og fjölskylda hans fara til Egyptalands.

Jakob (Ísrael) deyr.

Jósef deyr.

Móse fæðist.

Móse leiðir börn Ísraels út af Egyptalandi (Exodus).

Móse burtnuminn.

Jósúa deyr.

Eftir dauða Jósúa upphófst dómaratímabilið, fyrsti dómarinn Otniel og hinn síðasti Samúel; röð og tími hinna er mjög óviss.

Sál smurður konungur.

Atburðir í sameinuðu konungdæmi Ísraels

1095 Upphaf stjórnartíðar Sáls.

1063 Davíð smurður konungur af Samúel.

1055 Davíð verður konungur í Hebron.

1047 Davíð verður konungur í Jerúsalem; Natan og Gad spá.

1015 Salómon verður konungur alls Ísraels.

991 Musterisbyggingu lokið.

975 Salómon deyr; ættkvíslirnar tíu í norðri rísa gegn Rehabeam, syni hans og Ísrael skiptist.

Atburðir í Ísrael	Atburðir í Júdeu	Atburðir í sögu Mormóns-bókar
975 Jeróbóam konungur í Ísrael	949 Sísak, konungur í Egyptalandi, ræðir í Jerúsalem.	
875 Akab ríkir í Samariú yfir norður Ísrael; Elía spáir.	740 Jesaja byrjar að spá. (Róm er stofnuð; Nabónassar varð konungur í Babýloníu 747; Tíglat-Píleser III ríkti í Assýríu 747 til 734).	
851 Elísa gjörir mikil kraftaverk.	728 Hiskía var konungur Júdeu. (Salmaneser IV var konungur Assýríu).	
792 Amos spáir.	642 Nahúm spáir.	
790 Jónas og Hósea spá.	628 Jeremía og Sefanía spá.	
721 Norðurríkinu eytt; ættkvíslirnar tíu herleiddar; Míka spáir.	609 Óbadía spáir; Daníel fluttur fangi til Babýloníu. (Níníve féll 606; Nebúkadnesar var konungur í Babýlon frá 604 til 561.)	600 Lehí fer frá Jerúsalem.

Atburðir í Ísrael	Atburðir í Júdeu	Atburðir í sögu Mormónsbókar
	598 Esekíel spáir í Babýlon. Habakkuk spáir; Sedekía var konungur í Júdeu.	
		588 Múlek fer frá Jerúsalem til fyrirheitins lands.
		588 Nefítar aðskilja sig frá Lamanítum (milli 588 og 570).
	587 Nebúkadnesar tekur Jerúsalem.	

Atburðir í sögu Gyðinga	Atburðir í sögu Mormónsbókar
537 Tilskipun Kýrusar um að Gyðingar megi hverfa heim frá Babýlon.	
520 Haggái og Sedekía spá.	
486 Ester lifir.	
458 Esra falið að standa að umbótum.	
444 Nehemía skipaður ríkisstjóri í Júdeu.	
432 Malakí spáir.	
	400 Jarom fær töflurnar.
	360 Omní fær töflurnar.
332 Alexander mikli leggur undir sig Sýrland og Egyptaland.	
323 Alexander deyr.	
277 Septuagint, þýðing gyðinglegra ritninga á grísku hefst.	
167 Mattathías Makkabei í uppreisn gegn Sýrlandi.	
166 Júdas Makkabeus verður leiðtogi Gyðinga.	
165 Musterið hreinsað og endurvígt; Upphaf Ljósahátíðar.	
161 Júdas Makkabeus deyr.	
	148 Píslarvætti Abinadís; Alma endurreisir kirkjuna meðal Nefíta.

Atburðir í sögu Gyðinga	Atburðir í sögu Mormónsbókar
63 Pompei vinnur Jerúsalem, stjórn Makkabea lýkur í Ísrael og stjórn Rómaveldis hefst.	124 Lokaræða Benjamíns yfir Nefítum.
51 Kleópatra ríkir.	100 Alma yngri og synir Mósía hefja starf sitt.
41 Heródes og Fasael eru gerðir fjórðungsstjórar saman í Júdeu.	91 Dómaratímabilið hefst meðal Nefíta.
37 Heródes verður leiðtogi í Jerúsalem.	
31 Orrustan við Aktíum háð; Ágústus var keisari í Róm frá 31 f.Kr. til 14 e.Kr.	
30 Kleópatra deyr.	
17 Heródes endurreisir musteríð.	6 Samúel Lamaníti spáir um fæðingu Krists.
Atburðir í kristnisögu	Atburðir í sögu Mormónsbókar
E.Kr.	E.Kr.
Fæðing Jesú Krists.	
30 Upphaf þjónustu Krists.	
33 Kristur krossfestur.	33 eða
	34 Kristur upprisinn birtist í Ameríku.
35 Sinnaskipti Páls.	
45 Fyrsta trúboðsferð Páls.	
58 Páll sendur til Rómar.	
61 Endir Postulasögunnar.	
62 Róm brennd; Hinir kristnu ofsóttir af Neró.	
70 Hinir kristnu flýja til Pella; Jerúsalem er umsetin og hertekin.	
95 Hinir kristnu ofsóttir af Dómitían.	385 Nefítapjóðinni eytt. 421 Moróni felur töflurnar.

SAMRÆMI GUÐSPJALLANNA

Bera má saman boðskap frelsarans í Matteusi, Markúsi, Lúkasi og Jóhannesi við hver annan og við síðari daga opinberun á eftirfarandi hátt.

Atburður	Matteus	Markús	Lúkas	Jóhannes	Síðari daga opinberun
Ætt Jesú	1:1–17		3:23–38		
Fæðing Jóhannesar skírara			1:5–25, 57–58		
Fæðing Jesú	2:1–15		2:6–7		1 Ne 11:18–20; 2 Ne 17:14; Mósía 3:5–8; Al 7:10; He 14:5–12; 3 Ne 1:4–22
Spádómur Símeons og Önnu			2:25–39		
Páskaheimsókn í musterið			2:41–50		
Upphaf þjónustu Jóhannesar	3:1, 5–6	1:4	3:1–3		K&S 35:4; 84:27–28
Skírn Jesú	3:13–17	1:9–11	3:21–22	1:31–34	1 Ne 10:7–10; 2 Ne 31:4–21
Freisting Jesú	4:1–11	1:12–13	4:1–13		
Vitnisburður Jóhannesar skírara				1:15–36	K&S 93:6–18, 26
Brúðkaupið í Kana (Fyrsta kraftaverk Jesú)				2:1–11	
Fyrri hreinsun musterisins				2:14–17	
Heimsókn Nikódemusar				3:1–21	
Samverska konan við brunnninn				4:1–42	
Jesú hafnað í Nasaret			4:16–30		
Fiskimenn kallaðir að veiða menn	4:18–22	1:16–20			
Kraftaverk við fiskveiðar			5:1–11		
Hinir tólf kallaðir og vígðir	10:1–4	3:13–19	6:12–16		1 Ne 13:24–26, 39–41; K&S 95:4

Atburður	Matteus	Markús	Lúkas	Jóhannes	Síðari daga opinberun
Fjallræðan	5–7		6:17–49		3 Ne 12–14
Faðirvorið	6:5–15		11:1–4		3 Ne 13:5–15
Sonur ekkjunnar reistur upp			7:11–15		
Jesús smurður af konu			7:36–50		
Dæmisögur Jesú eru stuttar sögur sem bera algenga hluti eða atburði saman við sannleik. Jesús notaði þær oft til að kenna andlegan sannleik.					
Sáðmaðurinn:	13:3–9, 18–23	4:3–9, 14–20	8:4–8, 11–15		
Illgresið:	13:24–30, 36–43				K&S 86:1–7
Mustarðskornið:	13:31–32	4:30–32	13:18–19		
Súrdeigið:	13:33		13:20–21		
Fjársgjóður í akri:	13:44				
Perlan dýrmæta:	13:45–46				
Net fiskimanns:	13:47–50				
Húsaðirinn:	13:51–52				
Miskunnarlaus þjónn:	18:23–35				
Góði hirðirinn:				10:1–21	3 Ne 15:17–24
Miskunnsami Samverjinn:			10:25–37		
Auðmýkt, brúðkaupsveislan:			14:7–11		
Kvöldmáltíðin mikla:			14:12–24		
Týndi sauðurinn:	sjá einnig 18:12–14		15:1–7		
Týnda drakman:			15:8–10		
Glataði sonurinn:			15:11–32		
Ranglátur ráðsmaður:			16:1–13		
Lasarus og ríki maðurinn:			16:14–15, 19–31		
Ranglátur dómari:			18:1–8		
Verkamenn í víngarði:	20:1–16	sjá einnig 10:31			

Atburður	Matteus	Markús	Lúkas	Jóhannes	Síðari daga opinberun
Pundin:			19:11–27		
Tveir synir:	21:28–32				
Vondir vínyrkjar:	21:33–46	12:1–12	20:9–19		
Brúðkaup konungssonar:	22:1–14		berið saman 14:7–24		
Tíu meyar:	25:1–13		sjá einnig 12:35–36		K&S 45:56–59
Talentur:	25:14–30				
Sauðir og hafrar:	25:31–46				
Hastað á vindinn	8:23–27	4:35–41	8:22–25		
Hersing óhreinna anda rekin í svínin	8:28–34	5:1–20	8:26–29		
Dóttir Jaírusar reist frá dauðum	9:18–20, 23–26	5:21–24, 35–43	8:41–42, 49–56		
Kona með blóðlát læknuð	9:20–22	5:25–34	8:43–48		
Skylda falin hinum hina tólf	10:5–42	6:7–13	9:1–6		K&S 18
Mettun fimm þúsunda	14:16–21	6:33–44	9:11–17	6:5–14	
Jesús gengur á vatni	14:22–33	6:45–52		6:15–21	
Brauð lífsins, ræða				6:22–71	
Vitnisburður Péturs um Krist	16:13–16	8:27–29	9:18–21		
Pétri heitið lyklum himnaríkis	16:19				
Ummyndunin; lykjar prestðæmis afhentir	17:1–13	9:2–13	9:28–36		K&S 63:20–21; 110:11–13
Sjötíu kallaðir og sendir af stað			10:1–12		K&S 107:25, 34, 93–97; 124:138–140
Blindur maður læknaður á hvíldardegi				9	
Lasarus reistur upp				11:1–53	
Lækning tíu líkþrárra			17:11–19		
Blessun barnanna	19:13–15	10:13–16	18:15–17		

Atburður	Matteus	Markús	Lúkas	Jóhannes	Síðari daga opinberun
María smyr fætur Kristis	26:6–13	14:3–9		12:2–8	
Innreiðin	21:6–11	11:7–11	19:35–38	12:12–18	
Víxlarar reknir út úr musterinu	21:12–16	11:15–19	19:45–48		
Eyrir ekkjunnar		12:41–44	21:1–4		
Eyðilegging Jerúsalem og tákn síðari komunnar	24	13	21:5–38		K&S 45:16–60; JS — M 1
Síðustu páskar Jesú; sakramentið innleitt; hinum tólf leiðbeint; fætur lærisveina laugaðir	26:14–32	14:10–27	22:1–20	13–17	
Jesús er vínviðurinn				15:1–8	
Þjáning Jesú í Getsemane	26:36–46	14:32–42	22:40–46	18:1	2 Ne 9:21–22; Mósía 3:5–12; K&S 19:1–24
Svik Júdasar	26:47–50	14:43–46	22:47–48	18:2–3	
Yfirheyrður af Kaifas	26:57	14:53	22:54, 66–71	18:24, 28	
Yfirheyrður af Pílatusi	27:2, 11–14	15:1–5	23:1–6	18:28–38	
Yfirheyrður af Heródesi			23:7–12		
Jesús húðstrýktur og hæddur	27:27–31	15:15–20		19:1–12	
Krossfestingin	27:35–44	15:24–33	23:32–43	19:18–22	He 14:20–27; 3 Ne 8:5–22; 10:9
Upprisan	28:2–8	16:5–8	24:4–8		
Jesús birtist lærisveinunum		16:14	24:13–32, 36–51	20:19–23	
Jesús birtist Tómasi				20:24–29	
Uppstigningin		16:19–20	24:50–53		

ÚRVAL ÚR ÞÝÐINGU JOSEPHS SMITH Á BIBLIUNNI

Hér á eftir eru valdir kaflar úr þýðingu Josephs Smith á Bibliunni, útgáfu Jakobs konungs, (ÞJS). Drottinn blés spámanninum Joseph Smith í brjóst að endurvekjja, í útgáfu Jakobs konungs, þann sannleika Bibliútextans sem glatast hafði, eða breytt hafði verið frá upprunalega skráðum texta. Þessi endurvakti sannleikur skýrði kenningar og jók skilning á ritningunum.

Drottinn opinberaði Joseph ákveðinn sannleika, sem upprunalegir höfundar höfðu skráð og því er Þýðing Josephs Smith ólík öllum öðrum Bibliuþýðingum. Í þeim skilningi er orðið *þýðing* notað á rýmri og annan hátt en venjulega, því að þýðing Josephs var frekar opinberun en bein þýðing úr einu tungumáli á annað.

Þýðing Josephs Smith á Bibliunni, útgáfu Jakobs konungs, hefur tengingu við eða er nefnd í nokkrum köflum í Kenningu og sáttmálum (sjá kafla 37, 45, 73, 76, 77, 86, 91, og 132). Bók Móse og Joseph Smith — Mattheus eru einnig údrættir úr Þýðingum Joseph Smith.

Til frekari upplýsinga um Þýðingar Josephs Smith sjá „Þýðingar Josephs Smith (ÞJS)“ í Leiðarvísi að ritningunum.

Eftirfarandi skýringarmynd er dæmi um valdar greinar úr Þýðingum Josephs Smith:

Þessi feitletraða tilvísun — **ÞJS, Matteus 4:1, 5–6, 8–9.**

er ritningargrein í Þýðingu Josephs Smith á Bibliu Jakobs konungs. Í þýðingu hans birtist á ný Bibliútexti og orð sem glatast höfðu og því geta númer versa verið önnur en í þeirri útgáfu Bibliunnar sem lesandi notar.

Samanber Matteus 4:1, 5–6, 8–9; svipaðar breytingar voru gjörðar í Lúkas 4:2, 5–11

Jesús er leiddur af andanum, ekki af Satan.

1 Þá leiddi andinn *Jesú* út í óbyggðina, til að vera með *Guði*.

5 Þá var farið með *Jesú* inn í borgina helgu og *andinn* setur hann á brún musterisins.

6 Þá kom *djöfullinn* til hans og *sagði*, ef þú ert sonur Guðs, þá kasta þér ofan, því að ritað er, hann mun fela þig englum sínum, og þeir munu bera þig á höndum sér, að þú steytir aldrei fót þinn við steini.

8 Enn var *Jesús* í *andanum* og hann tekur hann upp á afar hátt fjall og sýndi honum öll ríki heims og dýrð þeirra.

9 Og *djöfullinn* kom enn til hans og *sagði*: Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig.

Þessi tilvísun bendir á þá grein í Bibliunni sem bera ætti saman við þýðingu Josephs Smith.

Þessi orð sýna hvaða kenningu Joseph Smith útskýrir með þýðingu sinni.

Þannig er textinn í þýðingu Josephs Smith. (Skáletri hefur verið bætt við til að sýna breytingarnar frá orðalagi útgáfu Jakobs konungs).

ÞJS, 1. Mósebók 1:1–8:18.

Samanber 1. Mósebók
1:1–6:13

Pessi texti úr Biblíunni var endurheimtur af Joseph Smith og er gefinn út í Hinni dýr-
mætu perlu sem Útráttur úr Bók Móse.

ÞJS, 1. Mósebók 9:4–6.

Samanber 1. Mósebók
8:20–22

Eftir flóðið bað Nói Drottin að bölvja ekki
jörðinni aftur.

4 Nói reisti þá Drottni altari
og tók af öllum hreinum dýrum
og hreinum fuglum og fórnaði
brennifórn á altarinu, og færði
Drottni þakkir, og fagnaði í hjarta sér.

5 Og Drottinn talaði til Nóa, og
blessaði hann, og Nói kenndi þægi-
legan ilm, og hann sagði við sjálfan
sig

6 *Ég mun ákalla nafn Drottins,
að hann muni ekki bölvja jörðinni
framar sökum mannsins, því að
hugrenningar mannhjartans eru
illar frá bernsku hans; og að hann
muni upp frá þessu ekki framar
deyða allt, sem lifir, eins og hann
hafi gjört. Meðan jörðin stendur;*

ÞJS, 1. Mósebók 9:10–15.

Samanber 1. Mósebók 9:4–9

Maðurinn verður ábyrgur fyrir að úthella
blóði dýra og manna. Guð gerir sama sátt-
mála við Nóa og syni hans og hann gerði
við Enok.

10 En blóði alls holds, sem ég hef
gefið yður til fæðu, skal úthellt á jörðu,
sem fær líf þar af, en blóðið skuluð
þér ekki eta.

11 En vissulega skal blóði ekki
úthellt, nema aðeins til fæðu, til að

*bjarga lífi yðar. Og blóðs hverrar
skepnu mun ég krefjast af yðar
hendi.*

12 Og hver sem úthellir manns-
blóði, hans blóði skal af manni út-
hellt verða, því að maðurinn skal ekki
mannsblóði úthella.

13 *Því að boðorð gef ég yður:* Að
hver mannsins bróðir skal varðveita
líf mannsins, því að í minni eigin
mynd hef ég gjört manninn.

14 *Og boðorð gef ég yður:* Verið
frjósöm og margfaldist. Ávaxt-
ist ríkulega á jörðu og margfald-
ist á henni.

15 Og Guð talaði til Nóa og sona
hans, sem með honum voru, og
sagði: Og ég, sjá, ég gjöri sáttmála
minn við yður, sem ég gjörði við
föður yðar, Enok, varðandi niðja yðar
eftir yður.

ÞJS, 1. Mósebók 9:21–25.

Samanber 1. Mósebók
9:16–17

Guð setur regnbogann á himininn, til að
minna á sáttmála hans við Enok og Nóa.
Á síðustu dögum mun allsherjarsamkoma
kirkju frumburðarins sameinast hinum rétt-
látu á jörðu.

21 Og boginn skal standa í skýj-
unum, og ég mun horfa á hann til
þess að minnast hins ævarandi
sáttmála, sem ég gjörði við föður yðar
Enok; að þegar menn haldi öll boðorð
mín, muni Síon koma aftur til jarðar,
borg Enoks, sem ég tók upp til mín.

22 Og þetta er ævarandi sáttmáli
minn, að þegar niðjar yðar umfaðma
sannleikann, og líta upp, þá mun Síon
líta niður, og allir himnarnir munu
bærast af gleði, og jörðin mun titra
af fögnuði —

23 Og allsherjarsamkoma kirkju frumburðarins mun koma niður af himni og eignast jörðina, og eiga þar stað þar til endirinn kemur. Og þetta er ævarandi sáttmáli minn, sem ég gjörði við föður yðar, Enok.

24 Og boginn skal standa í skýjum, og ég mun staðfesta sáttmála minn við yður, sem ég hef gjört milli mín og yðar, fyrir allar lifandi skepnur af öllu holdi, sem verða munu á jörðu.

25 Og Guð sagði við Nóa: Þetta er teikn sáttmálans, sem ég hef gjört milli mín og yðar, fyrir allt hold sem verða mun á jörðu.

ÞJS, 1. Mósebók 14:25–40.

Samanber 1. Mósebók
14:18–20

Melkisedek blessar Abram. Mikilli þjónustu Melkisedekser lýst, sem og krafti og blessunum Melkisedeksprestðæmisins.

25 Og Melkisedek hóf upp raust sína og blessaði Abram.

26 En Melkisedek var trúaður maður og réttlátur, og sem barn óttadist hann Guð, lokaði munni ljóna og lægði ofsa eldsins.

27 Og eftir að Guð hafði þannig lýst hann þóknanlegan, var hann vígður æðsti prestur eftir reglu sáttmálans, sem Guð hafði gjört við Enok.

28 Sem var eftir reglu Guðssonarins, en sú regla kom ekki með mannum, né að vilja mannsins, hvorki með föður né móður, hvorki með upphafi daganna né endi árána, heldur Guði —

29 Og hana fengu menn með köllun frá hans eigin rödd, samkvæmt hans eigin vilja, jafn margir og á nafn hans trúðu

30 Því að Guð hafði sjálfur unnið þess eidd við Enok og niðja hans, að hver sá sem vígður væri þessari reglu og köllun skyldi hafa kraft, með trú, til að kljúfa fjöll, skipta höfum, þurrka upp vötn og breyta stefnu þeirra —

31 Ögra herjum þjóða, skipta jörðinni, slíta hver bönd, standa í návist Guðs; til að gjöra allt í samræmi við vilja hans, samkvæmt boði hans, yfirbuga hátignir og völd, og það með vilja Guðssonarins, sem var frá því áður en heimurinn var grundvallaður.

32 Og menn með slíka trú, er gengu undir þessa reglu Guðs, voru ummyndaðir og teknir upp til himins.

33 Og Melkisedek var prestur þessarar reglu, því hlaut hann frið í Salem og var nefndur Friðarhöfðingi.

34 Og fólk hans iðkaði réttlæti og náði himnum og leitaði borgar Enoks, sem Guð hafði áður tekið og aðskilið frá jörðu, til varðveislu fram á síðari daga, eða til endaloka veraldar —

35 Og hafði sagt, og svarið með eiddi, að himnar og jörð skyldu sameinuð, og synir Guðs yrðu reyndir sem með eldi.

36 Og þessi Melkisedek, sem komið hafði þannig á fót réttlæti, var kallaður konungur himins af fólki sínu, eða með öðrum orðum, Friðarkonungur.

37 Og hann hóf upp rödd sína og blessaði Abram, því hann var æðsti prestur og gætti forðabúrs Guðs —

38 Hann hafði Guð tilnefnt til þess að taka á móti tíund handa hinum fátæku.

39 Þess vegna greiddi Abram honum tíund af öllu sem hann átti, af öllum auði í hans eigu, þeim sem Guð hafði gefið honum umfram það sem hann hafði þörf fyrir.

40 Og svo bar við, að Guð blessaði Abram og veitti honum ríkidæmi, heidur og lönd til ævarandi eignar, í samræmi við sáttmálann sem hann hafði gjört og í samræmi við blessunina sem Melkisedek hafði veitt honum.

ÞJS, 1. Mósebók 15:9–12.

Samanber 1. Mósebók 15:1–6

Abraham lærir um upprisuna og sér þjónustu Jesú á jörðu í sýn.

9 Og Abram sagði: Drottinn Guð, hvornig ætlar þú að gefa mér þetta land til ævarandi arfleifðar?

10 Og Drottinn sagði: Væri ég ekki fær um að gefa þér það, þótt þú værir dauður?

11 Og þótt þú deyir munt þú samt eignast það, því að sá dagur kemur að Mannssonurinn mun lifa. En hvornig getur hann lifað án þess fyrst að deyja? Fyrst verður að lifga hann.

12 Og svo bar við að Abram leit og sá daga Mannssonarins og gladdist, og sál hans fann hvíld og hann trúði Drottni. Og Drottinn taldi það honum til réttlætis.

ÞJS, 1. Mósebók 17:3–12.

Samanber 1. Mósebók

17:3–12

Fólkið fylgir ekki helgiathöfnum fagnaðar-erindisins þar á meðal skírn. Guð útskýrir sáttmála umskurnar fyrir Abraham, og ábyrgðaraldur barna.

3 Og svo bar við, að Abram féll fram á ásjónu sína og ákallaði nafn Drottins.

4 Og Guð talaði við hann og sagði: Fólk mitt hefur vikið frá kenningum mínum og ekki fylgt

helgiathöfnum mínum, sem ég fól feðrum þess —

5 Og það hefur ekki virt smurning mína og greftrun, eða skírn, eins og ég bauð þeim —

6 Heldur hefur það snúið frá boð-orðunum og tekið upp hjá sjálfu sér að lauga börn og stökkva blóði —

7 Og hafa sagt að blóð hins réttláta Abels hafi verið úthellt fyrir syndir. Og hafa ekki vitað hver ábyrgð þeirra er gagnvart mér.

8 En hvað þig varðar, sjá ég mun gjöra við þig sáttmála minn, og þú skalt verða faðir margra þjóða

9 Og þennan sáttmála gjöri ég, að börn þín verði þekkt á meðal allra þjóða. Því skalt þú eigi lengur nefnast Abram, heldur skalt þú heita Abraham, því að föður margra þjóða gjöri ég þig

10 Og ég mun gjöra þig mjög frjósaman og gjöra þig að þjóðum, og af þér og þínum niðjum skulu konungar koma

11 Og ég mun gjöra sáttmála umskurnar við þig, og hann skal vera sáttmáli milli mín og þín og niðja þinna eftir þig, frá einum ættlið þeirra til annars. Svo að þú megir eilíflega vita að börn eru ekki ábyrg gagnvart mér fyrr en þau eru átta ára að aldri.

12 Og þú skalt gæta þess að halda alla sáttmála mína sem ég gjörði við feður þína. Og þú skalt halda boð-orðin, sem ég hef gefið þér af mínum eigin munn, og ég mun verða þér Guð og niðjum þínum eftir þig.

ÞJS, 1. Mósebók 17:23–24.

Samanber 1. Mósebók
17:17–18

Abraham fagnar spádómnum um fæðingu Ísaks og biður fyrir Ísmael.

23 Þá féll Abraham *fagnandi* fram á ásjónu sína og sagði í hjarta sínu: Barn mun fæðast honum, sem er hundrað ára gamall, og Sara, sem er níráð, *mun fæða*.

24 Og Abraham sagði við Guð: Ég vildi að Ísmael mætti lifa *grand-var* fyrir þínu auglit!

ÞJS, 1. Mósebók 19:9–15.

Samanber 1. Mósebók
19:8–10

Lot stenst ranglæti Sódómu og englar vernda hann.

9 Og þeir sögðu *við hann*: Haf þig hægan. Og þeir voru honum *reiðir*.

10 Og þeir sögðu sín á meðal: Þessi eini *maður* kom til að dveljast meðal vor og hann *gjörir sig nú* að dómara. Vér munum nú leika hann enn verr en þá.

11 Þeir sögðu *því við manninn*: Vér viljum hafa mennina og dætur þínar einnig. Og vér munum *gjöra við þau* sem oss gott þykir.

12 Þetta var að *hætti ranglætis Sódómu*.

13 Og Lot sagði: Sjá, ég á tvær dætur, sem ekki hafa karlmanns kennt. Ég bið yður, leyf mér að *biðja bræður mína* að ég þurfi ekki að leiða þær út til yðar og þér munuð ekki gjöra við þær sem yður gott þykir —

14 Því að Guð mun ekki réttlæta þjón sinn í þessu. Leyf mér því að *biðja*

bræður mína, í þetta eina sinn, að þér gjörið þessum mönnum ekkert, að þeir megi vera í friði í húsi mínu, því að til þess komu þeir undir þakskugga minn.

15 Og þeir reiddust Lot og gengu nær til að brjóta upp dyrnar, en englar Guðs, sem voru *helgir menn*, réttu fram hönd sína, drógu Lot inn til sín í húsið og lokuðu dyrum.

ÞJS, 1. Mósebók 21:31–32.

Samanber 1. Mósebók
21:32–34

Abraham tilbiður hinn ævarandi Guð.

31 Síðan tóku Abímelek og Píkól hershöfðingi hans sig upp, og gróðursettu trjálund í Beerseba og ákölluðu þar nafn Drottins; og sneru aftur til Filistalands

32 Abraham ákallaði hinn ævarandi Guð og dvaldist lengi í Filistalandi.

ÞJS, 1. Mósebók 48:5–11.

Samanber 1. Mósebók 48:5–6

Efraím og Manasse verða ættkvíslir í Ísrael. Á sama hátt og Jósef til forna bjargaði fjölskyldu sinni stundlega munu afkomendur hans bjarga Ísrael andlega á síðari dögum.

5 Og synir þínir tveir, Efraím og Manasse, sem þér fæddust í Egyptalandi, áður en ég kom til þín til Egyptalands; sjá, þeir eru mínir, og Guð feðra minna mun blessa þá. Rétt eins og Rúben og Símeon munu þeir blessaðir, því að þeir eru mínir. Fyrir því munu þeir nefndir eftir mínu nafni. (Því voru þeir nefndir Ísrael.)

6 En það afkvæmi, sem þú getur

eftir þá, skal tilheyra þér, og skal nefnt verða með nafni bræðra sinna í erfð þeirra, í ættkvíslunum. Því voru þeir nefndir ættkvísl Manasse og Efraíms.

7 Og Jakob sagði við Jósef: Þegar Guð feðra minna birtist mér í Lúz í Kanaanlandi, vann hann mér eið, að hann myndi gefa mér og niðjum mínum landið til ævarandi eignar.

8 Þess vegna hefur hann blessað mig, ó sonur minn, með því að vekja þig upp til að þjóna mér, með því að bjarga húsi mínu frá dauða —

9 Bjarga fólki mínu, bræðrum þínum, frá hungursneyð sem var mikil í landinu. Því mun Guð feðra þinna blessa þig og ávöxt lenda þinna, að þeir verði blessaðir umfram bræður þína og umfram hús föður þíns —

10 Því að þú hefur sigrað, og hús föður þíns hefur lotið þér, já, eins og þér var sýnt, áður en bræður þínir seldu þig til Egyptalands. Því munu bræður þínir lúta þér og ávexti lenda þinna að eilífu, mann fram af manni —

11 Því að þú munt verða fólki mínu ljós, bjarga því úr fjötrum á tímum ánauda, og færa því hjálpræði, þegar það er algjörlega bugað af synd.

PJS, 1. Mósebók 50:24–38.

Samanber 1. Mósebók 50:24–26; sjá einnig 2 Nefi 3:4–22

Jósef í Egyptalandi spáir því, að Móse frelsi Ísrael undan ánaud Egypta; að grein afkomenda Jósefs verði leidd til fjarlægs lands, þar sem þeirra verður minnst í sáttmálum Drottins; að Guð kalli síðari daga spámann að nafni Joseph til að sameina heimildir Júda og Jósefs; og að Aron þjóni sem talsmaður Móse.

24 Og Jósef sagði við bræður sína: Ég dey og fer til feðra minna og geng glaður til grafar minnar. Guð Jakobs, föður míns, veri með yður og bjargi yður úr þrengingum á dögum ánauda yðar, því að Drottinn hefur vitjað mín og ég hef fengið loford frá Drottni: Að af ávexti lenda minna muni Drottinn Guð upp vekja réttláta grein af lendum mínum, og fyrir yður, sem faðir minn, Jakob, hefur nefnt Ísrael, spámann (ekki Messías sem nefndur er Síló), og sá spámaður mun bjarga fólki mínu út úr Egyptalandi á dögum ánauda yðar.

25 Og svo ber við að þeim mun enn tvístrað, og grein mun brotna af og berast til fjarlægs lands. Engu að síður munu þeir í minnum hafðir í sáttmálum Drottins, þegar Messías kemur, því að hann mun opinberast þeim á síðari dögum, í anda kraftsins, og mun leiða þá úr myrkrinu í ljósið, úr huldu myrkri, og úr ánaud í frelsi.

26 Sjáanda mun Drottinn Guð minn upp vekja, sem verða mun útvalinn sjáandi fyrir ávöxt lenda minna.

27 Svo segir Drottinn Guð feðra minna við mig: Útvalinn sjáanda mun ég upp vekja af ávexti lenda þinna, og hann mun mikils metinn meðal ávaxtar lenda þinna. Og honum mun ég gefa þau boð, að vinna verk fyrir ávöxt lenda þinna, bræður sína.

28 Og hann mun færa þeim vitneskju um sáttmálana sem ég hef gjört við feður yðar, og hann mun gjöra allt sem ég býð honum að gjöra.

29 Og ég mun gjöra hann mikinn í augum mínum, því að hann mun vinna verk mitt. Og hann verður mikill líkt og sá sem ég sagðist myndu

upp vekja fyrir yður, til að bjarga fólki mínu, ó Ísraelsætt, út úr Egyptalandi, og hann mun nefndur Móse. Og af nafni sínu mun hann vita að hann er af húsi yðar, því að hann mun föstradur af dóttur konungs og kallast hennar sonur

30 Og ennfremur mun ég upp vekja sjáanda af ávexti lenda yðar, og honum mun ég veita kraft til þess að flytja orð mitt til niðjanna af lendum yðar. Og ekki aðeins að flytja orð mitt, segir Drottinn, heldur sannfæra þá um orð mitt, sem þegar mun hafa borist meðal þeirra á síðustu dögum —

31 Því mun ávöxtur lenda yðar rita, og ávöxtur lenda Júda mun rita, og það sem ritað verður af ávexti lenda yðar, og einnig það sem ritað verður af ávexti lenda Júda, mun sameinast til þess að falskenningar verði kveðnar niður og deilum linni, og friður verði meðal ávaxtar lenda yðar og þeir fá vitneskju um feður sína á síðari dögum, og einnig vitneskju um sáttmála mína, segir Drottinn.

32 Og af veikleika verður hann styrkur gjörður á þeim degi sem verk mitt mun unnið meðal alls fólks míns, er mun á síðustu dögum endurreisa þá, sem eru af húsi Ísraels.

33 Og þann sjáanda mun ég blessa, og þeir sem leitast við að tortíma honum munu smánaðir verða, því að það loford gef ég yður. Því að ég mun minnst yðar, kynslóð eftir kynslóð. Og hann verður nefndur Joseph, eftir föður sínum, og hann verður líkur yður, því að það sem Drottinn gjörir með hans hendi mun færa fólki mínu hjálpræði.

34 Og Drottinn vann Jósef þann

eið, að hann myndi varðveita niðja hans eilíflega, og sagði: Ég mun upp vekja Móse, og stafur verður í hendi hans, og hann mun safna saman fólki mínu, og hann mun leiða þá líkt og hjörð, og hann mun ljósta vötn Rauðahafsins með staf sínum.

35 Og dómurinn verður hans, og hann mun rita orð Drottins. Og hann mun ekki mæla mörg orð, því að ég mun rita fyrir hann lögmál mitt með fingri handar minnar. Ég mun gjöra honum talsmann, og nafn hans verður Aron.

36 Og það mun einnig fyrir yður gjört á síðustu dögum, eins og ég hef svarið. Því, sagði Jósef við bræður sína, mun Guð vissulega vitja yðar og flytja yður úr þessu landi, til landsins sem hann sór Abraham og Ísak og Jakob.

37 Og Jósef staðfesti margt fleira fyrir bræðrum sínum, og tók eið af börnum Ísraels og sagði við þau: Guð mun vissulega vitja yðar, og þér munuð flytja bein mín héðan.

38 Og Jósef dó þá er hann var hundrað og tíu ára gamall, og þeir smurðu hann og kistulögðu í Egyptalandi. Og börn Ísraels greftrúðu hann ekki, svo hægt yrði að flytja hann og leggja í gröf hjá föður sínum. Og þannig minntust þeir eiðsins, sem þeir höfðu unnið honum.

ÞJS, 2. Mósebók 4:21.

Samantæki 2. Mósebók 4:21;
7:3, 13; 9:12; 10:1, 20, 27; 11:10;
14:4, 8, 17; 5. Mósebók 2:30

Drottinn ber ekki ábyrgð á hjartahörku Faráós. Sjá einnig ÞJS, 2. Mósebók 7:3, 13; 9:12; 10:1, 20, 27; 11:10; 14:4, 8, 17; hver þessara

tilvísana, ef rétt þýdd, sýnir að Faraó herti sitt eigið hjarta.

21 Og Drottinn sagði við Móse: Sjá svo til, þá er þú kemur aftur í Egyptaland, að þú fremjir öll þau undur fyrir Faraó, sem ég hef lagt þér í hendur, og ég mun láta þér vel vegna. En Faraó mun herða hjarta sitt og hann mun eigi leyfa fólkinu að fara.

ÞJS. 2. Mósebók 4:24–27.

Samanber 2. Mósebók
4:24–27

Pegar Drottinn hótar að drepa Móse fyrir að umskera ekki son sinn, þá bjargar Sippóra lífi hans með því að framkvæma athöfnina sjálf. Móses játar syndir sínar.

24 Svo bar svo við að Drottinn birtist honum á leiðinni, í gistingarstað einum. Drottinn var Móse reiður og var við það að leggja hendur á hann, í þeim tilgangi að deyða hann, því hann hafði ekki umskorið son sinn.

25 Þá tók Sippóra hvassan stein og umskar son sinn, og varpaði steininum að fótum hans og sagði: Þú ert sannlega minn blóðbrúðgumi.

26 Og Drottinn miskunnaði Móse og sleppti honum, því að kona hans, Sippóra umskar barnið. Þú ert minn blóðbrúðgumi sagði hún. Og Móse fylltist skömm og faldi ásýnd sína fyrir Drottni og sagði: Ég hef syndgað frammi fyrir Drottni.

27 Drottinn sagði við Aron: Far þú út í eyðimörkina til móts við Móse. Og hann fór og mætti honum á Guðs fjalli þar sem Guð birtist honum, og Aron minntist við hann.

ÞJS, 2. Mósebók 18:1.

Samanber 2. Mósebók 18:1

Jetró er æðsti prestur.

1 Er Jetró, æðsti prestur í Midíanslandi, tengdafaðir Móse, heyrði allt það, sem Guð hafði gjört fyrir Móse, og fyrir lýð sinn Ísrael, og að Drottinn hefði leitt Ísrael út af Egyptalandi —

ÞJS, 2. Mósebók 22:18.

Samanber 2. Mósebók 22:18

Morðingjar munu ekki lifa.

18 Eigi skalt þú láta morðingja lífi halda.

ÞJS, 2. Mósebók 32:14.

Samanber 2. Mósebók 32:14

Drottinn mun þyrma þeim Ísraelsmönnum sem iðrast.

14 Þá sagði Drottinn við Móses: Ef þau iðrast hins illa, sem þau hafa gjört, þá mun ég þyrma þeim og snúa ofsareiði minni frá, en sjá, þú skalt leggja dóm á alla sem iðrast ekki þessarar illsku á þessum degi. Sjá til þess að því, sem ég hef boðið þér, verði framfylgt, ella mun ég framkvæma allt það sem ég hafði hótað að gjöra fólki mínu.

ÞJS, 2. Mósebók 33:20, 23.

Samanber 2. Mósebók 33:20,
23

Enginn syndugur maður getur séð ásjónu Guðs og haldið lífi.

20 Og hann sagði við Móse: Þú getur eigi séð ásjónu mína á þessari stundu, án þess að reiði mín tendrist einnig gegn þér og ég tortími þér og fólki þínu. Því að enginn maður á

meðal þeirra mun sjá mig á þessum tíma og lífa, því þeir eru mjög syndugir. Og enginn syndugur maður hefur nokkru sinni, né heldur mun nokkur syndugur maður nokkru sinni sjá mig og lífi halda.

23 Og ég mun taka hönd mína frá, og þú munt sjá bak mitt. En ásjónu mína fær enginn séð, líkt og á öðrum tímum, því að ég er reiður lýð mínum, Ísrael.

PJS, 2. Mósebók 34:1–2, 14.

Samanber 2. Mósebók 34:1–2, 14; K&S 84:21–26

Guð ritar aftur lög sín á steintöflur, sem Móse hefur útbúið, en tekur Melkisedekprest-dæmið og helgiathafnir þess frá börnum Ísraels. Þess í stað gefur hann þeim lögmál holdlegra boðorða.

1 Og Drottinn sagði við Móse: Högg þér tvær aðrar töflur af steini, eins og hinar fyrri voru og ég mun einnig rita á þær þau lögmálsorð, sem stóðu á hinum fyrri töflunum, er þú braust í sundur. Þau verða þó ekki í samræmi við hin fyrri, því að ég mun taka prestdæmið burt frá þeim. Hin helga regla mín og helgiathafnir hennar munu því ekki fara fyrir þeim, því að návist mín verður ekki á meðal þeirra, ella myndi ég tortíma þeim.

2 En ég mun gefa þeim lögmálið eins og í fyrstu, en það verður lögmál holdlegra boðorða, því að ég hef svarið þess eið í heilagri reiði minni, að þeir muni ekki ganga inn til návistar minnar, til hvíldar minnar, á pílagrímsdögum þeirra. Gjör því eins og ég hef boðið þér og ver undir það búinn að morgni að stíga upp á Sínaifjall og ganga þar fyrir mig, á fjallstindinum.

Jehóva er eitt nafnið, sem fólk Gamla testamentisins þekkir á Drottni Jesú Kristi.

14Því að þú skalt eigi tilbiðja neinn annan guð, því að Drottinn, en nafn hans er *Jehóva*, er vandlátur Guð.

PJS, 5. Mósebók 10:2.

Samanber 5. Mósebók 10:2

Á fyrri töflunum opinberar Guð ævarandi sáttmála hins heilaga prestdæmis.

2 Og ég mun rita á töflurnar þau orð, sem stóðu á fyrri töflunum, er þú braust í sundur, önnur en orð ævarandi sáttmála hins heilaga prestdæmis, og skalt þú leggja þær í örkina.

PJS, 1. Samúelsbók 16:14–16,

23. Samanber 1. Samúelsbók 16:14–16, 23; svipaðar breytingar voru gjörðar á 1. Samúelsbók 18:10 og 19:9

Sá illi andi, sem kemur yfir Sál, er ekki frá Drottni.

14 En andi Drottins var vikinn frá Sál, en illur andi, sem ekki var frá Drottni, sturlaði hann.

15 Þá sögðu þjónar Sáls við hann: Sjá, illur andi sem ekki er frá Guði sturlar þig.

16 Lát nú herra vorn skipa þjónum sínum, sem standa frammi fyrir þér, að leita uppi mann, sem kann að leika hörpu. Þá mun svo fara, að þegar hinn illi andi, sem ekki er frá Guði, kemur yfir þig, og hann leikur hörpuna hendi sinni, þá mun þér batna.

23 Og svo bar við, að þegar hinn illi andi, sem ekki var frá Guði, kom yfir Sál, þá tók Davíð hörpuna og

lék hana hendi sinni. Þá bráði af Sál og honum batnaði, og hinn illi andi vék frá honum.

ÞJS, 2. Samúelsbók 12:13.

Samanber 2. Samúelsbók

12:13

Guð leggur ekki til hliðar hina hryggilegu synd Davíðs.

13 Þá sagði Davíð við Natan: Ég hefi syndgað móti Drottni. Og Natan sagði við Davíð: Drottinn hefur heldur *ekki* lagt til hliðar synd þína, svo að þú deyir ekki.

ÞJS, 1. Kroníkubók 21:15.

Samanber 1. Kroníkubók

21:15

Guð stoppar engil frá því að eyða Jerúsalem.

15 Og Guð sendi engil til Jerúsalem til þess að eyða hana. Og engillinn rétti fram hönd sína í átt að Jerúsalem til að eyða hana, og Guð sagði við engilinn: *Drag nú að þér höndina, þetta er nóg; því er hann var að eyða hana, leit Drottinn til og sá að Ísrael iðraði hins illa; því hindraði Drottinn engilinn er eyddi, en hann var þá hjá þreskivelli Ornans Jebúsíta.*

ÞJS, 2. Kroníkubók 18:22.

Samanber 2. Kroníkubók

18:22

Drottinn leggur ekki lygianda í munn spámönnum.

22 Því sjá, Drottinn hefur fundið lygianda í munni þessara spámannanna þinna, og Drottinn hefur mælt illt á móti þér.

ÞJS, Sálarnir 11:1–5.

Samanber Sálarnir 11:1–5

Á hinum síðustu dögum munu hinir réttlátu flyja til fjalls Drottins. Þegar Drottinn kemur mun hann eyða hinum óguðlegu og endurleysa hina réttlátu.

1 *Þann dag munt þú koma, Ó Drottinn, og ég mun leggja traust mitt á þig. Þú munt segja fólki þínu, því eyru mín hafa numið rödd þína; þú munt segja hverri sál: Flú þú til fjalls míns, og hinir réttlátu munu flýja sem fugl, sem leystur er úr snöru veiðimannsins.*

2 Því að nú benda hinir óguðlegu bogann, leggja örvar sínar á streng, til þess að skjóta í myrkriinu á hina hjartahreinu til að rífa niður stoðir þeirra.

3 *En stoðir hina ranglátu verða rifnar niður, hvað megna þeir að gjöra?*

4 Því að þegar Drottinn kemur í sitt heilaga musteri, sitjandi á háseti Guðs á himnum, þá munu augu hans nísta hina ranglátu.

5 Sjá, augu hans munu rannsaka mannanna börn, og hann mun endurleysa hina réttlátu og þau verða reynd. Drottinn ann hinum réttláta en hinn ranglátu, þann er elskar ofríki, hatar hann.

ÞJS, Sálarnir 14:1–7.

Samanber Sálarnir 14:1–7

Sálmaskáldið sér fráhrarfrá sannleikanum á síðari dögum og horfir fram til stofnunar Síonar.

1 Heimskinginn segir í hjarta sínu: *Enginn maður hefur séð Guð, því að Guð sýnir sig ekki oss, því er Guð ekki til. Sjá, þeir eru spilltir;*

viðurstyggileg eru verk þeirra, og enginn gjörir það sem gott er.

2 Því að Drottinn leit af himni niður á mannanna börn og sagði með rödd sinni við þjón sinn: Leitið þér meðal mannanna barna, til þess að sjá, hvort þar sé nokkur sem skilji Guð. Og hann lauk upp munni sínum fyrir Drottni og sagði: Sjá, allir þessir segjast vera þínir.

3 Drottinn svaraði og sagði: Allir eru viknir af leið, allir saman eru þeir saurugir, þú sérð engan þeirra gjöra það sem gott er, nei, ekki einn.

4 Einu kennarar þeirra eru illgjörðamenn, og þeir hafa enga þekkingu. Það eru þeir sem eta lýð minn. Þeir eta brauð og ákalla eigi Drottin.

5 Þeir eru mjög óttaslegnir, því að Guð er hjá kynslóð réttlátra. Hann er ráðgjöf hinna fátæku, því að þeir blygðast sín fyrir hinum ranglátu; þeir flýja til Drottins og leita sér þar athvarfs.

6 Þeir láta ráð hinna fátæku til skammar verða, því að Drottinn er athvarf þeirra

7 Ó, að Síon verði stofnuð frá himni, hjálpraði Ísraels. Ó, Drottinn, hvenær munt þú stofna Síon? Þegar Drottinn tekur aftur ánauðina af þjóð sinni, skal Jakob fagna og Ísrael gleðjast.

ÞJS, Sálmannir 24:7–10.

Samanber Sálmannir 24:7–10

Konungur dýrðar mun endurleysa fólk sitt við komu hans.

7 Lyftið höfðum yðar, ó, þér kynslóðir Jakobs, hefjið yður upp, og

Drottinn hinn styrki og máttugi, Drottinn bardagahetjan, sem er konungur dýrðarinnar, mun festa yður í sessi að eilífu.

8 Og hann mun svipta himnunum frá og koma niður til að endurleysa fólk sitt; til að gefa yður ævarandi nafn; til að festa yður á ævarandi bjargi sínu.

9 Lyftið höfðum yðar, ó, þér kynslóðir Jakobs; lyftið höfðum yðar, þér ævarandi kynslóðir, og Drottinn hersevitanna, konungur konunganna —

10 Sjálfur konungur dýrðarinnar mun koma til yðar, og endurleysa fólk sitt, og festa það í réttlæti. Sela.

ÞJS, Sálmannir 109:4.

Samanber Sálmannir 109:4

Við eigum að biðja fyrir andstæðingum okkar.

4 Og þrátt fyrir kærleika minn eru þeir andstæðingar mínir; þó held ég áfram að biðja fyrir þeim.

ÞJS, Jesaja 29:1–8. Samanber

Jesaja 29:1–8

Boðskapurinn sem hinir fornu spámenn kenndu í Jerúsalem til forna, verður kenndur á síðari dögum úr Mormónsbók sem kom fram „úr jörðunni.“

1 Æ, Ariél, Ariél, þú borg, þar sem Davíð sló herbúðum! Bætið ári við ár, látið þá færa blóðfórnir.

2 Þá þrengi ég að Ariél, og þar skal verða hryggð og harmur, því svo sagði Drottinn við mig, og hún skal verða mér sem Ariél.

3 Að ég, Drottinn, vil setja herbúðir allt í kringum hana, umlykja hana með varðmönnum og reisa hervirki í móti henni.

4 Og *hún* skal verða sigruð og *skal* tala lágrí röddu upp úr jörðinni, og orð *hennar* hljóma dimmum rómi úr duftinu. Rödd *hennar* skal vera sem draugsrödd úr jörðinni, og orð *hennar* hljóma sem hvískur úr duftinu.

5 En mergð fjandmanna *hennar* skal verða sem moldryk og mergð ofbeldismannanna, sem fjúkandi sáðir. Það skal verða skyndilega, á einu augabragði.

6 Því *þeirra* skal verða vitjað af Drottni allsherjar með reiðarþrumu, landskjálfta og miklum gný, fellibyljum, stormviðri og eyðandi eldsloga.

7 Eins og í draumsýn um nótt, þannig mun fara fyrir mergð allra *þeirra* þjóða, sem herja á Aríel, og öllum *þeim*, sem herja á hana og hervirki *hennar* og þrengja að henni.

8 Já, fyrir *þeim* mun fara eins og fyrir hunguðum manni sem dreymir að hann eti, en vaknar svo og sál hans hungrar, og *eins* og þegar þyrstan manni sem dreymir að hann drekki, en vaknar svo örmagna og sál hans þyrstir. Já, *einmitt* svo skal fara fyrir mergð allra *þeirra* þjóða, er herja á Síonfjall.

ÞJS, Jesaja 42:19–23.

Samanber Jesaja 42:19–22

Drottinn sendir þjón sinn til að kenna *þeim*, sem hafa valið að sjá hvorki né heyra sannleikann; *þeir* sem hlusta og hlýða munu fullkomnir gjörðir.

19 Því að ég mun senda þjón minn til yðar sem blind eruð; já, sendiþóða

til að ljúka upp augum hinna blindu og opna eyru hinna daufu —

20 Og *þeir* munu fullkomnir gjörðir þrátt fyrir blindu sína, ef *þeir* vilja hlýða á sendiþóðann, þjón Drottins.

21 Þér eruð lýður, sem margt hefur litið, en þér sjáið eigi; sem lokið hefur upp eyrum og hlýtt á, en þér heyrið eigi.

22 Drottinn er ekki ánægður með slíkan lýð, en sakir réttlætis hans mun hann gjöra lögmálið háleitt og vegsamlegt.

23 Þér eruð rændur og ruplaður lýður. Óvinir yðar allir hafa fjötrað yður í gryfjum og byrgt yður í myrkvastofum. Þeir hafa tekið yður herfangi, og enginn bjargar; sem ránsfeng, og enginn segir: Skilið þeim aftur.

ÞJS, Jeremía 26:13. Samanber

Jeremía 26:13

Drottinn iðrast ekki; menn iðrast.

13 Bætið því háttu yðar og afhafnir og hlýðið raustu Drottins, Guðs yðar, og iðrist, og Drottinn mun snúa frá því illa sem hann hefir lýst gegn yður.

ÞJS, Amos 7:3. Samanber

Amos 7:3

Drottinn iðrast ekki; menn iðrast.

3 Og Drottinn sagði varðandi Jakob: Jakob mun iðrast þessa, því mun ég eigi tortíma honum algjörlega, segir Drottinn.

ÞJS, Matteus 3:4–6. Samanber

Matteus 2:4–6

Spámennirnir sögðu fyrir um að Betlehem yrði fæðingarstaður Messíasar.

4 Og hann stefndi saman öllum æðstu prestum og fræðimönnum lýðsins og spurði þá: *Hvar er sá staður sem spámennirnir hafa ritað að Kristur ætti að fæðast á? Því að hann óttaðist mikið, þó trúði hann ekki spámönnunum.*

5 Þeir svöruðu honum: *Spámennirnir hafa ritað að hann ætti að fæðast í Betlehem í Júdeu. En þeir hafa sagt:*

6 *Orð Drottins kom til okkar svohljóðandi: Þú Betlehem, sem stendur í landi Júda, í þér mun höfðingi fæðast, sem ekki er sístur meðal höfðingja í Júda. Því að frá þér mun Messías koma, sem frelsa mun lýð minn, Ísrael.*

ÞJS, Matteus 3:24–26.

Samanber Matteus 2:23

Jesús vex upp og bíður Drottins, áður en að hann hefur þjónustu sína.

24 *Og svo bar við að Jesús óx upp með bræðrum sínum og styrkur hans óx, og hann beið Drottins og eftir því að andleg þjónusta hans hæfist.*

25 *Og hann þjónaði föður sínum og talaði ekki eins og aðrir menn, né var hægt að kenna honum, því að hann þarfnadist þess ekki að nokkur maður kenndi honum.*

26 *Og eftir mörg ár nálgadist andleg þjónustustund hans.*

ÞJS, Matteus 3:34–36.

Samanber Matteus 3:8–9

Þeir sem höfnuðu boðskap Jóhannesar skíra afneituðu Kristi. Guð getur gert þá að sáttmálsþjóð, sem ekki tilheyrir Ísrael.

34 *Hví meðtakið þér ekki kenningar hans, sem Guð hefur sent? Ef þér meðtakið þetta ekki inn í hjörtu yðar, þá*

takið þér ekki á móti mér, og ef þér takið ekki á móti mér, þá takið þér ekki á móti honum, sem ég var sendur til að bera vitni um, og þá hylur ekkert syndir yðar.

35 *Iðrist því og berið ávöxt samboðinn iðruninni.*

36 *Látið yður ekki til hugar koma, að þér getið sagt með sjálfum yður: Vér erum börn Abrahams, og vér erum þau einu sem höfum kraftinn til að færa föður okkar Abraham, niðja. Ég segi yður, að Guð getur vakið Abraham börn af steinum þessum.*

ÞJS, Matteus 3:38–40.

Samanber Matteus 3:11–12

Jóhannes skírari ber vitni um að Jesús hafi vald til að skíra með heilögum anda og eldi.

38 *Ég skíri yður með vatni eftir iðrun yðar, og þegar sá kemur sem ég ber vitni um, en sá er mér máttugri, og er ég eigi verður að bera skó hans, (né megnugur að feta í fótspor hans), en sannarlega skíri ég yður fyrir komu hans, eins og ég hefi sagt, svo að þegar hann kemur muni hann skíra yður með heilögum anda og eldi.*

39 *Og það er hann sem ég mun bera vitni um, sem verður með varpsköfluna í hendi sér og mun gjörhreinsa láfa sinn og safna hveiti sínu í hlöðu, en í fyllingu tíma hans mun hann brenna hismið í óslökkvanda eldi.*

40 *Á þann máta kenndi Jóhannes og skírði í ánni Jórdan, og bar því vitni, að sá sem kæmi á eftir honum hefði vald til að skíra með heilögum anda og eldi.*

ÞJS, Matteus 3:43–46.

Samanber Matteus 3:15–17

Jóhannes skírir Jesú með niðurdýfingu, sér heilagan anda stíga niður eins og dúfu og heyrir rödd föðurins.

43 Og Jesús svaraði honum og sagði: *Lát mig skírast af þér, því þannig ber okkur að fullnægja öllu réttlæti.* Og hann lét það eftir honum.

44 Og *Jóhannes sté niður í vatnið og skírði hann.*

45 Og þegar Jesús hafði verið skírður, sté hann jafnskjótt upp úr vatninu. Og *Jóhannes sá, og tak eftir, að himnarnir lukust upp fyrir honum og hann sá anda Guðs stíga niður eins og dúfu og koma yfir Jesú.*

46 Og tak eftir, *hann heyrði rödd af himnum er sagði: Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velþóknun á. Hlýðið á hann.*

ÞJS, Matteus 4:1, 5–6, 8–9.

Samanber Matteus 4:1, 5–6, 8–9; svipaðar breytingar voru gjörðar í Lúkas 4:2, 5–11

Jesús er leiddur af andanum, ekki af Satan.

1 Þá leiddi andinn *Jesú út í óbyggðina, til að vera með Guði.*

5 Þá *var farið með Jesú inn í borgina helgu og andinn setur hann á brún musterisins.*

6 Þá *kom djöfullinn til hans og sagði, ef þú ert sonur Guðs, þá kasta þér ofan, því að ritað er, hann mun fela þig englum sínum, og þeir munu bera þig á höndum sér, að þú steytir aldrei fót þinn við steini.*

8 Enn var *Jesús í andanum* og hann tekur hann upp á afar hátt fjall og sýndi honum öll ríki heims og dýrð þeirra.

9 Og *djöfullinn kom enn til hans og sagði: Allt þetta mun ég gefa þér, ef þú fellur fram og tilbiður mig.*

ÞJS, Matteus 4:11. Samanber Matteus 4:11

Jesús sendir engla til þess að veita Jóhannesi skírara þjónustu.

11 Og *nú vissi Jesús að Jóhannes var í fangelsi, og hann sendi engla, og sjá, þeir komu og veittu honum þjónustu.*

ÞJS, Matteus 4:18. Samanber Matteus 4:19

Spámenn Gamla testamentisins tala um Jesú.

18 Og hann *sagði við þá: Ég er sá sem spámennirnir hafa ritað um. Fylgið mér, og mun ég láta yður menn veiða.*

ÞJS, Matteus 4:22. Samanber Matteus 4:23

Jesús læknar fólk meðal þeirra, sem trúá á nafn hans.

22 Og Jesús fór um alla Galíleu, kenndi í samkundum þeirra, prédikaði fagnaðarerindið um ríkið og læknaði hvers kyns sjúkdóm og *veikindi* meðal þeirra *sem trúðu á nafn hans.*

ÞJS, Matteus 5:21. Samanber Matteus 5:19

Hver sá, sem heldur boðorðin og kennir öðrum að gjöra slíkt hið sama, hann mun frelsast.

21 Hver sá, sem því brýtur eitt af

Þessum minnstu boðum og kennir öðrum að gera slíkt, sá mun á engan máta frelsast í ríki himins, en sá, sem heldur þau og kennir þessi boðorð lögmálsins þar til þau uppfyllast, sá hinn sami mun mikill kallast og mun frelsast í himnaríki.

PJS, Matteus 6:14. Samanber

Matteus 6:13; svipaðar breytingar voru gjörðar í Lúkas 11:4

Drottinn leiðir okkur ekki í freistni.

14 Og *leyf* þú ei að við séum leidd í freistni, heldur frelsa oss frá illu.

PJS, Matteus 6:22. Samanber

Matteus 6:22

Ef auglit vort er einbeitt á dýrð Guðs, mun allur líkaminn fyllast af ljósi.

22 Augað er ljós líkamans. Sé því auglit þitt einbeitt á dýrð Guðs, mun allur líkami þinn fyllast af ljósi.

PJS, Matteus 6:25–27.

Samanber Matteus 6:25;10:10

Jesús varar lærisveina sína við örðugleikum verksins en lofar að hann muni undirbúa leiðina og að himneskur faðir muni sjá þeim farborða.

25 Og, *enn á ný þá segi ég við yður, farið út í heiminn og látið ykkur heiminn ekki varða, því að heimurinn mun hata yður og mun ofsækja yður og mun vísa yður úr samkunduhúsum sínum.*

26 Farið engu að síður hús úr húsi og kennið fólkinu, og ég mun leiða veginn.

27 Og himneskur faðir yðar mun sjá yður farborða, hvers sem þér þarfnist

til fæðis, til matar og til hlífðar, sjá fyrir því sem þér skuluð klæðast eða fara í.

PJS, Matteus 6:38. Samanber

Matteus 6:33

Leitumst fyrst við að byggja upp Guðs ríki.

38 *Leitið því ekki þess sem heimsins er, heldur leitist fyrst við að byggja upp ríki Guðs og koma á réttlæti hans, og þá mun allt þetta bætast yður.*

PJS, Matteus 7:1–2. Samanber

Matteus 7:1–2

Dæmið ekki ranglátlega.

1 *Þetta eru orðin sem Jesús kenndi lærisveinum sínum að segja við lýðinn.*

2 *Dæmið ekki ranglátlega, svo að þér verðið eigi dæmdir; fellið heldur réttláta dóma.*

PJS, Matteus 7:4–8. Samanber

Matteus 7:3–5

Jesús kennir lærisveinum sínum að standa djarflega frammi fyrir lærðu mönnum, fariseunum, prestunum og Levítunum og láta þá svara fyrir hrænsni sína.

4 *Enn á ný skulið þér segja við þá: Hví sér þú flísina í auga bróður þíns, en tekur ekki eftir bjálkanum í þínu eigin auga?*

5 *Eða hvernig fær þú sagt við bróður þinn: Lát mig draga flísina úr auga þér, en sérð ekki bjálkanann í þínu eigin auga?*

6 *Og Jesú sagði við lærisveina sína: Sjáið þið fræðimennina, og fariseana, og prestana, og Levítana? Þeir kenna í samkundum sínum, en virða ekki*

lögmálið, eða boðorðin, og allir hafa þeir villst af leið og eru syndugir.

7 *Farið og segið við þá: Hví kennið þér mönnum lögmálið og boðorðin þegar þér sjálfir eruð afsprengi spillingar?*

8 *Segið við þá: Hræsnari, drag fyrst bjálkann úr þínu eigin auga, og þá sérðu glöggt til að draga flísina úr auga bróður þíns.*

ÞJS, Matteus 7:9–11.

Samanber Matteus 7:6

Jesús kennir lærisveinum sínum að boða iðrun og deila ekki leyndardómum ríkisins með heiminum.

9 *Farið út um heiminn og segið öllum: Iðrist, því að himnaríki er í nánd við yður.*

10 *Ög leyndardóma ríkisins skuluð þér geyma hjá yður sjálfum, því ekki er rétt að gefa hundum það sem heilagt er; né heldur kasta perlum yðar fyrir svín, að þau troði þær undir fótum sér.*

11 *Því að heimurinn getur ekki tekið á móti því sem þér, sjálfir, eruð ekki færir um að bera. Því skuluð þér ekki gefa þeim perlur yðar, svo að þeir snúi ekki við og tæti yður í sundur.*

ÞJS, Matteus 7:12–17.

Samanber Matteus 7:7–8

Jesús kennir lærisveinum sínum að faðirinn veitir öllum opinberun sem biðja þess.

12 *Segið við þá: Biðjið Guð, biðjið, og yður mun gefast, leitið, og þér munuð finna, knýið á, og fyrir yður mun upp lokið verða.*

13 *Því að hver sá öðlast, sem biður, sá finnur, sem leitar, og fyrir*

þeim, sem á knýr, mun upp lokið verða.

14 *Því næst sögðu lærisveinarnir við hann: Þeir munu segja okkur, að þeir séu sjálfir réttlátir og þarfnist eigi leiðsagnar frá öðrum. Við vitum að Guð hlýddi á Móse og suma spámennina, en á okkur mun hann ekki hlusta.*

15 *Ög þeir munu segja, við höfum lögmálið okkur til sáluhjálpar og það nægir okkur.*

16 *Jesús svaraði og sagði við lærisveina sína: Þannig skuluð þið svara þeim.*

17 *Hver á meðal ykkar, á son, sem úti er og segir: Faðir, opna hús þitt svo ég megi koma inn og eta með þér. Mun svarið ekki vera: Kom inn sonur minn, því mitt er þitt og þitt er mitt?*

ÞJS, Matteus 9:18–21.

Samanber Matteus 9:16–17

Jesús hafnar skírn farísea; hún hefur ekkert gildi, því að þeir viðurkenna hann ekki. Hann lýsir því yfir, að hann sé sá, sem gaf Mósélögmálið.

18 *Þá sögðu farísearnir við hann: Hvers vegna vilt þú ekki taka á móti okkur með skírn okkar. Þú sérð að við höldum allt lögmálið?*

19 *En Jesús sagði við þá: Þér haldið ekki lögmálið. Ef þér hafið haldið lögmálið, hefðuð þér tekið á móti mér, því að ég er sá sem lögmálið gaf.*

20 *Ég tek ekki á móti yður með skírn yðar, því að hún gagnar yður ekkert.*

21 *Því að þegar hið nýja kemur, er hið gamla lagt til hliðar.*

ÞJS, Matteus 11:13–15.

Samanber Matteus 11:10–11,
13–14

Jóhannes skírari er Elía, sá sem átti að koma og undirbúa veginn fyrir frelsarann.

13 *Sá dagur mun koma að hinir ofbeldisfullu munu ekkert vald hafa, því spámennirnir allir og lögmálið, allt fram að Jóhannesi, sögðu fyrir um að það yrði svo.*

14 *Já, jafn margir og hafa spáð, hafa sagt fyrir um þessa daga.*

15 Og ef þér viljið við því taka, þá sannarlega var hann Elía, sá sem koma skyldi og undirbúa alla hluti.

ÞJS, Matteus 12:37–38.

Samanber Matteus 12:43–44;
sjá einnig ÞJS, Lúkas 12:9–12

Hver sá, sem mælir gegn heilögum anda, mun ekki hljóta fyrirgefningu.

37 *Þá komu þar nokkir hinna lærðu og sögðu við hann: Meistari, ritað er að hver synd verði fyrirgefín, en þér segið, hverjum þeim sem mælir gegn heilögum anda, mun ekki verða fyrirgefið. Og þeir spyrja hann og segja: Hvornig má það vera?*

38 *Og hann sagði við þá: Þegar óhreinndandi fer út af manni, reikar hann um eyðihrjóstur og leitar hælís, en finnur ekki, en þegar maður mælir gegn heilögum anda, þá segir hann: Ég vil hverfa aftur í hús mitt, þaðan sem ég fór. Og er hann kemur, finnur hann sig tóman, sópaðan og prýddan, því hinn góði andi skilur hann eftir einan.*

ÞJS, Matteus 13:39–44.

Samanber Matteus 13:39–42;
sjá einnig K&S 86:1–7

Fyrir endalok heimsins (eyðingu hinna ranglátu) munu sendiboðar, sendir frá hinnum, skilja hina réttlátu frá hinum ranglátu.

39 Kornskurðurinn er endir veraldar, eða tortíming hinna ranglátu.

40 Kornskurðarmennirnir eru englarnir, eða sendiboðarnir sem sendir eru af hinnum ofan.

41 Eins og illgresinu er safnað og brennt í eldi, þannig verður við endi veraldar, eða tortímingu hinna ranglátu.

42 *Því þann dag, áður en mannsönurinn kemur, mun hann senda engla sína og sendiboða himna.*

43 Og þeir munu safna úr ríki hans öllu sem hneykslun veldur, og þeim sem ranglæti fremja, og kasta þeim út á meðal hinna ranglátu og þar verður grátur og gnístran tanna.

44 *Og heimurinn verður brenndur í eldsloga.*

ÞJS, Matteus 16:25–29.

Samanber Matteus 16:24–26

Jesús útskýrir hvað það þýðir að „taka upp kross sinn“: Að afneita öllu óguðlegu og allri veraldlegri girnd og halda boðorð hans.

25 Þá mælti Jesús við lærisveina sína: Hver sem vill fylgja mér, afneiti sjálfum sér, taki kross sinn og fylgi mér.

26 *Og ef maðurinn tekur kross sinn, afneitar hann öllu óguðlegu, og hverri veraldlegri girnd, og heldur boðorð mín.*

27 *Brjótið ekki boðorð mín til þess að bjarga lífi yðar, því að hver sem*

vill bjarga lífi sínu í þessum heimi, mun týna því í heimi komanda.

28 Og hver sem týnir lífi sínu í þessum heimi, mín vegna, mun finna það í heimi komanda.

29 Yfirgefið því heiminn og bjargið sálu yðar, hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn og fyrirgjöra sálu sinni? Eða hvað gæti maður látið til endurgjalds fyrir sálu sína?

ÞJS, Matteus 17:10–14.

Samanber Matteus 17:11–13

Jesús kennir um tvo Elía, annar til að undirbúa og hinn til að endurreisa.

10 Og Jesús svaraði og sagði við þá: Víst kemur Elía fyrst og endurreisir allt, eins og spámennirnir hafa ritað.

11 Og enn segi ég yður að Elía er þegar kominn, sá sem það er ritað um. Sjá, ég sendi sendiboða minn, og hann mun greiða mér veg; og þeir þekktu hann ekki og gjörðu honum allt sem þeir vildu.

12 Eins mun og Mannssonurinn píslir þola af hendi þeirra.

13 En ég spyr yður: Hver er Elía? Sjá, þetta er Elía, sem ég sendi til þess að greiða mér veg.

14 Þá skildu lærisveinarnir, að hann talaði við þá um Jóhannes skírara, og einnig annan sem koma ætti og endurreisa allt, eins og ritað er af spámönnunum.

ÞJS, Matteus 18:11. Samanber

Matteus 18:11; sjá einnig Moróní 8

Lítill börn þarfnast ekki iðrunar.

11 Því að Mannssonurinn er

kominn að frelsa hið týnda, og til að kalla syndara til iðrunar. En þessi litlu börn þarfnast ekki iðrunar, og ég mun frelsa þau.

ÞJS, Matteus 19:13. Samanber

Matteus 19:13

Lítill börn verða hólpín.

13 Þá voru færð til hans lítill börn, að hann legði hendur yfir þau og bæði fyrir þeim, en lærisveinarnir átöldu þá og sögðu: Þess gerist ekki þörf, því að Jesús hefur sagt að slíkir verði hólpnir.

ÞJS, Matteus 21:33. Samanber

Matteus 21:32–33

Maðurinn verður að iðrast áður en hann getur trúað á Krist.

33 Því að sá sem ekki trúði orðum Jóhannesar um mig, fær ekki trúað mér, nema hann iðrist fyrst.

ÞJS, Matteus 21:47–56.

Samanber Matteus 21:45–46

Jesús lýsir því yfir, að hann sé aðalhyrningarsteinninn. Fagnaðarerið er fært Gyðingum og síðan Þjóðunum. Hinum ranglátu mun tortímt, þegar Jesús kemur aftur.

47 Og þegar æðstu prestarnir og farisearnir heyrðu dæmisögur hans, skildu þeir, að hann átti við þá.

48 Og þeir sögðu sín á meðal: Ætlar þessi maður að hann geti einn gert þetta mikla ríki að engu? Og þeir reiddust honum.

49 En þegar þeir vildu taka hann höndum, óttuðust þeir mannfjöldann, því að þeir komust að því að mannfjöldinn taldi hann vera spámann.

50 Og nú komu lærisveinar hans til hans og Jesús mælti við þá: Undrist þér dæmisöguna sem ég sagði þeim?

51 Sannlega segi ég yður: Ég er steinninn, og þeir ranglátu hafna mér.

52 Ég er hyrningarsteinninn. Þessir Gyðingar munu á mig falla og sundur molast.

53 Og Guðs ríki verður frá þeim tekið og gefið þeirri þjóð, sem ber ávexti þess; (það er Þjóðunum.)

54 Hvern þann, sem þessi steinn mun á falla, mun hann í mál mola.

55 Og þegar herra víngarðsins því kemur, mun hann tortíma hinum vesælu, ranglátu mönnum, og enn selja öðrum vínyrkjum víngarð sinn, já, á síðustu dögum, og þeir munu gjalda honum ávöxtinn á réttum tíma.

56 Og þá skildu þeir dæmisöguna sem hann hafði sagt þeim, að Þjóðunum yrði einnig tortímt, þegar Drottinn kæmi niður af himni til að ríkja yfir víngarði sínum, sem er jörðin og íbúar hennar.

ÞJS, Matteus 23:6. Samanber Matteus 23:9

Sá, sem er á himnum, er skapari vor.

6 Og kallið engan skapara yðar, eða himneskan föður, sem er á jörðu, því einn er skapari yðar og himneskur faðir, já, sá sem er á himnum.

ÞJS, Matteus 26:22, 24–25.

Samnber Matteus 26:26–28;

ÞJS, Markús 14:20–25

Jesús brýtur sakramentisbrauðið fyrst og síðan blessar hann það. Sakramentið er í minningu um líkama og blóð Jesú.

22 Þá er þeir mötuðust, tók Jesús brauð, braut það og blessaði, gaf

lærisveinum sínum og sagði: Takið og etið, þetta er í minningu líkama míns, er ég gef sem lausnargjald fyrir yður.

24 Því að þetta er í minningu blóðs míns, hins nýja sáttmála, sem ég hef úthellt fyrir alla þá er trúa munu á nafn mitt, til fyrirgefningar synda þeirra.

25 Og ég gef yður boðorð, að þér gætið þess að gjöra það sem þér hafið séð mig gjöra, og berið vitni um mig, já allt til enda.

ÞJS, Matteus 27:3–6.

Samnber Matteus 27:3–5;

Postulasagan 1:18

Dauða Júdasar lýst.

3 Þegar Júdas, sá sem sveik hann, sá að hann var dæmdur sekur, iðraðist hann og skilaði æðstu prestunum og öldungunum aftur silfurpeningunum þrjátíu —

4 Og mælti: Ég drýgði synd, ég sveik saklaust blóð.

5 Og þeir sögðu við hann: Hvað varðar oss um það? Sjá þú fyrir því, syndirnar eru þínar.

6 Og hann fleygði silfrinu inn í musterið, hélt brott og hengdi sig í tré einu. Og samstundis féll hann niður og iður hans spýttust út, og hann dó.

ÞJS, Markús 2:26–27.

Samnber Markús 2:27–28

Mannssonurinn er herra hvíldardagsins, því hann gjörði hvíldardaginn.

26 Því var hvíldardagurinn gefinn mannum sem dagur hvíldar, og einnig til að maðurinn skyldi vegsama

Guð, en ekki svo að maðurinn skyldi ekki eta.

27 Því mannsönurinn gjörði hvíldardaginn, því er mannsönurinn einnig herra hvíldardagsins.

ÞJS, Markús 3:21–25.

Samanber Markús 3:28–30

Jesús mun fyrirgefa öllum syndurum sem iðrast, nema þeim sem guðlasta gegn heilögum anda.

21 Þá komu þar menn til hans, ásökuðu hann og sögðu: *Hví takið þér á móti syndurum, en segist vera sonur Guðs.*

22 En hann svaraði þeim og sagði: Sannlega segi ég yður, allt verður mannanna börnum fyrirgefið, allar syndir þeirra og lastmælin, þegar þeir iðrast, því ég kom til að kenna mannanna börnum iðrun.

23 Og lastmælin, hve mjög sem þeir kunna að lastmæla, verða þeim fyrirgefin, sem koma til mín og gjöra þau verk, sem þau sjá mig gjöra.

24 En til er synd sem ekki fæst fyrirgefin. Sá sem lastmælir gegn heilögum anda fær eigi fyrirgefningu um aldur, hann á það á hættu að vera niður höggvinn úr heiminum, og þeir munu erfa eilífa fordæmingu.

25 Þetta sagði hann við þá því þeir höfðu sagt: Óhreinn andi er í honum.

ÞJS, Markús 7:10–12.

Samanber Markús 7:10

Jesús fordæmir þá sem afneita spámönnum og hlýða ekki lögmáli Móse.

10 Það er fullvel skrifað um yður af spámönnum sem þér hafið hafnað.

11 Þeir vitnuðu um sannleiksgildi

þessara hluta og blóð þeirra mun vera á höfðum yðar.

12 Þér hafið ekki haldið helgisiði Guðs, því að Móse sagði: Heiðra föður þinn og móður þína, og hver sem formælir föður eða móður, skal deyja dauða misgjörðarmannsins, eins og ritað er í lögmáli yðar, en þér haldið ekki lögmálið.

ÞJS, Markús 8:37–38.

Samanber Markús 8:35

Hver sá, sem er fús til að deyja fyrir málstað Jesú, mun hólpinn verða.

37 Því að hver sem vill bjarga lífi sínu, mun týna því, eða hver sem vill bjarga lífi sínu, skal vera fús til að fórna því fyrir mig, og ef hann er ekki fús til að fórna því fyrir mig, þá mun hann týna því.

38 Og hver sem er fús til að týna lífi sínu vegna mín og fagnaðarerindisins, mun bjarga því.

ÞJS, Markús 8:42–43.

Samanber Markús 8:38

Fólk sem blygðar sín fyrir Krist mun engan hlut eiga í fyrstu upprisunni, en þeir sem eru fúsir til að deyja fyrir Krist, munu koma með honum í dýrð hans.

42 Þeir munu ekki eiga hlut í þeirri upprisun, þegar hann kemur.

43 Sannarlega segi ég yður, að hann mun koma, og sá sem fórnar lífi sínu fyrir mínar sakir og fagnaðarerindið, mun koma með honum og verða íklæddur dýrð hans í skýjunum, við hægri hönd mannsönarins.

ÞJS, Markús 9:3. Samanber

Markús 9:4

Jóhannes skírari er á fjalli ummyndunarinnar.

3 Og þeim birtist Elía ásamt Móse, eða með öðrum orðum, Jóhannes skírari og Móse, og voru þeir á tali við Jesús.

ÞJS, Markús 9:40–48.

Samanber Markús 9:43–48

Jesús líkir því, að sníða af tælandi hönd eða fót, við að hætta samskiptum við féлага sem geta leitt afvega.

40 Ef hönd þín tælir þig því til falls, þá sníð hana af; eða ef bróðir þinn misbýður þér og játar ekki og lætur ekki af því, þá skal hann sniðinn af. Betra er þér handarvana inn að ganga til lífsins en hafa báðar hendur og fara til heljar.

41 Því að betra er þér inn að ganga til lífsins án bróður þíns en að þér og bróður þínum verði varpað til heljar, í hinn óslökkvandi eld, þar sem ormarnir deyja ekki og eldurinn slokknar ekki.

42 Og ennfremur, ef fótur þinn tælir þig til falls, þá sníð hann af. Því að hann er stöð þín, sem þú gengur með; ef hann gerist brotlegur skal hann sniðinn af.

43 Betra er þér höltum inn að ganga til lífsins, en hafa báða fætur og verða varpað til heljar, í hinn óslökkvandi eld.

44 Lát því hvorn mann standa eða falla með sjálfum sér en ekki fyrir aðra, eða ekki að treysta á aðra.

45 Leitið föður míns, og það mun gjört á hverri stundu sem þér biðjið, ef þér biðjið í trú og trausti þess að þér hljótið.

46 Og ef auga þitt, sem fyrir þig sér þann sem tilnefndur er til að vaka yfir þér og sýna þér ljósið, tælir þig til

falls og misbýður þér, þá ríf hann úr.

47 Betra er þér eineygðum inn að ganga í Guðs ríki en hafa bæði augu og verða varpað í elda heljar.

48 Betra er þér að verða sjálfur hólpinn en að verða varpað til heljar með bróður þínum, þar sem ormarnir deyja ekki og eldurinn slokknar ekki.

ÞJS, Markús 12:32. Samanber

Markús 12:27

Guð er ekki Guð dauðra, því að hann reisir dauða úr gröfum sínum.

32 Hann er því ekki Guð dauðra heldur Guð lifenda, því að hann reisir þá upp úr gröfum sínum. Þér villist því stórlega.

ÞJS, Markús 14:20–26.

Samanber Markús 14:22–25

Jesús innleiðir sakramentið til minningar um líkama hans og blóð.

20 Og er þeir mötuðust, tók Jesús brauð og blessaði það, braut það, gaf þeim og sagði: Takið og etið.

21 Sjá, þetta er yður ætlað að gjöra í minningu líkama míns, því að jafn oft og þér gjörið það munuð þér minnast þessarar stundar sem ég var hjá yður.

22 Og hann tók kaleikinn, og er hann hafði gjört þakkir gaf hann þeim hann og þeir drukku allir af honum.

23 Og hann sagði við þá: Þetta er í minningu blóðs míns, sem ég hef úthellt fyrir marga, og hins nýja sáttmála sem ég gef yður, því um mig skuluð þér bera vitni fyrir öllum heiminum.

24 *Og jafn oft og þér gjörði þessa athöfn munuð þér minnst mín á þessari stundu, að ég var hjá yður og drakk af þessum kaleik með yður, já, á síðustu stundu þjónustu minnar.*

25 Sannlega segi ég yður, *um þetta skuluð þér bera vitni, því að héðan í frá mun ég eigi drekka af ávexti vínviðarins með yður til þess dags, er ég drekk hann nýjan í Guðs ríki.*

26 Nú urðu þeir tregafullir og grétu yfir honum.

PJS, Markús 14:36–38.

Samanber Markús 14:32–34

Í Getsemane skilja jafnvel sumir hinna tólf ekki til fulls Messíasarhlutverk Jesú.

36 Og þeir koma til staðar, er heitir Getsemane og var garður, og lærisveinarnir tóku að undrast mjög og þungi sótti á þá. Þeir tóku að kvarta í hjarta sínu og hugleidda hvort þetta væri Messías.

37 Og Jesús, sem þekkti hjörtu þeirra, sagði við lærisveina sína: Setjist hér, meðan ég biðst fyrir.

38 Og hann tók með sér þá Pétur, Jakob og Jóhannes, *átaldi þá og sagði við þá: Sál mín er hrygg allt til dauða. Bíðið hér og vakið.*

PJS, Markús 16:3–6.

Samanber Markús 16:4–7;

Lúkas 24:2–4

Tveir englar heilsa konunum við gröf frelsarans.

3 *En þegar þær líta upp, sjá þær að steininum hafði verið velt frá (en hann var mjög stór) og tveir englar sátu á honum, klæddir*

hvítum, síðum skikkjum, og þær skelfdust.

4 *En englarnir sögðu við þær: Skelfist eigi. Þér leitið að Jesú frá Nasaret, sem krossfestur var. Hann er upp risinn, hann er ekki hér. Sjá, þarna er staðurinn, þar sem þeir lögðu hann —*

5 *En farið og segið lærisveinum hans og Pétri, að hann fari á undan yður til Galíleu. Þar munuð þér sjá hann, eins og hann sagði yður.*

6 *Og þær gengu inn í gröfina og sáu staðinn þar sem þeir lögðu Jesú.*

PJS, Lúkas 1:8. Samanber

Lúkas 1:8

Sakaría, faðir Jóhannesar skírara, sinnir prestdæmisskyldum.

8 Og meðan hann vann prestsverk embættisins frammi fyrir Guði, eftir reglu prestdæmis hans,

PJS, Lúkas 2:46. Samanber

Lúkas 2:46

Lærifeðurnir í musterinu hlusta á Jesú og spyrja hann spurninga.

46 Og svo bar við að eftir þrjá daga fundu þau hann í musterinu. Þar sat hann mitt á meðal lærifeðrunna, og þeir hlustuðu á hann og spurðu hann spurninga.

PJS, Lúkas 3:4–11. Samanber

Lúkas 3:4–6

Kristur mun koma, eins og spáð var, til að færa Ísrael og Þjóðunum sáluhjálp. Í fyllingu tímanna mun hann koma aftur til að dæma heiminn.

4 Eins og ritað er í bók Jesaja *spámanns*, og þetta eru orðin er segja: Rödd hröfandans í eyðimörk:

Greiðið veg Drottins og gjörðið beinar brautir hans.

5 Því að sjá og tak eftir, hann mun koma, eins og ritað er í bók spámanna, til að bera burtu syndir heimsins og til að færa heiðnum þjóðum hjálpræði, til að safna saman þeim sem týndir eru, sem eru úr hjörð Ísraels —

6 Já, jafnvel hinum dreifðu og aðþrengdu. Og einnig til að greiða veginn og gjöra mögulega boðun fagnadarerindisins til Þjóðanna —

7 Og til að vera ljós öllum sem í myrkri sitja, til ystu marka jarðar; til að gjöra upprisuna frá dauðum að veruleika og til að stíga til upphæða og dvelja til hægri handar föðurnum —

8 Fram að fyllingu tímanna, og lög málið og vitnisburðurinn mun inn-siglað, og lykjar ríkisins verða enn á ný afhentir föðurnum —

9 Til að miðla réttlæti til allra, koma niður með dóm yfir alla, og sannfæra alla hina óguðlegu um óguðleg verk þeirra, sem þau hafa unnið. Og allt þetta á þeim degi sem koma skal —

10 Því að það er dagur máttarins, já, allir dalir skulu fyllast, öll fell og hálsar lægjast. Krókar skulu beinir verða og óvegir sléttar götur —

11 Og allt hold mun sjá hjálpræði Guðs.

ÞJS, Lúkas 3:19–20. Samanber

Lúkas 3:10–13

Annast er um hina fátæku með gnægð fjárhirslanna. Tollheimtumennirnir (skattheimtumenn) ættu ekki að taka meira en lög bundið er.

19 Þér er það vel kunnugt Þeófilus, að samkvæmt hefð Gyðinganna og lögmálum þeirra við að meðtaka fé inn í

fjárhirslurnar, að það var úr gnægð þess sem meðtekið var, sem hinum fátæku var úthlutað, hverjum manni sínum hluta.

20 Það var á sama máta sem skattheimtumennirnir gjörðu hið sama, því sagði Jóhannes við þá: Heimtið ekki meira en fyrir yður er lagt.

ÞJS, Lúkas 6:29–30. Samanber

Lúkas 6:29–30

Jesús kenndi að betra er að þola ofsóknir, en að stríða við óvininn.

29 Slái þig einhver á kinnina, skaltu og bjóða hina, eða með öðrum orðum, betra er að bjóða hina, en að formæla aftur. Og taki einhver yfirhöfn þína, skaltu ekki varna honum að taka kyrtilinn líka.

30 Því að betra er að þér þolið að óvinur yðar taki þessa hluti, en að stríða við hann. Sannarlega segi ég yður, himneskur faðir, sem sér það sem hulið er, mun leiða dóm yfir þann rangláta.

ÞJS, Lúkas 9:2–25. Samanber

Lúkas 9:24–25

Að öðlast veraldlegan auð er ekki þess virði að tapa sál sinni.

24 Því að hver sem vill bjarga lífi sínu, verður að vera fús til týna því mín vegna, og hver sem verður fús til að týna lífi sínu mín vegna, hann mun bjarga því

25 Hvað stoðar það manninn að eignast allan heiminn, en meðtaka ekki þann, sem Guð hefur vígt, og hann týnir sálu sinni eða fyrirgjörir sjálfum sér?

ÞJS, Lúkas 11:53. Samanber

Lúkas 11:52

Fylling ritninganna er lykill þekkingarinnar.

53 Vei yður, þér lögvitringar! Þér hafið tekið brott lykil þekkingarinnar, *fyllingu ritninganna*. Sjálfir hafið þér ekki gengið inn í ríkið, og þeim hafið þér varnað, sem inn vildu ganga.

ÞJS, Lúkas 12:9–12. Samanber

Lúkas 12:9–10; sjá einnig ÞJS, Mattheus 12:37–38 og K&S 132:26–27

Jesús útskýrir, að lastmæli gegn heilögum anda verði ekki fyrirgefið.

9 En þeim sem afneitar mér fyrir mönnum, mun afneitað verða fyrir englum Guðs.

10 Nú vissu lærisveinar hans að hann sagði þetta vegna þess að þeir höfðu talað illt gegn honum frammi fyrir fólkinu, því að þeir þorðu ekki að viðurkenna hann fyrir mönnum.

11 Og þeir ræddu sín á meðal og sögðu: Hann þekkir hjörtu vor og mælir oss til fordæmingar og oss verður eigi fyrirgefið. En hann svaraði þeim og sagði við þá:

12 Hverjum, sem mælir gegn Mannssyninum og iðrast, verður það fyrirgefið, en þeim, sem lastmælir gegn heilögum anda, verður ekki fyrirgefið.

ÞJS, Lúkas 12:41–57.

Samanber Lúkas 12:37–48

Jesús kennir, að þjónar hans verði ætíð að vera reiðubúnir fyrir komu hans.

41 Því að sjá, hann kemur á fyrstu vöku nætur, og hann mun einnig koma

á annarri vökunni, og einnig mun hann koma á þriðju vökunni.

42 Og sannlega segi ég yður, hann hefur þegar komið, eins og skráð er um hann. Og hann mun koma á annarri vökunni, eða þriðju vökunni. Sælir eru þeir þjónar, sem hann finnur breyta svo, þá er hann kemur.

43 Því að húsbóndi þeirra þjóna mun girða sig og láta þá setjast til matar, og mun koma og þjóna þeim.

44 Og sannlega segi ég yður þetta, til að þér megið vita að Drottinn kemur sem þjófur á nóttu.

45 Og það verður líkt og með mann sem er húsbóndi. Ef hann vakir ekki yfir eignum sínum, þá kemur þjófurinn á þeirri stundu sem hann væntir eigi og tekur eigur hans og skiptir þeim á meðal féлага sinna.

46 Og þeir segja sín á meðal: Ef hinn góði maður hússins hefði vitað á hvaða stundu þjófurinn kæmi, hefði hann vakað og ekki leyft að brotist væri inn í hús hans og eigur hans teknar.

47 Og hann sagði við þá: Sannlega segi ég yður, verið því einnig reiðubúnir, því að Mannssonurinn kemur á þeirri stundu, sem þér ætlið eigi.

48 Þá sagði Pétur við hann: Herra, mælir þú þessa líkingu til vor eða til allra?

49 Og Drottinn sagði: Ég tala til þeirra sem Drottinn gjörir að ráðsmönnum húss síns, til þess að skammta börnum hans matinn á réttum tíma.

50 Og þeir sögðu: Hver er þá hinn trúi og vitri þjónn?

51 Og Drottinn sagði við þá: Það

er sá þjónn sem vakir, til þess að gefa matarskammt sinn á réttum tíma.

52 Blessaður er sá þjónn, er húsbóndinn finnur breyta svo, er hann kemur.

53 Ég segi yður með sanni: Hann mun setja hann yfir allar eigur sínar.

54 En hinn illi þjónn er sá sem ekki vakir. Og ef sá þjónn vakir ekki, segir hann í hjarta sínu: Húsbóndi minn frestar komu sinni. Og hann tekur að berja þjóna og þernur, eta og drekka og verða ölvaður.

55 Húsbóndi þess þjóns mun koma á þeim degi, er hann væntir eigi, á þeirri stundu, er hann veit eigi, höggva hann og láta hann fá hlut sinn með vantrúuðum.

56 Og þjónninn, sem þekkti vilja húsbónda síns og bjó sig ekki undir komu húsbónda síns, né breytti að vilja hans, hann mun barinn mörg högg.

57 En hinn, sem eigi þekkti vilja húsbónda síns og vann til refsingar, mun barinn fá högg. Af þeim, sem mikið er gefið, mun mikils krafist og af þeim, sem Drottinn hefur mikið falið, munu menn heimta meira.

ÞJS, Lúkas 14:35–37.

Samanber Lúkas 14:34

Þeir sem þekkjá Móse og spámennina trúá Jesú.

35 Þá komu nokkrir þeirra til hans og sögðu: Góði meistari, við höfum Móse og spámennina, mun ekki hver sá sem fylgir orðum þeirra, lifa?

36 Og Jesús svaraði þeim og sagði: Þér þekkið ekki Móse eða spámennina,

því ef þér hefðuð þekkt þá, hefðuð þér trúað á mig, því að í þeim tilgangi voru þeir skrifaðir. Því ég er sendur svo þér gætuð átt líf. Þess vegna mun ég líkja því við salt sem gott er.

37 En ef saltið sjálft hefur dofnað, með hverju á þá að krydda það?

ÞJS, Lúkas 16:16–23.

Samanber Lúkas 16:16–18

Lögmálið og spámennirnir vitna um Jesú. Farisearnir leitast við að eyða ríkinu. Jesús kynnir dæmisöguna um ríka manninn og Lasarus.

16 Og þeir sögðu við hann: Vér höfum lögmálið og spámennina, en hvað þennan mann varðar viljum við ekki að hann verði settur yfir okkur, því að hann gjörir sjálfan sig að dómara yfir okkur.

17 Þá sagði Jesús við þá: Lögmálið og spámennirnir vitna um mig, já, og allir spámennirnir sem ritað hafa, allt til Jóhannesar, hafa sagt fyrir um þessa daga.

18 Frá þeirri stundu er fagnaðararindi Guðs ríkis prédikað, og hver maður, sem sannleika leitar, sækir þangað inn.

19 Og auðveldara er að himinn og jörð líði undir lok en einn stafkrókur lögmálsins falli úr gildi.

20 Og hví kennið þér lögmálið en afneitið því sem skráð er, og dæmið þann sem faðirinn hefur sent til að uppfylla lögmálið, svo að þér mættuð allir endurlestir verða?

21 Ó, heimskingjar! Því að þér hafið sagt í hjörtum yðar: Enginn Guð er til. Og þér rangsnúðið því sem rétt er og ríki himna má þola ofbeldi yðar. Og þér ofsakið hina hógværu og með

valdi reynið þér að tortíma ríkinu. Og með valdi takið þér börn ríkisins. Vei yður, þér hórkarlar!

22 Og þeir ásökuðu hann á ný, reiðir yfir því að vera sagðir hórkarlar.

23 Og hann hélt áfram og sagði: Hver sem skilur við konu sína og gengur að eiga aðra drýgir hór. Og hver sem gengur að eiga þá, sem maðurinn hefur skilið við, drýgir hór. *Sannlega segi ég yður, ég vil líkja yður við ríka manninn.*

ÞJS, Lúkas 17:21. Samanber

Lúkas 17:20–21

Guðs ríki hefur þegar komið.

21 Ekki skulu þeir segja: Sjá hér! eða sjá þar! Því að sjá, Guðs ríki hefur þegar komið til yðar.

ÞJS, Lúkas 17:36–40.

Samnber Lúkas 17:37

Jesús segir dæmisöguna um ernina, til að útskýra samansöfnun hans heilögu á síðari dögum.

36 Og þeir svöruðu honum og sögðu: Hvar, Drottinn, verða þeir teknir?

37 Og hann sagði við þá: Hvar svo sem hópurinn safnast, eða með öðrum orðum, hvar sem hinir heilögu safnast saman, þangað munu ernirnir safnast saman, eða þangað munu hinir safnast saman.

38 Þetta sagði hann til marks um samansöfnun hans heilögu, og engla, sem koma niður og safna hinum til þeirra, einum úr rúminu, öðrum frá kvörnunum og enn öðrum af ökrunum, hverjum sem honum lystir.

39 Því sannlega verða nýir himnar

og ný jörð, þar sem hinir réttlátu dvelja.

40 Og þar mun ekkert óhreint verða, því að jörðin eldist, rétt eins og klæði, og spillingin eykst. Því hverfur hún á brott og fótskörin helst helguð, hreinsuð af allri synd.

ÞJS, Lúkas 18:27. Samanber

Lúkas 18:27

Ef maðurinn treystir á auðæfin, hindrar það inngöngu hans í Guðs ríki.

27 Og hann sagði við þá: Útilokað er þeim, sem treysta á auðæfin, að ganga inn í Guðs ríki. En sá, sem hverfur frá því sem þessa heims er, megnar með Guði inn að ganga.

ÞJS, Lúkas 21:24–26.

Samnber Lúkas 21:25–26

Jesús ræðir nokkur tákn komu sinnar.

24 Nú, þetta sagði hann við þá varðandi tortímingu Jerúsalem. Og þá spurðu lærisveinarnir hann og sögðu: Meistari, seg þú oss frá komu þinni?

25 Og hann svaraði þeim og sagði: Með þeirri kynslóð, þegar tímar Þjóðanna munu uppfyllast, þá verður teikn á sólu, og á tungli, og á stjörnum; og á jörðu angist Þjóða ráðlausra við drunur hafs og brimgný. Jörðin mun einnig líða, og vötn hins mikla djúps —

26 Hjörta manna munu bregðast þeim af ótta við það, er kemur yfir heimsbyggðina. Því að kraftar himna munu bifast.

ÞJS, Lúkas 21:32. Samanber

Lúkas 21:32

Allt mun uppfyllt, þegar tímar Þjóðanna uppfyllast.

32 Sannlega segi ég yður: Þessi kynslóð, *kynslóðin þegar tímar Þjóðanna uppfyllast*, mun ekki líða undir lok, uns allt er uppfyllt.

ÞJS, Lúkas 23:35. Samanber
Lúkas 23:34

Jesús biður um fyrirgefningu vegna rómversku hermanna, sem krossfesta hann.

35 Þá sagði Jesús: Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra (*þar er átt við hermennina, sem krossfestu hann*), og þeir köstuðu hlutum um klæði hans og skiptu með sér.

ÞJS, Lúkas 24:2–4. Samanber
Lúkas 24:2–5

Konurnar sjá tvo engla við gröf Jesú.

2 Þær sáu þá, að steininum hafði verið velt frá gröfinni, og að tveir englar stóðu þar hjá í leiftrandi klæðum.

3 Og þegar þær stigu inn í gröfina, og fundu ekki líkama Drottins Jesú, undruðust þær mjög.

4 Þær urðu mjög hræddar og hneigðu andlit til jarðar. En sjá, englarnir sögðu við þær: Hví leitið þér hins lifanda meðal dauðra?

ÞJS, Jóhannes 1:1–34.

Samnber Jóhannes 1:1–34

Fagnaðarerindi Jesú Krists hefur verið prédikað allt frá upphafi. Jóhannes skírari er Elía, sem greiðir veginn fyrir Krist og Jesús Kristur er Elía, sem endurreisir allt og færir sáluhjálp.

1 Í upphafi var *fagnaðarerindið prédikað með syninum. Og fagnaðarerindið var orðið, og orðið var hjá syninum, og sonurinn var hjá Guði, og sonurinn var Guðs.*

2 Hann var í upphafi hjá Guði.

3 Allir hlutir voru af honum gerðir, og án hans varð ekkert gjört af því sem gjört var.

4 Í honum var *fagnaðarerindið og fagnaðarerindið var lífið, og lífið var ljós manna —*

5 Og ljósið skín í heiminum, og heimurinn tekur ekki á móti því.

6 Maður var sendur af Guði, nafn hans var Jóhannes.

7 Hann kom í heiminn til vitnisburðar, til að vitna um ljósið, bera öllum vitni um *fagnaðarerindið fyrir atbeina sonarins*, að fyrir hans tilstuðlan mættu menn trúa.

8 Ekki var hann ljósið, en hann kom til að vitna um það ljós —

9 Sem var hið sanna ljós, er upplýsir hvern mann sem í heiminn kemur —

10 Já, son Guðs. Hann sem var í heiminum, og heimurinn var af honum gjörður, en heimurinn þekkti hann ekki.

11 Hann kom til sinna eigin, og hans eigin tóku ekki við honum.

12 En öllum, sem tóku við honum, gaf hann kraft til að verða Guðs börn; *aðeins þeim er trúa á nafn hans.*

13 Hann fæddist, ekki af blóði né af holdsins vild, né af manns vilja, heldur af Guði.

14 Og hið sama orð varð hold, og bjó með oss, og vér sáum dýrð hans, dýrð sem hins eingetna föðurins, fullur náðar og sannleika.

15 Jóhannes vitnar um hann, hrópaði og sagði: Þetta er sá sem ég átti við. Forgang hefur sá, sem kemur eftir mig, enda fyrri en ég.

16 Því í upphafi var orðið, já, sonurinn, sem varð hold og sendur var oss að vilja föðurins. Og allir, sem trúá á nafn hans, munu taka á móti fyllingu hans. Og af fyllingu hans höfum vér allir meðtekið, já, ódauðleika og eilíft líf, fyrir náð hans.

17 Því að lögmálið var gefið með Móse, en líf og sannleikur kom með Jesú Kristi.

18 Því að lögmálið var að holdlegu boði, til ráðstöfunar dauða, en fagnadarerindið var að krafti óendanlegs lífs, fyrir Jesú Krist, hinn eingetna son, sem er við brjóst föðurins.

19 Og enginn maður hefur nokkurn tíma séð Guð, nema hann hafi borið vitni um soninn, því aðeins fyrir hann getur maðurinn orðið hólpinn.

20 Og þetta er vitnisburður Jóhannesar, þegar Gyðingar sendu presta og levíta frá Jerúsalem til þess að spyrja hann: Hver ert þú?

21 Og hann játaði og neitaði því ekki að hann væri Elía, heldur játaði og sagði: Ekki er ég Kristur.

22 Og þeir spurðu hann og sögðu: Hvernig þá, ertu Elía? Og hann svaraði: Ekki er ég sá Elía sem átti að endurreisa allt. Og þeir spurðu og sögðu: Ert þú sá spámaður? Hann kvað nei við.

23 Þá sögðu þeir við hann: Hver ert þú? Vér verðum að svara þeim, er sendu oss. Hvað segir þú um sjálfan þig?

24 Hann sagði: Ég er rödd hrópanda í eyðimörkinni. Gjörð beinan veg Drottins, eins og Jesaja spámaður segir.

25 Og þeir, sem sendir voru, voru af flokki farísea.

26 Og þeir spurðu hann og sögðu við hann: Hvers vegna skírir þú, fyrst þú ert hvorki Kristur né Elía sem átti að endurreisa alla hluti, né heldur sá spámaður?

27 Jóhannes svaraði þeim og sagði: Ég skíri með vatni, en mitt á meðal yðar stendur sá, sem þér þekkið ekki —

28 Hann er sá sem ég ber vitni um. Hann er sá spámaður, sjálfur Elía, sem kemur á eftir mér, en er mér fremri, og skópveng hans er ég eigi verður að leysa, eða hans stað er ég eigi fær um að fylla, því að hann mun skíra, ekki aðeins með vatni, heldur með eldi og með heilögum anda.

29 Næsta dag sér Jóhannes Jesú koma til sín og segir: Sjá, Guðs lamb, sem ber burt syndir heimsins!

30 Og Jóhannes bar fólkinu vitni um hann og sagði: Þetta er sá er ég sagði um: Á eftir mér kemur maður, sem er mér fremri, því hann er fyrri en ég, og ég þekkti hann, og vissi að hann myndi opinberast Ísrael. Því hef ég komið og skíri með vatni.

31 Og Jóhannes vitnaði og sagði: Þegar hann lét skírast af mér, sá ég andann koma af himni ofan eins og dúfu, og hann nam staðar yfir honum.

32 Og ég þekkti hann, því að sá er sendi mig til þess að skíra með vatni, hann sagði við mig: Sá sem þú sérð andann koma yfir og nema staðar á, hann er sá sem skírir með heilögum anda.

33 Og ég sá og ég vitna, að þetta er sonur Guðs.

34 Þetta bar við í Betabara, handan Jórdanar, þar sem Jóhannes var að skíra.

ÞJS, Jóhannes 1:42. Samanber
Jóhannes 1:42

Kefas merkir „sjáandi“ eða „steinn“.

42 Og hann fór með hann til Jesú. Og þegar Jesús sá hann sagði hann: Þú ert Símon Jóhannesson, þú skalt heita Kefas, sem túlkað er *sjáandi eða steinn*. Og þeir voru fiskimenn. Og samstundis yfirgáfu þeir allt og fylgdu Jesú.

ÞJS, Jóhannes 4:1–4.
Samanber Jóhannes 4:1–2

Farísear þrá að drepa Jesú. Hann framkvæmir nokkrar skírnir, en lærisveinar hans framkvæma fleiri.

1 Þegar því farísear heyrðu að Jesús hefði og skírði fleiri lærisveina en Jóhannes —

2 *Leituðu þeir af enn meira kappi leiða til þess að taka hann af lífi, því að margir tóku á móti Jóhannesi sem spámanni, en þeir trúðu ekki á Jesú.*

3 *Þetta vissi Drottinn, þótt ekki skírði hann sjálfur jafn marga og lærisveinar hans —*

4 *Því að hann leyfði þeim það sem dæmi, að veita hver öðrum virðing.*

ÞJS, Jóhannes 4:26. Samanber
Jóhannes 4:24

Guð heitir sanntrúuðum anda sínum.

26 *Því að slíkum hefur Guð heitið anda sínum. Og þeir sem tilbiðja hann verða að tilbiðja í anda og sannleika.*

ÞJS, Jóhannes 6:44. Samanber
Jóhannes 6:44

Vilji föðurins er að allir taki á móti Jesú. Þeir sem fara að vilja Jesú munu vera reistir upp í upprisu hinna réttlátu.

44 Enginn getur komið til mín nema að *hann gjöri vilja föður míns, sem sendi mig. Og þetta er vilji hans, sem sendi mig, að þér meðtakið soninn, því faðirinn vitnar um hann, og þann sem meðtekur vitnisburðinn og gjörir vilja hans, sem sendi mig, mun ég reisa upp í upprisu hinna réttlátu.*

ÞJS, Jóhannes 13:8–10.

Samanber Jóhannes 13:8–10

Jesús laugar fætur postulanna til að uppfylla lögmál Gyðinga.

8 Pétur sagði við hann: *Eigi þarft þú að lauga fætur mína. Jesús svaraði honum: Ef ég þvæ þér ekki, áttu enga hlutdeild í mér.*

9 Símon Pétur segir við hann: Herra, ekki aðeins fætur mína, líka hendur mínar og höfuð mitt.

10 Jesús segir við hann: Sá sem laugað hefur hendur sínar og höfuð sitt, þarf ekki að laugast nema um fætur, heldur er allur hreinn. Og þér eruð hreinir, þó ekki allir. Nú var þetta siður Gyðinga undir lögmáli þeirra og því gjörði Jesús þetta til þess að lögmálið mætti uppfyllt verða.

ÞJS, Jóhannes 14:30.

Samanber Jóhannes 14:30

Höfðingi myrkursins, eða Satan, er af þessum heimi.

30 Ég mun ekki héðan í frá ræða margt við yður, því að höfðingi myrkursins, sem er af þessum heimi,

kemur, en hefur ekkert vald yfir mér, en hann hefur vald yfir yður.

ÞJS, Postulasagan 9:7.

Samanber Postulasagan 9:7;
Postulasagan 22:9

Þeir, sem eru með Páli, er hann snýst til trúar, sjá ljósið, en þeir heyra hvorki röddina né sjá Drottin.

7 Förunautar hans *sáu vissulega ljósið og skelfðust, en þeir heyrðu ekki rödd þess, sem við hann talaði.*

ÞJS, Postulasagan 22:29–30.

Samanber Postulasagan
22:29–30

Hersveitarfönginn leysti bönd Páls.

29 Þeir, sem áttu að yfirheyra hann, viku nú jafnskjótt frá honum. Og hersveitarfönginn varð hræddur, er hann varð þess vís, að það var rómverskur maður, sem hann hafði látið binda, og leysti hann úr böndum sínum.

30 Daginn eftir vildi hann ganga úr skugga um, fyrir hvað Gyðingar kærðu hann, fyrir því bauð hann að æðstu prestarnir og allt ráðið kæmi saman. Síðan kom hann ofan með Pál og leiddi hann fram fyrir þá.

ÞJS, Rómverjabréfið 3:5–8.

Samanber Rómverjabréfið
3:5–8

Páll kennir að ekki sé hægt að gjöra illt til að koma góðu til leiðar.

5 En ef við *dveljum í ranglæti voru og sönnum réttlæti Guðs, hvornig dirfumst vér þá að segja: Guð er ranglátur, er hann lætur reiðina yfir dynja? (Ég tala á*

mannlegan hátt, eins og *sá sem óttast Guð*.)

6 Fjarri fer því. Hvernig ætti Guð þá að dæma heiminn?

7 En verði sannleiki Guðs fyrir lygi mína, (*eins og Gyðingar kalla það*) skýrari honum til dýrðar, hvers vegna dæmist ég þá enn sem syndari? Og ekki *samþykktur?* Því óhróður er borinn út um oss.

8 Sumir fullyrða að vér kennum þetta (*fordæming þeirra er réttmæt*) Eigum vér þá ekki að gjöra hið illa, til þess að hið góða komi fram? *Þetta eru ósannindi.*

ÞJS, Rómverjabréfið 4:2–5.

Samanber Rómverjabréfið
4:2–5

Maðurinn frelsast einungis vegna náðar Jesú Krists, ekki af verkum þeim sem tengjast hlýðni við Móselög málið.

2 Ef Abraham réttlættist af *lög máli* verkanna, þá hefur hann hrós-unarefni í *sjálfum sér* en ekki *vegna* Guðs.

3 Því að hvað segir ritningin? Abraham trúði Guði, og það var reiknað honum til réttlætis

4 *Þeim sem réttlættur er vegna lögmáls verkanna* verða launin ekki reiknuð af náð, heldur eftir verðleika

5 Hinum aftur á móti, sem *sækist ekki eftir réttlætingu lögmáls verkanna*, en trúir á hann, sem réttlætir ekki óguðlegan, trú hans er reiknuð til réttlætis.

ÞJS, Rómverjabréfið 4:16.

Samanber Rómverjabréfið
4:16

Bæði trú og verk, fyrir náð, eru nauðsynleg til sáluhjálpar.

16 Þess vegna eruð þér réttlættir af trú og verkum, fyrir náð, til þess að fyrirheitið verði tryggt öllum niðjunum; ekki fyrir þá eina, sem eru af lögmálinu, heldur og fyrir þá sem eru af trú Abrahams, sem er faðir vor allra.

ÞJS, Rómverjabréfið 7:5–27.

Samanber Rómverjabréfið
7:5–25

Einungis Kristur hefur kraft til að breyta sálum manna varanlega til góðs.

5 Þegar vér vorum í holdinu, störfuðu ástríður syndanna, sem ekki voru í samræmi við lögmálið, í limum vorum og báru dauðanum ávöxt.

6 En nú erum vér leystir undan lögmálinu, sem hélt oss bundnum, þar sem vér erum dánir lögmálinu, til að vér þjónum í nýjung anda, en ekki í fyrnsku bókstafs.

7 Hvað eigum vér þá að segja? Er lögmálið synd? Fjarri fer því. Nei, ég þekkti ekki syndina nema fyrir lögmálið. Því að ég hefði ekki vitað um girndina hefði ekki lögmálið sagt: Þú skalt ekki girnast.

8 En syndin sætti lagi og vakti í mér alls kyns girnd með boðorðinu. Því án lögmáls er syndin dauð.

9 Því að einu sinni lifði ég án lögmálsbrots, en er boðorð Krists kom lifnaði syndin, en ég dó.

10 Og þegar ég trúði ekki boðorði

Krists, sem kom og var vígt til lífs, sá ég að það dæmdi mig til dauða.

11 Því að syndin sætti lagi, afneitaði boðorðinu og blekkti mig, og deyddi mig með því.

12 Engu að síður komst ég að því að lögmálið er heilagt og boðorðið heilagt, réttlátt og gott.

13 Varð þá hið góða mér til dauða? Fjarri fer því! Heldur syndin. Til þess að hún birtist sem synd, olli hún mér dauða með því, sem gott er. Að syndin skyldi verða yfir sig syndug fyrir boðorðið.

14 Því að vér vitum að boðorðið er andlegt, en er ég var undir lögmálinu, var ég enn holdlegur, seldur undir syndina.

15 En nú er ég andlegur, því að það sem mér er boðið að gjöra, það gjöri ég, og það sem mér er boðið að leyfa ekki, leyfi ég ekki.

16 Því að það sem ég veit að ekki er rétt, gjöri ég ekki, og það sem er synd hata ég.

17 Ef ég því gjöri ekki það sem ég leyfi ekki, er ég samþykkur lögmálinu, sem er gott, og ég verð ekki dæmdur.

18 En nú syndga ég ekki lengur, heldur leitast við að yfirbuga syndina sem í mér býr.

19 Því að ég veit að í mér, það er í holdi mínu, býr ekkert gott. Að vilja er í mér, en að framkvæma það sem gott er finn ég ekki nema í Kristi.

20 Því að hið góða sem ég hefði gjört undir lögmálinu, er ekki gott, og því gjöri ég það ekki.

21 En hið illa, sem ég hefði ekki

gjört undir lögmálinu, finn ég að er gott og það gjöri ég.

22 Ef ég nú gjöri það, með aðstoð Krists, sem ég hefði ekki gjört undir lögmálinu, er ég ekki undir lögmálið settur, og ég vil ekki lengur gjöra rangt, heldur sigra syndina sem býr í mér.

23 Ég finn því að þegar ég vildi gjöra gott undir lögmálinu var hið illa með mér; því að innra með mér hef ég mætur á lögmáli Guðs.

24 En ég sé annað lögmál, já, boðorð Krists, og það er innprentað í huga minn.

25 En limir mínir berjast gegn lögmáli huga míns og fjötra mig lögmáli syndarinnar í limum mínum.

26 Og ef ég sigra ekki syndina, sem í mér er, heldur þjóna lögmáli syndarinnar með holdi mínu, ó, aumur maður er ég! Hver mun bjarga mér frá þessum dauðans líkama?

27 Ég þakka þá Guði fyrir Jesú Krist, Drottin vorn, svo að ég þjóni sjálfur lögmáli Guðs með huga mínum.

ÞJS, Rómverjabréfið 8:8.

Samanber Rómverjabréfið 8:8

Þeir, sem fylgja hætti holdsins, geta ekki þóknast Guði.

8 Þeir, sem eru að hætti holdsins, geta því ekki þóknast Guði.

ÞJS, Rómverjabréfið 8:29–30.

Samanber Rómverjabréfið 8:29–30

Jesús Kristur helgar hina réttlátu til undirbúnings fyrir sáluhjálþ þeirra.

29 Því að hann, sem hann fyrirfram þekkti, hefur hann og fyrirhugað til þess að líkjast skyldi hans eigin ímynd, svo að hann sé frumburður meðal margra bræðra.

30 Ennfremur, þann sem hann fyrirhugaði, hann hefur hann og kallað, og þann sem hann kallaði, hefur hann og helgað, og þann sem hann helgaði, hann hefur hann einnig vegsamlegan gjört.

ÞJS, Rómverjabréfið 13:6–7.

Samanber Rómverjabréfið 13:6–7

Þeir sem heiðra yfirvöld, heiðra Guð meira og á fullkonnari máta.

6 Einmitt þess vegna gjaldið þér þeim og framlag yðar, því að valds-mennirnir eru Guðs þjónar, sem annast þetta stöðugt.

7 En fyrst, gjaldið öllum það sem skylt er og venja er. Þeim skatt, sem skatt ber, þeim toll, sem toll ber, að framlög yðar verði gjörð í ótta við hann, sem ótta ber, og í virðingu við hann sem sem virðingu ber.

ÞJS, 1. Korintubríf 7:1–2, 5,

26, 29–33, 38. Samanber 1. Korintubríf 7:1–2, 5, 26, 29–38

Páll kennir, að hjónaband sé eftirsóknarvert. Þeir, sem kallaðir eru sem trúboðar, þjóna Guði hins vegar betur, ef þeir eru einhleypir á meðan á þjónustu þeirra stendur.

1 En varðandi það sem þér hafið ritað um og sögðuð, að gott væri fyrir mann að snerta ekki konu.

2 Engu að síður segi ég, að til að forðast saurlifnað skuli hver

maður hafa sína eiginkonu og hver kona hafi sinn eiginmann.

5 *Haldið yður eigi hvort frá öðru, nema þá eftir samkomulagi um stundarsakir, svo að þér getið gefið yður að föstu og bæn, og komið svo saman aftur, til þess að Satan freisti yðar ekki vegna ístöðuleysis yðar.*

26 Vegna yfirstandandi neyðar tel ég því að gott sé fyrir mann að vera þannig, svo að hann geti gjört meira gott.

29 En ég tala til yðar, sem kallaðir eru til þjónustunnar. Því það segi ég, bræður, að tíminn er skammur, þá er þér verðið sendir til þjónustunnar. Jafnvel þeir, sem konur eiga, skulu vera eins og þeir ættu engar. Því að þér eruð kallaðir og útoaldir til þess að vinna verk Drottins.

30 Og með þá sem gráta verður eins og þeir grétu ekki, og þeir sem fagna, eins og þeir fögnuðu ekki, og þeir sem kaupa, eins og þeir héldu ekki því, sem þeir kaupa —

31 Og þeir sem nota heiminn, eins og þeir færðu sér hann ekki í nyt. Því að háttur þessa heims líður undir lok.

32 En ég vil, bræður, að þér eflíð köllun yðar. Ég vil, að þér séuð áhyggjulausir. Því að hinn ókvænti ber fyrir brjósti það, sem Drottins er, hversu hann megi Drottni þóknast. Því vinnur hann sigur.

33 En hinn kvænti ber fyrir brjósti það, sem heimsins er, hversu hann megi þóknast konu sinni. Þar er því munur á, því að hindrun er á vegi hans.

38 Þannig gjöra þá báðir vel, sá sem kvænist gjörir vel og hinn, sem kvænist ekki, hann gjörir betur.

PJS, 1. Korintubrэф 15:40.

Samanber 1. Korintubrэф 15:40

Dýrðargráðurnar eru þrjár í upprisunni.

40 Einnig eru himneskir líkamir, og yfirjarðneskir, og jarðneskir. En dýrð hinna himnesku er eitt og hinna yfirjarðnesku annað og hinna jarðnesku annað.

PJS, 2. Korintubrэф 5:16.

Samanber 2. Korintubrэф 5:16

Páll ráðleggur hinum heilögu, að lifa ekki að hætti holdsins.

16 Því lifum vér ekki frammar að hætti holdsins, já, þótt vér höfum áður lifað að hætti holdsins. En nú höfum vér kynnst Kristi og lifum því ekki frammar að hætti holdsins.

PJS, Galatabréfið 3:19–20.

Samanber Galatabréfið 3:19–20

Móse er meðalgöngumaður hins fyrsta sáttmála, eða lögmálsins. Jesús Kristur er meðalgöngumaður hins nýja sáttmála.

19 Vegna afbrota var því lögmálinu bætt við, þangað til afkvæmið kæmi sem fyrirheitið fékk í lögmálinu er gefið var Móse, sem vígður var af höndum engla, til að vera meðalgöngumaður þessa fyrsta sáttmála, (lögmálsins).

20 Sá meðalgöngumaður var ekki meðalgöngumaður hins nýja sáttmála, heldur er einn

meðalgöngumaður hins nýja sáttmála, sem er Kristur, eins og ritað er í lög-málinu um fyrirheitið, sem Abraham og niðjum hans var gefið. Kristur er meðalgöngumaður lífsins, því að þetta er fyrirheitið sem Guð gaf Abraham.

PJS, Efesusbréfið 4:26.

Samanber Efesusbréfið 4:26

Óréttlát reiði er synd.

26 *Getið þér reiðst og ekki syndgað? Látið ekki sólina setjast yfir reiði yðar —*

PJS, Kólossubréfið 2:21–22.

Samanber Kólossubréfið

2:20–23

Boðorð manna gætu haft gildi við kennslu sjálfsgaga, eða slíka hluti, en þau heiðra hvorki Guð né veita mönnum sálhjálp.

21 *Sem eru eftir kenningum og boðorðum manna, sem kenna þér að snerta ekki, bragða ekki, taka ekki á, öllu því, sem þó eyðist við notkunina?*

22 Þetta hefur að sönnu orð á sér um speki, slík sjálfvalin dýrkun og auðmýking og vanræksla við líkamann til að fullnægja holdinu, ekki til heiðurs Guði.

PJS, 1. Þessaloníkubréf 4:15.

Samanber 1. Þessaloníkubréf

4:15

Þeir réttlátu sem á lífi eru við komu Drottins, standa eigi betur að vígi en þeir réttlátu, sem dánir eru.

15 Því að það segjum vér yður með orði Drottins, að þeir, sem verða á lífi við komu Drottins, munu alls ekki fyrri verða en

hinir, sem kyrrir verða fram að komu Drottins og sofandi eru.

PJS, 2. Þessaloníkubréf

2:2–3, 7–9. Samanber

2. Þessaloníkubréf 2:2–9

Satan mun stuðla að fráfalli, eða fráhrarfi, fyrir endurkomu Drottins.

2 Að þér látið eigi hugfallast eða komist í uppnám vegna bréfs eða anda eða orðs, nema það sé frá oss komið, eins og dagur Drottins væri þegar fyrir höndum.

3 Látið engan villa yður á nokkurn hátt. Því að fyrst kemur fráhrarfið og maður syndarinnar birtist, sonur glötunarinnar —

7 Því að misgjörðirnar eru þegar farnar að starfa í leynum, og hann er sá sem nú vinnur, og Kristur leyfir honum að vinna uns tíminn er fullnaður og honum verður burt rýmt.

8 Og þá mun hinn rangláti opinberast, og honum mun Drottinn eyða með anda munns síns og tortíma með bjarmanum af komu sinni.

9 Já, Drottinn, sjálfur Jesús, sem ekki mun koma fyrr en eftir að fráhrarfið kemur fyrir tilverknað Satans, sem vinnur af fullum krafti með táknum og fölskum undrum.

PJS, 1. Tímóteusarbréf 2:4.

Samanber 1. Tímóteusarbréf

2:4

Kristur er hinn eingetni sonur og meðalgöngumaður.

4 Sem vill að allir menn verði hólpnir og komist til þekkingar á sannleikanum sem er í Kristi Jesú, sem er hinn eingetni sonur Guðs

og vígður til að vera meðalgöngu-
maður milli Guðs og manna. Sem
er einn Guð og hefur vald yfir öllum
mönnum.

ÞJS, 1. Tímóteusarbréf

3:15–16. Samanber

1. Tímóteusarbréf 3:15–16

Kirkjan er grundvölluð á því meginkenni-
atriði að Jesús varð dauðleg vera, kenndi
fagnaðarerindið og snéri aftur til föður
síns. ATH. hina óljósu breytingu í eftir-
farandi versum þar sem lögð er áhersla á
að „stólpi og grundvöllur sannleikans“ sé
Jesús Kristur.

15 Til þess að þú skulir vita, ef
þér seinkar, hvernig á að haga sér
í Guðs húsi, sem er söfnuður hins
lifanda Guðs.

16 Stólpi og grundvöllur sann-
leikans er (og án ágreinings, mik-
ill er leyndardómur guðleikans)
að Guð opinberaðist í holdi, var
réttlættur í anda, birtist englum,
var boðaður meðal þjóðanna, var
trúað á í heiminum, var hafinn
upp í dýrð.

ÞJS, 1. Tímóteusarbréf

6:15–16. Samanber

1. Tímóteusarbréf 6:15–16

Þeir sem búa yfir ljósi ódauðleikans (fagn-
aðarerindisins) geta séð Jesú.

15 Sem á sínum tíma mun sýna,
hver er hinn blessaði og eini höfð-
ingi, konungur konunganna og
Drottinn drottanna. *Honum sé
heiður og ævarandi máttur* —

16 *Sem enginn maður hefur séð,
né getur séð, og enginn maður getur
nálgast, nema sá einn sem býr yfir
ljósi og von ódauðleikans.*

ÞJS, Hebreabrésið 1:6–7.

Samnber Hebreabrésið

1:6–7

Englar eru þjónustuarar.

6 Og enn fremur, er hann leiðir
hinn frumgetna inn í heimsbyggð-
ina segir hann: Og allir englar
Guðs skulu tilbiðja hann, *sem gjörir
þjóna sína að eldslogum.*

7 Og um englana segir hann:
Englar eru þjónustuarar.

ÞJS, Hebreabrésið 4:3.

Samnber Hebreabrésið 4:3

Þeir, sem herða hjörtu sín, munu ekki frels-
ast; þeir, sem iðrast, munu ganga inn til
hvíldar Drottins.

3 En vér, sem trú höfum tekið,
göngum inn til hvíldarinnar eins
og hann hefur sagt: Eins og ég sór
í heilagri reiði minni, að ef þeir
hertu hjörtu sín skyldu þeir ekki
ganga inn til hvíldar minnar. Ég
hef einnig svarið: *Ef þeir herða ekki
hjörtu sín, skulu þeir ganga inn til
hvíldar minnar. Þó voru verk Guðs
fyrirbúin (eða lokið) frá grundvöllun
heims.*

ÞJS, Hebreabrésið 6:1–10.

Samnber Hebreabrésið

6:1–10

Kenningar Krists leiða til fullkomnunar.

1 Þess vegna skulum við ekki
sleppa reglum kenningar Krists,
vér skulum halda áfram til full-
komleikans. Leggjum ekki aftur
grunninn að afturhvarfi frá
dauðum verkum og trú á Guð.

2 Varðandi kenninguna um
skírn, handayfirlagningu, og upp-
risu dauðra og eilífan dóm.

3 Og vér munum halda áfram til fullkomleikans, ef Guð lofar.

4 Því hann hefur gert það ómögulegt fyrir þá er eitt sinn voru upplýstir og hafa smakkað hina himnesku gjöf, fengið hlutdeild í heilögum anda,

5 Og reynt Guðs góða orð og krafta komandi heims,

6 En ef þeir síðan falla frá því að endurnýjast til afturhvarfs, þá krossfesta þeir Guðs son að nýju, sér í óhag og smána hann opinskátt.

7 Því að sá dagur kemur að jörð sú, er drukkið hefur í sig regnið, sem á hana fellur hvað eftir annað, og ber gróður til gagns fyrir þá sem dvelja á henni, sem yrkja hana, sem nú fær blessun frá Guði, mun verða hreinsuð af eldi.

8 Því að beri hún þyrna og þistla, er hún ónýt. Yfir henni vofir bölvun því að þeim, sem ekki bera góðan ávöxt mun verða kastað í eldinn, því að þeirra bíður að lokum að verða brenndir.

9 En hvað yður snertir, þér elskaðir, þá erum vér sannfærðir um að yður er betur farið og þér nær hjálpræðinu, þó að vér mælum svo.

10 Guð er ekki ranglátur. Því mun hann ekki gleyma verki yðar og kærleikanum, sem þér auðsýnduð nafni hans, er þér veittuð hinum heilögu þjónustu og veitið enn.

PJS, Hebreabréfið 7:3.

Samanber Hebreabréfið 7:3

Melkisedek var prestur eftir reglu sonar Guðs. Allir þeir, sem fá þetta prestdæmi, geta orðið líkir syni Guðs.

3 Því að þessi Melkisedek var vígður prestur eftir reglu Guðssonarins, en sú regla var föðurlaus, móðurlaus, ekki ættfærð, og hefur hvorki upphaf daga né endi lífs. Og hverjir þeir sem vígðir er þessu prestdæmi, verða líkir syni Guðs, verða áfram prestar um aldur.

PJS, Hebreabréfið 7:19–21.

Samanber Hebreabréfið 7:19–21

Lögmálið undirbjó fólkið fyrir Jesú, sem er ábyrgðarmaður betri sáttmála.

19 Lögmálið var framkvæmt án eiðs og gjörði ekkert fullkomið, en leiddi aðeins inn betri von. Fyrir hana nálgumst vér Guð.

20 Á sama hátt og þessi æðsti prestur var ekki án eiðs, svo var og Jesús gjörður ábyrgðarmaður betri sáttmála.

21 (Því þessir urðu prestar án eiðs, en þessi hafði eiðinn og sagði við hann: Drottinn sór og ekki mun hann iðra þess, þú ert prestur að eilífu að hætti Melkisedeks;)

PJS, Hebreabréfið 7:25–26.

Samanber Hebreabréfið 7:26–27

Jesús býður sig fram sem syndlausa fórn fyrir syndir okkar.

25 Því að slíks æðsta prests höfðum vér þörf, sem er heilagur, svikalaus, óflekkaður, greindur frá syndurum og gjörður himnunum hærrí —

26 Ekki eins og þeir æðstu prestar, sem báru daglega fram fórnir, fyrst fyrir eigin syndir, síðan fyrir syndir lýðsins. Því að

hann þarf ekki að bera fram fórnir fyrir eigin syndir, því að hann þekkti engar syndir, nema syndir lýðsins. Og það gjörði hann í eitt skipti fyrir öll, er hann fórnfærði sjálfum sér.

ÞJS, Hebreabréfið 11:1.

Samanber Hebreabréfið 11:1

Trúin er fullvissa um það, sem vonast er eftir.

1 Trúin er *fullvissa* um það, sem vonast er eftir, sannfæring um það, sem eigi er auðið að sjá.

ÞJS, Hebreabréfið 11:35.

Samanber Hebreabréfið 11:35

Hinir trúu, sem pyndaðir eru sakir Krists, öðlast fyrstu upprisuna.

35 Konur heimtu aftur sína framliðnu upp risna til lífsins á ný, en aðrir voru pyndaðir og þágu ekki lausn, til þess að þeir öðluðust *fyrstu* upprisuna —

ÞJS, Jakobsbréfið 1:2.

Samanber Jakobsbréfið 1:2

Þrengingar, ekki freistingar, stuðla að helgun vorri.

2 Álítið það, bræður mínir, eintómt gleðiefni, er þér ratið í *ymiss konar þrengingar* —

ÞJS, Jakobsbréfið 2:1.

Samanber Jakobsbréfið 2:1

Meðlimir ættu ekki að telja eina manneskju annarri æðri.

1 Bræður mínir, *þér getið ekki* haft trú á Drottin vorn Jesú Krist, dýrðardrottin, og *samt farið í* manngreinarálit.

ÞJS, Jakobsbréfið 2:14–21.

Samanber Jakobsbréfið 2:14–22

Trú án verka er dauð og getur ekki frelsað.

14 Hvað stoðar það, bræður mínir, fyrir einhvern að segjast hafa trú, en hefur eigi verk? Getur trúin frelsað hann?

15 En nú segir einhver: *Ég mun sýna þér að ég hef trú án verka*, en ég segi: Sýn mér þá trú þína án verkanna, og ég skal sýna þér trúna af verkum mínum.

16 *Því* ef bróðir eða systir eru nakin og vantar daglegt viðurværi og einhver yðar segði við þau: Farið í friði, vermið yður og mettið! en þér gefið þeim ekki það, sem líkaminn þarfnast, hvað stoðar *trú yðar þeim?*

17 Eins er líka trúin dauð í sjálfri sér, vanti hana verkin

18 Þú fávísi maður! Vilt þú láta þér skiljast, að trúin er ónýtt án verkanna og *getur ekki frelsað þig?*

19 Þú trúir, að Guð sé einn. Þú gjörir vel. En illu andarnir trúa því líka og skelfast. *Þú hefur gjört þig líkan þeim, án réttlættingar.*

20 Réttlættist ekki Abraham faðir vor af verkum, er hann lagði son sinn Ísak á altarið?

21 Sérð þú, að trúin var samtaka *verkum* hans og að *trúin* fullkomnaðist með verkunum?

ÞJS, 1. Pétursbréf 3:20.

Samanber 1. Pétursbréf 3:20

Sumir andanna í varðhaldi voru óréttlátir á dögum Nóa.

20 Sumir þeirra höfðu óhlýðnast á dögum Nóa, þegar Guð sýndi

langlyndi og beið á meðan örkin var í smíðum, þar sem fáeinar, það er átta sálir, frelsuðust í vatni.

ÞJS, 1. Pétursbréf 4:6.

Samanber 1. Pétursbréf 4:6

Fagnaðareriðið er boðað þeim, sem dánir eru.

6 *Til þess var dauðum boðað fagnaðareriðið, að dæma mætti þá í samræmi við menn í holdinu, en þeir mættu lifa í anda í samræmi við vilja Guðs.*

ÞJS, 1. Pétursbréf 4:8.

Samanber 1. Pétursbréf 4:8

Kærleikurinn kemur í veg fyrir að við syndgum.

8 Umfram allt berið brennandi kærleika hver til annars, því að kærleikur kemur í veg fyrir fjölda synda.

ÞJS, 2. Pétursbréf 3:3–13.

Samanber 2. Pétursbréf

3:3–13

Á síðustu dögum munu margir afneita Drottni Jesú Kristi. Þegar hann kemur munu miklar hamfarir eiga sér stað. Ef við stöndum stöðug í réttlæti munum við erfa nýja jörð.

3 Þetta skuluð þér þá fyrst vita, að á hinum síðustu dögum munu koma spottarar, er stjórnast af eigin girndum.

4 Afneita Drottni Jesú Kristi og segja: Hvað verður úr fyrirheitinu um komu hans? Því að frá því feðurnir sofnuðu verður allt að standa eins og það hefur ávallt staðið, eins og frá upphafi sköpunarinnar.

5 Viljandi gleyma þeir því, að til forna voru himnar og jörðin, í

vatni og upp úr vatni sköpuð fyrir orð Guðs.

6 Og fyrir orð Guðs gekk vatnsflóðið yfir þann heim, sem þá var, svo að hann fórst —

7 En himnarnir, og jörðin eins og hún nú er, geymast fyrir hið sama orð og varðveitast eldinum til þess dags, er óguðlegir menn munu dæmdir verða og tortímast.

8 En varðandi komu Drottins, þér elskuðu, þetta eitt má ykkur ekki vera ókunnugt um, að einn dagur er hjá Drottni sem þúsund ár og þúsund ár sem einn dagur.

9 Ekki er Drottinn seinn á sér með fyrirheitið og komuna, þótt sumir álíti það seinnlæti, heldur er hann langlyndur gagnvart okkur, þar eð hann vill ekki að neinir glatist, heldur að allir komist til iðrunar

10 En dagur Drottins mun koma sem þjófur að nóttu, og þá munu himnarnir leika á reidiskjálfi og jörðin mun einnig nötra og fjöllin bráðna og með miklum gný líða undir lok. Frumefnin verða fyllt af brennandi hita og jörðin mun einnig fyllast og þau spillandi verk, sem á henni eru, upp brenna.

11 Ef allt þetta tortímist þannig, hversu ber yður þá ekki að ganga fram í heilagri breytni og guðrækni,

12 Væntið þér og undirbúið fyrir komudag Drottins, en vegna hans munu spillanlegir hlutar himnanna loga og leysast í sundur og fjöllin bráðna af brennandi hita.

13 En ef vér munum halda út allt til enda, verðum vér vernduð eftir

fyrirheiti hans. *Og vér væntum nýrra himna og nýrrar jarðar, þar sem réttlæti ríkir.*

PJS, 1. Jóhannesarbréf 2:1.

Samanber 1. Jóhannesarbréf
2:1

Kristur er málsvari okkar hjá föðurnum, ef við iðrumst.

1 Börnin mín! Þetta skrifa ég yður til þess að þér skuluð ekki syndga. *En ef einhver syndgar og iðrast, þá höfum vér málsvara hjá föðurnum, Jesú Krist, hinn réttláta —*

PJS, 1. Jóhannesarbréf 3:9.

Samanber 1. Jóhannesarbréf
3:9

Hver, sem af Guði er fæddur, heldur ekki áfram í synd.

9 Hver sem af Guði er fæddur heldur ekki áfram í synd, því að *andi Guðs varir í honum og hann getur ekki haldið áfram í synd, því að hann er fæddur af Guði og hefur tekið á móti heilögum anda fyrirheitsins.*

PJS, 1. Jóhannesarbréf 4:12.

Samanber 1. Jóhannesarbréf
4:12

Aðeins þeir, sem trúá á Guð, geta séð hann.

12 Enginn maður hefur nokkurn tíma séð Guð, *nema þeir sem trúá. Ef vér elskum hver annan, þá býr Guð í oss og kærleikur hans er fullkomnaður í oss.*

PJS, Opinberunarbókin

1:1–8. Samanber

Opinberunarbókin 1:1–8

Postulinn Jóhannes tekur á móti opinberunum Opinberunarbókar. Jesús Kristur og engill vitja hans.

1 Opinberun *Jóhannesar, þjóns Guðs, sem Jesús Kristur gaf honum til að sýna þjónum sínum það sem verða á innan skamms. Hann sendi engil sinn og lét hann kynna það Jóhannesi, þjóni sínum —*

2 Sem *ber vitni um orð Guðs og vitnisburð Jesú Krists, og um allt það er hann sá.*

3 Blessaður *er sá, er les þessi spádómsorð, og þeir, sem heyra þau og skilja, og varðveita það, sem í þeim er ritað, því að komutími Drottins er í nánd.*

4 *Þetta er vitnisburður Jóhannesar til þjónanna sjö, sem yfir söfnuðunum sjö í Asíu eru. Náð sé með yður og friður frá honum, sem er og var og koma mun, sem sent hefur engil sinn frá háseti sínu, til að vitna fyrir þeim, sem eru þjónarnir sjö yfir söfnuðunum sjö.*

5 *Því vitna ég, Jóhannes, sem er votturinn trúi, um þá hluti sem engillinn færði mér frá Jesú Kristi, frumburði dauðra, höfðingja yfir konungum jarðarinnar.*

6 *Og dýrð sé honum sem elskar oss og leysti oss frá syndum vorum með blóði sínu og gjörði oss að konungum og prestum, Guði sínum og föður til handa. Hans er dýrðin og mátturinn um aldir alda. Amen.*

7 Sjá, hann kemur í skýjunum með tíu þúsundum sinna heilögu úr

ríkinu, umvafinn dýrð föður síns. Og hvert auga mun sjá hann, þeir sem stungu hann, og allar kynkvíslir jarðarinnar munu kveina yfir honum. Vissulega, amen.

8 Því að *hann segir*: ég er Alfa og Ómega, upphafið og endirinn, Drottinn *sem* er og *sem* var og *sem* mun koma, hinn alvaldi.

ÞJS, Opinberunin 2:22.

Samanber Opinberunin 2:22

Hinum ranglátu er varpað til heljar.

22 Sjá, ég mun varpa henni til *heljar*, og þeim sem hór drýgja ásamt henni í mikla þrenging, ef þeir iðrast ekki verka sinna.

ÞJS, Opinberunarbókin

2:26–27. Samanber

Opinberunarbókin 2:26–27

Þeir sem sigrast á heiminum, með hlýðni við boðorð Krists munu stýra ríkjum í komanda heimi, með trú, jafnræði og réttlæti.

26 Þeim er sigrar og varðveitir boðorð mín allt til enda, honum mun ég gefa vald yfir mörgum ríkjum.

27 Og hann mun stjórna þeim með orði Guðs, og þeir munu vera í höndum hans eins og leirker í höndum leirkerasmíðs og hann mun stjórna þeim með trú, afsanngirni og réttlæti, já eins og hef ég fengið frá föður mínum.

ÞJS, Opinberunin 5:6.

Samanber Opinberunin 5:6

Tólf þjónar Guðs eru sendir til allrar jarðarinnar.

6 Og ég sá, og tak eftir, fyrir miðju hásetinu og verunum

fjórum, og mitt á meðal öldunganna, lamb standa, sem slátrað væri. Það hafði tólf horn og tólf augu og eru það tólf þjónar Guðs, sendir út um alla jörðina.

ÞJS, Opinberunarbókin

12:1–17. Samanber

Opinberunarbókin 12:1–17

Jóhannes útskýrir tákni konunnar, barnsins, járnstangarinnar, drekans og Miklaels. Stríðið, sem hófst á himnum, heldur áfram hér á jörðu. Takið eftir breytttri röð á versunum í ÞJS.

1 Og tákni mikið birtist á himni, í líkingu hins jarðneska: Kona klædd sólinni og tunglið undir fótum hennar, og á höfði hennar var kóróna af tólf stjörnum.

2 Og konan var þunguð og hljóðaði í jóðsött með hörðum hríðum.

3 Og hún ól sveinbarn, sem stjórna átti öllum þjóðum með járnspota. Og barn hennar var hrifið til Guðs og hásetis hans.

4 Og annað tákni birtist á himni: Og sjá, mikill dreki rauður, með sjö höfuð og tíu horn og sjö kórónur á höfðum sér. Með halanum dró hann þriðja hlutann af stjörnum himinsins og varpaði þeim ofan á jörðina. Og drekin stóð frammi fyrir konunni, sem komin var að því að fæða, reiðubúinn að gleypa barn hennar, þá er það var fætt.

5 En konan flýði út á eyðimörkina, þar sem Guð hafði búið henni stað og þar sem séð verður fyrir þörfum hennar í eitt þúsund og tvö hundruð og sextíu ár.

6 Og stríð var á himni: Míklael og englar hans börðust við

drekann, og drekin og englar hans *börðust við Míkael* —

7 En *drekanum* tókst ekki að *sigra Míkael, eða barnið, eða konuna, sem var kirkja Guðs, sem laus var við þjáningar sínar, og leiddi fram ríki Guðs vors og Krists hans.*

8 Ei var þar heldur rúm á himni fyrir drekann mikla, sem varpað var burt, hinn aldna höggorm, sem kallast djöfullinn, og *einnig kallaður Satan*, og blekkir allan heiminn. Honum var varpað til jarðar og englum hans var varpað út með honum.

9 Og ég heyrði mikla rödd á himni segja: Nú er komið hjálpræðið og mátturinn og ríki Guðs vors, og veldi Krists hans.

10 Því að niður var varpað kæranda bræðra vorra, honum sem þá kærir fyrir Guði vorum dag og nótt.

11 Því að þeir *hafa sigrað* hann með blóði lambsins og með orði vitnisburðar síns, því að eigi var þeim lífið svo kært, *heldur héldu vitnisburðinum* allt til dauða. Fagnid því, ó himnar, og þér sem í þeim búið!

12 Og *eftir þetta heyrði ég aðra rödd segja*: Vei sé íbúum jarðar, já, og þeim sem *dvelja á eyjum sjávar!* Djöfullinn er stigin niður til yðar, reiður mjög, því að hann veit, að hann hefur aðeins nauman tíma.

13 Og er drekin sá að honum var varpað niður á jörðina, of-sótti hann konuna, sem alið hafði sveinbarnið.

14 Því voru konunni gefnir tveir vængir af erninum mikla, til þess að hún skyldi *fljúga* á eyðimörkina til síns staðar, þar sem hún verður nærð um stund, og stundir, og hálfu stund, fjarri aug-sýn höggormsins.

15 Og höggormurinn spjó vatni úr munni sér á eftir konunni, eins og flóð væri, til þess að hún bærist burt með straumnum.

16 En jörðin kom konunni *til hjálpar*, og jörðin *lauk upp* munni sínum og *svalg* vatnsflóðið, sem drekin spjó úr munni sér.

17 Því reiddist drekin konunni og fór burt til þess að heyja stríð við aðra niðja hennar, þá er varðveita boð Guðs og hafa vitnisburð Jesú Krists.

ÞJS, Opinberunarbókin

19:15, 21. Samanber

Opinberunarbókin 19:15, 21

Guð notar orð Krists til þess að ljósta þjóðirnar.

15 Og af munni hans *gengur orð Guðs*, og með því *mun* hann ljósta þjóðirnar, og hann mun stjórna þeim með *orðinu af munni sínum*. Og hann treður vínþröngina í heitri og heilagri reiði almáttugs Guðs.

21 Og hinir voru drepnir með orði þess, sem á hestinum sat, því orði sem út gekk af munni hans, og allir fuglarnir söddust af holdi þeirra.


BIBLÍUKORT

Kortin hér á eftir geta auðveldað ykkur að skilja betur ritningarnar. Með landfræðilegri þekkingu á svæðum þeim sem um er fjallað í ritningunum fæst betri skilningur á atburðum ritninganna.

Yfirlit og lykill

Útlínurnar á kortinu hér fyrir neðan sýna hvaða svæði hvert hinna númeruðu korta, sem hér fara á eftir, nær yfir. Þessi kort ná ýmist yfir stór svæði eða beina athyglinni að landfræðilega litlum svæðum

- | | |
|--|---|
| 1. Landfræðilegt kort af Landinu helga | 8. Veldi Rómverja |
| 2. Brottför Ísraels frá Egyptalandi og sóknin inn í Kanaanland | 9. Heimur Gamla testamentisins |
| 3. Skiptingin milli ættkvíslanna tólf | 10. Kanaanland á tímum Gamla testamentis |
| 4. Veldi Davíðs og Salómóns | 11. Landið helga á tímum Nýja testamentis |
| 5. Veldi Assýríumanna | 12. Jerúsalem á tíma Jesú |
| 6. Hið nýja veldi Babýlon og konungsríki Egyptalands | 13. Trúboðsferðir Páls postula |
| 7. Veldi Persa | 14. Hæðarlínur Landsins helga |



Hér fer á eftir lykill til að skilja mismunandi merki og leturgerðir sem notuð eru á kortunum. Því til viðbótar kunna á einstökum kortum að vera lykjar með útskýringum á viðbótarmerkjum viðvíkjandi því sérstaka korti.


- Rauður depill táknar borg eða bæ.
 - ▲ Líttill svartur þríhyrnur táknar fjall.
- Dauðahafið* Þessi leturgerð er notuð til þess að tákna landfræðileg atriði, svo sem vötn, ár, fjöll, eyðimerkur og eyjar.
- Jerúsalem** Þessi leturgerð er notuð fyrir borgir og bæi (og fyrir nákvæmari staðsetningar á borgarkorti Jerúsalem).

- MÓAB** Þessi leturgerð er notuð fyrir smærri stjórnarfarslegar einingar, svo sem héruð, þjóðir og ættkvíslir.
- JÚDEA** Þessi leturgerð er notuð fyrir stærri stjórnarfarslegar einingar, svo sem heimsveldi og þjóðir.

1. Landfræðilegt kort af Landinu helga



2. Brottför Ísraels frá Egyptalandi og sóknin inn í Kanaanland



1. **Ramses** Ísrael var hrakið út úr Egyptalandi (2 Mós 12; 4 Mós 33:5).
2. **Sökkót** Eftir að Hebrear yfirgáfu fyrsta tjaldstaðinn, fór Drottinn fyrir þeim í skýi að degi til en í eldstólpa að nóttu til (2 Mós 13:20–22).
3. **Pí-Hakirót** Ísrael fór í gegnum Rauðahafið (2 Mós 14; 4 Mós 33:8).
4. **Mara** Drottinn gerði vötnin í Mara drykkjarhæf (2 Mós 15:23–26).
5. **Elím** Ísrael áði við 12 vatnslindir (2 Mós 15:27).
6. **Sín, óbyggðir** Drottinn sendi manna og lynghæns til fæðslu fyrir Ísrael (2 Mós 16).
7. **Refidím** Ísrael barðist við Amalek (2 Mós 17:8–16).
8. **Sínaífall (Hórebfall eða Jebel Musa)** Drottinn afhjúpaði boðorðin tíu (2 Mós 19–20).
9. **Óbyggðir Sínaí** Ísrael gjörði tjaldbúðina (2 Mós 25–30).
10. **Óbyggðabúðir** Sjötíu öldungar voru kallaðir til þess að hjálpa Móse að stjórna þjóðinni (4 Mós 11:16–17).
11. **Esjón Geber** Ísrael fór í friði um land Esau og Ammon (5 Mós 2).
12. **Kades Barnea** Móse sendi njósnara inn í fyrirheita landið; Ísrael gerði uppreisn og gagnaði á að fara inn í landið; Kades varð mengintjaldstaður Ísraels um langt skeið (4 Mós 13:1–3, 17–33; 14; 32:8; 5 Mós 2:14).
13. **Austuróbyggðirnar** Ísrael komst hjá átökum við Edóm og Móab (4 Mós 20:14–21; 22–24).
14. **Aronáin** Ísrael tortímdi Amóritum sem börðust gegn þeim (5 Mós 2:24–37).
15. **Nebófall** Móse leit yfir fyrirheita landið (5 Mós 34:1–4). Móse flutti þrjár síðustu prédikanir sínar (5 Mós 1–32).
16. **Móabsvellir** Drottinn sagði Ísrael að skipta upp landinu og gera íbúana eignalaus (4 Mós 33:50–56).
17. **Jórdanáin** Ísrael fór yfir Jórdan þurrum fótum. Nálægt Gilgal voru steinar af botni Jórdanárinnar settir upp sem minnismerki um að vatnið í Jórdan stöðvaðist (Jós 3:1–5:1).
18. **Jeríkó** Ísraelsbörn náðu borginni á sitt vald og lögðu hana í rúst (Jós 6).


3. Skiptingin milli ættkvíslanna tólf




5. Veldi Assýríumanna



6. Hið nýja veldi Bábýlon og konungsríkið Egyptalands




7. Veldi Persa



8. Veldi Rómverja



9. Heimur Gamla testamentisins



1. **Araratfjall** Staðurinn sem arfsögnin segir lendingarstað arkar Nóa (1 Mós 8:4). Nákvæm staðsetning er ekki þekkt.
2. **Úr** Fyrsti bústaður Abrahams, nærri mynni Efratfljóts, þar sem við lá að honum yrði fórnað í mannfórn, hann sá engil Jehóva, og fékk Úrím og Túmmím (1 Mós 11:28–12:1; Abr 1: 3:1). Úr í norðurhluta Mesopotámíu.
3. **Babýlon, Babel (Sinear)** Fyrst numið af Kús, sýni Hams, og af Nimrod. Frá svæðinu komu Jaredítar á tíma Babelturnis á sléttum Sinear. Stórar höfuðborg Babýloníu og bústaður Babýloníukonunga, meðal annarra Nebúkadnesars borgar eftir eyðingu Jerúsalem (587 f.Kr.) Gyðingar dvöldu í ánaði í Babýlon 170 ár fram að sem flutti fjölda Gyðinga sem fanga til þessarar stjórnartíma Kýrusar, sem leyfði Gyðingum að hverfa aftur til Jerúsalem og endurreisa must-eríð. Spámaðurinn Daniel sat einnig hér undir Nebúkadnesar, Belsasar og Dariusi I (1 Mós 10:10; 11:1–9; 2 Kon 24–25; Jer 27:1–29:10; Esek 1:1; Dan 1–12; Omní 1:22; Eter 1:33–43).
4. **Súsán (Súsá)** Höfuðborg Persaveldis í stjórnartíð Dariusar I (Dariusus mikla), Xerxes (Ahasverus), og Artaxerxes. Bústaður Esterar drottningar, en hugrekkir hennar og trúþjangaði Gyðingum. Daniel og stórar Nehemía þjónuðu hér (Nehem 1:1; 2:1; Ester 1:1; Dan 8:2).
5. **Dúradalur** Sadrak, Mesak og Abed-nego var varpað í glóandi eldofn þegar þeir neittu að tilbiðja gullstyttu gjörða af Nebúkadnesar; sonur Guðs varðveitti þá, og þeir komu út úr ofninum ósárir (Dan 3).
6. **Assýría** Assúr var fyrsta höfuðborg Assýríu, á eftir kom Ninive. Assýrískir stjórnmendur, Salm-aneser V og Sargon II lögðu undir sig Norð-urriki Ísraels og fluttu brott ættkvíslirnar tíu í herleiðingu árið 721 f.Kr. (2 Kon 14–15; 17–19). Assýría var ógnvaldur Júdeu fram til 612 f.Kr., þegar Assýría beði ósigur fyrir Babýloníu.
7. **Nínivé** Höfuðborg Assýríu. Assýría rébst á land Júdeu í stjórmartrið Hiskía og í þjónustutið Jesaja spámanns. Jerúsalem, höfuðborg Júda, var á undursamlegan hátt þjargað þegar engill Drottins laust 185.000 assýríska hermenn (2 Kon 19:32–37). Drottinn sagði spámanninum Jónasi að kalla þessa borg til iðrunar (Jónas 1:2; 3:1–4).
8. **Haran** Abraham bjó hér um tíma áður en hann hélt til Kanaanlands. Faðir Abrahams og bróðir urðu hér eftir. Rebekka (kona Ísaks), og Rakel, Lea, Bíla og Sílpa (konur Jakobs), komu frá þessu svæði (1 Mós 11:31–32; 24:10; 29:4–6; Abr 2:4–5).
9. **Karkemis** Faraó Neko beði hér ósigur fyrir Nebúkadnesar, lauk þar áhrifum Egypta í Kanaanlandi (2 Kro 35:20–36:6).
10. **Sídon** Þessi borg var stofnsett af Sídon, afa-bami Hams, og er nyrsta borg Kanverja (1 Mós 10:15–20). Frá henni kom Jesebel, sem kom af stað Baaldýrkun í Ísrael (1 Kon 16:30–33).
11. **Týrus** Þetta var mikilvæg verslunar- og hafnarborg í Sýrlandi. Híram í Týrus sendi sedrusvíð og gull og verkamenn til hjálpar Salómon við byggingu musteris hans (1 Kon 5:1–10; 18; 9:11).
12. **Damaskus** Abraham bjargaði Lot á þessum slóðum. Hún var helsta borg Sýrlands. Í stjórnmálum Davíðs konungs lögðu Ísraeilnar undir artíð Davíðs konungs lögðu Ísraeilnar undir
- síð borgina. Elía smurði Hasael til konungs yfir Damaskus (1 Mós 14:14–15; 2 Sam 8:5–6; 1 Kon 19:15).
13. **Kanaan** Abraham, Ísak, Jakob og afkomendum þeirra var gefið þetta land til ævarandi eignar (1 Mós 17:8; 28).
14. **Sínáifjall (Hóreb)** Drottinn talaði til Móse úr brennandi runna (2 Mós 3:1–2). Móse var gefið lögmalíð og boðorðin tíu (2 Mós 19–20). Drottinn talaði til Elía kyrrlátri, hljóðri röddu (1 Kon 19:8–12).
15. **Esjón Geber** Salómon konungur lét smíða skip í Esjón Geber (1 Kon 9:26). Líklega var það hér í þessari höfn sem drottningin af Saba, eftir að hafa heyrð um fragð Salómóns, steig á land til að hitta hann (1 Kon 10:1–13).
16. **Egyptaland** Abraham ferðaðist hingað vegna hinna miklu hungursneyðar í Úr (Abr 2:1, 21). Drottinn sagði Abraham að kenna Eg-yptum það sem hann hafði opinberað honum (Abr 3:15). Eftir að bræður Jósefs seldu hann í þrældóm (1 Mós 37:28), varð Jósef stjórnandi í húsi Pótífars. Honum var varpað í fangelsi. Hann réð draum faraós og var veitt valdastaða í Egyptalandi. Jósef og bræður hans hittu að ný; Jakob og fjölskylda hans fluttist hingað (1 Mós 39–46). Ísraelsbörn dvöldu í Gosenlandi á ferðalagi þeirra í Egyptalandi (1 Mós 47:6).
- Ísraeilnar** margfölduðust og urðu aðmiklir; þeir voru þá settir í ánaði af Egyptnum (2 Mós 1:7–14). Eftir margar plágur leyfði faraó Ísrael að yfingefá Egyptaland (2 Mós 12:31–41). Jeremía var fluttur til Egyptalands (Jer 43:4–7).
17. **Kaftór (Krit)** Hið forna land Mínóa.

10. Kanaanland á tímum Gamla testamentis




1. **Dan (Láis)** Jeróbóam setti upp gullkálff fyrir norðurríkið sem tilbiðja átti (1 Kon 12:26–33). Dan var norðurmörk hins forna Ísraels.
2. **Karmelfjall** Elía skoraði á spámenn Baals og kallaði fram regn af himni (1 Kon 18:17–46).
3. **Megiddó** Staður margra orrusta (Dóm 4:13–16; 5:19; 2 Kon 23:29; 2 Kro 35:20–23). Salómon bauð út kvaðarmönnum að reisa Megiddó (1 Kon 9:15). Jósía konungur í Júda særðist til ólífis í bardaga gegn faraó Nekó frá Egyptalandi (2 Kon 23:29–30). Við síðari komu Drottins, munu mikil lokaátök eiga sér stað í Jesreeldalnum sem hluti af Armageddonorrustunni (Jóel 3:14; Op 16:16; 19:11–21). Nafnið *Arma-geddon* er grísk þýðingareftirlíking af hebresku orðunum *Har Megiddon*, eða fjallið Megiddó.
4. **Jesreel** Nafn borgarinnar í samnefndum stærsta og frjósamasta dal Ísraels. Konungar Norðurríkisins byggðu hér höll (2 Sam 2:8–9; 1 Kon 21:1–2). Hin rangláta drottning, Jesebel, lifði hér og dó (1 Kon 21; 2 Kon 9:30).
5. **Bet Sean** Ísrael mætti Kanaanítum hér (Jós 17:12–16). Líkami Sáls var festur á borgarmúr þessa virkis (1 Sam 31:10–13).
6. **Dótan** Jósef var seldur í þrældóm af bræðrum sínum (1 Mós 37:17, 28; 45:4). Elísá sá í sýn fjöllin iðandi af hestum og stríðsvögnum (2 Kon 6:12–17).
7. **Samaría** Höfuðborg Norðurríkisins (1 Kon 16:24–29). Akab konungur byggði Baal musteri (1 Kon 16:32–33). Elía og Elísá þjónuðu (1 Kon 18:2; 2 Kon 6:19–20). Árið 721 f.Kr. lögðu Assýríumenn hana undir sig og luku þar með herleiðingu ættkvíslanna tíu (2 Kon 18:9–10).
8. **Síkem** Abraham reisti altari (1 Mós 12:6–7). Jakob bjó hér nærri. Símeon og Leví drápu alla karlmenn þessarar borgar (1 Mós 34:25). Hvatning Jósúa „veljið . . . þennan dag“ að þjóna Guði var mælt fram í Síkem (Jós 24:15). Hér kom Jeróbóam sér upp fyrstu höfuðborg Norðurríkisins (1 Kon 12).
9. **Ebalfjall og Garísímfjall** Jósúa skipti Ísrael á þessum tveimur hæðum — lýst var yfir blessunum lögmálsins frá Garísímfjalli, en bölvunum frá Ebalfjalli (Jós 8:33). Samverjar reistu síðar musteri á Garísímfjalli (2 Kon 17:32–33).
10. **Penúel** Hér glímdi Jakob heila nótt við sendiboða Drottins (1 Mós 32:24–32). Gídeon eyðilagði virki Midíaníta (Dóm 8:5, 8–9).
11. **Joppe** Jónas sigldi héðan í átt til Tarsis til að forðast sendiför sína til Nínive (Jónas 1:1–3).
12. **Síló** Á tímum dómaraanna höfuðborg Ísraels og tjaldbúðin var staðsett hér (1 Sam 4:3–4).
13. **Betel (Lúz)** Hér skildist Abraham við Lot (1 Mós 13:1–11) og meðtók sýn (1 Mós 13; Abr 2:19–20). Jakob sá í sýn stiga sem lá til himins (1 Mós 28:10–22). Tjaldbúðin var staðsett hér um tíma (Dóm 20:26–28). Jeróbóam setti upp gullkálff fyrir Norðurríkið að tilbiðja (1 Kon 12:26–33).
14. **Gíbeon** Hevítar beittu slægð til að ná samningi við Jósúa (Jós 9). Sólin stóð kyrr á meðan Jósúa vann sigur í orrustu (Jós 10:2–13). Einnig hér var tjaldbúðin um nokkurt skeið (1 Kro 16:39).
15. **Gasa, Asdód, Askalon, Ekron, Gat (hinar fimm borgir Filistea)** Frá þessum borgum herjuðu Filistar oft á Ísrael.
16. **Betlehem** Raketlar jarðsett hér nærri (1 Mós 35:19). Rut og Bóas bjuggu hér (Rut 1:1–2; 2:1, 4). Hún var kölluð borg Davíðs (Lúk 2:4).
17. **Hebron** Abraham (1 Mós 13:18), Ísak, Jakob (1 Mós 35:27), Davíð (2 Sam 2:1–4) og Absalom (2 Sam 15:10) bjuggu hér. Þetta var fyrsta höfuðborg Júda undir Davíð konungi (2 Sam 2:11). Talið er að Abraham, Sara, Ísak, Rebekka, Jakob og Lea hafi verið jarðsett hér í Makpelahelli (1 Mós 23:17–20; 49:31, 33).
18. **Engedí** Hér leyndist Davíð frá Sáli og þyrmdi lífi Sáls (1 Sam 23:29–24:22).
19. **Gerar** Abraham og Ísak bjuggu hér um skeið (1 Mós 20–22; 26).
20. **Beerseba** Abraham gróf brunn hér og gerði sáttmála við Abimelek (1 Mós 21:31). Ísak sá Drottin (1 Mós 26:17, 23–24), og Jakob bjó hér (1 Mós 35:10; 46:1).
21. **Sódóma og Gómorra** Lot kaus að búa í Sódómu (1 Mós 13:11–12; 14:12). Guð eyddi Sódómu og Gómorru vegna ranglætis þeirra (1 Mós 19:24–26). Síðar notaði Jesús þessar borgir sem dæmi um ranglæti (Matt 10:15).

11. Landið helga á tímum Nýja testamentis




1. **Týrus og Sídon** Jesús bar Kórasín og Betsáida saman við Týrus og Sídon (Matt 11:20–22). Hann læknað dóttur konu af Þjóðunum (Matt 15:21–28).
2. **Ummyndunarfjallið** Jesús ummyndaðist hér frammi fyrir Pétri, Jakob og Jóhannesi, og þeir meðtöku lykla ríkisins (Matt 17:1–13). (Sumir telja að Ummyndunarfjallið sé Hermonfjall; aðrir álíta að það sé Taborfjall.)
3. **Sesarea Filippí** Pétur vitnaði að Jesús væri Kristur og fékk loforð um lykla ríkisins (Matt 16:13–20). Jesús sagði fyrir um eigin dauða og upprisu (Matt 16:21–28).
4. **Galílea, hérað** Jesús varði mestu af lífi sínu og þjónustu í Galíleu (Matt 4:23–25). Hér flutti hann fjallræðuna (Matt 5–7); læknaði líkþráan (Matt 8:1–4); og valdi, vígði og sendi út postulana tólf, og svo virðist að allir hafi þeir að undanskildum Júdasí Íscharíot verið Galíleumenn (Mark 3:13–19). Í Galíleu birtist Kristur upprisinn postulum (Matt 28:16–20).
5. **Galíleuvatn, síðar nefnt Tíberíusarvatn** Jesús kenndi frá báti Péturs (Lúk 5:1–3) og kallaði Pétur, Andrés, Jakob og Jóhannes til að verða mannaveiðara (Matt 4:18–22; Lúk 5:1–11). Hér hastaði hann einnig á storminn (Lúk 8:22–25), kenndi dæmisögur frá báti (Matt 13), gekk á vatninu (Matt 14:22–32), og birtist lærisveinum sínum eftir upprisu sína (Jóh 21).
6. **Betsáida** Pétur, Andrés og Filippus voru fæddir í Betsáida (Jóh 1:44). Jesús fór einslega afsíðis með postulum nálagst Betsáida. Mannfjöldinn elti hann, og hann mettaði hina 5.000 (Lúk 9:10–17; Jóh 6:1–14). Hér læknaði Jesús blindan mann (Mark 8:22–26).
7. **Kapernaum** Hér átti Pétur heima (Matt 8:5, 14). Í Kapernaum, sem Matteus kallaði „eigin borg Jesú,“ læknaði Jesús lamaða manninn (Matt 9:1–7; Mark 2:1–12), læknaði þjón hundræðshöfðingjans, læknaði tengdamóður Péturs (Matt 8:5–15), kallaði Matteus til að vera einn af postulum sínum (Matt 9:9), lauk upp blindum augum, kastaði út djöflum (Matt 9:27–33), læknaði visna hönd manns á hvíldardegi (Matt 12:9–13), flutti ræðuna um brauð lífsins (Jóh 6:22–65), og samþykkti að greiða skatt, sagði Pétri að fá peningana úr munni fiskjar (Matt 17:24–27).
8. **Magdala** Þetta var heimili Maríu Magdalenu (Mark 16:9). Jesús kom hér eftir að hafa mettað 4.000 (Matt 15:32–39), og farisear og saddúkear kröfðust þess af honum að hann sýndi þeim tákni frá himni (Matt 16:1–4).
9. **Kana** Jesús breytti vatni í vín (Jóh 2:1–11) og læknaði son konungsmanns, sem var í Kapernaum (Jóh 4:46–54). Í Kana var einnig heimili Natanaels (Jóh 21:2).
10. **Nasaret** Vitjanir englanna til Maríu og Jósefs áttu sér stað í Nasaret (Matt 1:18–25; Lúk 1:26–38; 2:4–5). Eftir komuna frá Egyptalandi eyddi Jesús bernsku sinni og æsku hér (Matt 2:19–23; Lúk 2:51–52), lýsti yfir að hann væri Messías og var hafnað af sínu eigin fólki (Lúk 4:14–32).
11. **Jeríkó** Jesús veitti blindum manni sýn (Lúk 18:35–43). Hann snæddi einnig með Sakkeusi „yfirtollheimtumanni“ (Lúk 19:1–10).
12. **Betabara** Jóhannes skírari vitnaði að hann væri „rödd hrópandans í eyðimörkinni“ (Jóh 1:19–28). Jóhannes skírði Jesú í ánni Jórdan og vitnaði um að Jesús er guðslambið (Jóh 1:28–34).
13. **Óbyggðir Júdeu** Jóhannes skírari prédikaði í óbyggðunum (Matt 3:1–4), þar sem Jesús fastaði í fjórutíu daga og var freistað (Matt 4:1–11).
14. **Emmaus** Upprisinn Kristur gekk eftir veginum til Emmaus með tveimur lærisveina sinna (Lúk 24:13–32).
15. **Betfage** Tveir lærisveinar færðu Jesú ösnufola og á honum hóf hann sigurgöngu sína inn í Jerúsalem (Matt 21:1–11).
16. **Betanía** Hér var heimili Maríu, Mörту og Lasarusar (Jóh 11:1). María hlustaði á orð Jesú, og Jesús talaði við Mörту um að velja „góða hlutann“ (Lúk 10:38–42); Jesús reisti Lasarus upp frá dauðum (Jóh 11:1–44); og María smurði fætur Jesú (Matt 26:6–13; Jóh 12:1–8).
17. **Betlehem** Jesús fæddist og var lagður í jötu (Lúk 2:1–7); englar boðuðu fjárhirðunum fæðingu Jesú (Lúk 2:8–20); vitringum var leiðbeint með stjörnu til Jesú (Matt 2:1–12); og Heródes drap börnin (Matt 2:16–18).

12. Jerúsalem á tíma Jesú



1. **Golgata** Mögulega staður krossfestingar Jesú (Matt 27:33–37).
2. **Garðgröfin** Möguleg staðsetning grafarinnar sem Jesús var lagður í. (Jóh 19:38–42). Kristur upprisinn birtist Maríu Magdalenu í garðinum fyrir utan gróf hans (Jóh 20:1–17).
3. **Antóníusarvirki** Líklega var það hér sem Jesús var ásakaður, dæmdur, hæddur, og barinn (Jóh 18:28–19:16). Páll var handtekinn og greindi frá trúskiptum sínum (Post 21:31–22:21).
4. **Betesdalaug** Jesús læknaði sjúkan mann á hvíldardeggi (Jóh 5:2–9).
5. **Musteri** Gabriel lofaði Sakaría að Elísabet mundi ala son (Lúk 1:5–25). Fortjald musterisins rifnaði við dauða frelsarans (Matt 27:51).
6. **Súlnagöng Salómóns** Jesús lýsti því yfir að hann væri sonur Guðs. Gyðingar reyndu að grýta hann (Jóh 10:22–39). Pétur prédikaði iðrun eftir að hafa læknað lamaðan mann (Post 3:11–26).
7. **Fögrudyr** Pétur og Jóhannes læknuðu lamaðan mann (Post 3:1–10).
8. **Musterisbrúnnin í Jerúsalem** Jesú var freistað af Satan (Matt 4:5–7). (Líkleg staðsetning fyrir þennan atburð.)
9. **Fjallið helga** (ótilgreindir staðir)
- a. Arfsögnin segir að hér hafi Abraham reist altari til að fórnfæra Ísak (1 Mós 22:9–14).
- b. Salómon reisti musteri (1 Kon 6:1–10; 2 Kro 3:1).
- c. Babýloníumenn eyðilögðu musterið um það bil 587 f.Kr. (2 Kon 25:8–9).
- d. Serúbabel endurbyggði musterið um 515 f.Kr. (Esra 3:8–10; 5:2; 6:14–16).
- e. Heródes stækkaði mustersistorgið og endurbyggði musterið og hófst verkið árið 17 f.Kr. Jesús var sýndur þar sem ungbarn (Lúk 2:22–39).
- f. Tólf ára að aldri kenndi Jesús í musterinu (Lúk 2:41–50).
- g. Jesús hreinsaði musterið (Matt 21:12–16; Jóh 2:13–17).
- h. Jesús kenndi í musterinu nokkrum sinnum (Matt 21:23–23:39; Jóh 7:14–8:59).
- i. Rómverjar undir stjórn Títusar eyðilögðu musterið árið 70 e.Kr.
10. **Getsemanegarður** Jesús þjáðist, var svikinn og handtekinn (Matt 26:36–46; Lúk 22:39–54).
11. **Oliufjallið**
- a. Jesús sagði fyrir um eyðingu Jerúsalem og musterisins. Hann talaði einnig um síðari komuna (Matt 24:3–25:46; sjá einnig JS — M).
- b. Héðan steig Jesús upp til himins (Post 1:9–12).
- c. Hinn 24. október 1841 helgaði öldungur Orson Hyde Landið helga fyrir endurkomu barna Abrahams.
12. **Gíhónlind** Salómon var smurður konungur (1 Kon 1:38–39). Hiskía lét grafa göng til að leiða vatn inn í borgina frá lindinni (2 Kro 32:30).
13. **Vatnshliðið** Esra las og túlkaði lögmál Móse fyrir fólkinu (Nehem 8:1–8).
14. **Hinnomssonardalur** Falsguðinn Mólok var tilbedinn og börnum var fórnað (2 Kon 23:10; 2 Kro 28:3).
15. **Hús Kaifasar** Jesús var færður fyrir Kaifas (Matt 26:57–68). Pétur neitaði að hann þekkti Jesú (Matt 26:69–75).
16. **Loftsalur** Samkvæmt arfsögninni staðurinn þar sem Jesús neytti páskamáltíðarinnar og innleiddi sakramentið (Matt 26:20–30). Hann laugaði fætur postulanna (Jóh 13:4–17) og kenndi þeim (Jóh 13:18–17:26).
17. **Heródesarhöllin** Kristur var færður fyrir Heródes, mögulega á þennan stað (Lúk 23:7–11).
18. **Jerúsalem** (ótilgreindir staðir)
- a. Melkisedek ríkti sem konungur í Salem (1 Mós 14:18).
- b. Davíð konungur náði borginni frá Jebúsítum (2 Sam 5:7; 1 Kro 11:4–7).
- c. Borginni var tortímt af Babýloníumönnum árið 587 f.Kr. (2 Kon 25:1–11).
- d. Heilagur andi kom yfir marga á hvítasunnudag (Post 2:1–4).
- e. Pétur og Jóhannes voru handteknir og færðir fyrir ráðið (Post 4:1–23).
- f. Ananías og Saffíra lugu að Drottni og dóu (Post 5:1–10).
- g. Pétur og Jóhannes voru handteknir en engill losaði þá úr fangelsinu (Post 5:17–20).
- h. Postularnir völdu sjö menn sér til hjálpar (Post 6:1–6).
- i. Vitnisburði Stefáns frammi fyrir Gyðingunum var hafnað og hann grýttur til bana (Post 6:8–7:60).
- j. Jakob varð píslarvottur (Post 12:1–2).
- k. Engill frelsaði Pétur úr fangelsi (Post 12:5–11).
- l. Postularnir úrskurðuðu varðandi umskurn (Post 15:5–29).
- m. Rómverjar undir stjórn Títusar tortímtu borginni árið 70 e.Kr.

13. Trúboðsferðir Páls postula




20. **Filippí Páll**, Sílas og Tímóteus sneru konu er Lýða hét til trúar, köstuðu til illum anda og voru bardir (Post 16:11–23). Þeir fengu guðlega hjálpi til að losna úr fangelsi (Post 16:23–26).
21. **Apöna** Þegar Páll kom til Apönu í annað sinn, þrédíkaði hann á Atrasarhöð (Aeropagus) um „gúðinn okuma“ (Post 17:22–34).
22. **Korinta Páll** fór til Korintu í annari ferð sinni, þar sem hann dvaldi hjá Akvillas og Prískillu. Hann prédíkaði hér og skrói marga (Post 18:1–18). Frá Korintu ritaði Páll bréf sitt til Rómverja.
23. **Pessaloníkja Páll** prédíkaði hér í annari trúboðsferð sinni. Trúboðshópur hans fór héðan til Beroju eftir að Gyöngar höfðu ógnað öryggi þeirra (Post 17:1–10).
24. **Beroja Páll**, Sílas og Tímóteus fundu göfugar sálir til þess að kenna í annari trúboðsferð Páls. Gyöngar frá Þessaloníkju eltu þá og ofsóttu (Post 17:10–13).
25. **Makedónía Páll** kennaði hér í annari og þriðju ferð sinni (Post 16:9–40; 19:21). Páll hrósaði hinum heilögum í Makedóníu fyrir órlæti þeirra, en þeir gáfu honum og hinum fátæku heilögu í Jerúsalem (Róm 15:26; 2. Kor 8:1–5; 11:9).
26. **Melíta Páll** varð skippreika hér á þessari eyju á leið sinni til Rómur (Post 26:32; 27:1, 41–44). Hann sakaði ekki þrátt fyrir snakabit og læknaði marga sem sjúkir voru á Melíta (Post 28:1–9).
27. **Rómaborg Páll** prédíkaði hér í tvö ár í stofungelsi (Post 28:16–31). Hann skrifaði einnig pistla, eða bréf, til Efesusmanna, Filippíumanna, og Kólössubúa og til Tímóteusar og Filemon á meðan hann var fangi í Rómaborg. Fyrsta bréf ritaði Pétur frá „Babýlon,“ sem líklega var Rómaborg, skömmu eftir ofsóknir Nerós gegn hinum kristnu á árinu 64 e.Kr. Almennir er álitad að Pétur og Páll hafi lítið þíslarvættisdauda hér.

- og talinn vera dauður en náði sér og hélt áfram að prédíka (Post 14:16–21). Heimilti Tímóteusar (Post 16:1–3).
13. **Íkóníum** Í fyrstu ferð sinni prédíkuðu Páll og Barnabas hér og var hólað grýtingu (Post 13:51–14:7).
14. **Laódíkea og Kólössá** Laódíkea er ein af greinum kirkjunnar sem Páll heimsótti og fékk bréf frá (Kól 4:16). Hún er einnig ein af borgunum sjö sem taldar eru upp í Ömberunarbókinni (hinar eru Efesus, Smyrna, Pergamos, Þyatira, Sardis og Filadelfía; sjá Op 1:11). Kólössá liggur 18 kílómetrum í austur frá Laódíkeu. Páll ritaði hinum heilögu sem þar bjuggu.
15. **Antíókkja í Þisídíu** Í fyrstu ferð sinni, kennaði Páll og Barnabas Gyöngunum að Kristur væri afkomandi Davíðs. Páll bauð fram fagnaðarerindið til Ísraels, og sóðan mönnum af þjóðunum. Páll og Barnabas voru ofsóttir og reknir brott (Post 13:14–50).
16. **Míletus** Þegar Páll var hér í þriðju ferðinni, varaði hann öldungu kirkjunnar við því að „skæðir vargar“ mundu koma inn í hjörðina (Post 20:29–31).
17. **Þaimos** Jóhannes var fangi á þessari eyju þegar hann meðtók sýnina sem nú er að finna í Opinbertunarbókinni (Op 1:9).
18. **Efesus** Apollós kennaði hér kostgæflega (Post 18:24–28). Páll, í sinni þriðju ferð, kennaði í Efesus í tvö ár og snéri mörgum (Post 19:10, 18). Hér vettvi hann gíof heilags anda með handayfringunum (Post 19:17) og vann mörg kraftaverk, þar með talið að reka til illa anda (Post 19:18–21). Hér endu dýrkendur Artemisar til ásinga gegn Páli (Post 19:22–41). Hluti Opinbertunarbókunnar var stílaður til kirkjunnar í Efesus (Op 1:11).
19. **Tróas** Þegar Páll var hér í annari ferðinni sá hann í sýn mann í Makedóníu sem bað um hjálpi (Post 16:9–12). Þegar hann var hér í þriðju ferð sinni, reisti Páll Evrýtkus upp frá dauðum (Post 20:6–12).

1. **Gasa** Filippus prédíkaði um Krist og skróði hirðmann frá Eþíópíu á leið sinni til Gasa (Post 8:26–39).
2. **Joppa** Pétur meðtók í sýn að Guð veitir mönnum af þjóðunum gíof íbrunar (Post 10; 11:5–18). Pétur reisti Tabíþu frá dauðum (Post 9:36–42).
3. **Samaría** Filippus þjónaði í Samaríu (Post 8:5–13), og sóðar kennaði Pétur og Jóhannes hér (Post 8:14–25). Eftir að þeir veittu gíof heilags anda, reyndi Simón töframaður að kaupa þá gíof af þeim (Post 8:9–24).
5. **Sesareja** Hé, eftir að engill hafði þjónað hundrú aðshöfðinga er Kornelius hét, leyfði Pétur að hann fengi að skrast (Post 10). Hér flutti Páll vörn sína frammi yfir Agrippu (Post 25–26; sjá einnig JS — S 1:24–25).
6. **Damaskus** Jesús birtist Sáli (Post 9:1–7). Eftir að Ananías læknaði sjón hans, var Sál skróður og hóf þjónustu sína (Post 9:10–27).
7. **Antíókkja í Sýrlandi** Hér voru lærisveinarnir fyrst kallaðir hinir kristnu (Post 11:26). Agabus spáði um hungursreyð (Post 11:27–28). Miklar deilir urðu í Antíókkju varðandi umskrun (Post 14:26–28; 15:1–9). Antíókkju hóf Páll abra ferð sína með Sílas, Barnabasi og Júdási Barsabbas (Post 15:22, 30, 35).
8. **Tarsus** Heimaborg Páls; hingað sendu bræðurnir Pál svo að hann nýti öryggis (Post 9:29–30).
9. **Kýpur** Eftir ofsóknir flýðu sumir heilagir til þessarar eyju (Post 11:19). Páll ferðabíst um Kýpur í fyrstu trúboðsferðinni (Post 13:4–5), eins og Barnabas og Markús gerðu síðar (Post 15:39).
10. **Patfos** Páll lagði hölvun á töframann hér (Post 13:6–11).
11. **Derbe** Páll og Barnabas prédíkuðu fagnaðarerindið í þessari borg (Post 14:6–7, 20–21).
12. **Lýstra** Þegar Páll læknaði bækklaðan mann, voru hann og Barnabas tignaðir sem guðir. Páll var grýfður

14. Hæðarlínur Landsins helga



Biblían Kortaskrá

Kortaskráin í stafrófsröð auðveldar þér að finna tiltekinn stað á kortunum. Hver færsla felur í sér númer korts og á eftir fylgir tilvísun í reitaskiptingu með staf og tölu. Til dæmis er staðsetning Rabba (Amman) á fyrsta korti gefin sem 1:D5 — það er kort 1, reitur D5. Þú getur fundið tiltekna reiti á hverju korti með því að líta á merkingarnar efst og til hliðar á kortunum. Önnur nöfn á stöðum eru gefin innan sviga; til dæmis, Rabba (Amman). Spurningarmerki á eftir nafni bendir til að staðsetning sýnd á kortinu sé möguleg eða sennileg en ekki enn fullvís

Abanaáin, 1:D1	Asdód (Asótus), 1:A6, 3:A5, 4:B4, 10:A6	Betfage, 11:B6
Abílene, hérað, 11:D1	Asía, rómverskt skattland, 8:C2, 13:F1	Betlehem, 1:B6, 3:B6, 4:B4, 10:B6, 11:B6
Adría, Adríahaf, 8:B2	Askalon (Askelon), 11:A6	Betlehem, vegurinn til, 12:A7
Ainon, 11:C4	Askalon, 1:A6, 3:A6, 4:A4, 10:A6, 11:A6	Betsaída, 11:C3
Aí, 2:D1, 10:B5	Asótus (Asdód), 11:A6	Betseta, 12:B3
Ajalon, 1:B5, 10:B5, 11:B5	Asser, ættkvísl, 3:B2	Biþýnía, hérað, 13:F1
Akabafloí, 2:D4	Assúr, 5:C2, 9:F2	Bosra, 4:C6
Akaía, rómverskt skattland, 8:C2, 13:D2	Assýría, 9:F2	Britannía, hérað, 8:A1
Akkad, hérað, 9:G2	Assýríska heimsveldið, 5:C3	Dakía, hérað, 8:C2
Akkó (Ptolemaís), 1:B3, 3:B2, 4:B2, 10:B2, 11:B3	Austur (Lægra) haf, 5:C4, 6:C4	Damaskus, 1:D1, 9:D3, 10:D1, 11:D1, 13:H3
Alexandría, 8:C3, 13:F4	Austurlágsletta Trans-Jórdan, 14:D2	Dan (Laís), 1:C2, 3:C1, 4:C1, 10:C2
Amalek, hérað, 4:A6	Austuróbyggðirnar, 2:D4	Dan, ættkvísl, 3:C1, 3:A5
Amman (Rabba), 1:D5, 10:D5, 14:D2	Aþena, 6:A2, 7:A2, 8:C2, 13:D2	Dauðahafið (botn þess), 14:C3
Ammón, hérað, 1:D6, 3:D5, 4:D3, 10:D6	Babel (Sínear), 9:G3	Dauðahafið (Saltisjór), 1:C7, 2:D1, 3:C6, 4:C4, 9:D4, 10:C6, 11:C7, 14:A7, 14:C3
Antiokkía, í Písídiu, 13:F2	Babýlon, 5:C3, 6:B3, 7:B3, 9:F3	Dauðahafið (yfirborðshæð þess), 14:A7, 14:C3
Antiokkía, í Sýrlandi, 8:C3, 13:H2	Babýlonía, hérað, 9:F3	Dauðahafið, vegur að, 12:C8
Antóníusarvirkið, í Jerúsalem, 12:C3	Basan, hérað, 1:D2, 10:C2	Dekapólis, hérað, 11:D4
Appíusartorg, 13:B1	Beerseba, 1:B7, 2:C1, 3:B7, 4:B5, 9:D4, 10:B7, 11:A8	Derbe, 13:G2
Araba (Sigdalurinn), 1:C8, 2:D2, 4:C6, 10:C8	Benjamín, ættkvísl, 3:B5	Díbon, 2:D1
Arabía, 5:C4, 8:D4	Beroja, 13:D1	Dofka, 2:C4
Arabíueyðimörk, 9:F3	Besórlækur, 1:A7, 10:A7, 11:A8	Dór, 3:B3, 4:B2
Arabíufloí, 6:D4	Bet Sean, 3:C3, 4:C3, 10:C4	Dótan, 10:B4
Arad, 2:D1, 3:B7, 4:B5	Betabara, 11:C6	Dúradalur, 9:F3
Aralvatn, 5:D1, 6:D1, 7:C2	Betanía, 11:B6	Ebalfjall, 1:B4, 3:B4, 4:C3, 10:B4, 11:B5, 14:B6
Aram-Damaskussvæðið, 4:D1	Betanía, vegurinn til, 12:D6	Edóm, hérað, 1:C8, 2:D2, 4:C7, 10:D8
Araratfjall, 9:F1	Betel (Lúz), 3:B5, 4:C4, 10:B5, 11:B6	Efesus, 8:C2, 13:E2
Argób, hérað, 4:C1	Betesdalaug, í Jerúsalem, 12:C3	
Arímaþea, 11:B5		
Arnon, 2:D1		
Arnonáin, 1:C7, 3:C6, 4:C5, 10:C7, 11:C7		

- Efraím, ættkvísl, 3:B5
 Efratfljót, 5:B3, 6:B3, 8:D3, 9:E2
 Egyptaland, hérað, 2:A2, 5:B4, 7:A4, 8:C4, 9:C4, 13:F4
 Egyptaland, konungsríki, 6:A3
 Egyptalandsá, 2:C2
 Eikidalur, 1:B6, 10:A6, 11:A6
 Ekron, 1:B6, 10:A6
 Elam, hérað, 5:C3, 6:C3, 7:C3, 9:H3
 Elím, 2:C3
 Emmaus, 11:B6
 Emmaus, vegur til, 12:A4
 Endór, 10:C3
 Engedí, 4:C4, 10:C7
 En-rogel lindin, 12:C7
 Esdraelondalur (Jezreel), 1:B3, 10:B3
 Esjón Geber, 2:D3, 4:B8, 9:D4
 Etameyðimörk, 2:B3
 Farfaráin, 1:D1, 10:D1, 11:D2
 Filippí, 13:D1
 Filistar, þjóð, 2:C2
 Filistasléttan, 1:A6, 10:A6
 Filistea, hérað, 4:B4
 Fiskihliðið, í Jerúsalem, 12:B3
 Filadelfía, 11:D6
 Frýgía, hérað, 13:F2
 Fögrudyr, 12:C4
 Föníkía, hérað, 1:C1, 4:B1, 9:D3, 10:B1, 11:B2, 13:H3
 Gadarena, 11:C4
 Gað, ættkvísl, 3:C5
 Galatía, hérað, 13:G1
 Galílea, efri, hérað, 1:C2
 Galílea, hérað, 11:C3
 Galílea, neðri, hérað, 1:C3
 Galíleuvatn (Kinneret-vatn), 1:C3, 3:C2, 4:C2, 9:D3, 10:C3, 11:C3, 14:B7
 Gallía, hérað, 8:A1
 Garðgröfin, í Jerúsalem, 12:B3
 Garísímfjall, 1:B5, 3:B4, 4:C4, 10:B5, 11:B5, 14:B6
 Gasa, 1:A6, 2:C1, 3:A6, 4:A4, 10:A7, 11:A7, 13:H4
 Gat, 3:A6, 4:B4, 10:A6
 Gat Hefer, 10:B3
 Gerar, 10:A7
 Geraráin, 1:A7, 10:A7, 11:A7
 Germanía, hérað, 8:B1
 Geser, 4:B4
 Gesúr, hérað, 4:C2
 Getsemanegarður, í Jerúsalem, 12:D4
 Gilbóafjall, 1:C4, 3:C3, 10:C4, 11:C4, 14:C6
 Gilgal, 1:C5, 2:D1, 4:C4
 Gíbea, 4:C4
 Gíbeon, 10:B5
 Gíhonlind, í Jerúsalem, 12:D6
 Gíleað, hérað, 1:C4, 10:C4
 Golgata, í Jerúsalem, 12:B3
 Góðhafnir, 13:E3
 Gómorra, svæði Sódómu og, 10:C8
 Gósen, hérað, 2:A2, 9:C4
 Grikkland, 7:A2
 Hafið mikla (Miðjarðarhaf), 1:A4, 2:B1, 3:A3, 4:A3, 5:A3, 6:A3, 9:B3, 10:A4, 11:A5, 14:A2, 14:A6
 Haran (Paddan-aram), 9:E2
 Hasmóneahöllin, í Jerúsalem, 12:C5
 Hasór, 3:C2, 4:C2, 10:C2
 Hálandi Júdeu, 14:B2
 Hebron, 1:B6, 2:D1, 3:B6, 4:B4, 10:B7, 11:B7
 Hebron, vegur til, 12:A7
 Heliópólís (Ón), 2:A3
 Hermonfjall, 1:D1, 3:C1, 4:C1, 10:C1, 11:C1, 14:D5
 Heródesarhöllin, í Jerúsalem, 12:B5
 Hesbon, 4:C4
 Hetítar, þjóð, 9:D2
 Hevítar, þjóð, 3:C1
 Hinnomssonardalur, í Jerúsalem, 12:B7
 Hiskiágöngin, í Jerúsalem, 12:C6
 Hispanía, hérað, 8:A2
 Hóreb (Sínaíffjall), 2:C4, 9:D4
 Hórfjall, 2:D2
 Hórtitar, þjóð, 9:E2
 Húle (Merómvötn), vatn, 10:C2, 14:C6
 Húledalur, 1:C2, 11:C2
 Hús Kaifasar, í Jerúsalem, 12:B6
 Indusfljót, 7:D3
 Ídúmea, hérað, 1:B8, 10:B8, 11:B7
 Íkóníum, 13:G2
 Ísrael, hérað, 4:B3
 Ísraelslaug, í Jerúsalem, 12:C4
 Íssakar, ættkvísl, 3:C3
 Ítalía, rómversk stjórnsýslueining, 8:B2, 13:A1
 Jabbokáin, 1:C5, 3:D4, 4:D3, 10:C5, 11:C5
 Jabes í Gíleað, 3:C4
 Jaffa (Joppe), 1:A5, 3:A4, 4:C4, 10:A5, 11:A5, 13:H3
 Jarmuk-áin, 1:C3, 10:C3, 11:C3
 Jeríkó, 1:C5, 2:D1, 3:C5, 4:C4, 10:C6, 11:C6, 14:A7, 14:C3

- Jeríkó, vegur til, 12:D6
- Jerúsalem (Salem), 1:B6,
2:D1, 3:B5, 4:C4, 5:B3,
6:B3, 7:A3, 8:C3, 9:D3,
10:B6, 11:B6, 13:H3,
14:B2, 14:B6
- Jerúsalem, háborgin, 12:B6
- Jerúsalem, lágborgin, 12:C6
- Jesreel, 4:C2, 10:B4
- Jesreel (Esdraelón) dalur,
1:B3, 10:B3
- Joppe (Jaffa), 1:A5, 3:A5,
4:B3, 10:A5, 11:A5, 13:H3
- Joppe, vegur til, 12:A4
- Jórdanáin, 1:C5, 2:D1, 3:C5,
4:C3, 10:C5, 11:C5
- Júda, ríki, 5:B3, 10:B7
- Júda, ættkvísl, 3:A6
- Júdea, hérað, 1:B6, 11:B7
- Júdeuóbyggðir, 1:B7, 11:B7
- Kades Barnea, 2:C2, 3:A8,
4:A6
- Kaftór (Krítt), eyja, 9:A3
- Kana, 11:C3
- Kanaan, hérað, 2:C1, 9:D3
- Kapernaum, 11:C3
- Kappadóka, hérað, 13:H2
- Karkemis, 5:B2, 6:B2, 9:D2
- Karmelfjall, 1:B3, 3:B3,
4:B2, 10:B3, 11:B3
- Karþagó, 8:B3
- Kaspíahaf, 5:C1, 6:C2, 7:B2,
8:D2, 9:G1
- Kákasusfjöll, 5:C1, 8:D2,
9:F1
- Kedrondalur, í Jerúsalem,
12:D6
- Kilikía, hérað, 13:G2
- Kinneretvatn (Galíleuvatn),
1:C3, 3:C2, 4:C2, 9:D3,
10:C3, 11:C3
- Kittar (Kýpur), eyja, 9:C3
- Kíos, eyja, 13:E2
- Kír Hareset, 10:C7
- Kísonlækur, 1:B3, 10:B3,
11:B3
- Kníðus, eyja, 13:E2
- Korasín, 11:C3
- Korinta, 13:D2
- Krítt (Kaftór), eyja, 8:C3,
9:A3, 13:E3
- Kýpur (Kittar), eyja, 8:C3,
9:C3, 13:G3
- Kýrene, 13:D3
- Laís (Dan), 10:C2
- Lakís, 1:B6, 3:B6, 4:B4,
10:B7
- Laódikea, 13:F2
- Lághafið (Austurhaf,
Persaflói), 5:C4, 6:C4,
7:B4, 8:D4, 9:H3
- Litaniáin, 1:C1, 10:C1,
11:C2
- Líbanonfjöll, 1:C1, 10:C1,
11:C1
- Líbía, 8:B3, 13:C4
- Líbúeyðimörk, 9:B4
- Loftsalur, í Jerúsalem, 12:B6
- Lúdía, hérað, 13:E2
- Lúz (Betel), 10:B5
- Lýkía, hérað, 13:F2
- Lýstra, 13:G2
- Magdala, 11:C3
- Mahanaím, 10:C5
- Makaerus, 11:C7
- Makedónía, hérað, 7:A2,
8:C2, 13:D1
- Malta, eyja, 13:B3
- Manasse, ættkvísl, 3:B4,
3:D2
- Mara, 2:B3
- Medeba, 4:C4
- Medía stórveldið, 6:D3
- Megiddó, 1:B3, 3:B3, 4:B2,
6:B3, 9:D3, 10:B3
- Melíta (Malta), eyja, 13:B3
- Memfis (Nóf), 2:A3, 5:B4,
6:B3, 7:A3, 8:C3
- Merómvötn (Húlevatn),
10:C2
- Mesópótamía, 8:D3, 9:E2
- Midían, hérað, 2:D4, 9:E4
- Miðjarðarhaf (Hafið mikla),
1:A4, 2:B1, 3:A3, 4:A3,
5:A3, 6:A3, 7:A3, 8:B3,
9:B3, 10:A4, 11:A5,
13:D3, 14:A2, 14:A6
- Miðjarðarhaf,
yfirborðshæð, 14:A2,
14:A6
- Míletus, 13:E2
- Móab, hérað, 1:D7, 2:D1,
3:D7, 4:C5, 10:D7
- Móabsvellir, 1:C6, 11:C6
- Mórehæð, 1:C3, 10:C3
- Móríafjall, 14:B6
- Musterið, í Jerúsalem,
12:C4
- Musterisbrúin, í
Jerúsalem, 12:D5
- Musterisþreppin, í
Jerúsalem, 12:D5
- Mýra, 13:F2
- Mýsenía, 5:A2
- Mýsía, hérað, 13:E1
- Nabatea, hérað, 11:C8
- Naftalí, ættkvísl, 3:C2
- Nain, 11:C4
- Nasaret, 1:C3, 11:B3
- Nebófjall, 1:C6, 2:D1, 3:C6,
4:C4, 10:C6, 11:C6
- Negev, hérað, 1:B8, 10:B8
- Níl, óshólmar, 2:A2, 9:C4
- Nílarfljót, 2:A4, 5:B4, 6:B4,
7:A4, 8:C4, 9:C4
- Níníve, 5:C2, 9:F2
- Nóf (Memfis), 2:A3
- Nýja Babilóníuveldið, 6:C3
- Olíufjallið, 1:B6, 10:B6,
11:B6, 12:D5, 14:B6
- Óbyggðabúðir, 2:C4
- Óbyggðir Sínaí, 2:C4
- Ón (Helíópólís), 2:A3, 9:C4
- Paddan-aram (Haran), 9:E2
- Pafos, 13:G3

- Pamfýlía, hérað, 13:F2
 Paraneyðimörk, 2:C3
 Parþa stórveldið, 8:D3
 Patmos, eyja, 13:E2
 Penúel, 10:C4
 Perea, 11:C5
 Pergamos, 13:E2
 Perge, 13:F2
 Persaflói (Lághafið), 9:H3
 Persía, 5:D4, 6:D4
 Pisidía, hérað, 13:F2
 Pí-Hakírót, 2:B3
 Pítóm, 2:B2
 Pontus, hérað, 13:G1
 Ptólemas (Akkó), 1:B3, 11:B3, 13:H3
 Púteólí, 13:B1

 Rabba (Amman), 1:D5, 3:D5, 10:D5, 14:D2
 Ramót í Gíleað, 3:D3, 4:C2
 Ramses (Tanis), 2:B2
 Rauðahafið, 2:D4, 5:B4, 6:B4, 7:B4, 8:C4, 9:D4
 Refídím, 2:C4
 Regíum, 13:B2
 Ródus, eyja, 9:B3, 13:E3
 Rómaborg, 8:B2, 13:A1
 Rúben, ættkvísl, 3:C6

 Salamis, 13:G3
 Salem (Jerúsalem), 9:D3
 Salím, 11:C4
 Saltisjór (Dauðahafið), 1:C7, 2:D1, 3:C6, 4:C4, 9:D4
 Samaría, 1:B4, 5:B3, 10:B4, 11:B5, 13:H3
 Samaría, hérað, 1:B4, 10:B4, 11:D4

 Samaría, vegur til, 12:B1
 Samóþrake, eyja, 13:E1
 Sarepta, 11:B1
 Sarmatía, hérað, 8:C1
 Saronsléttan, 1:B4, 10:B4, 11:B5
 Sauðahliðið, í Jerúsalem, 12:C4
 Sebúlón, ættkvísl, 3:B3
 Sefela, 1:B6, 10:B6, 14:B2
 Seredá, 1:C8, 2:D2, 3:C8, 4:C5, 10:C8, 11:C8
 Sesarea, 11:B4, 13:H3
 Sesarea Filippí, 11:C2
 Siklag, 4:B5
 Sídon, 1:C1, 9:D3, 10:B1, 11:B1, 13:H3
 Síkar, 11:B5
 Síkem, 3:B4, 4:C3, 10:B4
 Síló, 3:B5, 4:C3, 10:C5
 Sílóamlaug, í Jerúsalem, 12:C7
 Símeon, ættkvísl, 3:A7
 Sín, óbyggðir, 2:C4
 Sínaíffjall (Hóreb), 2:C4, 9:D4
 Sínaískagi, 2:C3
 Sínear (Babel), 9:G3
 Sín-eyðimörkin, 2:C3
 Síonarfjall, 14:B6
 Smýrna, 13:E2
 Snákalaugin, í Jerúsalem, 12:A6
 Sódóma og Gómorra, svæði, 10:C8
 Sórekaín, 1:B6, 10:A6, 11:A6
 Sparta, 6:A2, 7:A2
 Súesflói, 2:B4
 Súkkót, í Egyptalandi, 2:B2
 Súkkót, í Ísrael, 3:C4, 4:C3

 Súlnagöng konungs, í Jerúsalem, 12:C5
 Súlnagöng Salómons, í Jerúsalem, 12:D4
 Súr-eyðimörkin, 2:C2
 Súsa (Súsan), 6:C3, 7:B3, 9:G3
 Súsa (Súsa), 6:C3, 7:B3, 9:G3
 Svartahaf, 5:B1, 6:B1, 7:B2, 8:C2, 9:C1, 13:F1
 Sýrakúsa, 13:B2
 Sýrland, hérað, 6:B3, 8:C3, 9:D3, 11:C2, 13:H3

 Taborfjall, 1:C3, 3:C3, 4:C2, 10:C3, 11:C3, 14:C6
 Tanis (Ramses), 2:B2
 Tarsus, 13:G2
 Tekóa, 10:B6
 Tíberías, 11:C3
 Tígrisfljót, 5:C2, 6:C2, 8:D3, 9:G3
 Tróas, 13:E2
 Trója, 6:A2, 7:A2, 9:B2
 Turnlaugin, í Jerúsalem, 12:B5
 Týrus, 1:B2, 3:B1, 4:B1, 9:D3, 10:B1, 11:B2, 13:H3

 Úr, 5:C3, 9:E2, 9:G3
 Úrartu, hérað, 9:E1

 Vatnshliðið, í Jerúsalem, 12:C7

 Peba, 5:B4, 6:B4, 7:A4, 8:C4
 Pessaloníka, 8:C2, 13:D1
 Þrjúðir, 13:B1


BIBLÍULJÓSMYNDIR

Þessar ljósmyndir af mikilvægum stöðum eru dæmi um það land sem Jesús gekk um, þar sem spámenn á tímum Biblíunnar lifðu, kenndu og þar sem margir atburðir ritninganna gerðust.

Yfirlit

Kortið hér að neðan sýnir staðsetningar þeirra ljósmynda sem finna má í þessum hluta. Á hverri blaðsíðu sem fylgir hér á eftir má finna númeraða ljósmynd og stutta lýsingu á staðnum. Þýðingarmiklir atburðir ritninganna sem gerðust á viðkomandi stað eru því næst taldir upp, ásamt ritningargreinum svo að vita megi hvar hægt sé að lesa sér frekar til um þá atburði.

1. Nílarfljót og Egyptaland
2. Sínaífall (Hóreb) og óbyggðir Sínaí
3. Óbyggðir Júdeu
4. Kades Barnea
5. Grafhýsi patriarkanna
6. Fjalllendi Júdeu
7. Betlehem
8. Jerúsalem
9. Musteri Heródesar
10. Musterisþreppin
11. Olíufjallið
12. Getsemanegarður
13. Golgata
14. Garðgröfin
15. Jeríkó
16. Síló
17. Síkem
18. Dótan í Samaría
19. Sesarea og Saronsléttan til Karmel
20. Joppe
21. Jesreeldalur
22. Taborfjall
23. Galíleuvatn og fjall sæluboðanna
24. Kapernaum
25. Jórdanáin
26. Sesarea Filippí
27. Nasaret
28. Dan
29. Aþena
30. Korinta
31. Efesus
32. Eyjan Patmos



1. Nílarfljót og Egyptaland




Gróðurfar á bökkum Nílar. Það var á slíkum stað sem móðir Móse faldi ungan son sinn. Fjær eru eyðimerkursvæðin sem þekja mestan hluta Egyptalands.

Merkir atburðir: Egyptus fann landið (Abr 1:23–25). Abraham fór til Egyptalands (1 Mós 12:10–20; Abr 2:21–25). Jósef var seldur til Egyptalands, varð ráðherra Faraós, og bjargaði fjölskyldu sinni frá hungursneyð (1 Mós 37; 39–46). Afkomendur Jakobs bjuggu í

Egyptalandi (1 Mós 47; 2 Mós 1; 12:40). Dóttir Faraós fann barnið Móse á Nílarfljóti og ól hann upp (2 Mós 2:1–10). Móse leiddi Ísraelsmenn út úr Egyptalandi (2 Mós 3–14). María, Jósef og Jesús fóru til Egyptalands á flóttu undan Heródesi (Matt 2:13–15, 19–21). Á síðustu dögum munu Egyptar þekkja Drottin, og Drottinn mun blessa Egyptaland (Jes 19:20–25). (Sjá LR Egyptaland.)

2. Sínaífall (Hóreb) og óbyggðir Sínaí



Það eru nokkrir möguleikar í boði þegar rætt er um hvert sé Sínaífall. Hefð er fyrir því að Jebel Musa sé líklegasta fjallið, (Fjall Móse), sjá á meðfylgjandi ljósmynd.

Merkir atburðir: Guð birtist Móse og gaf honum boðorðin tíu (2 Mós 19–20). Móse, Aron, tveir af sonum Arons, og 70 öldungar sáu Guð og áttu við hann samskipti (2 Mós

24:9–12). Guð gaf Móse fyrirmæli um gerð tjaldbúðarinnar (2 Mós 25–28; 30–31). Ísraelítar tilbáðu gullkálff sem þeir höfðu talið Aron á að smíða (2 Mós 32:1–8). Elía flúði á þessar slóðir úr Jesreeldalnum, þar sem Jesebel drottning bjó (1 Kon 19:1–18). Það var einnig hér sem Elía talaði við Guð (1 Kon 19:8–19). (Sjá LR Sínaífall).

3. Óbyggðir Júdeu




Óbyggðir Júdeu liggja austur af Jerúsalem og niður í átt að Dauðahafinu.

Merkir atburðir: Óbyggðir Júdeu voru oft mikilvægur gríðastaður á ýmsum skeiðum fornrar sögu. Davíð leyndist fyrir Sál konungi (1 Sam 26:1–3). Jesús fastaði í 40 daga og

40 nætur (Matt 4:1–11; Mark 1:12–13). Jesús lét dæmisöguna um miskunnsama Samverjann gerast á veginum milli Jerúsalem og Jeríkó sem liggur um óbyggðir Júdeu, vegna þess að fylgdarlausir vegfarendur voru auðveld bráð á þeim slóðum (Lúk 10:25–37). (Sjá LR Dauðahafið).

4. Kades Barnea




Hér er horft í norðausturátt yfir hinn mikla eyðimerkudal (einnig nefndur wadi) þar sem Kades Barnea er staðsett. Vatnsflaumurinn sem hér rennur á regntímanum gerir staðinn rakan og gróðursælan mitt í Sín-óbyggðunum.

Merkir atburðir: Líklega var það héðan sem Móse sendi 12 menn til njósna inn í

Kanaanland (4 Mós 13:17–30). Hér voru höfuðtjaldbúðir Ísraelíta 38 af þeim 40 árum sem þeir ráfuðu um óbyggðirnar (5 Mós 2:14). Miríam dó og var jarðsett hér (4 Mós 20:1). Það var hér sem Kóra gerði uppreisnina, söfnuðurinn möglaði, og stafur Arons laufgaðist (4 Mós 16–17). Hér í nánd laust Móse klettinn og vatn streymdi fram (4 Mós 20:7–11).


5. Grafhýsi patriáarkanna



Þessi bygging er ein frægasta byggingin í gjörvöllu Landinu helga og byggði Heródes konungur hana í Hebron, yfir þeim stað sem arfsögnin sagði vera Makpelahelli, sem Abraham hafði keypt til að nota sem fjölskyldugrafreit. (1 Mós 23).

Merkir atburðir: Legstaður Söru (1 Mós 23) og Abrahams (1 Mós 25:9). Ísak, Rebekka, og Lea voru líka jarðsett hér (1 Mós 49:30–31). Lík Jakobs var flutt frá Egyptalandi til Kanaanlands og jarðsett í hellinum (1 Mós 50).

6. Fjalllendi Júdeu



Fjalllendi Júdeu er um 56 kílómetra langt og 27 kílómetra breitt. Mikill hluti þess er grýtt land og illa fallið til ræktunar. Hæðirnar eru sundurgrafnar af dalskorningum með nokkuð frjósömum jarðvegi. Hinir fyrstu Ísraelítar bjuggu á þessum hæðum og bjuggust þar til varnar gegn innrásarherjum.

Merkir atburðir: Drottinn hét Abraham þessu landi og niðjum hans (1 Mós 13:14–18; 17:8). Sara og Abraham voru jarðsett hér í Makpelahelli í Hebron (1 Mós 23:19; 25:9). Davíð náði Jerúsalem frá Jebúsítum (2 Sam 5:4–9). Fleiri atburðir Gamla testamentis gerðust hér en á nokkru öðru svæði.

7. Betlehem




Þessi mynd sýnir kletthæðir og fjárhaga í forgrunni, með Betlehem nútímans í bakgrunni.

Merkir atburðir: Rakel var jarðsett hér í nánd (1 Mós 35:16–20). Rut og Bóas bjuggu hér

(Rut 1:19–2:4). Davíð konungur fæddist og var krýndur konungur hér (1 Sam 16:1–13). Frelsarinn fæddist hér, og fjárhirðarnir og vitringarnir tignuðu hann (Matt 2:1–11; Lúk 2:4–16). (Sjá LR Betlehem).

8. Jerúsalem



Horft til norðurs yfir Jerúsalem. Á miðri mynd er musterishæðin. Á henni er nú helg bygging múslima með gulli lögðu þaki, kölluð Helgidómurinn á klettinum. Hér voru guðsþjónustur Gyðinga til forna í musterí þeirra. Múrarnir nálægt Helgidóminum á klettinum umlykja hina fornu borg Jerúsalem. Hægra megin við múrinn er Kídrondalurinn. Lengst til hægri, rétt utan við ljósmyndina, er Ólfúfjallið. Í norðri, handan við Helgidóminn á klettinum, er sá staður sem talinn er vera Golgata eða Hauskúpustaður.

Merkir atburðir: Jerúsalem nefndist til forna Salem (Sálm 76:2). Abraham greiddi tíund til

Melkisedeks (1 Mós 14:18–20). Abraham ætlaði að forna Ísak (1 Mós 22:2–14). Davíð konungur tók Jerúsalem frá Jebúsítum (2 Sam 5:4–9). Salómon konungur reisti musterí (1 Kon 6–7). Lehí fór héðan til fyrirheitna landsins (1 Ne 1:4; 2). Frelsarinn þjónaði, friðþægði fyrir syndir okkar, og reis upp frá dauðum (Matt 21–28). Eins og frelsarinn spáði fyrir um, var Jerúsalem tortímt stuttu eftir dauða hans (JS — M 1:3–20). Ráðist verður inn í Jerúsalem á hinum síðustu dögum (Esek 38–39; Jóel 2–3; Op 11; 16). Frelsarinn mun birtast hér sem hluta af síðari komunni (Sak 12–14; K&S 45:48–53). (Sjá LR Jerúsalem; Salem).

9. Musteri Heródesar




Þessi mynd sýnir nútíma eftirmynd af musteri Heródesar (hlutfall 1:50) eins og talið er að það hafi verið árið 67 e.Kr. Múrinn umhverfis byggingar musterisins afmarkar griðastaðinn sem hefur að geyma Hið allra heilaga, Hið heilaga, og þrjá mikla forgarða.

Merkir atburðir: Jósef og María sýndu

ungbarnið Jesú í musterinu (Lúk 2:22–38). Frelsarinn kenndi í musterinu 12 ára gamall (Lúk 2:41–46). Frelsarinn rak víxlarana út úr musterinu (Matt 21:12–13) og spáði fyrir um tortímingu musterisins (Matt 24:1–2). Á ókomnum tíma mun musteri verða reist í Jerúsalem (Esek 40–48; Sak 8:7–9). (Sjá LR Musteri, hús Drottins).

10. Musterisþrepin



Musterissvæðinu var skipt niður í garða sem afmörkuðust af veggjum, og ytri garðarnir stóðu lægra í landslaginu. Tilbiðjendur komu inn um hin ýmsu hlið, meðal annars þar sem leiðin lá upp á við frá þessum þrepum inn í ytri garðana og þaðan inn í innri garðana. Þúsundir manna hafa í tímanna rás farið um þessi þrep, meðal þeirra Guðssonurinn.

Þegar her Títusar tortímdi musterinu árið 70 e.Kr., huldust þrepin lausagrjóti. Þegar hluti hinnar gömlu Jerúsalem var grafinn upp af fornleifafræðingum á áttunda áratugnum, komu þrepin í ljós.

Merkir atburðir: Esekíel sá í sýn stærð og form musteris framtíðarinnar (Esek 40). (Sjá LR Musteri, hús Drottins).

11. Olíufjallið



Hér er horft í suðvestur á Olíufjallið. Byggingin í forgrunni er á mögulegri staðsetningu Getsemanegarðsins. Hinn 24. október 1841 gekk öldungur Orson Hyde, einn úr Tólpostulasveitinni, upp á Olíufjallið og flutti spádómsbæn til helgunar endurkomu barna Abrahams og til byggingar musterisins.

Merkir atburðir: Rómverjar tortímu Jerúsalem 70 e.Kr. eins og frelsarinn hafði spáð fyrir um á Olíufjallinu (sjá JS — M 1:23). Og enn mun frelsarinn standa á Olíufjallinu áður en hann birtist öllum heiminum. (Sjá Sak 14:3–5; K&S 45:48–53; 133:19–20; LR Olíufjallið).

12. Getsemanegarðurur



Þessi mynd af öldnu ólífutré er tekin þar sem talið er að Getsemanegarðurinn hafi verið. Hér nálægt baðst frelsarinn fyrir eftir að hann fór úr loftsalmum nóttina sem hann var svikinn.

Merkir atburðir: Hér hóf Jesús Kristur að líða

fyrir syndir mannkyns (Matt 26:36–44; Mark 14:32–41; K&S 19:16–19). Að lokinni bæninni var hann svikinn af Júdasi Ískariót og lærisveinar hans afneituðu honum um stund eftir handtöku hans í garðinum (Mark 14:50). (Sjá LR Getsemane).


13. Golgata



Þessi klettur, sem líkist hauskúpu og er rétt utan við Damaskushliðið í Jerúsalem (Jóh 19:17, 20), er mögulega sá staður þar sem Jesús Kristur var krossfestur.

Merkir atburðir: Eftir að Jesús var húðstrýktur og hæddur var farið með hann „til þess staðar, er heitir Golgata, það þýðir hauskúpu-staður,“ þar sem hann var krossfestur (Matt 27:26–35; Jóh 19:17–18). (Sjá LR Golgata).

14. Garðgröfin



Möguleg staðsetning garðgrafar Jósefs frá Arimaþeu. Margir nútímaspámennt eru á þeirri skoðun að líkami frelsarans hafi verið lagður í þessa gröf, sem hér má sjá.

Merkir atburðir: Eftir að frelsarinn dó á krossinum var líkami hans lagður í nýja gröf sem höggvin var í klett (Matt 27:57–60). Á þriðja

degi fóru nokkrar konur til grafarinnar, en urðu þess áskynja, að líkami frelsarans var þar ekki (Matt 28:1; Jóh 20:1–2). Postularnir Pétur og Jóhannes fóru einnig til grafarinnar og sáu að líkami frelsarans var horfinn (Jóh 20:2–9). Frelsarinn upprisinn birtist Maríu Magdalenu (Jóh 20:11–18).

15. Jeríkó




Þessi mynd sýnir gróðurinn í Jeríkó nútímans. Til forna var hér borg umgirt múrum í Jórdandalnum, 252 metrum neðar sjávarmáli. Nú er hér gróðursælt landbúnaðarhérað þar sem döðlupálmar og sítruslundir dafna. Í bakgrunni er hið álitna fjall freistinganna (Matt 4:1–11).

Merkir atburðir: Nálægt þessum stað fóru Jósúa og Ísraelsbörn fyrst yfir ána Jórdan, inn í fyrirheitna landið (Jós 2:1–3; 3:14–16). Með kraftaverki lét Drottinn múrana hrynja

frammi fyrir liði Ísraelsmanna (Jós 6; sjá einnig Hebr 11:30). Jósúa bannfærði borgina (Jós 6:26), og bannfæringin uppfylltist (1 Kon 16:34). Elísa gjörði vötn Jeríkó heilnæm (2 Kon 2:18–22). Á leið sinni til Jerúsalem í síðasta sinn fór frelsarinn hér um, læknaði Bartímeus blinda og dvaldi með Sakkeusi tollheimtumanni (Mark 10:46–52; Lúk 18:35–43; 19:1–10). Vegurinn til Jeríkó frá Jerúsalem kemur við sögu í dæmisögunni um miskunnsama Samverjann (Lúk 10:30–37). (Sjá LR Jeríkó).

16. Síló




Séð í vesturátt eru rústir hinnar fornu borgar Síló, rétt vinstra megin við miðju myndar.

Merkir atburðir: Ættkvíslir Ísraels komu saman og fengu úthlutað landssvæðum (Jós 18–22). Tjaldbúðin og sáttmálsörkin

voru sett upp hér og voru hér svo öldum skipti (Jós 18:1). Hér baðst Hanna fyrir og helgaði son sinn Samúel þjónustu Drottins (1 Sam 1). Ísraelítar fóru með örkina frá Síló og biðu ósigur fyrir Filistum, sem síðan her-tóku örkina (1 Sam 4:1–11).

17. Síkem




Hin forna borg Síkem. Í forgrunni er Garímsfjall og aftar á myndinni er Ebalfjall. Síkem stendur á milli þessara tveggja fjalla.

Merkir atburðir: Abraham setti upp tjöld sín í Síkem (1 Mós 12:6–7). Jakob sló hér upp tjöldum og keypti landspildu (1 Mós

33:18–20). Garísímfjall var fjall blessananna en Ebal var á hinn bóginn fjall bölvanna (5 Mós 27–28). Á Ebalfjalli reisti Jósúa minnismerki og risti þar á stein lögmál Móse og las síðan yfir Ísraelítum (Jós 8:30–35). Bein Jóséfs eru jarðsett í Síkem (Jós 24:32).

18. Dótan í Samaríu



Dótan einkennist af fjallshryggjum og dölum. Hér er gott beitiland. Þegar Ísraelítar byggðu landið, kom þetta hérað í hlut Manasse.

Merkir atburðir: Í Dótandalnum var Jósef seldur til Egyptalands (1 Mós 37:12–28).

Óbadía bjargaði hundrað spámönnum með því að fela þá í hellum þegar Jesebel reyndi að drepa spámenn Ísraels (1 Kon 18:13). Sýrlenski herinn umkringdi Elísa og þjón hans, sem Drottinn bjargaði á undursamlegan hátt (2 Kon 6:13–23).

19. Sesarea og Saronsléttan til Karmel




Horft í norður yfir hina fornu höfn Sesareu og Saronsléttuna. Einnig sést fjallgarðurinn Karmel efst á myndinni.

Merkir atburðir: Elía tókst á við falsspámenn Baals á Karmelfjalli (1 Kon 18). *Via Maris* (Sjávargata), mikilvæg leið til forna, lá austan við Sesareu. Eftir að Pétur hafði séð merki-lega sýn meðan hann var í Joppe, hóf hann

trúboð meðal Þjóðanna með því að kenna hundraðshöfðingjanum Kornelíusi í Sesareu (Post 10). Filippus prédikaði og bjó hér og eignaðist fjórar dætur sem spáðu (Post 8:40; 21:8–9). Páll var fangi í borginni í tvö ár (Post 23–26). Hann prédikaði yfir Felixi, Festusi, og Heródesi Agrippu II, sem sagði, „Þú þykist ekki vera lengi að gjöra mig kristinn“ (Post 26:28).

20. Joppe



Horft í norðvesturátt yfir hafnarborgina Joppe (Jaffa).

Merkir atburðir: Jónas fór til Joppe til þess að fá far með skipi til Tarsis (Jónas 1:1–3). Joppe var höfnin sem Salómon og síðar Serúbbabel notuðu þegar þeir fluttu timbur frá sedrusskógum Líbanons til að reisa musteri sín

(2 Kro 2:16; Esra 3:7). Hér reisti Pétur Tabíþu, sem einnig var nefnd Dorkas, upp frá dauðum (Post 9:36–43). Pétur fékk einnig sýnina um hrein og óhrein dýr, sem sýndi honum nauðsyn þess að hefja trúboð meðal Þjóðanna (Post 10). Orson Hyde kom hér til þess að helga Landið helga á árinu 1841.


21. Jesreeldalur



Horft í suðvestur frá tindi Taborfjalls og sést þá hluti Jesreeldals, einnig þekktur sem Esdraleon sléttan. Þótt oft sé litið á Jesreel sem einn stóran dal, er hann í rauninni röð dala sem tengja Akkósléttuna við Jórdandalinn og svæðið í kringum Galíleuvatn. Megiddódalur er til dæmis í vesturhluta þessa dals. Um Jesreeldal lá aðalsamgönguleiðin austur og vestur um Landið helga milli Miðjarðarhafs í vestri og Jórdandals í austri.

Merkir atburðir: Aðalþjóðbrautin sem tengdi Egyptaland og Mesópótamíu lá um þennan dal, og hér voru margar orrustur háðar (Dóm 1:22–27; 5:19; 2 Kon 23:29–30). Hin mikla Harmagedón-orrusta, sem háð verður skömmu fyrir síðari komu frelsarans, tekur nafn af *Har Megiddon* eða Megiddófjalli (Esek 38; Jóel 3:9–14; Sak 14:2–5; Op 16:14–16).

22. Taborfjall



Horft í norðvesturátt í átt að Taborfjalli. Láglandið umhverfis Taborfjall er hluti af Jesreeldalnum. Nasaret er í hæðunum nálægt Taborfjalli.

Merkir atburðir: Debóra og Barak kölluðu

liðssveitir Drottins saman gegn Jabín, konungi í Hasór (Dóm 4:4–14). Taborfjall er annar þeirra staða þar sem sagnir herma að ummyndun frelsarans hafi gerst (Matt 17:1–9); hinn er Hermonfjall. (Sjá LR Ummyndun).

23. Galíleuvatn og fjall sæluboðanna




Horft í suðvestur yfir norðvesturhorn Galíleuvatns, sem er ferskvatn. Hæðin fyrir miðju í forgrunni er fjall sæluboðanna að talið er. Kapernaum er til vinstri, utan myndar. Tíberías er sunnar, meðfram vesturströndinni.

Merkir atburðir: Mestur hluti jarðneskrar þjónustu frelsarans átti sér stað á þessu svæði. Hér kallaði hann og vígði postulana tólf (Matt 4:18–22; 10:1–4; Mark 1:16–20; 2:13–14; 3:7, 13–19; Lúk 5:1–11), flutti fjallræðuna (Matt 5–7); og kenndi í dæmisögum (Matt 13:1–52; Mark 4:1–34). Kraftaverk sem

hann gerði voru meðal annars: Hann læknaði líkþráan (Matt 8:1–4); lægði storminn (Matt 8:23–27); rak út af ungum manni hersingu illra anda, sem síðan fóru í svínin er ruddust út í vatnið (Mark 5:1–15); mettaði 5.000 og 4.000 (Matt 14:14–21; 15:32–38); bauð lærisveinum sínum að kasta út netum sínum, þannig að þeir fengu mikinn afla (Lúk 5:1–6); læknaði marga (Matt 15:29–31; Mark 3:7–12); og birtist eftir upprisu sína til þess að kenna lærisveinum sínum (Mark 14:27–28; 16:7; Jóh 21:1–23). (Sjá LR Galílea.)

24. Kapernaum



Kapernaum, sem staðsett er á norðurströnd Galíleuvatns, var miðpunktur þjónustu Jesú í Galíleu (Matt 9:1–2; Mark 2:1–5). Þessi mikilvæga verslunar- og fiskveiðistöð var byggð mönnum af Þjóðunum engu síður en Gyðingum. Á fyrstu öld komst íbúafjöldinn sennilega aldrei yfir 1.000. Kapernaum stóð þar sem mættust mikilvægar verslunarleiðir og umhverfis var frjósamt land. Rómverskir hermenn gerðu hér baðhús og birgðastöðvar. Þrátt fyrir þau mörgu kraftaverk sem hér voru unnin, hafnaði fólkíð yfirleitt trúboði frelsarans. Þess vegna lagði Jesús bölvun á borgina (Matt 11:20, 23–24). Er tímar liðu varð Kapernaum rústir einar og þar er nú engin byggð.

Merkir atburðir: Kapernaum var þekkt sem

frelsarans „eigin borg“ (Matt 9:1–2; Mark 2:1–5). Hann vann mörg kraftaverk á þessum stað. Til dæmis læknaði hann marga (Mark 1:32–34), þar á meðal þjón hundraðshöfðingja (Lúk 7:1–10), tengdamóður Péturs (Mark 1:21, 29–31), lamaða manninn í rúminu sem var látið síga niður um þakið (Mark 2:1–12), og manninn með visnuðu höndina (Matt 12:9–13). Hér rak Jesús einnig út marga illa anda (Mark 1:21–28, 32–34); reisti dóttur Jarúsar upp frá dauðum (Matt 9:18–19, 23–26; Mark 5:22–24, 35–43); og flutti prédíkunina um brauð lífsins í samkunduhúsinu í Kapernaum (Jóh 6:24–59). Frelsarinn bauð Pétri að veiða fisk í Galíleuvatni, opna munn hans og finna þar pening til þess að greiða skatt (Matt 17:24–27).

25. Jórdanáin




Jórdanáin á upptök norðan Galíleuvatns, sem hún fellur í, og rennur síðan í suður frá vatninu til Dauðahafsins. Þessi ljósmynd var tekin nálægt afrennsli árinna frá Galíleuvatni.

Merkir atburðir: Lot kaus Jórdansléttur sjálfum sér til handa (1 Mós 13:10–11). Jósúa

klauf vötnin, þannig að Ísraelsmenn gátu komist yfir til fyrirheitna landsins (Jós 3:13–17; 4:1–9, 20–24). Elía og Elísa klufu vötnin (2 Kon 2:5–8, 12–14). Naaman var læknaður af líkþráa (2 Kon 5:1–15). Jóhannes skírari skírði fjölda fólks, þar með talinn frelsarann (Matt 3:1–6, 13–16). (Sjá LR Jórdanáin).

26. Sesarea Filippí



Sesarea Filippí er staðsett við rætur Hermonfjalls. Þessi lækur er ein af aðrennslisæðum Jórdanárinnar. Heródes Filippus, sem réð hér ríkjum, byggði hér borg til heiðurs Sesari (keisara sínum) og sjálfum sér; fyrrum var borgin kölluð Panias og í dag Banias og einnig Sesarea Filippí.

Merkir atburðir: Frelsarinn átti stefnumót við lærisveina sína í Sesareu Filippí. Hér lýsti Pétur því yfir að frelsarinn væri „Kristur, sonur hins lifanda Guðs.“ Síðan lofaði frelsarinn Pétri „lyklum himnaríkis“ (Matt 16:13–20).

27. Nasaret



Þessi mynd af Nasaret nútímans er tekin í suðurátt. Á tímum Biblíunnar var Nasaret lítið þorp.

Merkir atburðir: Nefí sá í sýn móður frelsarans í Nasaret (1 Ne 11:13–22). Engillinn Gabríel tjáði Maríu að hún mundi fæða frelsarann (Lúk 1:26–35). Gabríel bauð Jósef að taka

Maríu sér til eiginkonu og nefna son hennar Jesú (Matt 1:18–25). Jesús ólst upp í Nasaret (Matt 2:19–23; Lúk 2:4–40; 4:16). Hann prédikaði og lýsti því yfir í samkunduhúsinu að hann væri Messías (Lúk 4:16–21), en íbúar Nasaret höfnuðu honum (Matt 13:54–58; Lúk 4:22–30). (sjá LR Nasaret).

28. Dan



Hin forna borg Dan var kölluð Lesem (Jós 19:47) eða Laís (Dóm 18:7, 14) áður en Ísraelítar lögðu landið undir sig. Lækurinn sem hér rennur, ásamt læknum í Sesareu Filippí, eru meginuppsprettur Jórdanárinnar. Hér má sjá mynd af musteri Jeróbóams.

Merkir atburðir: Abraham bjargaði Lot (1 Mós 14:13–16). Dan ættkvíslin hertók svæðið og

nefndi það Dan (Jós 19:47–48). Jeróbóam setti upp falskt musteri með gullkálfr sem átti þátt í hruni ættkvíslanna tíu í norðri (1 Kon 12:26–33). Dan var nyrsta borg Ísraels — þess vegna tala ritningarnar um land Ísraels „frá Beerseba til Dan“ (2 Kro 30:5; Beerseba var syðsta borgin). (Sjá LR Dan).

29. Aþena



Þessi ljósmynd, sem tekin er frá Areopagus (Areashæð) sýnir Akrópólís í Aþenu sem var helgistaður ýmissa heiðinna guða. Aþena var hinn forni, gríski höfuðstaður Attíku og á tímum Nýja testamentis taldist hún til rómverska héraðsins Akkíu. Henni var í heiðni nafn gefið til heiðurs hinni grísku gyðju Aþenu. Þegar á tímum Nýja testamentis hafði Aþena misst að mestu

sitt fyrra mikilvægi og ljóma, en þar voru þó enn margar stytur og minnismerki um marga guði og gyðjur, þar á meðal til heiðurs „óþekktum guði“ (Post 17:23).

Merkir atburðir: Páll postuli heimsótti borgina og flutti predikun sína um hinn óþekkta guð á Aresarhæð. (Post 17:15–34). Trúboðar voru sendir út frá Aþenu til annarra héraða Grikklands (1 Þess 3:1–2).

30. Korinta




Korinta er helsta borg rómverska héraðsins Akkíu. Hún stóð á eiðinu sem tengir Pelópónnisos við meginland Grikklands, og hafði hafnir bæði til austurs og vesturs. Hún var auðug og voldug hafnarborg.

Merkir atburðir: Páll bjó í Korintu í eitt ár

og sex mánuði og kom upp kirkju hér (Post 18:1–18). Páll ritaði nokkur bréf til meðlima kirkjunnar á Korintusvæðinu, og eru tvö þeirra nú í Nýja testamentinu (1. og 2. Korintubréf). Rómverjabréfið var líklega skrifað frá Korintu.

31. Efesus




Rústir gríska leikhússins í Efesus, þar sem Páll prédikaði. Á tímum Nýja testamentis var Efesus víðfræg um allan hinn þekkt heim fyrir sitt stórfenglega musteri sem reist var til heiðurs hinni heiðnu gyðju Grikkja, Artemis. Efesus, nú rústir einar, var eitt sinn höfuðstaður rómverska héraðsins Asíu og mikil miðstöð verslunar. Silfursmiðir borgarinnar komu sér upp blómlegri verslun með myndir af Artemis.

Merkir atburðir: Páll postuli heimsótti Efesus undir lok annarrar kristniboðsferðarinnar (Post 18:18–19). Í þriðju ferðinni

dvaldi hann í borginni í tvö ár. Hann var neyddur til brottfarar vegna upphlaups silfursmiðanna sem töpuðu viðskiptum vegna prédíkana Páls gegn dyrkun hinnar fölsku gyðju Artemis (Post 19:1, 10, 23–41; 20:1). Leikhúsið í Efesus var hið stærsta sem Grikkir byggðu og þar urðu félagar Páls að mæta múgnum (Post 19:29–31). Páll ritaði pistil til liðsmanna kirkjunnar í Efesus úr fangelsinu í Róm. Ein hinna sjö greina kirkjunnar í Asíu sem Opinberunarbókin er stíluð til var staðsett í Efesus (Op 1:10–11; 2:1).

32. Eyjan Patmos



Eyjan Patmos í Eyjahafi, sem Jóhannes var gerður útlægur til (Op 1:9). Arfsagnir segja, að þar hafi hann unnið í marmaranámum.

Merkir atburðir: Jóhannes sá hina miklu sýn sem Opinberunarbókin greinir frá. Drottinn sagði honum að senda hana til kirknanna sjö í Asíu (Op 1:11).


KIRKJUSÖGUKORT

Kortin hér á eftir geta auðveldað ykkur að skilja betur upphaf sögu Kirkju Jesú Krists hinna síðari daga heilögu og ritningarnar sem opinberuðust með spámanninum Joseph Smith og eftirmönnum hans. Með landfræðilegri þekkingu á svæðum þeim sem um er fjallað í ritningunum fæst betri skilningur á atburðum ritninganna.

Yfirlit og lykill

Útlínur kortsins hér fyrir neðan gefa til kynna áherslur þeirra númeruðu korta sem fylgja hér á eftir. Þessi kort ná yfir stór svæði og jafnframt nákvæmari landfræðileg svæði.

1. Norðausturhluti Bandaríkjanna
2. Palmyra-Manchester, New York, 1820–1831
3. New York, Pennsylvaníu og Ohio svæði Bandaríkjanna
4. Kirtland, Ohio, 1830–1838
5. Missouri, Illinois og Iowa svæði Bandaríkjanna
6. För kirkjunnar vestur á bóginn
7. Heimskort




Hér fer á eftir lykill til að skilja mismunandi merki og leturgerðir sem notuð eru á kortunum. Því til viðbótar kunna á einstökum kortum að vera lykklar með útskýringum á viðbótarmerkjum viðvikjandi því sérstaka korti.

- Appelsínugulur ferhyrningur táknar byggingu, fyrirtæki eða aðra staði bæjarins.
 - Rauður depill táknar borg eða bæ.
- Atlantshaf* Þessi leturgerð er notuð til þess að tákna landfræðileg atriði, svo sem vötn, ár, fjöll, óbyggðir og dali.
- Palmyra* Þessi leturgerð er notuð fyrir borgir og bæi.

NEW YORK Þessi leturgerð er notuð fyrir smærri stjórnarslegar einingar, svo sem svæði og fylki Bandaríkjanna og sjálfstjórnarsvæði.

KANADA Þessi leturgerð er notuð fyrir stærri stjórnarslegar einingar, svo sem þjóðir, lönd og meginlönd.

1. Norðausturlhuti Bandaríkjanna



1. **Topsfield** Fæðingarstaður Josephs Smith eldra, fæddur 12. júlí 1771.
2. **Gilsum** Lucy Mack fæddist hér, 8. júlí 1775.
3. **Tunbridge** Joseph Smith eldri og Lucy Mack giftust hér, 24. janúar 1796.
4. **Whitingham** Fæðingarstaður Brighams Young, fæddur 1. júní 1801.
5. **Harmony** Emma Hale fæddist í sveitarfélaginu Harmony 10. júlí 1804.

6. **Sharon** Joseph Smith yngri fæddist hér, 23. desember 1805 (sjá JS — S 1:3).
7. **Lebanon** Smith fjölskyldan bjó í Lebanon sveitarfélaginu frá 1811 til 1813, á þeim tíma gekkst Joseph Smith yngri undir margar skurðaðgerðir á fæti.
8. **Norwich** Smith fjölskyldan bjó hér frá 1814 til 1816 áður en hún flutti til Palmyra.
9. **Palmyra** Smith fjölskyldan flutti hingað 1816 (sjá JS — S 1:3).

2. Palmyra-Manchester, New York, 1820–1831



1. **Bjálkahús Josephs Smith eldra** Engillinn Moróni birtist Joseph Smith í herbergi á efri hæð þessa húss 21.–22. september 1823 (sjá JS — S 1:29–47).
2. **Byli Josephs Smith eldra** Á þessu 40 hektara býli bjó Smith fjölskyldan frá 1820 til 1829
3. **Lundurinn helgi** Fyrsta sýn Josephs Smith yngri birtist honum í skógi á býli Smith fjölskyldunnar snemma vors 1820 (sjá JS — S 1:11–20).
4. **Grindarhús Josephs Smith eldra** Þetta hús var reist 1822 af Alvin Smith og þar bjó Smith fjölskyldan frá 1825 til 1829.

5. **Kúmórahæðin** Hér lét engillinn Moróni spámanninn Joseph Smith fá gulltöflurnar 22. september 1827 (sjá JS — S 1:50–54, 59).
6. **Byli Martins Harris** Þetta býli var veðsett og hluti landrýmis þess seldur til þess að greiða fyrir prentun Mormónsbókar.
7. **E. B. Grandin prentsmiðjan** 5.000 eintök af Mormónsbók voru prentuð hér 1829–1830.
8. **Hathawaylækur** Í þessum læk, sem fyrri ábúendur kölluðu oft Bugðulæk, voru sumar fyrstu skírnirnar framkvæmdar.

3. New York, Pennsylvaníu og Ohio svæði Bandaríkjanna



- 1. South Bainbridge** Joseph Smith yngri og Emma Hale voru gefin saman hér 18. janúar 1827 (sjá JS — S 1:57).
- 2. Colesville** Fyrsta grein kirkjunnar var stofnuð hér í húsi Josephs Knight eldri í Colesville sveitarfélaginu 1830.
- 3. Hús Josephs Smith eldra í Harmony** Mikill hluti þýðingar Mormónsbókar var unninn hér. Prestdæmið var endurreist skammt frá 1829 (sjá K&S 13; 128:20; JS — S 1:71–72).
- 4. Fayette** Vitmin þrjú sáu gulltóflurnar og engilinn Moróni hér (K&S 17). Þýðingu


Mormónsbókar lauk hér í júní 1829. Kirkjan var stofnuð hér 6. apríl 1830 (sjá K&S 20–21).

- 5. Mendon** Í fyrstu heimili Brighams Young og Hebers C. Kimball.
- 6. Kirtland** Trúboðar sem höfðu verið sendir til Lamanítanna staðnæmdust hér 1830 og skírðu Sidney Rigdon og aðra á Kirtland svæðinu. Hér voru höfuðstöðvar kirkjunnar frá 1831 til 1838. Fyrsta musterið á þessum ráðstöfunartíma var reist í Kirtland og var vígt 27. mars 1836 (sjá K&S 109).
- 7. Erie-skipaskurðurinn** Þrjár greinar kirkjunnar í New York (Colesville, Fayette og Manchester) fóru eftir Erie-skipaskurðinum

og Erievatni til Kirtlands, Ohio, í apríl og maí 1831.

- 8. Hiram** Joseph og Emma bjuggu hér frá september 1831 til september 1832. Joseph og Sidney Rigdon unnu að þýðingu Josephs Smith á Biblíunni (ÞJS). Opinberanir meðtektnar hér: K&S 1; 65–71; 73; 76–77; 79–81; 99; 133.
- 9. Amherst** Joseph Smith var studdur sem forseti hins háa prestdæmis 25. janúar 1832 (sjá K&S 75).
- 10. Toronto** Heimili Johns Taylor, þriðja forseta kirkjunnar og Mary Fielding Smith, eigin konu Hyrum Smith.

4. Kirtland, Ohio, 1830–1838



1. **Hús Newels K. Whitney** Joseph og Emma bjuggu hér í nokkrar vikur fyrst eftir að þau komu til Kirtlands 1831. Joseph meðtók nokkrar opinberanir hér.
2. **Býli Isaacs Morley** Joseph og Emma Smith bjuggu hér frá mars til september 1831. Fyrstu háprestarnir voru vígðir hér. Joseph vann að Þýðingu Josephs Smith á Biblíunni (ÞJS).
3. **Verslun Newels K. Whitney** Æðsta forsætisráði kirkjunnar voru veittir lykklar ríkisins hér. Skóli spámannanna kom saman hér veturinn 1833. ÞJS var um það bil lokið hér 1833. Joseph og Emma bjuggu hér frá 1832 til 1833. Joseph meðtók margar opinberanir hér.
4. **Johnsonkráin** Í kráinni var fyrsta prentsmiðjan í Kirtland. Eftir að prentvélin var eyðilögð í Jacksonsýslu, Missouri, var *The Evening and the Morning Star* prentað hér. Postularnir tólf fóru héðan 4. maí 1835 í fyrstu trúboðsferðir sínar.
5. **Hús Josephs Smith eldra** Joseph og Emma bjuggu hér frá seinni hluta 1833 þar til snemma árs 1838.


Hér lauk þýðingu á Bók Abrahams og Joseph meðtók nokkrar opinberanir hér.

6. **Prentsmiðja** *Lectures on Faith* (Fyrirlestrar um trú) voru fluttir hér í þessari byggingu. Postularnir tólf og Fyrsta sveit hinna sjötíu voru kallaðir og vígðir hér. Kenning og sáttmálar (1. útgáfa), Mormónsbók (2. útgáfa), *The Evening and the Morning Star*, *Letter Day Saints' Messenger and Advocate*, og fyrstu tölublöð af *Elders' Journal* var prentað hér.

7. **Kirtland musteríð** Þetta musterí var hið fyrsta á þessum ráðstöfunartíma. Jesús Kristur birtist og meðtók musteríð. Móse, Elías og Elía birtust og endurreistu sérstaka prestdæmislykla (sjá K&S 110). Skóli spámannanna kom og hér saman. Opinberanir veittust hér: K&S 109–110; 137.

Kirtland Hinn 17. ágúst 1835 var Kenning og sáttmálar samþykkt sem ritning. Meðal opinberana sem fengust í Kirtland er K&S 41–50; 52–56; 63–64; 72; 78; 84–98; 101–104; 106–110; 112; 134 og 137. Kaffli 104 tilgreinir sérstakar eignir sem afhentar skyldu þeim kirkjumeðlimum til umráða, sem voru þáttakendur í sameiningarreglunni (sjá vers 19–46).

5. Missouri, Illinois og Iowa svæði Bandaríkjanna



- 1. Independence** Skilgreind sem miðpunktur Stonar (sjá K&S 57:3). Musterislóð var vígð 3. ágúst 1831. Hinir heilögu voru hraktir frá Jacksonsýslu árið 1833.
- 2. Fishing-áin** Joseph Smith og Stonarvíking ferðubust frá Kirtland, Ohio, til Missouri 1834 til að festa hina heilögu í Jackson-sýslu í sessi. K&S 105 opinberaðist hér á bókbum þessarar át.
- 3. Far West** Þetta var stærsta Mormónabyggðin í Missouri. Musterislóð var vígð hér á þessum stað (sjá K&S 115). Þann 8. júlí 1838 tók Tölpostulasveitin hér á móti kóllun frá Drottinu um að þjóna í trúboði á Bretlandseyjum (sjá K&S 118).

4. Adam-ondi-Ahman Drottinn benti á þennan stað í efri hluta Missouri sem staðinn þar sem mikil samkoma mun haldin þegar Jesús Kristur kemur til þess að hitta Adam og réttláta móti þans (sjá K&S 78:15; 107:53–57; 116).

5. Liberty-fangelsið Joseph Smith og aðrir voru fangelsaðir hér á óréttermáttan hátt frá desember 1838 til apríl 1839. Mitt á þessum erfiðleikatum Kirkjunnar ákallaði Joseph Drottinn til þess að fá leiðsögn og meðtók K&S 121–123.

6. Nauvoo Staðsett við Mississippifljótið, þetta var staður samansöfnunar hinna heilögu frá 1839 til 1846. Hér var musterier reist, og helgithafnir hófust,


svo sem skím fyrir dána, musterisgjöf og innsigliun hjóna. Hér var Líknaarfélagið stofnsett 1842. Meðal opinberana sem fengust hér eru K&S 124–129.

7. Carthage Hér létu spámaðurinn Joseph Smith og bróðir hans Hyrum lífið sem píslarvottar 27. júní 1844 (sjá K&S 135).

8. Vetraustöðvar Stærsta tímabundna byggð hinna heilögu (1846–1848) á leið þeirra til Saltvatnsdals-ins. Ísraelfyrking var skipulögð fyrir förina vestur á bóginn (sjá K&S 136).

9. Council Bluffs (Kanesville) Eðsta forsætisráðið var stutt hér 27. desember 1847, með Brigham Young sem forseta.

6. Fyr kirkjunnar vestur á bögninn



- 1. Fayette** Spámaðurinn Joseph Smith fór frá Fayette til Kirtlands, Ohio, í janúar 1831. Greinarnar þrjár í New York (Fayette, Colesville og Manchester) fylgdu á eftir í apríl og maí 1831 samkvæmt fyrirmælum Drottins um að safnast saman (sjá K&S 37–38).
- 2. Kirtland** Höfuðstöðvar kirkjunnar voru aðallega í Kirtland frá 1831 til 1838.
- 3. Independence** Drottinn skilgreindi Independence (í Jackson-sýslu, Missouri) sem miðpunkt Sionar í júlí 1831 (sjá K&S 57:3). Mágur hrakti hina heilögu úr Jackson-sýslu í nóvember 1833.
- 4. Liberty** Hinar heilögu frá Jackson-sýslu söfnuðust saman í Claysýslu frá 1833 til 1836, þegar þess var krafist að þeir færu þaðan. Spámaðurinn Joseph Smith og fimn aðrir voru fangelsaðir hér á óréttsmætan hátt frá desember 1838 til apríl 1839.

- 5. Far West** Gríðastað var komið á hér fyrir hina heilögu 1836–1838. Hér voru höfuðstöðvar kirkjunnar 1838. Á árunum 1838–1839 neyddust hinir heilögu til að flyja yfir til Illinois.
- 6. Nauvoo** Höfuðstöðvar kirkjunnar 1839–1846. Eftir þjálfarvæðisauða spámanna og Hýrums bróður hans, fluttu hinir heilögu vestur á bögninn.
- 7. Council Bluffs** Frumherjarirnir komu hér í júní 1846. Meðlimir í Mormónahereldinni fóru héðan 21. júlí 1846, undir stjórn James Allen.
- 8. Vetrasstöðvar** Mikilvæg tímabundin byggð, 1846–1848. Framfarðarhorpunin undir stjórn Brigham Young forseta fór héðan vestur á bögninn í apríl 1847.
- 9. Leavenworth virkið** Mormónahereldin fékk hina að sínu hér áður en heryngan til vesturs hófst hér í ágúst 1846.

- 10. Santa Fe** Philip Cooke stjórnaði Mormónahereldinni þegar hún fór héðan 19. október 1846.
- 11. Pueblo** Þrjár sjúkrasveitir Mormónahereldarinnar voru sendar til Pueblo til þess að jafna sig, þar eyddu þeir vetrinum 1846–1847 ásamt heilögum frá Missisísippi. Þessir hópar komu í Saltvatnsdalinn í júlí 1847.
- 12. San Diego** Mormónahereldin lauk hinni 3.200 kílómetra löngu heryngingu hér 29. janúar 1847.
- 13. Los Angeles** Mormónahereldin var leyst upp hér 16. júlí 1847.
- 14. Sacramento** Sumir sem voru höfuð í hereldinni unnu hér og (Sutter's Mill lengra austur með Ameríkanámi, þeir voru viðstaddir þegar gull var uppgötvæð í janúar 1848.
- 15. Salt Lake City** Höfuðstöðvar kirkjunnar frá 1847 til þessa dags. Brigham Young kom í Saltvatnsdalinn 24. júlí 1847.

7. Heimskort



Kirkjusagan Kortaskrá

Kortaskráin auðveldar þér að finna tiltekinn stað á kortunum. Hver færsla felur í sér númer korts og á eftir fylgir tilvísun í hnitakerfi sem er samsett af stöfum og tölum. Til dæmis er staðsetning Hall virkisins gefin sem 6:B1 — það er kort 6, reitur B1. Þú getur fundið tiltekna reiti á hverju korti með því að líta á merkingarnar efst og til hliðar á kortunum. Önnur nöfn á stöðum eru gefin innan sviga; til dæmis: Council Bluffs (Kanesville).

Adam-ondi-Ahman, Missouri, 5:D3	Chillicothe vegur, Kirtland, 4:B4	Gilsum, New Hampshire, 1:D2	Independence, Missouri, 5:D4, 6:E2
Afríka, 7:E2	Cleveland, Ohio, 3:C4	Grafreitir Alvins Smith, Palmyra, 2:C2	Indiana, 6:F2
Albany, New York, 1:C2	Coleville, New York, 1:B3, 3:H3	Grandin, E. B., prentsmiðja, Palmyra, 2:C2	Indlandshaf, 7:F3
Amherst, Ohio, 3:C4	Connecticut, 1:C3	Grand-áin, Missouri, 5:D2	Iowa, 5:E1, 6:E2
Arkansas-fljótið, 6:D3	Connecticut-fljótið, 1:D1	Grindarhús Josephs Smith, eldra, Palmyra svæðið, 2:B3	Jackson-sýsla, Missouri, 5:D4
Armington skóla-vegurinn, Palmyra svæðið, 2:D3	Council Bluffs (Kanesville), Iowa, 5:C1, 6:E2	Hall virkið, 6:B1	Johnson kráin, Kirtland, 4:B2
Asía, 7:F2	Cowdery stræti, Kirtland, 4:A3	Harmony, Pennsylvania, 1:B3, 3:H3	Josephsstræti, Kirtland, 4:A4
Atlantshafið, 1:D4, 6:H2	Delaware-fljótið, 1:B4	Hathaway-lækur, Palmyra svæðið, 2:B2, 2:D4	Kalifornía, 6:A3
Ástralía, 7:G3	DeWitt, Missouri, 5:E4	Hawn myllan, Missouri, 5:D3	Kaliforníuslóðin, 6:B2
Banki, Kirtland, 4:B4	Erie-skipaskurðurinn, New York, 2:A2, 3:F1	Hiram, Ohio, 3:D4	Kanada, 1:C1, 3:C3, 6:F1
Bjálkahús Josephs Smith, eldra, Palmyra svæðið, 2:B3	Erie-vatn, 3:D3	Hudson-fljótið, New York, 1:C3	Kanada-áin, 6:D3
Boston, Massachusetts, 1:D3	Evrópa, 7:E1	Hús Hyrums Smith, Kirtland, 4:B4	Kirkjugarður, Kirtland, 4:B3
Bridger virkið, 6:C2	Farmington sveitarfélagið, Palmyra svæðið, 2:A4	Hús Josephs Knight, eldra, Colesville sveitarfélaginu, New York, 3:H3	Kirtland, Ohio, 3:C3, 6:F1
Buffalo, New York, 3:E2	Far West, Missouri, 5:D3, 6:E2	Hús Josephs Whitney, Kirtland, 4:B2	Kirtland-musteri, 4:B4
Býli Isaacs Morley, Kirtland, 4:D1	Fayette, New York, 1:A3, 3:G2, 6:G1	Hús Josephs Knight, eldra, Colesville sveitarfélaginu, New York, 3:H3	Kornmylla, Kirtland, 4:B2
Býli Josephs Smith, eldra, Palmyra svæðið, 2:B3	Fingurvötn, New York, 1:A3, 3:G2	Hús Josephs Smith, yngra, 3:H3, 4:B3	Kúmóra-hæðin, Palmyra svæðið, 2:C4
Býli Martins Harris, Palmyra svæðið, 2:B1	Fishing-áin, Missouri, 5:D3	Hús Josephs Smith, yngri, 3:H3, 4:B3	Kyrrahaf, 6:A1, 7:B3
Canandaigua vegur, Palmyra svæðið, 2:C3	Fox vegur, Palmyra svæðið, 2:A3	Hús Newel K. Whitney, Kirtland, 4:B2	Landsvæði indíána, 5:B2, 6:D1, 6:D3
Carthage, Illinois, 5:G2	Freedom, New York, 3:F2	Hús Sidneys Rigdon, Kirtland, 4:B4	Laramie virkið, 6:C2
Chagrin-áin, austurkvíslin, Kirtland, 4:B1	Gallatin, Missouri, 5:D3	Illinois, 5:H3, 6:F2	Leavenworth virkið, 5:D4, 6:E2
Chariton-áin, Missouri, 5:E2	Garden Grove, Iowa, 5:D1		Lebanon, New Hampshire, 1:D2
	Gila-áin, 6:B4		Liberty, Missouri, 5:D4, 6:E2
			Los Angeles, 6:A3
			Lundurinn helgi, Palmyra svæðið, 2:B3

Macedon sveitarfélagið, Palmyra svæðið, 2:A1	Ohio, 3:B4, 6:F2	Salem, Massachusetts, 1:D3	Sútunarstöð, Kirtland, 4:B2
Maine, 1:D1	Ontario-sýsla, New York, 2:A3, 2:D3	Salt Lake City, 6:B2	Syðri Platte-áin, 6:C2
Manchester sveitarfélagið, New York, 1:A3, 2:D3, 3:G2	Ontario-vatn, 1:A2, 3:F1	Saltvatnið mikla, 6:B2	Sögunarmylla, Kirtland, 4:B3
Markellvegur, Kirtland, 4:A2	Orange, Ohio, 3:C4	San Bernardino, 6:B3	Thompson, Ohio, 3:D3
Massachusetts, 1:C3	Oregon sjálfstjórnarsvæðið, 6:A1	San Diego, 6:B4	Topsfield, Massachusetts, 1:D3
McIlwaine's Bend, Missouri, 5:E4	Palmyra sveitarfélag, New York, 1:A3, 2:D1, 3:G2	San Francisco, 6:A2	Toronto, Kanada, 3:E1
Mendon, New York, 3:F2	Palmyra þorp, New York, 2:C2	San Luis Rey trúboðið, 6:B4	Tucson, 6:B4
Mexíkó, 6:B3	Pecos-áin, 6:C4	Santa Fe, 6:C3	Tunbridge, Vermont, 1:C2
Mið-Ameríka, 7:B2	Pennsylvanía, 1:A4, 3:F4, 6:G1	Sharon, Vermont, 1:C2	Vermont, 1:C2
Mississippi-fljótið, 5:G3	Perrysburg, New York, 3:E2	Shoal Creek, Missouri, 5:D3	Verslun Newels K. Whitney og félagið, Kirtland, 4:B2
Missouri, 5:F3, 6:E3	Philadelphia, Pennsylvanía, 1:B4, 6:G2	Skírnaraðstaða, Kirtland, 4:B2	Vetrarstöðvar, Landsvæði indíána, 5:B1, 6:E2
Missouri-fljótið, 5:C2, 5:F4	Pisgah-fjall, Iowa, 5:D1	Skóli, Kirtland, 4:B3	Viðarbrennslustöð, Kirtland, 4:B3
Montrose, Iowa, 5:F2	Platte-áin, 5:B1	Snake-áin, 6:B1	Vörumarkaður Josephs Smith, yngri, Kirtland, 4:B3
Nauvoo, Illinois, 5:F1, 6:E2	Prentsmiðja, Kirtland, 4:B4	South Bainbridge, New York, 1:B3, 3:H3	Washington, D.C., 6:G2
New Hampshire, 1:D2	Pueblo, 6:C3	Springfield, Illinois, 5:H2	Wayne-sýsla, New York, 2:A3, 2:D3
New Jersey, 1:B4	Quincy, Illinois, 5:G2, 6:E2	St. Louis, Missouri, 5:H4	Whitingham, Vermont, 1:C3
New York, 1:B3, 3:E3, 6:G1	Ramus, Illinois, 5:G2	Staffordvegur, Palmyra svæðið, 2:B4	Whitney stræti, Kirtland, 4:A3
New York-borg, 1:C4, 6:G1	Red Creek, Palmyra svæðið, 2:D2	Stoney Brook, Kirtland, 4:C3	
Norður-Ameríka, 7:B2	Rhode Island, 1:D3	Suður-Ameríka, 7:C3	
Norður-Atlantshaf, 7:C2	Richmond, Missouri, 5:D4	Suður-Atlantshaf, 7:D3	
Norður-Kyrrahaf, 7:A2, 7:H2	Rio Grande, 6:C4	Suður-Kyrrahaf, 7:A3	
Norwich, Vermont, 1:D2	Rochester, New York, 3:F1	Suðurskautslandið, 7:E4	
Nyrðri Platte-áin, 6:C1	Sacramento, 6:A2	Susquehanna-fljótið, Pennsylvaníu, 1:A4, 3:G3	

LJÓSMYNDIR ÚR SÖGU KIRKJUNNAR

Þessar ljósmyndir sýna mikilvæga sögustaði kirkjunnar, þar sem hinir Síðari daga heilögu gengu um hér á árum áður, þar sem nútímaspámennt hafa lífað og kennt og þar sem margir atburðir úr ritningunum gerðust.

Yfirlit

Kortið hér fyrir neðan sýnir staðsetningar ljósmyndanna í þessum hluta. Með hverri ljósmynd á næstu blaðsíðum, fylgir stutt lýsing á staðhátum. Síðan eru markverðustu atriðin í ritningunum sem tengjast svæðinu talin upp, ásamt tilvísun í ritningargreinar, svo lesa megi sér til um atburðina.

- | | |
|--|---|
| 1. Lundurinn helgi | 9. Kirtland musteríð |
| 2. Kúmórahæðin og Palmyra-Manchester svæðið | 10. Adam-on-di-Ahman |
| 3. Bjálkahús Josephs Smith eldra | 11. Musterislóðin í Far West |
| 4. Grandin prentsmiðjan | 12. Liberty-fangelsíð |
| 5. Susquehanna-fljótið | 13. Mansion House í Nauvoo |
| 6. Staðsetning heimilis Peters Whitmer eldra | 14. Rauðsteinabygging verslunar Josephs Smith yngri |
| 7. Verslun Newel K. Whitney hlutafélagsins | 15. Nauvoo musteríð |
| 8. Heimili Johns Johnson | 16. Carthage-fangelsíð |
| | 17. Brottförin vestur |
| | 18. Salt Lake musteríð |



1. Lundurinn helgi



Lundinn helga er að finna í Palmyra og Manchester sveitarfélögunum í New York. Þessi trjálundur er lítið eitt vestan við þann stað, þar sem hið litla bjálkahús Smith-fjölskyldunnar stóð 1820.

Merkir atburðir: Guð faðirinn og sonur hans, Jesús Kristus, birtust spámanningnum Joseph Smith í þessum lundi (JS — S 1:14–20).

2. Kúmórahæðin og Palmyra-Manchester svæðið



Horft í norðurátt. Myndin sýnir Kúmórahæðina í Manchester, New York. Hæðin byrjar í neðra hægra horni myndarinnar og nær lítið eitt lengra en hálfra leið upp. Hvíta minnismerkið sem sést á norðurenda hæðarinnar er til heiðurs englinum Moróni og birtingu Mormónsbókar. Kúmórahæðin er um 5 kílómetrum suðaustur af Lundinum helga. Palmyraþorpið er næstum því efst á myndinni, í 6½ kílómetra fjarlægð. Smith-búgarðinn og

Lundinn helga er að finna vinstra megin á efri hluta myndarinnar.

Merkir atburðir: Fjölskylda spámannsins Josephs Smith bjó á þessu svæði þegar Fyrsta sýnin fékkst (JS — S 1:3). Árið 421 e.Kr. gróf Moróni safn gulltaflna, er geymdu helga sögu þjóðar hans, í Kúmórahæðinni (OMorm 1:1–11; Morm 6:6; Moró 10:1–2). Þessi sami Moróni sagði Joseph Smith hvar töflurnar væri að finna á hæðinni. Moróni afhenti honum þær 1827 (K&S 27:5; 128:20; JS — S 1:33–35, 51–54, 59).

3. Bjálkahús Josephs Smith eldra



Endurbyggt bjálkahús Josephs Smith eldra, byggt á grunni upphaflega bjálkahússins nálægt Palmyra, New York. Smith-fjölskyldan byggði upphaflega 1½ hæðar húsið úr tilhöggnum bjálkum, stuttu eftir að þau komu til Palmyra. Fjölskyldan bjó hér frá 1819 til 1825.

Merkir atburðir: Spámaðurinn Joseph Smith rannsakaði Biblíuna í þessu húsi þegar hann leitaði ákaft eftir að vita hvaða kirkja væri rétt (JS — S 1:11–13). Moróni birtist Joseph og sagði honum frá Mormónsbókartöflunum (JS — S 1:30–47).

4. Grandin prentsmiðjan



Endurreist prentsmiðja Egberts B. Grandin í Palmyra, New York, þar sem fyrsta eintak Mormónsbókar var gefið út 1830. Martin Harris veðsetti búgarð sinn og seldi hluta hans til þess að greiða kostnaðinn við prentun á 5.000 eintökum af Mormónsbók.

Setning bókarinnar hófst í ágúst 1829, og fullunnin eintök voru fánleg 26. mars 1830.

Merkir atburðir: Martin Harris var boðið að láta eigur sínar fúslega af hendi til að greiða skuldina vegna prentunar Mormónsbókar (K&S 19:26–35).

5. Susquehanna-fljótíð




Þessi mynd sýnir Susquehanna-fljótíð í Harmony sveitarfélaginu, Pennsylvaníu.

Merkir atburðir: Joseph Smith yngri kom fyrst til Harmony 1825 í atvinnuleit. Hann og faðir hans voru kostgangarar á heimili Isaacs Hale hér nálægt, og þar hittu Joseph fyrst Emmu Hale, verðandi eiginkonu sína (JS — S 1:56–57). Joseph og Emma giftust 18. janúar 1827. Spámaðurinn fékk afhentar gulltöflurnar 22. september 1827 í Manchester, New York, og flutti skömmu síðar með Emmu til Harmony, þar sem hann hóf að þýða töflurnar. Á meðan á þýðingu Mormónsbókar stóð vildu Joseph og Oliver Cowdery fá að

vita meira um skírn og gengu að stað í skóginum skammt héðan til að biðja til Drottins varðandi málið. Sem svar við þessari bæn, hinn 15. maí 1829, birtist Jóhannes skírari (JS — S 1:66–74; K&S 13). Hann veitti Joseph og Oliver Aronsprestðæmið. Eftir það fóru þeir að fljótinu og skírðu hvor annan til fyrirgefningar synda. Síðan leiðbeindi Jóhannes skírari Joseph og Oliver varðandi vígslu hvor annars til Aronsprestðæmisins. Nokkru síðar birtust Pétur, Jakob og Jóhannes á milli Harmony og Colesville og veittu Joseph og Oliver Melkisedeksprestðæmið (K&S 27:12–13; 128:20).

6. Staðsetning heimilis Peters Whitmer eldra



Þetta bjálkahús stendur fyrir upprunalegt bjálkahús Peters Whitmer eldra í Fayette, New York.

Merkir atburðir: Joseph Smith lauk hér við þýðingu Mormónsbókar seint í júní 1829. Í skóginum hér nærri sáu vitnin þrjú engilinn Moróní og gulltöflurnar. Vitnisburður þeirra er nú prentaður fremst í öllum útgáfum

Mormónsbókar. Hinn 6. apríl 1830 komu um sextíu manns saman á heimili Peters Whitmer til að vera vitni að formlegri stofnun Kirkju Jesú Krists (K&S 20). Fyrstu samkomur og ráðstefnur hinnar ungu kirkju voru haldnar hér. Tuttugu þeirra opinberana sem er að finna í Kenningu og sáttmálum fengust á heimili Peters Whitmer.

7. Verslun Newel K. Whitney hlutafélagsins



Verslun Newels K. Whitney var mikilvægur þáttur í sögu kirkjunnar í Kirtland. Joseph og Emma Smith bjuggu hér í skamman tíma. Nokkrar mikilvægar opinberanir fengust hér. Skóli spámannanna var haldinn í versluninni frá 24. janúar 1833 þar til einhvern tíma í apríl 1833.

Merkir atburðir: Spámaðurinn Joseph meðtók opinberunina um Vísðómsorðið (K&S 89). Hann vann mikinn hluta af þýðingu Josephs Smith á Biblíunni (ÞJS) hér.

8. Heimili Johns Johnson



Heimili Johns og Alice Johnson var í Hiram, Ohio. Þetta herbergi er á annarri hæðinni.

Merkir atburðir: Spámaðurinn Joseph Smith bjó með konu sinni Emmu í þessu húsi. Joseph og Sidney Rigdon meðtóku hina dýrðlegu sýn um dýrðargráðurnar í viðurvist nokkurra annarra 16. febrúar 1832 (K&S 76).

Einnig vann spámaðurinn Joseph Smith að Joseph Smith þýðingunni á Biblíunni (ÞJS) í þessu húsi. Nóttina 24. mars 1832, meðan Joseph og Emma bjuggu hér, réðst múgur frá hverfra og andmormóna á Joseph og Sidney, börðu þá grimmilega og veltu þeim upp úr tjöru og fiðri.

9. Kirtland musteríð




Kirtland musteríð er í Kirtland, Ohio.

Merkir atburðir: Kirtland musteríð var fyrsta musteríð byggt á þessum ráðstöfunartímum (K&S 88:119; 95). Í þessu musterí sá Joseph Smith himneska ríkið í sýn (K&S 137). Það var vígt 27. mars 1836 (K&S 109). Hinn 3. apríl 1836 birtist frelsarinn og meðtók musteríð

sem stað þar sem hann myndi opinbera fólki sínu orð sitt (K&S 110:1–10). Þar næst birtust þeim Joseph og Oliver Cowdery þeir Móse, Elías og Elía sem hver um sig veitti þeim sérstaka prestdæmislykla og mikilvægar upplýsingar (K&S 110:11–16). Þetta musterí nýttist hinum heilögu í nærri tvö ár áður en þeir urðu að flýja frá Kirtland vegna ofsókna.

10. Adam-ondi-Ahman



Horft í suðurátt yfir Adam-ondi-Ahmandalinn, kyrrlátan, fagran dal í norðvesturhluta Missouri nálægt byggðinni Gallatin.

Merkir atburðir: Þremur árum fyrir dauða sinn kallaði Adam afkomendur sína til þessa dals og veitti þeim hinstu blessun sína (K&S 107:53–56). Árið 1838 var í Adam-ondi-Ahman byggð 500 til 1.000

Síðari daga heilagra. Hinir heilögu yfirgáfu þessa byggð þegar þeir voru reknir úr Missouri. Fyrir síðari komu Krists í dýrð munu Adam og réttlátir afkomendur hans, þar með taldir heilagir frá öllum ráðstöfunartímum, koma saman í þessum dal til fundar við frelsarann (Dan 7:9–10, 13–14; K&S 27; 107:53–57; 116).

11. Musterislóðin í Far West



Landnámið í Far West, Missouri varð samastaður 3.000 til 5.000 heilagra sem leituðu skjóls frá ofsóknunum í Jackson- og Claysýslum. Árið 1838 bauð Drottinn hinum heilögu að byggja musteri hér (sjá K&S 115:7–8). Ofsóknir múgsins komu í veg fyrir að þau gætu gert það. Hinn 31. október það ár var spámaðurinn Joseph Smith og aðrir kirkjuleiðtogar handteknir og, eftir réttarhald í Richmond, fangelsaðir í Liberty-fangelsinu. Veturinn 1838–1839 voru Síðari daga heilagir

hraktir frá Far West og öðrum stöðum í Missourí og þeir komu sér fyrir í Illinois.

Merkir atburðir: Musterislóð var vígð og hornsteinar lagðir. Sjö opinberanir sem birtust í Kenningu og sáttmálum fengust (kaflar 113–115; 117–120). Joseph F. Smith, sjötti forseti kirkjunnar, fæddist 13. nóvember 1838, í Far West. Í Far West voru um hríð höfuðstöðvar kirkjunnar undir stjórn spámansins Josephs Smith.

12. Liberty-fangelsið



Fangelsið í Liberty, Missouri um 1878. Joseph Smith og fimm öðrum bræðrum var ranglega haldið föngnum innan 1.2 metra þykkra veggja frá 1. desember 1838 til 6. apríl 1839. (Sidney Rigdon var látinn laus í lok febrúar.) Þeim var haldið á neðri hæð, eða í dýflissuhluta byggingarinnar, þeir sváfu á köldu steingólfinu, stráþöktu,

við litla birtu og illa varðir fyrir vetrarkuldanum.

Merkir atburðir: Spámaðurinn Joseph Smith, sem baðst fyrir vegna þúsunda Síðari daga heilagra sem voru að hrekjast frá Missouri, hlaut svar við bænnum sínum, er hann skráði sem bréf til hinna útskúfuðu heilögu (K&S 121–123).


13. Mansion House í Nauvoo



Joseph Smith yngri og fjölskylda hans fluttu inn í Mansion House í Nauvoo í ágúst 1843. Síðar var álmu bætt við austurhlíð aðalbyggingarinnar svo að alls urðu herbergin 22. Frá janúarbyrjun 1844, rak Ebenezer Robinson hótél í húsinu, og spámaðurinn hafði sex herbergjanna fyrir sig og fjölskyldu sína. Húsið varð nokkurs konar miðstöð félagslífs í Nauvoo-samfélaginu. Hér tók spámaðurinn á móti mikilsverðum gestum.

Merkir atburðir: Hinn 27. júní 1844 var spámaðurinn Joseph og bróðir hans Hyrum skotnir til bana í Carthage, Illinois, og líkamar þeirra fluttir til þessa húss til að standa þar uppi fram að jarðarförinni. Þeir eru grafnir í litlum fjölskyldugrafreit rétt handan við Main Street, vestur af gamla bjálkahúsinu sem Joseph bjó í fyrst eftir að hann kom til Nauvoo. Emma Smith bjó í Mansion House fram til 1871. Þá flutti hún í Nauvoo House, þar sem hún dó 1879.

14. Rauðsteinabygging verslunar Josephs Smith yngri



Þessi endurgerð verslunar og skrifstofu Josephs Smith yngri er staðsett í Nauvoo, Illinois. Hún var ein af mikilvægustu byggingum kirkjunnar á Nauvoo tímabilinu. Ekki aðeins var hún aðalverslunin, hún varð einnig miðstöð félagslífs, efnahags, stjórnmála og trúarlegra athafna. Joseph Smith hafði skrifstofu á annari hæð hússins.

Merkir atburðir: Fram að því að musteríð var fullbúið var efri hæð verslunarinnar notuð fyrir helgiathafnir, þar sem fyrstu fullkomnu musterisgjafirnar voru gefnar. Hinn 17. mars 1842 stofnaði spámaðurinn Joseph Líknarfélag fyrir konurnar í kirkjunni.

15. Nauvoo musteríð




Upprunalega musteríð í Nauvoo var byggt úr ljósgráum sandsteini úr nágrenninu. Byggingin var 39 metra löng og 27 metra breið. Turninn náði 48 metra hæð frá grunni. Kirkjumeðlimir færðu miklar fórnir til þess að byggja þetta fagra musterí, en verkið hófst 1841. Sumir unnu mánuðum saman við bygginguna, en aðrir fórnðu fjárumunum sínum. Jafnvel þótt musteríð væri ekki fullfrágengið var það troðfullt af kirkjuþegnum sem komu til þess að fá helgiathafnir mánuðina áður en þeir flýðu í vestur. Þótt margir hinna heilögu færu frá Nauvoo snemma vors 1846 vegna hættu á ofbeldi af hendi múgsins, varð sérstakur hópur eftir til þess að fullgera bygginguna. Hinn 30. apríl 1846 vígðu öldungarnir Orson Hyde og Wilford Woodruff úr Tólfpostulasveitinni,

og um það bil 20 aðrir, þetta hús Drottins. Musteríð var yfirgefið í september þegar þeir sem eftir voru af kirkjuþegnum voru hraktir frá Nauvoo; flokkar múgæsingamanna saurguðu hina helgu byggingu. Innviði hennar eyddist í eldi í október 1848. Hið endurbyggða musterí (sjá á mynd) er nákvæm eftirmynd af hinu upprunalega Nauvoo musterí og var vígt af Gordon B. Hinckley forseta 27.–30. júní 2002.

Merkir atburðir: Aðalráðstefna var haldin í samkomusal musterisins 5. október 1845. Verk við musterisgjafir hófst 10. desember 1845 og stóð fram til 7. febrúar 1846. Yfir 5.500 Síðari daga heilagir fengu musterisgjöf sína, og margar skírnir fyrir dána og innsglanir voru framkvæmdar.

16. Carthage-fangelsið




Fangelsið í Carthage, Illinois.

Merkir atburðir: Joseph Smith og bróðir hans Hyrum riðu til Carthage 24. júní 1844. Þeim var varpað í þetta fangelsi 25. júní vegna falskra ásakana um landráð. Hinn 27. júní

réðst múgur um 100 manna, sem svert höfðu andlit sín, inn í fangelsið. Bæði Joseph og Hyrum voru skotnir til bana, og John Taylor hlaut mörg sár. Þótt ótrúlegt sé sakaði Willard Richards ekki.

17. Brottförin vestur



Upphaf brottflutningsins frá Nauvoo, Illinois, var áætlaður í mars-apríl, en vegna ógnana múgsins ákvað Brigham Young forseti að brottför hinna heilögu yfir Mississippi-fljótið skyldi hefjast 4. febrúar 1846. Young forseti varð eftir til þess að veita musterisgjafir þeim hinna heilögu sem ekki fóru frá Nauvoo fyrr en um miðjan febrúar.

Merkir atburðir: Áður en dauða spámannsins Josephs Smith bar að höndum, spáði hann: „Sum ykkar munu upplifa það að fara og aðstoða við landnám og uppbyggingu borga og sjá hina heilögu verða að voldugri þjóð mitt í Klettafjöllunum.“ Nærri því 12.000 heilagir hurfu frá Nauvoo frá febrúar til september

1846. Eftir að hinir heilögu fóru frá Vetrarstöðvum og síðari áfangastöðum, voru þeir skipulagðir í tíu, fimmtíu og hundrað manna hópa, undir foringjum (K&S 136:3). Í september 1846 lagði múgur um það bil 800 manna til atlögu gegn Nauvoo vopnaðir sex fallbyssum. Eftir nokkurra daga bardaga urðu þeir hinna heilögu sem eftir voru að gefast upp til þess að bjarga lífi sínu og hafa möguleika á að komast yfir fljótið. Fimm til sex hundruð menn, konur og börn fóru yfir fljótið og komu sér upp búðum á fljótsbakknum. Brigham Young forseti sendi björgunarleiddangra með vistir til þess að sækja þessa „vesælu heilögu.“

18. Salt Lake musteríð



Horft á Salt Lake musteríð frá norðaustri. Fáeinum dögum eftir að fyrstu hópar hinna Síðari daga heilögu komu í Saltvatnsdalinn rak Brigham Young forseti niður göngustaf sinn og lýsti yfir: „Hér reisum vér musterí Guðs vors.“ Skóflustungan var tekin 14. febrúar 1853. Hinn 6. apríl 1853 voru hornsteinar lagðir. Musteríð var fullgert og vígt fjörutíu árum síðar, 6. apríl 1893. Í sérstökum fundarsölum musterisins koma Æðsta forsætisráðið og Tólfpóstulasveitin vikulega saman til að bera saman bækur sínar og leita leiðbeininga

Drottins varðandi stjórnun og uppbyggingu Guðs ríkis.

Merkir atburðir: Hér hefur Drottinn veitt forsetum kirkjunnar og öðrum aðalvaldhöfum yfirgnæfanlega opinberun anda síns, þar á meðal Opinbera yfirlýsingu 2. Nær okkur í tíma var hér einróma samþykkt Æðsta forsætisráðsins og Tólfpóstularáðsins gefin út, „Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins.“ Helgiathafnir musteris framkvæmdar bæði fyrir lífendur og látna hafa blessað líf milljóna manna.